Gleypni er háð lögun flösku, stærð loftbóla og því hve lengi þær eru í snertingu við lausnina. Hægt er að ákvarða hana með því að raðtengja aðra söfnunarflösku við hina fyrri og finna hlutfallið milli brennisteinsdíoxíðmagns í fyrri flöskunni og brennisteinsdíoxíðmagns beggja flaskna samanlagt. Séu notaðar litlar gasþvottaflöskur við þær aðstæður sem lýst er í 6.1 kemur í ljós að gleypni er yfir 98%.

Sé blanda af brennisteinsdíoxíði og lofti eins og greinir í 6.3.1 notuð til stillingar er gleypni búnaðarins gefin upp sjálfkrafa.

5.3. Vetrissúlfíðsafnari.

Glerrör fyllt kvartsull, sem gegndreypt hefur verið með lausn er inniheldur 0,5% silfursúlfat, Ag_2SO_4 , og 2,5% kalíumhýdrógensúlfat, KHSO_4 . Kvartsullin er gegndreypt með því að leiða lausnina tvisvar gegnum rörið og þurrka hana síðan með upphitun í köfnunarefnisstraumi.

5.4. Sýnaflöskur.

Pólýetýlenflöskur, 100 ml, til að flytja gleypnilausnirnar til rannsóknarstofu að aflokinni sýnatöku.

5.5. Þrýstímælir.

Tveir þrýstímælir, nákvæmir upp að 1000 Pa, til þrýstingsmælinga þegar notaður er loftskammtari í stað loftmagnsmælis.

5.6. Litrófsmælir eða litmælir.

Litrófsmælir eða litmælir sem hentar til mælingar á gleypni við um það bil 550 nm. Þegar notaður er litrófsmælir skal nota bylgjulengd 548 nm. Sé litmælir notaður ætti sían að hafa hámarksgegnhleypni við um það bil 550 nm. Ef litrófsborði mælisins er breiðari en 20 nm kunna að koma upp vandamál með núlllausn.

Þegar gleypni er mæld skal nota sömu sellu fyrir sýni og staðallausnir. Ef fleiri en ein sella er notuð verður að samstillta þær fyrir litrófsmælingu.

6. Aðferð.

6.1 Sýnataka.

10 ml af TCM-lausninni (4.2) er hellt í söfnunarflösku, og hún síðan sett í sýnatökubúnaðinn (mynd 1). Meðan taka sýna fer fram skal gleypnilausninni hlíft við sólarljósi með því að hylja söfnunarflöskuna með videigandi vörn, svo sem álpappír, til að koma í veg fyrir niðurbrot hvarfefna. Tími og hraði loftflæðis við innsogið fara eftir magni brennisteinsdíoxíðs í loftinu.

Við notkun lítilla gasþvottaflaskna ætti hraði loftflæðis að vera milli 0,5 og 1 l/mín. Lágmarksmagn af lofti sem sogað er inn ætti að vera 25 lítrar.

Til þess að ná sem bestum árangri ætti að velja hraða loftflæðis og sýnatökutíma þannig að gleypnin verði 0,5 – 3,0 μg (0,2 – 1,2 μl við 25°C og 101,325 kPa) af brennisteinsdíoxíði á ml af gleypnilausn.

Leiki grunur á að loftið innihaldi vetrissúlfíð verður að fjarlægja það með vetrissúlfíðsafnara (5.3).

Safnarinn er settur á milli ryksíunnar og söfnunarflöskunnar.

Að lokinni sýnatökunni er rúmmál loftsýnisins ákvarðað og skráður hiti og þrýstingur andrúmsloftsins (7.1, athugasemd). Þurfi að geyma sýnið lengur en 24 stundir fyrir greiningu skal halda því við 5°C.

Athugasemd.

Ef botnfall kemur fram í sýnatökulausninni er ástæðan sennilega sú að Hg II hvarfast við afoxað brennisteinssamband. Botnfallið er fjarlægt með sfún eða skiljun í skilvindu fyrir greiningu.

6.2. Greining.

Sýni eiga að standa í að minnsta kosti 20 mínútur eftir sýnatökuna til að gefa innilokuðu ósoni færi á að brotna niður. Síðan er sýnatökulausnin flutt yfir í 25 ml mælikolbu og notaðir um það bil 5 ml af vatni til hreinsunar.

Núlllausn er búin til með því að hella 10 ml af ónotaðri gleypnilausn (4.2) í 25 ml mælikolbu, bæta við hvarfefnum eins og lýst er hér á eftir og lesa af gleypnina miðað við eimað vatn með því að nota 10 mm sellur. Þetta gildi er borið saman við það gildi sem skráð var fyrir núlllausnina þegar kvörðunarferillinn var gerður. Mismunur sem nemur meira en 10% á þessum tveimur gildum er til marks um óhreinindi í eimaða vatninu eða hvarfefnunum eða niðurbrot þeirra og verður þá að búa til ný hvarfefni.

Einum ml af sulfamíðsýrulausn (4.8) er hellt í hverja kolbu og látið hvarfast í 10 mínútur til að eyða nitrati frá köfnunarefnisoxíðum. Síðan er með pípettu bætt út í kolburnar nákvæmlega 2 ml af formaldehýðlausninni (4.7) og 5 ml af pararósanilín-hvarfefninu (4.6). Fyllt er upp að merkinu með nýsoðnu og kældu eimuðu vatni og látið standa í hitastilltum kassa við 20°C. Eftir 30–60 mínútur er mæld gleypni sýnisins og núlllausnarinnar með eimuðu vatni í viðmiðunarsellunni.

Litlausnin má ekki verða eftir í sellunni því að þá sest litlagn innan á hliðarnar.

Athugasemd

Það tryggir betri niðurstöðu í litapróuninni ef hvarfefnin eru sett út í með jöfnu millibili, t.d. einnar mínútu.

Lausnir með meiri gleypni en er í staðallausnum með mesta styrknum skal þynna allt að sexfalt með núlllausninni til að aflestur verði innan kvarðans. Þessi aflestur er þó aðeins vísbending innan $\pm 10\%$ til eða frá réttu gildi á gleypninni.

6.3. Kvörðun.

6.3.1. Kvörðun með blöndu af brennisteinsdíoxíði og lofti.

Blöndur af brennisteinsdíoxíði og lofti eru búnar til samkvæmt staðlinum ISO/DIS 6349.

Til þess að geta teiknað kvörðunarferilinn sem sýnir tengslin milli gleypninnar og brennisteinsdíoxíðstyrks þarf að minnsta kosti fjögur mismunandi styrkstig fyrir brennisteinsdíoxíð á bilinu sem mælt er fyrir um í 2. lið.

Sýnatökuaðferðinni og greiningaraðferðinni sem lýst er annars vegar í 6.1 og hins vegar í 6.2 er beitt á hverja staðalblöndu. Gleypnigildin eru merkt inn sem fall af brennisteinsdíoxíðstyrknum og kvörðunarferillinn teiknaður.

6.3.2. Kvörðun með natríumbísulfítlausn.

Með pípettu eru fluttir 0, 1,0, 2,0, 3,0, 4,0 og 5,0 ml skammtar af staðallausn natríumbísulfíts (4.10) yfir í röð af 25 ml mælikolbum. Bætt er í hverja kolbu nógu miklu af natríumtetraklórmerkúratlausn (4.2) til að magnið verði um það bil 10 ml. Síðan er bætt við hvarfefnunum eins og lýst er í 6.2. Gleypnin í kolbunum er mæld með eimuðu vatni í viðmiðunarsellunni. Til þess að ná meiri nákvæmni er nauðsynlegt að nota jafnhitabað. Hitanum við kvörðunina má ekki skakka meira en $\pm 1^\circ\text{C}$ frá hitanum við greininguna.

Gleypnin í lausnunum (lóðhnit) er teiknuð sem fall af míkrogrömmum af brennisteinsdíoxíði, reiknuðum eins og lýst er í viðauka B. Þá fást línuleg tengsl. Skurðpunktur milli lóðrétta ássins og þeirrar línu sem liggur næst punktnum er venjuleg innan 0,02 gleypnieininga frá aflestrinum fyrir núlllausnina (staðalnúllpunktur) ef notuð er 10 mm sella. Kvörðunarþátturinn (andstæða gildið við hallatölu línunnar) er reiknaður út. Þennan kvörðunarþátt má nota við útreikning á niðurstöðunum að því

tilskildu að veruleg breyting verði hvorki á hita né pH-gildi. Mælt er með að minnsta kosti einu staðfestingarsýni fyrir hverja röð til þess að tryggja áreiðanleika þessa þáttar.

7. Framsetning niðurstaðna.

7.1. Útreikningar.

Massastyrkur brennisteinsdíoxíðs í sýninu er reiknaður þannig:

$$\text{þar sem} \quad \text{SO}_2 = \frac{f(a_s - a_b)}{V}$$

SO_2 = massastyrkur brennisteinsdíoxíðs í $\mu\text{g}/\text{m}^3$,

f = kvörðunarþátturinn (sjá 6.3.2),

a_s = gleypni í sýnatökulausninni,

a_b = gleypni í núlllausn,

V = magn loftsynis í rúmmetrum.

Athugasemd.

Ef þörf er á að vita um brennisteinsdíoxíðstyrkinn við viðmiðunarskilyrðin (25°C , 1 bar) verður í stað rúmmálsins V af uppsafnaða loftinu að setja samsvarandi rúmmálgildi við viðmiðunarskilyrðin, V_R :

$$\text{þar sem} \quad V_R = \frac{298 V p}{273 + T}$$

p = loftþrýstingurinn í börum,

T = hiti loftsynisins í $^\circ\text{C}$.

7.2. Greiningarmörk.

Greiningarmörkin fyrir brennisteinsdíoxíð í 10 ml af TCM-sýnatökulausn liggja á milli 0,2 og 1,0 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ (grundvallað á tvöföldu staðalfrávik). Þetta samsvarar massastyrk brennisteinsdíoxíðs milli 7 og 33 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ (0,002 – 0,011 ppm) í loftsyni sem er 30 l (t.d. einnar klukkustundar sýnataka með 0,5 l/mín).

7.3. Nákvæmni og hittni.


Nákvæmni og hittni aðferðarinnar hafa ekki ennþá verið ákvörðuð með neinni vissu með tilliti til mismikils massastyrks brennisteinsdíoxíðs og söfnunargetan er ekki heldur þekkt fyrir hið fjölbreytta úrval sýnatöku- og prófunarkerfa.

Hlutfallslegt staðalfrávik í sambærilegri TCM-aðferð fyrir endurtekningu tilraunarinnar hefur reynt vera 17 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ við styrkinn $\mu\text{g}/\text{m}^3$ ¹⁾.

8. Heimildarit.


¹⁾ H.C. McKee, R. E. Childers, O. Saenz: Collaborative Study of Reference Method for Determination of Sulphur Dioxide in the Atmosphere (Pararosaniline Method). Contract CPA 70-40, SwRI Project 21-2811. Environmental Protection Agency, Research Triangle Park, N.C., Sept. 1971.

VIÐAUKI A Söfnunarílát.



Muenke-flaska

75 ml
4 op. í á botninum.
hvert 1.5 Ø



Lítill gasþvottaflaska

VIÐAUKI B

Stöðlun natríumbísúlfítstofnlausnarinnar (4.9).

B1. Hvarfefni.

B.1.1. Joðlausn, 0,05 mól/l.

Stofnlausn.

Vigtuð eru 12,7 g af joði, I_2 , í 250 ml bikarglas og bætt út í 40 g af kalíumjoðiði, KI, og 25 ml af vatni. Hrært er í þangað til allt er leyst upp og lausninni síðan hellt magnbundið yfir í eins lítra mælikolbu. Fyllt er upp að merkinu með vatni.

B.1.2. Joð-vinnulausn, um það bil 0,005 mól/l.

50 ml af stofnlausninni af joði (B.1.1) eru þynntir í 500 ml með vatni.

B.1.3. Mjölvaíndikatorlausn, 0,2%.

0,4 g af leysanlegum mjölva og 0,002 g af kvikasílfurs(II)-joðiði, HgI_2 (rotvarnar-efni) eru mulin sundur með smávegis af vatni og deigið smám saman sett út í 200 ml af sjóðandi vatni. Suðunni er haldið áfram uns lausnin er tær en síðan er hún kæld og flutt yfir í flösku með glertappa.

B.1.4. Natríumbíósúlfatlausn, um það bil 0,1 mól/l.

25 g af natríumbíósúlfati, $Na_2S_2O_3 \cdot 5H_2O$, eru leyst upp í 1 lítra af nýsoðnu og eimuðu vatni og bætt út í 0,1 g af natríumkarbónati. Lausnin er látin standa í einn dag áður en hún er stöðluð.

Fyrir stöðlunina eru vigtuð 1,5 g af kalíumjoðati, KIO_3 , af hæsta gæðaflokki, þurrkuð við $180^\circ C$ í 500 ml mælikolbu og þynnt með vatni upp að merkinu. Með pípettu eru fluttir 50 ml af joðatlausninni yfir í 500 ml joðflösku. Bætt er við 2 g af kalíumjoðiði og 10 ml af saltsýru, óblandaðri sýru þynntri í hlutfallinu 1:10. Tappi

er settur í flöskuna. Eftir 5 mín. er títað með natríumbíósúlfatlausn þangað til liturinn er orðinn fölgulur. Bætt er út í 5 ml af mjölvaindikatorum og títrað til loka. Mólstyrkur natríumbíósúlfatlausnarinnar, M , er reiknaður þannig:

$$M = \frac{\text{g KIO}_3 \times 10^3 \times 0,1}{\text{ml natríumbíósúlfatlausn} \times 35,67}$$

B.1.5. Natríumbíósúlfatlausn, um það bil 0,01 mól/l.

50,0 ml af natríumbíósúlfatlausninni (B.1.4) er þynnt í 500 ml með vatni og blandað saman. Lausnin endist skammt og verður að búa hana til daginn sem á að nota hana með því að þynna stöðluðu natríumbíósúlfatlausnina (B.1.4).

B.2. *Aðferð.*

25 ml af vatni er hellt í 500 ml kolbu og með pípettu eru fluttir 50 ml af joðlausninni (B.1.2) í kolbuna (hér táknuð sem kolba A/núlllausn). Með pípettu eru fluttir 25 ml af natríumbíósúlfatlausninni (4.9) í aðra 500 ml kolbu og með pípettu eru fluttir 50 ml af joðlausninni (B.1.2) í þá kolbu (hér táknuð sem kolba B/sýni). Kolbunum er lokað með tappa og efnin látin hvarfast í 5 mínútur. Með býrettu sem inniheldur natríumbíósúlfatlausn (B.1.5) er títrað í kolbunum hvorri á eftir annarri þangað til liturinn er fölgulur. Þá er bætt út í 5 ml af mjölvalausninni (B.1.3) og títrun haldið áfram þangað til blái liturinn hverfur. Brennisteinsdíoxíðstyrkurinn í natríumbíósúlfatlausninni (4.9) er reiknaður þannig:

$$\text{þarf sem } \text{SO}_2 \text{ (}\mu\text{g/ml} = \frac{(A - B) \times M \times K}{V}$$

A = rúmmál natríumbíósúlfatlausnar (B.1.5) sem þarf til að títra núlllausn, í milli lítrum

B = rúmmál natríumbíósúlfatlausnar (B.1.5) sem þarf til að títra sýnið, í millilítrum

M = mólstyrkur natríumbíósúlfatlausnarinnar (=0,01)

K = jafngildismólmassi brennisteinsdíoxíðs í míkrogrömmum = 32,030

V = natríumbíósúlfatlausn notuð, í millilítrum

Styrkur brennisteinsdíoxíðs í bíósúlfatstaðallausninni (4.10) fæst með því að deila í niðurstöðuna með 50.

VIÐAUKI C

Kvikasilfur fjarlægt úr afgangslausnum.

Í þessum viðauka er lýst aðferð til að fjarlægja úr afgangslausnum það kvikasilfur sem safnast hefur upp við notkun gleypnilausnarinnar (4.2).

C.1. *Hvarfefni.*

C.1.1. Natríumhýdroxíðlausn, um það bil 400 g af NaOH á lítra.

C.1.2. Vetnisperoxíð H_2O_2 , um það bil 30%, iðnaðargæði.

C.1.3. Natríumsúlfíð, $\text{Na}_2\text{S} \cdot 9\text{H}_2\text{O}$ iðnaðargæði.

C.2. *Aðferð.*

Í pólýetýlenílát með rúmmál um það bil 50 lítra er safnað þeim afgangslausnum þar sem kvikasilfursmagn er of mikið til að hella megi þeim í vaskinn. Þegar safnast hafa um það bil 40 lítrar er bætt út í lausnina í eftirfarandi röð, um leið og hrært er í með loftbólustreymi gegnum lausnina, nægilegu magni af natríumhýdroxíðlausn (C.1.1) til hlutleysingar ásamt 400 ml til viðbótar. Síðan er bætt út í 100 g af natríumsúlfíði (C.1.3) og eftir 10 mín. með hægð 400 ml af vetnisperoxíðlausn (C.1.2).

Blandan er látin standa í 24 stundir en síðan er tæri vökvinn fjarlægður og honum fleygt. Botnfallið er flutt yfir í annað ílát.

VIÐAUKI D

Eiginleikar og hreinsun pararósanilíhýdroklóríðs.

D.1. *Prófun á hreinleika hvarfefnisins.*

1 ml af PRA-lausránni (4.4) er þynnur í 100 ml með eimuðu vatni. 5 ml af því eru fluttir yfir í 50 ml mælikolbu og út í bætt 5 ml af 0,1 M ediksýru-natríumasetati bufferlausn. Fyllt er upp að merkinu með vatni og blandað saman.

Beðið er í 1 klst. og síðan er gleypni lausnarinnar mæld í litrófsmæli við 540 nm í 10 mm sellu.

Styrkur pararósanilíns (PRA) er reiknaður þannig:

$$\text{þar sem} \quad \% \text{ PRA} = \frac{\text{gleypni} \times K}{100 \text{ mg}}$$

$$K = 21\,300$$

Ef hreinleiki pararósanilínsins er undir 95% verður að hreinsa hvarfefni með einni þeirra aðferða sem lýst er í D.2 og D.3.

D.2. *Hreinsun með útskiljun.*

Í 250 ml skiljutrekt er haft í jafnvægi 100 ml annars vegar af 1-bútanóli og hins vegar af 1 M HCl. 0,1 g af pararósanilíhýdroklóríði (PRA) er vigtað í bikarglas. Í það er bætt 50 ml af sýrunni og látið standa í nokkrar mínútur. 50 ml af 1-bútanólinu er hellt í 125 ml skiljutrekt. Sýrulausnin, sem inniheldur litarefnið, er flutt yfir í trektina og hreinsuð með útskiljun. Fjólubláu óhreinindin færast yfir í lífræna fasann. Neðri (vatns-) fasinn er fluttur yfir í aðra skiljutrekt og bætt út í 20 ml skömmtum af 1-bútanóli. Þetta nægir venjulega til að fjarlægja næstum öll fjólubláu óhreinindin sem hafa áhrif á núlllausnina. Ef enn eru fjólublá óhreinindi í 1-bútanólfasanum eftir fimm útskiljanir er þessum sendingum litarefna fleygt.

Eftir lokaútskiljunina er vatnsfasinn síaður gegnum bómullartappa yfir 50 ml mælikolbu og síðan er fyllt upp að merkinu með 1 M HCl. Þessi hvarfegnastofnlausn er rauðgul.

Athugasemd.

Vissar sendingar af 1-bútanóli innihalda oxunarefni sem skapa þörf fyrir brenni-steinsdíoxíð. Þetta er kannað með því að hrísta saman 20 ml af 1-bútanóli og 5 ml af 15% kalíumjodíðlausn. Ef gulur litur kemur fram í alkóhólhlutanum er 1-bútanólið endureimað frá silfuroxíði.

D.3. *Hreinsun með umkristöllum.*

1 g af pararósanilíhýdroklóríði er leyst upp í 250 ml af 2,5 M saltsýru. Lausnin er látin standa í tvær stundir við stofuhita. Eftir síun er pararósanilín fellt út að nýju með því að bæta út í smávegis umframmagni af 2,5 M natríumhýdroxíðlausn.

Botnfallið er sett á síutrekt (gljúpleiki 3). Síuvökvinn ætti að vera litlaus. Botnfallið er skolað með eimuðu vatni til að fjarlægja umframmagn af natríumhýdroxíði og það natríumklóríð sem hefur myndast.

Botnfallið er leyst upp í 70 ml af metanóli sem er hitað upp að suðumarki og að lokum er bætt við 300 ml af vatni við 80°C. Lausnin er látin standa við stofuhita. Pararósanilín fellur út aftur smám saman. Afrakstur umkristöllumunar er um það bil 64%. Pararósanilín verður dökkleitt milli 200 og 205°C og sundrast við 285°C.

Heimildarit

H.G.C. King and U.G. Pruden: The determination of sulphur dioxide with rosaniline dyes. Analyst 94, 43–48 (1969).

REGLUGERÐ

um mælingar á styrk ósons við yfirborð jarðar og viðvaranir til almennings.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að viðunandi og samræmdar mælingar á styrk ósons við yfirborð jarðar séu gerðar og að gefnar séu út viðvaranir til almennings ef hættuástand skapast.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um eftirlit, mælingar, upplýsingaskipti og viðvaranir til almennings vegna ósons í andrúmslofti. Reglugerðin gildir einnig um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eins og við á.

2.2 Reglugerðin gildir ekki á vinnustöðum, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fánalega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fánalegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Gróðurverndarmörk* eru mörk ósonstyrks samkvæmt 2. lið I. viðauka. Ef farið er yfir þau getur gróður orðið fyrir áhrifum.

3.4 *Heilsuverndarmörk* eru mörk ósonstyrks, sbr. 1. lið I. viðauka, sem ekki er vert að fara yfir ef tryggja á heilsu manna í lengri tíma.

3.5 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.6 *Tilkynningarmörk* eru mörk ósonstyrks, sbr. 3. lið I. viðauka. Tilkynningarmörk eru mörk þar sem hætta er á tímabundnum áhrifum á heilsu manna sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir mengun ef farið er yfir þau. Senda verður út tilkynningar til almennings ef hætta er á að farið verði yfir mörkin.

3.7 *Umhverfismörk* er leyfilegt hámarksgildi mengunar í tilteknum viðtaka byggt á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess (svo sem heilsuverndarmörk og gróðurverndarmörk.)

3.8 *Viðvörunarmörk* eru mörk ósonstyrks gefin upp í 4. lið I. viðauka. Viðvörunarmörk eru ákvörðuð þannig að ef farið er yfir þau stafar heilsu manna hætta af mengun þótt hún vari í stuttan tíma. Senda verður út viðvörun og grípa til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að farið verði yfir mörkin.

II. KAFLI

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI.

Meginreglur.

5. gr.

5.1 Halda skal loftmengun af völdum ósons í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengduðu lofti.

5.2 Í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum ósons skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamlar gegn loftmengun af völdum ósons og beita skal til þess bestu fánlegu tækni.

5.3 Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefnd eftir því sem við á er heimilt að gera strangari kröfur en reglugerð þessi segir til um ef loftmengun á tilteknu svæði er sérstaklega mikil eða ef svæðið á að njóta sérstakrar verndar.

Mælistöðvar.

6. gr.

6.1 Hollustuvernd skal sjá um að mælistöðvar séu settar upp sem veita nauðsynlegar upplýsingar svo að fara megi að ákvæðum reglugerðarinnar. Fjöldi stöðva skal ákveðinn í samræmi við II. viðauka. Þá skal stofnunin sjá um framkvæmd vöktunar.

Mælingar á styrkleika ósons.

7. gr.

7.1 Við mælingar á styrk ósons skal nota tilvísunaraðferðina í V. viðauka eða aðra greiningaraðferð sem Hollustuvernd ríkisins telur sambærilega.

7.2 Styrkur ósons sem mældur er í samræmi við tilvísunaraðferðir í V. viðauka með reglugerðinni skal ekki vera yfir umhverfismörkum í fylgiskjali í 98% tilvika á ári.

Miðlun upplýsinga og viðvaranir til almennings.

8. gr.

8.1 Ef styrkur ósons í andrúmsloftinu fer fram úr tilkynningarmörkum eða viðvörðunarmörkum, sbr. gildin í 3. og 4. lið I. viðauka, ber viðkomandi heilbrigðisnefnd að gefa almenningi upplýsingar um það í fjölmiðlum í samræmi við upplýsingar og leiðbeiningar sem koma fram í IV. viðauka með reglugerðinni.

Upplýsingagjöf.

9. gr.

9.1 Heilbrigðisnefndum ber að skila upplýsingum um niðurstöður mengunarvarnaeftirlits og mælinga á umhverfisgæðum til Hollustuverndar ríkisins í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar. Á sama hátt ber Hollustuvernd ríkisins að skila upplýsingum um niðurstöður vöktunar af mengun af völdum ósons í andrúmslofti.

IV. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.*Aðgangur að upplýsingum.*

10. gr.

10.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

11. gr.

11.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

11.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

12. gr.

12.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

13. gr.

13.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

13.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

V. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

14. gr.

14.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað þátt sveitarfélaganna varðar, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna.

14.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 21a (tilskipun 92/72/EBE) í XX. viðauka EES-samningsins.

14.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisaráðuneytinu, 29. október 1999.***Siv Friðleifsdóttir.**

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.**Umhverfismörk fyrir óson.**

Efni	Viðmiðunartími	Mörk
Óson (O ₃)	Ein klst.	120 µg/m ³
	Átta klst	90 µg/m ³
	Sólarhringur	65 µg/m ³

Styrkur ósons fyrir sólarhring eða skemmri tíma skal vera undir mörkum í 98% tilvika á ári, sbr. og I. viðauka. Átta klst. meðaltöl fyrir óson eru reiknuð fjórum sinnum á dag út frá klukkustundargildunum milli 00.00 og 09.00, 08.00 og 17.00, 12.00 og 21.00 og 16.00 og 01.00.

I. VIÐAUKI**Mörk ósonstyrkleika í loftinu.***

(Gildin eru sett fram í µg O₃/m³. Rúmmálið verður að staðla við eftirfarandi hita- og þrýstingsskilyrði: 293°K og 101,3 kPa)

- 1. Heilsuverndarmörk**
110 µg/m³ fyrir miðgildið á átta klukkustundum**
- 2. Gróðurverndarmörk**
200 µg/m³ fyrir miðgildið í eina klukkustund
65 µg/m³ fyrir miðgildið í einn sólarhring
- 3. Tilkynningarmörk**
180 µg/m³ fyrir miðgildið í eina klukkustund
- 4. Viðvörðunarmörk**
360 µg/m³ fyrir miðgildið í eina klukkustund

* Mæla verður styrkleikann samfelt.

** Meðalgildi í átta klukkustundir er hlaupandi meðaltal og skarast ekki; það er reiknað út fjórum sinnum á dag út frá klukkustundargildunum milli 00.00 og 9.00, 8.00 og 17.00, 16.00 og 1.00, 12.00 og 21.00. Vegna upplýsinganna sem á að veita samkvæmt 9. gr. er meðalgildi átta klukkustunda einfalt hlaupandi meðaltal, reiknað hverja klukkustund k frá klukkustundargildunum átta milli k og k-9.

II. VIÐAUKI**Eftirlit með ósonstyrkleika.**

1. Markmiðið með mælingu ósonstyrkleika í lofti er að meta:
 - i) eins nákvæmlega og hægt er hættuna á því að menn verði fyrir mengun yfir heilsuverndarmörkum;
 - ii) mengun gróðurs (t.d. skóga, vistkerfa, kornuppskeru, grænmetis) sem verður fyrir áhrifum í þeim mæli sem gefinn er upp í I. viðauka.
2. Mælipunktarnir eiga að vera þar sem rétt mynd fæst af aðstæðum, landfræði- og veðurfarslega, og:
 - i) þar sem hættan á að nálgast eða fara fram úr mörkunum í I. viðauka er mest;
 - ii) þar sem líklegt er að menn eða gróður, sbr. 1. mgr., verði fyrir ósonmengun.

Ef upplýsingar vantar um staðina í i- og ii-lið skal fara fram úttektarrannsókn til að ákvarða staðsetningu mælipunkta sem veita nauðsynlegar upplýsingar fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar.

3. Koma skal upp eða tilnefna fleiri mælipunkta í því skyni:
 - i) að auka vitneskju sem gerir kleift að bera kennsl á og lýsa myndun og flutningi ósons og forefna þess;
 - ii) að fylgjast með breytingum á ósonstyrkleika á svæðum sem verða fyrir bakgrunnsmengun.

Skyldumælingar á köfnunarefnisoxíðum (NOx) og ráðlagðar mælingar á rokgjörnum, lífrænum samböndum skulu gerðar í því skyni að fá upplýsingar um myndun ósons og hafa eftirlit með flæði á rokgjörnum, lífrænum samböndum út yfir landamæri til að finna megi tengsl milli ólíkra mengandi efna.
4. Endanlegur aflestur af ósonmælitækjunum skal gerður þannig að hægt sé að reikna út miðgildin í eina klukkustund og átta klukkustundir í samræmi við I. og III. viðauka.

III. VIÐAUKI

Útreikningur á mælingarniðurstöðum á árlegum viðmiðunartíma.

1. Styrkleikinn skal mældur samfellt.
2. Árlegur viðmiðunartími hefst 1. janúar og lýkur 31. desember sama almanaksár.
3. Til að útreikningur á hundraðsmörkunum* verði viðurkenndur þurfa 75% af gildunum að vera tiltæk og, eftir því sem hægt er, dreifast jafnt á allan tímann sem um ræðir á viðkomandi mælingarstað. Ef svo er ekki skal það tekið fram þegar niðurstöðurnar eru sendar.

Útreikningur á 50. (98.) hundraðsmarkinu á grundvelli skráðra gilda á árinu skal gerður þannig: 50. (98.) hundraðsmarkið skal reiknað út frá raunverulega mældum gildum. Mældu gildin skulu jöfnuð að næsta $\mu\text{g}/\text{m}^3$. Öllum gildunum skal raðað í hækkandi röð á lista fyrir hvern stað:

X1, X2, X3, ... , XN-1, XN

50. (98.) hundraðsmarkið er gildi k, reiknað með eftirfarandi formúlu:

$$k = 0,50(0,98) \cdot N$$

þar sem N er fjöldi raunverulega mældra gilda. Gildi $0,50(0,98) \cdot N$ skal jafnað að næstu heilli tölu.

IV. VIÐAUKI

Eftirfarandi upplýsingum skal dreift nægilega víða til að þeir íbúar sem eiga í hlut geti gert allar nauðsynlegar varnarráðstafanir. Upplýsingarnar skulu sendar fjölmiðlum.

Skrá yfir lágmarksupplýsingar til íbúa ef mikið ósonmagn er í lofti:

1. Dagur, stund og staður þar sem vart verður við styrkleika yfir skilgreindum mörkum í 3. og 4. lið I. viðauka.
2. Hvort farið er yfir tilkynningarmörk eða viðmiðunarmörk
3. Spár: – styrkleikabreytingar (skánar, stendur í stað, versnar),
– landsvæði sem verður fyrir mengun,
– hve lengi ástandið varir.
4. Íbúar sem verða fyrir mengun.
5. Varúðarráðstafanir sem þessir íbúar skulu grípa til.

* Miðgildið er jafnt 50. hundraðsmarkinu.

V. VIÐAUKI
**Tilvísunaraðferð við greiningu sem skal nota
í tengslum við þessa reglugerð.**

Tilvísunaraðferðin við greiningu sem skal nota í tengslum við þessa reglugerð til að ákvarða óson er UV-gleypniaðferðin. Þessi aðferð verður stöðluð af ISO. Þegar ISO hefur birt staðalinn verður sú aðferð tilvísunaraðferðin í þessari reglugerð.

Huga skal að eftirfarandi atriðum við notkun á mælingaraðferðum og mælitækjum:

1. fyrst verður að sannprófa í rannsóknarstofu og á staðnum að eiginleikar mælitækisins séu í samræmi við upplýsingar framleiðanda, einkum hvað varðar bakgrunnshávaða, svörunartíma og línuleika;
2. tækið verður að stilla reglulega með UV-ljósmei samkvæmt ráðleggingu ISO;
3. á staðnum skulu tækin stillt reglulega, t.d. á 23 til 25 klukkustunda fresti. Þá verður að sannprófa að stillingin sé rétt með því að nota reglulega samhliða tæki sem er stillt samkvæmt 1. lið.

Ef skipt er um inntakssíu í tækinu fyrir stillingu verður stilling að fara fram þegar sían hefur verið notuð í tiltekinn tíma (30 mín. upp í nokkrar klukkustundir) til að nema ósonstyrkleika í umhverfinu;

4. sýnatökustútnum skal komið fyrir a.m.k. 1 m frá lóðréttum flötum til að koma í veg fyrir áhrif af slíkum hindrunum;
5. opið á sýnatökustútnum verður að vera í vari fyrir regni og skorkvikindum. Ekki má nota aukasíu;
6. nálægur búnaður má ekki hafa áhrif á sýnatökuna (t.d. loftræstingarbúnaður eða gagnasendingartæki);
7. sýnatökuleiðslan skal vera úr tregu efni (t.d. gleri, PTFE eða ryðfríu stáli) sem ósonið hefur ekki áhrif á. Þetta skal prófað fyrir fram við tiltekinn ósonstyrkleika;
8. sýnatökuleiðslan milli sýnatökustútsins og greiningartækisins skal vera eins stutt og hægt er. Einkum verður tíminn sem það tekur loftsýnið að fara gegnum leiðsluna að vera eins stuttur og framast er unnt (t.d. fáeinar sekúndur þegar um er að ræða önnur hvarfefni eins og NO);
9. forðast verður þéttingu í sýnatökuleiðslunni;
10. sýnatökuleiðslan skal hreinsuð reglulega og með hliðsjón af kringumstæðum;
11. sýnatökuleiðslan verður að vera þétt og skal flæðið kannað reglulega;
12. gasútgufun frá tækinu eða stillingarkerfinu má ekki hafa áhrif á sýnatökuna;
13. gera þarf allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að hitabreytingar valdi mælingarskekkjum.

REGLUGERÐ

um blý í andrúmslofti.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr mengun af völdum blýs, einkum í andrúmsloftinu, og ákvarða umhverfismörk fyrir það, m.a. í þeim tilgangi að vernda menn gegn áhrifum blýs í umhverfinu.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um umhverfismörk fyrir blý í andrúmslofti. Reglugerðin gildir um atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum blýs í andrúmslofti hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eftir því sem við á.

2.2 Reglugerðin gildir ekki um blýmengun á vinnustöðum, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fánlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fánlegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.4 *Umhverfismörk* eru mörk sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess (svo sem heilsuverndarmörk og gróðurverndarmörk).

II. KAFLI

Umsjón.*Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.*

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Varnir gegn loftmengun.*Meginreglur.*

5. gr.

5.1 Halda skal loftmengun af völdum blýs í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengdu lofti.

5.2 Í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum blýs í andrúmslofti skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun af völdum blýs og beita til þess bestu fánlegu tækni.

5.3 Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefnd eftir því sem við á er heimilt að gera strangari kröfur en reglugerð þessi segir til um ef loftmengun á tilteknu svæði er sérstaklega mikil eða ef svæðið á að njóta sérstakrar verndar.

Styrkur blýs í andrúmslofti og sýnataka.

6. gr.

6.1 Styrkur blýs í andrúmslofti skal ekki vera yfir umhverfismörkum, sbr. fylgiskjal með reglugerðinni.

6.2 Við sýnatöku skal fara eftir þeim viðmiðunum sem koma fram í viðauka með reglugerðinni og við mælingar á styrk blýs í sýnum skal nota tilvísunaraðferðina í viðaukanum eða aðra sambærilega aðferð sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

Sýnatökustöðvar.

7. gr.

7.1 Hollustuvernd ríkisins skal sjá um að sýnatökustöðvar séu settar upp og þær starfræktar á stöðum þar sem líkur eru á að fólk dvelji óvarið langtímum saman og þar sem líklegt er að mengun nái umhverfismörkum fyrir blý, eða fari yfir þau samkvæmt reglugerð þessari. Þá skal stofnunin sjá til þess að vöktun sé framkvæmd.

Ráðstafanir til þess að draga úr loftmengun.

8. gr.

8.1 Fari loftmengun yfir umhverfismörk, samkvæmt reglugerð þessari, eða ef hætta er á slíku skal, Hollustuvernd ríkisins eða viðkomandi heilbrigðisnefnd eftir því sem við á, gera ráðstafanir til að dregið verði úr loftmengun og umhverfismörkin virt.

8.2 Ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt 1. mgr. mega ekki hafa í för með sér að loft mengist af völdum blýs á stöðum þar sem mengun er lítil miðað við þau umhverfismörk sem koma fram í fylgiskjali með reglugerðinni.

Upplýsingagjöf.

9. gr.

9.1 Heilbrigðisnefndum ber að skila upplýsingum um niðurstöður mengunarvarnaeftirlits og mælinga á umhverfisgæðum til Hollustuverndar ríkisins í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar.

9.2 Á sama hátt ber Hollustuvernd ríkisins að skila viðkomandi heilbrigðisnefndum mælingarniðurstöðum stofnunarinnar um mengun af völdum blýs í andrúmslofti.

IV. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.*Aðgangur að upplýsingum.*

10. gr.

10.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

11. gr.

11.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

11.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

12. gr.

12.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

13. gr.

13.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

13.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

V. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

14. gr.

14.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

14.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 2ab og 15 (tilskipun 82/884/EBE og ákvörðun 96/511/EB) í XX. viðauka EES-samningsins.

14.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

**Umhverfismörk fyrir hámarksmengun
andrúmslofts af völdum blýs.**

Efni	Viðmiðunartími	Mörk
Blý	Ár og vetur	0,4 µg/m ³

Mörk fyrir ár og vetur eru meðaltöl sem mengun má ekki fara yfir. Vetur er skilgreindur frá 1. október til 31. mars ár hvert.

VIÐAUKI

Viðmiðanir sem skulu hafðar að leiðarljósi þegar valin er sýnatökuaðferð og tilvísunaraðferð við greiningu á blýstyrk í andrúmslofti.

Ögnunum í andrúmslofti skal safnað í síu í sýnatökubúnaði með það fyrir augum að greina blýinnihald.

A. Viðmiðanir sem fara skal að þegar sýnatökuaðferð er valin.1. *Síu.*

Söfnunarsvirkni síunnar skal ekki vera minni en 99% fyrir allar agnir með loftfræðilegt meðalþvermál 0,3 μm við hraðann sem notaður er við sýnatökuna.

2. *Sýnatökuvirkni.*

Sýnatökuvirkni er skilgreind sem hlutfall af massastyrk agnanna í loftinu sem safnast á síuna á móti styrk þeirra í andrúmsloftinu. Virkni sýnatökubúnaðarins má ekki vera minni en þau gildi sem gefin eru upp í eftirfarandi töflu og skal hún vera óháð vindátt.

Lágmarksvirkni (%) sýnatökubúnaðar:

Vindhraði	Stærð agna (loftfræðilegt þvermál)	
	5 μm	10 μm
2 ms^{-1}	95	65
4 ms^{-1}	95	60
6 ms^{-1}	85	40

3. *Sýnatökuhraði.*

Sýnatökuhraði skal vera stöðugur við $\pm 5\%$ af nafngildi yfir tiltekið sýnatökutímabil.

4. *Staðsetning.*

Sýnatökustöðinni skal eftir því sem tók eru á vera komið fyrir á stöðum sem eru dæmigerðir fyrir viðkomandi mælisvæði.

5. *Framkvæmd.*

Sýni skulu tekin samfellt þó svo að leyfilegt sé að gera fárra mínútna hlé á degi hverjum eða í viku hverri þegar skipt er um síur. Ársmeðaltal er ekki gilt nema því aðeins að sýni hafi verið tekin 10 virka daga í mánuði hið minnsta fyrstu fimm árin frá gildistöku reglugerðar þessarar og 15 virka daga á mánuði hið minnsta eftir það, eftir því sem tók eru á, með jafnri dreifingu yfir tímabilið sem um er að ræða. Ársmeðaltal er reiknað þannig að deilt er í summu marktækra sólarhringsgilda með fjölda þeirra daga sem marktæk gildi hafa mælst.

B. Tilvísunaraðferð við greiningu.

Tilvísunaraðferðin sem notuð er við greiningu er frumeindagleypnimæling þar sem greiningarskekkja við að ákvarða blý í söfnuðum ögnum er minni en sem svarar til blýstyrks í lofti sem nemur 0,1 $\mu\text{g}/\text{m}^3$. Greiningarskekkjan skal vera innan tiltekinna marka sem miðast við viðeigandi kvörðunartíðni.

REGLUGERÐ

um köfnunarefnisdíoxíð í andrúmslofti.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr mengun af völdum köfnunarefnisdíoxíðs, einkum í andrúmsloftinu, og ákvarða umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir það, m.a. í þeim tilgangi að vernda menn gegn áhrifum köfnunarefnisdíoxíðs í umhverfinu.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir köfnunarefnisdíoxíð í andrúmslofti. Reglugerðin gildir einnig um atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum köfnunarefnisdíoxíðs hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eftir því sem við á.

2.2 Reglugerðin gildir ekki um áhrif af völdum köfnunarefnisdíoxíðs á vinnustöðum, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fánlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fánlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Gæðamarkmið* eru mörk tiltekinnar mengunar í umhverfi þ.e. í (lofti, vatni, jarðvegi, seti eða lífverum) og/eða lýsing á ástandi, sem ákveðið er að gilda eigi fyrir svæði til þess að hindra enn frekar áhrif vegna mengunar en unnt er að gera með umhverfismörkum og/eða viðhalda henni til lengri tíma.

3.4 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.5 *Umhverfismörk* eru mörk sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess (svo sem heilsuverndarmörk og gróðurverndarmörk.)

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins og Hollustuvernd ríkisins, ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI Varnir gegn loftmengun.

Meginreglur.

5. gr.

5.1 Halda skal loftmengun af völdum köfnunarefnisdíoxíðs í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti.

5.2 Í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum köfnunarefnisdíoxíðs í andrúmslofti skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamlá gegn loftmengun og beita skal til þess bestu fánlegu tækni.

5.3 Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefnd eftir því sem við á er heimilt að gera strangari kröfur en reglugerð þessi segir til um ef loftmengun á tilteknu svæði er sérstaklega mikil eða ef svæðið á að njóta sérstakrar verndar.

Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs í andrúmslofti og mælingar.

6. gr.

6.1 Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs í andrúmslofti skal ekki vera yfir umhverfismörkum, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari.

6.2 Við mælingar á styrk köfnunarefnisdíoxíðs skal nota tilvísunaraðferðina samkvæmt IV. viðauka eða aðra sambærilega aðferð sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

Mælistöðvar.

7. gr.

7.1 Hollustuvernd ríkisins skal sjá um að setja upp mælistöðvar. Í samræmi við lýsingar í III. viðauka skal setja upp mælistöðvar sem veita upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar. Einkum skal setja upp stöðvar á svæðum þar sem líklegt er að loftmengun nái umhverfismörkum eða fari yfir þau af völdum köfnunarefnisdíoxíðs og einnig á iðnaðarsvæðum og svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Á mælistöðvunum er einnig heimilt að mæla styrk köfnunarefnismónoxíðs. Þá skal stofnunin sjá um framkvæmd vöktunar.

Ráðstafanir til þess að draga úr loftmengun.

8. gr.

8.1 Fari loftmengun yfir umhverfismörk, samkvæmt reglugerð þessari, eða ef hætta er á slíku skal Hollustuvernd ríkisins eða viðkomandi heilbrigðisnefnd eftir því sem við á gera ráðstafanir til að dregið verði úr loftmengun og umhverfismörkin virt.

8.2 Ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt 1. mgr. mega ekki hafa í för með sér að loft mengist af völdum köfnunarefnisdíoxíðs á stöðum þar sem mengun er lítil miðað við þau umhverfismörk sem koma fram í fylgiskjali með reglugerðinni.

Áætlanir.

9. gr.

9.1 Heilbrigðisnefndir skulu semja áætlanir sem miða að því að loftgæði fari stigbatnandi á þeim svæðum þar sem mengun hefur farið yfir umhverfismörk. Þessar áætlanir skulu byggjast á upplýsingum um eðli, uppruna og þróun mengunarinnar og skulu einkum lýsa þeim ráðstöfunum sem gerðar voru eða verða gerðar og reglum sem hafa verið eða verða settar.

9.2 Markmið þessara áætlana er að draga úr styrk köfnunarefnisdíoxíðs í andrúmslofti svo að hann verði innan umhverfismarka.

Upplýsingagjöf.

10. gr.

10.1 Heilbrigðisnefndum ber að skila upplýsingum um niðurstöður mengunarvarnaeftirlits og mælinga á umhverfisgæðum til Hollustuverndar ríkisins í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar.

10.2 Á sama hátt ber Hollustuvernd ríkisins að skila viðkomandi heilbrigðisnefndum mælingarniðurstöðum stofnunarinnar um mengun af völdum köfnunarefnisdíoxíðs í andrúmslofti.

IV. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.*Aðgangur að upplýsingum.*

11. gr.

11.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

12. gr.

12.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

12.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

13. gr.

13.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

14. gr.

14.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

14.2 Sektir má ákvarða lögðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögðilann.

V. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

15. gr.

15.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

15.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölulíð 2ab og 17 XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 85/203/EBE, sbr. 85/580/EBE, og ákvörðun 96/511/EB).

15.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

Umhverfismörk (gæðamarkmið) fyrir hámarksmengun andrúmslofts af völdum köfnunarefnisdíoxíðs.

Umhverfismörk fyrir NO₂ eru sett þau sömu og gæðamarkmið.

Efni	Viðmiðunartími	Mörk
Köfnunarefnisdíoxíð (NO ₂)	Ein klst.	110 µg/m ³
	Sólarhringur	75 µg/m ³
	Ár og vetur	30 µg/m ³

Mörk fyrir ár og vetur eru meðaltöl sem mengun má ekki fara yfir. Vetur er skilgreindur frá 1. október til 31. mars ár hvert. Styrkur NO₂ fyrir sólarhring eða skemmri tíma skal vera undir viðmiðunarmörkum í 98% tilvika á ári, sbr. og I. og II. viðauka.

I. VIÐAUKI

Umhverfismörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð.

Umhverfismörk skulu gefin upp í µg/m³. Rúmmál skal leiðrétt miðað við hitastig og þrýsting sem hér segir: 293 K og 101,3 kPa.

Viðmiðunartímabil (1)	Umhverfismörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð
Ár	Sjá fylgiskjal. 98. hundraðshlutamark sem reiknað er af meðalgildi eða gildum sem eru yfir skemmri tíma en 1 klukkustund á ársgrundvelli (2)

- (1) Árlegt viðmiðunartímabil hefst 1. janúar á hverju almanaksári og lýkur 31. desember.
- (2) Til að viðurkenning fái á útreikningi 98. hundraðshlutamarks verða 75 af hundraði hugsanlegra gilda að liggja fyrir, dreifð eins jafnt yfir árið og unnt er á þeim mælingarstað sem um er að ræða.

Ef mæligildi frá ákveðnum stöðum liggja ekki fyrir á tímabili sem er lengra en 10 dagar skal geta þess þegar hið útreiknaða hundraðshlutamark er gefið upp.

98. hundraðshlutamark skal útreiknað sem hér segir á grundvelli þeirra gilda sem skráð eru allt árið. Það skal reiknað út frá þeim gildum sem hafa í raun verið mæld. Mæligildin eru jöfnuð til næsta µg/m³. Fyrir hvern mælistað skal gildunum síðan raðað eftir vaxandi stærð:

$$X_1 \leq X_2 \leq X_3 \leq \dots \leq X_k \leq \dots \leq X_{N-1} \leq X_N$$

98. hundraðshlutamarkið er gildi k-liðar þegar k er reiknað út með eftirfarandi formúlu:

$$k = (q \times N)$$

þar sem q er jafnt og 98 fyrir 98. hundraðshlutamark og 50 fyrir 50. hundraðshlutamark en N er fjöldi þeirra mælinga sem hafa í raun verið gerðar. Stærðin (q x N) skal jöfnuð til næstu heilu tölu.

Ef mælitækin geta ekki enn gefið afmörkuð gildi, en gefa aðeins gildisbil hærrí en 1 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ er heimilt að beita innreikningi, enda sé innreikningsaðferðin samþykkt af Hollustuvernd ríkisins og gildisbilin ekki hærrí en 10 $\mu\text{g}/\text{m}^3$. Þessi tímabundna undanþága gildir aðeins um búnað sem nú hefur þegar verið settur upp og ekki lengur en sem endingartíma hans nemur.

II. VIÐAUKI

Gæðamarkmið fyrir köfnunarefnisdíoxíð.

Gæðamarkmið skulu gefin upp í $\mu\text{g}/\text{m}^3$. Rúmmál skal leiðrétt miðað við hitastig og þrýsting sem hér segir: 293 K og 101,3 kPa.

Viðmiðunartímabil	Gæðamarkmið fyrir köfnunarefnisdíoxíð
	sjá fylgiskjal.
	50. hundraðshlutamark reiknað úr frá klukkustunda meðaltalsgildum eða styttri mælitímabilum, mælt allt árið
Ár	sjá fylgiskjal.
	98. hundraðshlutamark reiknað út frá klukkustunda meðaltalsgildum eða styttri mælitímabilum, mælt allt árið

Við útreikning á hundraðshlutamörkunum skal notuð formúlan í 2. neðanmálgrein í I. viðauka, þar sem gildi á q er 0,50 fyrir 50. hundraðshlutamark og 0,98 fyrir 98. hundraðshlutamark.

III. VIÐAUKI

Eftirlit með styrk köfnunarefnisdíoxíðs – val mælistöðva.

- NO₂-magn er mælt í umhverfinu til þess að meta megi sem nákvæmast einstaklingsbundna hættu á því að verða fyrir mengun umfram umhverfismörk, og skulu því staðir sem valdir eru til mælinga, eftir því sem unnt er, vera þar sem búast má við að hætтан sé mest.

Í þessu sambandi ber að hafa tvenns konar aðstæður í huga:

 - Svæði þar sem mengun stafar aðallega frá vélknúnum ökutækjum og takmarkast því við nágrenni vega þar sem umferð er mikil.
 - Stærri svæði þar sem mengun frá fastastöðvum skiptir einnig verulegu máli.
- Við aðstæður þær sem lýst er í lið 1.1 skulu mælistaðir valdir
 - þannig að meðal þeirra séu helstu dæmi um svæði þar sem mengun stafar aðallega af vélknúnum ökutækjum, svo sem þröngar götur með mikilli umferð og stór vegamót,
 - eftir því sem unnt er, þar sem búast má við að NO₂-magn, eins og tilgreint er í 1. tölulið, sé hvað mest.
- Við aðstæður þær sem lýst er í lið 1.2 ber við ákvörðun á fjölda mælingarstaða að hafa hliðsjón af:
 - stærð svæðisins þar sem mengunarinnar gætir
 - ójafnri dreifingu mengunarinnar í rúmi.

Við staðarvalið ber ekki að útiloka þröngar götur með mikilli umferð og stór vegamót eins og skilgreint er í 2. tölul. ef hætt er við að farið verði yfir umhverfismörk vegna verulegrar mengunar frá föstum brennslustöðvum.

4. Endanlegur álestur mælitækja skal fara fram þannig að reikna megi út klukkustundarmeðaltöl eða meðaltöl fyrir styttri tíma en eina klukkustund samkvæmt ákvæðum I. viðauka. Gögnin skal geyma svo að athuga megi niðurstöðurnar síðar.

IV. VIÐAUKI Tilvísunaraðferð.

Að því er varðar framkvæmd reglugerðar þessarar skal sú tilvísunaraðferð sem notuð er til greiningar á köfnunarefnisoxíðum vera efnaljómunaraðferðin sem lýst er í ISO-staðli DIS 7996.

Þegar mælingaraðferðunum er beitt skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

1. Sýnatökuopi skal komið fyrir í a.m.k. 0,5 m fjarlægð frá byggingum til að komast hjá veggáhrifum.
2. Sýnatökurás (rör og tengi) skal vera úr óvirku efni (t.d. gleri, PTFE eða ryðfríu stáli) sem ekki hefur áhrif á NO₂-magnið.
3. Sýnatökurás skal vera sem styst á milli sýnatökuops og mælitækis. Ekki ætti að taka meira en 10 sek. fyrir loftsíni að berast milli sýnatökuops og tækis.
4. Sýnatökuop skal varið fyrir regni og skordýrum. Sé notuð forsía skal val hennar og viðhald (með reglulegri hreinsun) miðast við að áhrif hennar á NO₂-magnið verði sem minnst.
5. Forðast skal rakaþéttingu í sýnatökurás.
6. Hreinsa ber sýnatökurás reglulega með tilliti til staðbundinna aðstæðna.
7. Við sýnatöku mega síni ekki verða fyrir áhrifum af loftústreymi frá tækinu eða ústreymi frá kvörðunartæki.
8. Þegar síni eru tekin mega þau ekki verða fyrir áhrifum frá aukabúnaði (loftræsti- og gagnaflutningsbúnaði) við sýnatökuopið.
9. Allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir að hitasveiflur leiði til of hás skekkjuhlutfalls við mælingar.
10. Greiningartæki skulu reglulega kvörðuð.
11. Sýnatökurás skal vera loftþétt og skal athuga hraða loftflæðis reglulega.

REGLUGERÐ um varnir gegn mengun af völdum asbests.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr og koma í veg fyrir mengun af völdum asbests.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerðin gildir um vinnslu með asbest, svo og vörur og úrgang sem inniheldur það. Reglugerðin gildir um viðeigandi atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 Vísað er til reglugerðar um úrgang um skilgreiningar að því leyti sem ekki er að finna tæmandi skýringar í fylgiskjali reglugerðarinnar.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir faglegrri yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá til að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

4.2 Lögbært stjórnvald (yfirvald) er í reglugerðinni Hollustuvernd ríkisins.

Meginreglur.

5. gr.

5.1 Reglur sem eiga að koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum asbests eru í fylgiskjali með reglugerðinni og er það hluti af henni.

Starfsleyfisskylda.

6. gr.

6.1 Mengandi atvinnurekstur sem tengist vinnslu og meðferð asbests og meðhöndlun úrgangs frá honum er starfsleyfisskyldur.

Aðgangur að upplýsingum.

7. gr.

7.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

8. gr.

8.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

8.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

9. gr.

9.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

10. gr.

10.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

10.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

Lagastoð og gildistaka.

11. gr.

11.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

11.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 18 í XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 87/217/EEB), sbr. og bókun 1 við EES-samninginn.

11.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 19. mars 1987****um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu (87/217/EBE).**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

föstu formi, þar sem slíkt á upptök sín.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 235. gr. hans,

Rétt er að veita hæfilegan tíma fyrir beitingu þessara ráðstafana gagnvart starfandi iðjuverum.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ¹⁾,

Aðildarríkjunum ætti að vera mögulegt, svo lengi sem ákvæði sáttmálans eru virt, að setja strangari ákvæði í heilsu- og umhverfisverndarskygni.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ³⁾,

Sá mismunur á gildandi lagaákvæðum eða ákvæðum sem verið er að breyta, í aðildarríkjunum, til að takmarka mengun frá iðjuverum, getur skapað ójöfn samkeppnisskilyrði og þar með haft bein áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar. Þess vegna er nauðsynlegt að samræma löggjöf á þessu sviði á grundvelli 100. gr. sáttmálans.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í áætlunum Evrópubandalaganna um aðgerðir í umhverfismálum ⁴⁾ er lögð áhersla á mikilvægi þess að koma í veg fyrir og draga úr mengun í umhverfinu. Í þessu samhengi hefur asbest verið talið meðal þeirra mengunarefna sem mikilvægast er að taka fyrir sökum eiturverkunar þeirra og hversu alvarleg áhrif þau gætu haft á umhverfið og heilsu manna.

Takmörkun asbestmengunar stuðlar að því að koma áleiðis einu af stefnumálum bandalagsins um verndun og úrbætur í umhverfismálum. Hins vegar gerir sáttmálinn ekki ráð fyrir sérstakri heimild í þessu skyni og því verður einnig að skírskota til 235. gr. hans.

Með tilskipun ráðsins 83/478/EBE ⁵⁾ var ákvæðum sem takmarka markaðssetningu og notkun á krókídólítu (bláu asbesti) og vörum sem innihalda krókídólíttrefjar, svo og sérstökum ákvæðum sem varða merkingar á vörum sem innihalda asbest, bætt í tilskipun 76/769/EBE ⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 85/467/EBE ⁷⁾.**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:***I. gr.*Í tilskipun ráðsins 83/477/EBE ⁸⁾ eru sett ákvæði um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af asbesti á vinnustöðum.

1. Markmið þessarar tilskipunar er að mæla fyrir um ráðstafanir og bæta við lagaákvæði sem þegar eru í gildi, með það fyrir augum að draga úr og koma í veg fyrir asbestmengun og stuðla þannig að verndun umhverfisins og heilsu manna.

Í tilskipun 84/360/EBE ⁹⁾ eru sett ákvæði um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum.

2. Tilskipun þessari skal beitt án þess að það brjóti í bága við ákvæði sem fastsett eru með tilskipun 83/477/EBE.

Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að eins og framast er unnt verði dregið úr eða komið í veg fyrir útblástur asbests í andrúmsloftið, asbestlosun í sjó, ár og vötn og tilurð asbestúrgangs í

¹⁾ Stjtið. EB nr. C 349, 31.12. 1985, bls. 27.²⁾ Álitum var skilað 9. mars 1987 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).³⁾ Stjtið. EB nr. C 207, 18.8. 1986, bls. 21.⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 112, 20.12. 1973, bls. 1, Stjtið. EB nr. C 139, 13.6. 1977, bls. 1 og Stjtið. EB nr. C 46, 17.2. 1983, bls. 1.⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 263, 24.9. 1983, bls. 33.⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 262, 27.9. 1976, bls. 201.⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 269, 11.10. 1985, bls. 56.⁸⁾ Stjtið. EB nr. L 263, 24.9. 1983, bls. 25.⁹⁾ Stjtið. EB nr. L 188, 16.7. 1984, bls. 20

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Asbest“ merkir eftirfarandi þráðлага slíkatsambönd:

- krókídólít (blátt asbest),
- aktínólít,
- antófyllít,
- krýsótíl (hvítt asbest),
- amósít (brúnt asbest),
- tremólít.

2. „Hráasbest“: Afurðin sem fengin er við fyrstu molun asbestbergs.

3. „Asbestnotkun“: Starfsemi sem hefur í för með sér árlega notkun á meira en 100 kg af hráasbesti og sem tekur til:

- a) framleiðslu á hráasbesti úr bergi, ef frá eru talin ferli sem tengjast beint námuvinnslu bergsins, og/eða
- b) vinnslu og lokameðhöndlun eftirfarandi afurða þar sem hráasbest er notað: asbest-sement, eða vörur úr asbest-sementi, núningsvörur úr asbesti, asbest-síur, asbest-vefnaður, asbest-pappír og -pappi, pökkunar- og styrkingarefni, asbest-gólfefni, asbest-fylliefni.

4. „Vinnsla á vörum sem innihalda asbest“: Starfsemi önnur en asbestnotkun, sem líklegt er að hafi í för með sér að asbest komist út í andrúmsloftið.

5. „Úrgangur“: Efni eða hlutur samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar 75/442/EBE ¹⁾.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að dregið sé úr eða komið í veg fyrir losun asbests í andrúmsloftið, asbestlosun í vatn og tilurð asbestúrgangs í föstu formi þar sem slíkt á upptök sín, að svo miklu leyti sem það er hægt með góðu móti. Ef asbest er notað skulu þessar ráðstafanir fela í sér notkun fullkomnustu tækni sem völ er á og hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað, þar með talin

endurvinnsla eða meðhöndlun þar sem það á við.

2. Ef um er að ræða starfandi iðjuver skulu skilyrðin í 1. mgr. að notuð sé fullkomnasta tækni, sem völ er á og hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað, til að draga úr eða koma í veg fyrir útblástur asbests í andrúmsloftið gilda og taka skal til greina þá þætti sem settir eru fram í 13. gr. tilskipunar 84/360/EBE.

4. gr.

1. Án þess að brjóti í bága við 3. gr. skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að magn asbests, sem veitt er um útblástursrásir út í andrúmsloftið meðan á notkun asbests stendur, fari ekki yfir viðmiðunarmörk sem eru 0,1 mg/m³ (milligrömm asbests á m³ af útblásturslofti).

2. Aðildarríkin mega veita undanþágu frá þeirri skyldu sem getið er í 1. mgr. ef um er að ræða iðjuver þar sem heildarútblástur lofts er minni en 5.000 m³ /klst., og útblástur asbests í andrúmsloftið er aldrei meiri en 0,5 grömm á klukkustund við eðlileg starfsskilyrði.

Þegar þessi undanþága gildir skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að tryggja að ekki sé farið yfir mörkin sem nefnd eru í fyrstu undirgrein.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

- a) Allt fráveituvatn frá framleiðslu á asbest-sementi sé endurnýtt. Þar sem slík endurnýting er ekki hagkvæm skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að losun fráveituvatsins sem inniheldur asbest muni ekki hafa í för með sér mengun vatsins eða annarra þátta umhverfisins, að meðtöldu andrúmsloftinu.

Í þessu skyni:

- skal viðmiðunarmarkið 30 grömm alls af svifefni í hverjum m³ af fráveituvatni gilda,
- skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum tilgreina, fyrir hlutadeigandi iðjuver, magn það sem losað er í vatnið, eða heildarmagn svifefna sem losuð eru fyrir hvert tonn framleiðslu, að teknu tilliti til sérstöðu iðjuversins. Þessi mörk skulu gilda við útrásir þar sem fráveituvatn er losað úr iðjuverinu.

¹⁾ Stjtið. EB nr. L 194, 25.7. 1975, bls. 47.

- b) Allt fráveituvatn frá framleiðslu á asbestpappír eða asbestpappa sé endurnýtt.

Hins vegar má heimila losun fráveituvatns sem inniheldur í mesta lagi 30 grömm af svifefnum í m³ vatns meðan á reglulegri hreinsun eða viðhaldi iðjuversins stendur.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að mælingar séu gerðar með reglulegu millibili á útblæstri í andrúmsloftið og á fráveituvatni frá stöðum þar sem viðmiðunarmörkin sem kveðið er á um í 4. og 5. gr. gilda.

2. Til þess að kanna megi hvort farið sé að fyrrgreindum viðmiðunarmörkum skulu starfshættir og aðferðir við sýnatöku og greiningu vera í samræmi við þær sem lýst er í viðauka eða við aðra starfshætti og aðferðir sem gefa sambærilegar niðurstöður.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um starfshætti og aðferðir sem þau nota, og gefa upplýsingar sem þarf til að meta hversu viðeigandi slíkir starfshættir og aðferðir eru. Á grundvelli þessara upplýsinga mun framkvæmdastjórnin hafa eftirlit með því hversu sambærilegir hinir ýmsu starfshættir og aðferðir eru og gefa ráðinu skýrslu fimm árum eftir birtingu tilskipunarinnar.

7. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- starfsemi sem felur í sér vinnslu á afurðum sem innihalda asbest valdi ekki verulegri umhverfismengun með asbestrefjum eða -ryki,
- að veruleg umhverfismengun verði ekki af því er búnaður, byggingar og mannvirki sem innihalda asbest eru rifin og asbest eða efni sem innihalda asbest eru fjarlægð úr þeim, með þeim afleiðingum að asbestryk eða asbestrefjar losna. Í því skyni skulu aðildarríkin sjálf ganga úr skugga um að vinnuáætluin, sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 83/477/EBE, mæli fyrir um að öllum nauðsynlegum varnaraðgerðum í þessu skyni sé komið á.

8. gr.

Með fyrirvara um tilskipun 78/319/EBE ¹⁾, með síðustu breytingum aðildarlaga frá 1985, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- meðan flutningur og losun á úrgangi sem inniheldur asbestrefjar eða -ryk stendur yfir, sé engum slíkum trefjum eða ryki hleypt út í andrúmsloftið og enn fremur að engir vökvar sem kunna að innihalda asbestrefjar hellist niður,
- ef úrgangur sem inniheldur asbestrefjar eða -ryk er urðaður á stöðum þar sem það er heimilt, þá sé hann meðhöndlaður, pakkaður og þakinn þannig með tilliti til aðstæðna að komið sé í veg fyrir að asbestagnir berist út í umhverfið.

9. gr.

Í því skyni að vernda umhverfið og heilsu manna er aðildarríkjunum heimilt að innleiða strangari ákvæði en þau sem sett eru í þessari tilskipun, í samræmi við skilyrði ákveðin í sáttmálanum.

10. gr.

Tilhögun þeirri sem kveðið er á um í 11. og 12. gr. er komið á til að laga megi viðaukann að tækniframförum og farið skal eftir henni ef breyta þarf sýnatöku- og greiningaraðferðum sem minnst er á í viðauka. Þessi aðlögun má ekki leiða beint eða óbeint til breytinga á viðmiðunarmörkum sem nefnd eru í 4. og 5. gr.

11. gr.

Nefnd til að laga þessa tilskipun að framförum í vísindum og tækni, hér eftir kölluð „nefndin“, er hér með komið á fót; hún skal skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Nefndin setur sér starfsreglur.

12. gr.

1. Þegar fylgja skal tilhögun þeirri sem sett er fram í þessari grein, ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álit skulu samþykkt með 54 atkvæða meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

¹⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 31.3. 1978, bls. 43.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitu þer framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og beita þeim þegar í stað.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal með reglulegu millibili bera saman og meta beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum. Aðildarríkin skulu sjá framkvæmdastjórninni fyrir öllum upplýsingum í þessu skyni. Ef veittar upplýsingar eru trúnaðarmál ber að virða það.

2. Í ljósi aukinnar þekkingar í læknisfræði og tækniþróunar skal framkvæmdastjórnin leggja fram ef þörf krefur frekari tillögur sem miða að því að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun, í þágu umhverfis- og heilsuverndar.

14. gr.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu aðildarríkin koma í framkvæmd lögum og stjórnisýslufyrirmælum sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1988. Þau skulu þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

2. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta þau ákvæði sem nauðsynleg eru til að hlíta 4. og 5. gr. eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 30. júní 1991 ef um er að ræða iðjuver sem byggð eru eða hafa fengið starfsleyfi fyrir dagsetninguna sem getið er í 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða úr þeim lögum sem sett eru á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. mars 1987.

Fyrir hönd ráðsins,

M. SMET

Forseti.

VIÐAUKI

Aðferðir við sýnatöku og greiningu.

A. Losun frárennslisvatns.

Tilvísunaradferðin sem notuð er við ákvörðun á heildarmagni svifagna (síanlegt efni úr sýninu fyrir botnfellingu), gefið upp í mg/l, felst í síun gegnum 0,45 m síuhimnu, þurrkun við 105 °C og vigtun¹⁾.

Sýni skulu tekin þannig að þau gefi rétta mynd af losuninni á 24 klukkustunda tímabili.

Þessi ákvörðun skal gerð með nákvæmninni²⁾ 5% og hittinni²⁾ 10%.

B. FORSKRIFTIR SEM FARA SKAL EFTIR ÞEGAR AÐFERÐ ER VALIN TIL AÐ MÆLA ÚTBLÁSTUR Í ANDRÚMSLOFTIÐ.**I. Þyngdarmæling.**

1. Valin er þyngdarmælingaraðferð sem gerir kleift að mæla heildarmagn ryks sem losað er í andrúmsloftið um útblástursrásir.

Taka skal tillit til styrks asbests í ryki. Þegar styrkmælinga er krafist skal mæla eða meta styrk asbests í ryki. Eftirlitsaðili skal, með hliðsjón af því hvaða framleiðslu og iðjuver er um að ræða, ákveða hversu oft slíkar mælingar fara fram en þær skulu í fyrstu fara fram að minnsta kosti sjötta hvern mánuð. Hafi aðildarríki komist að því að ekki sé um miklar breytingar á styrk að ræða má draga úr sýnatökutíðninni. Ef reglubundnar mælingar fara ekki fram gilda viðmiðunarmörkin, sem tilgreind eru í 4. gr. tilskipunarinnar, um heildarmagn ryks í útblæstri.

Sýnataka skal fara fram áður en útblástur sem mæla á þynnist.

2. Sýnataka fer fram með nákvæmninni 40% og hittinni 20% við viðmiðunarmörkin. Greiningarmörkin skulu vera 20%. Mæla skal að minnsta kosti tvisvar við sömu skilyrði til þess að komast að því hvort viðmiðunarmörkunum sé hlítt.
3. *Starfsemi starfsstöðvarinnar*
Mælingar eru aðeins gildar ef sýni eru tekin við eðlilega starfsemi starfsstöðvarinnar.
4. *Sýnatökustaður valinn.*
Sýnataka skal fara fram á stað þar sem loftflæði er ótruflað. Forðast skal eins og hægt er loft sveipi og hindranir sem kunna að trufla flæði loftsins.
5. *Breytingar vegna sýnatöku.*
Gera skal viðeigandi op í útblástursrásir þar sem taka á sýni auk þess sem hentugum vinnuþöllum skal komið fyrir.
6. *Mælingar sem gera þarf áður en sýni eru tekin.*
Áður en sýnataka hefst er nauðsynlegt að mæla lofthita og -þrýsting auk hraða loftstremis í útblástursrásinni. Venjulega skal mæla lofthita og -þrýsting meðfram sýnatökurásinni þegar loftstreymi er eðlilegt. Við óvenjulegar aðstæður er einnig nauðsynlegt að mæla magn vatnsgufu svo hægt sé að leiðrétta niðurstöðurnar á viðeigandi hátt.
7. *Almennar kröfur um aðferð við sýnatöku.*
Gerð er krafa um að sýnatökuaðferð feli í sér að tekið sé loftsýni í gegnum síu úr útblástursrás þar sem asbestryki er blásið út og mælt asbestmagnið sem verður eftir í síunni.

¹⁾ Sjá III. viðauka tilskipunar 82/883/EBE (Stjtið. EB nr. L 378, 31.12. 1982, bls. 1).

²⁾ Þessi hugtök eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 79/869/EBE (Stjtið. EB nr. L 271, 29.10. 1979, bls. 44) eins og henni var breytt með tilskipun 81/855/EBE (Stjtið. EB nr. L 319, 7.11. 1981, bls. 16).

7.1. Prófa skal sýnatökúrásina til að ganga úr skugga um að hún sé þétt svo að tryggt sé að það valdi ekki mæliskekkju. Inntaksopinu er lokað gaumgæfilega og sýnatökudælan gangsett. Leki má ekki vera meiri en 1% af venjulegu sýnatökuf læði.

7.2. Sýnataka fer venjulega fram við „ísókínétískar“ aðstæður.

7.3. Sá tími sem sýnataka varir fer eftir starfseminni sem haft er eftirlit með og sýnatökúrásinni sem notuð er og sýnatökutíminn skal vera nægilega langur til að tryggt sé að nógu mikið magn efnis sé safnað til að veða. Hann skal vera dæmigerður fyrir allt eftirlitsferlið.

7.4. Ef sýnatökusían er ekki staðsett fast við inntaksopið er mikilvægt að safna saman þeim efnum sem falla út í sýnatökuiinntakinu.

7.5. Ákvörðun um inntaksop og fjölda sýnatökustaða er tekin í samræmi við staðla sem hvert land hefur sett.

8. Tegund sýnatökusúnnar.

8.1. Velja skal síu sem best hentar fyrir þá greiningartækni sem beitt er. Sé þyngdarmælingu beitt er æskilegt að nota glertrefjasíur.

8.2. Krafist er 99% lágmarkssíunarvirkni, skilgreindri samkvæmt DOP-prófun þar sem notaður er úði með ögnum sem eru 0,3 m að þvermáli.

9. Vigtun.

9.1. Nota skal viðeigandi nákvæmnisvog.

9.2. Til þess að uppfylla kröfur um nákvæmni vigtunar er mikilvægt að laga síurnar að stöðluðum aðstæðum fyrir og eftir sýnatöku.

10. Framsetning á niðurstöðum.

Auk niðurstaðna mælinganna skal skrá tölur um hita, þrýsting og flæði sem og allar upplýsingar sem skipta máli, svo sem einfalda skýringarmynd sem sýnir staðsetningu sýnatökustaða, mál útblástursrása, safnað magn og aðferð við að reikna út niðurstöðurnar. Niðurstöðurnar skulu gefnar upp miðað við staðalhitastig (273 K) og þrýsting (101,3 kPa).

II. Trefjatalningaraðferð.

Þar sem þeirri aðferð er beitt að telja trefjar í þeim tilgangi að fylgjast með hvort viðmiðunarmörkum 4. gr. tilskipunarinnar sé hlítt má nota breytistudulinn tvær trefjar/ml sem jafngilda 0,1 mg/m³ af asbetryki, samanber þó ákvæði 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

Í þessari tilskipun eru trefjar skilgreindar sem hlutir sem eru lengri en 5 m, grennri en 3 m og þar sem hlutfall milli lengdar og breiddar er hærra en 3:1 og hægt er að telja með hjálp fasasmásjár samkvæmt evrópsku tilvísunaraðferðinni sem skilgreind er í I. viðauka tilskipunar 83/477/EBE.

Aðferð við að telja trefjar skal vera í samræmi við eftirfarandi forskrift:

1. Með aðferðinni skal vera mögulegt að mæla fjölda teljanlegra trefja í útblásturslofti.

Eftirlitsaðili skal, með hliðsjón af því um hvaða framleiðslu og iðjuver er að ræða, ákveða hversu oft slíkar mælingar fara fram en þær skulu í fyrstu fara fram a.m.k. sjötta hvern mánuð. Ef reglulegar mælingar fara ekki fram gilda viðmiðunarmörkin, sem tilgreind eru í 4. gr., um heildarmagn ryks í útblæstri.

Sýnataka skal fara fram áður en útblástur sem mæla á þynnist.

2. Starfsemi starfsstöðvarinnar.

Mælingar eru aðeins gildar ef sýni eru tekin við eðlilega starfsemi starfsstöðvarinnar.

3. *Sýnatökustaður valinn.*

Sýnataka skal fara fram á stað þar sem loftflæði er ótruflað. Forðast skal eins og hægt er loftsvæipi og hindranir sem kunna að trufla flæði loftsins.

4. *Breytingar vegna sýnatöku.*

Gera skal viðeigandi op í útblástursrásir þar sem taka á sýni auk þess sem hentugum vinnuþöllum skal komið fyrir.

5. *Mælingar sem gera þarf áður en sýni eru tekin.*

Áður en sýnataka hefst er nauðsynlegt að mæla lofthita og -þrýsting auk hraða loftflæðis í útblástursrásinni. Venjulega skal mæla lofthita og -þrýsting meðfram sýnatökurásinni þegar loftstreymi er eðlilegt. Við óvenjulegar aðstæður er einnig nauðsynlegt að mæla magn vatnsgufu svo hægt sé að leiðrétta niðurstöðurnar á viðeigandi hátt.

6. *Almennar kröfur um aðferð við sýnatöku.*

Gerð er krafa um að sýnatökuaðferð feli í sér að tekið sé loftsýni í gegnum síu úr útblástursrás þar sem asbestryki er blásið út og asbestmagnið sem verður eftir í síunni mælt.

6.1. Prófa skal sýnatökurásina til að ganga úr skugga um að hún sé loftpétt svo að tryggt sé að það valdi ekki mæliskekkju. Inntaksopinu er lokað gaumgæfilega og sýnatökudælan gangsett. Leki má ekki vera meiri en 1% af venjulegu sýnatökufleði.

6.2. Sýnataka fer venjulega fram við „ísókínétískar“ aðstæður.

6.3. Sá tími sem sýnataka varir fer eftir starfseminni sem haft er eftirlit með og stærð sýnatökustútsins sem notaður er. Sýnatökutíminn skal vera nægilega langur til að tryggt sé að á síuna hafi safnast milli 100 – 600 teljanlegar asbestrefjar/mm². Hann skal vera dæmigerður fyrir allt eftirlitsferlið.

6.4. Ákvörðun um inntaksop og fjölda sýnatökustaða er tekin í samræmi við staðla sem hvert land hefur sett.

7. *Tegund sýnatökusúnnar.*

7.1. Velja skal síu sem best hentar fyrir þá mælingartækni sem beitt er. Sé trefjatalningaraðferðinni beitt skal nota himnusúr (blandaðir sellulósa eða sellulósanítraterar) með opnuninni 5 m, 25 mm í þvermál, með þrykktum ferningum.

7.2. Lágmarkssíunarvirkni sýnatökusúnnar skal vera 99% miðað við teljanlegar asbestrefjar.

8. *Trefjatalning.*

Aðferðin sem notuð er við trefjatalningu skal samræmast evrópsku tilvísunaraðferðinni sem sett er fram í I. viðauka tilskipunar 83/477/EØE.

9. *Framsetning á niðurstöðum.*

Auk niðurstaðna mælinganna skal skrá tölur um hita, þrýsting og flæði sem og allar upplýsingar sem skipta máli, svo sem einfalda skýringarmynd sem sýnir staðsetningu sýnatökustaða, mál útblástursrása, safnað magn og aðferð við að reikna út niðurstöðurnar. Niðurstöðurnar skulu gefnar upp miðað við staðalhitastig (273 K) og þrýsting (101,3 kPa).

REGLUGERÐ

um úrgang frá titandíoxíðiðnaði.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr og koma í veg fyrir mengun af völdum úrgangs frá titandíoxíðiðnaði.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerðin gildir um úrgang frá titandíoxíðiðnaði. Reglugerðin gildir um viðeigandi atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 Vísað er til reglugerðar um úrgang um skilgreiningar að því leyti sem ekki er að finna tæmandi skýringar í fylgiskjali reglugerðarinnar.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

4.2 Lögbært stjórnvald (yfirvald) er í reglugerðinni Hollustuvernd ríkisins.

Meginreglur.

5. gr.

5.1 Reglur um úrgang frá titandíoxíðiðnaði, aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá titandíoxíðiðnaði er settur og ákvæði um áætlanir eru í fylgiskjali með reglugerðinni og er það hluti af henni.

5.2 Þrátt fyrir l. mgr. á eftirfarandi aðlögun við um fylgiskjalið hvað varðar viðauka tilskipunar nr. 82/833/EBE:

1. Í I.-V. viðauka gilda einungis skyldubundin ákvæði.
2. Í II. viðauka skal nota ósíaðan sjó, eftir því sem við á.
3. Í III. viðauka skal nota ósíað vatn þegar Fe og Ti er mælt.

Starfsleyfisskylda.

6. gr.

6.1 Títandíoxíðiðnaður og öll meðhöndlun úrgangs frá honum er starfsleyfisskyldur í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skýrslugerð og upplýsingaöflun.

7. gr.

7.1 Gæta skal að ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns vegna upplýsingaöflunar fyrir skýrslugerð.

Aðgangur að upplýsingum.

8. gr.

8.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

9. gr.

9.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

9.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

10. gr.

10.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

11. gr.

11.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

11.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

Lagastoð og gildistaka.

12. gr.

12.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

12.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 28, 30 og 32b í XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 78/176/EBE, sbr. 83/29/EBE, 82/883/EBE og 92/112/EBE), sbr. og bókun 1 við EES-samninginn.

12.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstofnun, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

TILSKIPUN RÁÐSINS
frá 20. febrúar 1978
um úrgang frá titandíoxíðinaði
(78/176/EBE).

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Líklegt er að úrgangur frá titandíoxíðinaði sé skaðlegur heilsu manna og umhverfinu. Því er brýnt að koma í veg fyrir og draga smám saman úr mengun af völdum slíks úrgangs, með það að markmiði að útrýma slíkri mengun.

Umhverfisverndaráætlanir Evrópubandalagsins frá 1973³⁾ og 1977⁴⁾ fjalla um þörfina á því að bandalagið grípi til aðgerða gegn úrgangi frá titandíoxíðinaði.

Hvers kyns ósamræmi í lagaákvæðum um úrgang frá titandíoxíðinaði, sem þegar eru í gildi eða eru í undirbúningi í aðildarríkjunum, gæti skapað ójöfn samkeppnis skilyrði og haft á þann hátt bein áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar. Því er nauðsynlegt að samræma lög um þessi málefni, eins og kveðið er á um í 100. gr. sáttmálans.

Nauðsynlegt virðist að þessari samræmingu laga fylgi aðgerðir af hálfu bandalagsins, svo að ná megi einu af markmiðum þess á sviði umhverfisverndar og bættra lífskjara með víðtækari reglum. Setja ætti sérstök ákvæði í þessum tilgangi. Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir nauðsynlegu umbodni til þessa og er því skírskotað til 235. gr. hans.

Tilskipun 75/442/EBE⁵⁾ fjallar um förgun úrgangs almennt. Ráðlegt er að koma upp sérstöku kerfi yfir úrgang frá titandíoxíðinaði, sem tryggir heilsuvernd og verndun umhverfisins gegn skaðlegum áhrifum af völdum þess að slíkur úrgangur sé losaður eða honum komið í lög eftirlitslaust.

Til að ná þessum markmiðum ætti að koma á laggirnar kerfi um veitingu leyfa til að losa, kasta, geyma, lóga og dæla úrgangi niður í jarðlög. Útgáfa slíkra leyfa ætti að vera háð sérstökum skilyrðum.

Eftirlit þarf að vera með losun, úrkasti, geymslu, lögum og dælingu úrgangs sem og eftirlit og umsjón með því umhverfi sem um ræðir.

Fyrir 1. júlí 1980 verða aðildarríkin að hafa samið áætlanir fyrir starfandi iðjuverum um að dregið verði í auknum mæli úr mengun af völdum slíks úrgangs, með það að markmiði að útrýma slíkri mengun. Í þessum áætlunum verður að setja almenn markmið sem skulu nást eigi síðar en 1. júlí 1987 og gefa til kynna hvaða ráðstafanir verða gerðar fyrir einstök iðjuver.

Aðildarríkin gefa út starfsleyfi til handa nýjum iðjuverum. Áður en slíkt starfsleyfi er gefið út, þarf að hafa farið fram rannsókn á umhverfisröskun og er aðeins heimilt að veita þeim fyrirtækjum leyfi sem skuldbinda sig til að nota einvörðungu þau efni, stunda einungis þá vinnslu og beita aðeins þeim aðferðum sem valda minnstum umhverfisspjöllum og unnt er að afla á almennum markaði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Með tilskipun þessari er stefnt að því að koma í veg fyrir og draga í auknum mæli úr mengun af völdum úrgangs frá titandíoxíðinaði, með það að markmiði að útrýma slíkri mengun.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „mengun“: bein eða óbein losun allra leifa frá titandíoxíðframleiðslu út í umhverfið af mannavöldum, þannig að það stefni heilsu manna í hættu, skaði lífrænar auðlindir og vistkerfi, spilli eftirsóttum stöðum eða hafi áhrif á aðra lögmæta notkun umhverfisins;

b) „úrgangur“:

- allar leifar frá titandíoxíðframleiðslu sem úrgangshafi fargar eða er gert að farga samkvæmt gildandi landslögum;

¹⁾ Stjtið. EB nr. C 28, 9.2. 1976, bls. 16

²⁾ Stjtið. EB nr. C 131, 12.6. 1976, bls. 18.

³⁾ Stjtið. EB nr. C 112, 20.12. 1973, bls. 3

⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 139, 13.6. 1977, bls. 3.

⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 194, 25.7. 1975, bls. 39.

- allar leifar frá meðhöndlun leifanna sem um getur í fyrsta undirlið;
- c) „förgun“:
- söfnun, flokkun, flutningur og meðhöndlun úrgangs, svo og geymsla hans og lógun ofan jarðar sem neðan og dæling ofan í jarðlög;
 - losun úrgangs í yfirborðsvatn, grunnvatn og sjó ásamt því að varpa honum útbyrðis á hafi úti;
 - allar umbreytingar sem nauðsynlegar teljast fyrir endurnotkun, nýtingu eða endurvinnslu úrgangs;
- d) „starfandi iðjuver“: iðjuver sem þegar eru starfandi á birtingardegi tilskipunar þessarar;
- e) „ný iðjuver“: iðjuver sem verði er að koma á fót á þeim degi sem tilskipun þessi öðlast gildi eða sem reist eru eftir þann dag. Viðbyggingar við starfandi iðjuver sem fela í sér aukningu á framleiðslugetu versins er nemur 15 000 tonnum eða meira af titandíoxíði á ári skulu einnig teljast ný iðjuver.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrgangi sé fargað án þess að heilsu manna stafi hætta af eða umhverfi skaðist og einkum:

- án þess að vatn, loft, jarðvegur, gróður og dýr hljóti skaða af,
- án þess að hafa skaðleg áhrif á sveitir eða staði sem eru rómaðir fyrir náttúrufergud.

3. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir sem stuðla að því að koma í veg fyrir, endurnýta eða vinna úrgang, vinna úr honum hráefni, sem og öllu öðru er lýtur að endurnotkun úrgangs.

4. gr.

1. Óheimilt er að losa, kasta, geyma, lóga og dæla úrgangi niður í jarðlög nema lögbær yfirvöld í því aðildarríki þar sem úrgangurinn fellur til hafi gefið til þess leyfi sitt. Einnig þurfa lögbær yfirvöld að gefa út leyfi í því aðildarríki

- þar sem úrgangur er losaður, geymdur, komið í lóg eða dælt;
- þaðan sem úrgangur er losaður eða honum kastað.

2. Aðeins er heimilt að gefa út leyfi til takmarkaðs tíma. Heimilt er að endurnýja leyfið.

5. gr.

Þegar losa skal eða kasta úrgangi er lögbærum yfirvöldum heimilt, í samræmi við 2. gr. og á grundvelli upplýsinga sem veittar eru í samræmi við I. viðauka, að veita leyfi samkvæmt 4. gr. svo fremi:

- a) ekki finnst betri leiðir til að farga úrganginum;
- b) mat, sem byggist á þeirri vísinda- og tæknipækningu sem fyrir hendi er, leiði í ljós að vatnasvæði verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum, hvorki í bráð né lengd;
- c) skemmtisiglingar, veiðar, tómsundaiðkanir, hráefnavinnsla, saltvinnsla, fisk- og skelfiskeldi, vísindalega mikilvæg svæði og önnur lögmæt notkun viðkomandi vatnasvæða verði ekki fyrir neinum skaðlegum áhrifum.

6. gr.

Þegar geyma skal, lóga eða dæla niður í jarðlög, er lögbærum yfirvöldum heimilt, í samræmi við 2. gr. og á grundvelli upplýsinga sem veittar eru í samræmi við I. viðauka, að veita leyfi samkvæmt 4. gr. svo fremi:

- a) ekki finnst betri leiðir til að farga úrganginum;
- b) mat, sem byggist á þeirri vísinda- og tæknipækningu sem fyrir hendi er, leiði í ljós að jarðvatn, jarðvegur eða andrúmsloft verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum, hvorki í bráð né lengd;
- c) tómsundaiðkanir, hráefnavinnsla, gróður, dýr, vísindalega mikilvæg svæði eða önnur lögmæt notkun viðkomandi umhverfis verði ekki fyrir neinum skaðlegum áhrifum.

7. gr.

1. Óháð því hvaða aðferð er beitt og hversu mikið úrgangurinn er meðhöndlaður, skal hafa eftirlit með losun úrgangs, geymslu, lógun og dælingu niður í jarðlög eins og um getur í II. viðauka og því umhverfi sem um er að ræða, með hliðsjón af eðlisfræðilegum, efnafraðilegum, líffraðilegum og vistfræðilegum þáttum þess.

2. Aðilar sem skipaðir hafa verði af því aðildarríki þar sem lögbær yfirvöld hafa gefið út leyfi samkvæmt 4. gr. sjá um reglubundið eftirlit. Þegar um er að ræða mengun sem berst yfir landamæri aðildarríkja, skulu hlutaðeigandi ríki skipa þessa aðila í sameiningu.

3. Innan árs frá birtingu tilskipunar þessarar, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið tillögu um tilhögun gæslu og eftirlit með því umhverfi sem um er að ræða. Ráðið fer að tillögu þessari innan sex mánaða frá birtingu áhlits Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

8. gr.

1. Lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki gerir allar viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á einu af eftirfarandi atriðum og, ef þörf krefur, krefst þess að hætt verði að losa, kasta, geyma, lóga eða dæla úrgangi niður í jarðlög um tíma:

- a) ef niðurstöður eftirlitsins sem um getur í 1. mgr. A-liðar í II. viðauka leiða í ljós að skilyrðunum sem fylgja leyfisveitingunni sem um getur í 4., 5. og 6. gr. hafi ekki verið fullnægt, eða
- b) ef niðurstöður athugana á bráðum eiturhrifum sem um getur í 2. mgr. A-liðar í II. viðauka leiða í ljós að farið hefur verið yfir þau mörk sem þar eru tilgreind, eða
- c) ef niðurstöður eftirlitsins sem kveðið er á um í B-lið II. viðauka sýna að umhverfinu á þeim stað sem um er að ræða hafi hrakað, eða
- d) ef losun eða úrkast hefur skaðleg áhrif á skemmtisiglingar, veiðar, tómstundaiðkanir, hráefnavinnslu, saltvinnslu, fisk- og skelfiskeldi, vísindalega mikilvæg svæði og aðra lögmæta notkun viðkomandi vatnasvæða, eða
- e) ef geymsla, lógun eða dæling úrgangs niður í jarðlög hefur skaðleg áhrif á tómstundaiðkanir, hráefnavinnslu, gróður, dýr, vísindalega mikilvæg svæði eða aðra lögmæta notkun viðkomandi umhverfis.

2. Þegar fleiri aðildarríki eiga hlut að sama máli skal haft samráð um ráðstafanir.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera áætlanir um að draga jafnt og þétt úr mengun vegna úrgangs frá starfandi iðjuverum þar til henni hefur að fullu verið útrýmt.

2. Í áætlununum sem um getur í fyrstu málsgrein skulu sett fram almenn markmið um að draga úr mengun af völdum fljótandi, fasts eða loftkennds úrgangs og þeim skuli náð eigi síðar en 1. júlí 1987. Áætlanirnar skulu einnig hafa að geyma markmið til skemmri tíma. Að auki skulu koma þar fram upplýsingar um ástand viðkomandi umhverfis, ráðstafanir til að draga úr mengun og aðferðir við að meðhöndla úrgang sem til fellur við framleiðslu í iðnaði.

3. Áætlanirnar sem um getur í fyrstu málsgrein skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 1. júlí 1980 svo henni verði kleift að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið, innan sex mánaða frá því að henni hafa borist áætlanir allra þjóðanna, um samræmingu þessara áætlana með tilliti til þess að dregið verði úr mengun og

henni loks útrýmt og að samkeppnisskilyrði í títan-díoxíðíðnaði verði bætt. Ráðið skal samþykka tillögur þessar innan sex mánaða frá birtingu álits Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

4. Aðildarríkin skulu hrinda í framkvæmd áætlun eigi síðar en 1. janúar 1982.

10. gr.

1. Áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. 9. gr. þurfa að taka til allra starfandi iðjuvera og tilgreina þær ráðstafanir sem gerðar eru fyrir hvert þeirra um sig.

2. Valdi sérstakar aðstæður því að aðildarríki telur engra viðbótarráðstafana þörf vegna einstakrar starfsstöðvar til að uppfylla þær kröfur sem fram koma í tilskipun þessari, skal það framvísa til framkvæmdastjórnarinnar gögnum sem rökstyðja slíka niðurstöðu innan sex mánaða frá birtingu tilskipunar þessarar.

3. Eftir að fram hefur farið sjálfstæð athugun á gögnunum, eftir því sem nauðsynlegt er talið, er framkvæmdastjórninni heimilt að lýsa sig sammála aðildarríkinu um að viðbótarráðstafana sé ekki þörf vegna hlutaðeigandi starfsstöðvar. Framkvæmdastjórnin leggur fram samþykki sitt, ásamt rökstuðningi, innan sex mánaða.

4. Reynist framkvæmdastjórnin ósammála aðildarríkinu, skal bæta viðbótarráðstöfunum vegna starfsstöðvarinnar við áætlun hlutaðeigandi aðildarríkis.

5. Sé framkvæmdastjórnin sammála, mun samþykki hennar endurskoðað reglulega í ljósi niðurstaðna þess eftirlits sem fram fer samkvæmt tilskipun þessari og í ljósi verulegra breytinga sem kunna að verða á framleiðsluáðferðum eða umhverfisverndarmarkmiðum.

11. gr.

Ný iðjuver þurfa að sækja um starfsleyfi til lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem fyrirhugað er að reisa starfsstöðvar. Áður en slík leyfi eru veitt, skal fara fram athugun á umhverfisröskun. Einungis er heimilt að veita þeim fyrirtækjum leyfi sem skuldbinda sig til að nota einvörðungu þau efni, stunda einungis þá vinnslu og beita aðeins þeim aðferðum sem valda minnstum umhverfisspjöllum og unnt er að afla á almennum markaði.

12. gr.

Án þess að brjóta í bága við ákvæði þessarar tilskipunar, er aðildarríkjunum heimilt að setja strangari reglur.

13. gr.

1. Vegna beitingar tilskipunar þessarar, skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar um:

- leyfi sem veitt eru samkvæmt 4., 5. og 6. gr.,
- niðurstöður eftirlits með viðkomandi umhverfi sem fram fer samkvæmt 7. gr.,
- ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt 8. gr.

Þau skulu einnig veita framkvæmdastjórninni almennar upplýsingar um efni, vinnslu og aðferðir sem þeim hefur verið tilkynnt um samkvæmt 11. gr.

2. Einungis er heimilt að nota þær upplýsingar sem fást með beitingu þessarar greinar í þeim tilgangi sem tilskipun þessi kveður á um.

3. Framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, embættismönnum þeirra og öðrum starfsmönnum er óheimilt að opinbera upplýsingar sem þeim berast samkvæmt tilskipun þessari og eru af því tagi sem fellur undir þagnarheiti opinberra starfsmanna.

4. Ákvæði annarrar og þriðju málsgreinar standa ekki í vegi fyrir því að birtar verði almennar upplýsingar eða kannanir svo fremi þær feli ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

14. gr.

Á þriggja ára fresti semja aðildarríkin skýrslu um varnir gegn mengun af völdum úrgangs frá titandíoxíðidnaði

og hvernig markvisst er dregið úr henni og senda hana framkvæmdastjórninni sem sér um að dreifa henni til hinna aðildarríkjanna.

Á þriggja ára fresti leggur framkvæmdastjórnin skýrslu fyrir ráðið og Evrópuþingið um beitingu tilskipunar þessarar.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan 12 mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. febrúar 1978.

Fyrir hönd ráðsins,
Per HÆKKERUP
forseti.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja þarf fram vegna leyfisveitingar þeirar sem um getur í Í 4., 5. og 6. gr.

A. Eiginleikar og samsetning efnisins:

1. heildarmagn og almenn samsetning efna sem er kastað (t.d. á ári);
2. tegund (t.d. fast, leðjukennt, fljótandi eða loftkennt);
3. eiginleikar: eðlisfræðilegir (t.d. leysanleiki og eðlismassi), efnafræðilegir og lífefnafræðilegir (t.d. súrefnisþörf) og líffræðilegir;
4. eiturvirkni;
5. þrávirkni: eðlisfræðileg, efnafræðileg og líffræðileg;
6. lífmögnun og umbrot í lífrænum efnum eða setlögum;
7. næmi fyrir eðlisfræðilegum, efnafræðilegum eða lífefnafræðilegum breytingum og víxlverkunum í tengslum við önnur lífræn og ólífræn efni í umhverfinu;
8. líkur á litun eða öðrum breytingum sem rýrt gætu sölugildi auðlindaafurða (fisks, skelfisks o.þ.h.).

B. Einkenni úrkasts- eða losunarstaðar og förgunaraðferðir:

1. staðsetning (t.d. hnattstaða úrkasts- eða losunarsvæðis, dýpt og fjarlægð frá strönd), staðsetning miðað við önnur svæði (t.d. útivistarsvæði, hrygningarstöðvar, uppeldisstöðvar og fiskimið og nýtanlegar auðlindir);
2. förgun yfir ákveðið tímabil (t.d. daglegt, vikulegt eða mánaðarlegt magn);
3. aðferðir við innþökkun, ef um slíkt er að ræða;
4. upphafsútfýning sem fæst með fyrirhuguðum losunaraðferðum, einkum hraða skipsins;
5. dreifing (t.d. áhrif strauma, sjávarfalla og vinds á útbreiðslu og blöndun);

6. einkenni vatns, (t.d. hitastig, sýrustig, selta, lagskipting, súrefnisstuðlar sem viðmið um mengun – uppleyst súrefni (DO), kemísk súrefniþörf (COD), lífræn súrefniþörf (BOD), lífrænt og ólífrænt köfnunarefni, einnig ammoníak, sviflausnir, önnur næringarefni og framleiðni);
7. botnlag (t.d. yfirborðslög, jarðefnafræðileg og jarðfræðileg einkenni og líffræðileg framleiðni);
8. fyrra úrkast eða losanir og áhrif þeirra á viðkomandi svæði (t.d. heimildir um þungmálma og lífræn kolefnasambönd).

C. Einkenni lógunar-, geymslu- eða dælingarstaðar og förgunaraðferðir:

1. landfræðileg lega;
2. einkenni nærliggjandi svæða;
3. aðferðir við innpökkun, ef um slíkt er að ræða;
4. aðferðir við lög, geymslu og dælingu úrgangs niður í jarðlög, ásamt mati á varúðarráðstöfunum sem gerðar eru til að koma í veg fyrir mengun vatns, jarðvegs og andrúmslofts.

II. VIÐAUKI

Umsjón og eftirlit með förgun.

A. Eftirlit með úrgangi.

Jafnhliða förgun skulu fara fram:

1. athuganir á magni, samsetningu og eiturvirkni úrgangs til að tryggja að skilyrðum um leyfisveitingu samkvæmt 4., 5. og 6. gr. sé fullnægt;
2. rannsóknir á bráðri eiturvirkni í ákveðnum tegundum lindýra, krabbadýra, fiska og svifdýra, einkum og sér í lagi í tegundum sem fyrirfinnast á losunarsvæðunum. Að auki skulu gerðar rannsóknir á sýnum af saltkefa (*artemia salina*).

Rannsóknir sem taka 36 klukkustundir og mæla þynnt útstreymi í hlutföllunum 1/5000 mega ekki leiða í ljós:

- meira en 20% dánartíðni fullorðinna dýra af þeim tegundum sem verið er að rannsaka,
- þegar um er að ræða lifur, dánartíðni sem er hærri en hjá viðmiðunarrhóp.

B. Umsjón og eftirlit með viðkomandi umhverfi.

- I. Þegar losað er í ferskvatn eða sjó, eða þegar um er að ræða úrkast, skal eftirlit ná til þriggja eftirtalinnna þátta: dýptar, lífs og setlaga. Reglulegar athuganir á ástandi þess svæðis sem verður fyrir áhrifum losunarinnar gerir kleift að fylgjast með ástandi viðkomandi umhverfis.

Við eftirlit skal ákvarða:

1. pH-gildi;
2. uppleyst súrefni;
3. grugg;
4. hýdroxíð og járnnoxíð í sviflausn;
5. eiturmálma í vatni, föstum svifögnum, setlögum og uppsafnaða í tilteknum botn- og uppsjávarlífverum;
6. fjölbreytni og afstæð og algild gnægð jurta og dýra.

- II. Þegar geyma á úrgang, koma honum í lög eða dæla niður í jarðlög skal eftirlitið felast í :

1. athugunum sem tryggja að yfirborðsvatn og grunnvatn sé ekki mengað; þær skulu meðal annars felast í mælingum á:
 - sýrustigi,
 - járninnihaldi (uppleysanlegu og samsettu úr ögnum),
 - kalsíuminnihaldi,
 - eiturmálmáinnihaldi (uppleysanlegu og samsettu úr ögnum) ef um slíkt er að ræða;
2. athugunum sem skera úr um skaðleg áhrif á jarðvegsgrunn ef nauðsyn krefur;
3. almennu mati á vistfræði svæðisins í grennd við lógunar-, geymslu- eða dælingarstað.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 3. desember 1982

um aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá títrandíoxíðiðnaði er settur
82/883/EBE.

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 235. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá títrandíoxíðiðnaði¹⁾, einkum 3. mgr. 7. gr.,með hliðsjón af tillögu af framkvæmdastjórnarinnar²⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins³⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁴⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Án tillits til þess hvernig og hve mikið úrgangur frá títrandíoxíðiðnaði er meðhöndlaður verður að gera ráðstafanir um eftirlit og gæslu með þeim svæðum þar sem slíkur úrgangur er losaður, geymdur, honum fleygt eða dælt ofan í jörðina með hliðsjón af eðlisfræðilegum, efnafræðilegum, líffræðilegum og vistfræðilegum þáttum.

Í því skyni að fylgjast með ástandi þessara svæða ætti að taka sýni svo oft sem verða má til þess að hægt sé að mæla þær færíbreytur sem tilteknar eru í viðaukunum. Fækka mætti sýnatökum í ljósi fenginna niðurstaðna. Taka ætti sýni, ef hægt er, á svæðum sem talin eru ómenguð af þeim úrgangi sem til umræðu er til þess að tryggja virkt eftirlit.

Í tengslum við þær rannsóknir sem aðildarríkin gera ætti að ákveða sameiginlega tilvísunaraðferðir við mælingar til að ákvarða færíbreytugildin sem segja til um eðlisfræðileg, efnafræðileg, líffræðileg og vistfræðileg einkenni umræddra svæða.

Aðildarríkin geta hvenær sem er mælt fyrir um aðrar færíbreytur en þær sem kveðið er á um í þessari tilskipun við eftirlit og gæslu með menguðum svæðum.

Nauðsynlegt er að tilgreina í smáatriðum aðferðir við eftirlit og gæslu sem aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um. Að fengnu samþykki aðildarríkjanna birtir framkvæmdastjórnin heildarskýrslu með þessum upplýsingum.

Við vissar kringumstæður úti í náttúrunni kann að reynast örðugt að halda uppi eftirliti og gæslu og því þarf að kveða á um undanþágur frá þessari tilskipun í vissum tilvikum.

Tækni og vísindaframfarir kunna að krefjast örrar aðlögunar sumra ákvæða í viðaukanum. Til þess að auðvelda framkvæmd þeirra ráðstafana sem þörf er á þarf að koma á tilhögun um nána samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar fyrir milligöngu nefndar um aðlögun að tækni- og vísindaframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er í samræmi við 3. mgr. 7. gr. í tilskipun 78/176/EBE mælt fyrir um aðferðir við eftirlit og gæslu með áhrifum þess á umhverfið er úrgangsefni frá títrandíoxíðiðnaði eru losuð, geymd, þeim fleygt eða dælt ofan í jörðina, með hliðsjón af eðlisfræðilegum, efnafræðilegum, líffræðilegum og vistfræðilegum þáttum.

¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 54, 25.2. 1978, bls. 19.

²⁾ Stjútíð. EB nr. C 356, 31.12. 1980, bls. 32 og Stjútíð. EB nr. C 187, 32.

³⁾ Stjútíð. EB nr. C 149, 14.6. 1982, bls. 101.

⁴⁾ Stjútíð. EB nr. C 230, 10.9. 1981, bls. 5.

2. gr.

Í skilningi þessarar tilskipunar:

- merkir „menguð svæði“ vatn, landsvæði, jarðlög neðanjarðar og loftið þar sem úrgangur úr títaníoxíðíðnaði er losaður, geymdur, honum fleygt eða dælt niður,
- merkir „sýnatökustaður“ staðinn þar sem sýni eru tekin.

3. gr.

1. Þær færíbreytur sem gilda um eftirlit og gæslu þess sem um getur í 1. gr. eru tilgreindar í viðaukunum.
2. Sé getið um færíbreytur í dálkinum „skyldubundin ákvörðun“ í viðaukunum, verður að taka sýni og greina þau vegna hinna tilgreindu umhverfisþátta.
3. Sé getið um færíbreytur í dálkinum „valkvæð ákvörðun“ í viðaukunum skulu aðildarríkin láta taka sýni og greina þau vegna hinna tilgreindu umhverfisþátta ef þau telja það nauðsynlegt.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu hafa eftirlit og gæslu með þeim svæðum sem menguð eru og nálægum svæðum sem talin eru ómenguð, með sérstöku tilliti til umhverfisþátta í grennd og aðferða við förgun, þ.e. hvort hún er regluleg eða óregluleg.
2. Sé annað ekki tekið fram í viðaukunum skulu aðildarríkin ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvar taka skuli sýni, fjarlægð þessara staða frá næsta mengunarstað og dýpi eða hæð þar sem sýnin skuli tekin. Sýnin verður að taka hverju sinni á sama stað og dýpi og við sömu kringumstæður, til dæmis á sama tíma á stöðum sem gætir flóðs og fjöru.
3. Við eftirlit með og skoðun á menguðum svæðum skulu aðildarríkin ákvarða fyrir sérhverja færíbreytu í viðaukunum hve oft sýni eru tekin og greind.

Fyrir þær færíbreytur þar sem ákvörðun er skyldubundin skulu sýni tekin og greind eigi sjaldnar en tilgreint er í viðaukunum. Þó geta aðildarríkin, þegar með réttu lagi er orðið ljóst hvað um úrganginn verður og hvaða áhrif hann hefur, og að því tilskildu að umtalsverð umhverfisspjöll hafi ekki orðið, ákveðið að sýni verði tekin og greind sjaldnar en fyrir er mælt í viðaukunum. Komi síðar í ljós umtalsverð umhverfisspjöll vegna úrgangans eða breyttra aðferða við förgun hans, skulu aðildarríkin á ný taka sýni og greina svo oft sem fyrir er mælt í viðaukunum. Ef aðildarríki telur það ráðlegt eða nauðsynlegt getur það greint á milli færíbreytna og beitt fyrir sig þessari undirgrein þegar sýnt er að umtalsverð umhverfisspjöll hafa ekki orðið.

4. Við eftirlit og skoðun á nærliggjandi svæði sem ekki er talið mengað skal aðildarríkið leggja mat á hversu oft skuli taka og greina sýni. Þegar aðildarríki telur að ekki sé mögulegt að tilgreina neitt slíkt nærliggjandi svæði skal það tilkynna framkvæmdastjórninni þar um.

5. gr.

1. Tilvísunaraðferðirnar við mælingar sem liggja til grundvallar færíbreytugildunum eru tilgreindar í viðaukunum. Rannsóknastofur sem nota aðrar aðferðir skulu tryggja að niðurstöðurnar séu samanburðarhæfar.
2. Ílát undir sýni, efni eða aðferðir við að geyma hlutasýni fyrir greiningu á einni eða fleiri færíbreytum, flutningur og geymsla á sýnum og undirbúningur undir greiningu verður að vera með þeim hætti að það hafi ekki markverð áhrif á niðurstöður greiningarinnar.

6. gr.

Við eftirlit og gæslu með menguðum svæðum geta aðildarríkin hvenær sem er mælt fyrir um færíbreytur umfram þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

7. gr.

1. Skýrslan sem aðildarríkjunum ber að senda framkvæmdastjórninni samkvæmt 14. gr. tilskipunar 78/176/EBE skal greina frá eftirliti og gæslu sem þeir aðilar er tilnefndir eru samkvæmt 2. mgr. 7. gr. í þeirri tilskipun láta fara fram. Í skýrslunni skal veita eftirfarandi upplýsingar um hvert mengað svæði:

- lýsingu á sýnatökustaðnum, þ.m.t. varanlegir eiginleikar hans, sem hægt er að binda í tákni, svo og aðrar stjórnsýslulegar og landfræðilegar upplýsingar. Þessar upplýsingar þarf aðeins að gefa einu sinni um hvern sýnatökustað sem tilgreindur er,
 - lýsingu á því hvernig sýnatöku er háttað,
 - niðurstöður af mælingum á þeim færíbreytum sem skylt er að ákvarða og, telji aðildarríki það til bóta, einnig þeim færíbreytum þar sem ákvörðun er valkvæð,
 - aðferðir við mælingar og greiningu og eftir atvikum greiningarmörk, nákvæmni og hittni,
 - breytingar, sem gerðar eru samkvæmt 3. mgr. 4. gr. á því hve oft sýni eru tekin og greind.
2. Fyrstu gögnin sem senda ber samkvæmt fyrstu málsgrein skulu vera þau sem safnað er á þriðja ári eftir birtingu þessarar tilskipunar.
3. Framkvæmdastjórnin skal, að fengnu samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis, gefa út útdrátt úr þeim upplýsingum sem henni eru sendar.
4. Framkvæmdastjórnin metur hversu skilvirkt eftirlit og gæsla með menguðum svæðum er og skal eigi síðar en sex árum eftir birtingu þessarar tilskipunar leggja tillögur fyrir ráðið, ef við á, um endurbætur á þessari tilhögun og, ef nauðsyn krefur, um samræmingu á aðferðum við mælingar, þ.m.t. greiningarmörk þeirra, nákvæmni og hittni og um aðferðir við sýnatöku.

8. gr.

Aðildarríki mega víkja frá þessari tilskipun komi til flóða eða náttúruhamfara eða vegna óvenjulegra veðurskilyrða.

9. gr.

Nauðsynlegar breytingar til að laga efni viðaukanna varðandi:

- færíbreytur í dálkinum „valkvæð ákvörðun“,
 - tilvísunaraðferðir við mælingar,
- að vísinda- og tækniframförum skulu gerðar í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í 11. gr.

10. gr.

1. Nefnd um aðlögun að tækni- og vísindaframförum (hér eftir kölluð „nefndin“), skipuð fulltrúum aðildarríkjanna og undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, er hér með sett á fót.

2. Nefndin setur sér eigin starfsreglur.

11. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með 45 atkvæða meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitinu ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.
- c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

12. gr.

Í stað c-liðar í 1. mgr. 8. gr. í tilskipun 78/176/EBE komi eftirfarandi:

- c) „ef niðurstöður eftirlitsins sem aðildarríkin þurfa að láta fara fram leiða í ljós umhverfisspjöll á umræddu svæði, eða“.

13. gr.

Þegar losun úrgangs krefst þess, sbr. 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 78/176/EBE, að lögbær yfirvöld í fleiri en einu aðildarríki gefi fyrst út leyfi, skulu þau aðildarríki sem í hluta eiga hafa með sér samráð um inntak og framkvæmd eftirlitsáætlunarinnar.

14. gr.

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun innan tveggja ára frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði laga sem samþykkt verða á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. desember 1982.

Fyrir hönd ráðsins,

Ch. CHRISTENSEN, forseti

I. VIÐAUKI

Aðferð við förgun úrgangs: Losun út í andrúmsloftið.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á úri sýnataka og greining skal fara fram	Athugasemdir
	skyldubundið	valkvætt		
1) Loft	Brennisteinsdíoxíð (SO ₂) ¹⁾ Klór ²⁾	Ryk	Samfellt	1. Svæði, þar sem fylgst er með loftmengun með hjálp núverandi eftirlitskerfis, þar sem að minnsta kosti ein stöð nálægt framleiðslustaðnum getur gefið marktækar niðurstöður um mengun sem stafar frá framleiðslustaðnum.
			12 ³⁾	2. Svæði þar sem ekkert eftirlit fer fram. Mælingar á heildarmagni útblásturs frá framleiðslustað. Ef á staðnum eru margar uppsprettur mengunar má beita raðmælingum. Tilvísunaraðferð þeirri sem beitt er við mælingar á brennisteinsdíoxíði er lýst í III. viðauka tilskipunar ráðsins 80/779/EBE frá 15. júlí 1980 um viðmiðunarmörk og leiðbeiningarmörk fyrir loftgæði varðandi brennisteinsdíoxíð og svifryk (Stjóð. EB nr. L 229, 30.8. 1980, bls. 30).

¹⁾ Ef súlfataðferðin er notuð við framleiðsluna.

²⁾ Notist ef mælitækni gerir kleift að mæla stöðugt og ef klóraðferðinni er beitt.

³⁾ Tölur verða að vera marktækar og gefa nægilega rétta mynd af ústandinu.

II. VIÐAUKI
Aðferð við förgun úrgangs: Losun í saltvatn.
(í ármynni við strendur, á hafi úti)

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	vulkvætt		
Vatnssúla Ósíaður sjór	Hitu (°C)		3	Hitamælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	Selta (prómill)		3	Leiðnimælingar.
	pH (pH-gildi)		3	Rafmælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	Uppleyst O ₂ (mg/O ₂ uppleyst/l)		3	— Aðferð Winklers. — Rafofnafræðileg aðferð.
	Grugg (mg föst efni/l) eða svifefni (mg/l)		3	Fyrir grugg: gruggmælingar. Fyrir svifefni: fellingarmælingar. — Vigtun eftir síun í gegnum himnu sem er 0,45µm gljúp, þurrkað við 105°C. — Vigtun eftir miðflótttaflsskiljun (lágmark fimur mínútur, meðalhröðun 2 800 til 3 200 g), þurrkað við 105°C.
	Fe (uppleyst og í svillausn) (mg/l)		3	Efúr að sýnið hefur verið meðhöndlað á við-eigandi hátt, ákvörðun með frumeindageypni-eða sameinda (ísogs) litrófsmælingu.
		Cr, Cd alls, Hg alls (mg/l)	3	— Frumeindageypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
	Ti (mg/l)	V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindageypnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindageypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnatöku og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skýldubundið	valkvætt		
Sjór sem síaður er í gegnum himnu sem er 0,45 µm gljúp ¹⁾	Uppleyst Fe (mg/l)		3	Ákvörðun með frumeindageypni- eða sameinda (ísogs) litrófsmælingu. .
		Cr, Cd, Hg (mg/l)	3	— Frumeindageypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Ti, V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindageypnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindageypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
Svifagnir sem verða efur við síun í gegnum himnu sem er 0,45 µm gljúp	Fe alls (mg/l)	Cr, Cd, Hg (mg/l)	3	— Frumeindageypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Ti, V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindageypnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindageypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
	Hýdroxíð og járn-hýdroxíð. (mg Fe/l)		3	Útdráttur sýnisins í viðeigandi súru umhverfi: Frumeindageypni- eða sameinda (ísogs) litrófsmæling. Nota skal sömu aðferð við útdrátt sýru við öll sýni sem koma frá sama svæði.

¹⁾ Aðildarríkin mega velja um það hvort ósíaður eða síaður sjór er greindur með tilliti til efnanna undir liðnum „Til ákvörðunar“.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnatöku og greining skal fara fram	Athugasemdir
	skyldubundið	valkvætt		
Setlög í efsta setlagi eins nálægt yfirborðinu og hægt er.	Alls Ti, Fe (mg/kg þurr tefni)	V, Cr, Mn, Ni, Cu, Zn, Cd, Hg, Pb (mg/kg þurr tefni)	1	Sömu aðferðir og þær sem beitt er til mælinga á vatnssúlum Eftir að sýnið hefur verið meðhöndlað á viðeigandi hátt (blaut eða þurr steingerving og hreinsun). Málminnihaldið skal mælt miðað við útleikna korntærð.
	Hýdroxíð og járn-hýdroxíð (mg Fe/kg)		1	Sömu aðferðir og þær sem beitt er til mælinga á vatnssúlum.
Lifverur Tegundir sem eru dæmigerðar fyrir svæðið: Botnlægur fiskur og hryggleysingar eða aðrar viðeigandi tegundir ¹⁾	Ti, Cr, Fe, Ni, Zn, Pb (mg/kg blaut- og þurrvigtað)	V, Mn, Cu, Cd, Hg (mg/kg blaut- og þurrvigtað)	1	Frumeindagleyfnitörfsmæling eftir viðeigandi meðhöndlun á sýninu sem vera skal sínsaxað (blaut eða þurr steingerving og hreinsun). — Fiskur: Mæla skal málmana í vöðvavefum eða viðeigandi vefum. Sýnið skal samanstanda af að minnsta kosti 10 eintökum. — Lindýr og krabbadýr: Mæla skal málmana í kjöðinu. Sýnið skal samanstanda af að minnsta kosti 50 eintökum.
Botnlæg dýr	Fjölbreytileg og hlutfallsleg gnægð.		1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þær eru.
Svifdýr		Fjölbreytileiki og hlutfallsleg gnægð	1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þær eru.
Plönturíki		Fjölbreytileiki og hlutfallsleg gnægð	1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þær eru.
Einkum fiskur	Líffærameinafræðilegar vefskemmdir í fiskum		1	Skoðun á sýnum dæmigerðra tegunda sem tekin eru til efnagreiningar.

¹⁾ Tegundir sem eru dæmigerðar fyrir losunarsvæðið, einkum með tilliti til hve viðkvæmar þær eru fyrir því að efni safnist fyrir í þeim, t.d. *Mytilus edulis*, crangon, flyðra, skarkoli (rauðspreita), þorskur, makrill, sæskeggur, sild, sólfúra (eða aðrar viðeigandi botnlægur tegundir).

III. VIÐAUKI
Aðferð við förgun úrgangs: Losun í ferskt yfirborðsvatn.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnatuka og greining skal fara fram	Tilvisunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
Vatnssúla ⁽¹⁾ Ósfað ferskvatn	Hiti (°C)		3	Hitamælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	Leiðni við 20 °C ($\mu S\ cm^{-1}$)		3	Rafmælingar.
	pH (pH-gildi)		3	Rafmælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	Uppleyst O ₂ (mg/O ₂ uppleyst/l)		3	— Aðferð Winklers. — Rafefnafræðileg aðferð.
	Grugg (mg föst efni/l eða svífefni (mg/l))		3	Fyrir grugg: gruggmælingar. Fyrir svífefni: fellingarmælingar. — Vigtun eftir síun í gegnum himnu sem er 0,45 μm gljúp, þurrkað við 105°C. — Vigtun eftir miðflóttaflosskiljun (lágmark fimm mínútur, meðalhröðun 2 800 til 3 200 g), þurrkað við 105°C.
Ósfað ferskvatn ⁽¹⁾	Fe (uppleyst og í svíllausn) (mg/l)		3	Eftir að sýnið hefur verið meðhöndlað á viðeigandi hátt, ákvörðun með frumeindagleyfni- eða sameinda (isogs) litrófsmælingu.
		Cr, Cd alls, Hg alls (ng/l)	3	— Frumeindagleyfnilitrófsmæling. — Sameinda (isogs) litrófsmæling.
	Ti (mg/l)	V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindagleyfnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindagleyfnilitrófsmæling. — Spennumælingar.

¹⁾ Sýni skulu tekin á sama tíma árs og 50 cm undir yfirborði vatnsins, ef hægt er.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á úri sýnitaka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
Ferskvatn síað í gegnum himnu sem er 0,45 µm gljúp ¹⁾	Uppleyst Fe (mg/l)		3	Frumeindagleyfnilitrófs- eða sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Cr, Cd, Hg (mg/l)	3	— Frumeindagleyfnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Ti, V, Mn, Ni, Sn (mg/l)	3	Frumeindagleyfnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindagleyfnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
Svifagnir sem verða efur við sún í gegnum himnu sem er 0,45 µm gljúp	Fe (mg/l)	Cr, Cd, Hg (mg/l)	3	— Frumeindagleyfnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
		Ti, V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	3	Frumeindagleyfnilitrófsmæling.
		Cu, Pb (mg/l)	3	— Frumeindagleyfnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
	Hýdroxíð og járn-hýdroxíð (mg Fe/l)		3	Útdráttur sýnisins í viðeigandi síru umhverfi: Frumeindagleyfni- eða sameinda (ísogs) litrófsmæling. Nota skal sömu aðferð við útdrátt síru við öll sýni sem koma frá sama svæði.
Setlög í efsta setlagi eins nálægt yfirborðinu og hægt er.	Ti, Fe (mg/kg þurr efni)	V, Cr, Mn, Ni, Cu, Zn, Cd, Hg, Pb (mg/kg þurr efni)	1	Sömu aðferðir og þær sem beitt er til mælinga á vatnssúlum. Efur að sýnið hefur verið meðhöndlað á viðeigandi hátt (blaut eða þurr steingerving og hreinsun). Málminnihaldið skal mælt miðað við tiltekna kornstærð.
	Hýdroxíð og járn-hýdroxíð (mg Fe/kg)		1	Sömu aðferðir og þær sem beitt er til mælinga á vatnssúlum.
Lifverur Tegundir sem eru dæmigerðar fyrir svæðið.	Ti, Cr, Fe, Ni, Zn, Pb (mg/kg blaut- og þurrvigtað)	V, Mn, Cu, Cd, Hg (mg/kg blaut- og þurrvigtað)	1	Frumeindagleyfnilitrófsmæling eftir viðeigandi meðhöndlun á sýninu sem vera skal finsaxað (blaut eða þurr steingerving og hreinsun). — Fiskur: Mæla skal málmana í vöðvavefum eða viðeigandi vefum. Sýnið skal samanstanda af að minnsta kosti 10 eintökum. — Lindýr og krabbadýr: Mæla skal málmana í kjötinu. Sýnið skal samanstanda af að minnsta kosti 50 eintökum.

¹⁾ Aðildarríkin mega velja um það hvort ósíað eða síað vatn er greint með tilliti til efnanna í dálkinum „Til ákvörðunar“.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnatuka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
Botnlæg dýr	Fjölbreytileg og hlutfallsleg gnægð.		1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þau eru.
Svífdýr		Fjölbreytileg og hlutfallsleg gnægð.	1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þau eru.
Plönturíki		Fjölbreytileg og hlutfallsleg gnægð.	1	Flokkun dæmigerðra tegunda miðað við eðli og magn þannig að fram komi fjöldi eintaka í sýni, þéttleiki og hve ríkjandi þau eru.
Einkum fiskur		Lífþæranncínafræðilegar vefshemmdir í fiskum	1	Skoðun á sýnum dæmigerðra tegunda sem tek- in eru til efnagreiningar.

IV. VIÐAUKI
Aðferð við förgun úrgangs: Geymsla og losun á landi.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári söfnun og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	vulkvætt		
1. Ósfað yfirborðsvatn umhverfis þann stað á svæðinu sem skaðast vegna geymslu, svo og á útleikum punkti utan þessa svæðis ⁽¹⁾ ⁽²⁾ ⁽³⁾	pH (pH-gildi)		1	Rafmælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	SO ₄ ⁽⁴⁾ (mg/l)		1	— Fellingarmæling. — „Komplex-“ útranir með EDTA-aðferð. — Sameinda (isogs) litrófsmæling.
2. Ósfað grunnvatn umhverfis staðinn, þar með talið útrennslistaði ef með þarf ⁽¹⁾ ⁽²⁾	Ti ⁽⁵⁾ (mg/l)	V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	1	Frumeindageypnilitrófsmæling.
	Fe ⁽⁶⁾ (mg/l)	Cr (mg/l)	1	— Frumeindageypnilitrófsmæling. — Sameinda (isogs) litrófsmæling.
	Ca (mg/l)		1	— Frumeindageypnilitrófsmæling. — „Komplex-“ útranir
		Cu, Pb (mg/l)	1	— Frumeindageypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
	Cl ⁽⁷⁾ (mg/l)		1	Titrunarmælingar (aðferð Mohrs).
Umhverfi geymslu- og losunarstaðar.	Skoðun á: — landslagi og skipulagi staðarins — áhrifum á jarðvegsgrunn — vistfræði staðarins.		1	Aðferðir sem aðildarríkin ákveða.

¹⁾ Sýni skulu tekin á sama tíma úrs.

²⁾ Við eftirlit með yfirborðsvatni og grunnvatni skal hafa sórstaka gát á tilfærslu efnis með rennandi vatni frá svæðum þar sem úrgangur er geymdur.

³⁾ Sýni skulu tekin 50 cm undir yfirborði vatnsins ef hægt er.

⁴⁾ Skyldubundin ákvörðun ef geyma á eða losa úrgang sem fellur til við vinnslu súlfats.

⁵⁾ Skyldubundin ákvörðun ef geyma á eða losa úrgang sem fellur til við vinnslu klórs.

⁶⁾ Nær einnig til mælinga á Fe í síuðum vökva (svifagnir).

V. VIÐAUKI
Aðferð við förgun úrgangs: Dæling ofan í jörðina.

Miðill	Til ákvörðunar		Hversu oft á ári sýnataka og greining skal fara fram	Tilvísunaraðferð við mælingar
	skyldubundið	valkvætt		
1. Ósíað yfirborðsvatn umhverfis þann stað á svæðinu sem skaðast vegna dælingar 2. Ósíað grunnvatn umhverfis staðinn, þar með talið útrennslistaði	pH (pH-gildi)		1	Rafmælingar. Mælingar eiga að fara fram á staðnum um leið og sýni eru tekin.
	SO ₄ ⁽¹⁾ (mg/l)		1	— Þyngdarmæling. — „Komplex-“ titranir með EDTA-aðferð. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
	Ti ⁽²⁾ (mg/l)	V, Mn, Ni, Zn (mg/l)	1	Frumeindagleypnilitrófsmæling.
	Fe ⁽³⁾ (mg/l)	Cr (mg/l)	1	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Sameinda (ísogs) litrófsmæling.
	Ca (mg/l)		1	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — „Komplex-“ titranir.
		Cu, Pb (mg/l)	1	— Frumeindagleypnilitrófsmæling. — Spennumælingar.
		Cl ⁽³⁾ (mg/l)	1	Títrunarmælingar (aðferð Mohrs).
Umhverfi Landslag	Stöðugleiki jarðvegs		1	Eftirlit með hjálpljósmýndunar og staðfræðirannsóknna.
	Gegndræpi Gljúpleiki		1	Tilraunadæling. Skrásetning borhola.

¹⁾ Skyldubundin ákvörðun ef úrgangi sem fellur til við vinnslu súlfats er dælt ofan í jörðina.

²⁾ Skyldubundin ákvörðun ef úrgangi sem fellur til við vinnslu klórs er dælt ofan í jörðina.

³⁾ Nær einnig til mælinga á Fe í síuðum vökva (svifagnir).

TILSKIPUN RÁÐSINS
frá 24. janúar 1983
um breytingu á tilskipun 78/176/EBE um úrgang frá titandíoxíðnaði
(83/29/EBE).

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 235. gr.,

1. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Í 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 78/176/EBE breytist klausan „Áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 1. júlí 1980 svo henni verði kleift að leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið, innan sex mánaða frá því að henni hafa borist áætlanir allra þjóðanna...“ í „Eigi síðar en 1. júlí 1980 skulu áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. sendar framkvæmdastjórninni, en hún skal leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið fyrir 15. mars 1983 ...“.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

Framkvæmdastjórninni hefur reynst erfitt að leggja fram tillögur við hæfi, innan frests þess sem settur er í 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 78/176/EBE³⁾, varðandi samhæfingu áætlana um að draga jafnt og þétt úr mengun. Því þarf að framlengja frestinn.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. janúar 1983.

Fyrir hönd ráðsins,

H. W. LAUTENSCHLAGER

forseti

¹⁾ Stjtið. EB nr. C 292, 8.11. 1982, bls. 101.

²⁾ Stjtið. EB nr. C 326, 13.12. 1982, bls. 1.

³⁾ Stjtið. EB nr. L 54, 25.2. 1978, bls. 19.

TILSKIPUN RÁÐSINS 92/112/EBE

frá 15. desember 1992

um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá titandíoxíðiðnaði.

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags
Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar¹⁾,

með hliðsjón af álit Evrópuþingsins²⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Dómstóll Evrópubandalaganna felldi tilskipun ráðsins 89/428/EBE frá 21. júní 1989, um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá titandíoxíðiðnaði⁴⁾, úr gildi með dómi 11. júní 1991⁵⁾ sakir þess að réttan lagagrundvöll skorti.

Lagalega tómarúmið sem myndaðist við ógildinguna áður nefndrar tilskipunar getur haft slæm áhrif á umhverfið og á samkeppnisskilyrði í titandíoxíðiðnaði. Nauðsynlegt er að ná aftur þeirri stöðu mála sem áður nefnd tilskipun hafði skapað.

Ef aðildarríkin hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að áður nefndri tilskipun þurfa þau ekki að samþykkja nýjar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun, að því tilskildu að ráðstafanirnar samrýmist þessari tilskipun.

Markmiðið með þessari tilskipun er að samræma innlendar reglur um skilyrði við framleiðslu titandíoxíðs til að eyða þeirri röskun sem orðin er á samkeppni milli framleiðenda í iðnaðinum og tryggja umhverfisvernd á háu stigi.

Samkvæmt tilskipun ráðsins 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978, um úrgang frá titandíoxíðiðnaði⁶⁾, einkum 9. gr., skulu aðildarríkin gera áætlanir um að draga stig af stigi úr og hugsanlega stöðva mengun frá úrgangi úr iðjuverum starfræktum 20. febrúar 1978.

Í þessum áætlunum eru sett fram almenn markmið um að draga úr mengun af völdum fljótandi, fasts eða loftkennds úrgangs fyrir 1. júlí 1987. Þessar áætlanir skulu sendar framkvæmdastjórninni svo að hún geti lagt viðeigandi tillögur fyrir ráðið um samræmingu þeirra með það fyrir augum að draga úr og hugsanleg stöðva mengun af þessu tagi og einnig til að bæta samkeppnisskilyrði í titandíoxíðiðnaði.

Til þess að vernda sjó, ár og vötn ætti að banna úrkast og losun tiltekins úrgangs, einkum ef um er að ræða fastan eða sterkan sýruúrgang, og draga jafnt og þétt úr losun annars úrgangs, einkum mildrar sýru og úrgangs sem gerður hefur verið hlutlaus.

Starfandi iðjuverum ber að nota viðeigandi búnað til að meðhöndla úrganginn svo sett markmið náist á tilskildum tíma.

Uppsetning slíks búnaðar getur haft í för með sér tæknileg og fjárhagsleg vandamál. Aðildarríkjunum ætti því að vera gert kleift að fresta beitingu ýmissa ákvæða með því skilyrði að þau geri áætlun um hvernig þau geti best dregið úr mengun og leggi hana fyrir framkvæmdastjórnina. Ef aðildarríki standa frammi fyrir sérstökum erfiðleikum með áætlanir um að stöðva losun ætti framkvæmdastjórnin að geta veitt lengri frest.

Við losun tiltekins úrgangs ættu aðildarríkin að geta stuðst við gæðamarkmið þannig að útkoman sé á allan hátt sambærileg því sem fæst með viðmiðunarmörkum. Sýna skal fram á slíkt samræmi í áætlun sem lögð er fyrir framkvæmdastjórnina.

¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 317, 7.12. 1991, bls. 5.

²⁾ Stjttíð. EB nr. C 94, 13.4. 1992, bls. 158 og Stjttíð. EB nr. C 305, 23.11. 1992.

³⁾ Stjttíð. EB nr. C 98, 21.4. 1992, bls. 9.

⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 201, 14.7. 1989, bls. 56.

⁵⁾ Dómur frá 11. júní 1991, mál C 300/89, framkvæmdastjórnin gegn ráðinu (óbirt).

⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 54, 25.2. 1978, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 83/29/EBE (Stjttíð. EB nr. L 32, 3.2. 1983, bls. 28).

Með fyrirvara um þær skyldur sem lagðar eru á aðildarríkin í tilskipun ráðsins 80/779/EBE frá 15. júlí 1980, um viðmiðunarmörk og leiðbeiningarmörk fyrir loftgæði varðandi brennisteinsdíoxíð og svifryk¹⁾, og tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum²⁾, er rétt að vernda gæði lofts með því að ákveða tiltekna losunarstaðla fyrir losun loftkenndra efna frá titandíoxíðiðnaði.

Til þess að sannprófa að ráðstafanirnar séu framkvæmdar eins og til er ætlast ber aðildarríkjunum að hafa eftirlit með eiginlegri framleiðslu hvers vers um sig.

Fordast ber myndun úrgangs eða endurnota allan úrgang frá titandíoxíðiðnaði þar sem unnt er að koma því við tæknilega og fjárhagslega. Einnig ber að endurnota eða farga slíkum úrgangi án þess að heilsu manna eða umhverfinu stafi hættu af.

Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að halda eða setja strangari ákvæði til verndar umhverfi á því sviði sem þessi tilskipun nær til.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun þessi kveður á um aðferðir við að samhæfa áætlanir um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun frá starfandi iðjuverum, svo sem ætlast er til samkvæmt 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 78/176/EBE, og er ætlað að bæta samkeppnisskilyrði í titandíoxíðiðnaði.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) þar sem súlfataðferðinni er beitt:

- „fastur úrgangur“:
- óuppleysanlegar málmgrýtisleifar sem ekki hafa verið brotnar niður með brennisteinssýru á framleiðslustiginu,
- járn-súlfat bundið vatni, þ.e. kristallað járn-súlfat ($\text{FeSO}_4 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$),
- „sterkur sýruúrgangur“:

- „móðurlútur“ er verður til við síunina sem gerð er eftir sundrun titánýlsúlfatlausnarinnar. Ef þessi móðurlútur blandast veikum sýruúrgangi sem í heild inniheldur meira en 0,5% af óbundinni brennisteinssýru og ýmsa þungmálma³⁾, skal telja lútinn, ásamt með úrganginum, sem sterkan sýruúrgang.

- „úrgangur frá meðhöndlun“:

- síunarsölt, eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun (þéttingu eða hlutleysingu) á sterkum sýruúrgangi, sem inniheldur ýmsa þungmálma en ekki síaðan úrgang eða úrgang sem hefur verið hella um og inniheldur rétt snefil af þungmálmum og sem hefur hærra pH-gildi en 5,5 fyrir þynningu,

- „daufur sýruúrgangur“:

- skolvatn, kælivatn, fjöllíður og önnur eðja eða fljótandi úrgangur, að undanskildum þeim úrgangi sem skilgreindur er hér að ofan og inniheldur 0,5% eða minna af óbundinni brennisteinssýru,

- „hlutlaus úrgangur“:

- allir vökvar sem hafa hærra pH-gildi en 5,5 innihalda rétt snefil af þungmálmum og fást beint með síun eða umhellingu sterks eða veiks sýruúrgangs eftir meðhöndlun sem ætlað er að draga úr sýrumagni og þungmálmainnihaldi,

- „salli“:

- allur salli frá framleiðslustöð og einkum málmgrýtis- og litarefnissalli,

- „SO_x“:

- loftkennt brennisteinsdíoxíð og brennisteinstríoxíð sem losnar úr læðingi á ýmsum stigum framleiðslunnar og við meðhöndlun úrgangs á staðnum, þar með talið sýrudropar,

b) þar sem klóríðaðferðinni er beitt:

- „fastur úrgangur“:

- óuppleysanlegar málmgrýtisleifar sem ekki hafa verið brotnar niður með klór á framleiðslustiginu,

- málmklóríð og málmhýdroxíð (síunarefni) sem verða til í föstu formi við framleiðslu titan-tetraklóríðs,

¹⁾ Stjtið. EB nr. L 229, 30.8. 1980, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 89/427/EBE (Stjtið. EB nr. L 201, 14.7. 1989, bls. 53).

²⁾ Stjtið. EB nr. L 188, 16.7. 1984, bls. 20.

³⁾ Skilgreining þessi gildir einnig um sterkan sýruúrgang sem hefur verið þynntur þar til hann inniheldur 0,5% eða minna af óbundinni brennisteinssýru.

- koxleifar sem verða til við framleiðslu títantetra-klóríðs,
- „sterkur sýruúrgangur“:
- úrgangur sem inniheldur meira en 0,5% af óbundinni saltsýru og ýmsa þungmálma¹⁾,
- „úrgangur frá meðhöndlun“:
- síunarsölt, eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun (þéttingu eða hlutleysingu) á sterkum sýruúrgangi, sem inniheldur ýmsa þungmálma en ekki síaðan úrgang eða úrgang sem hefur verið hellt um og inniheldur rétt snefil af þungmálum og sem hefur hærra pH-gildi en 5,5 fyrir þynningu,
- „daufur sýruúrgangur“:
- skolvatn, kælivatn, fjöllíður og önnur eðja eða fljótandi úrgangur, að undanskildum þeim úrgangi sem skilgreindur er hér að ofan og inniheldur 0,5% eða minna af óbundinni brennisteinssýru,
- „hlutlaus úrgangur“:
- allir vökvar sem hafa hærra pH-gildi en 5,5 innihalda rétt snefil af þungmálum og fást beint með síun eða umhellingu sterks eða veiks sýruúrgangs eftir meðhöndlun sem ætlað er að draga úr sýrumagni og þungmálmainsnihaldi,
- „salli“:
- allur salli frá framleiðslustöðvum, einkum málmgrýtis-, litarefnis- og koxsalli,
- „klór“:
- loftkenndur klór sem leystur er úr læðingi á mismunandi stigum framleiðslunnar,
- c) þar sem súlfataðferðinni eða klóríðaðferðinni er beitt:
- „úrkast“:
- förgun allra efna að yfirlögðu ráði í yfirborðsvatn á landi, strandsjó, innan landhelgi eða á úthöfum, frá skipum eða flugvélum²⁾ sem og botnföstum eða fljótandi pöllum.

2. Hugtökin sem skilgreind eru í tilskipun 78/176/EBE hafa sömu merkingu í þessari tilskipun.

¹⁾ Skilgreining þessi gildir einnig um sterkan sýruúrgang sem hefur verið þynntur þar til hann inniheldur 0,5% eða minna af óbundinni brennisteinssýru.

²⁾ „Skip og flugvélar“ teljast hvers kyns för á sjó og í lofti, þ.m.t. loftþúfafor og fljótandi för, sjálfhúúin för eða ekki og fljótandi og fastir pallar.

3. gr.

Úrkast á öllum föstum úrgangi, sterkum sýruúrgangi, úrgangi frá meðhöndlun, daufum sýruúrgangi, eða hlutlausum úrgangi, samkvæmt skilgreiningum í 2. gr., er bannað frá 15. júní 1993.

4. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að losun úrgangs í yfirborðsvatn á landi, strandsjó, innan landhelgi og á úthöfum verði bönnuð:

a) þegar um er að ræða fastan úrgang, sterkan sýruúrgang og afganga frá meðhöndlun frá starfandi iðjuverum sem beita súlfataðferðinni:

- frá 15. júní 1993 á öllum ofangreindum vatnasvæðum;

b) þegar um er að ræða fastan úrgang og sterkan sýruúrgang frá starfandi iðjuverum sem beita klóríðaðferðinni:

- frá 15. júní 1993 á öllum ofangreindum vatnasvæðum.

5. gr.

Ef aðildarríki á mjög erfitt, tæknilega og fjárhagslega, með að hlíta dagsetningunni sem um getur í 4. gr. getur framkvæmdastjórnin veitt undanþágu, að því tilskildu að hún fái í hendur fyrir 15. júní 1993 áætlun um að dregið verði úr úrkasti og losun þessa úrgangs. Áætlunin verður að leiða til endanlegs banns við slíku úrkasti í síðasta lagi 30. júní 1993.

Í síðasta lagi þremur mánuðum frá samþykkt þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni greint frá slíkum tilvikum og leitað samráðs við hana. Framkvæmdastjórnin upplýsir önnur aðildarríki um þetta.

6. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að dregið verði úr losun úrgangs í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) frá starfandi iðjuverum sem beita súlfataðferðinni:

- dregið skal úr daufum sýruúrgangi og hlutlausum úrgangi á öllum vatnasvæðum fyrir 31. desember 1993 þannig að styrkleikinn verði ekki meiri en 800 kg af heildarsúlfatmagni í tonni af framleiddu títandíoxíði (þ.e. samsvarandi SO₄-jónum í óbundinni brennisteinssýru og málm-súlfötum);

b) frá starfandi iðjuverum sem beita klóríðaðferðinni:

- dregið skal úr daufum sýruúrgangi, úrgangi frá meðhöndlun og hlutlausum úrgangi fyrir 15. júní 1993 á öllum vatnasvæðum þannig að eftirfarandi gildi um heildarklórsmagn í tonni af framleiddu titandíoxíði (þ.e. samsvarandi Cl-jónum í óbundinni saltsýru og málmklóríðum):
 - 130 kg við notkun á náttúrulegu rútlí,
 - 228 kg við notkun á tilbúnu rútlí,
 - 450 kg við notkun á gjalli.

Ef stofnun notar fleiri en eina málmgrýtistegund skulu tölur þessar gilda í hlutfalli við magn þess málmgrýtis sem notað er.

7. gr.

Aðildarríkjnum er heimilt, nema vegna yfirborðsvatns á landi, að lengja frestinn í a-lið 6. gr., en þó eigi lengur en til 31. desember 1994, ef þurfa þykir vegna alvarlegra tækni- og fjárhagsvandamála og svo fremi áætlanir um að draga úr losun slíks úrgangs í reynd séu lagðar fyrir ráðið eigi síðar en 15. júní 1993. Slíkar áætlanir skulu gera það kleift að ná eftirfarandi viðmiðunarmörkum um magn af framleiddu titandíoxíði í hverju tonni fyrir tilgreindar dagsetningar:

- daufur sýruúrgangur og hlutlaus úrgangur: 1.200 kg 15. júní 1993,
- daufur sýruúrgangur og hlutlaus úrgangur: 800 kg 31. desember 1994.

Í síðasta lagi þremur mánuðum frá samþykkt þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni greint frá slíkum tilvikum og leitað samráðs við hana. Framkvæmdastjórnin upplýsir önnur aðildarríki um þetta.

8. gr.

1. Vardandi kröfurnar sem settar eru fram í 6. gr. er aðildarríkjnum heimilt að styðjast við gæðamarkmið sem beitt er þannig að áhrif þeirra á umhverfisvernd og til að koma í veg fyrir röskun samkeppni séu samþæfileg við áhrifin af tilgreindum viðmiðunarmörkum í þessari tilskipun.

2. Kjósi aðildarríki að styðjast við gæðamarkmið skal það leggja fyrir framkvæmdastjórnina áætlun¹⁾ sem

¹⁾ Veita skal slíkar upplýsingar skv. 14. gr. tilskipunar 78/176/EBE eða sérstaklega, krefjast aðstæður þess.

sýnir fram á að með slíkum ráðstöfunum náist hliðstæður árangur í umhverfisverndarmálum eða til að koma í veg fyrir röskun samkeppni og með beitingu viðmiðunarmarka innan þeirra tímamarka sem sett eru fyrir beitingu viðmiðunarmarkanna í samræmi við 6. gr. Áætlunin skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina að minnsta kosti sex mánuðum áður en aðildarríkið hyggst notfæra sér gæðamarkmið.

Framkvæmdastjórnin metur áætlunina í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr. tilskipunar 78/176/EBE.

Framkvæmdastjórnin tilkynnir hinum aðildarríkjnum um þetta.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að dregið verði úr losun út í andrúmsloftið í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) ef starfandi iðjuver beitar súlfataðferðinni:

i) skal vegna salla draga úr losun fyrir 31. desember 1993 þannig að magn verði ekki meira en 50 mg/Nm^{3 2)} frá helstu stöðvum og ekki meira en 150 mg/Nm^{3 3)} frá öllum öðrum stöðvum³⁾;

ii) skal vegna SO_x draga úr losun frá úrvinnslu og glóbrennslu við framleiðslu titandíoxíðs fyrir 1. janúar 1995 þannig að magn verði ekki meira en jafngildir 10 kg af SO₂ í tonni af framleiddu titandíoxíði;

iii) aðildarríkin skulu krefjast þess að búnaður sem hindrar losun sýrudropa verði settur upp;

iv) verksmiðjur þar sem fram fer þétting á sýruúrgangi mega ekki losa meira en nemur 500 mg/Nm³ SO_x reiknað sem SO₂-jafngildi⁴⁾;

v) verksmiðjur þar sem brennd eru sölt sem myndast við meðhöndlun úrgangs skulu búnar þeim bestu tækjum sem völ er á, án þess að því fylgi óhóflegur kostnaður, til að draga úr SO_x-útblastri;

b) ef starfandi iðjuver beitar klóríðaðferðinni:

i) skal vegna salla draga úr losun fyrir 15. júní 1993 þannig að magn verði ekki meira en 50

²⁾ Rúmmetri við 273 K hita og 101,3 KPa þrýsting.

³⁾ Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar minni háttar stöðvar sem ekki eru teknar með í mælingum þeirra.

⁴⁾ Framkvæmdastjórnin kann að samþykkja önnur gildi fyrir ný samþjöppunarferli ef aðildarríkjnum tekst að sýna fram á að aðferðir til að ná þessum staðli séu ekki til.

mg/Nm³ ¹⁾ frá helstu stöðvum og ekki meira en 150 mg/Nm³ ²⁾ frá öllum öðrum stöðvum ²⁾;

- ii) skal vegna klórs draga úr losun fyrir 15. júní 1993 þannig að daglegur meðalstyrkur sé ekki yfir 5 mg/Nm³ ³⁾ og ekki yfir 40 mg/Nm³ að jafnaði.

2. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á tilskipun 80/779/EBE.

3. Aðferðinni við eftirlit með viðmiðunarmælingum á losun SO_x út í andrúmsloftið er lýst í viðauka.

10. gr.

Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með tilgreindum gildum og samdrætti í 6., 8. og 9. gr. í tengslum við eiginlega framleiðslu hvers einstaks iðjuvers.

11. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja eftirfarandi atriði varðandi allan úrgang frá titandíoxíðiðnaði og einkum þann úrgang sem bannað er að losa eða kasta í vatn og losa út í andrúmsloftið:

- komið sé í veg fyrir úrgang og hann endurnotaður þar sem slíkt er tæknilega og fjárhagslega kleift,
- úrgangur sé endurnotaður eða honum fargað án

þess að stofna heilsu manna í hættu eða spilla umhverfinu.

Hið sama gildir einnig um úrgang frá endurnotkun eða meðhöndlun áður nefnds úrgangs.

12. gr.

1. Aðildarríki sem hafa ekki enn gert nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun skulu gera það eigi síðar en 15. júní 1993. Þau skulu án tafar greina framkvæmdastjórninni frá innlendum ákvæðum sem þau hafa samþykkt til að fara að þessari tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði landslaga sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

M. HOWARD,

forseti.

VIÐAUKI

Aðferð við eftirlit með viðmiðunarmælingum á loftkenndu SO_x-losi.

Þegar reiknað er magn SO₂ og SO₃ og sýrudropa, sem ákveðnar verksmiðjur losa frá sér, skal hafa í huga rúmmál þess lofts sem losað er við það ferli sem sérstaklega er verið að rannsaka og einnig meðalinnihald SO₂=SO₃ sem mælt er á sama tíma. Ákvarða verður hraðann á flæði SO₂=SO₃ og innihald þessara efna við sama hita- og rakastig.

¹⁾ Rúmmetri við 273 K hita og 101,3 KPa þrýsting.

²⁾ Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar minni háttar stöðvar sem ekki eru teknar með í mælingum þeirra.

³⁾ Talið er að þessi gildi samsvari ekki meira en 6 grömmum í tonni af því titandíoxíði sem framleitt er.

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun vatns.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á vatni og að flokkun vatns lúti tilteknum reglum, sbr. ákvæði reglugerðarinnar.

1.2 Enn fremur er það markmið að stuðla að almennri verndun vatns.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um varnir gegn mengun vatns, flokkun vatns, gæðamarkmið og umhverfismörk fyrir vatn. Einnig gildir hún um losunarmörk vegna losunar ýmissa hættulegra og óæskilegra efna og efnasambanda í vatn. Reglugerðin tekur til hvers konar atvinnurekstrar hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin tekur til athafna einstaklinga eftir því sem við á.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fánalega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fánalegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Eftirlit* er athugun á ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

3.4 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.5 *Ferskvatn* (ósalt vatn) er vatn sem kemur fyrir á náttúrulegan hátt, hefur lítinn saltstyrk og er yfirleitt nýtanlegt til töku og vinnslu sem neysluvatn.

3.6 *Flokkun vatns* er kerfisbundin flokkun vatns, m.t.t. mengunar og annarra þátta sem skipta máli fyrir ástand þess. Markmið flokkunar er að segja til um ástand vatns og miðast við tilteknar forsendur.

3.7 *Grunnvatn* er vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

3.8 *Gæðamarkmið* eru mörk tiltekinna mengunar í umhverfi (lofti, vatni, jarðvegi, seti eða lífverum) og/eða lýsing á ástandi sem ákveðið er að gildi fyrir svæði í því skyni að draga enn frekar úr áhrifum mengunar, umfram umhverfismörk, og til að styðja tiltekna notkun og/eða viðhalda tiltekinni notkun umhverfisins til lengri tíma.

3.9 *Losun* er þegar efnur og efnasamböndum er veitt í fráveitur og viðtaka. Bein losun er losun efna í vatn, oftast frá stakri uppsprettu, án þess að þau síst í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn.

Óbein losun er þegar efni eða gerlar berast frá dreifðum uppsprettum, eða er hætt við að geti borist, í vatn eftir síun í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn.

3.10 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

3.11 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.12 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.13 *Mæling á umhverfisgæðum* er mæling og skráning á tilteknum þáttum í umhverfinu, óháð einstökum atvinnurekstri og starfsleyfum, venjulega framkvæmd í stuttan tíma.

3.14 *Strandsjór* er sjór sem nær frá fjörumörkum og ferskvatnsmörkum í vatnsföllum að mengunarlögsögu.

3.15 *Umhverfismörk* eru mörk sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess.

3.16 *Úttektarrannsókn* er viðamikil rannsókn eða mæling til að kanna breytileika þátta yfir tiltekið tímabil, venjulega bundin við stærra svæði, svo sem landsvæði, þéttbýli eða hluta af þéttbýli, eða rannsókn á yfirgripsmiklum þáttum mengunar, svo sem frá farartækjum, eða rannsókn á mengun er berst frá öðrum löndum.

3.17 *Vatn* er grunnvatn og yfirborðsvatn.

3.18 *Vatnasvið* eru aðrennslissvæði straumvatna, stöðuvatna, grunnvatnsstrauma eða vatnsbóla.

3.19 *Viðkvæm vatnasvæði* eru vatnasvæði sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna mengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða eða svæði hafa orðið fyrir áhrifum vegna mengunar og svæði sem hafa verið flokkuð samkvæmt 3. og 4. mgr. 10. gr.

3.20 *Viðtaki* er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

3.21 *Vöktun* merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

3.22 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

3.23 *Þynningarsvæði* er sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI
Meginreglur.
Verndun vatns.

5. gr.

5.1 Mengun vatns er óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efni á listum I og II í viðauka með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, viðaukum með henni og starfsleyfa.

5.2 Aðilum í atvinnurekstri sem hafa undir höndum, meðhöndla eða nota efni sem getið er á lista I og II í viðauka með reglugerð þessari eða eru á lista I og II í viðauka með reglugerð um grunnvatn, ber einnig að fara eftir skilyrðum sem Hollustuvernd ríkisins setur um rannsóknir og mat á áhrifum losunar og miða að því að draga úr mengun af völdum þessara efna í vatni.

5.3 Sérstakar reglur gilda um losun í grunnvatn, sbr. reglugerð þar að lútandi.

Efni á lista I.

6. gr.

6.1 Losun efna í vatn sem talin eru upp á lista I í viðauka með reglugerðinni er óheimil nema í samræmi við ákvæði hennar og starfsleyfa.

Efni á lista II.

7. gr.

7.1 Með aðgerðum skal draga úr losun annarra efna, sbr. lista II í viðauka með reglugerðinni.

7.2 Öll losun úrgangs í vatn, hvort sem um er að ræða beina eða óbeina losun, sem kann að innihalda þau efni sem eru á lista II er háð starfsleyfi. Í þeim skulu vera losunarmörk sem byggjast á þeim markmiðum sem stefnt er að, sbr. ákvæði 12. gr.

IV. KAFLI
Flokkun vatns o.fl.
Skylda sveitarstjórna.

8. gr.

8.1 Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr.

8.2 Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu. Á skipulagsuppdrætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið, sbr. 1. mgr. Við deiliskipulagsgerð skal gera skýringaruppdrátt sem sýnir ástand vatns, sbr. 9. gr.

8.3 Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns. Jafnframt skal grípa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun, sbr. 1. mgr. 9. gr. gerir ráð fyrir.

Flokkar vatns.

9. gr.

9.1 Flokkun vatns skal vera sem hér segir:

Flokkur	Ástand	Litamerking á skýringaruppdráttum
Flokkur A	Ósnortið vatn	Blátt
Flokkur B	Lítið snortið vatn	Grænt
Flokkur C	Nokkuð snortið vatn	Gult
Flokkur D	Verulega snortið vatn	Appelsínugult
Flokkur E	Ófullnægjandi vatn	Rautt

Forsendur flokkunar.

10. gr.

10.1 Flokkun vatns skal byggjast á eftirfarandi forsendum:

- engar eða litlar vísbendingar eru um áhrif frá mannlegri starfsemi á lífríki eða á efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess. Lífríki og efna- og eðlisfræðilegar breytur eru í samræmi við náttúrulegt ástand eða skilgreind bakgrunnsgildi.
- lítill og ekki skaðleg áhrif eru greinanleg á lífríki og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess vegna mannlegrar starfsemi. Efna- og eðlisfræðilegar breytur víkja lítilla frá skilgreindu bakgrunnsgildi, sbr. umhverfismörk í fylgiskjali með reglugerðinni.
- marktæk áhrif eru á lífríki og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess vegna mannlegrar starfsemi. Lífríki víkur nokkuð frá þeirri gerð sem við mætti búast ef umhverfi væri óraskað. Efna- og eðlisfræðilegar breytur víkja nokkuð frá skilgreindu bakgrunnsgildi, sbr. umhverfismörk í fylgiskjali með reglugerðinni.
- veruleg og skaðleg áhrif á líffræðileg samfélög og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þeirra vegna mannlegrar starfsemi. Efna- og eðlisfræðilegar breytur víkja verulega frá skilgreindu bakgrunnsgildi, sbr. umhverfismörk í fylgiskjali með reglugerðinni.
- ófullnægjandi ástand vatns utan þynningarsvæða fyrir losun efna frá mengandi starfsemi.

10.2 Meta má náttúrulegt ástand vatns út frá upprunalegri efna- og eðlis- eða vistfræðilegu ástandi þess eða annarra sambærilegra vatna.

10.3 Leiði eftirlit eða mælingar á umhverfisgæðum í ljós að ástand vatns fari hrakandi vegna mannlegrar starfsemi og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk, sbr. 9. gr., skal skilgreina svæðið sem viðkvæmt vatnasvæði.

10.4 Leiði mælingar á umhverfisgæðum í ljós að efni, af náttúrulegum orsökum, séu í eða yfir þeim styrk þar sem áhrifa er að vænta á viðkvæmt lífríki hefur það ekki áhrif á flokkun í flokka A eða B. Hins vegar skal skilgreina viðkomandi vatn sem viðkvæmt fyrir losun þessara tilteknu efna.

Viðhald náttúrulegs ástands vatns.

11. gr.

11.1 Aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ná megi markmiðum um að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns, sbr. 3. mgr. 8. gr. eru:

- kortlagning viðkvæmra svæða og mengaðra svæða,
- kortlagning svæða sem skulu njóta sérstakrar verndar vegna sérstöðu eða nytja af ýmsu tagi, svo og vegna lífríkis, jarðmyndana eða útivistar,

3. að gera aðgerðaáætlanir fyrir vernduð og viðkvæm svæði og m.a. með því að framfylgja starfsreglum um góða búskaparhætti og góða starfshætti við aðra starfsemi, svo og með almennum takmörkunum í skipulagsáætlunum,
4. með því að beita frekari hreinsun skólps og frekari hreinsun við aðra losun í vatn.

V. KAFLI

Leyfisveitingar.

Starfsleyfi.

12. gr.

12.1 Öll losun mengandi efna og skólps í vatn er óheimil án starfsleyfis. Í starfsleyfum skal þess krafist að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir, m.a. með því að beita bestu fánlegri tækni, til að koma í veg fyrir vatnsmengun. Jafnframt skal leitast við að nota þau efni sem skaða umhverfið sem minnst.

12.2 Í starfsleyfi skal setja losunarmörk um leyfilegan hámarksstyrk mengandi efna í fráveituvatni og/eða leyfilegt hámarksmagn yfir tilgreind tímabil eða á framleiðslueiningu.

12.3 Í starfsleyfum fyrirtækja sem losa mengandi efni í vatn sem talin eru upp í viðauka skulu losunarmörk vera í samræmi við það sem segir í A-lið í II. viðauka ef þau liggja fyrir. Gæta skal að reglugerðum sem gilda um tiltekinn atvinnurekstur sem losar efni í vatn og losunarmörk fyrir þau. Jafnframt skal miða við flokkun í 9. gr.

12.4 Undir eðlilegum kringumstæðum gilda losunarmörkin á þeim stað þar sem fráveituvatn sem inniheldur efnin er losað frá atvinnurekstrinum. Þó er heimilt í þeim tilvikum þar sem fráveituvatn er meðhöndlað í hreinsivirki á öðrum stað en við atvinnureksturinn að láta losunarmörkin gilda þar.

12.5 Tilvísunaraðferðir við greiningu tiltekinna efna í tengslum við tiltekinn atvinnurekstur eru í C-lið í II. viðauka. Heimilt er að nota aðrar aðferðir svo fremi að greiningarmörk, nákvæmni og hittni slíkra aðferða sé ekki lakari en í C-lið II. viðauka.

12.6 Í undantekningartilvikum er heimilt í stað ákvæða um losunarmörk að setja í starfsleyfi ákvæði um umhverfismörk eða gæðamarkmið í samræmi við ákvæði í B-liðum viðauka I og II og samkvæmt skilyrðum sem Hollustuvernd ríkisins setur.

Þynningarsvæði.

13. gr.

13.1 Þegar stærð þynningarsvæðis er ákvörðuð skal taka mið af landfræðilegum aðstæðum og hæfni viðtaka til þess að þynna mengun.

13.2 Gæta skal að því að vistkerfi eða flokkun viðtakans í heild raskist ekki þegar þynningarsvæðið er ákvarðað.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Áætlanir.

14. gr.

14.1 Með það að markmiði að draga úr mengun vatns af völdum efna á lista II í viðauka skulu heilbrigðisnefndir, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, gera tímasettar áætlanir þar að lútandi sem fela í sér tiltekin ákvæði um verndun vatns.

Vatnsrannsóknir.

15. gr.

15.1 Hollustuvernd ríkisins skipuleggur, hefur umsjón með og sér um að framkvæmd sé vöktun og úttektarrannsóknir á vatnsmengun, þar með töldum grunnvatnsrannsóknum.

Yfirlitsskýrsla.

16. gr.

16.1 Hollustuvernd ríkisins gefur á fjögurra ára fresti út yfirlitsskýrslu um stöðu og ástand mála hvað ástand vatns varðar, þ.m.t. næringarefnaauðgun í ferskvatni, árósum og strandsjó. Skýrslur þessar skulu vera samræmdar og m.a. byggðar á spurningareyðublöðum sem notuð eru á EES-svæðinu.

Handbók.

17. gr.

17.1 Hollustuvernd ríkisins skal gefa út handbók fyrir sveitarfélög um aðgerðaráætlanir og flokkun vatns, sbr. ákvæði þessarar reglugerðar og aðrar reglugerðir er varða vatn.

VII. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.*Aðgangur að upplýsingum.*

18. gr.

18.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

19. gr.

19.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

20. gr.

20.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

21. gr.

21.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

21.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VIII. KAFLI
Lagastoð, gildistaka o.fl.

22. gr.

22.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustu-hætti og mengunarvarnir, og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

22.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 4, 12 og 2a og 13b XX. viðauka EES-samningsins, (tilskipun ráðsins 76/464/EBE og tilskipun ráðsins 86/280/EBE, sbr. 88/347/EBE og 90/415/EBE, tilskipun 91/692/EBE og ákvörðun 92/446/EBE, sbr. 95/337/EB).

22.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Flokkun vatns í samræmi við 8. gr., sbr. 9. og 10. gr. reglugerðarinnar, skal vera lokið innan 4 ára frá gildistöku reglugerðarinnar. Þar til skal miða við gildandi flokkun.

Umhverfissráðuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal

Umhverfismörk fyrir ástand vatns.

Beita má sömu litum við litamerkingu við kortlagningu á styrk einstakra efna eftir umhverfismörkum (I - V) og notaðir eru fyrir flokkun vatns (A - E, sbr. gr. 9.1).

Umhverfismörk skulu falla innan tiltekinna bila í a.m.k. 90% tilfella nema að annað sé tiltekið.

A. Umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni vegna útivistar.

Saurmengun:

Umhverfismörk I: Mjög lítil eða engin saurmengun.

Umhverfismörk II: Lítil saurmengun.

Umhverfismörk III: Nokkur saurmengun.

Umhverfismörk IV: Mikil saurmengun.

Umhverfismörk V: Ófullnægjandi ástand vatns/þynningarsvæði.

Umhverfismörk Tegund/fjöldi per 100 ml	I	II	III	IV	V
Saurkólígerlar eða saurkokkar	<14*	14-100	100-200	200-1000	>1000

*Saurgerlar mega í 10% tilvika fara upp í 43/100 ml

B. Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki.

Málmar í vatni:

Umhverfismörk I: Mjög lítil eða engin hætta á áhrifum.

Umhverfismörk II: Lítil hætta á áhrifum.

Umhverfismörk III: Áhrifa að vænta á viðkvæmt lífríki.

Umhverfismörk IV: Áhrifa að vænta.

Umhverfismörk V: Ávallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki/þynningarsvæði.

Umhverfismörk Málmar/ styrkur: µg/l	I	II	III	IV	V
Kopar	≤0,5	0,5-3	3-9	9-45	>45
Zink	≤5	5-20	20-60	60-300	>300
Kadmíum	≤0,01	0,01-0,1	0,1-0,3	0,3-1,5	>1,5
Blý	≤0,2	0,2-1	1-3	3-15	>15
Króm	≤0,3	0,3-5	5-15	15-75	>75
Nikkel	≤0,7	0,7-15	15-45	45-225	>225
Arsenik	≤0,4	0,4-5	5-15	15-75	>75

Umhverfismörk fyrir málma í sjávarseti hér við land.

Byggt á niðurstöðum um 55 til 70 mælinga á seti.

Umhverfismörk I: Mjög lág gildi (25% mældra gilda innan þessara marka).

Umhverfismörk II: Lág gildi (75% mældra gilda innan þessara marka og lægri).

Umhverfismörk III: Efri mörk náttúrulegra gilda (meira en 95% umhverfsgilda innan þessara marka og lægri). Mörkin svara til 5 sinnum miðgildis umhverfsgilda.

Umhverfismörk IV: Há gildi (25 sinnum miðgildi umhverfsgilda).

Umhverfismörk V: Mjög há gildi (50 sinnum miðgildi umhverfsgilda).

Umhverfismörk Málmar/styrkur í mg/kg þurrefnis	I	II	III	IV	V
Cu	≤40	40-70	70-250	260-1300	>1300
Zn	≤60	60-110	110-340	340-1700	>1700
Cd	≤0,11	0,11-0,3	0,3-1	1-4,5	>4,5
Pb	≤6	6-15	15-50	50-230	>230
Hg	≤0,02	0,02-0,1	0,1-2	2-8	>8
Cr	≤100	100-150	150-500	500-2500	>2500
Ni	≤22	22-40	40-125	125-650	>650
As	≤8	8-18	18-55	55-270	>270

C. Umhverfismörk fyrir næringarefni og lífræn efni í vatni til verndar lífríki.

Næringarefni/lífræn efni í stöðuvötnum:

Umhverfismörk I Næringarfátækt (oligotrophy).

Umhverfismörk II Lágt næringarefnagildi (oligo-/mesotrophy).

Umhverfismörk III Næringarefnaríkt (meso-/eutrophy).

Umhverfismörk IV Næringarefnaauðugt.

Umhverfismörk V Ofauðugt (hypertrophy).

Umhverfismörk Efni/magn	I	II	III	IV	V
Heildarfosfór (mg P/l)					
Grunn vötn:	<0,02	0,02-0,04	0,04-0,09	0,09-0,15	>0,15
Djúp vötn:	<0,01	0,01-0,03	0,03-0,05	0,05-0,1	>0,1
Heildar- köfnunarefni (mg N/l)	<0,3	0,3-0,75	0,75-1,5	1,5-2,5	>2,5
Bláðgræna a (µg/l)					
Grunn vötn:	<8	8-15	15-30	30-45	>45
Djúp vötn	<2	2-5	5-10	10-25	>25

COD, BOD, TOC og ammóníak, sjá fyrir ár.

Næringarefni/lífræn efni í ám:

Umhverfismörk I	Næringarfátækt (oligotrophy).
Umhverfismörk II	Lágt næringarefnagildi (oligo-/mesotrophy).
Umhverfismörk III	Næringarefnaríkt (meso-/eutrophy).
Umhverfismörk IV	Næringarefnaauðugt (eutrophy).
Umhverfismörk V	Ofauðugt (hypertrophy).

Umhverfismörk Efni/magn	I	II	III	IV	V
BOD	<1,5	1,5-3	3-6	6-10	>10
COD	<3	3-10	10-20	20-30	>30
TOC	<1,5	1,5-3	3-6	6-10	>10
mg O ₂ /l					
Ammóníak NH ₃ mg/l	<0,01	<0,025	<0,10	<0,25	>0,25
Uppl. fosfat PO ₄ -P mg/l	<0,01	<0,02	<0,05	<0,10	>0,10
Heildarfosfór mg P/l	<0,02	<0,04	<0,09	<0,15	>0,15
Heildarköfnunarefni mg N/l	<0,3	0,3-0,75	0,75-1,5	>1,5	>2,5

VIÐAUKI

Varnir gegn vatnsmengun.

Listar yfir flokka efna og efnasambanda.

LISTI I

Á lista I eru efni sem tilheyra eftirfarandi efnaflokkum og hafa einkum verið valin á grundvelli eiturvirkni þeirra, þrávirkni og uppsöfnunar í lífverum, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í efni sem eru líffræðilega óskaðleg:

1. Lífræn halógensambönd og efni sem geta myndað slík sambönd í vatni.
2. Lífræn fosfórsambönd.
3. Lífræn tinsambönd.
4. Efni í vatni sem sannað hefur verið að geti valdið krabbameini eða fyrir milligöngu þess¹⁾.
5. Kvikasilfur og sambönd þess.
6. Kadmíum og sambönd þess.

1) Í þeim tilvikum sem tiltekin efni á lista II eru krabbameinsvaldandi teljast þau til 4. flokks lista I.

7. Þrávirkar jarðolíur og kolvetni af jarðolíuuppruna.
8. Þrávirk gerviefni sem geta flotið, marað í kafi eða sokkið og kunna að raska hvers kyns notkun vatns.

LISTI II

Á lista II eru:

- a. efni sem tilheyrja efnaflokkum sem eru á lista I, þar sem losunarmörk, sbr. 12. gr., hafa ekki verið ákvörðuð,
- b. tiltekin efni og hópar efna sem tilheyrja þeim efnaflokkum sem eru taldir upp í listanum hér að neðan, og hafa hættuleg áhrif á umhverfi vatnsins, sem kunna þó að vera svæðisbundin og háð einkennum og staðsetningu þess vatns sem þau eru losuð í.

Efnaflokkar sem um getur í II b:

1. Eftirfarandi málmleysingjar og málmar og sambönd þeirra.

1. sink	6. selen	11. tin	16. vanadíum
2. kopar	7. arsen	12. baríum	17. kóbalt
3. nikkell	8. antímon	13. beryllíum	18. þallíum
4. króm	9. mólýbden	14. bór	19. tellúr
5. blý	10. títan	15. úran	20. silfur

2. Ósérhæfð drepanði efni og afleiður þeirra sem eru ekki á lista I.
3. Efni sem hafa skaðleg áhrif á bragð og/eða lykt af vörum sem eru upprunnar í vatninu og nýttar eru til manneldis, og sambönd sem hætt er við að stuðli að myndun slíkra efna í vatni.
4. Eitruð, þrávirk og lífræn kísilsambönd eða efni sem geta stuðlað að myndun slíkra sambanda í vatni, að undanskildum þeim sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í skaðlaus efni í vatni.
5. Ólífræn fosfórsambönd eða frumefnið fosfór.
6. Óþrávirkar jarðolíur og kolvetni úr jarðolíu.
7. Blásýrusambönd, flúorsambönd.
8. Efni sem hafa skaðleg áhrif á súrefnisjafnvægi, einkum þó: ammóníak og nítrítsambönd.

I. VIÐAUKI

Losunarmörk og gæðamarkmið vegna losunar efna á listum I og II í viðauka. Almenn ákvæði.

Viðauka þessum er skipt í þrjá liði þar sem sett eru fram almenn ákvæði er gilda um öll efni sem viðaukinn fjallar um:

- A: losunarmörk,
- B: gæðamarkmið og umhverfismörk,
- C: tilvísunaraðferð við mælingu.

Nánar er greint frá almennu ákvæðunum og þau aukin í II. viðauka með sérákvæðum um tiltekin efni.

A-LIÐUR

Losunarmörk, frestur til að virða þau ásamt tilhögun eftirlits með losun.

1. Í II. viðauka í A-lið eru sett fram losunarmörk og frestur til að virða þau með tilliti til hinna ýmsu tegunda iðjuvera sem hlut eiga að máli.
2. Fyrir efni sem ekki eru losunarmörk fyrir í reglugerð þessari skal setja sérstök losunarmörk í starfsleyfi. Þau mörk skulu miðast við að beitt sé bestu fánlegu tækni.
3. Í starfsleyfum skal kveða á um hvernig taka ber sýni, greina þau og mæla frárennsli og magn efna sem unnið er með eða, ef nauðsyn krefur, mæla færibreyturnar sem eru einkennandi fyrir starfsemi, sbr. lista í A-lið II. viðauka.
4. Tekið skal sýni sem er dæmigert fyrir frárennsli á einum sólarhring. Reikna verður út magn efna sem losað er á einum mánuði á grundvelli daglegs magns efna sem losuð eru.

B-LIÐUR

Gæðamarkmið og umhverfismörk, frestur til að fylgja þeim og tilhögun eftirlits með því að þeim sé fylgt.

1. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir mengun eru gæðamarkmið og umhverfismörk og frestir til að fylgja þeim sett fram í B-lið II. viðauka.
2. Nema annað sé tekið fram í B-lið II. viðauka vísa allar tölur um styrk, sem tilgreindar eru sem umhverfismörk, til reiknaðs meðaltals þeirra niðurstaðna sem fást á einu ári.
3. Ef fleiri en eitt gæðamarkmið gilda fyrir vatn á tilteknu svæði skal ástand vatnsins vera þannig að öllum þessum markmiðum sé fylgt.
4. Í starfsleyfi skal setja sérstök ákvæði um tilhögun eftirlits og fresti til að tryggja að viðeigandi gæðamarkmiðum og umhverfismörkum sé fylgt.
5. Sýni skulu tekin á stað sem er nægilega nálægt losunarstað til að gefa góða mynd af ástandi vatnsins á því svæði þar sem áhrifa losunarinnar gætir, og þau skulu tekin nægilega oft til að hægt sé að greina sérhverja breytingu á vatninu, einkum að teknu tilliti til náttúrlegra sveiflna í vatnasviðinu.

C-LIÐUR

Tilvísunaraðferðir við mælingar og greiningarmörk.

1. Tilvísunaraðferðirnar sem notaðar eru til að ákvarða styrk efnanna sem um er að ræða og greiningarmörkin fyrir viðkomandi umhverfi eru sett fram í C-lið II. viðauka.
2. Mæla verður rennsli með nákvæmninni $\pm 20\%$.

II. VIÐAUKI

Sérákvæði.

- I. Varðandi koltetraklóríð.
- II. Varðandi DDT.
- III. Varðandi pentaklórfenól.
- IV. Varðandi aldrín, díeldrín, endrín og ísódrín.
- V. Varðandi hexaklórbensen.
- VI. Varðandi hexaklórbútadíen.
- VII. Varðandi klóróform.
- VIII. Varðandi 1,2-díklóretan (EDC).
- IX. Varðandi tríklóretýlen (TRI).
- X. Varðandi perklóretýlen (PER).
- XI. Varðandi tríklórbensen (TCB).

Númerin sem gefin eru upp í sviga á eftir nafni efnanna hér á eftir svara til EBE-númera (frá 22. júní 1982).

I. Sérákvæði um koltetraklóríð (nr. 13)¹⁾

CAS-númer 56-23-5(2)

- ¹⁾ Athuga ber 12. gr. reglugerðar þessarar vegna notkunar koltetraklóríðs í þvottahúsum sem rekin eru í atvinnuskyni.

A-liður (13): Losunarmörk.

Tegund iðjuvers ^{1) 2)}	Tegund meðaltalsgildis	Losunarmörk tilgreind sem ³⁾	
		þyngd	styrkur
1. Framleiðsla koltetraklóríðs með perklórún	Mánaðarlegt	a) aðferð með þvotti: 40 g CCl ₄ fyrir hvert tonn af heildarframleiðslugetu CCl ₄ og perklórétýlen	1,5 mg/l
	Daglegt	b) aðferð án þvotts: 2,5 g/tonn a) aðferð með þvotti: 80 g/tonn b) aðferð án þvotts: 5 g/tonn	1,5 mg/l 3 mg/l 3 mg/l
2. Framleiðsla klórmetans með metan-klórún (þar með talin framleiðsla klórs til rafgreiningar með háþrýsting) og úr metanóli	Mánaðarlegt	10 g CCl ₄ fyrir hvert tonn af heildarframleiðslugetu klórmetans	1,5 mg/l
	Daglegt	20 g/tonn	3 mg/l
Framleiðsla klórflúrkarbóna ⁴⁾	Mánaðarlegt	–	–
	Daglegt	–	–

- 1) Meðal þeirra iðnfyrirtækja sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem nota koltetraklóríð sem leysiefni.
- 2) Taka má upp einfalda tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 30 kg.
- 3) Í ljósi þess hve rokgyjart koltetraklóríð er og til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar skal þegar aðferð sem felur í sér mikla hreyfingu frárennslis, sem inniheldur koltetraklóríð, úti undir beru lofti, krefjast þess að losunarmörkin séu virt að því er varðar vatnið ofan við iðjuverið sem um er að ræða; þau skulu tryggja að allt vatn sem kann að vera mengað sé tekið gaumgæfilega til athugunar.
- 4) Á þessari stundu er ekki gerlegt að setja losunarmörk á þessu sviði.

B-liður (13): Umhverfismörk¹⁾

Umhverfi	Umhverfismörk	Mælieining
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	12	µg/l CCl ₄

- 1) Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef engin vandkvæði eru því fylgjandi að fylgja umhverfismörkum sem sett eru hér að ofan og fullnægja þeim framvegis.

C-liður (13): Tilvísunaraðferð við mælingar

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða innihald koltetraklórs í frárennslis og vatni er greining í gasgreini.

Nauðsynlegt er að nota næman skynjara ef styrkurinn er undir 0,5 mg/l og greiningarmörkin¹⁾ eru 0,1 µg/l. Ef styrkurinn fer yfir 0,5 mg/l er viðunandi að greiningarmörkin¹⁾ séu 0,1 mg/l.

2. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera $\pm 50\%$ við styrk sem er tvöfalt gildi greiningarmarkanna¹⁾.

1) Með „greiningarmörkum“ xg af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákværða í sýni með tiltekinni aðferð og unnt er að greina frá núlli.

II. Sérákvæði um DDT (nr. 46)^{1) 2)}

CAS-númer 50-29-3(3)

GÆÐAMARKMIÐ: Styrkur DDT í vatni, seti og/eða skelfiski og/eða lindýrum og/eða fiski má ekki aukast að marki með tímanum.

- 1) Summa myndbrigðanna 1,1,1-tríklór-2,2 bis (p-klórfeñyl) etan;
1,1,1-tríklór-2 (o-klórfeñyl) -2- (p-klórfeñyl) etan;
1,1,1-díklór-2,2 bis (p-klórfeñyl) etýlen; og
1,1,1-díklór-2,2 bis (p-klórfeñyl) etan.
- 2) Ákvæði 5. gr. gilda um DDT ef í ljós kemur að upptök mengunar eru önnur en þau sem getið er um í viðauka þessum.
- 3) CAS-númer (Chemical Abstract Service).

A-liður (46): Losunarmörk¹⁾

Tegund iðjuvers ^{3) 4)}	Tegund meðaltals-gildis	Losunarmörk tilgreind sem	
		g/tonn af framleiddum, meðhöndluðum eða notuðum efnum	mg/l af vatni sem losað er
Framleiðsla DDT-efnis, þar með talin blöndun DDT á sama svæði	Mánaðarlegt	4	0,2
	Daglegt	8	0,4

- 1) Þegar ný iðjuver eiga í hlut hefur notkun bestu fánlegu tækni í för með sér að nú þegar er kleift að setja losunarmörk fyrir DDT sem eru lægri en 1 g/tonn í framleiddu efni.
- 3) Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem blanda DDT fyrir utan framleiðslusvæði sitt og atvinnugreina sem framleiða díkófól.
- 4) Beita má einfaldaðri aðferð við eftirlit ef magn losaðra efna er undir 1 kg á ári.

1) Með „greiningarmörkum“ xg af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákværða í sýni með tiltekinni aðferð og unnt er að greina frá núlli.

B-liður (46): Umhverfismörk.

Umhverfi	Umhverfismörk	Mælieining
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	10 fyrir myndbrigðið para-para-DDT 25 fyrir heildarmagn DDT	} µg/l

C-liður (46): Tilvísunar aðferð við mælingar.

1. Tilvísunar aðferð sú sem beita á til að ákvarða DDT í frárennsli og vatni er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni. Greiningarmörk¹⁾ fyrir heildarmagn DDT í vatni er um það bil 4 µg/l og 1 µg/l í frárennsli en það fer eftir magni framandi efna í sýninu.

2. Tilvísunar aðferð sú sem beita á til að ákvarða DDT í seti og lífverum er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir viðeigandi meðferð sýna. Greiningarmörkin¹⁾ eru 1 µg/kg.

3. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera $\pm 50\%$ við styrk sem er tvöfalt gildi greiningarmarkanna¹⁾

¹⁾ Með „greiningarmörkum“ x g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákværða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

III. Sérákvæði um pentaklórfenól (nr. 102)^{1) 2)}

CAS-númer 87-86-5³⁾

GÆÐAMARKMIÐ: Styrkur PCP í seti og/eða lindýrum og/eða skelfiski og/eða fiski má ekki aukast að marki með tímanum.

¹⁾ Efnasambandið 2,3,4,5,6-pentaklór-1-hýdroxýbensen og sölt þess.

²⁾ Ákvæði 12. gr. gilda um pentaklórfenól, einkum ef það er notað til að meðhöndla við.

³⁾ CAS-númer (Chemical Abstract Service).

A-liður (102): Losunarmörk.

Tegund iðjuvers ^{1) 2)}	Tegund meðaltals-gildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem	
		g/tonn framleiðslugeta/nýtni	mg/l af vatni sem losað er
Framleiðsla natríum pentaklórfenólats með vatnsrofi hexaklórbensens	Mánaðarlegt	25	1
	Daglegt	50	2

¹⁾ Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem framleiða natríumpentaklórfenólát með sápu myndun og iðjuvera sem framleiða pentaklórfenól með klórur.

²⁾ Beita má einfaldaðri aðferð við eftirlit ef magn losaðra efna er undir 3 kg á ári.

B-liður (102): Umhverfismörk.

Umhverfi	Gæðamarkmið	Mælieining	
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	}	2	μg/l

C-liður (102): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða pentaklórfenól í frárennsli og vatni er vökvagreining á súlu með háþrýstingi eða greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni. Greiningarmörkin¹⁾ eru 2 μg/l fyrir frárennsli og 0,1 μg/l fyrir vatn.

2. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða pentaklórfenól í seti og lífverum er vökvagreining á súlu með háþrýstingi eða greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir viðeigandi meðferð sýna. Greiningarmörkin¹⁾ eru 1 μg/g.

3. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera $\pm 50\%$ við styrk sem er tvöfalt gildi greiningarmarkanna¹⁾

¹⁾ Með „greiningarmörkum“ x g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákværða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

IV. Sérákvæði um:

- aldrín (nr. 1) ¹⁾ CAS-nr. 309-00-2
- díeldrín (nr. 71) ²⁾ CAS-nr. 60-57-1
- endrín (nr. 77) ³⁾ CAS-nr. 72-20-8
- ísódrín (nr. 130) ⁴⁾ CAS-nr. 465-73-6

- ¹⁾ Aldrín er efnasambandið $C_{12}H_8Cl_6$
1, 2, 3, 4, 10, 10-hexaklór-1, 4, 4a, 5, 8, 8a-hexahýdró-1, 4-endó-5, 8-exó-dímetanónaftalen.
- ²⁾ Díeldrín er efnasambandið $C_{12}H_8Cl_6O$
1, 2, 3, 4, 10, 10-hexaklór-6, 7, epoxý-1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a-oktahýdró-1, 4-endó-5, 8-exó-dímetanónaftalen.
- ³⁾ Endrín er efnasambandið $C_{12}H_8Cl_6O$
1, 2, 3, 4, 10, 10-hexaklór-6, 7, epoxý-1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a-oktahýdró-1, 4-endó-5, 8-endó-dómetanónaftalen.
- ⁴⁾ Ísódrín er efnasambandið $C_{12}H_8Cl_6$
1, 2, 3, 4, 10, 10-hexaklór-1, 4, 4a, 5, 8, 8a-hexahýdró-1, 4-endó-5, 8-endó-dómetanónaftalen.

A-liður (1, 71, 77, 130): Losunarmörk¹⁾.

Tegund iðjuvers ²⁾	Tegund meðaltals-gildis	Losunarmörk tilgreind sem	
		þyngd	styrkur í $\mu\text{g/l}$ frárennsli ³⁾
Framleiðsla aldríns og/eða díeldríns og/eða endríns, þar með talin blöndun þessara efna í sama iðjuveri	Mánaðarlegt	3 g í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu (g/tonn)	2
	Daglegt	15 g í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu (g/tonn) ⁴⁾	10 ⁴⁾

- ¹⁾ Losunarmörk í þessum lið eiga við um samanlagt magn aldríns, díeldríns og endríns. Ef fráveituvatn frá framleiðslu eða notkun aldríns, díeldríns eða endríns (blöndunarstig meðtalið) inniheldur einnig ísódrín, gilda ofangreind losunarmörk um samanlagt magn aldríns, díeldríns, endríns og ísódríns.
- ²⁾ Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera þar sem blöndun aldríns, díeldríns eða endríns fer fram utan framleiðslustaðar.
- ³⁾ Tölurnar eru miðaðar við heildarmagn vatns sem notað er í iðjuverum.
- ⁴⁾ Dagleg gildi mega ekki fara fram úr tvöföldu mánaðargildi, nema annað reynist óhjákvæmilegt.

B-liður (1, 71, 77, 130): Umhverfismörk.

Umhverfi	Efni	Umhverfismörk ng/l sem hlíta á
Yfirborðsvatn á landi	Aldrín	10
Vatn í ármynni	Díeldrín	10
Strandsjór annar en vatn í ármynni	Endrín	5
Landhelgi	Ísódrín	5

GÆÐAMARKMIÐ: Með tímanum má ekki eiga sér stað bein eða óbein raunaukning á styrk aldríns, díeldríns, endríns eða ísódríns í seti, lindýrum, skeldýrum eða fiski.

C-liður (1, 71, 77, 130): Tilvísunaraðferð við mælingar.

- Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á aldríni, díeldríni, endríni og/eða ísódríni í frárennsli og í vatnsumhverfinu er beitt greiningu í gasgreini með rafeinda-hremmingarskynjara, eftir útdrátt með viðeigandi leysiefni. Greiningarmörk¹⁾ fyrir hvert

¹⁾ Með „greiningarmörkum“ xg af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvarða í sýni með tiltekinni aðferð og unnt er að greina frá núlli.

efni eru 2,5 ng/l í vatnsumhverfinu og 400 ng/l í frárennsli, eftir því hve mörg truflandi aðskotaefni eru í sýni.

2. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á aldríni, díeldríni og/eða endríni og/eða ísodríni í seti og lífverum, er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara, að afloknum viðeigandi undirbúningi á sýnum. Greiningarmörk fyrir hvert einstakt efni eru 1 µg í kg þurrefnis.
3. Hittni og nákvæmni mælinga skal vera $\pm 50\%$ við styrk sem nemur tvöföldum greiningarmörkum.

V. Sérákvæði um hexaklórbensen (HCB) (nr. 83)

CAS-118-74-1

A-liður (83): Losunarmörk.

Tegund iðjuvers 1) 2)	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem	
		þyngd	styrkur
1. Framleiðsla og vinnsla á HCB	Mánaðarlegt	10 g HCB í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu HCB	1 mg/l HCB
	Daglegt	20 g HCB í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu HCB	2 mg/l HCB
2. Framleiðsla perklór-etylens (PER) og tetra-klórmetans (CCl ₄) með perklórun	Mánaðarlegt	1,5 g HCB í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu PER + CCl ₄	1,5 mg/l HCB
	Daglegt	3 g HCB í hverju tonni miðað við heildarframleiðslugetu PER + CCl ₄	3 mg/l HCB
3. Framleiðsla tríklóretylens og/eða perklóretylens með öðrum aðferðum ³⁾	Mánaðarlegt	–	–
	Daglegt	–	–

1) Ef árleg losun er ekki meira en 1 kg má koma á einfaldari eftirlitstilhögun.

2) Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem blanda kvintösen og tekknasen, iðjuvera sem framleiða klór við klóralkalírafgreiningu með grafitrafskautum, iðjuvera til gúmmívinnslu, skot- og skrauteldaverksmiðja, og iðjuvera sem framleiða vínýklóríð.

3) Ekki er unnt að setja losunarmörk.

Liður B (83): Gæðamarkmið og umhverfismörk.

GÆÐAMARKMIÐ: Með tímanum má ekki eiga sér stað raunaukning á HCB-styrk í seti, lindýrum, skeldýrum eða fiski.

Umhverfi	Umhverfismörk	Mælieining
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	} 0,03	µg/l

C-liður (83): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á HCB í frárennsli og í vatni er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir útdrátt með viðeigandi leysiefni. Greiningarmörk¹⁾ fyrir HCB eru milli 1 og 10 ng/l í vatni og milli 0,5 og 1 µg í frárennsli, eftir því hve mörg truflandi aðskotaefni eru í sýni.
2. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á HCB í seti og lífverum er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara, að afloknum viðeigandi undirbúningi á sýnum. Greiningarmörk¹⁾ eru milli 1 og 10 µg í kg þurrefnis.
3. Hittni og nákvæmni mælinga skal vera ± 50% við styrk sem nemur tvöföldum greiningarmörkum¹⁾.

¹⁾ Með „greiningarmörkum“ xg af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvæða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

VI. Sérákvæði um hexaklórbútadíen (HCB) (nr. 84)

CAS-87-68-3

A-liður (84): Losunarmörk.

TIL ATHUGUNAR: Með tímanum má ekki eiga sér stað bein eða óbein raunaukning á mengun af völdum HCB-losunar, sem hefur áhrif á styrk í seti, lindýrum, skeldýrum eða fiski.

Tegund iðjuvers ^{1) 2)}	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem	
		þyngd	styrkur
1. Framleiðsla perklóretýlens (PER) og koltraklóríðs (CCl ₄) með perklórun	Mánaðarlegt	1.5 g HCB in hverju tonni heildarframleiðslu PER + CCl ₄	1,5 mg/l HCB
	Daglegt	3 g HCB in hverju tonni heildarframleiðslu PER + CCl ₄	3 mg/l HCB
2. Framleiðsla tríklóretýlens og/eða perklóretýlens með öðrum aðferðum ⁴⁾	Mánaðarlegt	–	–
	Daglegt	–	–

1) Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 1 kg.

2) Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka er einkum verið að vísa til iðjuvera sem nota HCB til tæknilegra þarfa.

4) Ekki er unnt að setja viðmiðunarmörk.

Liður B (84): Gæðamarkmið.

TIL ATHUGUNAR: Með tímanum má ekki eiga sér stað raunaukning á HCB-styrk í seti, lindýrum, skeldýrum eða fiski.

Umhverfi	Gæðamarkmið	Mælieining
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	} 0,1	µg/l

C-liður (84): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á HCBÐ í frárennsli og í vatni er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara, eftir útdrátt með viðeigandi leysiefni.

Greiningarmörk¹⁾ fyrir HCBÐ eru milli 1 og 10 ng/l í vatnsumhverfinu og milli 0,5 og 1 (g í frárennsli, eftir því hve mörg truflandi aðskotaefni eru í sýni.

2. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á HCBÐ í seti og lífverum er beitt greiningu í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara að afloknum viðeigandi undirbúningi á sýnum. Greiningarmörk¹⁾ eru milli 1 og 10 µg í kg þurrefnis.

3. Hittni og nákvæmni mælinga skal vera ± 50% við styrk sem nemur tvöföldum greiningarmörkum.¹⁾

¹⁾ Með „greiningarmörkum“ x g af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnákvæða í sýni með tiltekinni aðferð, og unnt er að greina frá núlli.

VII. Sérákvæði um klóróform (CHCl₃) (nr. 23)¹⁾

CAS-67-66-3

A-liður (23): Losunarmörk.

Tegund iðjuvers ^{2) 3)}	Losunarmörk (mánaðarmeðaltöl) tilgreind sem ^{4) 5)}	
	Þyngd	Styrkur
1 Framleiðsla klórmetanefna úr metanóli eða blöndu af metanóli og metani ⁶⁾	10 g CHCl ₃ í hverju tonni heildarframleiðslu klórmetanefna	1 mg/l
2. Framleiðsla klórmetanefna með klórún á metani	7,5 g CHCl ₃ í hverju tonni heildarframleiðslu á klórmetanefnum	1 mg/l
3 Framleiðsla á klórflúrkolefni ⁷⁾	–	–

¹⁾ Ef vart verður við önnur upptök mengunar en tilgreind eru í viðauka þessum gilda ákvæði 12. gr. reglugerðar þessarar.

²⁾ Meðal þeirra iðjuvera sem getið er um í 2. tölul. A-liðar í I. viðauka, er hvað klóróform snertir, einkum verið að vísa til iðjuvera sem framleiða einliða vínýlklóríð með díklórétan-hitasundrun, iðjuver sem framleiða bleiktan pappírsmassa og önnur iðjuver sem nota CHCl₃ sem leysiefni og iðjuver þar sem klór er blandað í kælivatn eða annað frárennsli.

³⁾ Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 1 kg.

⁴⁾ Dagleg meðaltalslosunarmörk eru jöfn tvöföldum mánaðarlegum meðaltalsmörkum.

⁵⁾ Í ljósi þess hve rokjarnt klóróform er og til að tryggj sé að farið sé að ákvæðum 8. kafla ef beitt er aðferð sem felur í sér mikla hreyfingu frárennslisvatns, sem inniheldur klóróform, úti undir beru lofti skal krefjast þess að farið sé að losunarmörkunum fyrir ofan iðjuverin sem í hlut eiga; tryggt skal að allt vatn sem kann að vera mengað sé tekið gaumgæfilega til athugunar.

⁶⁾ Þ.e. með hydróklóreringu metanóls og síðan klórún metýlklóríðs.

⁷⁾ Ekki er unnt að setja losunarmörk.

Liður B (23): Umhverfismörk¹⁾.

¹⁾ Heimilt er að taka upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef ekki eru nein vandkvæði á að uppfylla og halda stöðugt þeim gæðamarkmiðum sem sett eru hér að ofan.

Umhverfi	Umhverfismörk	Mælieining
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	} 12	µg/l

C-liður (23): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Sem tilvísunaraðferð við mælingar til ákvörðunar á klóróformi í frárennsli og í vatnsumhverfinu er notað gasgreining á súlu.

Nota skal næmt greiningartæki þegar styrkur nær ekki 0,5 mg/l, og eru greiningarmörk¹⁾ þá við 0,1 µg/l. Við meiri styrk en 0,5 mg/l mega greiningarmörk vera við 0,1 mg/l.

2. Hittni og nákvæmni mælinga skal vera $\pm 50\%$ við styrk sem nemur tvöföldum greiningarmörkum.

1) Með „greiningarmörkum“ xg af efni er átt við minnsta magn þess sem hægt er að magnávarða í sýni með tiltekinni aðferð og unnt er að greina frá núlli.

VIII. Sérákvæði um 1,2-díklóretan (EDC) (nr. 59) *

CAS-nr. 107-06-2

* Ákvæði 12. gr. reglugerðar þessarar gilda einkum um EDC sem notað er í formi leysiefnis fjarri framleiðslu- og vinnslustað, fari árleg losun ekki yfir 30 kg.

A-liður (59): Losunarmörk¹⁾.

Tegund iðjuvers <small>2) 3)</small>	Tegund meðaltalsgildis	Losunarmörk tilgreind sem	
		þyngd (g/tonn) ⁴⁾	styrkur (mg/lítra) ⁵⁾
a) Eingöngu framleiðsla á 1,2-díklóretani (án þess að það sé unnið eða notað á sama stað)	Mánaðarlegt	2,5	1,25
	Daglegt	5	2,5
b) Framleiðsla 1,2-díklóretans og vinnsla eða notkun á sama stað, nema ef um er að ræða notkun skilgreinda í e-lið hér að neðan ⁶⁾	Mánaðarlegt	5	2,5
	Daglegt	10	5
c) Vinnsla 1,2-díklóretans í efni önnur en vinyklóríð ⁸⁾	Mánaðarlegt	2,5	1
	Daglegt	5	2
d) Notkun EDC til að fituhreinsa málma (fjarri iðnaðarsvæði sem b-liður ⁹⁾ nær til	Mánaðarlegt	–	0,1
	Daglegt	–	0,2
e) Notkun EDC við framleiðslu á jónaskiptum ¹⁰⁾	Mánaðarlegt	–	–
	Daglegt	–	–

1) Í ljósi þess hve rokgyarnt EDC er skal sérstaklega gæta að ákvæðum um mengunarnaefirlit og efnisinnihald starfsleyfa.

2) Í framleiðslugetu af hreinsuðu EDC er meðtalinn sá hluti efnisins sem ekki er klofinn í þeim búnaði til framleiðslu á vinyklóríði sem tengdur er EDC-framleiðslubúnaðinum.

Framleiðslu- eða vinnslugeta er sú sem ákveðin er í starfsleyfi eða mesta árlegt magn sem framleitt hefur verið eða unnið á næstliðnum fjórum árum áður en starfsleyfið var gefið út eða endurskoðað, ef ekki hefur verið tilkynnt um magnið. Geta sú sem heimilud er má ekki víkja verulega frá raunverulegu magni.

3) Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 30 kg.

4) Losunarmörk þessi varða:

– í a- og b-lið, framleiðslugetu af hreinsuðu EDC í tonnum talið,

– í c-lið, EDC-vinnslugetu í tonnum.

Ef vinnslu- og nýtingargeta er meiri en framleiðslugeta eiga losunarmörk í b-lið þó við um vinnslu- og nýtingarmagn í heild. Ef mörg iðjuver eru á sama stað eiga viðmiðunarmörkin við um þau öll samanlagt.

- 5) Án þess að brjóta í bága við ákvæði 2. tölul. A-liðar 1. viðauka tengjast styrkleikamörk eftirfarandi losunarmörkum:
 - a): 2 m³/tonn framleiðslugetu af hreinsuðu EDC,
 - b): 2,5 m³/tonn framleiðslugetu af hreinsuðu EDC,
 - c): 2,5 m³/tonn vinnslugetu af EDC.
- 6) Í losunarmörkunum er tekið tillit til alls EDC sem verður til við aðra starfsemi innan iðjuversins og/eða þess EDC sem notað er sem leysiefni á framleiðslustað, og tryggir það að losun á EDC minnkar um yfir 99%. Með bestu tækni sem völ er á er þó unnt að minnka losun á EDC um meira en 99,9% ef ekki verður til meira EDC við aðra starfsemi innan versins.
- 8) Þetta gildir meðal annars um framleiðslu á etýlendíamíni, etýlenpólýamíðum, 1.1.1.-tríklóretani og perklóretýleni.
- 9) Losunarmörk þessi gilda aðeins um iðjuver þar sem árleg losun fer ekki yfir 30 kg.
- 10) Ekki er unnt að setja losunarmörk.

B-liður (59): Umhverfismörk.

Umhverfi	Umhverfismörk (µg/lítra)
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	} 10

C-liður (59): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Tilvísunaraðferðin sem nota á til að ákvarða hvort 1,2-díklóretan er í frárennsli og vatni er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni, eða greining í gasgreini eftir einangrun með hjálp „purge and trap“-aðferðarinnar og hremmingu með ofurkældri hárpípugildru. Ákvörðunarmörkin eru 10 µg/l fyrir frárennsli og 1 µg/l fyrir vatn.
2. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi ákvörðunarmarkanna.

IX. Sérákvæði um tríklóretýlen (TRI) (nr. 121) *

- * Ákvæði 12. gr. gilda einkum um TRI sem notað er sem leysiefni til þurrhrensunar, til útdráttar fitu eða lyktar og til að fituhreinsa málma, fari árleg losun ekki yfir 30 kg.

A-liður (121): Losunarmörk¹⁾.

Tegund iðjuvers ²⁾	Tegund meðaltalsgildis	Viðmiðunarmörk tilgreind sem	
		þyngd (g/tonn) ³⁾	styrkur (mg/lítra) ⁴⁾
a) Framleiðsla tríklóretýlens (TRI) og perklóretýlens (PER)	Mánaðarlegt	2,5	0,5
	Daglegt	5	1
b) Notkun TRI til að fituhreinsa málma ⁵⁾	Mánaðarlegt		0,1
	Daglegt		0,2

- 1) Í ljósi þess hve rokgjarnt tríklóretýlen er skal gæta ákvæða í reglugerð um mengunarfaraeftirlit og starfsleyfa.
- 2) Taka má upp einfalda tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 30 kg.
- 3) Varðandi a-lið tengjast losunarmörk TRI heildarframleiðslu TRI + PER. Hvað snertir iðjuver sem þegar eru starfrækt og þar sem úrlausn klórvetnis á tetraklórretani fer fram svarar framleiðslugeta til framleiðslu á TRI-PER þegar framleiðsluhlutfallið er 1:3.

Framleiðslu- eða vinnslugeta er sú sem ákveðin er í starfsleyfi, eða mesta árlegt magn sem framleitt hefur verið eða unnið á næstliðnum fjórum árum áður en starfsleyfið var gefið út eða endurskoðað, ef ekki hefur verið tilkynnt um magnið. Magn það sem heimilað er má ekki vera verulega frábrugðið raunverulegu framleiðslumagni.

- 4) Án þess að brjóta í bága við ákvæði 2. tölul. A-liðar, I. viðauka tengist losunarstyrkur TRI eftirfarandi losunarmörk:
– í a-lið, 5m³/tonn af framleiðslu TRI + PER.
- 5) Losunarmörk þessi gilda aðeins um iðjuver þar sem árleg losun fer yfir 30 kg.

B-liður (121): Umhverfismörk.

Umhverfi	Umhverfismörk (µg/lítra)
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	10

C-liður (121): Tilvísunaraðferð við mælingar.

- Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða hvort tríklórétýlen (TRI) er í frárennsli og vatni er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni. Ákvörðunarmörkin fyrir TRI eru 10 µg/l fyrir fráveituvatn og 0,1 µg/l fyrir vatn.
- Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi ákvörðunarmarkanna.

X. Sérákvæði um perklórétýlen (PER) (nr. 111) *

CAS-nr. 127-18-4

* Ákvæði 12. gr. reglugerðar þessarar gilda einkum um PER sem notað er sem leysiefni til þurrhrensunar, til útdráttar fitu eða lyktar og til að fituhreinsa málma, fari árleg losun ekki yfir 30 kg.

A-liður (111): Losunarmörk¹⁾.

Tegund iðjuvers ²⁾	Tegund meðaltalsgildis	Losunarmörk tilgreind sem	
		þyngd (g/tonn) ³⁾	styrkur (mg/lítra) ⁴⁾
a) Framleiðsla tríklórétýlens (TRI) og perklórétýlens (PER) (TRI-PER aðferð)	Mánaðarlegt	2,5	0,5
	Daglegt	5	1
b) Framleiðsla koltetraklóríðs og perklórétýlens (TETRA PER aðferðir)	Mánaðarlegt	2,5	1,25
	Daglegt	5	2,5
c) Notkun PER til að fituhreinsa málma ⁵⁾	Mánaðarlegt	–	0,1
	Daglegt	–	0,2
d) Framleiðsla klórflúrkolefnis ⁶⁾	Mánaðarlegt	–	–
	Daglegt	–	–

¹⁾ Í ljósi þess hve rokjarnt tríklórétýlen er skal gæta að ákvæðum í reglugerð um mengunarvarnaeftirlit og starfsleyfa.

²⁾ Taka má upp einfaldaða tilhögun eftirlits ef árleg losun fer ekki yfir 30 kg.

³⁾ Hvað a- og b-lið snertir eru losunarmörk á PER annaðhvort gefin upp sem hlutfall af heildarframleiðslugetu TRI + PER eða heildarframleiðslugetu TETRA + PER.

Framleiðslu- eða vinnslugeta er sú sem ákveðin er í starfsleyfi, eða mesta árlegt magn sem framleitt hefur verið eða unnið á næstliðnum fjórum árum áður en starfsleyfið var gefið út eða endurskoðað, ef ekki hefur verið tilkynnt um magnið. Magn það sem heimilað er má ekki vera verulega frábrugðið raunverulegu framleiðslumagni.

- 4) Án þess að brjóta í bága við ákvæði 2. tölul. A-liðar I. viðauka tengist losunarstyrkur PER eftirfarandi losunarmörkum:
- í a-lið 5 m³/tonn af framleiðslu TRI + PER.
 - í b-lið, 2 m³/tonn af framleiðslu TETRA + PER.
- 5) Losunarmörk þessi gilda aðeins um iðjuver þar sem árleg losun fer yfir 30 kg.
- 6) Ekki er unnt að ákveða losunarmörk.

B-liður (111): Umhverfismörk.

Umhverfi	Umhverfismörk (µg/lítra)
Yfirborðsvatn á landi Vatn í ármynni Strandsjór annar en vatn í ármynni Landhelgi	} 10

C-liður (111): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Tilvísunaraðferðin sem nota á til að ákvarða hvort perklorétýlen (PER) er í frárennsli og í vatni í umhverfinu er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir úrlausn með viðeigandi leysiefni. Ákvörðunarmörkin fyrir PER eru 10 µg/l fyrir fráveituvatn og 0,1 µg/l fyrir vatn í umhverfinu.
2. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem er tvöfalt gildi ákvörðunarmarkanna.

XI. Sérákvæði um tríklórbensen (TCB) (nr. 117, 118) *, **

* Ákvæði 12. gr. þessarar reglugerðar gilda einkum um TCB sem notað er sem leysiefni eða sem litfestir í textíliðnaði eða sem hluti af þeim olíum sem notaðar eru í spennu.

** TCB getur komið fyrir sem eitt af eftirfarandi þremur myndbrigðum:

- 1,2,3-TCB–CAS-nr. 87/61-6,
- 1,2,4-TCB–CAS-nr. 120-82-1 (nr. 118 á lista EBE).
- 1,3,5-TCB–CAS-nr. 180-70-3.

Tæknilegt TCB (nr. 117 á lista EBE) er blanda þessara þriggja myndbrigða, þar af aðallega 1,2,4-TCB, og kann einnig að innihalda dí- og tetraklórbenzen í litlu magni. Hvað sem öðru líður gilda þessi ákvæði um heildarmagn TCB (summu hinna þriggja myndbrigða).

A-liður (117, 118): Losunarmörk.

Tegund iðjuvers	Tegund meðaltalsgildis	Losunarmörk tilgreind sem	
		þyngd (g/tonn) ¹⁾	styrkur (mg/lítra) ²⁾
a) Framleiðsla TCB með úrlausn klórvetnis á HCH og/eða vinnslu TCB	Mánaðarlegt	10	1
	Daglegt	20	2
b) Framleiðsla og/eða vinnsla klórbensens með klórur bensens ³⁾	Mánaðarlegt	0,5	0,05
	Daglegt	1	0,1

Losunarmörk fyrir losun TCB (summa hinna þriggja myndbrigða) eru gefin upp:

– fyrir a-lið, í tengslum við heildarframleiðslugetu á TCB,

– fyrir b-lið, í tengslum við heildarframleiðslu- eða vinnslugetu mónó- og díklórbensens.

Framleiðslu- eða vinnslugeta er sú sem tilgreind er í starfsleyfi, eða mesta árlegt magn sem framleitt hefur verið eða unnið á næstliðnum fjórum árum áður en starfsleyfi var gefið út eða endurskoðað, ef ekki hefur verið tilkynnt um magnið. Magn það sem heimilað er má ekki vera verulega frábrugðið raunverulegu framleiðslumagni.

- 4) Án þess að brjóta í bága við ákvæði 4. mgr. A-liðar I. viðauka tengist losunarstyrkur eftirfarandi losunarmörkum:
 – í a-lið, 10 m³/tonn af framleiddu eða unnu TCB,
 – í b-lið, 10 m³/tonn af framleiddu eða unnu mónó- eða díklórbenseni.

B-liður (117, 118): Gæðamarkmið og umhverfismörk.

Umhverfi	Umhverfismörk (µg/lítra)
Yfirborðsvatn á landi	} 0,4
Vatn í ármynni	
Strandsjór annar en vatn í ármynni	
Landhelgi	

GÆÐAMARKMIÐ: TCB-styrkur í seti og/eða lindýrum og/eða skelfiski og/eða fiski má ekki aukast að marki með tímanum vegna losunar.

C-liður (117, 118): Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Tilvísunaraðferð sú sem beita á til að ákvarða hvort tríklórbensen (TBC) sé í fráveituvatni og í vatni í umhverfinu er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir skiljun með viðeigandi leysiefni. Ákvörðunarmörkin fyrir hvert einstakt myndbrigði eru 10 µg/l fyrir fráveituvatn og 1 µg/l fyrir vatn.
2. Tilvísunaraðferðin sem notuð er til að ákvarða hvort TCB sé í seti og lífverum er greining í gasgreini með rafeindahremmingarskynjara eftir að sýnið hefur verið undirbúið á viðeigandi hátt. Greiningarmörk fyrir hvert einstakt myndbrigði eru við 1 µg í kg þurrefnis.
3. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera ± 50% við styrk sem hefur tvöfalt gildi ákvörðunarmarkanna.

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun grunnvatns.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um varnir gegn mengun grunnvatns og um losunarmörk, gæðamarkmið og umhverfismörk. Reglugerðin tekur til atvinnurekstrar hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eftir því sem við á.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Eftirlit* er athugun á ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

3.3 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og fag-giltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.4 *Grunnvatn* er vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

3.5 *Gæðamarkmið* eru mörk tiltekinnar mengunar í umhverfi (lofti, vatni, jarðvegi, seti eða lífverum) og/eða lýsing á ástandi sem ákveðið er að gilda eigi fyrir svæði til þess að enn minni hættu sé á að áhrifa mengunar gæti en stefnt er að með umhverfismörkum og til að styðja tiltekna notkun umhverfisins og/eða viðhalda henni til lengri tíma.

3.6 *Losun* er þegar efnun og efnasamböndum er veitt í fráveitur og viðtaka.

Bein losun er losun efna í grunnvatn, oftast frá stakri uppsprettu, án þess að þau síst í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn.

Óbein losun er þegar efni eða gerlar berast frá dreifðum uppsprettum, eða er hættu á að geti borist, í grunnvatn eftir síun í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn.

3.7 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

3.8 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.9 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnun og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.10 *Úttektarrannsókn* er viðamikil rannsókn eða langtímamæling, venjulega bundin við stærra svæði, svo sem landsvæði, þéttbýli eða hluta af þéttbýli, eða rannsókn á yfirgripsmiklum þáttum mengunar, svo sem frá farartækjum, eða rannsókn á mengun er berst frá öðrum löndum.

3.11 *Vatn* er grunnvatn og yfirborðsvatn.

3.12 *Viðtaki* er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

3.13 *Vöktun* merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

3.14 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Meginreglur.

Verndun grunnvatns.

5. gr.

5.1 Mengun grunnvatns er óheimil.

5.2 Um losun efna í grunnvatn gilda sérstakar reglur eins og nánar segir í reglugerðinni.

5.3 Aðilun í atvinnurekstri sem hafa undir höndum eða nota efni sem getið er á lista I og II í viðauka með reglugerð þessari ber að fara eftir ákvæðum starfsleyfa og skilyrðum

sem Hollustuvernd ríkisins setur og miða að því að draga úr eða hindra losun þessara efna í grunnvatn. Miða skal við losunarmörk sem eru í reglugerð um varnir gegn mengun vatns og öðrum hlutaðeigandi reglugerðum.

Efni á lista I.

6. gr.

6.1 Öll bein losun efna í grunnvatn, þ.m.t. efni á lista I í viðauka með reglugerðinni, er óheimil.

Efni á lista II.

7. gr.

7.1 Öll bein losun efna í grunnvatn, þ.m.t. efni á lista II í viðauka með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

7.2 Viðkomandi eftirlitsaðili getur heimilað losun í starfsleyfi í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Heilbrigðisnefnd skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins þegar um losun efna á lista II er að ræða.

Losun frá úrgangi.

8. gr.

8.1 Starfsleyfishafa er skylt að rannsaka öll þau tilvik þar sem úrgangur, sem inniheldur efni sem eru á lista I í viðauka með reglugerðinni, er urðaður eða komið fyrir á annan hátt og kynni að leiða til óbeinnar losunar í grunnvatn, sbr. 2. mgr. 13. gr. Með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna skal eftir atvikum banna þessa meðferð úrgangsins eða veita starfsleyfi enda séu allar nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til þess að koma í veg fyrir óbeina losun í grunnvatn.

Önnur starfsemi.

9. gr.

9.1 Ef um er að ræða aðra starfsemi á eða í jörðu en getið er í 8. gr. sem gæti haft í för með sér óbeina losun efna á lista I skal gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. rannsóknir, sbr. 2. mgr. 13. gr., til þess að koma í veg fyrir hana.

IV. KAFLI

Starfsleyfisskylda o.fl.

Starfsleyfi.

10. gr.

Óbein losun er þegar efni eða gerlar berast frá dreifðum uppsprettum, eða er hætta á að geti borist, í grunnvatn eftir síun í gegnum jarðveg, þéttan jarðgrunn eða berggrunn.

3.8 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

3.9 *Meðhöndlun seyru* er hreinsun, tæming hreinsivirkja, flutningur, og notkun seyru.

3.10 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.11 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.12 *Notkun seyru* er dreifing hennar á eða í jarðveg.

3.13 *Persónueining* (*pe.*) er magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein *pe.* af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun.

3.14 *Rotþró* er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu sviflægu efni úr skólpi. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um stærð, gerð og frágang rotþróa.

3.15 *Salernisúrgangur* er allur úrgangur frá þurr- eða vatnssparandi salernum sem ekki eru tengd við fráveitu.

3.16 *Seyra* eru þau óhreinindi sem skilin eru frá fráveituvatni með botnfellingu, síun eða fleytingu án síu- eða ristarárgangs, þ.e. eftir að forhreinsun hefur átt sér stað.

Tegundir seyru eru:

a) seyra frá skólphreinsistöðvum, þ.e. húsaskólp eða skólp með sambærilega samsetningu,

b) seyra frá rotþróum og sambærilegum mannvirkjum,

c) seyra frá skólpstöðvum öðrum en a) og b).

3.17 *Síu- og ristarárgangur* er fastur úrgangur sem fellur til við grófhreinsun á skólpi.

3.18 *Strandsjór* er sjór sem nær frá fjörumörkum og ferskvatnsmörkum í vatnsföllum að mengunarlögsögu.

3.19 *Umhverfismörk* eru mörk sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess (svo sem heilsuverndarmörk og gróðurverndarmörk).

3.20 *Vatn* er grunnvatn og yfirborðsvatn.

3.21 *Viðtaki* er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

3.22 *Vöktun* merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

3.23 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar.

III. KAFLI

Meginreglur.

Meðhöndlun og notkun - leyfisveitingar.

5. gr.

5.1 Hreinsa skal alla seyru sem er notuð samkvæmt reglugerð þessari nema annað sé heimilt samkvæmt reglugerðinni.

5.2 Meðhöndlun seyru er starfsleyfis skyld. Við vinnslu starfsleyfis skal heilbrigðisnefnd leita umsagnar landeiganda þess lands sem nota á seyrna á og aðfangaeftirlits ef við á.

Almennar reglur um seyru.

6. gr.

- 6.1 Óheimilt er að losa seyru í yfirborðsvatn.
 6.2 Seyru sem fellur til við meðhöndlun og hreinsun skólps skal nýta ef kostur er.
 6.3 Seyru skal fargað á þann hátt að umhverfið verði ekki fyrir skaða af völdum hennar og í samræmi við aðrar reglugerðir þar að lútandi. Förgun seyru frá skólphreinsistöðvum er starfsleyfis skyld og háð skráningu í samræmi við reglur þar að lútandi.

Notkun seyru.

7. gr.

- 7.1 Nota skal seyru á þann hátt að tekið sé tillit til næringarþarfar gróðurs og að gæði jarðvegs, yfirborðs- og grunnvatns rýrni ekki.
 7.2 Ef seyra er notuð á jarðveg sem er með lægra pH-gildi en 6 skal, ef með þarf, taka tillit til aukinnar tilfærslu þungmálma í jarðavegi og aukinnar upptöku afurða á þungmálmum og skal heilbrigðisnefnd ef nauðsyn krefur lækka viðmiðunarmörk, sbr. I. viðauka A.

Notkun seyru í landbúnaði.

8. gr.

- 8.1 Í landbúnaði er einungis heimilt að nota hreinsaða seyru, sbr. a-lið 16. mgr. 3. gr. Hér er einkum átt við að seyran sé notuð í landbúnaði, t.d. borin á tún sem slegin eru til fódurs, eru beitt eða sem eru nýtt á annan hátt, t.d. tún í þéttbýli eða svæði til útivistar. Seyran skal felld niður í jarðveginn eða plægd niður jafnóðum sé hún notuð á tún, akra og gróðurlendi sem nýtt er til beitar.
 8.2 Í landbúnaði er heimilt að nota seyru til áburðar á gróðurlendi eða í jarðveg og má magnið sem notað er vera allt að 20 tonn á hektara á tíu árum miðað við þurrefni. Gæta skal að ákvæðum 11. gr.
 8.3 Heilbrigðisnefnd er heimilt að leyfa notkun hreinsaðrar seyru, sbr. b- eða c-lið í 16. mgr. 3. gr., enda samræmist notkunin ákvæðum þessarar reglugerðar og brýtur ekki í bága við reglugerðir er varða úrgang.

Tímamörk.

9. gr.

- 9.1 Að minnsta kosti eitt ár verður að líða frá því hreinsuð seyra er notuð á tún þar til uppskera, nýting eða almennur umgangur er heimilaður.
 9.2 Óheimilt er að nota seyru við framleiðslu hvers konar matjurta, s.s. kartaflna, káls og annars grænmetis. Að minnsta kosti þrjú ár verða að líða frá því hreinsuð seyra er notuð þangað til heimilt er að rækta matjurtir. Önnur nýting og almennur umgangur er heimill sextán mánuðum eftir að seyru var dreift. Sýni mælingar að ekki sé lengur hætta af dreifingunni er heimilt að stytta tímafresti en þó eigi skemur en í 10 mánuði.
 9.3 Þeir sem hreinsa seyru bera ábyrgð á því að notendur geti reglulega fengið upplýsingar í samræmi við II. viðauka A. Þetta á þó ekki við um húsaskólp (a-liður 16. mgr. 3. gr.) enda sé magn sem fellur til við skólphreinsun seyru minna en 5000 pe.

Greining seyru.

10. gr.

- 10.1 Heilbrigðisnefnd getur sett skilyrði í starfsleyfi um greiningu á seyru og jarðvegi sem hún er borin á, sbr. II. viðauka A og B. Gæta skal að ákvæðum 3. mgr. 9. gr.
 10.2 Tilvísunaraðferðir við söfnun og greiningu seyru eru tilgreindar í II. viðauka C.

10.3 Önnur greining á seyru skal vera í samræmi við skilyrði Hollustuverndar ríkisins.

Styrkur og uppsöfnun þungmálma og magn seyru.

11. gr.

11.1 Styrkur þungmálma í jarðvegi sem seyra er borin á skal vera í samræmi við mörk í I. viðauka A, styrkur þungmálma í seyru skal vera í samræmi við mörk í I. viðauka B, og hámarks magn þungmálma sem heimilt er að dreifa á ári á ræktað land skal vera í samræmi við mörk í I. viðauka C.

11.2 Fari styrkur eins eða fleiri þungmálma í jarðvegi yfir umhverfismörkin í I. viðauka A er óheimilt að nota seyru á hann.

11.3 Tryggja skal, m.a. með því að fara eftir ákvæðum 2. mgr. eða með eftirliti, að uppsöfnun þungmálma í jarðvegi valdi því ekki að styrkur þeirra sé hærri en umhverfismörkin í I. viðauka A.

Óhreinsuð seyra.

12. gr.

12.1 Óhreinsaða seyru, sbr. a- og b-liði 16. mgr. 3. gr., má einungis nota til uppgræðslu og skógræktar fjarri mannbústöðum og utan alfaraleiða enda hafi sýnilegir hlutir verið skildir frá henni. Skyld er að plægja óhreinsaða seyru a.m.k. 10 sentímetra niður í jarðveginn. Tryggt skal að ekki sé hætta á mengun grunnvatns eða yfirborðsvatns vegna notkunar seyru í þessum tilgangi, sbr. reglugerðir þar að lútandi.

Ónýtanleg seyra.

13. gr.

13.1 Salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru sem ekki verður notuð skal flytja til móttökustöðvar sem hefur til þess starfsleyfi.

Tæming og flutningur.

14. gr.

14.1 Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþróum.

14.2 Rekstraráðilar húsnæðis eða svæða þar sem salernisúrgangur, ristarúrgangur eða seyra fellur til bera ábyrgð á allri meðferð og flutningi úrgangsins, svo fremi ekki sé í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt sem kveður á um annað.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Skráning.

15. gr.

15.1 Heilbrigðisnefndir skulu halda saman upplýsingum um:

1. magn framleiddrar seyru og magn sem látið er í té til landbúnaðarþarfa,
2. samsetningu og eiginleikum seyrunnar m.t.t. færíbreytnanna í II. viðauka A,
3. tegund hreinsunar, sbr. 6. mgr. 3. gr.,
4. nöfn og heimilisföng viðtakenda seyrunnar og notkunarstað.

15.2 Liðir 2 til 4 í 1. mgr. eiga ekki við vegna seyru, sbr. a-lið 16. mgr. 3. gr., enda sé magnið minna en 5.000 pe.

15.3 Hollustuvernd ríkisins ber ábyrgð á heildarskráningu á magni meðhöndlaðrar seyru, magni sem látið er í té o.fl. sem tengist notkun seyru samkvæmt reglugerð þessari

og einkum þeim upplýsingum sem 1. mgr. fjallar um. Stofnunin byggir skráningu sína á upplýsingum frá heilbrigðisnefndum.

15.4 Skráning heilbrigðisnefndar skal gerð á sérstakt eyðublað sem Hollustuvernd ríkisins lætur útbúa.

Yfirlitsskýrsla.

16. gr.

16.1 Hollustuvernd ríkisins semur og gefur út skýrslu byggða m.a. á upplýsingum samkvæmt 15. gr. um notkun seyru hér á landi, sbr. og ákvæði um skýrslugerð um meðhöndlun úrgangs í reglugerð um úrgang. Gæta skal að ákvæðum reglugerðar um úrgang hvað varðar upplýsingasöfnun.

16.2 Skýrsluna skal gefa út á a.m.k. fjögurra ára fresti.

V. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Aðgangur að upplýsingum.

17. gr.

17.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

18. gr.

18.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

18.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

19. gr.

19.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

20. gr.

20.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

20.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VI. KAFLI
Lagastoð, gildistaka o.fl.

21. gr.

21.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

21.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af 32. tölul. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 86/278/EBE).

21.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI A
Umhverfismörk fyrir styrk þungmálma í jarðvegi.

Umhverfismörk fyrir styrk þungmálma í jarðvegi sem seyra er borin á (mg/kg af þurr-efnum í dæmigerðu jarðvegssýni með pH-gildi 6-7, svo sem skilgreint er í II. viðauka C).

Þungmálmar	Umhverfismörk
Kadmíum	1 - 3
Kopar	50 - 140
Nikkel	30 - 75
Blý	50 - 300
Sink	150 - 300
Kvikasilfur	1 - 1,5
Króm ¹⁾	-

I. VIÐAUKI B
Leyfilegur hámarksstyrkur þungmálma í seyru sem er notuð í landbúnaði.
(mg/kg af þurrrefnum).

Þungmálmar	Leyfilegur hámarksstyrkur
Kadmíum	20 - 40
Kopar	1000 - 1750
Nikkel	300 - 400
Blý	750 - 1200
Sink	2500 - 4000
Kvikasilfur	16 - 25
Króm ¹⁾	-

¹⁾ Ekki er unnt á þessu stigi að setja losunarmörk.

I. VIÐAUKI C

Losunarmörk fyrir magn þungmálma sem bera má á ræktað land á ári, byggt á tíu ára meðaltali.

(kg/ha á ári).

Þungmálmur	Losunarmörk
Kadmíum	0,15
Kopar	12
Nikkel	3
Blý	15
Sink	30
Kvikasilfur	0,1
Króm ¹⁾	-

¹⁾ Ekki er unnt á þessu stigi að setja losunarmörk.

II. VIÐAUKI A

Greining seyru.

Að jafnaði skal greina seyru að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Ef breytingar verða á eðli hreinsaðs skólps er nauðsynlegt að greina oftar. Ef niðurstöður greininga breytast ekki á marktækan hátt í heilt ár skal greina seyruna að minnsta kosti á tólf mánaða fresti. Eftirtaldar færíbreytur skulu greindar:

- þurrefni, lífrænt efni,
- pH,
- köfnunarefni og fosfór,
- kadmíum, kopar, nikkel, blý, sink, kvikasilfur og króm.

II. VIÐAUKI B

Jarðvegsgreining.

1. Þegar seyra sem ekki hefur verið rannsökuð m.t.t. þungmálma er notuð skal tryggja að innihald þungmálma í jarðveginum fari ekki yfir umhverfismörk sem sett eru í samræmi við I. viðauka A.
2. Eftirlitsaðilar ákveða hve langt skal líða milli frekari greininga á grundvelli niðurstaðna um innihald málma í jarðvegi áður en seyra var notuð, magn og samsetningu seyrunnar sem notuð er auk annarra þátta sem máli skipta. Eftirtaldar færíbreytur skulu greindar:
 - pH,
 - kadmíum, kopar, nikkel, blý, sink, kvikasilfur og króm.

II. VIÐAUKI C

Sýnatöku- og greiningaraðferðir.

1. **Taka jarðvegssýna.**
Dæmigerð jarðvegssýni til greiningar skulu að jafnaði samanstanda af blöndu úr 25 kjarnasýnum af svæði sem ekki er stærra en 5 hektarar og ræktað er í einum tilgangi. Sýni skulu tekin niður á 25 sm dýpi nema yfirborðsjarðvegur sé þynnri en það. Í því tilviki skal sýnatökudýpi þó ekki vera meira en 10 sm.
2. **Taka seyru sýna.**
Seyrusýni skulu tekin eftir hreinsun en áður en notandi tekur við seyrunni og skulu þau vera dæmigerð fyrir framleidda seyru.
3. **Sýnatökuaðferðir.**
Greining þungmálma skal fara fram eftir sterka sýrumeltingu. Tilvísunaraðferð við greiningu skal vera sameinda (ísogs) litrófsmæling og greiningarmörk fyrir hverja málmtegund mega ekki vera hærri en 10% af viðeigandi mörkum.

REGLUGERÐ

um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun vatns með því að setja losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið vegna losunar af völdum kvikasilfurs frá öðrum atvinnurekstri en þeim sem stundar rafgreiningu alkalíklóríða.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um losunarmörk fyrir kvikasilfur í frárennsli frá atvinnurekstri nema um sé að ræða rafgreiningu alkalíklóríða. Einnig gildir reglugerðin um umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir kvikasilfur í vatni, svo og um tilvísunaraðferðir við mælingar o.fl. þætti tengda notkun kvikasilfurs, varnir gegn mengun af völdum þess og eftirlit. Reglugerðin gildir um viðkomandi atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni.

2.2 Reglugerðin gildir ekki um losun í grunnvatn.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fánlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fánlegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og fag-giltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.4 *Grunnvatn* er vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

3.5 *Gæðamarkmið* eru mörk tiltekinnar mengunar í umhverfi (lofti, vatni, jarðvegi, seti eða lífverum) og/eða lýsing á ástandi, sem ákveðið er að gilda eigi fyrir svæði til þess að enn minni hættu sé á að áhrifa mengunar gæti en stefnt er að með umhverfismörkum og til að styðja tiltekna notkun umhverfisins og/eða viðhalda henni til lengri tíma.

3.6 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

3.7 *Kvikasilfur (Hg)* er frumefnið kvikasilfur og kvikasilfur í öllum samböndum þess.

3.8 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.9 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.10 *Umhverfismörk* eru mörk sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess.

3.11 *Vatn* er grunnvatn og yfirborðsvatn.

3.12 *Viðtaki* er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

3.13 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, straumvötn, stöðuvötn, jöklar svo og strandsjór.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Meginreglur.

Losunarmörk o.fl.

5. gr.

5.1 Losunarmörk fyrir losun kvikasilfurs skulu vera í samræmi við I. viðauka.

5.2 Undir eðlilegum kringumstæðum gilda losunarmörkin á þeim stað þar sem fráveituvatn sem inniheldur kvikasilfur streymir frá atvinnurekstrinum.

5.3 Heimilt er að láta losunarmörkin gilda á þeim stað þar sem fráveituvatnið streymir í viðtaka sé hreinsistaður annar en staðsetning atvinnurekstrarins.

5.4 Í undantekningartilvikum er heimilt að beita reglum um umhverfismörk og gæðamarkmið í stað losunarmarkna, sbr. ákvæði í II. viðauka.

5.5 Tilvísunaraðferðir við greiningu á kvikasilfri er í 1. mgr. III. viðauka reglugerðar um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn frá atvinnurekstri sem stundar rafgreiningu alkalíklóríða. Heimilt er að nota aðrar aðferðir við greininguna sem Hollustuvernd ríkisins metur jafngóðar. Við mælingar á frárennsli skal fara að 2. mgr. III. viðauka.

Starfsleyfisskylda.

6. gr.

6.1 Atvinnurekstur sem losar kvikasilfur skal búinn bestu fánlegu tækni og verða starfsleyfi fyrir þennan rekstur að fela í sér ákvæði sem uppfylla kröfur þær sem koma fram í I. viðauka nema II. viðauki eigi við og IV. viðauki með reglugerð um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn frá atvinnurekstri sem stundar rafgreiningu alkalíklóríða. Jafnframt þarf að uppfylla ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnustarfsemi sem getur haft í för með sér mengun og annarra reglugerða eins og við eiga hverju sinni.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.
Söfnun upplýsinga.

7. gr.

7.1 Hollustuvernd ríkisins ber ábyrgð á að safna upplýsingum um m.a.:

1. nákvæma lýsingu á innihaldi starfsleyfa þar sem sett eru losunarmörk, umhverfismörk eða gæðamarkmið fyrir kvikasilfur,
2. niðurstöður skráningar á kvikasilfursmagni sem losað er í vatn,
3. niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið af eftirlitsaðilum til að ákvarða kvikasilfursmagn,
4. annað sem máli skiptir.

7.2 Þegar við á safnar viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýsingunum, sbr. 1. mgr., og sendir Hollustuvernd ríkisins.

7.3 Upplýsingasöfnun og skýrslugerð skal vera í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Áætlanir.

8. gr.

8.1 Hollustuvernd ríkisins ber ábyrgð á að gera sérstakar áætlanir um takmarkanir á losun kvikasilfurs sem á sér upptök á ýmsum öðrum stöðum þar sem ógerlegt er að beita losunarstöðlum, sbr. reglugerð þessa.

8.2 Markmið þessara áætlana skal vera að koma í veg fyrir eða uppræta mengun af völdum kvikasilfurs.

V. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.*Aðgangur að upplýsingum.*

9. gr.

9.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

10. gr.

10.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

10.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

11. gr.

11.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

12. gr.

12.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

12.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VI. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

13. gr.

13.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

13.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af 10. tölul. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 84/156/EBE).

13.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Losunarmörk og tilhögun eftirlits með losun.

1. Losunarmörk gilda um þær tegundir iðnaðar sem í hlut eiga og eru sett fram sameiginlega í eftirfarandi töflu:

Tegundir iðnaðar¹⁾	Losunarmörk	Mælieiningar
1. Efnaiðnaður þar sem kvikasilfurshvatar eru notaðir:		
(a) við framleiðslu vínýklóríðs	0,05	mg/l fráveituvatns
	0,1	g/t framleiðslugeta vínýklóríðs
(b) við aðra framleiðslu	0,05	mg/l fráveituvatns
	5	g/kg unnins kvikasilfurs
2. Framleiðsla kvikasilfurshvata sem notaðir eru við framleiðslu vínýklóríðs	0,05	mg/l fráveituvatns
	0,7	g/kg unnins kvikasilfurs
3. Framleiðsla lífrænna eða ólífrænna kvikasilfurssambanda (að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem getið er um í 2. tölul.)	0,05	mg/l fráveituvatns
	0,05	g/kg unnins kvikasilfurs
4. Framleiðsla einnota rafhlaðna sem innihalda kvikasilfur	0,05	mg/l fráveituvatns
	0,03	g/kg unnins kvikasilfurs
5. Vinnsla annarra málma en járns		
5.1. Atvinnurekstur sem endurvinnur kvikasilfur	0,05	mg/l fráveituvatns
5.2. Vinnsla og hreinsun annarra málma en járns	0,05	mg/l fráveituvatns
6. Atvinnurekstur sem meðhöndlar spilliefni sem inniheldur kvikasilfur	0,05	mg/l fráveituvatns

¹⁾ Losunarmörk fyrir aðrar tegundir iðnaðar en þeirra sem fást við rafgreiningu alkalíklóríða og ekki er fjallað um í þessari töflu, til dæmis pappírs- og stáliðjuver eða kolakýnt orkuver, skulu ákveðin í starfsleyfum.

1. Losunarmörkin sem gefin eru upp í töflunni samsvara mánaðarlegum meðalstyrk eða mánaðarlegu hámarks-
magni.
Magn losaðs kvikasilfurs er gefið upp sem fall af magni kvikasilfurs sem notað er eða meðhöndlað í iðjuverinu
á sama tímabili eða sem fall af leyfilegri framleiðslugetu vínýklóríðs.
2. Losunarmörk, sem gefin eru upp sem styrkur og ekki má í grundvallaratriðum fara yfir, eru sett fram í töflunni
hér að framan fyrir tegundir iðnaðar í 1.-4. hluta. Í engum tilvikum mega losunarmörk sem gefin eru upp
sem hámarksstyrkur vera hærri en þau sem gefin eru upp sem hámarks magn deilt með vatnsnotkun á hvert
kílógramm af meðhöndluðu kvikasilfri eða hvert kílógramm af leyfilegri framleiðslugetu vínýklóríðs.
Kvikasilfursstyrkur í fráveituvatni ræðst af vatnsmagninu sem notað er, en það er mismunandi eftir
vinnsluaðferðum og tegundum iðjuvera.
Í hvívetna skal þó uppfylla skilyrði um losunarmörkin sem gefin eru upp í töflunni hér að framan um magn
kvikasilfurs sem losað er í hlutfalli við magn kvikasilfurs sem unnið er eða leyfilega framleiðslugetu vínýl-
klóríðs.
3. Losunarmörkin fyrir daglegt meðaltal samsvara tvöföldum losunarmörkum fyrir mánaðarlegt meðaltal sem
gefin eru upp í töflunni.
4. Með eftirliti skal ganga úr skugga um hvort magn mengunarefna í fráveituvatni sé innan þeirra losunarmarka
sem sett hafa verið í samræmi við þennan viðauka.
Í starfsleyfum skal kveða á um hvernig beri að taka sýni, greina þau, mæla frárennslið og magn þess
kvikasilfurs sem unnið er, þegar við á.
Ef ómögulegt reynist að ákvarða það magn kvikasilfurs sem unnið er má grundvalla tilhögun eftirlits á því
magni kvikasilfurs sem heimilt er að vinna samkvæmt starfsleyfi.
5. Tekið skal sýni sem er dæmigert fyrir rennsli á einum sólarhring. Reikna verður út það kvikasilfursmagn sem
losað er á einu mánuði á grundvelli daglegs magns af kvikasilfri sem losað er.
Þó má taka upp einfaldaða aðferð við eftirlit ef í hlut eiga iðjuver sem losa ekki meira en 7,5 kg af kvikasilfri
á ári.

II. VIÐAUKI

Umhverfismörk og gæðamarkmið.

Í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr. er heimilt að beita gæðamarkmiðum í stað losunar-
marka, sbr. 1.-3. tölul.

1. Til að koma í veg fyrir mengun, sbr. viðauka með reglugerð um varnir gegn mengun
vatns eru eftirfarandi umhverfismörk og gæðamarkmið sett:
 - 1.1. Styrkur kvikasilfurs í dæmigerðu sýni af fiskholdi sem valið er sem vísitengund má
ekki fara yfir 0,3 mg/kg af blautu fiskholdi.
 - 1.2. Heildarstyrkur kvikasilfurs í yfirborðsvatni á landi þar sem áhrifa fráveituvatns gætir
má ekki fara yfir 1 µg/lítra sem miðast við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást
á einu ári.
 - 1.3. Styrkur uppleysts kvikasilfurs í vatni í ármynni þar sem áhrifa fráveituvatns gætir, má
ekki fara yfir 0,5 µg/lítra sem miðast við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á
einu ári.
 - 1.4. Styrkur uppleysts kvikasilfurs í sjó innan landhelgi og strandsjó, sem ekki telst vera
vatn í ármynni, þar sem áhrifa fráveituvatns gætir, má ekki fara yfir 0,3 µg/lítra sem
miðast við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.
 - 1.5. Ástand vatns skal vera þannig að hægt sé að fullnægja skilyrðum sem sett eru og gilda
um það með tilliti til kvikasilfursinnihalds.
2. Styrkur kvikasilfurs í seti eða í skelfiski má ekki aukast að marki með tímanum.
3. Ef mörg gæðamarkmið gilda fyrir vatn á tilteknu svæði skal ástand vatnsins vera þannig
að mögulegt sé að uppfylla hvert og eitt þeirra.

REGLUGERÐ

um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn frá atvinnurekstri sem stundar rafgreiningu alkalíklóríða.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun vatns með því að setja losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið vegna losunar kvikasilfurs frá atvinnurekstri sem stundar rafgreiningu alkalíklóríða.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um losunarmörk fyrir kvikasilfur í frárennsli frá atvinnurekstri þar sem rafgreining alkalíklóríða fer fram. Einnig gildir reglugerðin um umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir kvikasilfur í vatni, svo og um tilvísunaraðferðir við mælingar o.fl. þætti tengda notkun kvikasilfurs og um varnir gegn mengun af völdum þess og eftirlit. Reglugerðin gildir um viðkomandi atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni.

2.2 Reglugerðin gildir ekki um losun í grunnvatn.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fáanlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fáanlegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og fagiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.4 *Grunnvatn* er vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

3.5 *Gæðamarkmið* eru mörk tiltekinnar mengunar í umhverfi (lofti, vatni, jarðvegi, seti eða lífverum) og/eða lýsing á ástandi sem ákveðið er að gildi fyrir svæði í því skyni að draga enn frekar úr áhrifum mengunar, umfram umhverfismörk, og til að styðja tiltekna notkun og/eða viðhalda tiltekinni notkun umhverfisins til lengri tíma.

3.6 *Kvikasilfur (Hg)* er frumefnið kvikasilfur og kvikasilfur í öllum samböndum þess.

3.7 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

3.8 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.9 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun loftslags, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.10 *Umhverfismörk* er leyfilegt hámarksgildi mengunar í tilteknum viðtaka byggð á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að fyrirbyggja, eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið í heild. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild, eða tiltekna þætti þess (svo sem heilsuverndarmörk og gróðurverndarmörk).

3.11 *Vatn* er grunnvatn og yfirborðsvatn.

3.12 *Viðtaki* er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

3.13 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, straumvötn, stöðuvötn, jöklar, svo og strandsvæði og strandsjór.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Meginreglur.

Losunarmörk o.fl.

5. gr.

5.1 Losunarmörk fyrir losun kvikasilfurs frá rafgreiningu alkalíklóríða skulu vera í samræmi við I. viðauka.

5.2 Í undantekningartilvikum er heimilt í stað ákvæða um losunarmörk að setja í starfsleyfi ákvæði um umhverfismörk eða gæðamarkmið, sbr. ákvæði í II. og IV. viðauka.

5.3 Tilvísunaraðferðir við greiningu á kvikasilfri eru í 1. mgr. III. viðauka. Heimilt er að nota aðrar aðferðir við greininguna sem Hollustuvernd ríkisins metur jafngóðar. Við mælingar á frárennsli skal fara eftir 2. mgr. III. viðauka.

Starfsleyfis skylda.

6. gr.

6.1 Atvinnurekstur sem losar kvikasilfur er starfsleyfis skyldur og skal búinn bestu fánlegu tækni. Starfsleyfi verða að fela í sér ákvæði sem uppfylla kröfur þær sem koma fram í I. viðauka nema II. og IV. viðauki eigi við. Að öðru leyti skal gæta ákvæða reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Söfnun upplýsinga og áætlanir.

7. gr.

7.1 Hollustuvernd ríkisins ber ábyrgð á að afla upplýsinga um m.a.:

1. nákvæma lýsingu á innihaldi starfsleyfa þar sem sett eru losunarmörk, umhverfismörk eða gæðamarkmið fyrir kvikasilfur,
2. niðurstöður skráningar á kvikasilfursmagni sem losað er í vatn,

3. niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið af eftirlitsaðilum til að ákvarða styrk kvikasilfurs,

4. annað sem máli skiptir.

7.2 Þegar við á safnar viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýsingunum, sbr. 1. mgr., og sendir Hollustuvernd ríkisins.

7.3 Upplýsingasöfnun og skýrslugerð skal vera í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

V. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Aðgangur að upplýsingum.

8. gr.

8.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

9. gr.

9.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

9.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

10. gr.

10.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

11. gr.

11.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

11.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VI. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

12. gr.

12.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

12.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af 8. tölul. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 82/176/EBE).

12.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Losunarmörk og tilhögun eftirlits með losun.

1. Losunarmörkin, styrkur sem að jafnaði ætti ekki að fara yfir, eru sett fram í eftirfarandi töflu:

Mælieining	Losunarmörk. Mánaðarlegt meðaltal sem virða skal	Athugasemdir
Endurunnið og tapað saltvatn Míkrógrömm af kvikasilfri í hverjum lítra	50	Gildir um heildarmagn kvikasilfurs sem allt kvikasilfursmengað vatn sem losað er frá svæði iðjuversins inniheldur

Í engum tilvikum mega losunarmörk sem gefin eru upp sem hámarksstyrkur vera hærrí en sá styrkur sem fæst þegar deilt er með vatnsnotkun á hvert tonn leyfilegrar klórframleiðslu.

2. Kvikasilfursstyrkur í frárennsli ræðst af notuðu vatnsmagni, en það er breytilegt eftir vinnsluáferðum og tegundum iðjuvera. Ávallt skal þó uppfylla skilyrði um leyfilega losun samkvæmt þessari töflu um magn losaðs kvikasilfurs á tonn leyfilegrar klórframleiðslu.

Mælieining	Losunarmörk miðað við tonn framleiðslu. Mánaðarlegt meðaltal sem gildir	Athugasemdir
Endurunnið saltvatn Grömm af kvikasilfri á hvert tonn leyfilegrar klórframleiðslu	0,5 1,0	Gildir um kvikasilfur í fráveituvatni sem losað er frá einingunni sem framleiðir klór Gildir um heildarmagn kvikasilfurs sem allt kvikasilfursmengað vatn sem losað er frá svæði iðjuversins inniheldur
Tapað saltvatn Grömm af kvikasilfri á hvert tonn leyfilegrar klórframleiðslu	5,0	Gildir um heildarmagn kvikasilfurs sem allt kvikasilfursmengað vatn sem losað er frá svæði iðjuversins inniheldur

3. Losunarmörk fyrir daglegt meðaltal samsvara fjórföldum mörkunum fyrir mánaðarlegt meðaltal sem gefin eru upp í 1. og 2. lið.

4. Koma skal á eftirliti til að ganga úr skugga um hvort magn mengunarefna í frárennsli sé innan þeirra losunarmarka sem sett hafa verið í samræmi við þennan viðauka. Kveðið skal á um að:

- taka skuli daglega sýni sem er dæmigert fyrir frárennsli á einum sólarhring og mæla kvikasilfursstyrk sýnisins,
- mæla skuli heildarfrárennslið á því tímabili.

Reikna skal úr það kvikasilfursmagn sem losað er á einum mánuði með því að leggja saman tölur um magn kvikasilfurs sem losað er á hverjum degi í þeim mánuði. Síðan skal deila í samtöluna með leyfilegri framleiðslu klórs.

II. VIÐAUKI

Umhverfismörk og gæðamarkmið.

Í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr. er heimilt að beita umhverfismörkum (1., 1.1-1.4) og gæðamarkmiðum (1.5, 2. og 3.) í stað losunarmarka.

1. Til að koma í veg fyrir mengun, sbr einnig reglugerð um varnir gegn mengun vatns, eru eftirfarandi umhverfismörk og gæðamarkmið sett:
 - 1.1. Styrkur kvikasilfurs í dæmigerðu sýni af fiskholdi sem valið er sem vísitægund má ekki fara yfir 0,3 mg/kg af blautu fiskholdi.
 - 1.2. Heildarstyrkur kvikasilfurs í yfirborðsvatni á landi þar sem áhrifa fráveituvatns gætir má ekki fara yfir 1 µg/lítra sem miðast við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.
 - 1.3. Styrkur uppleysts kvikasilfurs í vatni í ármynni þar sem áhrifa fráveituvatns gætir, má ekki fara yfir 0,5 µg/lítra sem miðast við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.
 - 1.4. Styrkur uppleysts kvikasilfurs í sjó innan landhelgi og strandsjó, sem ekki telst vera vatn í ármynni, þar sem áhrifa fráveituvatns gætir, má ekki fara yfir 0,3 µg/lítra sem miðast við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.
 - 1.5. Ástand vatns skal vera þannig að mögulegt sé að fullnægja skilyrðum sem sett eru og gilda um það að svo miklu leyti sem kvikasilfur hefur áhrif á ástandið.
2. Styrkur kvikasilfurs í seti eða í skelfiski má ekki aukast að marki með tímanum.
3. Ef mörg gæðamarkmið gilda fyrir vatn á tilteknu svæði skal ástand vatnsins vera þannig að fullnægja megi hverju og einu þessara markmiða.

III. VIÐAUKI.

Tilvísunaraðferð við mælingar.

1. Tilvísunaraðferð sú sem notuð er til að ákvarða magn kvikasilfurs í vatni, fiskholdi, seti og skelfiski er frumeindagleypniaðferðin án loga eftir að sýnið hefur verið meðhöndlað á viðeigandi hátt þar sem einkum er höfð hliðsjón af foroxun kvikasilfurmálmsins og þar á eftir afoxun tvígildra kvikasilfursjóna. Greiningarmörkin skulu vera á þann veg að mæla megi styrk kvikasilfurs með nákvæmni sem er $\pm 30\%$ og hittni sem er $\pm 30\%$ við eftirfarandi styrk:
 - ef um er að ræða frárennsli, einn tíunda hluta af hámarksstyrk kvikasilfurs sem heimill er samkvæmt starfsleyfinu,
 - ef um er að ræða yfirborðsvatn, einn tíunda hluta af hámarksstyrk kvikasilfurs sem tilgreindur er samkvæmt umhverfismörkum,
 - ef um er að ræða fiskhold eða skelfisk, einn tíunda hluta af styrk kvikasilfurs sem tilgreindur er samkvæmt umhverfismörkum,
 - ef um er að ræða set, einn tíunda hluta af styrk kvikasilfurs í sýninu eða 0,05 mg/kg þurrefnis, hvort sem hærra er.
2. Mæla verður rennsli með nákvæmninni $\pm 20\%$.

IV. VIÐAUKI

Tilhögun eftirlits með umhverfismörkum og gæðamarkmiðum.

1. Í hvert sinn sem starfsleyfi er veitt samkvæmt þessari reglugerð skal kveða á um takmarkanir, tilhögun eftirlits og fresti til að tryggja að viðeigandi umhverfismörkum og

- gæðamarkmiðum sé fylgt.
2. Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA fyrir hver umhverfismörk og gæðamarkmið, um:
 - losunarstaði og dreifingarleiðir,
 - svæðið þar sem ákvæðum um umhverfismörk og gæðamarkmiðum er beitt,
 - staðsetningu sýnatökustaða,
 - sýnatökutíðni,
 - sýnatöku- og mæliaðferðir,
 - fengnar niðurstöður.
 3. Sýni skulu gefa nægilega góða mynd af ástandi vatnsumhverfisins á því svæði þar sem áhrifa losunarinnar gætir. Þau skulu tekin nægilega oft til að hægt sé að greina sérhverja breytingu á vatnsumhverfinu, einkum að teknu tilliti til náttúrlegra sveiflna í vatnakerfinu. Þegar um er að ræða fisk úr saltvatni skal fjöldi sýna vera nægilegur og ná yfir nægilega margar tegundir til að niðurstöður greininga verði dæmigerðar.
 4. Að því er varðar umhverfismörkin sem getið er um í 1.1 í II. viðauka skal eftirlitsaðili velja fisktegundir sem notaðar verða sem vísitægundir til greiningar. Þegar um er að ræða saltvatn ber að velja úr þeim tegundum sem hafast við í strandsjó og eru veiddar staðbundið, meðal annars þorsk, lýsu, skarkola, makríl, ýsu og lúðu.

REGLUGERÐ

um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun vatns með því að setja losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið vegna losunar kadmíums frá atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerðin gildir um losunarmörk fyrir kadmíum í frárennsli frá atvinnurekstri og umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir kadmíum í vatni, svo og um tilvísunaraðferðir við mælingar o.fl. þætti tengda notkun á kadmíum, varnir gegn mengun af völdum þess og eftirlit. Reglugerðin gildir um viðkomandi atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni.

2.2 Reglugerðin gildir ekki um losun kadmíums í grunnvatn.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fáanlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fáanlegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og fag-giltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.4 *Grunnvatn* er vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

3.5 *Gæðamarkmið* eru mörk tiltekinnar mengunar í umhverfi (lofti, vatni, jarðvegi, seti eða lífverum) og/eða lýsing á ástandi, sem ákveðið er að gilda eigi fyrir svæði til þess að enn minni hættu sé á að áhrifa mengunar gæti en stefnt er að með umhverfismörkum og til að styðja tiltekna notkun umhverfisins og/eða viðhalda henni til lengri tíma.

3.6 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

3.7 *Kadmíum (Cd)* er frumefnið kadmíum og kadmíum í öllum samböndum þess.

3.8 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.9 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnem og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.10 *Umhverfismörk* eru mörk sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess.

3.11 *Vatn* er grunnvatn og yfirborðsvatn.

3.12 *Viðtaki* er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

3.13 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, straumvötn, stöðuvötn, jöklar, svo og strandsvæði og strandsjór.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Meginreglur.

Losunarmörk o.fl.

5. gr.

5.1 Losunarmörk fyrir kadmíum skulu vera í samræmi við I. viðauka.

5.2 Í undantekningartilvikum er heimilt í stað ákvæða um losunarmörk að setja í starfsleyfi ákvæði um umhverfismörk eða gæðamarkmið, sbr. ákvæði í II. og IV. viðauka.

5.3 Tilvísunaraðferðir við greiningu á kadmíum er í 1. mgr. III. viðauka. Heimilt er að nota aðrar aðferðir við greininguna sem Hollustuvernd ríkisins metur jafngóðar. Við mælingar á frárennsli skal fara að 2. mgr. III. viðauka.

5.4 Undir eðlilegum kringumstæðum gilda losunarmörkin á þeim stað þar sem fráveituvatn sem inniheldur kadmíum er losað frá atvinnurekstrinum. Þó er heimilt í þeim tilvikum þar sem fráveituvatn er meðhöndlað í hreinsivirki á öðrum stað en við atvinnureksturinn að láta losunarmörk gilda þar.

Starfsleyfisskylda.

6. gr.

6.1 Atvinnurekstur þar sem losun kadmíums á sér stað er starfsleyfisskyldur og skal búinn bestu fánlegu tækni. Starfsleyfi verða að fela í sér ákvæði sem uppfylla kröfur þær sem koma fram í I. viðauka nema að II. og IV. viðauki eigi við. Að öðru leyti skal gæta ákvæða reglugerða um varnir gegn mengun vatns.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Söfnun upplýsinga og áætlanir.

7. gr.

7.1 Hollustuvernd ríkisins ber ábyrgð á að afla upplýsinga um m.a.:

1. starfsleyfi þar sem sett eru losunarmörk fyrir kadmíum,
2. niðurstöður skráningar á kadmíummagni sem losað er í vatn,
3. niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið af eftirlitsaðilum til að ákvarða kadmíummagn,
4. annað sem máli skiptir.

7.2 Þegar við á safnar viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýsingunum, sbr. 1. mgr., og sendir Hollustuvernd ríkisins.

7.3 Upplýsingasöfnun og skýrslugerð skal vera í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

V. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Aðgangur að upplýsingum.

8. gr.

8.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

9. gr.

9.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

9.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

10. gr.

10.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

11. gr.

11.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

11.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VI. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

12. gr.

12.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

12.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af 9. tölul. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 83/513/EBE).

12.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Losunarmörk og tilhögun eftirlits með losun.

1. Losunarmörk.

Tegund iðnaðar ¹⁾	Mælieining	Losunarmörk
1. Sinknám, blý- og sinkhreinsun, og vinnsla annarra málma en járns	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 ²⁾
2. Framleiðsla á kadmíumsamböndum	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 ²⁾
	Grömm af kadmíum sem losuð eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	0,5 ³⁾
3. Framleiðsla á litarefnum	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 ²⁾
	Grömm af kadmíum sem losuð eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	0,3 ³⁾
4. Framleiðsla á varðveisluefnum	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 ²⁾
	Grömm af kadmíum sem losuð eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	0,5 ³⁾
5. Framleiðsla á einnota rafhlöðum og hleðslurafhlöðum	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 ²⁾
	Grömm af kadmíum sem losuð eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	1,5 ³⁾
6. Rafhúðun	Milligrömm af kadmíum í hverjum lítra sem losaður er	0,2 ²⁾
	Grömm af kadmíum sem losuð eru við vinnslu hvers kílógramms af kadmíum	0,3 ³⁾
7. Framleiðsla á fosfórsýru og/eða fosfóraburði úr bergtegundum sem innihalda fosföt ⁴⁾		

¹⁾ Losunarmörk fyrir þær tegundir iðnaðar sem ekki er fjallað um í þessari töflu verða ákveðin síðar ef nauðsyn krefur. Í starfsleyfum skal kveða á um losunarmörk.

²⁾ Mánaðarlega vegið meðaltal af heildarstyrk kadmíums.

³⁾ Mánaðarlegt meðaltal.

⁴⁾ Á þessari stundu er ekki um neinar hagkvæmar tæknilegar aðferðir að ræða til að fjarlægja kadmíum kerfisbundið úr frárennsli sem stafar frá framleiðslu fosfórsýru og/eða fosfóraburðar úr bergtegundum sem innihalda fosföt. Kveða skal á um losunarmörk í starfsleyfi.

2. Losunarmörk sem gefin eru upp sem styrkur og ekki má í grundvallaratriðum fara yfir eru sett fram í töflunni hér að framan fyrir tegundir iðnaðar í 2., 3., 4., 5. og 6. hluta. Í engum tilvikum mega losunarmörk sem gefin eru upp sem hámarksstyrkur vera hærrí en þau sem gefin eru upp sem hámarksmagn deilt með vatnsnotkun á hvert kílógramm af unnu kadmíum. Þar sem styrkur kadmíums í fráveituvatni ræðst af vatnsmagninu sem notað er, en það er mismunandi eftir vinnsluáðferðum og tegundum iðjuvera, skal þó í hvívetna uppfylla skilyrði um losunarmörkin sem gefin eru upp í töflunni hér að framan um magn kadmíums sem losað er í hlutfalli við magn kadmíums sem unnið er.
3. Losunarmörkin fyrir daglegt meðaltal samsvara tvöföldum losunarmörkum fyrir mánaðarlegt meðaltal sem gefin eru upp í töflunni hér að framan.
4. Með eftirliti skal ganga úr skugga um hvort magn mengunarefna í fráveituvatni sé innan marka þeirrar heimiludu losunar sem sett hefur verið í samræmi við losunarmörkin sem ákveðin eru í viðauka þessum. Í starfsleyfum skal kveða á um hvernig beri að taka sýni, greina þau, mæla rennslið og magn þess kadmíums sem unnið er.

Ef ómögulegt reynist að ákvarða það magn kadmíums sem unnið er má grundvalla tilhögun eftirlits á því magni kadmíums sem heimilt er að vinna, með tilliti til leyfilegrar framleiðslu sem starfsleyfið byggðist á.

5. Tekið skal sýni sem er dæmigert fyrir rennsli á einum sólarhring. Reikna verður út það kadmíummagn sem losað er á einum mánuði á grundvelli daglegs magns af kadmíum sem losað er.

Þó má taka upp einfaldaða aðferð við eftirlit ef í hlut eiga iðjuver sem losa ekki meira en 10 kg af kadmíum á ári. Þegar um er að ræða iðjuver sem stunda rafhúðun má eingöngu taka upp einfaldaðar aðferðir við eftirlit ef heildarrúmál rafhúðunartanka er minna en 1,5 m³.

II. VIÐAUKI.

Umhverfismörk og gæðamarkmið.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. er heimilt að beita umhverfismörkum (1 til 2.3) og gæðamarkmiðum (3 og 4) í stað losunarmarka.

1. Eftirfarandi umhverfismörk¹⁾ eru sett með það að markmiði að koma í veg fyrir mengun vatns.
 - 1.1 Heildarstyrkur kadmíums í yfirborðsvatni á landi þar sem áhrifa fráveituvatns gætir má ekki fara yfir 5 µg/lítra.
 - 1.2 Styrkur uppleysts kadmíums í vatni í ármynni þar sem áhrifa fráveituvatns gætir má ekki fara yfir 5 µg/lítra.
 - 1.3 Styrkur uppleysts kadmíums í sjó innan landhelgi og strandsjó, sem ekki telst vera vatn, í ármynni þar sem áhrifa fráveituvatns gætir má ekki fara yfir 2,5 µg/lítra.
 - 1.4 Þegar um er að ræða vatn sem ætlað er til nýtingar sem neysluvatn skal kadmíuminnihald samrýmast þeim skilyrðum sem sett eru í reglugerð um neysluvatn.
2. Til viðbótar ofanefndum skilyrðum skal kadmíumstyrkur ákvarðaður af eftirlitsaðilum og niðurstöðurnar bornar saman við eftirfarandi tölur um styrk²⁾:
 - 2.1 Heildarstyrkur kadmíums 1 µg/lítra þegar um er að ræða yfirborðsvatn á landi.
 - 2.2 Styrkur uppleysts kadmíums 1 µg/lítra þegar um er að ræða vatn í ármynni.
 - 2.3 Styrkur uppleysts kadmíums 0,5 µg/lítra þegar um er að ræða sjó innan landhelgi og strandsjó annan en vatn í ármynni.
Sé ekki farið að þessum skilyrðum á einum tilteknum mælistað eftirlitsaðila skal skýra Hollustuvernd ríkisins frá ástæðum þess.
3. Styrkur kadmíums í seti og/eða í skelfiski, ef mögulegt er í dýrategundinni *Mytilus edulis*, má ekki aukast að marki með tímanum.
4. Ef mörg gæðamarkmið gilda fyrir vatn á tilteknu svæði skal ástand vatnsins vera þannig að hægt sé fullnægja hverju og einu þessara markmiða.

¹⁾ Styrkur kadmíums sem tilgreindur er í 1.1, 1.2 og 1.3 eru lágmarksskilyrði sem nauðsynleg eru til að vernda líf í vatni.

²⁾ Ef frá eru talin umhverfismörk í lið 1.4, miðast allar tölur um styrk við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.

III. VIÐAUKI

Tilvísunaraðferðir við mælingar.

1. Tilvísunaraðferð sú sem notuð er til að ákvarða magn kadmíums í vatni, seti og skelfiski er frumeindagleypniaðferðin eftir að sýnið hefur verið varðveitt og meðhöndlað á viðeigandi hátt.

Greiningarmörkin skulu vera á þann veg að mæla megi styrk kadmíums með nákvæmni sem er ± 30% og hittni sem er ± 30% við eftirfarandi styrk:

- ef um er að ræða frárennsli, einn tíunda hluta af hámarksstyrk kadmíums sem leyfilegur er samkvæmt leyfinu,

- ef um er að ræða yfirborðsvatn, 0,1 µg/lítra eða einn tíunda hluta af hámarksstyrk kadmíums sem tilgreint er samkvæmt gæðamarkmiðunum, hvort sem meira er,
 - ef um er að ræða skelfisk, 0,1 mg/kg blautvigtadur,
 - ef um er að ræða set, einn tíunda af styrk kadmíums í sýninu eða 0,1 mg/kg þurrvigtad þar sem þurrkun fer fram við 105 – 110°C við stöðuga þyngd, hvort gildið sem hærra er.
2. Mæla verður rennsli með nákvæmninni $\pm 20\%$.

IV. VIÐAUKI

Tilhögun eftirlits með gæðamarkmiðum.

1. Í hvert sinn sem leyfi er veitt samkvæmt þessari tilskipun mæla lögbær yfirvöld fyrir um takmarkanir, tilhögun eftirlits og fresti til að tryggja að viðeigandi gæðamarkmiðum sé fylgt.

2. Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um:

- losunarstaði og dreifingarleiðir,
- svæðið þar sem gæðamarkmiðunum er beitt,
- staðsetningu sýnatökustaða,
- sýnatökutíðni,
- sýnatöku- og mæliaðferðir,
- fengnar niðurstöður.

3. Sýni skulu gefa nægilega góða mynd af ástandi vatnsins á því svæði þar sem áhrifa losunarinnar gætir, þau skulu tekin nægilega oft til að hægt sé að greina sérhverja breytingu á vatninu, einkum að teknu tilliti til náttúrlegra sveiflna í vatnasviðinu.

REGLUGERÐ

um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórsýklóhexani (HCH) í yfirborðsvatn.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun með því að setja losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið vegna losunar á HCH.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um losunarmörk vegna losunar á HCH í frárennsli frá atvinnurekstri. Einnig gildir reglugerðin um umhverfismörk og gæðamarkmið vegna HCH í vatni, svo og um tilvísunaraðferðir við mælingar o.fl. þætti tengda losun HCH og um varnir gegn mengun af völdum þess og eftirlit. Reglugerðin gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni.

2.2 Reglugerðin gildir ekki um losun í grunnvatn.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fánlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lág-

marka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fáanlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum að- stæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og fag- giltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.4 *Einangrun lindans* er aðskilnaður lindans úr blöndu myndbrigða af hexaklórsýkló- hexani.

3.5 *Grunnvatn* er vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

3.6 *Gæðamarkmið* eru mörk tiltekinnar mengunar í umhverfi (lofti, vatni, jarðvegi, seti eða lífverum) og/eða lýsing á ástandi, sem ákveðið er að gilda eigi fyrir svæði til þess að enn minni hættu sé á að áhrifa mengunar gæti en stefnt er að með umhverfismörkum og til að styðja tiltekna notkun umhverfisins og/eða viðhalda henni til lengri tíma. Gæta skal að skilyrðum í II. viðauka.

3.7 *HCH* eru myndbrigði 1, 2, 3, 4, 5, 6-hexaklórsýklóhexans.

3.8 *Lindan* er myndefni sem inniheldur a.m.k. 99% γ -myndbrigði af 1, 2, 3, 4, 5, 6- hexaklórsýklóhexani.

3.9 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varma- flæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.10 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.11 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

3.12 *Umhverfismörk* eru mörk sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess. Gæta skal að gildum í I. viðauka.

3.13 *Vatn* er grunnvatn og yfirborðsvatn.

3.14 *Viðtaki* er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

3.15 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi yfirborðsvatn, straumvötn, stöðuvötn, jöklar svo og strandsvæði og strandsjór.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirmsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI Meginreglur.

Losunarmörk o.fl.

5. gr.

5.1 Öll bein losun á HCH er óheimil.

5.2 Losun á HCH sem ekki fer í fráveitur skal vera í samræmi við leiðbeiningar heilbrigðisnefndar.

6. gr.

6.1 Losunarmörk fyrir losun á HCH skulu vera í samræmi við I. viðauka.

6.2 Í undantekningartilvikum er heimilt í stað ákvæða um losunarmörk að setja í starfsleyfi ákvæði um umhverfismörk eða gæðamarkmið, sbr. ákvæði í II. og IV. viðauka.

6.3 Tilvísunaraðferðir við greiningu á HCH er í 1. mgr. III. viðauka. Heimilt er að nota aðrar aðferðir við greininguna sem Hollustuvernd ríkisins metur jafngóðar. Við mælingar á frárennsli skal fara eftir 2. mgr. III. viðauka.

6.4 Undir eðlilegum kringumstæðum gilda losunarmörkin á þeim stað þar sem fráveituvatn sem inniheldur HCH er losað frá atvinnurekstrinum. Þó er heimilt í þeim tilvikum þar sem fráveituvatn er meðhöndlað í hreinsivirki á öðrum stað en við atvinnureksturinn að láta losunarmörk gilda þar.

Starfsleyfisskylda.

7. gr.

7.1 Atvinnurekstur sem losar HCH er starfsleyfisskyldur og skal búinn bestu fánlegri tækni. Starfsleyfi fyrir þennan rekstur verða að fela í sér ákvæði sem uppfylla kröfur þær sem koma fram í I. viðauka nema II. og IV. viðauki eigi við. Að öðru leyti skal gæta ákvæða reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Söfnun upplýsinga.

8. gr.

8.1 Hollustuvernd ríkisins ber ábyrgð á að safna upplýsingum um m.a.:

1. Starfsleyfi þar sem fram koma losunarmörk fyrir HCH.

2. Niðurstöður skráningar á HCH sem losað er í vatn.

3. Niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið af eftirlitsaðilum til að ákvarða HCH-magn.

4. Annað sem máli skiptir.

8.2 Þegar við á safnar viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýsingum, sbr. 1. mgr., og sendir Hollustuvernd ríkisins.

8.3 Upplýsingasöfnun og skýrslugerð skal vera í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

V. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Aðgangur að upplýsingum.

9. gr.

9.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

10. gr.

10.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

10.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakur atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

11. gr.

11.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

12. gr.

12.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

12.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VI. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

13. gr.

13.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

13.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af 11. tölul. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 84/491/EBE).

13.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Losunarmörk ásamt tilhöggun eftirlits með losun.

1. Losunarmörk.

Tegund iðnaðar ^{a)}	Mælieining	Losunarmörk ^{d)}
1. Iðjuver sem framleiðir HCH	Grömm af HCH í hverju tonni af framleiddu HCH ^{b)}	2
	Milligrömm af HCH í hverjum lítra sem losaður er ^{c)}	2
2. Iðjuver sem vinnur lindan	Grömm af HCH í hverju tonni af HCH sem meðhöndlaður er ^{b)}	4
	Milligrömm af HCH í hverjum lítra sem losaður er ^{c)}	2
3. Iðjuver þar sem HCH er framleitt og vinnsla lindans fer fram	Grömm af HCH í hverju tonni af framleiddu HCH ^{b)}	5
	Milligrömm af HCH í hverjum lítra sem losaður er ^{c)}	2

a) Losunarmörkin í töflunni ná einnig til frárennslis af völdum lindanblöndunar á sama stað.

Losunarmörk fyrir aðrar tegundir iðnaðar en þeirra, sem meðhöndla HCH og ekki er fjallað um hér í töflunni og einkum iðjuver sem blanda lindan og framleiða verndarefni fyrir plöntur, við og kapla skulu ákveðin í starfsleyfum. Losunarmörk frá slíkum verksmiðjum skal ákveða með hliðsjón af fullkomnustu tækni sem völ er á.

b) Losunarmörk miðað við magn (mánaðarlegt meðaltal).

c) Losunarmörk miðað við styrk (veginn meðalstyrkur HCH í frárennslis).

d) Losunarmörk fyrir heildarmagn HCH sem er fyrir hendi í öllu frárennslis vatns sem inniheldur HCH og er upprunnið frá svæði því sem iðjuverið stendur á.

- Losunarmörk sem gefin eru upp sem styrkur og ekki má í grundvallaratriðum fara yfir eru sett fram í töflunni hér að framan. Í engum tilvikum mega losunarmörk sem gefin eru upp sem hámarksstyrkur vera hærrí en þau sem gefin eru upp sem þyngd deilt með vatnsnotkun á hvert tonn af HCH sem framleitt er eða meðhöndlað. Ætíð skal virða losunarmörkin, miðað við þyngd, sem gefin eru upp í töflunni hér að framan sem magn af losuðu HCH í hlutfalli við magn af HCH sem framleitt er, unnið eða meðhöndlað.
- Losunarmörkin fyrir daglegt meðaltal samsvara tvöföldum losunarmörkunum fyrir mánaðarlegt meðaltal sem gefin eru upp í töflunni hér að framan þegar eftirlit fer fram í samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr. hér að aftan.
- Nauðsynlegt er að koma á eftirliti til að ganga úr skugga um hvort magn mengunarefna í frárennslis sé innan þeirra losunarmarkna sem sett hafa verið í samræmi við reglugerð þessa. Kveða skal á um hvernig beri að taka sýni, greina þau, mæla frárennslis og magn þess HCH sem framleitt er eða meðhöndlað. Ef ómögulegt reynist að ákvarða það magn HCH sem framleitt er eða meðhöndlað er má í mesta lagi grundvalla tilhöggun

- eftirlits á því magni HCH sem líklegt er að framleitt verði eða meðhöndlað á því tímabili sem um ræðir og að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem leyfið byggist á.
5. Tekið skal sýni sem er dæmigert fyrir frárennsli á einum sólarhring. Reikna verður út það HCH-magn sem losað er á einum mánuði á grundvelli daglegs magns af HCH sem losað er. Þó má taka upp einfaldaða aðferð við eftirlit ef í hlut eiga iðjuver sem losa ekki meira en 3 kg af HCH á ári.

II. VIÐAUKI

Umhverfismörk og gæðamarkmið.

Í samræmi við ákvæði 6. og 7. gr. reglugerðarinnar er heimilt að beita umhverfismörkum og gæðamarkmiðum í stað losunarmarka, skv. 1.-4. tölul. hér á eftir:

1. Eftirfarandi umhverfismörk og gæðamarkmið¹⁾ eru sett með það að markmiði að koma í veg fyrir mengun vatns.²⁾
 - 1.1. Heildarstyrkur HCH í yfirborðsvatni á landi, þar sem áhrifa fráveituvatns gætir, má ekki fara yfir 100 µg/lítra.
 - 1.2. Heildarstyrkur uppleysts HCH í vatni í ármynni og umhverfi má ekki fara yfir 20 µg/lítra.
 - 1.3. Þegar um er að ræða vatn sem ætlað er til nýtingar sem drykkjarvatn skal HCH-innihald samrýmast þeim skilyrðum sem sett eru í reglugerð um neysluvatn.
2. Að viðbættum ofanefndum skilyrðum skal HCH-styrkur í yfirborðsvatni á landi mældur af eftirlitsaðilum og niðurstöðurnar bornar saman við heildarstyrk HCH í 50 µg/lítra.
Sé ekki farið að þessum skilyrðum á einum tilteknum mælistað ber að skýra Hollustuvernd ríkisins frá því.
3. Heildarstyrkur HCH í seti og/eða í skelfiski og/eða í lindýrum og/eða fiski má ekki aukast að marki með tímanum.
4. Ef mörg gæðamarkmið gilda fyrir vatn á tilteknu svæði skulu gæði vatns vera nægileg til að fullnægja hverju og einu þessara markmiða.

III. VIÐAUKI

Aðferðir við mælingar.

1. Tilvísunaraðferð sú sem notuð er til að ákvarða magn efnanna sem um ræðir í útstreymi og í vatni er gasgreining á súlu með rafeindadræggigreiningu eftir skiljun með viðeigandi leysiefni og hreinsimiðli. Nákvæmni og hittni aðferðarinnar skal vera $\pm 50\%$ í magni sem er tvöfalt meira en greiningarmörkin:
Greiningarmörkin skulu vera:
 - ef um er að ræða frárennsli, einn tíunda hluta þess styrks sem leyfilegur er á sýna-tökustað,
 - ef um er að ræða vatnasvæði þar sem gæðamarkmið gilda:
 - i) fyrir yfirborðsvatn á landi, einn tíunda hluta þess styrks sem mælt er fyrir um með umhverfismörkunum,

¹⁾ Styrkurinn sem tilgreindur er í 1.1. og 1.2. er lágmarksskilyrði sem nauðsynlegt er til að vernda líf í vatni fyrir mengun.

²⁾ Ef frá eru talin gæðamarkmiðin í lið 1.3, miðast allar tölur um styrk við reiknað meðaltal niðurstaðnanna sem fást á einu ári.

- ii) fyrir vatn í ármynni og landhelgi, einn fimmta hluta þess styrks sem mælt er fyrir um með umhverfismörkum,
 – ef um er að ræða set, $\mu\text{g}/\text{kg}$ þurrvigtað;
 – ef um er að ræða lífverur, $\mu\text{g}/\text{kg}$ blautvigtað.
2. Mæla verður rennsli með nákvæmninni $\pm 20\%$.

IV. VIÐAUKI

Tilhögun eftirlits með umhverfismörkum og gæðamarkmiðum.

- Í hvert sinn sem leyfi er veitt samkvæmt þessari reglugerð skal setja sérstök ákvæði í starfsleyfi um tilhögun eftirlits og fresti til að tryggja að viðeigandi umhverfismörkum og gæðamarkmiðum sé fylgt.
- Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um:
 - losunarstaði og dreifingarleiðir,
 - svæðið þar sem gæðamarkmiðunum er beitt,
 - staðsetningu sýnatökustaða,
 - sýnatökutíðni,
 - sýnatöku- og mæliaðferðir,
 - fengnar niðurstöður.
- Sýni skulu gefa nægilega góða mynd af ástandi vatnsins á því svæði þar sem áhrifa losunarinnar gætir, þau skulu tekin nægilega oft til að hægt sé að greina sérhverja breytingu á vatninu, einkum að teknu tilliti til náttúrlegra sveiflna í vatnasviðinu.

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr og takmarka mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

1.2 Einnig er það markmið að stuðla að almennri vatnsvernd.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um notkun áburðar í landbúnaði og köfnunarefnissambanda í öðrum atvinnurekstri, eftirlit með notkun þeirra, mælingar á næringarefnum í umhverfinu, einkum í yfirborðsvatni, skilgreiningu og kortlagningu viðkvæmra vatnasvæða, starfsreglur um góða búskaparhætti o.fl. sem tengist notkun köfnunarefnissambanda í landbúnaði. Reglugerðin gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir einnig um athafnir einstaklinga eins og við getur átt.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Aðgerðaáætlun* er áætlun um aðgerðir til að hindra eða draga úr mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda.

3.2 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.3 *Áburðargjöf* er dreifing áburðar á yfirborð lands, dæling hans í jarðveg eða þegar hann er lagður undir yfirborð lands eða honum blandað saman við yfirborðslög.

3.4 *Áburður* er efni sem inniheldur köfnunarefnissamband eða köfnunarefnissambönd sem borin eru m.a. á land til þess að auka gróðurvöxt og getur t.d. verið tilbúinn áburður, búfjáráburður, seyra frá fiskeldisstöðvum og hreinsunarstöðvum.

3.5 *Ármynni* eru árósar á mörkum ferskvatns og strandsjávar.

3.6 *Búfjáráburður* er úrgangur, s.s. skítur, hland og mykja, frá búfjárhaldi.

3.7 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.8 *Ferskvatn (ósalt vatn)* er vatn sem hefur lítinn saltstyrk og er yfirleitt hæft til töku og vinnslu sem neysluvatn.

3.9 *Grunnvatn* er vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

3.10 *Köfnunarefnismengun* er bein eða óbein losun á köfnunarefnissamböndum í vatn og vatnasvið þannig að það geti valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun vatns.

3.11 *Köfnunarefnissamband* er efni sem inniheldur köfnunarefni, þó ekki köfnunarefnissameindir í loftkenndu formi.

3.12 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.13 *Næringarefnaauðgun* er röskun á búsvæðum og jafnvægi í vistkerfi vatns sem má rekja til ofauðgunar næringarsalta í vatni, einkum efnasambanda köfnunarefnis og fosfórs. Ofauðgun lýsir sér oft sem aukning í frumframleiðni.

3.14 *Strandsjór* er sjór sem nær frá fjörumörkum og ferskvatnsmörkum í vatnsföllum að mengunarlögsögu.

3.15 *Tilbúinn áburður* er verksmiðjuframleiddur áburður.

3.16 *Vatn* er grunnvatn og yfirborðsvatn.

3.17 *Viðkvæm vatnasvæði* eru í reglugerð þessari vatnasvæði sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna nítratmengunar sé ekki gripið til verndaraðgerða, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða vatnasvæði sem hafa orðið fyrir áhrifum vegna nítratmengunar.

3.18 *Viðtaki* er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

3.19 *Yfirborðsvatn* er kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsvæði og strandsjór.

II. KAFLI

Umsjón.*Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.*

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI Meginreglur.

Ráðstafanir til að draga úr köfnunarefnismengun.

5. gr.

5.1 Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á að vatn mengist og koma í veg fyrir mengun í vatni af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði eða af öðrum orsökum.

5.2 Losun búfjáráburðar í yfirborðsvatn er óheimil.

Söfnun, geymsla og notkun áburðar.

6. gr.

6.1 Taka skal mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr., við geymslu og dreifingu tilbúins áburðar.

6.2 Við gripahús, þ.m.t. loðdýra-, svína- og alifuglabú, skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Stærð hauggeymslu þarf að miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörðin getur tekið við honum eða taka a. m. k. sex mánaða haug.

6.3 Við staðsetningu og frágang á hauggeymslum skal taka mið af vatnsverndarsvæðum, fjarlægðarmörkum fyrir vatnsból og starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um gerð og staðsetningu hauggeymslna og áburðargeymslna.

6.4 Taka skal mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr., varðandi notkun búfjáráburðar. Magn búfjáráburðar sem dreift er skal taka mið af áburðargildi hans og áburðarþörf gróðurs. Á ógróið land skal miða við venjulega túnskammta, sbr. starfsreglur um góða búskaparhætti.

6.5 Taka skal tillit til nálægrar starfsemi, íbúðarhúsa og orlofshverfa við dreifingu búfjáráburðar m.a. með því að virða hæfileg fjarlægðarmörk og miða við hagstæðar vindáttir við dreifingu.

Starfsleyfisskyld búfjárframleiðsla.

7. gr.

7.1 Í starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda búfjárframleiðslu skulu vera ákvæði um söfnun, geymslu og dreifingu búfjáráburðar sem taki mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. Við það skal miðað að dreifing búfjáráburðar fari að jafnaði fram á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert og að jafnaði sé ekki dreift á frosna jörð.

7.2 Í umsókn um starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda búfjárframleiðslu geri fyrirtækið grein fyrir söfnun, geymslu og dreifingu búfjáráburðar. Einnig ráðstafanir fyrirtækisins til vatnsverndar og til að draga úr óþægindum m.a. vegna lyktarvandamála vegna geymslu og dreifingar búfjáráburðar. Áætlanir fyrirtækisins taki mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr.

7.3 Fyrirtækið geri grein fyrir því landrymi sem til ráðstöfunar er til dreifingar búfjáráburðar og hvernig sé tryggður annar farvegur til förgunar ef landrymi er ekki nægjanlegt fyrir áburðardreifingu þar sem tekið sé mið af starfsreglum um góða búskaparhætti hvað varðar áburðarmagn.

7.4 Með umsókn um starfsleyfi skal einnig skila inn upplýsingum þar sem gerð er grein fyrir magni köfnunarefnis í hverju tonni mykju, gróðurfari á mismunandi dreifingarlandi og upplýsingum um fyrirhugað magn áburðar sem dreifa á á hvert svæði og annað sem máli kann að skipta í ákvörðun um magn til dreifingar.

Mælingar á nítрати o.fl.

8. gr.

8.1 Heilbrigðisnefndir skulu láta mæla nítратstyrk í ferskvatni sem nýtt er sem neysluvatn. Hollustuvernd ríkisins skal sjá um að vöktun sé framkvæmd sem hér segir:

1. mæla nítратstyrk a.m.k. mánaðarlega í eitt ár á völdum sýnatökustöðum í yfirborðsvatni sem nýtt er sem neysluvatn, sbr. reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn og/eða á öðrum sýnatökustöðum sem eru dæmigerðir fyrir yfirborðsvatn. Ef nauðsynlegt reynist, t.d. vegna flóða, ber að mæla nítратstyrk oftar.

2. mæla reglulega í eitt ár á völdum sýnatökustöðum í grunnvatni sem er dæmigert fyrir vatnafar svæðisins. Leggja skal áherslu á vatn sem nýtt er sem neysluvatn, sbr. tilvitnaða reglugerð.

8.2 Endurtaka skal mælingar á nítратstyrk samkvæmt 1. mgr. á a.m.k. fjögurra ára fresti nema á sýnatökustöðum þar sem styrkurinn í öllum eldri sýnum reyndist vera undir 25 mg/l enda hafi ekkert komið í ljós sem bendir til þess að nítратmagn muni aukast og er þá nóg að endurtaka mælinguna á átta ára fresti.

8.3 Hollustuvernd ríkisins sér um að mælingar á vatnsgæðum m.t.t. næringarástands í fersku yfirborðsvatni, vatni í ármynnum og í strandsjó séu framkvæmdar fjórða hvert ár.

8.4 Nota skal mælingaraðferðir sem mælt er fyrir um í IV. viðauka með reglugerðinni.

Skilgreining og kortlagning vatnasvæða.

9. gr.

9.1 Viðkomandi heilbrigðisnefnd skilgreinir og kortleggur sérstaklega vatnasvæði sem talin eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn köfnunarefnismengun, eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis, sbr. viðmiðanir í I. viðauka, ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða til verndar.

9.2 Viðkomandi heilbrigðisnefnd sendir Hollustuvernd ríkisins yfirlit og kort yfir vatnasvæði samkvæmt 1. mgr. Stofnunin metur í ljósi aðsendra upplýsinga hvort um viðkvæmt vatnasvæði er að ræða og gefur út lista yfir þau. Viðkvæm vatnasvæði skal tilgreina í skipulagsáætlunum. Við gæðaflokkun og kortlagningu skal fara eftir ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns eftir því sem við á.

9.3 Við gerð skipulagsáætlana skal byggja á gögnum heilbrigðisnefndar og lista, sbr. 1. og 2. mgr., og skal Hollustuvernd ríkisins kynna hlutaðeigandi sveitarfélögum, landbúnaðarráðuneyti og Skipulagsstofnun efni listans.

9.4 Hafi aðgerðaáætlun, sbr. 4. kafla, verið samin fyrir allt landið og sé unnið samkvæmt henni er ekki nauðsynlegt að kortleggja tiltekin viðkvæm vatnasvæði samkvæmt þessari reglugerð.

Endurskoðun skilgreininga.

10. gr.

10.1 Eigi sjaldnar en fjórða hvert ár skal heilbrigðisnefnd endurskoða skilgreiningar og kortlagningar samkvæmt 9. gr. með tilliti til breyttra aðstæðna.

10.2 Í kjölfar endurskoðunar heilbrigðisnefndar endurskoðar Hollustuvernd ríkisins lista yfir viðkvæm vatnasvæði, sbr. 9. gr.

IV. KAFLI

Aðgerðaáætlanir.*Almennar reglur.*

11. gr.

11.1 Hollustuvernd ríkisins skal í samráði við heilbrigðisnefndir semja aðgerðaáætlun eða aðgerðaáætlanir vegna viðkvæmra vatnasvæða sem hafa verið kortlögð, sbr. 9. gr.

Heimilt er að semja aðgerðaáætlun fyrir landið allt, fyrir tiltekin viðkvæm vatnasvæði eða hluta þeirra.

11.2 Aðgerðaáætlun tekur mið af tiltækum vísindagögnum, upplýsingum og tækni, einkum um magn köfnunarefnis frá landbúnaði eða frá öðrum upptökum og umhverfis- aðstæðum á viðkomandi svæðum.

11.3 Stofnuninni er heimilt að óska eftir tilteknum upplýsingum og gögnum frá heilbrigðisnefndum ef nauðsynlegt reynist til þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til efnis áætlunarinnar.

11.4 Aðgerðaáætlanir byggjast á ákvæðum þessarar og annarra reglugerða um vatnsvernd og skilyrðum viðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins.

11.5 Aðgerðaáætlanir og viðbótarráðstafanir skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti.

Efni, birting og framkvæmd aðgerðaáætlana.

12. gr.

12.1 Í aðgerðaáætlunum skulu vera bindandi ráðstafanir í samræmi við III. viðauka reglugerðarinnar og í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti í samræmi við II. viðauka reglugerðarinnar.

12.2 Ráðherra skal birta aðgerðaáætlanir sem auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda og skal þeim hrundið í framkvæmd innan fjögurra ára frá birtingu.

Viðbótarráðstafanir.

13. gr.

13.1 Nú er fyrirsjáanlegt að ráðstafanir í samræmi við reglugerðina duga ekki til þess að ná markmiðum hennar og skal þá innan marka aðgerðaáætlana gera þær viðbótarráðstafanir og aðgerðir sem nauðsynlegar eru. Við ákvörðun viðbótarráðstafana skal hafa hliðsjón af fyrirsjáanlegum árangri og kostnaði miðað við aðrar mögulegar verndaraðgerðir.

V. KAFLI

Góðir búskaparhættir.

Starfsreglur.

14. gr.

14.1 Til að stuðla að vernd vatns gegn köfnunarefnismengun af völdum notkunar áburðar í landbúnaði gefur Hollustuvernd ríkisins út starfsreglur um góða búskaparhætti í samráði við landbúnaðarráðuneyti og viðkomandi stofnanir þess.

14.2 Í starfsreglunum skulu vera a. m. k. ákvæði um þau atriði sem tilgreind eru í II. viðauka A með reglugerð þessari. Hollustuvernd ríkisins skal í samráði við landbúnaðarráðuneyti koma starfsreglunum á framfæri við bændur.

14.3 Ef þörf er á skal Hollustuvernd ríkisins í samráði við Bændasamtök Íslands og landbúnaðarráðuneyti setja upp áætlun um þjálfun og upplýsingar til bænda til að hvetja til að farið verði eftir starfsreglum um góða búskaparhætti.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Rannsóknaráætlanir.

15. gr.

15.1 Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd í samráði við Hollustuvernd ríkisins metur árangurinn af aðgerðaáætlun fyrir viðkvæm vatnasvæði samkvæmt reglugerðinni og semur rannsóknaráætlun ef þörf er á.

15.2 Viðkomandi heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á framkvæmd mælinga samkvæmt rannsóknaráætlun, sbr. 1. mgr., og ber m.a. að mæla styrk næringarefna í yfirborðsvatni og nítrat í grunnvatni og sendir upplýsingar til Hollustuverndar ríkisins.

Leiðbeiningar vegna mengunarvarnaeftirlits.

16. gr.

16.1 Hollustuvernd ríkisins í samráði við heilbrigðisnefndir skal semja sérstakar leiðbeiningar um mengunarvarnaeftirlit samkvæmt reglugerð þessari.

Yfirlitsskýrsla.

17. gr.

17.1 Hollustuvernd ríkisins gefur á fjögurra ára fresti út yfirlitsskýrslu samkvæmt V. viðauka um stöðu og ástand mála hvað næringarefnaauðgun í fersku vatni, ármynni, strandsjó og strandsvæði varðar.

VII. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Aðgangur að upplýsingum.

18. gr.

18.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

19. gr.

19.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

20. gr.

20.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

21. gr.

21.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

21.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VIII. KAFLI
Lagastoð, gildistaka o.fl.
 22. gr.

22.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

22.2 Reglugerðin er einnig sett með hliðsjón af 13. tölul. a XX. viðauka EES-samningsins, (tilskipun 91/676/EBE).

22.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. skal innan 10 ára frá gildistöku reglugerðar þessarar koma upp hauggeymslum af rétttri stærð á búum þar sem slíkar hauggeymslur eru ekki til við gildistöku þessarar reglugerðar.

Umhverfisráðuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI
**Viðmiðanir sem nota skal við tilgreiningu og kortlagningu
 samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar.**

- A. Vötn samkvæmt 9. gr. skulu kortlögð m.a. með eftirfarandi viðmiðanir í huga:
1. hvort ferskt yfirborðsvatn, einkum það sem er notað til að taka neysluvatn, inniheldur eða kann að innihalda meiri níttratstyrk en 25 mg/l, ef aðgerðir samkvæmt IV. kafla reglugerðarinnar eru ekki viðhafðar,
 2. hvort grunnvatn inniheldur meira en 25 mg/l eða kann að innihalda meira en 25 mg/l níttrat ef aðgerðir samkvæmt IV. kafla reglugerðarinnar eru ekki viðhafðar,
 3. hvort náttúrleg stöðuvötn, annað ferskvatn, ármynni, strandsjór og höf eru ofnærð eða kunna brátt að verða það ef aðgerðir samkvæmt IV. kafla eru ekki viðhafðar.
- B. Einnig skal hafa hliðsjón af:
1. sérstökum staðháttum og umhverfisþáttum á viðkomandi land- eða vatnasvæði,
 2. nýjustu vitneskju um hegðun köfnunarefnissambanda í umhverfinu (vatni og jarðvegi);
 3. nýjustu vitneskju um áhrif aðgerða samkvæmt IV. kafla.

II. VIÐAUKI
Starfsreglur um góða búskaparhætti.

- A. Í starfsreglum um góða búskaparhætti sem hafa að markmiði að draga úr níttratmengun og þar sem tekið er tillit til ólíkra aðstæðna hér á landi þurfa að vera ákvæði um eftirfarandi atriði eins og við á hverju sinni:
1. tímabil þegar áburðargjöf er óheppileg,
 2. áburðargjöf í brattlendi,

3. áburðargjöf í gegnblautan jarðveg, land undir vatni, jarðveg sem klaki er í eða á kafi í snjó,
 4. skilyrði fyrir áburðargjöf nálægt vatnsrásum,
 5. stærð og gerð geymslurýmis undir búfjáraður, þ.m.t. ráðstafanir til að koma í veg fyrir að grunnvatn og yfirborðsvatn mengist vegna afrennslis frá t.d. fjóshaugum eða frá súrheysgeymslum,
 6. vinnubrögð, þ.m.t. tíðni og magn við áburðargjöf, hvort heldur um er að ræða tilbúinn áburð eða búfjáraður þannig að næringartap í vatn haldist á viðunandi stigi.
- B. Einnig er heimilt að taka eftirtalin atriði upp í starfsreglur um góða búskaparhætti:
7. skipulag landnýtingar, m.a. ákvörðun um sáðskipti og um skiptingu lands undir fjölæra eða einæra ræktun,
 8. viðhald lágmarksgróðurþekju á tíma er tekur upp köfnunarefni úr jarðveginum sem ella ylli nítratmengun vatns,
 9. gerð áætlana um áburðargjöf fyrir býli og skýrsluhald um áburðarnotkun,
 10. ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun vatns vegna yfirborðsafrennslis og rennslis neðan yfirborðs dýpra en rætur gróðursins ná þar sem notuð eru áveitukerfi.

III. VIÐAUKI

Ráðstafanir sem skal gera í aðgerðaáætlunum samkvæmt IV. kafla reglugerðarinnar.

1. Í aðgerðaáætlunum skal gera ráðstafanir og setja reglur um:
 1. árstíma þar sem áburðargjöf skuli bönnuð,
 2. stærð geymslurýmis undir búfjáraður. Rýmið þarf að taka meira rúmmál en safnast fyrir á lengsta tímabilinu sem áburðargjöf er bönnuð. Þetta gildir á svæðum sem hafa lítið viðnám gegn mengun, nema hægt sé að sýna eftirlitsaðilum fram á að magni umfram geymslugetu verði fargað á þann hátt að umhverfið spillist ekki,
 3. takmörkun á áburðargjöf í samræmi við góða búskaparhætti og að tekið sé tillit til aðstæðna á svæðum sem hafa lítið viðnám gegn mengun, einkum hvað varðar:
 - a) jarðvegsskilyrði, gerð jarðvegs og halla,
 - b) veðurskilyrði, úrkomu og áveitu,
 - c) landnotkun og ræktunaraðferðir, m.a. sáðskipti, og byggjast á jafnvægi milli:
 - i) ætlaðrar köfnunarefnisþarfar gróðursins, og
 - ii) köfnunarefnis úr jarðvegi og áburði sem svarar til:
 - magns köfnunarefnis í jarðveginum þegar gróðurinn byrjar að taka það til sín að marki (afgangsmagn í lok vetrar),
 - köfnunarefnisbirgða sem verða aðgengilegar við nettólosun jóna við rotnun leifa af lífrænu köfnunarefni í jarðveginum,
 - birgða af köfnunarefnissamböndum úr búfjáraður,
 - birgða af köfnunarefnissamböndum úr tilbúnum áburði.
2. Þessar ráðstafanir eiga að tryggja að búfjáraður sem borinn er á land á hverju býli árlega, þar á meðal af dýrunum sjálfum, fari ekki yfir tiltekið magn á hektara. Tiltekið magn af búfjáraður á hektara skal innihalda meira en 170 kg N. Þó er heimilt:

- a) í fyrstu fjögurra ára áætluninni má leyfa allt að 210 kg N í áburðinum,
 - b) við og eftir fyrstu fjögur ár aðgerðaáætlunar má ákveða annað magn en greinir hér að framan. Ákvörðun um magn skal vera með þeim hætti að hún hindri ekki framgang markmiðanna í 1. gr. reglugerðarinnar og hún verður að vera studd gildum rökum, t.d.:
 - langt vaxtarskeið,
 - gróðurinn tekur upp mikið köfnunarefni,
 - mikil bein úrkoma á viðkvæmu svæði,
 - jarðvegur með óvenjumikla afnitrun.
3. Heimilt er að miða magnið sem um getur í 2. lið við fjölda dýra.

IV. VIÐAUKI Mælingaraðferðir.

Tilbúinn áburður

Köfnunarefnissambönd skulu mæld með aðferðinni sem er lýst í tilskipun framkvæmdastjórnar EB 77/535/EBE frá 22. júní 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um aðferðir við sýnatöku úr og greiningu á tilbúnum áburði, eins og henni var breytt með tilskipun 89/519/EBE.

Ferskvatn, strandsjór og höf

Nítratstyrkur skal mældur í samræmi við 3. lið 4. gr. a í ákvörðun ráðs EB 77/795/EBE frá 12. desember 1977 um að taka upp sameiginlega aðferð við skipti á upplýsingum um gæði ósalts yfirborðsvatns í bandalaginu, eins og henni var breytt með ákvörðun 86/574/EBE.

V. VIÐAUKI Upplýsingar sem skulu vera í skýrslunum samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar.

1. Lýsing á þeim forvarnaraðgerðum sem eru gerðar á grundvelli reglugerðarinnar.
2. Kort sem sýnir eftirfarandi:
 - a) Vatn tilgreint í samræmi við 9. gr. reglugerðarinnar og I. viðauka með upplýsingum um það á hverju vatnasvæði hvaða viðmiðanir í I. viðauka voru notaðar við tilgreininguna,
 - b) hvar svæði sem hafa lítið viðnám gegn mengun liggja og skal gera greinarmun á því hvort svæði hefur áður verið kortlagt eða er nýkortlagt.
3. Ágrip af niðurstöðum eftirlitsins samkvæmt 8. gr. með greinargerð um ástæður fyrir vali hvers svæðis og um breytingar eða viðbætur við tilgreiningu svæða sem hafa lítið viðnám gegn mengun.
4. Ágrip af aðgerðaáætlunum sem eru gerðar samkvæmt IV. kafla reglugerðarinnar einkum:
 - a) tilskildar ráðstafanir samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðarinnar,
 - b) tilskildar upplýsingar samkvæmt 4. lið III. viðauka,
 - c) viðbótarráðstafanir og hertar aðgerðir samkvæmt 12. gr. reglugerðarinnar,
 - d) ágrip af niðurstöðum eftirlitsáætlana samkvæmt 15. gr. reglugerðarinnar,
 - e) mat á því hvenær líklegt er að vatn sem er tilgreint í samræmi við 9. gr. reglugerðarinnar uppfylli markmið aðgerðaáætlunar með upplýsingum um það hversu áreiðanlegt matið er.

REGLUGERÐ

um úrgang.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfinu. Jafnframt er það markmið að úrgangur verði meðhöndlaður samkvæmt eftirfarandi forgangsroð: að dregið verði með skipulögðum hætti úr myndun úrgangsefna eins og mögulegt er, úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun, endurnýtingu, þ.m.t. endurvinnslu og orkuvinnslu, og förgun úrgangs verði með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma, enda verði mengun ekki óhófleg.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi er um úrgang og meðhöndlun úrgangs og gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir um úrgang frá landbúnaði. Ákvæði reglugerðarinnar gilda um athafnir einstaklinga eins og við getur átt.

2.2 Reglugerðin gildir hvorki um lofttegundir sem hleypt er út í andrúmsloftið né geislavirkan úrgang.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fáanlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fáanlegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Eftirlit* er athugun á ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

3.4 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.5 *Meðhöndlun úrgangs (sorphirða)* er söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

Böggun er þjöppun úrgangs í bagga til að minnka rúmmál hans.

Flokkun er aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flutningur er það ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Endurnotkun er notkun úrgangs sem ekki hefur verið beittur aðferðum sem fram koma í V. viðauka í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Endurnýting er hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, sjá nánar V. viðauka reglugerðar um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Förgun er aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og komið fyrir varanlega, sjá nánar aðferðir í IV. viðauka reglugerðar um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Pökkun er þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

3.6 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.7 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.8 *Móttökustöð* er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangur til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum.

Undir móttökustöð falla:

Flokkunarmiðstöðvar sem eru staðir þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar til endurnýtingar og/eða til förgunar. Staðurinn þjónar að jafnaði fleiri en einu sveitarfélagi.

Urðunarstaðir og eru þeir þrenns konar:

- a. urðun heimilis- og rekstrarúrgangs,
- b. urðun spilliefna,
- c. urðun óvirks úrgangs.

Brennslustöðvar fyrir úrgang í samræmi við reglugerðir þar að lútandi.

3.9 *Rekstraraðili* er einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnu-rekstri.

3.10 *Ruslabiður* eru ílát sem komið er fyrir á almannafæri í því skyni að auðvelda fólki að losa sig við úrgang.

3.11 *Sorpgeymsla* er aðstaða í eða við fasteign, fyrirtæki eða stofnun þar sem úrgangi er safnað áður en hann er fluttur til söfnunarstöðva eða móttökustöðva.

3.12 *Sorpílát* eru ílát til að safna úrgangi, s.s. tunnur og gámar af ýmsum stærðum.

3.13 *Spilliefni* er úrgangur sem merktur er með stjörnu * í I. viðauka með reglugerð, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, og einnig annar úrgangur sem hefur einn eða fleiri eiginleika sem tilteknir eru í III. viðauka þeirrar reglugerðar.

3.14 *Söfnunarstöð (gámastöð)* er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

3.15 *Úrgangur* er hvers kyns efni eða hlutir, sbr. I. viðauka með reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.

Tegundir úrgangs eru t.d.:

Eftir uppruna:

Heimilisúrgangur (sorp) er úrgangur frá heimilum, til dæmis matarleifar, pappír, plast, gler og hverskyns tæki sem safnað er með sorphreinsun sveitarfélagi.

Rekstrarúrgangur er úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, til dæmis matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar framleiðslu o.þ.h.

Landbúnaðarúrgangur er úrgangur frá landbúnaði, til dæmis húsdýraskítur, gamalt hey, landbúnaðarplast.

Byggingarúrgangur er úrgangur frá byggingarframkvæmdum, niðurrifi húsa, gatna-gerð, virkjanaf framkvæmdum, til dæmis múrbrot, timbur, málmar, gifs, jarðvegur, steinefni.

Hreinsunarúrgangur er úrgangur vegna hreinsunar vatns eða lofts, til dæmis síu- og ristarúrgangur, seyra, ryk frá rykhreinsivirkjum.

Eftir gerð:

Umbúðir (pappír, pappi, plast, timbur, gler, málmar), lífrænn úrgangur (matarleifar, seyra), plast, gúmmí, málmar, timbur, steinefni og gler.

Eftir eiginleikum:

Spilliefni, sbr. skilgreiningu í 13. mgr., t.d. sóttmengaður úrgangur og olíuúrgangur. *Úrgangur án spilliefna* er úrgangur frá heimilum og atvinnurekstri, til dæmis matarleifar, umbúðir og úrgangur sem fellur til við framleiðslu, verslun og þjónustu svo sem pappír timbur og fleira.

Óvirkur úrgangur er úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

Verkefni sveitarfélaga.

5. gr.

5.1 Verkefni sveitarfélaga er meðhöndlun úrgangs í samræmi við reglur þar að lútandi nema annað sé sérstaklega tekið fram.

III. KAFLI

Meginreglur.

Meðhöndlun úrgangs.

6. gr.

6.1 Meðhöndlun úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af.

6.2 Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnit skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu fánægri tækni við meðhöndlun úrgangs.

6.3 Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök að undan-genginni viðvörðun, t.d. með álmingarmiða með aðvörunarorðum.

6.4 Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um brennur, t.d. áramótabrennur o.þ.h., sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir, sbr. ákvæði 17. gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, enda sé í leyfinu kveðið á um að brennslutími miðist við tilefnið og að efni og magn sem fari í brennuna sé tilgreint.

6.5 Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að sá sem brotið hefur ákvæði þessarar greinar hreinsi upp eða greiði kostnað þeim sem verkið vinna. Þessu ákvæði má einnig beita gagnvart þeim sem sjá um að tæma ruslabiður og sorpílát, hafi ófullnægjandi tæming leitt til þess að úrgangur hafi dreifst.

6.6 Atvinnurekstur sem fer með tiltekna þætti meðhöndlunar úrgangs eða stundar einhverja þá starfsemi sem tilgreind er í IV. og V. viðauka reglugerðar um skrá um spilliefni og annan úrgang skal hafa starfsleyfi.

6.7 Meðhöndlun úrgangs má einungis heimila í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, og aðrar reglugerðir er varða úrgang og reglugerð um starfsleyfi.

Um almennan þrífnað utanhúss.

7. gr.

7.1 Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrífnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrífnaðarskyni.

7.2 Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

7.3 Ennfremur er nefndinni heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna á kostnað eigenda, ennfremur niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu og ef sérstök ástæða er til.

Um þrífnað lóða.

8. gr.

8.1 Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

8.2 Heilbrigðisnefnd getur, ef þurfa þykir krafist að lóðir séu girtar og lagfærðar á viðunandi hátt. Sveitarstjórn skal sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. gördum og torgum. Sveitarstjórn og/eða heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda gerist þess þörf, sbr. 5. mgr. 6. gr.

IV. KAFLI.

Geymsla og flutningur úrgangs.

Skyldur einstaklinga - fasteignareigenda.

9. gr.

9.1 Fasteignareigandi skal sjá til þess að fasteign hans fylgi nægilega mörg sorpílát og að þau séu endurnýjuð eftir þörfum.

9.2 Sorpílát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrífnaður fyrir umhverfið. Fasteignareigandi skal ganga þannig frá sorpílátum og sorpgeymslum að þær valdi ekki óþrífum eða óþægindum. Þeim skal haldið við eftir þörfum og þær hreinsaðar reglulega. Sorpgeymslur má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

9.3 Viðkomandi heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirsmáli um fjölda, staðsetningu og gerð sorpíláta. Sjá að öðru leyti byggingarreglugerð.

Skyldur rekstraraðila og fasteignareigenda.

10. gr.

10.1 Meðhöndlun úrgangs sem fellur til vegna atvinnurekstrar skal vera í samræmi við reglugerð þessa. Það á við hvort sem hann er rekinn í lengri eða skemmri tíma í þéttbýli eða dreifbýli, þar með taldir ferðamannastaðir og aðrir staðir þar sem fólk kemur saman.

10.2 Úrgangi sem fellur til við atvinnurekstur skal safna saman og flytja brott þegar í stað eða geyma með þeim hætti að óhollusta eða óþrífnaður stafi ekki af. Úrgang skal geyma í hentugum og heilum sorpílátum þannig gerðum að auðvelt sé að tæma þau. Rekstraraðili ber einnig ábyrgð á nauðsynlegri hreinsun nálægs umhverfis.

10.3 Rekstraraðili skal sjá til þess að rekstri hans fylgi nægilega mörg sorpílát, þ.m.t. ruslabíður, og að þau séu lagfærð og endurnýjuð eftir þörfum. Óheimilt er að veita atvinnurekstri starfsleyfi nema fullnægjandi aðstaða sé fyrir hendi til þess að geyma úrgang.

10.4 Sorpílát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrífnaður fyrir umhverfið. Fasteignareigandi skal ganga þannig frá sorpílátum og sorpgeymslum að

þær valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þær hreinsaðar reglulega. Sorpgeymslur má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

10.5 Viðkomandi heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirmæli um fjölda, staðsetningu og gerð sorpílata. Sjá að öðru leyti byggingarreglugerð.

10.6 Þar sem gámar eru notaðir undir úrgang skal hlíta fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt er varðar gerð þeirra, staðsetningu og þrif.

10.7 Rekstraraðilar sem úrgangur fellur til hjá (framleiðsluúrgangur, spilliefni) sjá um flutning og bera kostnað vegna endurnýtingar eða förgunar.

10.8 Rekstraraðilar húsnæðis eða svæða þar sem salernisúrgangur, ristarúrgangur eða seyra fellur til sjá um alla meðferð og flutning úrgangsins, svo fremi ekki sé í gildi sérstök heilbrigðissamþykkt sem kveður á um annað.

Verkefni sveitarstjórna - tæming og flutningur.

11. gr.

11.1 Sveitarstjórn skal ákvarða með hvaða hætti söfnun heimilisúrgangs er háttað í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn sér um tæmingu sorpílata og flutning heimilisúrgangs sé það ekki falið öðrum með samningi. Sveitarstjórn getur að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd ákveðið flokkun á úrgangi jafnt á heimilum, stofnunum og vinnustöðum sem og á söfnunar- og móttökustöð og skil á flokkuðum úrgangi til söfnunar- og móttökustöðva.

11.2 Sveitarstjórn er ábyrg fyrir reglubundinni tæmingu og flutningi heimilisúrgangs frá öllum íbúum á viðkomandi svæðum. Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp sorpílát (gáma) í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning sorpíláts (gáms) skal vera þannig að aðgengi að gámnum sé gott.

11.3 Flutningur úrgangs skal fara fram með þeim hætti að óþrifnaður stafi ekki af.

11.4 Heimilisúrgang skal flytja til söfnunar- eða móttökustöðva sem sveitarstjórn kemur fyrir í samráði við heilbrigðisnefnd. Rekstur söfnunar- og móttökustöðva er háður starfsleyfi í samræmi við reglugerð þar að lútandi.

12. gr.

12.1 Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþróm og úrgangi úr öðrum hreinsivirkjum þar sem til fellur lífrænn, mengandi eða sóttmengaður úrgangur, sbr. þó 8. mgr. 10. gr. og ákvæði einstakra starfsleyfa.

Ferðamannastaðir o.fl.

13. gr.

13.1 Sveitarstjórn og yfirvöld fólkvanga og þjóðgarða skulu í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslabiður á ferðamannastöðum og öðrum stöðum þar sem reikna má með mannsöfnuði og sjá um viðhald og tæmingu þeirra sé það ekki falið öðrum rekstraraðila.

13.2 Förgun úrgangs í óbyggðum, þ.m.t. urðun, er óheimil. Allan úrgang sem verður til í óbyggðum skal flytja í söfnunar- eða móttökustöð sem hefur starfsleyfi.

13.3 Sveitarstjórn skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp sorpílát (gáma) í nánd við sumarhúshverfi. Séu fleiri en 20 sumarhús í hverfinu skal staðsetning sorpíláts (gáms) vera sem næst hverfinu og/eða þannig að hentugt sé að losa í það í leið frá hverfinu. Sorpílátin skulu vera til staðar á því tímabili sem almennt er dvalist í húsunum í hverfinu. Gæta skal að því að aðgangur sé greiður að sorpílátum, m.t.t. tegundar úrgangs.

V. KAFLI

Endurnotkun og endurnýting úrgangs.*Meginreglur.*

14. gr.

14.1 Ávallt skal leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang. Þann hluta sem ekki verður nýttur skal flytja til söfnunar- eða móttökustöðva sem hafa starfsleyfi.

14.2 Hreinsaður úrgangur sem fellur til við hreinsun fráveituvatns, s.s. salernisúrgangur, síu- eða ristarúrgangur og seyra sem ekki verður nýtt, skal flytja til móttökustöðvar sem hefur starfsleyfi. Þetta gildir einnig um úrgang frá landbúnaði nema reglugerð kveði á um annað. Taka skal mið af ákvæðum reglugerðar um seyru þegar seyra er nýtt til uppgræðslu, í landbúnaði eða til annarra nota.

VI. KAFLI

Förgun úrgangs o.fl.*Ábyrgð sveitarstjórna.*

15. gr.

15.1 Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir leggja til og sjá um að rekin sé móttökustöð fyrir förgun úrgangs, t.d. urðunarstaður eða sorpbrennslustöð. Urðun og brennsla úrgangs er starfsleyfis skyldur atvinnurekstur.

Staðsetning söfnunar- og móttökustöðva.

16. gr.

16.1 Söfnunar- og móttökustöðvar skulu vera þannig staðsettar og reknar að óþrifnaður og mengun hljótist ekki af.

16.2 Til að vernda heilsu fólks skal tryggja nægjanlega fjarlægð söfnunar- og móttökustöðva fyrir úrgang frá íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum og öðrum dvalarstöðum fólks. Móttökustöðvar skulu vera í a.m.k. 500 m fjarlægð frá íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum og öðrum dvalarstöðum fólks.

Urðun úrgangs.

17. gr.

17.1 Hollustuvernd ríkisins setur skilyrði og upplýsingar um urðun úrgangs sem fara skal eftir. Í þeim skal m.a. koma fram ákvæði um staðarval fyrir urðunarstaði, forsendur fyrir urðun úrgangs m.t.t. grunnvatns- og jarðvegsverndar, hávaða, meindýra, tæknilegar kröfur sem gera skal til urðunarstaða, mengunarvarnir og endanlegan frágang urðunarstaða.

17.2 Þegar starfsleyfi fyrir urðunarstaði eru undirbúin skal gæta sérstaklega að ákvæðum reglugerðar um losun efna í grunnvatn.

VII. KAFLI

Starfsleyfis skylda.*Meðhöndlun úrgangs.*

18. gr.

18.1 Meðhöndlun úrgangs er háð starfsleyfi eins og nánar segir í reglugerð þessari og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í starfsleyfi skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda umhverfi og heilsu manna. Jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna á viðkomandi stað.

18.2 Í starfsleyfi samkvæmt 1. mgr. skulu vera ákvæði um skrásetningu, magn, eðli, uppruna og, þar sem við á, áfangastað, söfnunartíðni, flutningsaðferð og aðra þætti með-

höndlunar úrgangs. Enn fremur skulu vera ákvæði í starfsleyfi sem varða tegund og magn úrgangs, tækniröfur, varúðarráðstafanir, förgunarstað og aðra þætti úrgangsmeðhöndlunar úrgangs í samræmi við ákvæði IV. og V. viðauka reglugerðar um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Áður en starfsleyfi er veitt fyrir förgun úrgangs er skylt að láta fara fram rannsókn eins og við á hverju sinni á styrk tiltekinna efna, þ.m.t. eiturefna og hættulegra efna í vatni og grunnvatni, sem hætta er á að geti mengast.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Sorphirðuáætlanir.

19. gr.

19.1 Hollustuvernd ríkisins semur almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Gera skal grein fyrir efni áætlunarinnar opinberlega. Endurskoða skal áætlunina reglulega.

19.2 Sveitarstjórnir skulu semja áætlanir, sbr. 1. mgr., sem gilda fyrir viðkomandi svæði og skulu þær byggjast á markmiðum landsáætlunar. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og geta sveitarstjórnir falið hlutaðeigandi, t.d. bygðasamlagi eða heilbrigðisnefnd, að semja áætlunina.

Skýrslugerð um meðhöndlun úrgangs.

20. gr.

20.1 Hollustuvernd ríkisins skal sjá um að þriðja hvert ár verði tekið saman yfirlit yfir meðhöndlun úrgangs á landinu og skal yfirlitið byggt á upplýsingum frá heilbrigðisnefndum. Í yfirlitinu skal a.m.k. koma fram eftirfarandi:

- a) magn, tegundir og uppruni úrgangs,
- b) endurnýting og endurvinnsla úrgangs,
- c) tæknilegar kröfur til förgunar úrgangs,
- d) yfirlit yfir hentug svæði þar sem úrgangur kann að verða urðaður.

Samþykktir og gjaldskrár sveitarfélaga.

21. gr.

21.1 Sveitarfélögum er heimilt að setja nánari ákvæði um meðhöndlun úrgangs í samþykktir samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

21.2 Sveitarfélögum er heimilt að setja gjaldskrá um innheimtu sorphirðugjalda samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

IX. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Aðgangur að upplýsingum.

22. gr.

22.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

23. gr.

23.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

23.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

24. gr.

24.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

25. gr.

25.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

25.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

X. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

26. gr.

26.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna.

26.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 27 og 2aa XX. viðauka EES-samningsins, (tilskipun 75/442/EBE, sbr. 91/156/EBE, og ákvörðunum 94/3/EB, 96/350/EB og 94/741/EB).

26.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi 13., 14., 15., 16., 17., 18. og 19. gr. og V. kafli heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um spilliefni.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja rétta meðhöndlun spilliefna þannig að þau valdi ekki mengun.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um meðhöndlun spilliefna og skráningu. Reglugerðin gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Ákvæði reglugerðarinnar gilda um athafnir einstaklinga eins og við getur átt.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Eftirlit* er athugun á ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

3.3 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.4 *Endurnýtingarstöð* er atvinnurekstur þar sem endurnýting fer fram.

3.5 *Meðhöndlun spilliefna* er söfnun, geymsla, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun þeirra, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

Flokkun er aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flutningur er það ferli þegar úrgangur frá einstaklingum og lögaðilum er fluttur í atvinnuskyni til flokkunar, endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Endurnotkun er notkun úrgangs sem ekki hefur verið beittur aðferðum sem fram koma í V. viðauka í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Endurnýting er hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, sjá nánar V. viðauka reglugerðar um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Förgun er aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og komið fyrir varanlega, sjá nánar aðferðir í IV. viðauka reglugerðar um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Pökkun er þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

3.6 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.7 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.8 *Móttökustöð* er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangur til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum.

Undir móttökustöð falla:

Flokkunarmiðstöðvar sem eru staðir þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar til endurnýtingar og/eða til förgunar. Staðurinn þjónar að jafnaði fleiri en einu sveitarfélagi.

Urðunarstaðir eru þrens konar:

- a. urðun úrgangs án spilliefna, þ.e. fyrir neyslu- og framleiðsluúrgang og úrgang sem hefur svipaða eiginleika,
- b. urðun spilliefna,
- c. urðun óvirks úrgangs.

Brennslustöðvar fyrir úrgang í samræmi við reglugerðir þar að lútandi.

3.9 *Spilliefni* er úrgangur sem merktur er með stjörnu * í I. viðauka með reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og einnig annar úrgangur sem hefur einn eða fleiri eiginleika sem tilteknir eru í III. viðauka með tilvitnaðri reglugerð.

3.10 *Söfnunarstöð (gámastöð)* er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

3.11 *Úrgangur* er hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.

Tegundir úrgangs flokkaðar eftir eiginleikum eru t.d.:

Úrgangur án spilliefna sem er úrgangur frá heimilum og atvinnurekstri sem hefur svipaða eiginleika og gerð og heimilisúrgangur, t.d. matarleifar og umbúðir, og úrgangur sem fellur til við framleiðslu, verslun og þjónustu, t.d. pappír, timbur o.þ.h.,

Spilliefni, sbr. skilgreiningu í 9. mgr.,

Óvirkur úrgangur er úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Meginreglur.

Meðhöndlun spilliefna.

5. gr.

5.1 Draga skal eins og unnt er úr myndun spilliefna. Stuðla ber að endurnotkun og endurnýtingu.

5.2 Viðkomandi sveitarstjórnir leggja til og sjá um að rekin sé söfnunarstöð og/eða móttökustöð fyrir spilliefni eða tryggja á annan hátt greiðan aðgang fyrir skilum spilliefna.

5.3 Spilliefni skal flytja til söfnunar- og móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.

5.4 Viðkomandi sveitarstjórnir bera ábyrgð á því að spilliefnum sem þær taka á móti sé komið í endurnýtingu eða þeim fargað í samræmi við reglur þar að lútandi.

5.5 Viðkomandi heilbrigðisnefnd er heimilt að samþykka takmörkun á meðhöndlun spilliefna til að tryggja framkvæmd reglugerðar þessarar, t.a.m. á vatnsverndarsvæðum.

Spilliefni og annar úrgangur.

6. gr.

6.1 Spilliefnum má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum spilliefna skal auk þess halda aðgreindum. Aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er og þar sem slíkt hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað.

6.2 Hollustuvernd ríkisins er heimilt að leyfa að spilliefnum sé blandað saman við annan úrgang eða efni, einkum ef það er gert til að auka öryggi við förgun eða endurnýtingu og á þann hátt að það samrýmist kröfum um mengunarvarnir. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd um veitta heimild.

Flokkun og mat á eiginleikum úrgangs.

7. gr.

7.1 Hollustuvernd ríkisins getur ákveðið, ef hagsmunir vegna hollustu eða umhverfis krefjast þess, að annar úrgangur en tilgreindur er í I. viðauka með reglugerð, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkist sem spilliefni, enda hafi úrgangurinn einn eða fleiri eiginleika sem gera hann hættulegan, sbr. III. viðauka í tilvitnaðri reglugerð. Stofnunin skal upplýsa heilbrigðisnefndir um ákvarðanir sínar.

7.2 Hollustuvernd ríkisins er heimilt að ákveða að ákveðinn úrgangur flokkist ekki sem spilliefni enda hafi úrgangshafi sýnt fram á að hann hafi ekki hættulega eiginleika, sbr. III. viðauka í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Stofnunin skal upplýsa hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd um málið.

7.3 Við mat samkvæmt 1. og 2. mgr. ber að styðjast við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturfna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni þegar við á.

Umbúðir og merking þeirra.

8. gr.

8.1 Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn úrgangsins. Eingöngu skal nota traustar umbúðir sem henta viðkomandi efnum. Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Gæta skal að ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Afhending spilliefna til móttökustöðva eða söfnunarstöðva.

9. gr.

9.1 Þeir sem bera ábyrgð á atvinnurekstri sem ekki er starfsleyfisskyldur þar sem spilliefni verða til eða hafa undir höndum spilliefni skulu eins fljótt og unnt er koma þeim til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar.

Starfsleyfisskylda.

10. gr.

10.1 Atvinnurekstur sem sér um einstaka þætti meðhöndlunar spilliefna skal hafa starfsleyfi.

10.2 Atvinnurekstri þar sem spilliefni falla til í minna magni árlega en að neðan greinir er sjálfum heimilt að flytja spilliefnin, án starfsleyfis, til söfnunar- eða móttökustöðva:

- a. 400 l af olíuúrgangi eða
- b. 100 l af leysiefnaúrgangi eða
- c. 100 l af málningar- og lakkúrgangi eða
- d. samtals 50 kg af öðrum spilliefnum (að undanteknum PCB, PCT og sýaníð úrgangi).

Skrásetning og flutningur.

11. gr.

11.1 Aðili með starfsleyfisskyldan atvinnurekstur, sem stundar starfsemi þar sem spilliefni myndast, skal halda skrár um magn og gerð efnanna og tilgreina til hvaða söfnunar- og/eða móttökustöðvar þau eru flutt og af hverjum. Fargi eða endurnýti aðili með starfsleyfisskyldan atvinnurekstur spilliefni sem myndast hjá honum skal hann halda skrá yfir það.

11.2 Þeim sem láta flytja spilliefni innanlands er skylt að láta fylgja með farminum, eftir því sem við á, upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokkar og magn úrgangsins ásamt upplýsingum um sendingar- og móttökuaðila, sbr. einnig reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

11.3 Þeir sem flytja spilliefni innanlands eða sjá einungis um söfnun og geymslu skulu halda skrár um uppruna þeirra, gerð og áfangastað ásamt upplýsingum um magn og dagsetningu.

11.4 Móttöku- og endurnýtingarstöðvar skulu halda skrár um uppruna spilliefna og áfangastað ásamt upplýsingum um magn, gerð, vinnsluáðferðir og dagsetningu.

11.5 Allar færslur skulu varðveittar í a.m.k. 5 ár og skulu eftirlitsaðilar hafa aðgang að þeim.

11.6 Þeir sem sjá um endurnýtingu eða förgun spilliefna eða senda spilliefni til annarra landa skulu eigi síðar en 1. mars ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skrá yfir móttöku, meðferð, förgun og útflutning spilliefna almanaksárið á undan, sbr. reglugerð um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út af EES-svæðinu og tilkynningarskyldu þessara aðila.

Neyðartilvik - yfirvofandi hættu.

12. gr.

12.1 Í neyðartilvikum eða vegna yfirvofandi hættu getur Hollustuvernd ríkisins heimilað meðhöndlun spilliefna með öðrum hætti en greinir í reglugerð þessari til að afstýra hugsanlegri hættu á skaðlegum áhrifum á umhverfi eða heilsu manna.

12.2 Í neyðartilvikum hafa fyrirtæki sem sjá um meðhöndlun spilliefna einnig heimild til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að afstýra hættu. Viðkomandi eftirlitsaðila skal tafarlaust tilkynnt um slíkar ráðstafanir.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

13.1 Um áætlanir og skýrslugerð er fjallað í reglugerð um úrgang.

V. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.*Aðgangur að upplýsingum.*

14. gr.

14.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

15. gr.

15.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um

atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnar-skyldan helst þótt látið sé af starfi.

15.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rök-studdar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

16. gr.

16.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

17. gr.

17.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

17.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VI. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

18. gr.

18.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna

18.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 32a, 32aa og 32ab, XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 91/689/EBE, sbr. tilskipun 94/31/EB, og ákvörðun 94/904/EB).

18.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um brennslu spilliefna.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun af völdum brennslu spilliefna.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um brennslu spilliefna í brennslustöðvum og á við um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni.

2.2 Reglugerðin gildir ekki um:

1. seyru sem fellur til við meðferð skólps nema hún teljist til spilliefna,
2. eldfiman fljótandi úrgang sem við brennslu veldur samsvarandi útblæstri og stafar frá bruna gasolíu,
3. annan eldfiman fljótandi úrgang með nettóvarmagildi a.m.k. 30 MJ/kg, nema úrgangurinn innihaldi PCB eða PCT í meira magni en 0,005% eða sé spilliefni,
4. úrgang sem fellur til við leit og nýtingu gaslinda frá mannvirkjum á hafi úti ef brennsla fer fram um borð í skipi eða
5. úrgang frá sveitarfélögum sem heimilt er að farga í sorpbrennslustöðvum.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Brennslustöð* er hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna spilliefni með oxun, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki, þ.m.t. formeðferð sem og hitasundrun eða önnur hitameðferð, t.d. plasmameðferð, enda séu afurðir eftir formeðferð brenndar síðar.

3.3 *Eftirlit* er athugun á ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

3.4 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.5 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.6 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.7 *Nýr atvinnurekstur* er rekstur sem fékk útgefið starfsleyfi frá og með 1. janúar 1997.

3.8 *Spilliefni* er úrgangur sem merktur er með stjörnu * í I. viðauka með reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og einnig annar úrgangur sem hefur einn eða fleiri eiginleika sem tilteknir eru í III. viðauka með tilvitnaðri reglugerð.

3.9 *Starfandi atvinnurekstur* er rekstur sem hafði fengið útgefið starfsleyfi fyrir 1. janúar 1997.

3.10 *Úrgangur* er hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.

Tegundir úrgangs flokkaðar eftir eiginleikum eru t.d.:

Úrgangur án spilliefna er úrgangur frá heimilum og atvinnurekstri sem hefur svipaða eiginleika og gerð og heimilisúrgangur, t.d. matarleifar og umbúðir, og úrgangur sem fellur til við framleiðslu, verslun og þjónustu, t.d. pappír, timbur o.þ.h.

Spilliefni, sbr. skilgreiningu í 8. mgr.

Óvirkur úrgangur er úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

3.11 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Losunarmörk geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Ákvæði um brennslu spilliefna.

5. gr.

5.1 Brennsla spilliefna er starfsleyfis skyldur atvinnurekstur.

6. gr.

6.1 Í starfsleyfi brennslustöðva skal með óyggjandi hætti tilgreina tegund og magn spilliefna sem leyfilegt er að brenna í brennslustöðinni sem og heildarvinnslugetu stöðvarinnar.

6.2 Ef stöð sem ekki er fyrst og fremst ætlað að brenna spilliefnum er látin taka við þeim (sambrennsla) og hitinn sem myndast við brunann er ekki hærri en 40% af samanlögðum hita sem losaður er í stöðinni á hverju augnabliki skal eftirfarandi gilda að minnsta kosti:

- ákvæði 1. mgr. þessarar greinar til 8. gr.,
- ákvæði 1. mgr. - 5. mgr. 9. gr.,
- ákvæði 10. gr. ásamt ákvæðum um mælingar sem um getur í 13. og 14. gr.,
- ákvæði 12. gr.,
- ákvæði 15. gr.

6.3 Leyfið til sambrennslu sem lýst er í 2. mgr. skal því aðeins veitt ef í umsókninni er sýnt fram á að brennarar spilliefna séu þannig staðsettir og skömmtun úrgangsins þannig hagað, að sem næst fullkomnum bruna verði náð og með útreikningunum sem mælt er fyrir um í II. viðauka, að ákvæðum 10. gr. verði fullnægt.

6.4 Í starfsleyfi skal með óyggjandi hætti telja upp tegundir og magn þess úrgangs sem má brenna í stöðinni. Í því skal enn fremur tilgreina lágmarks- og hámarksmassaflæði þessa úrgangs, lægsta og hæsta varmagildi hans og hámarksinnihald mengunarefna, t.d. PCB, PCP, klórs, flúors, brennisteins og þungmálma. Niðurstöður mælinga sem gerðar eru

innan sex mánaða frá því að starfsemi hefst, við óhagstæðustu skilyrði sem búast má við, skulu sýna að ákvæði 10. gr. séu uppfyllt. Þegar sérstaklega stendur á getur umhverfisráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins, veitt undanþágu frá kröfum um hundraðshluta í 2. mgr.

7. gr.

7.1 Rekstraraðili brennslustöðvar skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir vegna afhendingar og móttöku úrgangs í því skyni að koma í veg fyrir eða, ef það er ekki framkvæmanlegt, draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, einkum mengun lofts, jarðvegs og grunnvatns og hættu sem stöðjar að heilsu manna.

8. gr.

8.1 Áður en tekið er við úrganginum til brennslustöðvarinnar skal rekstraraðili hennar hafa tiltæka lýsingu á úrganginum sem tekur til eðlisfræðilegrar og eftir því sem hægt er efnafræðilegrar samsetningar úrgangsins sem og allra nauðsynlegra upplýsinga til að meta hve vel hann er fallinn til fyrirhugaðrar brennslu og hættu af völdum úrgangsins, hvaða efnum má ekki blanda saman og varúðarráðstafanir sem gera þarf við meðhöndlun úrgangsins.

8.2 Áður en tekið er við úrganginum skal rekstraraðili brennslustöðvar að minnsta kosti gera eftirfarandi: ákvarða massa úrgangsins, athuga þau skjöl sem krafist er samkvæmt reglugerð um spilliefni og eftir atvikum þau sem krafist er samkvæmt reglugerð, um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út af EES-svæðinu, og taka dæmigerð sýni fyrir losun, nema það eigi ekki við, á þann hátt að inna af hendi eftirlit og að gera eftirlitsaðilum kleift að bera kennsl á úrganginn sem tekinn er til meðferðar. Þessi sýni skulu varðveitt í að minnsta kosti einn mánuð eftir brennslu.

8.3 Ef fyrirtæki brenna einungis eigin úrgangi á framleiðslustað hans getur Hollustuvernd ríkisins heimilað brennslu án þess að ákvæði 1. og 2. mgr. séu uppfyllt að því tilskildu að sömu varnir séu tryggðar.

9. gr.

9.1 Stöðvar sem brenna spilliefnum skulu starfræktar á þann hátt að sem næst fullkomnum bruna verði náð. Þetta kann að krefjast þess að viðeigandi tækni sé beitt við að forvinna úrganginn.

9.2 Allar brennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar og starfræktar með það í huga að lofttegundir sem myndast við brennslu spilliefna séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts, á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður, upp í að minnsta kosti 850°C við eða nálægt innvegg brunahólsins í tvær sekúndur hið minnsta. Súrefnisinnihald skal ekki vera undir 6%. Ef brennd eru spilliefni sem innihalda meira en 1% af halógenuðum lífrænum efnum, táknað sem klór, þarf að hækka hitann upp í að minnsta kosti 1100°C. Ef eldsneyti brennarans er eingöngu fljótandi spilliefni eða blanda loftkenndra efna og duftkenndra fastra efna sem falla til við hitaformeðferð spilliefna við súrefnisskort og ef loftkenndi hlutinn inniheldur meira en 50% af öllum hitanum sem losaður er, á súrefnisinnihald eftir síðustu inndælingu brunalofts að vera að minnsta kosti 3%.

9.3 Allar brennslustöðvar skulu búnar brennurum sem eru ræstir sjálfvirkt þegar hiti brennslu lofttegunda, eftir síðustu inndælingu brunalofts, fer niður fyrir lágmarkshita sem tilgreindur er í 2. mgr. Einnig ber að nota slíka brennara þegar stöðin er ræst eða stöðvuð í því skyni að tryggja að lágmarkshiti haldist meðan óbrenndur úrgangur er í brunahólfinu. Við ræsingu og stöðvun eða þegar hiti brennslu lofts fer niður fyrir lágmarkshita sem tilgreindur er í 2. mgr. má ekki nota eldsneyti sem getur orsakað annan útblástur en þann sem stafar af brennslu gasolíu, fljótandi gasi eða jarðgasi.

9.4 Skytt er að hafa yfir að ráða og starfrækja kerfi til að koma í veg fyrir að spilliefni séu brennd:

1. við ræsingu, áður en tilskildum lágmarkshita er náð,
2. þegar ekki tekst að halda tilskildum lágmarkshita og
3. þegar samfelldu mælingarnar samkvæmt a. lið 1. mgr. 14. gr. sýna að farið er yfir losunarmörk fyrir útblástur, t.d. vegna truflana eða bilana í hreinsibúnaði.

9.5 Við starfrækslu brennslustöðvarinnar má ekki fara yfir eftirfarandi mörk fyrir styrk kolmónoxíðs (CO) í brunalofteggundum:

- a. 50 mg/m³ brunalofteggunda sem ákvarðað er sem daglegt meðalgildi,
- b. 150 mg/m³ brunalofteggunda fyrir að minnsta kosti 95% allra mælinga sem gerðar eru á einhverju 24 klukkustunda tímabili, ákvarðað sem 10 mínútna meðalgildi, eða 100 mg/m³ brunalofteggunda fyrir allar mælingar sem gerðar eru á einhverju 24 klukkustunda tímabili, ákvarðað sem 30 mínútna meðalgildi.

9.6 Brennslustöðvar skulu hannaðar, búnar og starfræktar þannig að koma megi í veg fyrir verulega loftmengun niðri við jörð. Hæð reykháfs skal reiknuð út með það fyrir augum að vernda heilsu manna og umhverfi. Heimilt er að gefa út starfsleyfi þótt kröfur í 2. mgr. séu ekki uppfylltar enda sé farið að ákvæðum 10. gr. og magn díoxína og fúrana í útblæstri sé minna eða jafnt því magni sem fæst með kröfunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr.

10. gr.

10.1 Brennslustöðvar skulu hannaðar, búnar og starfræktar þannig að að minnsta kosti verði ekki farið yfir eftirtalin mörk fyrir útblástursloft:

- a. Dagleg meðalgildi:
 1. Heildarmagn ryks 10 mg/m³
 2. Lífræn efni í loftkenndu ástandi, táknað sem lífrænt kolefni 10 mg/m³
 3. Vetrisklórið (HCl) 10 mg/m³
 4. Vetrisklórið (HF) 1 mg/m³
 5. Brennisteinsdíoxíð (SO₂) 50 mg/m³
- b. 30 mínútna meðalgildi:

	A	B
1. Heildarmagn ryks	30 mg/m ³	10 mg/m ³
2. Lífræn efni í loftkenndu ástandi, táknað sem lífrænt kolefni	20 mg/m ³	10 mg/m ³
3. Vetrisklórið (HCl)	60 mg/m ³	10 mg/m ³
4. Vetrisklórið (HF)	4 mg/m ³	2 mg/m ³
5. Brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	200 mg/m ³	50 mg/m ³
- c. Öll meðalgildi á prófunartíma sem nema minnst 30 mínútum og mest 8 klukkustundum:
 1. Kadmíum og efnasambönd þess, táknað sem kadmíum (Cd) að viðbættu þállíum og efnasamböndum þess, táknað sem þállíum (Tl) 0,05 mg/m³* 0,1 mg/m³**
 2. Kvikasilfur og efnasambönd þess, táknað sem kvikasilfur (Hg) 0,05 mg/m³* 0,1 mg/m³**
 3. Samanlagðir styrkir allra eftirtalinnna málma og efnasambanda þeirra, táknað sem viðkomandi málmur: Antímon (Sb), arsen (As), blý (Pb), króm (Cr), kóbolt (Co), kopar (Cu), mangan (Mn), nikkell (Ni), vanadíum (V) og tin (Sn) 0,5 mg/m³* 1,0 mg/m³**

Ofangreind viðmiðunargildi taka einnig til loft- og gufukenns forms viðeigandi þungmálma sem og efnasambanda þeirra. Gildin sem merkt eru með * eiga við um nýjan atvinnurekstur en þau sem merkt eru með ** eiga við um starfandi atvinnurekstur.

10.2 Draga skal úr útblæstri díoxína og fúrana með þróuðustu tækniaðferðum sem völ er á. Miða skal við mörkin $0,1 \text{ ng/m}^3$ og er óheimilt að fara yfir þau mörk. Mörkin eru skilgreind sem summa styrks einstakra díoxína og fúrana sem metinn er í samræmi við I. viðauka. Beita skal samræmdum mælingaraðferðum sem koma fram í viðauka með reglugerðinni.

10.3 Niðurstöður mælinga sem gerðar eru til að staðfesta að mörkin sem sett eru í 1. - 5. mgr. 9. gr. og í þessari grein skulu umreiknuð til samræmis við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 14. gr.

10.4 Ef um er að ræða sambrennslu spilliefnaúrgangs í samræmi við 2. mgr. 6. gr. skulu ákvæði 5. mgr. 9. gr. og 1. - 3. mgr. 10. gr. eingöngu gilda í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka, um þann hluta rúmmáls útblásturslofts sem leggur frá brennslu spilliefnaúrgangsins. Í samræmi við II. viðauka skal ákvarða hæfileg losunarmörk fyrir útblástur víðeigandi mengunarefna sem losuð eru með útblásturslofti frá stöðvum sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

11. gr.

11.1 Losun fráveituvatns frá brennslustöð er háð skilyrðum í starfsleyfi.

11.2 Takmarka skal eins og kostur er losun úrgangsvatns sem fellur til við hreinsun útblásturslofts. Í starfsleyfi má heimila að losa vatnsúrgang eftir sérstaka meðferð að því tilskildu að laga- og reglugerðarákvæði og allar kröfur að því er varðar losunarmörk séu uppfyllt og að massi þungmálma, díoxína og fúrana í slíkum vatnsúrgangi, í hlutfalli við magn spilliefna sem eru meðhöndluð, sé minnkaður þannig að sá massi sem heimilt er að losa í vatn sé minni en heimilt er að losa út í andrúmsloftið.

11.3 Svæði brennslustöðva ásamt geymslusvæðum fyrir spilliefni sem tengjast þeim skulu hönnuð og starfrækt þannig að komið verði í veg fyrir að mengunarefni berist í jarðveg og grunnvatn, sbr. reglugerð um grunnvatn. Enn fremur skal sjá fyrir geymsluaðstöðu fyrir afrennsli regnvatns frá svæði brennslustöðva eða mengaðs vatns sem á rætur að rekja til leka eða slökkvistarfa. Þessi geymsluaðstaða skal nægja til að tryggja að hægt sé að prófa og meðhöndla slíkan úrgang áður en hann er losaður ef þurfa þykir.

12. gr.

12.1 Brennsluleifar sem til falla við starfsemi brennslustöðvar skulu endurnýttar eða þeim fargað í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og reglugerðar um úrgang og reglugerðar um spilliefni. Það kann að fela í sér formeðferð leifanna. Ber að varðveita slíkar leifar þannig að þær séu innbyrðis aðgreindar þar til mat liggur fyrir um endurvinnslu eða förgun. Beita skal víðeigandi tækniaðferðum til að auðvelda þetta frekar.

12.2 Flytja skal og geyma til bráðabirgða þurrleifar í formi ryks, t.d. ketilryk og þurrleifar, sem falla til við meðferð útblásturslofts, í lokuðum ílátum.

12.3 Hiti sem myndast við brennsluna skal nýttur eins og kostur er.

12.4 Áður en ákveðið er hvernig farga á eða endurnýta leifar sem falla til við brennslu skal gera prófanir til að ákvarða eðlisfræðilega þætti og efnafræðilega samsetningu og hugsanlega mengunarhættu af völdum hinna ýmsu brennsluleifa. Greiningin skal einkum taka til uppleysanlegs hluta og þungmálma.

13. gr.

13.1 Í samræmi við 14. gr. skal í leyfi mælt fyrir um mælingarkröfur vegna eftirlits með færíbreytunum, skilyrðunum og styrk mengunarefna sem tengjast brennsluferlinu og þeim skilyrðum sem fylgja leyfinu sem gefið er út samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Reglubundnar mælingar skulu ákveðnar í samræmi við III. viðauka.

13.2 Leyfið skal því aðeins veitt að umsókn sýni að fyrirhuguð mælitækni sé í samræmi við III. viðauka. Öryggismörk (95%) fyrir losunarmörk sem eru gefin upp í a-lið 5. mgr. 9. gr. og a-lið 1. mgr. 10. gr. töluliði 1, 2, 3 og 5 mega ekki fara yfir þau gildi sem gefin eru upp í 4. lið III. viðauka. Viðeigandi búnaður og starfsemi sjálfvirks eftirlitsbúnaðar skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir.

13.3 Aðferðir við sýnatöku sem beitt er í því skyni að uppfylla skilyrði um reglubundnar mælingar hvers loftmengunarefnis um sig og staðsetning sýnatöku og mælingarstaða skulu tilgreindar í starfsleyfi eða reglugerðum þar að lútandi.

14. gr.

14.1 Eftirtaldar mælingar skulu gerðar í brennslustöðinni í samræmi við III. viðauka:

- a. stöðugar mælingar á efnunum sem um getur í 5. mgr. 9. gr. og a- og b-lið 1. mgr. 10. gr.,
- b. stöðugar mælingar á eftirtöldum færíbreytum sem varða vinnsluna:
 - á hita eins og um getur í 2. og 6. mgr. 9. gr.,
 - á styrk súrefnis, þrýstingi, hita og vatnsgufu í útblásturslofti.
- c. minnst tvær mælingar á ári á efnunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 10. gr., ein mæling á tveggja mánaða fresti skal hins vegar gerð fyrstu 12 mánuði starfseminnar,
- d. nauðsynlegt er að staðfesta með viðeigandi hætti dvalartíma, lágmarkshita og súrefnisinnihald í útblásturslofti eins og tilgreint er í 2. og 6. mgr. 9. gr. að minnsta kosti einu sinni þegar brennslustöðin er tekin í notkun og við óhagstæðustu starfs-skilyrði sem búast má við.

Sleppa má stöðugum mælingum á vetnisflúor (HF) ef vetnisklór (HCl) er meðhöndlað þannig að tryggt sé að ekki sé farið yfir losunarmörk samkvæmt 3. tölul. í a-lið 1. mgr. 10. gr. og 3. tölul. í b-lið 1. mgr. 10. gr. Ekki er nauðsynlegt að mæla stöðugt innihald vatnsgufu að því tilskildu að sýni útblásturslofts sé þurrkað áður en útblásturinn er greindur. Ekki er nauðsynlegt að gera mælingar á mengunarefnum sem skráð eru í 1. mgr. 10. gr. að því tilskildu að samkvæmt leyfinu sé eingöngu heimilt að brenna þeim spilliefnum sem geta ekki orsakað að meðalgildi fyrir þessi mengunarefni fari yfir 10% af losunarmörkum fyrir útblástur sem sett eru í 1. mgr. 10. gr.

14.2 Niðurstöður mælinganna sem gerðar eru til að staðfesta að farið sé eftir losunarmörkum sem sett eru fram í 9. gr. og 10. gr. skulu umreiknuð til samræmis við eftirfarandi kröfur:

- hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni, þurrgas,
- hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 3% súrefni, þurrgas, ef um er að ræða brennslu úrgangsolíu, sbr. skilgreiningu í reglugerð um olíuúrgang.

Ef spilliefnin eru brennd í súrefnisgæddu andrúmslofti er hægt að umreikna niðurstöður mælinganna til samræmis við súrefnisinnihald sem Hollustuvernd ríkisins mælir fyrir um og endurspeglar hinar sérstöku aðstæður hverju sinni. Í tilvikum sem taka til 2. mgr. 6. gr. skulu niðurstöður mælinganna umreiknaðar til samræmis við heildarsúrefnisinnihaldið sem er reiknað út í II. viðauka. Ef dregið er úr útblæstri mengunarefna með því að meðhöndla útblástursloft skal því aðeins umreikna niðurstöður að því er varðar súrefnisinnihald sem kveðið er á um í málsgreininni, að súrefnisinnihald sem mælt er á sama tímabili og fyrir mengunarefnið sem í hlut á fari yfir viðeigandi staðlað súrefnisinnihald.

14.3 Losunarmörk eru uppfyllt ef:

1. öll dagleg meðalgildi fara ekki yfir losunarmörkin sem mælt er fyrir um í a-lið 5. mgr. 9. gr. og a-lið 1. mgr. 10. gr. og
2. annaðhvort öll 30 mínútna meðalgildi yfir árið fara ekki yfir þau mörk sem mælt er fyrir um í A-dálki b-liðar 1. mgr. 10. gr. eða

3. 97% af 30 mínútna meðalgildum yfir árið fara ekki yfir mörkin fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í B-dálki b-liðar 1. mgr. 10. gr.
4. öll meðalgildi á sama tímabili og mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 10. gr. fara ekki yfir mörk fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í þeirri undirgrein og
5. farið er að ákvæðum b-liðar 5. mgr. 9. gr.

Meðalgildin sem ákvörðuð eru innan tímabilsins sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eru ekki tekin með í reikninginn þegar metið er hvort losunarmörk eru virt. Ákvarða skal 30 og 10 mínútna meðalgildi á virkum starfstíma (þar með talinn ræsingar- og stöðvunartími) miðað við mæld gildi þegar búið er að draga frá gildi öryggismarkanna sem tilgreind eru í 4. lið III. viðauka. Dagleg meðalgildi skulu ákvörðuð út frá þessum viðurkenndu meðalgildum. Meðaltími fyrir sýnatökutíma og ef um er að ræða reglulegar mælingar á vetnisflúor (HF), meðalgildi vetnisflúors skulu ákvörðuð í samræmi við kröfur 3. mgr. 13. gr.

15. gr.

15.1 Ef mælingar sem gerðar eru sýna að farið sé yfir losunarmörk skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins um það án tafar. Stöðin sem um ræðir skal hætta að brenna spilliefnum ef hún uppfyllir ekki kröfur um losunarmörk og stöðin má ekki brenna spilliefnum á ný fyrr en Hollustuvernd ríkisins leyfir það.

15.2 Í starfsleyfi skal mæla fyrir um hve lengi óumflýjanleg stöðvun af tæknilegum orsökum, röskun eða minni háttar bilun á hreinsibúnaði eða mælingarbúnaði má vara og styrkur mengandi efna sem losuð eru út í andrúmsloftið má fara yfir losunarmörk. Stöðin má við þessi skilyrði aldrei halda áfram að brenna úrgangi í meira en fjórar klukkustundir í senn án hléa. Enn fremur má starfsemi við þessi skilyrði á einu ári ekki vera meiri en 60 klukkustundir samanlagt. Ef um er að ræða alvarlega bilun skal stjórnandi brennslu-stöðvarinnar draga úr eða hætta starfsemi eins fljótt og auðið er þar til stöðin getur hafið eðlilega starfsemi á ný. Í stöðvum sem fjallað er um í 2. mgr. 6. gr. skal hætt að brenna spilliefnum. Heildarmagn ryks í útblæstri skal aldrei fara yfir 150 mg/m³ táknað sem 30 mínútna meðaltal. Enn fremur má ekki fara yfir losunarmörk sem mælt er fyrir um í 2. tölul. í a-lið 1. og 2. tölul. í b-lið 1. mgr. 10. gr. Uppfylla skal öll önnur skilyrði sem um getur í 9. gr.

IV. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Aðgangur að upplýsingum.

16. gr.

16.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

17. gr.

17.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

17.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

18. gr.

18.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

19. gr.

19.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

19.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

V. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

20. gr.

20.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna.

20.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 21b og 21c XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 94/67/EB og ákvörðun 97/283/EB).

20.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi atvinnurekstur þarf að uppfylla viðeigandi ákvæði reglugerðarinnar í síðasta lagi 1. júlí árið 2000.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI

Samræmdar mælingaraðferðir.

Samræmdu mælingaraðferðirnar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar skulu vera mælingaraðferðir pr EN 1948 (júní 1996) „kyrrstæður gjafi útblásturs: ákvörðun massastyrks fjöklóræðra díbensódíoxína (PCDD) og fjöklóræðra díbensófúrana (PCDF), 1. hluti - sýnataka, 2. hluti - skiljun og hreinsun, 3. hluti - auðkenning og mæling“ sem voru lagðar fram af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) til að ákvarða massastyrk díoxína og fúrana í útblæstri. Framangreind tilvísun pr EN 1948 (júní 1996) verður EN 1948 við lokasamþykkt CEN.

I. VIÐAUKI

Jafngildisstuðlar fyrir díoxín og díbensófúrön.

Til að ákvarða samanlagt gildi sem um getur í 2. mgr. 10. gr. skal margfalda styrk eftirfarandi díoxína og díbensófúrana með eftirfarandi jafngildisstuðlum áður lagt er saman.

Efni	Jafngildispáttur	
2,3,7,8	-Tetraklóróðíbensóðíoxín (TCDD)	1
1,2,3,7,8	-Pentaklóróðíbensóðíoxín (PeCDD)	0,5
1,2,3,4,7,8	-Hexaklóróðíbensóðíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,7,8,9	-Hexaklóróðíbensóðíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,6,7,8	-Hexaklóróðíbensóðíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	-Heptaklóróðíbensóðíoxín (HpCDD)	0,01
	-Oktaklóróðíbensóðíoxín (OCDD)	0,001
2,3,7,8	-Tetraklóróðíbensóðíúran (TCDF)	0,1
2,3,4,7,8	-Pentaklóróðíbensóðíúran (PeCDF)	0,5
1,2,3,7,8	-Pentaklóróðíbensóðíúran (PeCDF)	0,05
1,2,3,4,7,8	-Hexaklóróðíbensóðíúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,7,8,9	-Hexaklóróðíbensóðíúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,6,7,8	-Hexaklóróðíbensóðíúran (HxCDF)	0,1
2,3,4,6,7,8	-Hexaklóróðíbensóðíúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	-Heptaklóróðíbensóðíúran (HpCDF)	0,01
1,2,3,4,7,8,9	-Heptaklóróðíbensóðíúran (HpCDF)	0,01
	-Oktaklóróðíbensóðíúran (OCDF)	0,001

II. VIÐAUKI

Ákvörðun losunarmarka fyrir brennslu spilliefna.

Reikna skal út losunarmörk fyrir hvert einstakt mengunarefni og kolmónoxíð í útblásturslofti sem myndast við brennslu spilliefna sem hér segir:

$$C = (V_{\text{úrg.}} * C_{\text{úrg.}} + V_{\text{vinnsl.}} * C_{\text{vinnsl.}}) / V_{\text{úrg.}} + V_{\text{vinnsl.}}$$

$V_{\text{úrg.}}$ Magn útblásturslofts sem myndast við brennslu spilliefna sem aðeins er ákvarðað út frá úrgangi með lægsta varmagildi sem er tilgreint í starfsleyfi og staðlað við aðstæður sem tilgreindar eru í 2. mgr. 14. gr.

Ef magn hitalosunar við brennslu spilliefna er minna en 10% af heildarhitalosun í stöðinni skal $V_{\text{úrg.}}$ reiknað út frá (ímynduðu) magni úrgangs sem við brennslu myndi samsvara 10% af samanlagðri hitalosun.

$C_{\text{úrg.}}$ Losunarmörk fyrir stöðvar sem einungis er ætlað að brenna spilliefni (að minnsta kosti losunarmörk fyrir mengunarefni og kolmónoxíð eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr., 2. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 9. gr.).

$V_{\text{vinnsl.}}$ Útblástursloft sem myndast við vinnslu stöðvarinnar, þar með talin brennsla leyfilegs eldsneytis sem venjulega er notað í stöðinni (að undanskildum spilliefnum) sem er ákvarðað á grundvelli súrefnisinnihalds. Ef engin ákvæði eru til um þessa gerð stöðvar verður að nota raunverulegt súrefnisinnihald í útblástursloftinu án þess að þynna það með viðbótarlofti, sem er ekki nauðsynlegt fyrir vinnsluna. Umreikninga vegna annarra skilyrða er að finna í 2. mgr. 14. gr.

$C_{\text{vinnsl.}}$ Losunarmörk viðeigandi mengunarefna og kolmónoxíða í slíkum stöðvum þegar þær brenna eldsneyti sem venjulega er leyft (að undanskildum spilliefnum). Ef engar upplýsingar af þessu tagi eru fyrir hendi skal nota losunarmörk sem mælt er fyrir um í starfsleyfi.

C Samanlögð losunarmörk fyrir kolmónoxíð (CO) og viðeigandi mengunarefni sem koma í stað losunar- eða leiðbeiningarmarka sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 10. gr. Heildarsúrefnisinnihald sem koma á í stað súrefnisinnihalds með hliðsjón af umreikningunum sem um getur í 9. og 10. gr. er

reiknað út á grundvelli ofangreinds innihalds með hliðsjón af hluta rúmmálsins. Ekki skal taka tillit til mengunarefna og kolmónoxíðs sem ekki stafar beint frá brennslu spilliefna eða frá brennslu eldsneytis (t.d. efna sem eru nauðsynleg fyrir framleiðslu eða framleiðsluvara) auk kolmónoxíðs sem myndast við slíka brennslu, ef

- nauðsynlegt er vegna framleiðsluferilsins að kolmónoxíðsstyrkur í brunalofttegundum sé meiri, og
- C_{úrg} (samkvæmt skilgreiningu hér að framan) fyrir díoxín og fúrön eru uppfyllt. Miðað við það að leyfilegt er að sambrenna spilliefni skulu samanlögð losunarmörk fyrir útblástur reiknuð út þannig, að útblástur mengunarefna út í umhverfið sé í lágmarki.

III. VIÐAUKI

Mælingaraðferðir.

1. Mælingar sem gerðar eru til að ákvarða styrk loftmengunarefna í gasleiðslum skulu vera dæmigerðar fyrir aðrar mælingar.
2. Sýnataka og greining allra mengunarefna, þar með talið díoxína og fúrana og viðmið-unarmæliaðferðir til að kvarða sjálfvirkt mælikerfi skulu framkvæmdar eins og tilgreint er í CEN-stöðlum. Innlendir staðlar gilda þar til samningu CEN-staðla hefur verið lokið.
3. Einungis er hægt að hafa eftirlit með díoxínum og fúrönunum ef greiningarmörk fyrir sýnatöku og greiningu einstakra díoxína og fúrana eru nægilega lág til að fá marktæka niðurstöðu að því er varðar eiturhrifjafngildi.
4. Öryggismörkin (confidence interval; 95%) ákvörðuð við losunarmörkin mega ekki vera hærri en eftirfarandi hundraðhlutföll af losunarmörkunum.

Kolmónoxíð (a-liður 5. mgr. 9. gr.):	10%
Brennisteinsdíoxíð (5 tölul. í a-lið 1. mgr. 10. gr.):	20%
Heildarmagn ryks (1. tölul. í a-lið 1. mgr. 10. gr.):	30%
Heildarmagn lífræns kolefnis (2 tölul. í a-lið 1. mgr. 10. gr.):	30%
Vetnisklórið (3. tölul. a-lið 1. mgr. 10. gr.):	40%

REGLUGERÐ

um sorpbrennslustöðvar.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun af völdum reksturs sorpbrennslustöðva.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um nýjar og starfandi sorpbrennslustöðvar eins og nánar segir í reglugerðinni. Reglugerðin gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunar-lögsögunni.

2.2 Reglugerðin gildir ekki um brennslu spilliefna.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Besta fáanlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fáanlegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.3 *Eftirlit* er athugun á ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

3.4 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.5 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

3.6 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.7 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.8 *Nafnafköst brennslustöðvar* eru samanlögð afköst brennsluofna stöðvar, tilgreind sem magn úrgangs sem brennt er á klukkustund.

3.9 *Ný sorpbrennslustöð* er stöð sem fengið hefur útgefið starfsleyfi frá og með 27. janúar 1994.

3.10 *Starfandi sorpbrennslustöð* er stöð sem hefur fengið útgefið starfsleyfi í fyrsta sinn fyrir 27. janúar 1994.

3.11 *Sorpbrennslustöð* er hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki.

3.12 *Spilliefni* er úrgangur sem merktur er með stjörnu * í I. viðauka með reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og einnig annar úrgangur sem hefur einn eða fleiri eiginleika sem tilteknir eru í III. viðauka með tilvitnaðri reglugerð.

3.13 *Úrgangur* er hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.

Tegundir úrgangs eru t.d.:

Úrgangur án spilliefna er úrgangur frá heimilum svo og úrgangur frá atvinnurekstri sem hefur svipaða eiginleika og gerð og heimilisúrgangur, t.d. matarleifar og umbúðir, og úrgangur sem fellur til við framleiðslu, verslun og þjónustu, t.d. pappír, timbur o.þ.h.

Spilliefni, sbr. skilgreiningu í 12. mgr., t.d. sóttmengaður úrgangur og olíuúrgangur.

Ovirkur úrgangur er úrgangur sem breytist ekki efna- eða eðlisfræðilega á skömmum tíma, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

II. KAFLI

Umsjón.*Hlutverk Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnda.*

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirmenjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Almenn ákvæði um sorpbrennslustöðvar.*Starfsleyfisskylda.*

5. gr.

5.1 Rekstur sorpbrennslustöðva er starfsleyfisskyldur atvinnurekstur.

IV. KAFLI

Reglur um nýjar sorpbrennslustöðvar.

6. gr.

6.1 Eftirfarandi losunarmörk sem stöðluð eru við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% O₂ (súrefnisinnihald) eða 9% CO₂ (koldíoxíð) sem þurr gas, skulu gilda um nýjar sorpbrennslustöðvar:

Losunarmörk í mg/Nm³ miðað við nafnaköst brennslustöðvarinnar

Mengunarefni	Minna en 1 tonn/klst.	1 tonn/klst. eða meira, en minna en 3 tonn/klst.	3 tonn/klst. eða meira
Ryk alls	200	100	30
Pungmálmar			
- Pb+Cr+Cu+Mn	–	5	5
- Ni+As	–	1	1
- Cd og Hg	–	0,2	0,2
Saltsýra (HCl)	250	100	50
Flúorsýra (HF)	–	4	2
Brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	–	300	300

6.2 Þegar í hlut eiga stöðvar með afköst undir einu tonni á klukkustund er heimilt að miða losunarmörk við 17% súrefnisinnihald. Ef svo er má styrkur ekki fara yfir þau gildi sem kveðið er á um í 1. mgr., deilt með 2,5.

6.3 Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt ef sérstakar aðstæður á staðnum krefjast þess að veita leyfi fyrir stöðvar með nafnaköst undir einu tonni á klukkustund að því tilskildu að farið sé eftir losunarmörkunum 500 mg/Nm³ heildarrykmagn.

6.4 Í starfsleyfi skal setja losunarmörk fyrir önnur mengunarefni en þau sem nefnd eru í 1. mgr. þegar við á með tilliti til samsetningar úrgangsins sem brenna á og gerðar brennslustöðvarinnar. Við setningu þessara útblástursmarka skal taka tillit til hugsanlegra skaðlegra áhrifa þeirra mengunarefna sem um ræðir á umhverfið, heilsu manna, svo og til bestu fánlegrar tækni. Einkum skal setja losunarmörk fyrir díoxín og fúrön. Þá skal í starfsleyfi m.a. kveða á um hvaða úrgang heimilt er að brenna í stöðinni. Jafnframt skal kveða á um geymslu úrgangs fram að brennslu og blöndun úrgangs eftir því sem við á.

7. gr.

7.1 Allar nýjar sorpbrennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar og starfræktar með það í huga að lofttegundir, sem myndast við brennslu úrgangsins, séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brennsluofts, á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður,

upp í að minnsta kosti 850°C í tvær sekúndur hið minnsta, og að súrefnisinnihald sé eigi minna en 6%.

7.2 Allar nýjar sorpbrennslustöðvar skulu fullnægja eftirfarandi kröfum þegar þær eru starfræktar:

a. styrkur kolmónoxíðs (CO) í útblásturslofti frá brennslu má ekki fara yfir 100 mg/Nm³.

b. styrkur lífrænna efnasambanda (tilgreindur sem heildarmagn kolefnis) í útblásturslofti frá brennslu má ekki fara yfir 20 mg/Nm³.

Mörkin sem kveðið er á um í a- og b-lið hér að ofan skulu stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni eða 9% CO₂ og þurt loft.

7.3 Heimila má önnur skilyrði en þau sem kveðið er á um í 1. mgr. ef viðeigandi aðferðum er beitt í brennsluofnum eða búnaði til meðhöndlunar á útblásturslofti frá brennslu að því tilskildu að gengið hafi verið úr skugga um að með notkun þessara aðferða verði magn fjölklóraðra díbensódíoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (DCDF) sem losuð eru jafnt eða minna en það sem fæst með þeim tæknilegu skilyrðum sem kveðið er á um í 1. mgr.

7.4 Allar nýjar sorpbrennslustöðvar verður að hanna, útbúa og starfrækja þannig að koma megi í veg fyrir útblástur út í andrúmsloftið sem veldur verulegri loftmengun niðri við jörðu; einkum skal þess gætt að úrgangsluft sé losað á skipulegan hátt um reykhláf. Tryggt skal að hæð reykhláfsins sé reiknuð út með það fyrir augum að vernda heilsu manna og umhverfi.

8. gr.

8.1 Hiti og súrefnisinnihald sem kveðið er á um í 7. gr. eru lágmarksgildi sem ætíð skal fara eftir meðan brennsla fer fram í stöðinni.

8.2 Sá styrkur kolmónoxíðs (CO) sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 7. gr. er viðmiðunarmark fyrir meðalgildi á klukkustund í öllum stöðvum. Enn fremur ef um er að ræða stöðvar með nafnafköst sem nema 1 tonni á klukkustund eða meira verða a.m.k. 90% allra mælinga sem gerðar eru yfir 24 klukkustunda tímabil að vera undir 150 mg/Nm³. Þessi meðalgildi skulu aðeins reiknuð út frá þeim tíma sem stöðin starfar í raun, þar með talinn gangsetningar- og stöðvunartími.

8.3 Ef um er að ræða einhver hinna efnanna sem samkvæmt 9. gr. á stöðugt að fylgjast með:

a. má ekkert 7 daga hlaupandi meðaltal af mælingum á styrk umræddra efna fara fram úr samsvarandi losunarmörkum;

b. má ekkert sólarhringsmeðaltal af mælingum á styrk umræddra efna fara meira fram úr samsvarandi losunarmörkum en sem nemur 30%.

Í tengslum við útreikning á ofanefndum meðaltalsgildum skal aðeins taka mið af þeim tíma sem stöðin starfar í raun, þar með talinn gangsetningar- og stöðvunartími.

8.4 Þar sem eingöngu er krafist stakra mælinga skal líta svo á að farið hafi verið að losunarmörkum ef niðurstöður hvernar syrpu mælinga sem skilgreind er og ákvörðuð í starfsleyfi í samræmi við 6. og 7. gr. og 5. mgr. 9. gr. fara ekki yfir losunarmörk.

9. gr.

9.1 Við nýjar sorpbrennslustöðvar skal mæla:

a. styrk tiltekinna efna í útblásturslofti frá brennslu:

i) heildarmagn, styrk CO, súrefnis og HCl skal stöðugt mæla og skrá þegar í hlut eiga stöðvar þar sem nafnafköst eru 1 tonn á klukkustund eða meira.

ii) eftirfarandi skal mæla með reglulegu millibili:

- styrk þungmálmannanna sem um getur í 1. mgr. 6. gr., styrk HF og SO₂ þegar í hlut eiga stöðvar þar sem nafnaköst eru 1 tonn á klukkustund eða meira,
- heildarmagn, styrk HCl, CO og súrefnis þegar í hlut eiga stöðvar þar sem nafnaköst eru minni en 1 tonn á klukkustund,
- styrk lífrænna efna (tilgreinds sem heildarmagn kolefnis) almennt.

b. brennsluáðstæður:

- i) stöðugt skal mæla og skrá hita lofttegundanna í því rými þar sem skilyrðum 1. mgr. 7. gr. er fullnægt, svo og magn vatnsgufu í útblásturslofti frá brennslu. Ekki er þörf á að mæla magn vatnsgufu stöðugt ef útblástursloft frá brennslu er þurrkað áður en útblástur er efnagreindur,
- ii) sannprófa skal á viðeigandi hátt dvalartíma útblásturslofts frá brennslu við lágmarkshitann 850°C, svo sem tilgreint er í 1. mgr. 7. gr., að minnsta kosti einu sinni þegar brennslustöð er tekin í notkun og við óhagstæðustu brennsluskilyrði sem fyrirsjáanleg eru.

9.2 Niðurstöður mælinga sem um getur í 1. mgr. skulu staðlaðar við eftirfarandi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% O₂ eða 9% CO₂, þurr gas. Þegar 2. mgr. 6. gr. er beitt má þó staðla þær við eftirfarandi skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 17% súrefni, þurrt loft.

9.3 Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar, unnið úr þeim og þær settar fram á viðeigandi hátt svo að eftirlitsaðili geti gengið úr skugga um að farið sé að þeim skilyrðum sem sett hafa verið.

9.4 Tilhögun við sýnatöku og mælingar sem stuðst er við til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í 1. mgr. svo og staðsetning sýnatöku- eða mælistaða skal vera háð samþykki eftirlitsaðila.

9.5 Hvað varðar mælingarnar sem gerðar eru með reglulegu millibili skal rekstraraðili gera viðeigandi mælingaáætlanir til að tryggja að niðurstöðurnar gefi rétta mynd af venjulegu magni útblásturs þeirra efna sem um ræðir. Niðurstöðurnar verða að gera það kleift að hægt sé að ganga úr skugga um hvort farið hafi verið eftir gildandi losunarmörkum.

10. gr.

10.1 Allar nýjar sorpbrennslustöðvar skulu búnað aukabrennurum. Þessir brennarar eru ræstir sjálfvirkt þegar hiti útblásturslofts frá brennslu fer niður fyrir 850°C. Einnig skal nota þá meðan verið er að hefja eða stöðva brennslu í stöðinni til þess að tryggja að framangreindum lágmarkshita sé ávallt haldið meðan þessi starfsemi fer fram og eins lengi og úrgangurinn er í brunahólfinu.

11. gr.

11.1 Sýni mælingar að farið hafi verið yfir losunarmörk þau sem kveðið er á um í reglugerð þessari skal gera eftirlitsaðila viðvart eins fljótt og unnt er. Honum ber að tryggja að engin brennsla fari fram í hlutaðeigandi stöð á meðan ekki er farið eftir útblástursstöðlum og skal hann gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að stöðinni sé breytt eða starfsemi hætta.

11.2 Í starfsleyfi skal tiltaka hversu lengi hreinsibúnaður má stöðvast af tæknilega óviðráðanlegum orsökum með þeim afleiðingum að styrkur efnanna sem losuð eru út í andrúmsloftið á meðan og búnaðinum er ætlað að draga úr, fari yfir sett losunarmörk. Ef bilun verður skal stöðvarstjóri draga úr starfsemi eða stöðva hana eins fljótt og unnt er að koma því við þangað til hægt er að hefja eðlilega starfsemi á ný. Óheimilt er með öllu að halda áfram brennslu í stöðinni lengur en átta stundir samfleytt, enn fremur skal samanlagður rekstrartími á starfsári við slíkar aðstæður vera skemmri en 96 klukkustundir.

Magn ryks í útblásturslofti má í engum tilvikum fara yfir 600 mg/Nm^3 á þeim tíma sem um getur hér að ofan og fullnægja skal öllum öðrum skilyrðum, einkum brennsluskilyrðum.

V. KAFLI

Ákvæði um starfandi sorpbrennslustöðvar.

12. gr.

12.1 Þegar um er að ræða stöðvar með nafnafköst sem jafngilda 6 tonnum af úrgangi á klukkustund eða meira gilda sömu skilyrði og sett eru nýjum brennslustöðvum með sömu afkastagetu og getið er í IV. kafla reglugerðarinnar. Þó gildir 14. gr. í stað 7. gr.

12.2 Eftirfarandi ákvæði gilda um aðrar starfandi sorpbrennslustöðvar: Skilyrðin sem sett eru í 13. til 14. gr. þessa kafla gilda og frá 1. desember 2000 gilda sömu skilyrði fyrir starfandi sorpbrennslustöðvar og sett eru fyrir nýjar stöðvar með sömu afkastagetu, sbr. IV. kafla reglugerðarinnar, þó gildir 14. gr. í stað 7. gr.

13. gr.

13.1 Eftirfarandi losunarmörk gilda um starfandi sorpbrennslustöðvar og eru þau stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K , þrýstingur $101,3 \text{ kPa}$, 11% súrefni eða 9% CO_2 sem þurr gas:

a. stöðvar með minni nafnafköst en 6 tonn af úrgangi á klukkustund en þó að minnsta kosti 1 tonn:

– ryk alls 100 mg/Nm^3 ;

b. stöðvar með minni nafnafköst en eitt tonn af úrgangi á klukkustund:

– ryk alls 600 mg/Nm^3 .

13.2 Þegar í hlut eiga stöðvar með afköst undir einu tonni á klukkustund er heimilt að miða losunarmörk við 17% súrefnisinnihald. Ef svo er má styrkleiki ekki fara yfir þau gildi sem kveðið er á um í 1. mgr., deilt með 2,5.

13.3 Í starfsleyfi skal setja losunarmörk fyrir önnur mengunarefni en þau sem nefnd eru í 1. mgr. þegar við á með tilliti til samsetningar úrgangsins sem brenna á og gerðar brennslustöðvarinnar. Við setningu þessara útblástursmarka skal taka tillit til hugsanlegra skaðlegra áhrifa þeirra mengunarefna sem um ræðir á umhverfið og heilsu manna, svo og til bestu fánlegrar tækni. Meðal annars er heimilt að setja losunarmörk fyrir díoxín og fúrön.

14. gr.

14.1 Starfandi sorpbrennslustöðvar með afkastagetu er jafngildir 6 tonnum á klst. eða meira verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði: Lofttegundir sem myndast við brennslu úrgangsins séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brennsluofts og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í að minnsta kosti 850°C í tvær sekúndur hið minnsta og sé súrefnisinnihald eigi minna en 6%. Ef af þessu hljótast veruleg tæknivandamál er heimilt að fresta skilyrðinu um tveggja sekúndna tímann en þó ekki lengur en þar til skipt hefur verið um brennsluofna.

14.2 Aðrar starfandi sorpbrennslustöðvar verða að uppfylla eftirfarandi brennsluskilyrði: Lofttegundir sem myndast við brennslu úrgangsins séu hitaðar, eftir síðustu inndælingu brennsluofts og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður í þann tíma sem ákveðinn er í starfsleyfi að sé nægilegur, upp í að minnsta kosti 850°C og sé súrefnisinnihald eigi minna en 6%.

14.3 Allar starfandi sorpbrennslustöðvar skulu virða losunarmörk um 100 mg/Nm^3 hámarksstyrk kolmónoxíðs (CO) í útblásturslofti frá brennslu á meðan brennsla stendur yfir. Losunarmörkin skulu stöðluð við þessi skilyrði: hiti 273 K , þrýstingur $101,3 \text{ kPa}$, 11% súrefni eða 9% CO_2 sem þurr gas.

14.4 Heimila má önnur skilyrði en þau sem sett eru í 1. mgr. ef viðeigandi tækni er beitt í brennsluofnum eða búnaði til meðhöndlunar á útblásturslofti frá brennslu að því tilskildu að magn fjöklóraðra díbensódíoxína (PCDD) og fjöklóraðra díbensófurana (PCDF) sem losnar verði jafnt eða minna en það sem fæst með þeim tæknilegu skilyrðum sem sett eru í 1. og 2. mgr.

15. gr.

15.1 Hiti og súrefnisinnihald sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. eru lágmarksgildi sem ætíð skulu virt meðan brennsla fer fram í stöðinni.

15.2 Sá styrkur kolmónoxíðs (CO) sem kveðið er á um í 2. mgr. 14. gr. er:

a. viðmiðunarmark fyrir meðalgildi á klukkustund ef um er að ræða stöðvar með 6 tonna nafnaköst á klukkustund eða meiri. Þá verða enn fremur að minnsta kosti 90% allra mælinga sem gerðar eru yfir 24 klst. tímabil að vera undir 150 mg/Nm^3 .

b. viðmiðunarmark fyrir meðalgildi á klukkustund ef um er að ræða stöðvar með minni nafnaköst en 6 tonn á klukkustund en þó ekki minni en 1 tonn á klukkustund,

c. viðmiðunarmark fyrir sólarhringsmeðaltal, ef um er að ræða stöðvar með minni nafnaköst en 1 tonn á klukkustund.

Við útreikning á ofanefndum meðaltalsgildum skal aðeins taka með í reikninginn þann tíma sem stöðin er í gangi, þar með talinn gangsetningar- og stöðvunartíma.

15.3 Þegar um er að ræða ryk sem samkvæmt 16. gr. á að fylgjast stöðugt með:

a. má ekkert sjö daga hlaupandi meðaltal af mælingum á styrk umræddra efna fara yfir samsvarandi losunarmörk;

b. má ekkert sólarhringsmeðaltal af mælingum á styrk umræddra efna fara meira yfir samsvarandi losunarmörk en sem nemur 30%.

Við útreikning á áður nefndum meðaltalsgildum skal aðeins taka með í reikninginn þann tíma sem stöðin er í gangi, þar með talinn gangsetningar- og stöðvunartíma.

15.4 Þegar krafist er reglubundinna mælinga á öllu ryki samkvæmt 16. gr. má styrkurinn sem mælist ekki fara yfir losunarmörk.

16. gr.

16.1 Við starfandi stöðvar skal mæla:

a. styrk tiltekinna efna í útblásturslofti frá brennslu:

i) heildarrykmagn, CO og súrefni skal stöðugt mæla og skrá þegar í hlut eiga stöðvar þar sem nafnaköst eru 1 - 6 tonn á klukkustund eða meiri;

ii) eftirfarandi skal mæla með reglulegu millibili:

– heildarrykmagn, styrk súrefnis og CO þegar í hlut eiga starfandi stöðvar með minni nafnaköst en 1 tonn af úrgangi á klukkustund;

b. brennsluáðstæður:

i) stöðugt skal mæla og skrá hita lofttegundanna í því rými þar sem skilyrðum 1. mgr. 14. gr. er fullnægt;

ii) sannprófa skal á viðeigandi hátt og við óhagstæðustu brennsluskilyrði sem fyrirsjáanleg eru í stöðinni, dvalartíma útblásturslofts frá brennslu við lágmarkshitann 850°C , svo sem tilgreint er í 1. mgr. 14. gr. að minnsta kosti einu sinni eftir hverja breytingu á stöðinni.

16.2 Niðurstöður mælinganna sem greint er frá í 1. mgr. skulu staðlaðar við eftirfarandi skilyrði:

– hiti 273 K , þrýstingur $101,3 \text{ kPa}$, $11\% \text{ O}_2$ eða $9\% \text{ CO}_2$, þurr loft.

Þegar 2. mgr. 13. gr. er beitt má þó staðla niðurstöðurnar við eftirfarandi skilyrði:

– hiti 273 K , þrýstingur $101,3 \text{ kPa}$, $17\% \text{ O}_2$, þurr loft.

16.3 Niðurstöður allra mælinga skulu skráðar svo eftirlitsaðili geti gengið úr skugga um að farið sé að þeim skilyrðum sem sett hafa verið.

16.4 Tilhögun við sýnatöku og mælingar, aðferðir og búnaður sem stuðst er við til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í 1. mgr., svo og staðsetning sýnatöku- og mælistaða, skal vera háð samþykki eftirlitsaðila.

16.5 Hvað varðar mælingarnar sem gerðar eru með reglulegu millibili skal eftirlitsaðili gera viðeigandi mælingaáætlanir til að tryggja að niðurstöðurnar gefi rétta mynd af venjulegu magni útblásturs þeirra efna sem um ræðir. Niðurstöðurnar verða að gera það kleift að ganga úr skugga um hvort farið hafi verið eftir gildandi losunarmörkum.

17. gr.

17.1 Sýni mælingar að farið hafi verið yfir losunarmörk þau sem sett eru með þessari reglugerð skal tryggja að engin brennsla fari fram í hlutaðeigandi stöð á meðan ekki er farið eftir útblástursstöðlum og gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að henni sé breytt eða starfsemi hennar hætt.

17.2 Í starfsleyfi skal ákveða hversu lengi hreinsibúnaður má stöðvast af tæknilega óviðráðanlegum orsökum með þeim afleiðingum að styrkur efnanna sem hleypt er út í andrúmsloftið á meðan og búnaðinum er ætlað að draga úr, fari yfir sett losunarmörk. Ef bilun verður ber rekstraraðila að draga úr starfsemi eða hætta brennslu eins fljótt og unnt er að koma því við og þar til hægt er að hefja eðlilega starfsemi á ný. Ekki er heimilt undir nokkrum kringumstæðum að halda áfram brennslu í stöðinni lengur en í 16 stundir samfleytt; enn fremur skal samanlagður rekstrartími á starfsári við slíkar aðstæður vera skemmri en 200 klukkustundir. Magn ryks í útblásturslofti má í engum tilvikum fara yfir 600 mg/Nm³ á þeim tíma sem greint er frá í ofanefndri undirgrein og fullnægja skal öllum öðrum skilyrðum, einkum skilyrðum um brennslu.

VI. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Aðgangur að upplýsingum.

18. gr.

18.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

19. gr.

19.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

19.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

20. gr.

20.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit

þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

21. gr.

21.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

21.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VII. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

22. gr.

22.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna.

22.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af 20. og 21. tölul. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun 89/369/EBE og tilskipun 89/429/EBE).

22.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um olíuúrgang.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja rétta meðhöndlun olíuúrgangs þannig að hann valdi ekki mengun.

Gildissvið.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um meðhöndlun olíuúrgangs og skráningu. Reglugerðin gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Jafnframt gildir reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eins og við getur átt.

Skilgreiningar.

3. gr.

3.1 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.2 *Brennslustöð* fyrir olíuúrgang er hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna spilliefni með oxun, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða

ekki, þ.m.t. formeðferð sem og hitasundrun eða önnur hitameðferð, t.d. plasmameðferð, enda séu afurðir hans brenndar á eftir.

3.3 *Eftirlit* er athugun á ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

3.4 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og einnig faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.5 *Grunnolía* er olía sem verður til við endurmyndun úrgangsolíu.

3.6 *Meðhöndlun olíuúrgangs* er söfnun, geymsla, þökkun, flokkun, flutningur, vinnsla, endurnotkun, endurnýting og förgun hans, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

Flokkun er aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flutningur er það ferli þegar úrgangur frá einstaklingum og lögaðilum er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Endurmyndun er aðgerð til að hreinsa úrgang svo að hann eða hluti hans komist í svipað eða sama form og hann var upphaflega.

Endurnotkun er notkun úrgangs sem ekki hefur verið beittur aðferðum sem fram koma í V. viðauka við reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Endurnýting er hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, t.d. endurmyndun, sjá nánar V. viðauka reglugerðar um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Förgun er aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og komið fyrir varanlega, sjá nánar aðferðir í IV. viðauka reglugerðar um skrá um spilliefni og annan úrgang.

Þökkun er þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

Vinnsla er aðgerð sem ætluð er til að gera olíuúrgang hæfan til endurnýtingar, þ.e. endurmyndun og brennsla.

3.7 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.8 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðsla um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.9 *Móttökustöð* er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangur til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum.

3.10 *Olíuúrgangur* er hvers konar smurnings- og iðnaðarolíur sem orðið hafa óhæfar til þeirrar notkunar sem þær voru upphaflega ætlaðar, þ.á m. notuð brennsluolía fyrir vélar og girkassaolía, svo og smurólía, hverflaolía og vökvaprystiolía. Olíuúrgangur er spilliefni.

3.11 *Spilliefni* er úrgangur sem merktur er með stjörnu * í I. viðauka með reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og einnig annar úrgangur sem hefur einn eða fleiri eiginleika sem tilteknir eru í III. viðauka með tilvitnaðri reglugerð.

3.12 *Söfnunarstöð* er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

3.13 *Úrgangur* er hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.

Tegundir úrgangs flokkaðar eftir eiginleikum eru:

Úrgangur án spilliefna er úrgangur frá heimilum og atvinnurekstri sem hefur svipaða eiginleika og gerð og heimilisúrgangur, t.d. matarleifar og umbúðir, og úrgangur sem fellur til við framleiðslu, verslun og þjónustu, t.d. pappír, timbur o.þ.h.

Spilliefni, sbr. skilgreiningu í 11. mgr.

Óvirkur úrgangur er úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

II. KAFLI

Umsjón.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

III. KAFLI

Meginreglur.

Meðhöndlun olíuúrgangs.

5. gr.

5.1 Draga skal eins og unnt er úr myndun olíuúrgangs. Stuðla ber að endurmyndun og annarri endurnýtingu.

5.2 Öll meðhöndlun olíuúrgangs skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Tryggja skal að við vinnslu olíuúrgangs sé beitt aðferðum sem valda ekki mengun yfir leyfilegu hámarki.

5.3 Bannað er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, í sjó eða í fráveitu, svo og í jarðveg.

5.4 Olíuúrgangi má ekki blanda saman við annan úrgang.

5.5 Hollustuvernd ríkisins er heimilt að leyfa að olíuúrgangi sé blandað saman við annan úrgang eða efni, einkum ef það er gert til að auka öryggi við förgun eða endurnýtingu og á þann hátt að það samrýmist kröfum um mengunarvarnir. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa hlutadeigandi heilbrigðisnefnd um veitta heimild.

Móttaka olíuúrgangs.

6. gr.

6.1 Einstaklingum og lögaðilum er annast dreifingu og sölu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einir eða í samvinnu við þá sem til þess hafa leyfi og tryggja viðunandi förgun.

6.2 Að öðru leyti en greinir í 1. mgr. skal flytja olíuúrgang til söfnunarstöðva eða móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til að taka á móti slíkum úrgangi.

Geymsla olíuúrgangs o.fl.

7. gr.

7.1 Þeim aðilum sem olíuúrgangur fellur til hjá er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og ber að skila honum til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar.

7.2 Óheimilt er að blanda saman olíuúrgangi við PCB og PCT og önnur spilliefni, sbr. reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsfna þeirra og reglugerð um spilliefni.

7.3 Olíuúrgang sem inniheldur meira en 0,005% af PCB eða PCT skal meðhöndla sem spilliefni sem inniheldur PCB eða PCT nema þegar hægt er að eyða PCB eða PCT eða

draga svo úr magni þeirra með endurmyndun að olían innihaldi ekki efnin umfram tilgreint hámark, sbr. ákvæði reglugerðar þessarar. Að öðru leyti fer um olíuúrgang sem inniheldur meira en 0,005% af PCB eða PCT í samræmi við reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra.

7.4 Þar sem verður til, er safnað, flutt og/eða fargað meira en 400 lítrum af olíuúrgangi á ári, ber að halda dagbók yfir magn, ástand, uppruna og geymslustað úrgangsolunnar, móttöku, afhendingu og/eða förgun. Skylt er að afhenda eftirlitsaðila allar þær upplýsingar um söfnun og förgun olíuúrgangs eða um leifar hans sem falla til.

Endurmyndun, förgun og brennsla.

8. gr.

8.1 Stefnt skal að endurmyndun eða annari endurnýtingu olíuúrgangs. Tryggja skal að við meðhöndlun olíuúrgangs séu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að vernda umhverfið og heilsu manna. Tryggt skal að endurmynduð olía innihaldi ekki spilliefni eða sé menguð af þeim, á þann hátt, í því magni eða af þeim styrkleika að það fari umfram leyfileg mörk fyrir viðkomandi efni samkvæmt reglugerð þessari.

8.2 Ef olíuúrgangur er brenndur skal tryggja að það sé við aðstæður sem uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar eða reglugerðar um brennslu spilliefna enda sé brennslan tæknilega framkvæmanleg og hagkvæm.

8.3 Ef olíuúrgangur er endurmyndaður skal tryggja að ekki hljótist af mengun. Efnaleifum vegna endurmyndunar skal fargað í samræmi við reglugerð um spilliefni.

8.4 Grunnolía má ekki innihalda PCB eða PCT í meira magni en 0,005% og má ekki flokkast sem spilliefni.

Nýting olíuúrgangs sem eldsneytis.

9. gr.

9.1 Þegar olíuúrgangur er notaður til eldsneytis skal halda loftmengun í lágmarki, sérstaklega af völdum efna sem eru tilgreind í viðauka.

9.2 Olíuúrgangur sem notaður er sem eldsneyti má ekki innihalda önnur spilliefni umfram leyfileg mörk fyrir viðkomandi efni eða ákvæði í starfsleyfi. Olíuúrgangurinn má ekki innihalda PCB eða PCT í meiri styrk en sem nemur 0,005%. Efnaleifum frá brennslu olíuúrgangs skal farga í samræmi við reglugerð um spilliefni. Sjá að öðru leyti reglugerð um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Starfsleyfis skylda.

10. gr.

10.1 Atvinnurekstur sem sér um einstaka þætti meðhöndlunar olíuúrgangs skal hafa starfsleyfi.

10.2 Starfsleyfis skylda á ekki við um flutninga hjá aðila í atvinnurekstri sem sér sjálfur um að flytja olíuúrgang sem fellur til hjá honum ef magnið á ári er ekki meira en 400 l að undanteknum úrgangi sem inniheldur PCB eða PCT, sbr. 7. gr. Starfsleyfis skylda á ekki við um meðhöndlun olíuúrgangs innan olíubirgðastöðva, sbr. ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Efni starfsleyfis o.fl.

11. gr.

11.1 Í starfsleyfum þeirra sem meðhöndla olíuúrgang skulu vera ákvæði um gerð og magn hans, tækniröfuf, varúðarráðstafanir, förgunarstað og förgunaraðferðir. Þá skulu í

starfsleyfum vera, eftir því sem þörf er á, ákvæði um skiljur, gildirur, þrær og annan búnað til að tryggja að olíuúrgangur dreifist ekki frá myndunar- eða söfnunarstað.

11.2 Starfsleyfisskyldir aðilar skulu fylgjast með og sjá til að olíuskiljur virki sem skyldi og láta tæma þær reglulega svo og annan búnað sem fangar olíur.

11.3 Starfsleyfisskyldir aðilar sem stunda starfsemi þar sem olíuúrgangur myndast skulu halda skrár um magn, gerð, eðlis- og efnafræðilega eiginleika og uppruna efnanna, og förgunarstaði ásamt upplýsingum um dagsetningar móttöku og förgunar, sjá þó ákvæði 4. mgr. 7. gr. Fargi eða endurnýti starfsleyfisskyldur aðili olíu sem myndast hjá honum skal hann einnig halda skrá yfir hvernig henni er fargað. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um framkvæmd skráningarinnar.

Áætlanir og skýrslugerð.

12. gr.

12.1 Um áætlanir og skýrslugerð er fjallað í reglugerð um úrgang.

V. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

Aðgangur að upplýsingum.

13. gr.

13.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Þagnarskylda eftirlitsaðila.

14. gr.

14.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

15. gr.

15.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

Viðurlög.

16. gr.

16.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

16.2 Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

VI. KAFLI
Lagastoð, gildistaka o.fl.

17. gr.

17.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarnámin, og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, einkum 9. og 10. gr. laganna. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

17.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af 26. tölul. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipun ráðsins nr. 75/439/EBE, sbr. 87/101/EBE).

17.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI

Losunarmörk vegna brennslu olíuúrgangs.

Losunarmörk¹⁾ fyrir útstreymi tiltekinna efna sem falla til við brennslu olíuúrgangs.

Mengunarefni	Losunarmörk mg/Nm ³
Cd	0,5
Ni	1
Cr	}
Cu	
V	
Pb	
Cl ²⁾	
F ³⁾	5
SO ₂ ⁴⁾	-
Ryk (alls) ⁴⁾	-

¹⁾ Þessi losunarmörk, sem ekki má fara yfir þegar olíuúrgangur er brenndur, gefa til kynna massa áður nefndra efna í afgangi, miðað við rúmmál afgangss í stöðluðu ástandi (hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa), eftir að dregið hefur verið frá innihald vatnsgufu og 3% innihald súrefnis í afgangi miðað við rúmmál.

Ef um er að ræða efni sem tilgreind eru hér fyrir framan og geta að auki stafað frá hitun framleiðslunnar skal tryggt með innra eftirliti að hlutfall þessara efna sem stafa frá brennslu olíuúrgangs fari ekki yfir losunarmörkin. Súrefnisinnihald skal miðast við venjulegar starfsaðstæður við vinnsluna sem um ræðir.

²⁾ Ólífren klórsambönd í loftkenndu ástandi sýnd sem vetnisklórið.

³⁾ Ólífren flúorsambönd í loftkenndu ástandi sýnd sem vetnisflúorið.

⁴⁾ Sjá reglugerð um brennisteinsdíoxíð og svífrýk í andrúmslofti.

REGLUGERÐ

um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

1. gr.

1.1 Reglugerð þessi gildir um úrgang. Eftirtaldir viðaukar fylgja henni:

- I. viðauki: Skrá yfir úrgang, þ. á m. spilliefni og eru þau merkt með stjörnu * í skránni,
- II. viðauki: Flokkar úrgangs,
- III. viðauki: Eiginleikar sem gera úrgang hættulegan,
- IV. viðauki: Förgunaraðgerðir,
- V. viðauki: Aðgerðir sem leitt gætu til nýtingar.

2. gr.

2.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna.

2.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 26, 27, 32a, 32aa og 32ab í XX. viðauka við EES-samninginn (tilskipun 75/442/EBE, sbr. 91/156/EBE, ákvörðun 94/3/EB og ákvörðun 96/350/EB, tilskipun 75/439/EBE, sbr. 87/101/EBE, tilskipun 91/689/EBE, sbr. 94/31/EB, og ákvörðun 94/904/EB).

2.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

1. Úrgangurinn er auðkenndur með sex stafa númerum, í þremur tveggja stafa dálkum. Úrgangsflokkar eru auðkenndir með númerum frá 1 til 20 í fyrsta dálki. Undirflokkar eru auðkenndir með númerum í öðrum dálki.
2. Skráin er ekki tæmandi og verður endurskoðuð reglulega.
3. Efni eða hlutur sem tilgreindur er í skránni þarf ekki í öllum tilvikum að vera úrgangur. Það telst einungis vera úrgangur þegar skilgreining um úrgang á við, í samræmi við reglugerð þar að lútandi.
Úrgangur sem í skránni er auðkenndur með stjörnu * og annar úrgangur sem hefur einn eða fleiri eiginleika sem tilgreindir eru í III. viðauka eru spilliefni.

A. Yfirlit yfir gerðir úrgangs.

Númer	Gerðir úrgangs
01 00 00	Úrgangur frá jarðefnagreftri, námuvinnslu, úrvinnslu og annari meðferð steinefna og grjótnámi
02 00 00	Úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, veiðum, fiskveiðum, vatns- og sjávareldi og matvæla- iðnaði og -vinnslu
03 00 00	Úrgangur frá timburvinnslu og framleiðslu á pappír, pappa, trjákvodu, viðarþiljum og hús- gögnum
04 00 00	Úrgangur frá leður- og textíliðnaði
05 00 00	Úrgangur frá jarðolíuhreinsun, hreinsun á jarðgasi og hitasundrun kola
06 00 00	Úrgangur frá ólífrænum efnaferlum

- 07 00 00 Úrgangur frá lífrænum efnaferlum
- 08 00 00 Úrgangur frá framleiðslu, lögum, dreifingu og notkun á efnum til húðunar (málning, lökk, glerkennd smeltlökk), lími, þéttiefnum og prentlitum
- 09 00 00 Úrgangur frá ljósmyndaiðnaði
- 10 00 00 Ólífrænn úrgangur frá varmaferlum
- 11 00 00 Ólífrænn úrgangur með málum frá málmvinnslu og húðun málma; og frá vökvavinnslu málma sem innihalda ekki járn
- 12 00 00 Úrgangur frá mótun og yfirborðsmeðferð málma og plastefna með hand- eða vélarafli
- 13 00 00 Olíuúrgangur og aðrir vökvar (nema neysluolíur, 05 00 00 og 12 00 00)
- 14 00 00 Úrgangur frá lífrænum efnum sem notuð eru sem leysar (nema 070000 og 080000)
- 15 00 00 Umbúðir; íseyg efni, þurrkur, síunarefni og hlífðarfatnaður sem eru ekki tilgreind með öðrum hætti
- 16 00 00 Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti í skránni
- 17 00 00 Úrgangur frá byggingar- og niðurrífsstarfsemi (vegagerð innifalin)
- 18 00 00 Úrgangur frá heilsuvernd manna og dýra og viðkomandi rannsóknnum (undanskilinn er úrgangur frá eldhúsum og veitingahúsum sem ekki tengist heilsuvernd)
- 19 00 00 Úrgangur frá sorpeyðingarstöðvum, skólphreinsistöðvum og vatnsveitum
- 20 00 00 Úrgangur frá sveitarfélögum og svipaður úrgangur frá verslunarstöðum, úr iðnaði og frá stofnunum, að meðtöldum flokkuðum úrgangi

B. Skrá yfir úrgang.

- 01 00 00 Úrgangur frá jarðefnagreftri, námuvinnslu, úrvinnslu og annarri meðferð steinefna og grjótnámi**
 - 01 01 00 *úrgangur frá námugreftri*
 - 01 01 01 *úrgangur frá námugreftri málmefna*
 - 01 01 02 *úrgangur frá námugreftri annarra efna en málma*
 - 01 02 00 *úrgangur frá úrvinnslu námuefna*
 - 01 02 01 *úrgangur frá úrvinnslu málmefna*
 - 01 02 02 *úrgangur frá úrvinnslu annarra efna en málmefna*
 - 01 03 00 *úrgangur frá frekari vinnslu eða efnavinnslu málmefna*
 - 01 03 01 *úrkast*
 - 01 03 02 *ryk og salli*
 - 01 03 03 *rauð leðja frá áloxíðframleiðslu*
 - 01 03 99 *úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti*
 - 01 04 00 *úrgangur frá frekari vinnslu eða kemískri vinnslu annarra efna en málma*
 - 01 04 01 *úrgangsmöl og grjótmulningur*
 - 01 04 02 *úrgangssandur og leir*
 - 01 04 03 *ryk og salli*
 - 01 04 04 *úrgangur frá vinnslu pottösku og steinsalts*
 - 01 04 05 *úrgangur frá þvotti og hreinsun námuefna*
 - 01 04 06 *úrgangur frá steinhöggi og -sögun*
 - 01 04 99 *úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti*
 - 01 05 00 *leðja og annar úrgangur frá borunum*
 - 01 05 01 *leðja og úrgangur sem inniheldur olíu*
 - 01 05 02 *leðja og úrgangur sem inniheldur barít*
 - 01 05 03 *leðja og úrgangur sem inniheldur klóríð*
 - 01 05 04 *leðja og úrgangur frá borunum eftir vatni*
 - 01 05 99 *úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti*
- 02 00 00 Úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, veiðum, fiskveiðum, vatns- og sjávareldi og matvælaíðnaði og -vinnslu**
 - 02 01 00 *úrgangur úr frumframleiðslu*
 - 02 01 01 *eðja frá þvotti og hreinsun*
 - 02 01 02 *úrgangur af dýravefjum*
 - 02 01 03 *úrgangur af plöntuvefjum*
 - 02 01 04 *plastúrgangur (annar en umbúðir)*
 - * 02 01 05 *efnaúrgangur frá landbúnaði*

- 02 01 06 dýrasaur, hland og mykja (þar með talinn hálmur), frárennsli, safnað og meðhöndlað sérstaklega
- 02 01 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 02 02 00 *úrgangur frá meðferð og vinnslu kjöts, fisks og annarra matvæla úr dýraríkinu*
- 02 02 01 eðja frá þvotti og hreinsun
- 02 02 02 úrgangur af dýravefjum
- 02 02 03 efni sem eru óheppileg til neyslu eða vinnslu
- 02 02 04 eðja frá hreinsun skólps sem fellur til á staðnum
- 02 02 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 02 03 00 *úrgangur frá meðferð og vinnslu ávaxta, grænmetis, korns, matarolíu, kakós, kaffis og tóbaks; niðursuða; tóbaksvinnsla*
- 02 03 01 eðja frá þvotti, hreinsun, afhýðingu, aðskilnaði í skilvindu og skiptingu
- 02 03 02 úrgangur frá rotvarnarefnum
- 02 03 03 úrgangur frá úrdrætti með leysum
- 02 03 04 efni sem eru óheppileg til neyslu eða vinnslu
- 02 03 05 eðja frá hreinsun skólps sem fellur til á staðnum
- 02 03 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 02 04 00 *úrgangur frá sykurvinnslu*
- 02 04 01 óhreinindi frá hreinsun og þvotti á rófum
- 02 04 02 kalsíum karbónat sem uppfyllir ekki gæðakröfur
- 02 04 03 eðja frá hreinsun skólps sem fellur til á staðnum
- 02 04 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 02 05 00 *úrgangur úr mjólkuriðnaði*
- 02 05 01 efni sem eru óheppileg til neyslu eða vinnslu
- 02 05 02 eðja frá hreinsun skólps sem fellur til á staðnum
- 02 05 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 02 06 00 *úrgangur frá bökunar- og sælgætisiðnaði*
- 02 06 01 efni sem eru óheppileg til neyslu eða vinnslu
- 02 06 02 úrgangur frá rotvarnarefnum
- 02 06 03 eðja frá hreinsun skólps sem fellur til á staðnum
- 02 06 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 02 07 00 *úrgangur frá framleiðslu úfengra og óáfengra drykkja (fyrir utan kaffi, te og kakó)*
- 02 07 01 úrgangur frá þvotti, hreinsun og vélskurði hráefnisins
- 02 07 02 úrgangur frá eimingu vínanda
- 02 07 03 úrgangur frá kemískri meðferð
- 02 07 04 efni sem eru óhæf til neyslu eða vinnslu
- 02 07 05 eðja frá hreinsun skólps sem fellur til á staðnum
- 02 07 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 03 00 00 Úrgangur frá timburvinnslu og framleiðslu á pappír, pappa, trjávöðu, viðarþiljum og húsgögnum**
- 03 01 00 *úrgangur frá timburvinnslu og framleiðslu á viðarþiljum og húsgögnum*
- 03 01 01 úrgangsbörkur og -korkur
- 03 01 02 sag
- 03 01 03 spænik, bútar, ónýtt timbur/kurl/borð/spónn
- 03 01 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 03 02 00 *úrgangur frá viðarvarnarefnum*
Reglugerð þessi nær til reglna um sérstakt eftirlit á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana, þar með talinna reglna sem ætlað er að stuðla að öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, neytendavernd, samkeppni, eðli-
legum viðskiptaháttum og getu fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar.

Reglugerðin nær ekki til stjórnýslueftirlits og innra eftirlits hins opinbera, þar með talins fjárhagslegs eftirlits, löggæslu, tollgæslu og eftirlits í tengslum við skatta og gjöld, sífjamál, vernd barna og ungmenna, reynslulausn og ákærufrestun.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. Eftirlit á vegum hins opinbera má ekki leiða til mismununar né takmarka athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjast.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Eftirlitsreglur: Lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem kveða á um sérstakt eftirlit á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja.

Eftirlitsstjórnvald: Stjórnvald sem hefur með höndum eftirlit samkvæmt 1. mgr. 1. gr.

Eftirlitshandbók: Skjal sem felur í sér leiðbeiningar og lýsingu á verklagsreglum, vinnuferlum, ábyrgðarsviði, vikmörkum og samræmda túlkun á ákvæðum reglna.

Greiningaraðferðir: Aðferðir við að meta áhrif reglna með tilliti til kostnaðar, árangurs, áhrifa og annarra þátta, svo sem kostnaðar- og nytjagreining (e. cost-benefit analysis) og kostnaðar- og áhrifagreining (e. cost-effectiveness analysis).

II. KAFLI

Viðmiðanir við mat á eftirlitsreglum.

4. gr.

Mat á æskilegu umfangi og fyrirkomulagi eftirlits.

Þegar ráðgert er að stofna til eftirlits eða endurskoða eftirlitsreglur skal viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

Við mat stjórnvalds samkvæmt 1. mgr. skal höfð hliðsjón af ákvæðum II. til V. kafla reglugerðar þessarar.

5. gr.

Greining á þörf fyrir eftirlit.

Við mat á þörf fyrir eftirlitsreglur skal stjórnvald skilgreina þau markmið sem ætlunin er að ná fram. Jafnframt skal stjórnvald framkvæma áhættumat á þeim valkosti að grípa ekki inn í athafnir einstaklinga og fyrirtækja, þ. á m. skal meta hvort þjóðfélagið geti orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af þeim sökum. Áhætta skal metin á grundvelli viðurkenndra vísindalegra aðferða og nýjustu þekkingar á hverju sviði fyrir sig eftir því sem við verður komið.

Mat stjórnvalds ber að styðjast við könnun á því hvort til sé skýr lagalegur grunnur til að byggja eftirlit á. Jafnframt þarf að kanna hvort fyrir hendi eru alþjóðlegar skuldbindingar um eftirlit og að hve miklu leyti alþjóðlegt eftirlit dregur úr þörf fyrir sérstakt eftirlit hér á landi. Loks þarf stjórnvald að kanna hvort hjá öðrum stjórnvöldum er fyrir hendi eftirlit með sömu eða hliðstæðum þáttum og leitast við að samþætta hið nýja eftirlit því sem fyrir er.

6. gr.

Mat á kostnaði við eftirlit.

Stjórnvald skal meta kostnað sem eftirlitsreglur hafa í för með sér. Með kostnaði er bæði átt við beinan kostnað hins opinbera og kostnað atvinnulífs og einstaklinga.

Jafnframt mati á beinum kostnaði skv. 1. mgr. skal meta óbeinan kostnað samfélagsins af framkvæmd eftirlitsreglna. Slíkur kostnaður getur m.a. orðið til ef eftirlitsstarfsemi dregur úr samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja, nýsköpun o.s.frv.

Til að koma í veg fyrir mismunun, röskun á samkeppnishæfni eða ójafna samkeppnisstöðu skal stjórnvald meta fjárhagsleg áhrif eftirlitsreglna á einstök svið þjóðfélagsins og atvinnugreinar.

7. gr.

Mat á gildi og árangri eftirlits.

Stjórnvald skal meta þjóðhagslegt gildi eftirlitsreglna. Við slíkt mat skal tekið tillit til gildis eftirlits og einnig jákvæðra áhrifa þess á aðra þætti en þá sem meginmarkmið þess snýr að. Jafnframt skal leitast við að meta fjárhagslegt gildi eftirlitsreglna með því að bera saman kostnað við framkvæmd þeirra og áætlaðan árangur. Ef heildarumfang eftirlits er mikið skal beita viðameiri greiningaraðferðum svo sem kostnaðar- og nytjagreiningu eða kostnaðar- og áhrifagreiningu.

Stjórnvald skal þróa aðferðir til að meta hvort árangur eftirlits á starfssviði þess sé í samræmi við markmið viðkomandi eftirlitsreglna.

III. KAFLI Skipulag eftirlits.

8. gr.

Mat á skipulagi eftirlits.

Ef niðurstaða mats á gildi eftirlits er sú að það sé til þess fallið að ná fram markmiðum sínum og að heildargildi eftirlitsins sé til ávinnings fyrir þjóðfélagið skal meta hvaða eftirlitsaðferð hentar best. Leitast skal við að samþætta framkvæmd eftirlitsins milli einstakra eftirlitsstjórnvalda.

9. gr.

Meginsjónarmið við val á eftirlitsaðferð.

Við val á eftirlitsaðferð skal stjórnvald meta hversu mikil hætta er á óæskilegum frávikum og hversu auðvelt er að setja skilgreindar reglur um framkvæmd eftirlits. Jafnan skal miðað við að valin sé sú eftirlitsaðferð sem hefur mestan þjóðfélagslegan ávinning í för með sér að teknu tilliti til heildarkostnaðar.

Ávallt skal gera ákveðnar hæfiskröfur til þeirra stofnana, fyrirtækja og einstakra eftirlitsmanna sem framkvæma eiga eftirlitið. Staðfesta skal hæfi með faggildingunni þar sem við á.

Við val á eftirlitsaðferð skal jafnan miðað við að opinber afskipti verði eins takmörkuð og unnt er og dregið verði úr beinni ábyrgð hins opinbera á eftirliti en þess í stað lögð áhersla á ábyrgð þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem eftirlit beinist að. Við eftirlit skal leitast við að beita almennum viðmiðunum og sértækar kröfur ekki gerðar nema nauðsyn beri til.

Val á aðferð skal miðað við að unnt sé að velja á milli fleiri en einnar aðferðar til að uppfylla settar reglur og fleiri en eins aðila til að annast eftirlit þar sem unnt er. Jafnframt skal leitast við að sveigjanleiki eftirlitskerfisins verði sem mestur, að samþætta eftirlitsþætti og að gera þeim sem eftirlit beinist að kleift að nota heildstæðar aðferðir við að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru. Sérstaklega skal leitast við að samþætta eftirlit sem beinist að sams konar eða svipuðum atriðum þannig að allar kröfur einstakra eftirlitsstjórnvalda verði samhæfðar og eftirlit megi í sem mestum mæli framkvæma af einum og sama eftirlitsaðila.

10. gr.

Eftirlitsaðferðir.

Stjórnvald skal meta hvaða eftirlitsaðferð hentar best í hverju tilviki um sig í samræmi við meginsjónarmið skv. 9. gr. Eftirtalдар aðferðir koma til greina:

Upplýsingaskylda einstaklinga og fyrirtækja til eftirlitsstjórnvalda.

Innra eftirlit fyrirtækja í samræmi við skilgreindar reglur og aðferðir með upplýsingaskyldu til eftirlitsstjórnvalda.

Vottun faggilda aðila um að vara, gæðakerfi og/eða starfsmenn uppfylli skilgreindar reglur. Vottorði skal framvísað til eftirlitsstjórnvalds.

Eftirlit opinberra aðila framkvæmt af sjálfstæðum aðilum er uppfylla hæfiskröfur eftirlitsstjórnvalds og skilyrði laga um vog, mál og faggildingu.

Beint eftirlit framkvæmt af eftirlitsstjórnvaldi.

IV. KAFLI

Eftirlitsstjórnvöld.

11. gr.

Skipan stjórnýslu.

Þegar eftirlitsreglur eru settar skal leitast við að samþætta stjórnýslu eftirlitsmála eftir því sem unnt er í því skyni að auka hagkvæmni og einfalda samskipti einstaklinga og fyrirtækja við stjórnvöld. Leitast skal við að tryggja að það séu ekki sömu aðilar sem setji reglur og annist framkvæmd eftirlits. Sérstaklega skal leitast við að skilja á milli framkvæmdar eftirlits og annarra þátta og að tryggja að til séu skilgreindar kæruleiðir innan stjórnýslunnar.

12. gr.

Fjármögnun.

Leita skal hagkvæmra leiða til að fjármagna eftirlitsstarfsemi. Stefnt skal að því að kostnaðurinn verði sem mest borinn af þeim aðilum sem eftirlit beinist að.

13. gr.

Ábyrgð eftirlitsstjórnvalda.

Skipulag eftirlits skal vera með þeim hætti að ljóst sé hvaða aðilar bera ábyrgð á hverjum þætti þess. Eftirlitið skal vera gegnsætt, þannig að ljóst sé í hverju það er fólgið og hvort því sé sinnt með þeim hætti sem reglur segja til um.

V. KAFLI

Framsetning og kynning eftirlitsreglna.

14. gr.

Framsetning.

Eftirlitsreglur skulu vera eins einfaldar, skýrar og auðskiljanlegar og unnt er. Í reglunum skal koma skýrt fram með hvaða þáttum haft er eftirlit, á hvern hátt eftirlitið er framkvæmt og af hverjum.

Eftirlitsreglur skulu settar fram á aðgengilegan hátt í eftirlitshandbókum og skal efni þeirra vera aðgengilegt þeim sem eftirlit beinist að. Eftirlitsstjórnvald skal veita fullnægjandi upplýsingar um eftirlitsreglur og eftirlitsstarfsemi á starfssviði sínu og tryggja að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar almenningi.

15. gr.
Kynning.

Áður en nýjar eftirlitsreglur eru settar eða reglum breytt skal stjórnvald hafa samráð við ráðuneyti, stofnanir og önnur stjórnvöld sem málið varðar eða halda uppi eftirlitsstarfsemi sem beinist að einhverju leyti að sömu viðfangsefnum. Jafnframt skal hafa samráð við þá sem eftirlit beinist að. Þeim skal gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri og gera tillögur um fyrirkomulag eftirlits.

VI. KAFLI
Vinnubrögð við mat á eftirlitsreglum.

16. gr.

Mat fyrir setningu eftirlitsreglna.

Stjórnvald skal leggja mat á eftirlitsreglur í samræmi við ákvæði II. til V. kafla áður en þær eru settar. Ef um er að ræða stjórnarfrumvarp skal matið liggja fyrir áður en frumvarpið er lagt fyrir ríkisstjórn. Þegar um er að ræða reglugerðir, reglur eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli skal mat liggja fyrir áður en þau eru borin upp til staðfestingar.

17. gr.

Mat á gildandi eftirlitsreglum.

Stjórnvald skal reglulega endurskoða eftirlitsreglur á starfssviði þess og ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Eftirlitsreglur sem settar eru eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði og skal hámarksgildistími eða tímabil endurskoðunarákvæða vera fimm ár. Endurskoðun eftirlitsreglna skal ávallt fara fram áður en gildistími er útrunninn eða þegar komið er að endurskoðun samkvæmt ákvæðum reglnanna.

Endurskoðun eftirlitsreglna skv. 1. mgr. skal miða við ákvæði II. til V. kafla reglugerðarinnar.

18. gr.

Skrá yfir gildandi eftirlitsreglur.

Stjórnvald skal halda tæmandi skrá yfir þær eftirlitsreglur sem það setur. Skrár og tilkynningar um breytingar á þeim skulu sendar forsætisráðuneyti. Skrárnar skulu vera aðgengilegar almenningi og unnt að nálgast þær á rafrænu formi. Forsætisráðherra skal hafa förgöngu um að skrárnar séu settar fram með samræmdum hætti.

19. gr.

Skýrsla um endurskoðun eftirlitsreglna.

Stjórnvald skal árlega senda forsætisráðuneyti skýrslu um breytingar á eftirlitsreglum sem undir það heyra og stöðu endurskoðunar skv. 17. gr. Þar skal jafnframt koma fram áætlun um framhald endurskoðunarinnar.

VII. KAFLI
Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur.

20. gr.

Skipan ráðgjafarnefndar.

Forsætisráðherra skipar nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laga um opinberar eftirlitsreglur og reglugerðar þessarar. Nefndin skal skipuð fimm mönnum sem hafa þekkingu á opinberu eftirliti eða viðfangsefnum þess. Heimilt er að skipa tvo varamenn, sem hafa seturétt á nefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár í senn.

21. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefndar.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er að vinna að frangangi laga um opinberar eftirlitsreglur og reglugerðar þessarar. Nefndin skal jafnframt vinna að því að auka hagkvæmni og skilvirkni í opinberu eftirliti með það fyrir augum að opinbert eftirlit nái markmiðum sínum um velferð, öryggi, heilbrigði og eðlilega viðskiptahætti, en íþyngi einstaklingum og fyrirtækjum eins lítið og kostur er, leiði ekki til mismununar eða takmarki athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.

22. gr.

Verkefni ráðgjafarnefndar.

Ráðgjafarnefnd skal sinna hlutverki sínu með eftirfarandi hætti:

1. Taka eftirlitsreglur eða framkvæmd tiltekinnar eftirlitsstarfsemi til athugunar í heild eða að hluta. Athuganir nefndarinnar skulu vera almenns eðlis og mega ekki grípa inn í meðferð einstakra mála, sem eftirlitsstjórnvöld hafa til úrlausnar.
2. Veita umsagnir um lagafrumvörp og drög að stjórnvaldsfyrirmælum um eftirlitsreglur.
3. Fylgjast með að endurskoðun eftirlitsreglna sé í samræmi við lög nr. 27/1999 og setja fram ábendingar um endurskoðun eftir því sem við á.
4. Veita stjórnvöldum ráðgjöf um endurskoðun eftirlitsreglna og framkvæmd eftirlits í samræmi við markmið laga nr. 27/1999.

23. gr.

Málsmeðferð.

Ráðgjafarnefnd tekur mál til athugunar skv. 1. tölul. 22. gr. að eigin frumkvæði eða eftir rökstuddum ábendingum. Nefndin ákveður sjálf hvort ábending gefur tilefni til athugunar af hennar hálfu.

Nefndin beinir niðurstöðum athugana sinna til viðkomandi stjórnvalds og eftir atvikum til þess ráðherra er stjórnvald heyrir stjórnfrarslega undir.

Sinni stjórnvald ekki ábendingum nefndarinnar eða virðir ráðgjöf hennar að vettugi skal nefndin gera viðkomandi ráðherra og forsætiráðherra kunnugt um það.

Nefndin skal í störfum sínum gæta vandaðra stjórnsýsluhátta og fara að meginreglum stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt.

VIII. KAFLI

Skýrsla forsætisráðherra o.fl.

24. gr.

Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd laganna.

Forsætisráðherra skal að jafnaði á þriggja ára fresti gefa Alþingi skýrslu um áhrif laga um opinberar eftirlitsreglur, störf ráðgjafarnefndar og önnur tengd atriði, svo sem um breytingar á eftirlitsreglum og endurskoðun gildandi reglna. Forsætisráðherra getur falið ráðgjafarnefnd að undirbúa einstaka hluta skýrslunnar.

25. gr.

Gildistaka og lagaheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3., 6. og 7. gr. laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur og öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðuneyti ber að skila forsætisráðuneyti skrá samkvæmt 18. gr. fyrir 1. mars árið 2000 ásamt áætlun um endurskoðun gildandi lagaákvæða og reglna um opinbert eftirlit á starfs-

sviði þess í samræmi við ákvæði 19. gr. Skal áætlunin miðast við að endurskoðun gildandi eftirlitsreglna verði lokið fyrir 1. janúar 2005.

Forsætisráðuneytinu, 1. desember 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Fylgiskjal.

GÁTLISTI

með reglugerð um eftirlitsreglur hins opinbera.

Samkvæmt lögum og reglugerð um opinberar eftirlitsreglur ber að meta mikilvægi, nauðsyn og hagkvæmni opinberra eftirlitsreglna á tiltekinn hátt. Eftirfarandi gátlista er bæði ætlað að auðvelda framkvæmd slíks mats og samræma framsetningu á niðurstöðum þess. Gátlistinn verður einnig birtur á vef stjórnarráðsins.

Í gátlistanum eru talin upp þau atriði sem meta skal við gerð nýrra eftirlitsreglna og endurskoðun eldri reglna. Við hvert þessara atriða skal færa helstu niðurstöður í stuttu og skýru máli. Ef matsliður á ekki við skal getið um ástæður þess. Jafnframt skal tilvísun til annarra gagna færð á listann eftir því sem við á og þau lögð með honum. Ef nauðsyn ber til að gera frekari grein fyrir ástæðum niðurstaðna eða aðstæðum sem áhrif hafa á niðurstöður mats skal ennfremur færa um það athugasemd á listann.

1. Mat á æskilegu umfangi eftirlits.

1.1 Greining á þörf fyrir eftirlit.

1.1.1 Eru eftirlitsreglurnar í samræmi við ákvæði í gerðum EES-samningsins?

1) Samkvæmt reglugerð ESB

2) Samkvæmt ákvörðun ESB

3) Samkvæmt tilskipun ESB

- nýaðferðartilskipun (e. new approach)

- gamalaðferðartilskipun (e. old approach)

(Ef um EES-gerð er að ræða má sleppa öðrum tölulíðum en tölul. 1.1.5 í þessum kafla)

1.1.2 Eru fyrir hendi aðrar alþjóðlegar skuldbindingar en EES-samningurinn sem krefjast þess að eftirlitið verði framkvæmt? Hverjar?

1.1.3 Skilgreining á þeim vanda sem vinna skal gegn:

- orsakir

- helstu einkenni

- afleiðingar

1.1.4 Hverjar eru mögulegar afleiðingar þess að ekkert verði gert af hálfu opinberra aðila (heilsutjón, tjón á umhverfi og/eða fjárhagslegt tjón einstaklinga, fyrirtækja eða þjóðfélagsins)?

1.1.5 Er til skýr lagalegur grunnur til að byggja eftirlitsreglur á?

Hvar?

1.1.6 Hver er gildistími eftirlitsreglnanna?

Hvernig verður endurskoðun háttað?

1.2 Mat á kostnaði við eftirlit.

1.2.1 Hver er áætlaður beinn heildarkostnaður vegna eftirlitsins fyrir?

- einstaklinga

- fyrirtæki

- ríkissjóð

- 1.2.2 Hver er áætlaður óbeinn kostnaður samfélagsins?
- 1.2.3 Hverjar eru niðurstöður fjárhagslegs mats á áhrifum eftirlitsins á einstök svið þjóðfélagsins og atvinnugreinar með tilliti til mismununar og samkeppnisstöðu?

1.3 Mat á gildi og árangri eftirlits.

- 1.3.1 Hverjar eru niðurstöður mats á þjóðhagslegu gildi eftirlitsins?
- 1.3.2 Hverjar eru niðurstöður fjárhagslegs mats á þjóðhagslegu gildi eftirlitsins?
- 1.3.3 Hafa verið þróaðar aðferðir til að meta árangur eftirlitsins?
Ef ekki hvenær er gert ráð fyrir að því verði lokið?

2. Skipulag eftirlits.

2.1 Eftirlitsaðferðir.

- 2.1.1 Hver eftirtalinn eftirlitsaðferða hefur verið valin og af hverju?
 - 1. Upplýsingaskylda einstaklinga og fyrirtækja til eftirlitsstjórnvalda, en ekki aðrar takmarkanir á athafnafrelsi aðila en leiðir af almennum lögum og reglum.
 - 2. Innra eftirlit fyrirtækja í samræmi við skilgreindar reglur og aðferðir með upplýsingaskyldu til eftirlitsstjórnvalda.
 - 3. Vottun þar til bærs faggilts aðila um samræmi vöru, gæðakerfa og/eða hæfi starfsmanna í samræmi við skilgreindar reglur. Vottorði skal framvísað til eftirlitsstjórnvalds.
 - 4. Eftirlit opinberra aðila framkvæmt af sjálfstæðum aðilum er uppfylla hæfiskröfur eftirlitsstjórnvalds og skilyrði laga um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992.
 - 5. Beint eftirlit framkvæmt af eftirlitsstjórnvaldi.
 - 6. Samsetning framangreindra aðferða.

3. Stjórnýsla og reglur.

3.1 Skipan stjórnýslu.

- 3.1.1 Hvernig er verkaskipting við framkvæmd eftirlitsreglnanna?
 - a) Gerð og setning reglna.
 - b) Framkvæmd eftirlits.
 - c) Úrræði ef eftirlitsreglur eru brotnar. Hver tekur ákvörðun um beitingu þeirra?
 - d) Hverjar eru kæruleiðir?
- 3.1.2 Hefur samþætting á framkvæmd eftirlitsins við annað eftirlit verið könnuð?
Ef svo, þá hvaða eftirlit?
Er samþætting hagkvæm?
- 3.1.3 Hvernig verður fjármögnun eftirlitsins háttað?

3.2 Reglur.

- 3.2.1 Við hverja hefur verið haft samráð um gerð eftirlitsreglna?
 - ráðuneyti/stofnanir/sveitarfélög.
 - þá sem eftirlitið beinist að.
- 3.2.2 Hvernig er framsetningu eftirlitsreglna háttað?
(í reglugerð og/eða í eftirlitshandbók).
Er eftirlitshandbók til? Ef ekki, er gert ráð fyrir að hún verði gefin út?

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og konungsríkisins Marokkó og bókun um landbúnaðarmál milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Marokkó um landbúnaðarafurðir.

Inngangur.

Að því er Ísland varðar öðlast fríverslunarsamningurinn milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og konungsríkisins Marokkó og bókun um landbúnaðarmál milli Íslands og konungsríkisins Marokkó um landbúnaðarmál gildi hinn 1. desember 1999.

Með fríverslunarsamningnum hafa EFTA-ríkin og Marokkó ákveðið að koma stig af stigi á fríverslunarsvæði m.a. vegna vöruviðskipta milli aðildarríkjanna eins og nánar er kveðið á um í samningnum. Samningurinn nær einungis til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja og Marokkó en ekki til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Auglýsing þessi kveður nánar á um sérstaka tollmeðferð á vörum samkvæmt ákvæðum nefnds samnings og bókunar að því marki sem vörur eru ekki tollfrjálsar samkvæmt beinum fyrirmælum tollskrárinnar í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, dálki A, eða leiðir af einstökum ákvæðum tollalaga.

Innflutningur.

1. gr.

Ekki skal greiða toll við innflutning af eftirfarandi vörum, sem nefndur *fríverslunarsamningur* milli EFTA-ríkjanna tekur til og upprunnar eru í Marokkó, sbr. þó fyrirvara í fylgiskjali I, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar:

1. Vörur sem falla undir tollskrárnúmer í köflum 25 til og með 97 í tollskrá í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, enda beri tollskrárnúmerið 0% toll samkvæmt dálki merktum E í tollskránni.

2. Vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, enda falli þær undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í fylgiskjali I.

3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, enda falli þær undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í fylgiskjali II.

2. gr.

Tollfríðindi samkvæmt 1. gr. eru bundin því skilyrði að vörurnar séu upprunnar í Marokkó í skilningi ákvæða bókunar B við fríverslunarsamninginn, sbr. fylgiskjal V, og gætt sé ákvæða um sönnun uppruna með framlagningu EUR. 1 flutningsskírteinis eða vörureiknings með upprunayfirlýsingu svo og annarra ákvæða sem gilda um fríðindameðferð samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins.

Fjárhæðirnar í reiknieiningum sem um getur í c-lið 1. mgr. og a- og b-lið 2. mgr. 8. gr., 25. og 26. gr., sbr. 29. gr., í bókun B við fríverslunarsamninginn er að finna í fylgiskjali VI með auglýsingu þessari.

Ríkistollstjóra er falin framkvæmd 17., 21., 30. gr. og 2. og 5. mgr. 31. gr. bókunar B við fríverslunarsamninginn.

3. gr.

Samkvæmt *bókun um landbúnaðarmál* milli Íslands og Marokkó skal ekki greiða toll af innfluttum landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í fylgiskjali III, að uppfylltum öðrum skilyrðum auglýsingar þessarar.

Tollfríðindi samkvæmt 1. mgr. eru bundinn því skilyrði að vörurnar séu upprunnar í Marokkó samkvæmt upprunareglum og viðauka við þær sem birtur er í fylgiskjali IV við auglýsingu þessa.

4. gr.

Ákvæði þessarar auglýsingar hafa ekki áhrif á innheimtu annarra aðflutningsgjalda sem kunna að vera lögð á umræddar vörur við innflutning.

Útflutningur.

5. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda einnig um útflutning til Marokkó á vörum upprunnum á Íslandi eða öðrum EFTA-ríkjum, eftir því sem nánar greinir í ákvæðum nefnds fríverslunarsamnings svo og viðauka og bókana við hann.

Auk fjármálaráðuneytisins og tollyfirvalda veita viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráð upplýsingar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi sem ákvæði samnings EFTA-ríkjanna og Marokkó taka til.

Gildistökuákvæði o.fl.

6. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tollframkvæmd í auglýsingu þessari gilda ákvæði nefnds fríverslunarsamnings og bókana og viðauka við hann svo og nefndrar bókunar um landbúnaðarmál og ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og reglugerðir og önnur fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

7. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölulið 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vörur, sem samræmast ákvæðum bókunar B við samninginn eða nefndrar bókunar um landbúnaðarmál og eru 1. desember 1999 annað hvort í umflutningi eða í EFTA-ríki eða Marokkó eða, að svo miklu leyti sem ákvæði 38. gr. bókunar B eiga við, í tollvöruhegningum um stundarsakir eða á tollfrjálsum svæðum í Túnis, er heimilt að líta á sem upprunavörur gegn því, að tollyfirvöldum viðkomandi aðildarríkis sé send innan fjögurra mánaða frá gildistöku samningsins eða bókunarinnar um landbúnaðarmál, EUR.1-flutningsskírteini, sem sé áritað eftir á af þar til bærum yfirvöldum í útflutningsríkinu, ásamt skjölum sem sýna að vörurnar voru fluttar beint, sbr. 14. gr. bókunar B við fríverslunarsamninginn.

Fjármálaráðuneytinu, 30. nóvember 1999.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

Fylgiskjal I.**Vörur úr landbúnaðarhráefnum sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 2. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.**

Vörur sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer skulu undanþegnar tolli samkvæmt dálki A í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, en greiða skal hins vegar toll samkvæmt tolltaxta í dálki A1 í tollskrá, af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem auðkennd eru með *, sbr. heimild til álagningar fasts tolls í 2. gr. í bókun A við samning EFTA-ríkjanna og Marokkó:

0403.1011*	1901.2023*	1903.0001	2106.1000
0403.1021*	1901.2024*	1903.0009	2106.9011
0403.1022*	1901.2025	1904.1001	2106.9019
0403.9011*	1901.2029*	1904.1002	2106.9021
0403.9021*	1901.2031	1904.1009	2106.9022
0403.9022*	1901.2032	1904.2001	2106.9023
1702.5000	1901.2033	1904.9001*	2106.9024
1702.9004	1901.2034	1904.9009	2106.9025
1704.1000	1901.2035	1905.1000	2106.9026
1704.9002	1901.2036	1905.2000*	2106.9031
1704.9003	1901.2037	1905.3011*	2106.9032
1704.9007	1901.2038	1905.3019*	2106.9033
1704.9009	1901.2039	1905.3021*	2106.9034
1806.2003*	1901.2041	1905.3022*	2106.9035
1806.2004*	1901.2042	1905.3029*	2106.9036
1806.2005*	1901.2043	1905.3030*	2106.9037
1806.2006*	1901.2044	1905.4000*	2106.9038
1806.2009	1901.2045	2001.9001	2106.9039
1806.3101*	1901.2049	úr 2005.4000	2106.9041*
1806.3109*	úr 1901.9011	úr 2005.5900	2106.9042
1806.3201	1901.9019	2005.8000	2106.9048*
1806.3202*	úr 1901.9020	úr 2005.9001*	2106.9049
1806.3203*	1902.1100*	úr 2005.9009	2106.9061
1806.3209*	1902.1900	2006.0021	2106.9062
1806.9011*	1902.2019	2008.9100	2202.1011
1806.9012	1902.2022*	úr 2008.9909	2202.1019
1806.9019	1902.2029	úr 2101.1201	2202.1021
1806.9022*	1902.2031*	úr 2101.1209	2202.1022
1806.9023*	1902.2039	úr 2101.2001	2202.1029
1806.9027	úr 1902.2041*	úr 2101.2009	2202.1091
1806.9028*	1902.2042*	2101.3001	2202.1092
1806.9029*	1902.2049	2101.3009	2202.1099
1806.9039*	1902.2050	2102.1001	2202.9011*
1901.1000	1902.3010	2102.1009	2202.9012*
1901.2011	1902.3021*	2102.2001	2202.9019*
1901.2012*	1902.3029	2102.3001	2202.9021
1901.2013*	1902.3031*	2102.3009	2202.9022
1901.2014*	1902.3039	2103.9010	2202.9029
1901.2015*	1902.3041*	2104.1001*	2202.9091
1901.2016*	1902.3049	2104.1011*	2202.9092
1901.2017*	1902.3050	2104.1012*	2202.9099
1901.2018*	1902.4010	2104.1019*	2203.0011
1901.2019*	1902.4021*	2104.1021*	2203.0019
1901.2021	1902.4029	2104.1022*	2203.0021
1901.2022*	1902.4030	2104.1029*	2203.0029

2203.0091	2208.7093	2915.7000	2933.1100
2203.0099	2208.7094	2915.9000	2933.1900
2204.2111	2208.7095	2916.1100	2933.2900
2204.2112	2208.7096	2916.1200	2933.3100
2204.2113	2208.7097	2916.1300	2933.3200
2204.2114	2208.7099	2916.1400	2933.3910
2204.2119	2208.9011	2916.1500	2933.3980
2204.2911	2208.9012	2916.1900	2933.3990
2204.2912	2208.9013	2916.2000	2933.4000
2204.2913	2208.9019	2916.3100	2933.5900
2204.2914	2208.9051	2916.3200	2933.6100
2204.2919	2208.9052	2916.3400	2933.6900
2205.1001	2208.9053	2916.3500	2933.7100
2205.1002	2208.9059	2916.3900	2933.7900
2205.1003	2208.9091	2917.1100	2933.9000
2205.1009	2208.9092	2917.1200	2934.1000
2205.9001	2208.9093	2917.1300	2934.2000
2205.9002	2208.9094	2917.1400	2934.3000
2205.9003	2208.9095	2917.1900	2934.9000
2205.9009	2208.9096	2917.2000	2940.0000
2208.2011	2208.9097	2917.3100	2941.1000
2208.2012	2208.9099	2917.3200	2941.2000
2208.2013	2520.2001	2917.3300	2941.3000
2208.2019	úr 2839.9000	2917.3400	2941.4000
2208.2091	2905.1200	2917.3500	2941.5000
2208.2092	2905.1300	2917.3600	2941.9000
2208.2093	2905.1400	2917.3700	3006.4002
2208.2099	2905.1500	2917.3900	úr 3006.6000
2208.3001	2905.1600	2918.1100	úr 3403.1100
2208.3002	2905.1700	2918.1200	úr 3403.1901
2208.3003	2905.1900	2918.1300	3407.0001
2208.3009	2905.2200	2918.1400	3501.1000
2208.4001	2905.2900	2918.1500	3501.9001
2208.4002	2905.3200	2918.1600	3501.9009
2208.4003	2905.3900	2918.1700	3505.1001
2208.4009	2905.4100	2918.1900	3505.1009
2208.5011	2905.4200	2918.2100	3505.2000
2208.5012	2905.4300	2918.2200	3506.1000
2208.5013	2905.4400	2918.2300	3506.9100
2208.5019	2905.4900	2918.2900	3506.9900
2208.5021	2905.5000	2918.3000	úr 3801.2000
2208.5022	2911.0000	2918.9000	úr 3801.3000
2208.5023	2915.1200	2932.1100	úr 3801.9000
2208.5029	2915.1300	2932.1200	úr 3804.0000
2208.6001	2915.2100	2932.1300	úr 3805.9000
2208.6002	2915.2200	2932.1900	3809.1000
2208.6003	2915.2300	2932.2100	3809.9100
2208.6009	2915.2400	2932.2900	3809.9200
2208.7011	2915.2900	2932.9100	3809.9300
2208.7012	2915.3100	2932.9200	úr 3811.1100
2208.7013	2915.3200	2932.9300	úr 3811.1900
2208.7014	2915.3300	2932.9400	úr 3811.2100
2208.7015	2915.3400	2932.9910	úr 3811.2900
2208.7016	2915.3500	2932.9930	úr 3811.9000
2208.7017	2915.3900	2932.9950	3812.2000
2208.7019	2915.4000	2932.9971	3812.3000
2208.7091	2915.5000	2932.9979	3817.1000
2208.7092	2915.6000	2932.9990	3817.2000

3818.0000	3920.1009	3920.6109	3920.9409
úr 3824.1000	3920.2001	3920.6201	3920.9901
3824.3000	3920.2002	3920.6209	3920.9902
3824.5000	3920.2009	3920.6301	3920.9909
3824.6000	3920.3001	3920.6309	3921.1101
3824.7100	3920.3009	3920.6901	3921.1109
3824.7900	3920.1001	3920.6909	3921.1201
3824.9001	3920.1002	3920.7101	3921.1209
3824.9002	3920.2009	3920.7109	3921.1300
3824.9003	3920.3001	3920.7200	3921.1400
3824.9004	3920.3009	3920.7301	3921.1901
3824.9005	3920.4101	3920.7309	3921.1902
3824.9006	3920.4102	3920.7901	3921.1909
3824.9007	3920.4109	3920.7909	3921.9001
3824.9009	3920.4201	3920.9101	3921.9002
3919.9010	3920.4202	3920.9109	3921.9003
3919.9021	3920.4203	3920.9201	3921.9004
3919.9022	3920.4209	3920.9209	3921.9009
3919.9029	3920.5101	3920.9301	
3920.1001	3920.5109	3920.9309	
3920.1002	3920.6101	3920.9401	

Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 1901.9011	Matvælaframleiðsla úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem ekki innihalda kakaó.
úr 1901.9020	Malkjarni; búðingsduft; framleiðsla úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem ekki innihalda kakaó; duft til ísgerðar, sem ekki inniheldur kakaó; annað, þó ekki framleiðsla úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem inniheldur kakaó.
úr 1902.2041	Fyllt pasta sem inniheldur ekki meira en 20% miðað við þyngd af kjöti.
úr 2005.4000	Framleiðsla eingöngu úr ertum.
úr 2005.5900	Framleiðsla eingöngu gerð úr baunamjöli, fínmöluðu.
úr 2005.9001	Matjurtaþlöndur sem að meginstofni til innihalda kartöflur; blöndur úr jurtamjöli, fínumöluðu.
úr 2005.9009	Matjurtaþlöndur sem að stofni til innihalda kartöflur; blöndur að stofni til úr jurtamjöli, fínu.
úr 2008.9909	Aðrir ætir jurtahlutar, ót.a.
úr 2101.1201	Kaffiþykki úr blöndu af möluðu, brenndu kaffi með jurtafeiti og stundum öðru innihaldi.
úr 2101.1209	Kaffiþykki úr blöndu af möluðu, brenndu kaffi með jurtafeiti og stundum öðru innihaldi.
úr 2101.2001	Blöndur úr tilreiddu tei með mjólkurdufti og sykri.
úr 2101.2009	Blöndur úr tilreiddu tei með mjólkurdufti og sykri.
úr 2839.9000	Annað, þó ekki alkalmálm silfíköt sem verslunarvara (lipfúm-, rúbídíum-, kesíum- og frankíumsilfíköt.
úr 3006.6000	Kemísk getnaðarvarnarefni að stofni til úr hormón.
úr 3403.1100	Vatnsleysanleg framleiðsla notuð við olíu- og fitu meðferð spunaefna, sem inniheldur hátt hlutfall yfirborðsvirkra efna ásamt jarðolíum og öðrum kemískum efnum.
úr 3403.1901	Ryðvarnarefni, að stofni til hreinsuð ullarfeiti (lanólín), uppleyst í lakkbensíni (white spirits) einnig þó að lakkbensínið sé meira en 70% miðað við þunga.
úr 3801.2000	Hlaupkennt grafít, dreifileyst í olíu og seighlaupkennt grafít.
úr 3801.3000	Kolefniskennt deig í rafskaut og áþekkt deig í ofnklæðningu, þó ekki kolefni til framleiðslu á kolefnaburstum.
úr 3801.9000	Framleiðsla að stofni til úr grafíti eða öðrum kolefnum, deigkennd, blönduð olíu.
úr 3804.0000	Annað en þéttur súlfítlútur.
úr 3805.9000	Óhreinsað parakýmen, þó ekki súlfitterpentína.
úr 3811.1100	Þó ekki efni fyrir jarðolíur, þ.m.t. bensín.
úr 3811.1900	Þó ekki efni fyrir jarðolíur, þ.m.t. bensín.
úr 3811.2100	Þó ekki efni fyrir jarðolíur.
úr 3811.2900	Þó ekki efni sem eru fyrir jarðolíur.
úr 3811.9000	Þó ekki efni sem eru fyrir jarðolíur, þ.m.t. bensín.

Fylgiskjal II.**Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem njóta fríðindameðferðar samkvæmt 3. tl. 1. gr. auglýsingarinnar.**

Vörur sem flokkast í eftirfarandi tollskrárnúmer og vöruliði, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, og njóta tollfríðinda samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins:

0208.9001	0305	1603.0002	2301.2013	2301.2021
0208.9002	0306	1603.0003	2301.2014	2301.2022
úr 0208.9009*	0307	1604	2301.2015	2301.2023
0301	1504	1605	2301.2016	2301.2029
0302	1516.1001	2301.1001	2301.2017	úr 2309.9009*
0303	úr 1516.1009*	2301.2011	2301.2018	
0304	1603.0001	2301.2012	2301.2019	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 0208.9009	Hvalaafurðir.
úr 1516.1009	Feiti og olíur unnar eingöngu úr fiski og sjávarspendýrum og efnisþættir þeirra.
úr 2309.9009	Fisksoðkjarni (fish solubles).

Fylgiskjal III.**Landbúnaðarafurðir sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands samkvæmt viðauka I við bókun um landbúnaðarmál milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Marokkó , sbr. 3. gr. auglýsingarinnar.**

Vörur sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. tollskrá í viðauka I við tollalög, njóta tollfríðinda við innflutning samkvæmt ákvæðum nefnds tvíhliða samnings, enda teljist þær að öllu leyti fengnar í Marokkó í samræmi við upprunareglur í fylgiskjali V við þessa auglýsingu:

0409.0000	0713.3300	0805.4000	0811.1009
0703.1001	0713.3900	0805.9000	0811.2001
0703.1009	0713.4000	0806.1000	0811.2009
0703.2000	0713.5000	0806.2001	úr 0811.9001*
0708.1000	0713.9000	0806.2009	úr 0811.9009
0708.2000	0802.1100	0807.1100	0812.1000
0709.2000	0802.1200	0807.1900	0812.2000
0710.2100	0802.2100	0808.1000	0812.9000
0710.2200	0802.2200	0808.2000	0813.1000
0710.4000	0802.3100	0809.1000	0813.2000
0711.1000	0802.3200	0809.2000	0813.3000
0711.2000	0804.1001	0809.3000	0813.4001
0711.3000	0804.1009	0809.4000	0813.4009
0712.2000	0804.2000	0810.1000	0813.5001
úr 0712.9001	0804.4000	0810.2000	0813.5009
0713.1000	0805.1000	0810.3000	0904.2001
0713.2000	0805.2000	0810.4000	0904.2009
0713.3100	0805.3001	0810.9000	0909.2000
0713.3200	0805.3009	0811.1001	0909.3000

0909.4000	1702.1100	úr 2007.9900*	2009.1901
0909.5001	1702.1900	2008.1101	2009.1909
0909.5009	2004.9001	2008.1109	2009.3001
1211.1000	2004.9002	2008.1900	2009.3009
1211.2000	2004.9003	2008.3001	2009.5009
1211.9001	2004.9004	2008.3009	2009.6009
1211.9002	2004.9005	2008.5009	2009.7009
1211.9009	2004.9006	2008.6009	2009.8009
1302.2001	2004.9009	2008.7009	2009.9009
1302.2009	úr 2005.9009*	2008.8009	2102.1001
1509.1001	2005.4000	2009.1101	2102.1009
1509.1009	2005.5100	2009.1109	

* Undanþágan tekur aðeins til neðangreindra vara í viðkomandi tollskrárnúmeri:

úr 0712.9001	Sykurmaís.
úr 0811.9001	Kirsuber, plómur, apríkósur, ferskjur og greipaldin, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni.
úr 0811.9009	Annars (Kirsuber, plómur, apríkósur, ferskjur og greipaldin).
úr 2005.9009	Súrkál.
úr 2007.9900	Kastaníuhnetur og heslihnetur.
úr 2009.3001	Sítrónusafi.
úr 2009.3009	Sítrónusafi.

Fylgiskjal IV.

Upprunareglur í viðauka II við bókun um landbúnaðarmál milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Marokkó, sbr. 3. gr. auglýsingarinnar.

- Við framkvæmd bókunarinnar telst framleiðsluvara upprunnin í Marokkó ef hún er fengin þar að öllu leyti.
Eftirfarandi skal að öllu leyti talið fengið í Marokkó:
 - Afurðir úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar.
 - Lifandi dýr sem þar eru borin og alin.
 - Afurðir lifandi dýra sem þar eru alin.
 - Vörur sem framleiddar eru þar eingöngu úr framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til c-lið.
 Umbúðir og ílát utan um vöru telst ekki hluti hennar þegar ákveðið er hvort hún sé að öllu leyti fengin og ekki er nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort slíkar umbúðir eða ílát eru upprunavörur eða ekki.
- Þrátt fyrir 1. mgr. skulu framleiðsluvörur í 1. og 2. dálki skrárinnar í viðbætinum við þennan viðauka, sem fengnar eru í Marokkó og innihalda efni sem ekki eru að öllu leyti fengin þar, einnig teljast upprunnar í Marokkó, að því tilskildu að skilyrði sem sett eru í 3. dálki um aðvinnslu slíkra efna séu uppfyllt.
- Sú fríðindameðferð sem kveðið er á um í bókuninni gildir einungis um framleiðsluvörur sem eru fluttar beint frá Marokkó til Íslands án þess að farið sé um yfirráðasvæði annars lands. Þó má flytja framleiðsluvörur sem upprunnar eru í Marokkó og mynda eina óskipta vörusendingu um yfirráðasvæði sem tilheyrir hvorki Marokkó né Íslandi ef þörf krefur, með umfermingu eða bráðabirgðageymslu á því yfirráðasvæði, að því tilskildu að vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umflutningurinn eða bráðabirgðageymslan á sér stað, þær hafa hvorki verið þar á

boðstólum til sölu né afhentar til neyslu og ekki hlotið aðra meðferð en affermingu eða endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að halda þeim í góðu ástandi. Sönnunargögn um að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. þessa töluliðar hafi verið fullnægt skulu lögð fram hjá töllyfirvöldum á Íslandi í samræmi við viðeigandi ákvæði bókunar B við fríverslunarsamninginn milli EFTA-ríkjanna og Marokkó.

4. Við innflutning til Íslands skulu upprunavörur í skilningi þessara reglna og viðauka njóta hags af nefndri bókun um landbúnaðarmál gegn framvísun annaðhvort EUR 1. flutningsskírteinis eða yfirlýsingar á vörureikningi sem gefin er út eða samin í samræmi við viðeigandi ákvæði bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Marokkó.
5. Ákvæðin um sönnun uppruna og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda sem er að finna í bókun B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Marokkó skulu gilda að breyttu breytanda.
6. Ákvæði eða samþykktar yfirlýsingar sem er að finna í fríverslunarsamningnum milli EFTA-ríkjanna og Marokkó, að því er varðar bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum, skulu gilda að breyttu breytanda um framleiðsluvörur sem falla undir þessa tvíhliða bókun um landbúnaðarmál.

Viðauki við upprunareglur fylgiskjals þessa.

Listi yfir vörur sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr. og um gilda önnur skilyrði en skilyrðið um að vera fengnar að öllu leyti í Marokkó.

<i>Tollskrárnúmer</i>	<i>Vörulýsing</i>	<i>Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi</i>
0710	Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar	Framleiðsla úr efnunum í 7. kafla sem verða að vera fengin að öllu leyti
0711	Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteins-tvílidsgasi, saltlegi, brennisteins-sýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis	Framleiðsla úr efnunum í 7. kafla sem verða að vera fengin að öllu leyti
0712	Þurrkaðar matjurtir, heilar, skornar, sneiddar, muldar eða steyttar í dufti, en ekki frekar unnar	Framleiðsla úr efnunum í 7. kafla sem verða að vera fengin að öllu leyti
0811	Ávextir og hnetur, ósoðið eða soðið í gufu eða í vatni, fryst, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni	Framleiðsla úr ávöxtum og hnetum sem verða að vera fengin að öllu leyti

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veittir upprunaréttindi
0812	Ávextir og hnetur, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvöldisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til mannelðis	Framleiðsla úr ávöxtum og hnetum sem verða að vera fengin að öllu leyti
0813	Ávextir, þurrkaðir, aðrir en í nr. 0801-0806; blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum í þessum kafla	Framleiðsla úr ávöxtum og hnetum sem verða að vera fengin að öllu leyti
úr 1302	Jurtasafar og jurtakjarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurta-slím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtafkinu: – Agar og önnur jurta-slím og hleypiefni unnið úr vörum úr jurtafkinu ekki umbreytt	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 1509	Ólífulóla og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt, nema sem fæða: – Þættir í föstu formi – Annað	Framleiðsla úr öðrum efnum í nr. 1517 til 1515 Framleiðsla úr jurtaefnum sem verða að vera fengin að öllu leyti
2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í nr. 2006	Framleiðsla úr jurtum sem verða að vera fengnar að öllu leyti
2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar, þó ekki vörur í nr. 2006	Framleiðsla úr jurtum sem verða að vera fengnar að öllu leyti
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða áfengi, ót.a.: – Ávextir og hnetur, eldað, þó ekki soðið í gufu eða vatni, ekki með viðbættum sykri, fryst – Hnetur, ekki með viðbættum sykri eða áfengi	Framleiðsla þar sem ávextirnir og hneturnar verða að vera fengin að öllu leyti Framleiðsla úr hnetum og olúfræjum í nr. 0801, 0802 og 1202 til 1207 sem eru notuð og teljast upprunnin og eru að verðmæti meira en 60% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Tollskrárnúmer

Vörulýsing

*Aðvinnsla efna, sem ekki teljast
upprunaefni, er veitir
upprunaréttindi*

– Annars

Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti annarra efna í 17. kafla sem notuð eru í heild ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

úr 2009

Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbættis áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni

Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti annarra efna í 17. kafla sem notuð eru í heild ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

Fylgiskjal V.

BÓKUN B **um skilgreiningu á hugtakinu „upprunavörur“ og** **fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.**

I. BÁLKUR **Almenn ákvæði.**

1. gr.

Skilgreiningar.

Að því er þessa bókun varðar merkir:

- a) „framleiðsla“ hvers konar aðvinnslu, þar með er talin samsetning eða sérvinnsla;
- b) „efni“ hvers konar efnispátt, hráefni, íhluta eða hluta o.s.frv. sem notað er við framleiðslu vörunnar;
- c) „framleiðsluvara“ vöru sem er framleidd, jafnvel þótt fyrirhugað sé að nota hana við annars konar framleiðslu síðar;
- d) „vara“ bæði efni og framleiðsluvörur;
- e) „tollverð“ verð sem ákveðið er í samræmi við samning um framkvæmd VII. gr. hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, gerður 1994 (samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tollverðsákvörðun);
- f) „verksmiðjuverð“ verð sem framleiðanda í samningsríki er greitt fyrir framleiðsluvöruna hafi lokaaðvinnsla vörunnar farið fram í fyrirtæki hans, þar með talið verðmæti alls efnis sem notað er, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má þegar varan sem er fengin er flutt út;
- g) „verðmæti efna“ tollverð við innflutning á efni sem notað hefur verið og er ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið á viðkomandi yfirráðasvæðum;
- h) „verðmæti upprunaefna“ tollverð slíkra efna eins og skilgreint er í g-lið að breyttu breytanda;
- i) „kaflar“ og „vöruliðir“ kaflar og vöruliðir (fjögurra tölustafa tákn) í nafnaskránni sem myndar samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána og er í þessari bókun vísað til sem „samræmdu tollskrárinnar“ eða ST;
- j) „flokkun“ flokkun framleiðsluvara eða efna undir tilteknum vörulið;

- k) „vörusending“ framleiðsluvörur sem eru annaðhvort sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda eða, ef flutningsskjal er ekki fyrir hendi, vörur sem hafðar eru á sama flutningsskjali vegna flutnings frá útflytjanda til viðtakanda eða á sama vöru-reikningi.

II. BÁLKUR

Skilgreining hugtaksins „upprunavörur“.

2. gr.

Upprunaviðmiðanir.

Við framkvæmd samnings þessa og þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. þessarar bókunar skulu neðangreindar framleiðsluvörur taldar:

- 1) upprunnar í EFTA-ríki:
 - a) framleiðsluvörur að öllu leyti fengnar í EFTA-ríki í skilningi 5. gr. í þessari bókun;
 - b) framleiðsluvörur fengnar í EFTA-ríki sem í eru notuð efni sem ekki eru að öllu leyti fengin þar, að því tilskildu að slík efni hafi hlotið nægilega aðvinnslu í því ríki í skilningi 6. gr. í þessari bókun, eða
- 2) upprunnar í Marokkó:
 - a) framleiðsluvörur að öllu leyti fengnar í EFTA-ríki í skilningi 5. gr. í þessari bókun;
 - b) framleiðsluvörur fengnar í EFTA-ríki sem í eru notuð efni sem ekki eru að öllu leyti fengin þar, að því tilskildu að slík efni hafi hlotið nægilega aðvinnslu í því ríki í skilningi 6. gr. í þessari bókun.

3. gr.

Tvíhliða uppsöfnun.

1. Þrátt fyrir ákvæði b-liða 1. og 2. mgr. 2. gr. skulu framleiðsluvörur, sem eru upprunnar í samningsríki í skilningi þessarar bókunar, teljast upprunnar í öðru samningsríki og þurfa efnin ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu þar, enda hafi þau fengið aðvinnslu umfram það sem er tilgreint í 7. gr. í þessari bókun.
2. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. halda framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í samningsríki í skilningi þessarar bókunar, uppruna sínum þegar þær eru fluttar frá einu ríki til annars í óbreyttu ástandi eða hafa ekki hlotið aðvinnslu í útflutningsríkinu umfram þá sem um ræðir í 7. gr.
3. Við beitingu 2. mgr. um framleiðsluvörur sem eru upprunnar í tveimur eða fleiri samningsríkjum og hafa ekki fengið aðvinnslu í útflutningsríkinu umfram þá sem um ræðir í 7. gr., skal uppruni ákveðinn með tilliti til þeirrar framleiðsluvöru sem hæst ber tollverð eða, ef það er ekki þekkt eða ekki er unnt að komast að því, með tilliti til hæsta fyrsta verðs sem sýnt er fram á að greitt hefur verið fyrir framleiðsluvörurnar í því ríki.

4. gr.

Þríhliða uppsöfnun með efnun sem eru upprunnin í Túnis.

1. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr. 2. gr. og með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. skulu efni sem eru upprunnin í Túnis í skilningi bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Túnis teljast upprunnin í EFTA-ríki og þurfa efnin ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu, enda hafi þau fengið aðvinnslu umfram það sem er tilgreint í 7. gr. í þessari bókun.
2. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 2. mgr. 2. gr. og með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. skulu efni sem eru upprunnin í Túnis í skilningi bókunarinnar um uppruna við samninginn milli Marokkó og Túnis teljast upprunnin í Marokkó og þurfa efnin ekki að hafa fengið

nægilega aðvinnslu þar, enda hafi þau fengið aðvinnslu umfram það sem er tilgreint í 7. gr. í þessari bókun.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. halda framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í Túnis í skilningi samningsins milli EFTA-ríkjanna og Túnis, uppruna sínum þegar þær eru fluttar frá einu ríki til annars í óbreyttu ástandi eða hafa ekki hlotið aðvinnslu í útflutningsríkinu umfram þá sem um ræðir í 7. gr.
4. Ákvæðum í 1. til 3. mgr. er varða efni sem eru upprunnin í Túnis má einungis beita ef sömu upprunareglur eru notaðar í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Túnis og notaðar eru milli Marokkó og Túnis.

5. gr.

Að öllu leyti fengnar vörur.

1. Eftirfarandi skal talið „að öllu leyti fengið“ í EFTA-ríki eða Marokkó í skilningi a-liða 1. og 2. mgr. 2. gr.:
 - a) jarðefni unnin úr jörðu eða af hafsbotni þess;
 - b) afurðir úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar;
 - c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin;
 - d) afurðir af lifandi dýrum sem þar eru alin;
 - e) veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er þar með veiðum;
 - f) sjávarafurðir og aðrar afurðir sem skip þeirra draga úr sjó utan landhelgi samningsríkjanna;
 - g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þeirra, eingöngu úr afurðum sem um getur í f-lið;
 - h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr, þar á meðal notaðir hjólbarðar sem nýtast eingöngu til sólunar eða sem úrgangur;
 - i) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar;
 - j) vörur unnar úr hafsbotni eða yfirborðslögum hafsbotsins utan landhelgi samningsríkjanna, að því tilskildu að þau hafi einkarétt á að vinna úr þessum lögum;
 - k) vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til j-lið.
2. Orðin „skip þeirra“ og „verksmiðjuskip þeirra“ í f- og g-lið 1. mgr. gilda aðeins um skip og verksmiðjuskip:
 - sem eru skráð eða skrásett í EFTA-ríki eða Marokkó;
 - sem sigla undir fána EFTA-ríkis eða Marokkó;
 - sem eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eign ríkisborgara EFTA-ríkis eða Marokkó, eða í eign fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í EFTA-ríki eða Marokkó enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar EFTA-ríkis eða Marokkó og auk þess sé að minnsta kosti helmingur höfuðstóls í eigu EFTA-ríkis eða Marokkó eða opinberra stofnana eða ríkisborgara nefndra ríkja, ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög;
 - þegar skipstjóri og yfirmenn eru ríkisborgarar EFTA-ríkis eða Marokkó;
 - þegar að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar eru ríkisborgarar EFTA-ríkis eða Marokkó.
- 3 Hugtakið „EFTA-ríki“ og „Marokkó“ taka einnig til landhelgi „EFTA-ríkjanna“ og „Marokkó“.
 Skip á úthöfum, þar með talin verksmiðjuskip sem verka eða vinna afla sinn um borð, skulu talin hluti af yfirráðsvæði EFTA-ríkjanna eða Marokkó enda fullnægi þau skilyrðum í 2. mgr.

6. gr.

Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu.

1. Að því er 2. gr. varðar skulu efni, sem ekki eru upprunaefni, teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu þegar framleiðsluvara flokkast undir annan vörulið en öll efnin sem notuð voru í framleiðsluna, sbr. þó 2. mgr. og 7. gr.
2. Fyrir framleiðsluvörur sem getið er í 1. og 2. dálki í skránni í II. viðauka við þessa bókun verður að fullnægja skilyrðum í 3. dálki fyrir viðkomandi framleiðsluvöru í stað reglunnar í 1. mgr.
Útflytjanda er frjálst, að því er varðar framleiðsluvörur í 84. til 91. kafla, að fara eftir skilyrðum í 4. dálki í stað þess að fullnægja skilyrðum í 3. dálki.
Ef hundradshlutaregla er notuð í skránni við II. viðauka til að ákvarða uppruna framleiðsluvöru í EFTA-ríki eða Marokkó skal sá virðisauki sem fæst við aðvinnsluna svara til verksmiðjuverðs framleiðsluvörunnar, að frádregnu virði efna sem eru flutt inn frá þriðju löndum til viðkomandi EFTA-ríkis eða Marokkó.
3. Skilyrði þessi gilda um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu þeirra vara sem samningur þessi tekur til, og gilda þau einungis um slík efni. Af þeim sökum skal framleiðsluvara sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru í skrá um hana er fullnægt, og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki þurfa að fullnægja skilyrðum sem gilda um vöruna sem hún er sett saman við, og skal ekki taka tillit til þess að efnin sem notuð eru við framleiðslu hennar eru ekki upprunaefni.

7. gr.

Ófullnægjandi aðvinnsla.

1. Við beitingu 6. gr. skal eftirfarandi talið ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi, hvort sem vöruliðum er breytt eða ekki:
 - a) aðgerð til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, þækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir);
 - b) einfaldar aðgerðir til að rykhreinsa, sigta eða sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur;
 - c) i) skipti á umbúðum, svo og uppskipting og sameining;
ii) einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar þökkunaraðgerðir;
 - d) festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;
 - e) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna sem sett eru í þessari bókun;
 - f) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara;
 - g) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til f-lið;
 - h) slátrun dýra.

8. gr.

Skilgreiningareining.

1. Skilgreiningareining vegna beitingar ákvæða þessarar bókunar er sú framleiðsluvara sem telst grunneining við flokkun samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar. Af þessu leiðir að:
 - a) þegar framleiðsluvara sem er sett saman úr mörgum hlutum og flokkuð í samræmdu tollskránni í einn og sama vörulið, telst heildin vera ein skilgreiningareining;

- b) Þegar í vörusendingu eru margar framleiðsluvörur af sama tagi sem flokkaðar eru í sama vörulið í samræmdu tollskránni, skal hver einstök framleiðsluvara tekin sér þegar ákvæðum þessarar bókunar er beitt.
2. Þegar umbúðir eru samkvæmt 5. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar taldar hluti framleiðsluvöru við flokkun skal telja þær með við ákvörðun uppruna.

9. gr.

Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri.

Fylgihluti, varahluti og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

10. gr.

Samstæður.

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vöruhlutar eru upprunavörur. Þó skal samstæða, sem er samsett bæði af upprunavörum og vörum sem eru ekki upprunavörur, teljast í heild upprunavörur, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara sem eru ekki upprunavörur, sé ekki meira en 15 af hundraði af verksmiðjuverði samstæðunnar.

11. gr.

Atriði sem hafa ekki áhrif.

Þegar ákvarðað er hvort framleiðsluvara sé upprunnin í samningsríki er ekki nauðsynlegt að taka tillit til þess hvort orka, verksmiðja og búnaður svo og vélar og verkfæri notuð við framleiðslu vörunnar, eða hvort einhverjar vörur til framleiðslunnar, sem ekki mynda og ekki var ætlað að mynda efnisþátt í framleiðsluvörunni fullgerðri, hafa upprunaréttindi eða ekki.

III. BÁLKUR**Skilyrði varðandi yfirráðasvæði.**

12. gr.

Meginregla um yfirráðasvæði.

Fullnægja verður skilyrðum í II. bálki um öflun upprunaréttinda óslitið í EFTA-ríki eða Marokkó, með fyrirvara um ákvæði 4. gr.

13. gr.

Endurinnflutningur á vörum.

Litið skal á vörur, sem fluttar eru út frá EFTA-ríki eða Marokkó til þriðja lands og síðan fluttar inn aftur, eins og þær hafi aldrei verið fluttar frá viðkomandi ríki ef hægt er að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda:

- a) að vörurnar sem eru fluttar inn aftur séu þær sömu og voru fluttar út í upphafi; og
- b) að ekki hafi verið gerð á þeim nein aðgerð umfram það sem nauðsynlegt má teljast til að forða þeim frá skemmdum í því landi eða á meðan á útflutningi stóð.

14. gr.

Beinn flutningur.

1. Sú fríðindameðferð sem kveðið er á um í samningnum gildir einungis um framleiðsluvörur eða efni sem er flutt milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og Marokkó eða, við beitingu ákvæða 4. gr., Túnis, án þess að farið sé um yfirráðasvæði þriðja lands.

Þó má flytja framleiðsluvörur sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða Marokkó og mynda eina óskipta vörusendingu um yfirráðasvæði sem tilheyrir hvorki EFTA-ríkjunum né Marokkó eða, við beitingu ákvæða 4. gr., Túnis, með umfermingu eða bráðabirgðageymslu á slíku yfirráðasvæði, ef þörf krefur, að því tilskildu að vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umflutningurinn eða bráðabirgðageymslan átti sér stað og ekki hlotið aðra meðferð en affermingu, endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

Heimilt er að flytja vörur sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða Marokkó um leiðslukerfi yfir önnur yfirráðasvæði en yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða Marokkó.

2. Sannanir um að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. hafi verið fullnægt skal leggja fram hjá tollyfirvöldum innflutningsríkisins með:
 - a) farmskírteini sem er gefið út í útflutningslandinu og gildir um ferðina um umflutningslandið; eða
 - b) skírteini, sem tollyfirvöld umflutningslandsins gefa út, þar sem fram kemur:
 - i) nákvæm lýsing á framleiðsluvörinni,
 - ii) dagsetning affermingar og endurfermingar og, þar sem við á, heiti hlutaðeigandi skipa, og
 - iii) vottorð um við hvaða aðstæður framleiðsluvaran var geymd í umflutningslandinu; eða
 - c) að öðrum kosti, öðrum skjölum sem færa sönnur á þetta.

15. gr.

Sýningar.

1. Framleiðsluvörur sem sendar eru frá samningsríki á vörusýningu í þriðja landi og seldar eftir sýninguna til innflutnings í öðru samningsríki skulu við innflutninginn njóta ávinnings af ákvæðum samningsins uppfylli framleiðsluvörurnar þær kröfur sem gerðar eru í þessari bókun til að þær teljist upprunnar í samningsríki og að því tilskildu að sýnt sé fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda:
 - a) að útflytjandi hafi sent þessar framleiðsluvörur frá einu samningsríki til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar;
 - b) að sá útflytjandi hafi selt framleiðsluvörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda í öðru samningsríki;
 - c) að framleiðsluvörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana til síðarnefnda samningsríkisins í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar til sýningar; og
 - d) að framleiðsluvörurnar hafi ekki frá því að þær voru sendar til sýningar verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á sýningunni.
2. Sönnun á uppruna skal gefin út eða útbúin í samræmi við ákvæði IV. bálks og lögð fram hjá tollyfirvöldum innflutningslandsins með venjulegum hætti. Þar skal tilgreint heiti sýningarinnar og sýningarstaður. Ef nauðsyn ber til má krefjast sérstakra skjalfestra viðbótarsönnunargagna um eðli framleiðsluvaranna og aðstæður við sýningu þeirra.
3. Ákvæði 1. mgr. skulu taka til allra vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstefna eða áþekkra opinberra sýninga sem eru ekki skipulagðar í einkaþágu í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar vörur, enda séu framleiðsluvörurnar undir tolleftirliti meðan á sýningu stendur.

IV. BÁLKUR Sönnun uppruna.

16. gr.

EUR.1-flutningsskírteini.

Sanna skal uppruna framleiðsluvöru, í skilningi þessarar bókunar, með EUR.1-flutningsskírteini en sýnishorn af því er að finna í III. viðauka við þessa bókun.

17. gr.

Reglur um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis.

1. Tollyfirvöld í útflutningsríki skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini hafi útflytjandi, eða fulltrúi hans á hans ábyrgð, skilað inn skriflegri umsókn.
2. Útflytjandi eða fulltrúi hans skal bæði fylla út EUR.1-flutningsskírteini og umsóknina en sýnishorn af þeim er að finna í III. viðbæti.
Eyðublöðin skal fylla út á einu af opinberum tungumálum samningsríkis, eða á ensku, í samræmi við ákvæði landslaga í útflutningsríkinu. Ef þau eru handskrifuð skulu þau útfyllt með bleki og með prentstöfum. Gefa verður vörulýsinguna í reitnum, sem er til þess ætlaður, án þess að skilja eftir auðar línur. Ef reitur er ekki notaður að fullu skal draga lárétta línu neðan við lýsinguna og strika yfir ónýtta svæðið.
3. Útflytjandi, sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis, skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í útflutningsríkinu þar sem EUR.1-flutningsskírteinið er gefið út, öll tilheyrandi skjöl sem sanna að viðkomandi framleiðsluvara sé upprunavara og að öllum öðrum kröfum sem settar eru fram í þessari bókun sé fullnægt.
4. Tollyfirvöld í EFTA-ríki skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini ef viðkomandi framleiðsluvörur geta talist upprunnar í viðkomandi EFTA-ríki í skilningi 1. mgr. 2. gr. þessarar bókunar. Tollyfirvöld í Marokkó skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini ef viðkomandi framleiðsluvörur geta talist upprunnar í Marokkó í skilningi 2. mgr. 2. gr. þessarar bókunar.
5. Ef ákvæðum 3. og 4. gr. um uppsöfnun er beitt er tollyfirvöldum í EFTA-ríkjunum eða Marokkó heimilt að gefa út EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari bókun ef telja má vörurnar, sem flytja á út, upprunavörur í skilningi þessarar bókunar og að því tilskildu að vörurnar á EUR.1-flutningsskírteininu séu í landi þess samningsaðila.
Í þessum tilvikum skal gefa EUR.1-flutningsskírteini út eftir að áður útgefin sönnun á uppruna hefur verið lögð fram. Tollyfirvöld útflutningsríkisins skal varðveita þessa sönnun á uppruna í að minnsta kosti þrjú ár.
6. Þau tollyfirvöld sem gefa skírteinið út skulu grípa til nauðsynlegra aðgerða til að sannreyna að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunavörur og að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og athuga bókhald útflytjandans eða viðhafa annars konar eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt.
Tollyfirvöld sem gefa skírteinið út skulu einnig tryggja að þau eyðublöð sem um getur í 2. mgr. séu rétt útfyllt. Einkum skal athuga hvort það svæði, sem ætlað er fyrir vörulýsingu, sé útfyllt þannig að engin hætta sé á sviksamlegum viðbótum.
7. Útgáfudagur EUR.1-flutningsskírteinis skal koma fram á þeim hluta skírteinisins sem ætlaður er tollyfirvöldum.
8. Tollyfirvöld í útflutningsríkinu skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini þegar viðkomandi vörur eru fluttar úr landi. Útflytjandinn getur fengið það til ráðstöfunar um leið og raunverulegur útflutningur hefur átt sér stað eða tryggð er að svo verði.

18. gr.

EUR.1-flutningsskírteinið gefið út eftir á.

1. Þrátt fyrir 8. mgr. 17. gr. er í undantekningartilvikum heimilt að gefa EUR.1-flutningsskírteinið út eftir að útflutningur framleiðsluvörunnar hefur átt sér stað, að því tilskildu:
 - a) að það hafi ekki verið gefið út þegar útflutningurinn átti sér stað vegna mistaka eða yfirsjóna eða sérstakra aðstæðna; eða
 - b) að sýnt sé fram á það á fullnægjandi hátt að mati tollyfirvalda að EUR.1-flutningsskírteinið hafi verið gefið út en ekki verið viðurkennt við innflutning af tæknilegum ástæðum.
2. Við framkvæmd 1. mgr. verður útflytjandinn að taka fram í umsókninni hvar og hvenær útflutningur framleiðsluvöru, sem EUR.1-flutningsskírteinið á við um, á sér stað og tilgreina ástæður fyrir beiðninni.
3. Tollyfirvöldum er einungis heimilt að gefa út EUR.1-flutningsskírteinið eftir á þegar sannreynt hefur verið að upplýsingarnar sem fram koma í umsókn útflytjandans séu samhljóða þeim sem viðkomandi gögn hafa að geyma.
4. EUR.1-flutningsskírteini sem eru gefin út eftir á verða að vera árituð með einni af eftirfarandi setningum:
 - „NACHTRÄGLICH AUSGESTELLT“;
 - „DELIVRÉ À POSTERIORI“;
 - „RILASCIATO A POSTERIORI“;
 - „ISSUED RETROSPECTIVELY“;
 - „ÚTGEFIÐ EFTIR Á“;
 - „UDSTEDT SENERE“;
 - „Arabísk útgáfa“.
5. Áritunin sem um getur í 4. mgr. skal færð í reitinn „Athugasemdir“ á EUR.1-flutningsskírteininu.

19. gr.

Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteininu.

1. Hafi EUR.1-flutningsskírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandinn sótt um það til þeirra tollyfirvalda sem gáfu það út að fá eftirrit gert á grundvelli útflutningsskjala sem eru í þeirra vörslu.
2. Eftirritið sem er gefið út á þennan hátt verður að vera áritað með einhverju eftirfarandi orða:
 - „DUPLIKAT“;
 - „DUPLICATA“;
 - „DUPLICATO“;
 - „DUPLICATE“;
 - „EFTIRRIT“;
 - „Arabísk útgáfa“.
3. Áritunin, sem um getur í 2. mgr., útgáfudagur og raðnúmer upphaflega skírteinisins skulu færð í athugasemdareit eftirrits EUR.1-flutningsskírteinisins.
4. Eftirritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR.1-flutningsskírteinið og gilda frá og með þeim degi.

20. gr.

Skipt um skírteini.

1. Unnt skal vera hvenær sem er að láta eitt eða fleiri skírteini koma í stað eins eða fleiri EUR.1-flutningsskírteina að því tilskildu að sú tollstöð sem annast eftirlit með vörunum sjái um það.

2. Litið skal á nýja skírteinið sem EUR.1-flutningsskírteini vegna beitingar þessarar bókunar, að meðtöldum ákvæðum þessarar greinar.
3. Gefa skal nýja skírteinið út eftir að fram kemur skrifleg beiðni frá þeim útflytjanda sem flytur út á ný, eftir að viðkomandi yfirvöld hafa sannreynt þær upplýsingar sem umsækjandi leggur fram með beiðni sinni. Dagsetningu og raðnúmer upphaflega EUR.1-flutningsskírteinisins skal tilgreina í reit 7.

21. gr.

Einfölduð afgreiðsla við útgáfu EUR.1-flutningsskírteina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 17., 18. og 19. gr. þessarar bókunar, er hægt að viðhafa einfaldaða afgreiðslu við útgáfu EUR.1-flutningsskírteina samkvæmt neðangreindum ákvæðum.
2. Tollyfirvöld í útflutningsríki geta heimilað að hver útflytjandi, hér eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi“, sem sendir oft framleiðsluvörur af því tagi sem EUR.1-flutningsskírteini taka til og veitir að mati tollyfirvalda fullnægjandi tryggingar fyrir því að vörurnar séu upprunavörur, þurfi hvorki að framvísa vörunum né heldur umsókn um EUR.1-flutningsskírteini fyrir þessar vörur hjá tollstöð í útflutningsríkinu þegar útflutningur á sér stað til að fá EUR.1-flutningsskírteini samkvæmt skilyrðum 17. gr. þessarar bókunar.
3. Í leyfi sem um getur í 2. mgr. skal tiltekið, samkvæmt ákvörðun tollyfirvalda, að reitur nr. 11 í EUR.1-flutningsskírteininu, „Áritun tollyfirvalda“, skuli annaðhvort:
 - a) vera merktur fyrirfram með stimpli þar til bærrar tollstöðvar í útflutningsríkinu og áritaður með eiginhandarundirskrift, má vera í símbréfi, starfsmanns þess embættis, eða
 - b) vera áritaður af hinum viðurkennda útflytjanda með sérstökum stimpli sem tollyfirvöld í útflutningsríkinu hafa viðurkennt og samsvarar fyrirmynd þeirri sem sýnd er í V. viðauka við bókun þessa; stimpillinn má vera forprentaður á eyðublöðin.
4. Í tilvikum sem um getur í a-lið 3. mgr. skal í reit nr. 7 „Athugasemdir“ á EUR.1-flutningsskírteininu rita eina af eftirfarandi setningum:
„SIMPLIFIED PROCEDURE“,
„VEREINFACHTES VERFAHREN“,
„PROCÉDURE SIMPLIFIÉE“,
„PROCEDURA SEMPLIFICATA“,
„FORENKLET PROSEDYRE“,
„EINFÖLDUÐ AFGREIÐSLA“,
„Arabísk útgáfa“.
5. Reit nr. 11 „Áritun tollyfirvalda“ á EUR.1-flutningsskírteininu skal viðurkenndur útflytjandi útfylla ef þörf krefur.
6. Viðurkenndur útflytjandi skal, ef nauðsyn krefur, tilgreina í reit nr. 13, „Beiðni um sannprófun“, nafn og aðsetur þess tollyfirvalds sem bært er til að sannreyna EUR.1-flutningsskírteinið.
7. Við einfalda afgreiðslu er tollyfirvöldum í útflutningsríkinu heimilt að mæla fyrir um notkun EUR.1-flutningsskírteinisins með kennimerki til auðkenningar.
8. Í leyfum sem um getur í 2. mgr. skulu tollyfirvöld tilgreina sérstaklega:
 - a) hvaða skilyrði verði að uppfylla vegna umsókna um EUR.1-flutningsskírteini;
 - b) við hvaða skilyrði þessar umsóknir skuli geymdar í a.m.k. þrjú ár;
 - c) í þeim tilvikum, sem um getur í b-lið 3. mgr., yfirvald sem er til þess bært að framkvæma síðari sannprófun sem um getur í 31. gr. þessarar bókunar.
9. Tollyfirvöld í útflutningsríki geta ákveðið að vissar vörutegundir njóti ekki sérstakrar meðferðar sem kveðið er á um í 2. mgr.

10. Tollyfirvöld skulu synja þeim útflytjendum um leyfi sem um getur í 2. mgr. ef þeir geta ekki lagt fram allar þær tryggingar sem þau telja nauðsynlegar. Tollyfirvöld geta hvenær sem er afturkallað leyfin. Þeim er skylt að gera það ef skilyrði fyrir leyfinu eru ekki lengur uppfyllt eða viðurkenndur útflytjandi leggur ekki lengur fram þessar tryggingar.
11. Þess má krefjast af viðurkenndum útflytjanda að hann veiti tollyfirvöldum upplýsingar um vörur sem hann afgreiðir, samkvæmt reglum sem þau setja, þannig að til þess bær tollstöð geti sannreynt það sem nauðsynlegt telst áður en vörurnar eru afgreiddar.
12. Tollyfirvöldum útflutningsríkis er heimilt að kanna nánar viðurkennda útflytjendur eftir því sem þau telja nauðsynlegt. Útflytjendunum ber að heimila slíkt.
13. Ákvæði þessarar greinar eru því ekki til fyrirstöðu að beitt verði reglum samningsríkjanna um formkröfur við tollmeðferð og notkun tollskjala.

22. gr.

Gildistími sönnunar á uppruna.

1. EUR.1-flutningsskírteinið skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi þess í útflutningslandinu og verður að leggja það fram innan þess tíma hjá tollyfirvöldum í innflutningsríkinu.
2. Heimilt er að taka við EUR.1-flutningsskírteini sem lagt er fram hjá tollyfirvöldum í innflutningsríkinu, eftir að frestur sá sem tilgreindur er í 1. mgr. er útrunninn og beita fríðindameðferð hafi umrædd skjöl ekki verið lögð fram fyrir lok frestsins af óviðráðanlegum orsökum (force majeure) eða vegna sérstakra aðstæðna.
3. Í öðrum tilvikum, þegar skjöl er lögð fram of seint, geta tollyfirvöld innflutningslandsins tekið við EUR.1-flutningsskírteini ef framleiðsluvörurnar hafa verið lagðar fram hjá þeim fyrir lok frestsins.

23. gr.

Sönnun á uppruna lögð fram.

Leggja skal fram EUR.1-flutningsskírteini hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu í samræmi við þær reglur sem gilda í því landi. Umrædd yfirvöld geta krafist þýðingar á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi. Þau geta einnig krafist þess að aðflutningsskýrslunni fylgi greinargerð frá innflytjanda þess efnis að vörurnar fullnægi þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast vegna framkvæmdar samningsins.

24. gr.

Innflutningur í áföngum.

Þegar sundurtekna eða ósamsetta framleiðsluvörur, í skilningi a-liðar 2. mgr. í hinum almennu reglum samræmdu tollskrárinnar, sem heyra undir 84. og 85. kafla í samræmdu tollskránni, eru, að beiðni innflytjanda og með þeim skilyrðum sem sett eru af tollyfirvöldum í innflutningslandinu, fluttar inn í áföngum skal leggja fram eina sönnun á uppruna fyrir þær vörur hjá tollyfirvöldum þegar fyrsti hlutinn er fluttur inn.

25. gr.

Yfirlýsing á vörureikningi.

1. Þrátt fyrir 16. gr. er útflytjanda heimilt að leggja fram sönnun á uppruna, í skilningi þessarar bókunar, í formi yfirlýsingar á vörureikningi, afhendingarseðli eða öðru viðskiptaskjali (nefnist hér á eftir „yfirlýsing á vörureikningi“), en texti hennar er birtur í IV. viðauka við þessa bókun, þar sem viðkomandi framleiðsluvörum er lýst nægilega

- nákvæmlega til að unnt sé að bera kennsl á sendingar sem innihalda einungis upprunavörur og fari verðmæti hvernar sendingar ekki yfir 6.000 reiknieiningar.
2. Útflytjandi skal gefa út yfirlýsingu á vörureikningi og undirrita hana í samræmi við þessa bókun.
 3. Gefa verður út yfirlýsingu á vörureikningi fyrir hverja sendingu.
 4. Útflytjandi sem sótti um yfirlýsingu á vörureikningi skal leggja fram öll fylgiskjöl varðandi notkun þessarar yfirlýsingar á vörureikning að beiðni tollyfirvalda í útflutningslandinu.
 5. Ákvæði 22. og 23. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um yfirlýsingu á vörureikningi.

26. gr.

Undanþágur frá formlegum sönnunum á uppruna.

1. Framleiðsluvörur sem eru sendar sem smábögglar frá einum einstaklingi til annars, eða eru í einkafarangri ferðamanna, skulu taldar upprunavörur án þess að leggja þurfi fram formlega sönnun á uppruna, að því tilskildu að vörurnar séu ekki fluttar inn á viðskiptagrundvelli og að lýst hafi verið yfir að þær uppfylli kröfur þessarar bókunar og enginn vafi leiki á um sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar. Ef framleiðsluvörurnar eru sendar í pósti má gefa yfirlýsinguna á C2/CP3-tollseðli eða á blaði sem er fest við það skjal.
2. Innflutningur sem er bundinn við einstakt tilvik, og er eingöngu framleiðsluvörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra, skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis ef ljóst er af eðli og magni framleiðsluvaranna að enginn viðskiptalegur tilgangur býr að baki.
3. Enn fremur má heildarverðmæti slíkra framleiðsluvara ekki vera meira en 500 reiknieiningar ef um litla pakka er að ræða og 1.200 reiknieiningar ef um er að ræða framleiðsluvörur í einkafarangri ferðamanna.

27. gr.

Varðveisla sönnunar á uppruna og fylgiskjala.

1. Útflytjandi sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár þau skjöl sem um getur í 1. og 3. mgr. 17. gr.
2. Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár eintak af henni ásamt skjölum sem um getur í 1. mgr. 25. gr.
3. Tollyfirvöld í útflutningsríkinu sem gefa út EUR.1-flutningsskírteini skulu varðveita í að minnsta kosti þrjú ár umsóknareyðublað það sem um getur í 2. mgr. 17. gr.
4. Tollyfirvöld í innflutningsríkinu skulu varðveita í að minnsta kosti þrjú ár EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingar á vörureikningum sem þeim eru afhent.

28. gr.

Ósamræmi og villur í framsetningu.

1. Uppgötvist lítils háttar ósamræmi milli staðhæfinga á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingar á vörureikningi og þeirra sem fram koma á skjölum sem afhent voru tollyfirvöldum vegna formsatriða, sem fullnægja þurfti fyrir innflutning á framleiðsluvörum, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi teljist ógild ef fram koma öyggjandi sannanir fyrir því að þetta skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.
2. Augljósar villur í framsetningu eins og vérlitunarvillur á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi skulu ekki leiða til þess að skjalinu sé hafnað ef villurnar eru þess eðlis að enginn vafi leikur á að staðhæfingarnar í því séu réttar.

29. gr.

Fjárhæðir í reiknieiningum.

1. Útflutningsland skal ákveða fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli útflutningslands sem eru jafngildar fjárhæðum í reiknieiningum og tilkynna öðrum samningsríkjum um það. Ef fjárhæðirnar eru hærrí en samsvarandi fjárhæðir sem innflutningslandið ákveður, skal innflutningslandið samþykkja þær ef framleiðsluvörurnar eru færðar á vörureikning í gjaldmiðli útflutningslandsins eða í gjaldmiðli annars lands sem um getur í 4. gr. þessarar bókunar.

Ef vörurnar eru færðar á vörureikning í gjaldmiðli annars samningsríkis skal innflutningsríkið viðurkenna þá fjárhæð sem viðkomandi land gefur upp.

2. Til og með 30. apríl 2002 skulu fjárhæðir í hvaða innlenda gjaldmiðli sem er vera, í þeim gjaldmiðli, jafngildar fjárhæðum sem gefnar eru upp í reiknieiningum 1. október 1997.

Við lok hvers fimm ára tímabils skal sameiginlega nefndin endurskoða fjárhæðir sem gefnar eru upp í reiknieiningum og jafngildi þeirra í innlendum gjaldmiðlum samningsríkjanna, á grundvelli gengis reiknieininganna fyrsta virkan dag í október árið fyrir fimm ára tímabilið.

Sameiginlega nefndin skal við endurskoðunina tryggja að fjárhæðir í innlendum gjaldmiðlum lækki ekki og enn fremur skoða hvort æskilegt sé að viðhalda áhrifum viðkomandi takmarkana að raungildi. Hún getur hvað þetta varðar ákveðið að breyta fjárhæðum sem gefnar eru upp í reiknieiningum.

V. BÁLKUR**Fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.**

30. gr.

Skipti á stimplum og heimilisföngum.

Tollyfirvöld EFTA-ríkjanna og Marokkó, skulu fyrir milligöngu stjórnarskrifstofu EFTA láta hvert öðru í té sýnishorn af þrykki stimpla sem notaðir eru í tollstöðvum þeirra við útgáfu EUR.1-flutningsskírteina ásamt heimilisföngum tollyfirvalda sem bera ábyrgð á útgáfu EUR.1-flutningsskírteina og sannreyna skírteinin og yfirlýsingar á vörureikningi.

31. gr.

Sannprófun á EUR.1-flutningsskírteinum og yfirlýsingum á vörureikningi.

1. Sannprófun eftir á á EUR.1-flutningsskírteinum og yfirlýsingum á vörureikningi skal framkvæmd með slembiathugun eða hvenær sem tollyfirvöld í innflutningsríkinu hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.
2. Vegna framkvæmdar ákvæða 1. mgr. skulu tollyfirvöld innflutningsríkisins endursenda EUR.1-flutningsskírteinið, yfirlýsingu á vörureikningi, eða afrit af þessum skjölum til tollyfirvalda útflutningslandsins og tilgreina, þar sem það á við, efnislegar eða formlegar ástæður fyrir því að fyrirsprungin er gerð.
Til stuðnings beiðni um sannprófun skulu tollyfirvöld senda hvers konar nauðsynleg skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar í EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi séu rangar.
3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum í útflutningsríkinu. Þau mega vegna hennar biðja um hvers konar sannanir og framkvæma hverja þá skoðun á bókhaldi útflytjanda eða viðhafa annað eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.
4. Ef tollyfirvöld innflutningsríkisins ákveða að fresta fríðindameðferð á viðkomandi framleiðsluvöru á meðan beiðið er niðurstöðu sannprófunarinnar skulu þau afhenda

innflytjanda framleiðsluvörurnar með þeim varúðarráðstöfunum sem þau álíta nauðsynlegar.

5. Tilkynna skal þeim tolfyrvöldum sem fara fram á sannprófunina um niðurstöður hennar eigi síðar en eftir tíu mánuði. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort skjölin séu áreiðanleg og hvort telja megi að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunnar í samningsríki og hvort öðrum kröfum þessarar bókonar hafi verið fullnægt.
6. Ef ekkert svar berst innan tíu mánaða í vafatilvikum eða séu ekki veittar nægilegar upplýsingar í því til að ákvarða áreiðanleika skjalsins sem um ræðir eða raunverulegan uppruna framleiðsluvaranna skulu tolfyrvöldin sem lögðu beiðnina fram synja um fríðindameðferð, nema í undantekningartilvikum.

32. gr.

Lausn deilumála.

Komi upp deilumál í tengslum við reglur um sannprófun í 31. gr., sem tolfyrvöld er fóru fram á sannprófunina og tolfyrvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar geta ekki leyst, eða þau leiða til þess að vafi leiki á hvernig tálka beri þessa bókun skal vísa þeim til sameiginlegu nefndarinnar.

Lausn deilumála milli innflytjanda og tolfyrvalda í innflutningsríkinu falla í öllum tilvikum undir löggjöf þess ríkis.

33. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem gefur út eða veldur því að gefið er út skjal með röngum upplýsingum í því skyni að fá fríðindameðferð fyrir framleiðsluvörur skal sæta viðurlögum.

34. gr.

Tollfrjáls svæði.

1. EFTA-ríkin og Marokkó skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í stað vara, sem stunduð eru viðskipti með í skjóli EUR.1-flutningsskírteinis eða yfirlýsingar á vörureikningi og fluttar eru um tollfrjáls svæði á yfirráðasvæði þeirra, komi ekki aðrar vörur og að þær hljóti ekki aðra meðferð en þá sem eðlileg telst til að verja þær skemmdum.
2. Samkvæmt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. fyrir vörur, sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða Marokkó og fluttar inn á tollfrjálst svæði í skjóli EUR.1-flutningsskírteinis eða yfirlýsingar á vörureikningi og hljóta meðferð eða vinnslu, verða hlutaðeigandi yfirvöld að gefa út nýtt EUR.1-skírteini að beiðni útflytjanda ef meðferð eða vinnsla vörunnar er í samræmi við ákvæði þessarar bókonar.

VI. BÁLKUR

Lokaákvæði.

35. gr.

Undirnefnd um tolla og uppruna.

1. Setja skal á stofn undirnefnd um tolla og uppruna, í tengslum við sameiginlegu nefndina og í samræmi við ákvæði 5. mgr. 31. gr. þessa samnings og skal hún vera sameiginlegu nefndinni til aðstoðar við störf hennar og tryggja stöðug upplýsingaskipti og samráð milli sérfræðinga.
2. Í undirnefndinni skulu sitja sérfræðingar frá samningsríkjunum sem bera ábyrgð á málefnum er lúta að tollum og uppruna.

36. gr.
Viðaukar.

Viðaukar við þessa bókun eru óaðskiljanlegir hlutar hennar.

37. gr.
Samkomulag við Túnis.

Samningsaðilarnir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á samkomulagi við Túnis svo að unnt sé að beita þessari bókun. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hverjir öðrum um þær ráðstafanir sem eru gerðar í þessu skyni.

38. gr.
Vörur í umflutningi eða geymslu.

Heimilt er að beita ákvæðum þessa samnings gagnvart vörum sem samræmast ákvæðum þessarar bókunar og eru, á þeim degi sem samningurinn gengur í gildi, annaðhvort í umflutningi eða í EFTA-ríki eða Marokkó eða, að svo miklu leyti sem ákvæði 3. og 4. gr. eiga við, í tollvöruhegðingum um stundarsakir eða á tollfrjálsum svæðum í Túnis gegn því að tollýfirlitum innflutningsríkis verði send, innan fjögurra mánaða frá sama degi, EUR.1-flutningsskírteini, sem er áritað eftir á af þar til bærur yfirlitum í útflutningsríkinu, ásamt skjölum sem sýna að vörurnar voru fluttar beint.

I. VIÐAUKI VIÐ BÓKUN B
Skýringar.*Inngangur.*

Þessar skýringar skulu gilda eftir því sem við á um allar framleiðsluvörur sem framleiddar eru úr efnum sem ekki eru upprunaefni, jafnvel þótt þau falli ekki undir sérstök skilyrði sem fram koma í skránni í II. viðauka en í staðinn heyra undir regluna um flokkun undir annan vörulið sem greint er frá í 1. mgr. 6. gr.

Skýring nr. 1

- 1.1 Í fyrstu tveimur dálkum skrárinnar er framleiðsluvörurni lýst. Í fyrsta dálki er númer vöruliðar eða númer kafla sem notað er í samræmdu tollskránni og í öðrum dálki er vörulýsing sem notuð er í tollskránni fyrir þann vörulið eða kafla. Fyrir hvert atriði í fyrstu tveimur dálkunum er tilgreind regla í 3. og 4. dálki. Þegar orðið „úr“ fer á undan atriði í fyrsta dálki merkir það að reglan í 3. og 4. dálki gildir aðeins um hluta þess vöruliðar eða kafla eins og lýst er í 2. dálki.
- 1.2 Ef nokkrum vöruliðum er safnað saman í 1. dálki, eða númer kafla er tilgreint og vörulýsingin í 2. dálki því almennt orðuð, gilda viðkomandi reglur í 3. eða 4. dálki um allar framleiðsluvörur, sem samkvæmt samræmdu tollskránni eru flokkaðar undir vöruliði kaflans eða einhverja þá vöruliði sem safnað er saman í 1. dálki.

Skýring nr. 2

- 2.1 Ef vöruliður eða hluti vöruliðar er ekki í skránni gildir reglan um „flokkun undir annan vörulið“ sem greint er frá í 1. mgr. 7. gr. Ef skilyrðið fyrir „flokkun undir annan vörulið“ á við um atriði í skránni felst það í reglunni í 3. dálki.
- 2.2 Sú aðvinnsla sem regla í 3. dálki kveður á um á einungis við um efni sem notuð eru og eru ekki upprunaefni. Einnig gilda takmarkanir sem felast í reglu í 3. dálki einungis um efni sem notuð eru og eru ekki upprunaefni.

- 2.3 Þegar regla kveður á um að nota megi „efni í hvaða vörulið sem er“, má einnig nota efni úr sama vörulið og framleiðslan fellur undir, þó með þeim sérstöku takmörkunum sem kunna að felast í reglunni. Samt sem áður er með orðasambandinu „framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þ.á.m. öðrum efnum í nr. ...“ , átt við að eingöngu megi nota efni sem flokkast undir sama vörulið og framleiðsluvara með annarri vörulýsingu en framleiðsluvaran sem tilgreind er í 2. dálki í skránni.
- 2.4 Ef framleiðsluvara, framleidd úr efnum sem ekki eru upprunaefni en öðlast hafa upprunaréttindi við framleiðslu samkvæmt reglunni um flokkun undir annan vörulið eða þá reglu sem við hana stendur í skránni, er notuð sem efni við framleiðslu á annarri vöru gildir reglan, sem beitt verður um vöruna sem efnið er notað í, ekki um það.

Til dæmis:

Vél í nr. 8407, þar sem sú regla gildir að verðmæti þeirra efna sem teljast ekki upprunaefni og nota má við framleiðsluna megi ekki fara yfir 40% af verksmiðjuverði, telst vera gerð úr „öðru stálblendi gróflega formað með smíði“ í nr. 7224.

Hafi þetta smíðaefni verið unnið í viðkomandi landi úr málmhleifi (ingot), sem ekki telst upprunavara, hefur smíðin þegar öðlast upprunaréttindi samkvæmt reglunni um vörulið úr 7224 í skránni. Hún telst þá til upprunavöru við verðmætaútreikning vélarinnar án tillits til þess hvort það var framleitt í sömu verksmiðju eða annarri. Verðmæti málmhleifsins sem ekki telst upprunavara er ekki reiknað með þegar tekið er saman verðmæti þeirra efna sem notuð voru og ekki teljast upprunaefni.

- 2.5 Enda þótt reglunni um flokkun undir annan vörulið eða öðrum reglum í skránni sé fullnægt, telst framleiðsluvara ekki upprunavara ef aðvinnslan sem farið hefur fram er í heild ófullnægjandi í skilningi 7. gr.

Skýring nr. 3

- 3.1 Reglan í skránni felur í sér lágmarksaðvinnslu sem krafist er og frekari aðvinnsla veitir einnig upprunaréttindi; á hinn bóginn getur minni aðvinnsla ekki veitt upprunaréttindi. Ef regla kveður þannig á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota slík efni á fyrra framleiðslustig en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.
- 3.2 Þegar regla í skránni kveður á um að framleiða megi vöru úr fleiri en einu efni er átt við að nota megi eitt eða fleiri þessara efna. Ekki þarf að nota þau öll.

Til dæmis:

Reglan um dúk mælir fyrir um að nota megi náttúrulegar trefjar auk kemískra efna og annarra efna. Með þessu er ekki átt við að nota verði hvort tveggja; nota má annað hvort eða hvort tveggja.

Ef takmörkun gildir hins vegar um eitt efni og aðrar takmarkanir gilda um önnur efni samkvæmt sömu reglunni, gilda takmarkanirnar aðeins um þau efni sem í raun eru notuð.

Til dæmis:

Reglan um saumavélar kveður á um að bæði vélbúnaðurinn sem er notaður til þráð-strekkingar og síkksakk-vélbúnaðurinn verði að vera upprunavara. Þessar tvær takmarkanir gilda eingöngu ef viðkomandi vélbúnaður er í raun settur í saumavélina.

- 3.3 Þegar regla í skránni kveður á um að framleiðsluvara verði að vera framleidd úr sérstöku efni er skilyrðið því augljóslega ekki til hindrunar að notuð séu önnur efni sem geta ekki eðlis síns vegna uppfyllt skilyrði reglunnar.

Til dæmis:

Reglan um nr. 1904, sem útilokar sérstaklega að notað sé korn eða afleiður þess, hindrar ekki að notað sé salt, kemísk efni eða önnur viðbótarefni sem ekki eru framleidd úr korni.

Til dæmis:

Þegar framleiða á vöru úr vefleysu og eingöngu er heimiluð notkun garns sem ekki telst upprunavara fyrir þennan vörflokk, jafnvel þó að allajafna sé ekki hægt að framleiða vefleysu úr garni, er ekki hægt að hefja framleiðslu með efni úr vefleysu sem ekki telst upprunaefni. Í slíkum tilvikum myndi upphafsefnið allajafna vera á vinnslustiginu undan garni, þ.e. á trefjastigi.

Sjá einnig skýringar nr. 6.3 um textílefnin.

- 3.4 Ef regla í skránni tilgreinir tvær eða fleiri hundraðshlutareglur varðandi hámarksverðmæti efna sem teljast ekki upprunaefni og heimilt er að nota, má ekki leggja þessa hundraðshluta saman. Hámarksverðmæti allra þeirra efna sem ekki teljast upprunaefni má aldrei fara yfir hæsta hundraðshluta sem er tilgreindur. Enn fremur má ekki fara yfir tiltekinn hundraðshluta sem gildir fyrir einstök efni.

Skýring nr. 4

- 4.1 Orðin „náttúrulegar trefjar“ eru notuð í skránni til að vísa til trefja annarra en gervi- eða syntetískra þráða og eiga einungis við á þeim stigum framleiðslunnar áður en spunnid er og ná einnig til úrgangs og, nema annað sé tekið fram, orðin „náttúrulegar trefjar“ taka til trefja sem hafa verið kembdar eða greiddar eða öðruvísi unnar en ekki spunnar.
- 4.2 Orðin „náttúrulegar trefjar“ eiga einnig við um hrosshár í nr. 0503, silki í nr. 5002 og 5003 og auk þess ullartrefjar, fín- eða grófgert dýrahár í nr. 5101–5105, baðmullartrefjar í nr. 5201–5203 og aðrar jurtatrefjar í nr. 5301–5305.
- 4.3 Orðin „textílmassi“, „kemísk efni“ og „efni til pappírgerðar“ eru notuð í skránni til þess að lýsa efnunum sem flokkast ekki í 50.–63. kafla og nota má til framleiðslu á gervi-, syntetískum eða pappírstrefjum eða gervi-, syntetísku eða pappírgarni.
- 4.4 Orðin „tilbúnar stuttrefjar“ eru notuð í skránni til að vísa til syntetískra eða gervi-vöndulþátta, stuttrefja eða úrgangs í nr. 5501–5507.

Skýring nr. 5

- 5.1 Varðandi framleiðsluvörur sem flokkast undir þá vöruliði í skránni þar sem vísað er til þessarar almennu skýringar skulu skilyrði þau sem tilgreind eru í 3. dálki skrárinnar ekki gilda um grunntextílefnin sem notuð eru til framleiðslu þeirra og eru í heild 10% eða minna af heildarþyngd þeirra grunntextílefnna sem notuð eru, (sjá einnig skýringar nr. 5.3 og 5.4 hér á eftir).
- 5.2 Þetta frávik á hins vegar eingöngu við um blandaðar framleiðsluvörur gerðar úr tveim eða fleiri grunntextílefnunum.

Eftirfarandi teljast grunntextílefni:

- silki,
- ull,
- gróft dýrahár,
- fínt dýrahár,
- hrosshár,
- baðmull,
- efni til pappírsgerðar og pappír,
- hör,
- hreinn hampur,
- júta og aðrar basttextíltrefjar,
- sísal- og aðrar textíltrefjar af agavaætt,
- kókostrefjar, abaca, ramí og aðrar textíltrefjar úr jurtaríkinu,
- syntetískir þræðir,
- gervipræðir,
- syntetískar stuttrefjar og
- gervistuttrefjar.

Til dæmis:

Garn í nr. 5205, gert úr baðmullartrefjum í nr. 5203 og syntetískum stuttrefjum í nr. 5506, er blandað garn. Af því leiðir að nota má syntetískar stuttrefjar sem ekki fullnægja upprunareglum (og framleiða verður úr kemískum efnum eða textílmassa) og vega allt að 10% af þyngd garnsins.

Til dæmis:

Ullardúkur í nr. 5112, gerður úr ullargarni í nr. 5107 og syntetísku stuttrefjagarni í nr. 5509, er blandaður dúkur. Af því leiðir að nota má annaðhvort syntetískt garn (sem framleiða verður úr kemískum efnum eða textílmassa) eða ullargarn sem ekki telst upprunavara (og framleiða verður úr náttúrulegum trefjum, sem hafa hvorki verið kembdar eða greiddar eða á annan hátt unnar undir spuna) eða samsetningu þeirra sem fullnægir ekki upprunareglunum og vegur allt að 10% af þyngd dúksins.

Til dæmis:

Límbundinn textíldúkur í nr. 5802, gerður úr baðmullargarni í nr. 5205 og baðmullardúk í nr. 5210, er aðeins blönduð framleiðsluvara ef sjálfur baðmullardúkurinn sem notaður er, er blandaður dúkur gerður úr tveimur mismunandi grunntextílefnum eða sjálfstæðum baðmullargarnið, sem notað er, er blandað.

Til dæmis:

Ef límbundni textíldúkurinn hefði verið gerður úr baðmullargarni í nr. 5205 og syntetískum dúk í nr. 5407 hefðu augljóslega verið notuð tvö aðskilin grunntextílefni og límbundni textíldúkurinn er því blönduð framleiðsluvara.

Til dæmis:

Gólfteppi, gert úr gervigarni og úr baðmullargarni með undirlagi úr jútu, er blönduð framleiðsluvara þar sem þrjú grunntextílefni eru notuð. Þannig má nota hvers konar efni sem eru ekki upprunaefni og eru notuð á síðara framleiðslustigi en reglan gerir ráð fyrir, að því tilskildu að heildarþyngd þeirra samanlagt fari ekki yfir 10% af þyngd textílefna í teppinu. Þannig mætti flytja jútuundirlagið, gervigarnið og/eða baðmullargarnið inn á því framleiðslustigi, að því tilskildu að skilyrðunum um þyngd sé fullnægt.

- 5.3 Ef framleiðsluvara inniheldur „garn úr pólýúretani liðað með hreyfanlegum pólýeterliðum, einnig yfirspunnið“ er leyfilegt frávik 20% varðandi þetta garn.
- 5.4 Ef í framleiðsluvöru er ræma með kjarna úr álþynnum eða kjarna úr plastfilmu, einnig húðaðar með áldufti, ekki yfir 5 mm að breidd, lögð með lími milli tveggja plastfilma, er leyfilegt frávik 30% að því er varðar þessa ræmu.

Skýring nr. 6

- 6.1 Varðandi textílvörur, sem auðkenndar eru í skránni með neðanmálgrein sem vísar til þessarar skýringar, má nota textílefni, þó ekki fóður og millifóður, sem uppfylla ekki skilyrði reglunnar í 3. dálki skrárinnar fyrir hina tilbúnu vöru, að því tilskildu að þau séu flokkuð undir annan vörulið en framleiðsluvaran og að verðmæti þeirra fari ekki yfir 8% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.
- 6.2 Notkun efna sem eru ekki flokkuð undir 50.–63. kafla er engum takmörkunum háð, hvort sem þau innihalda textílefni eða ekki.

Til dæmis:

Ef regla í skránni kveður á um að í tiltekna textílvöru, til dæmis buxur, verði að nota garn kemur það ekki í veg fyrir að notaðar séu vörur úr málm, til dæmis tölur, þar sem þær flokkast ekki undir 50.–63. kafla. Af sömu ástæðu kemur hún ekki í veg fyrir notkun rennilása jafnvel þótt í þeim séu allajafna textílefni.

- 6.3 Þegar hundradshlutaregla gildir skal telja með verðmæti legginga og fylgihluta þegar reiknað eru út verðmæti þeirra efna sem ekki eru upprunaefni og notuð eru til framleiðslunnar.

Skýring 7

- 7.1 Að því er varðar nr. úr 2707, 2713–2715, úr 2901, úr 2902 og úr 3403, telst eftirfarandi vera „sérstök vinnsla“:
 - a) eiming við lágþrýsting;
 - b) endureiming með mjög ítarlegu þáttunarferli;
 - c) sundrun;
 - d) umbreyting;
 - e) útdráttur með sérhæfðum leysiefnum;
 - f) vinnsla sem felur í sér allar eftirtaldar aðgerðir: vinnsla með óblandaðri brennisteinssýru; oleum eða brennisteinsanhýdríði; hlutleysing með alkaliefnum; aflitun og hreinsun með náttúrulega virkum jarðefnum, ávirkum jarðefnum; ávirkum viðarkolum eða bákítí;
 - g) fjöllíðun;
 - h) alkylun;
 - i) hverfing.

- 7.2 Að því er varðar nr. 2710, 2711 og 2712, telst eftirfarandi vera „sérstök vinnsla“:
- a) eiming við lágþrýsting;
 - b) endureiming með mjög ítarlegu þáttunarferli¹⁾;
 - c) sundrun;
 - d) umbreyting;
 - e) útdráttur með sérhæfðum leysiefnum;
 - f) vinnsla sem felur í sér allar eftirtaldar aðgerðir: vinnsla með óblandaðri brennisteinsýru; oleum eða brennisteinsanhýdríði; hlutleysing með alkaliefnum; aflitun og hreinsun með náttúrulega virkum jarðefnum, ávirkum jarðefnum; ávirkum viðarkolum eða bákíti;
 - g) fjölliðun;
 - h) alkylun;
 - ij) hverfing;
 - k) (að því er varðar þykkan olíur sem falla einungis undir nr. úr 2710) hreinsun brennisteins með vatnsefnum er leiðir til að minnsta kosti 85% minnkunar á brennisteinsinnihaldi framleiðsluvara sem eru unnar með þessum hætti (ASTM D 1266-59 T-aðferðinni);
 - l) (að því er varðar framleiðsluvörur sem falla einungis undir nr. 2710) hreinsun paraffíns með annarri vinnsluaðferð en síun;
 - m) (að því er varðar þykkan olíur sem falla einungis undir nr. úr 2710) meðferð með vatnsefnum við meira en 20 bara þrýsting og hærra hitastig en 250°C með notkun hvata, til annars en að hreinsa brennistein, þegar vatnsefni er virkur þáttur í kemísku efnahvarfi. Þó telst frekari meðferð smurolíu með vatnsefnum í nr. úr 2710 (svo sem lokavinnsla með vatnsefnum eða aflitun), einkum til að bæta lit eða stöðugleika, ekki vera sérstök vinnsla;
 - n) (að því er varðar brennsluolíur sem falla einungis undir nr. úr 2710) eiming við venjulegan loftþrýsting með því skilyrði að minna en 30% af þessum framleiðsluvörum, miðað við rúmmál og að meðtöldu tapi, eimast við 300°C með ASTM D-86-aðferðinni;
 - o) (að því er varðar þykkan olíur aðrar en gasolíur og brennsluolíur sem falla einungis undir nr. úr 2710) meðferð með hátíðnirafhleðslu.
- 7.3 Að því er varðar nr. úr 2707, 2713–2715, úr 2901, úr 2902 og úr 3403 veita einfaldar aðgerðir, svo sem hreinsun, afhelling, fjarlæging salts, sundurgreining vatns, síun, litun, markaðssetning þar sem brennisteinsinnihald fæst með blöndun framleiðsluvara með misjafnlega miklu brennisteinsinnihaldi, hvers konar samsetning þessara aðgerða eða álíka aðgerðir, ekki upprunaréttindi.

II. VIÐAUKI VIÐ BÓKUN B

**Skrá yfir tilskilda aðvinnslu
efna sem ekki teljast upprunaefni
til að framleiðsluvaran öðlist upprunaréttindi.**

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi	
(1)	(2)	(3)	eða (4)
0201	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, öðrum en kjöti af dýrum af nautgripakyni, frystu, í nr. 0202	
0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, öðrum en kjöti af dýrum af nautgripakyni, nýju eða kældu, í nr. 0201	
0206	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlósnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, öðrum en skrokkum í nr. 0201 til 0205	
0210	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjól, einnig fín malað, úr kjöti eða hlutum af dýrum	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, öðrum en kjöti og ætum hlutum í nr. 0201 til 0206 og 0208 eða lifur úr alifuglum í nr. 0207	
0302 til 0305	Fiskur, annar en lifandi fiskur	Framleiðsla úr efnunum í 3. kafla sem verða að vera fengin að öllu leyti	
0402, 0404-0406	Mjólkurafurðir	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, öðrum en mjólk eða rjóma í nr. 0401 eða 0402	

ST-númer (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi (3) eða (4)	
0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói	Framleiðsla: – úr efnunum í 4. kafla sem verða að vera fengin að öllu leyti – úr hvers konar ávaxtasafa (þó ekki ananas-, sítrus- eða greipaldinsafa) í nr. 2009 sem verður þegar að vera upprunavara, og – úr efnunum í 17. kafla sem að verðmæti í heild eru ekki yfir 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar	
0408	Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, öðrum en fuglseggjum í nr. 0407	
úr 0502	Burstir eða hár af grísum, alisvínum eða villisvínum	Hreinsun, sótthreinsun, flokkun og sléttun bursta og hára	
úr 0506	Bein og hornsló, óunnið	Framleiðsla úr efnunum í 3. kafla sem verða að vera fengin að öllu leyti	
úr 0710 til úr 0713	Matjurtir, frystar eða þurrkaðar, varðar skemmdum til bráðabirgða nema nr. úr 0710 og úr 0711, sem gefnar eru reglur um hér á eftir	Framleiðsla úr jurtaefnum sem verða að vera fengin að öllu leyti	
úr 0710	Sykurmaís (ósoðinn eða soðinn með gufu eða í vatni), frystur	Framleiðsla úr ferskum eða kældum sykurmaís	
úr 0711	Sykurmaís, varinn skemmdum til bráðabirgða	Framleiðsla úr ferskum eða kældum sykurmaís	

ST-númer (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi (3) eða (4)	
0811	<p>Ávextir og hnetur, ósoðið eða soðið í gufu eða vatni, fryst, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni</p> <p>– með viðbættum sykri</p> <p>– annað</p>	<p>Framleiðsla úr efnum í 17. kafla sem að verðmæti í heild eru ekki yfir 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>	<p>Framleiðsla úr ávöxtum og hnetum sem verða að vera fengin að öllu leyti</p>
0812	<p>Ávextir og hnetur, varið skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíldisgasi, saltlegi, brennisteinssýrtingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis</p>	<p>Framleiðsla úr ávöxtum og hnetum sem verða að vera fengin að öllu leyti</p>	
0813	<p>Ávextir, þurrkaðir, aðrir en í nr. 0801-0806; blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum í þessum kafla</p>	<p>Framleiðsla úr ávöxtum og hnetum sem verða að vera fengin að öllu leyti</p>	
0814	<p>Hýði af sítrusávöxtum eða melónum (þar með talið af vatnsmelónum), nýtt, fryst, þurrkað eða varið skemmdum til bráðabirgða með saltlegi, brennisteinssýrtingi eða öðrum verndandi upplausnum</p>	<p>Framleiðsla úr ávöxtum og hnetum sem verða að vera fengin að öllu leyti</p>	

ST-númer (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi (3) eða (4)	
úr 11. kafla	Malaðar vörur; malt; sterkja; inúlín; hveitiglúten, nema nr. úr 1106, sem gefnar eru reglur um hér á eftir	Framleiðsla úr korni, ætum matjurtum, rótum og hnýðum í nr. 0714 eða ávöxtum sem verða að vera fengin að öllu leyti	
úr 1106	Mjöl, fín- eða grófmalað, og duft úr þurrkuðum belgávöxtum í nr. 0713	Þurrkun og mölun belgávaxta í nr. 0708	
1301	Kvoðulakk; náttúrlegar gúm-kvoður; resín, gúmmíharpixar og oleóresín (t. d. balsöm)	Framleiðsla úr efnum í nr. 1301 sem að verðmæti í heild eru ekki yfir 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar	
1501	Svínafeiti (þar með talin hreinsuð svínafeiti (Lard)) og alifuglafeiti – Beinafeiti og úrgangsefnafeiti – Annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, öðrum en nr. 0203, 0206 eða 0207 eða beinum í nr. 0506 Framleiðsla úr kjöti og ætum hlutum af svínum í nr. 0203 eða 0206 eða kjöti og ætum hlutum af alifuglum í nr. 0207	

ST-númer (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi (3) eða (4)	
1502	<p>Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum</p> <p>– Beinafeiti og úrgangsefnafeiti</p> <p>– Annað</p>	<p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, öðrum en nr. 0201, 0202, 0204 eða 0206 eða beinum í nr. 0506</p> <p>Framleiðsla úr efnum í 2. kafla sem verða að vera fengin að öllu leyti</p>	
1504	<p>Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsuð en ekki efnafræðilega umbreytt</p> <p>– Fastir þættir úr fiskalýsi og feiti og lýsi úr sjávarspendýrum</p> <p>– Annað</p>	<p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, einnig öðrum efnum í nr. 1504</p> <p>Framleiðsla úr efnum í 2. og 3. kafla sem verða að vera fengin að öllu leyti</p>	
úr 1505	Hreinsað lanólín	Framleiðsla úr hrárrí ullarfeiti í nr. 1505	

ST-númer (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi (3) eða (4)	
1506	Önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt – Fastir þættir – Annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, einnig öðrum efnum í nr. 1506 Framleiðsla úr efnum í 2. kafla sem verða að vera fengin að öllu leyti	
úr 1507-1515	Föst jurtaolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt – Fastir þættir, nema úr jójóbaolíu – Annað, nema – Tungolía; myrtuvax og Japansvax – Olía til tækni- og iðnaðarnota annarra en matvælaframleiðslu og manneldis	Framleiðsla úr öðrum efnum í nr. 1507-1515 Framleiðsla úr jurtaefnum sem verða að vera fengin að öllu leyti	
Stjórnin má ráðstafa tekjum og eignum stofnunarinnar, öðrum en óskerðanlegum höfuðstól, til Vesturfarasetursins og til málefna sem tengjast megintilgangi stofnunarinnar, sbr. 5. gr.

Fasteignir stofnunarinnar má eigi selja eða veðsetja, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

12. gr.

Breyting á skipulagsskrá.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef tveir af þremur stjórnarmönnum ákveða það.

13. gr.

Slit stofnunarinnar.

Stofnuninni verður slitið ef tveir stjórnarmenn ákveða það. Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir slitum.

Eignir hennar skulu þá renna til Minningarsjóðs Vesturfara, sem og nafn sjálfseignarstofnunarinnar.

14. gr.

Reikningar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn.

15. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

16. gr.

Breyting á formi.

Meirihluti stjórnar stofnunarinnar getur ákveðið að breyta formi hennar þannig að sjálfseignarstofnuninni sé heimilt að stunda rekstur samkvæmt lögum nr. 33/1999, og gera nauðsynlegar breytingar á stofnskrá þessari svo hún uppfylli ákvæði þeirra laga.

17. gr.

Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. nóvember 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breytingu á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR

um breytingu á starfsreglum um skipan sókna,
prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Seinni mgr. 1. gr. starfsreglnanna orðist svo:
Sóknir landsins eru tilgreindar í 12. gr. starfsreglna þessara.

2. gr.

Við starfsreglurnar bætist nýtt ákvæði 12. gr. svohljóðandi:
Skipan prófastsdæma, prestakalla, sókna og prestssetra skal vera sem hér segir:

Múlaprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Skeggjastaðaprestakall	Skeggjastaðasókn	Skeggjastaðir
Hofsprestakall	Vopnafjarðar- og Hofssóknir	Hof
Valþjófsstaðarprestakall	Valþjófsstaðar-, Áss-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir	Valþjófsstaður
Vallanessprestakall	Egilsstaða-, Vallaness- og Þingmúlasóknir	Egilsstaðir
Eiðaprestakall	Bakkagerðis-, Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir	Eiðar
Seyðisfjarðarprestakall	Seyðisfjarðarsókn	Seyðisfjörður

Austfjarðaprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Norðfjarðarprestakall	Norðfjarðar- og Brekkusóknir	Neskaupstaður
Eskifjarðarprestakall	Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir	Eskifjörður
Kolfreyjustaðarprestakall	Kolfreyjustaðarsókn	Kolfreyjustaður
Heydalaprestakall	Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir	Heydalir
Djúpavogsprestakall	Beruness-, Djúpavogs-, Berufjarðar og Hofssóknir	Djúpivogur

Skaftafellsprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Bjarnanessprestakall	Bjarnaness-, Stafafells- og Hafnarsóknir	Höfn
Kálfafellsstaðarprestakall	Brunnhóls-, Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir	Kálfafellsstaður
Kirkjubæjarklaustursprestakall	Prestsbakkasókn	Kirkjubæjarklaustur
Ásaprestakall	Langholts-, Grafar- og Þykkvabæjarsóknir	Ásar
Víkuprestakall	Víkur-, Reynis- og Skeiðflataróknir	Vík í Mýrdal

Rangárvallaprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Holtsprestakall	Eyvindarhóla-, Ásólfsskála-, Stóradals-, Akureyjar- og Krosssóknir	Holt
Breiðabólstaðarprestakall	Hlíðarenda-, Breiðabólstaðar- og Stórólfsheimsóknir	Breiðabólstaður
Oddaprestakall	Odda-, Keldna- og Þykkvabæjarsóknir	Oddi
Fellsmúlaprestakall	Árbæjar-, Kálfhólts-, Haga-, Marteinstungu- og Skarðssóknir	Fellsmúli

Árnesprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Hrunaprestakall	Hruna- og Hrepphólasóknir	Hruni
Stóranúpsprestakall	Stóranúps- og Ólafsvallasóknir	Tröð
Hraungerðisprestakall	Hraungerðis-, Villingahólts- og Laugardælasóknir	Hraungerði
Skálholtsprestakall	Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir	Skálholt
Mosfellsprestakall	Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlfjótssvatnssóknir	Mosfell
Selfossprestakall	Selfossókn	Selfoss
Eyrarbakkaprestakall	Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir	Eyrarbakki
Hveragerðisprestakall	Hveragerðis- og Kotstrandarsóknir	Hveragerði
Þorlákshafnarprestakall	Hjalla- og Strandarsóknir	Þorlákshöfn
Þingvallaprestakall	Þingvallasókn	Þingvellir

Kjalarnesprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Grindavíkurprestakall	Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir	Grindavík
Útskálaprestakall	Útskála- og Hvalsnessóknir	Útskálar
Keflavíkurprestakall	Keflavíkursókn	
Njarðvíkurprestakall	Njarðvíkur- og Ytri-Njarðvíkursóknir	
Garðaprestakall	Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir	
Hafnarfjarðarprestakall	Hafnarfjarðarsókn	
Víðistaðaprestakall	Víðistaðasókn	
Mosfellsprestakall	Lágafellssókn	Mosfell
Reynivallaprestakall	Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir	Reynivellir
Vestmannaeyjaprestakall	Ofanleitissókn	Vestmannaeyjar

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Prestakall	Sóknir
Árbæjarprestakall	Árbæjarsókn
Breiðholtsprestakall	Breiðholtssókn
Digranessprestakall	Digranesssókn
Fellaprestakall	Fellasókn
Grafarvogsprestakall	Grafarvogssókn
Hjallaprestakall	Hjallasókn
Hólabrekkuprestakall	Hólabrekkusókn
Kársnessprestakall	Kársnesssókn
Seljaprestakall	Seljasókn

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Prestakall	Sóknir
Ássprestakall	Ásssókn
Bústaðaprestakall	Bústaðasókn
Dómkirkjuprestakall	Dómkirkjusókn
Grensássprestakall	Grensásssókn
Hallgrímusprestakall	Hallgrímssókn
Háteigsprestakall	Háteigssókn
Langholtsprestakall	Langholtssókn
Laugarnessprestakall	Laugarnesssókn
Nessprestakall	Nessókn
Seltjarnarnessprestakall	Seltjarnarnesssókn

Borgarfjarðarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Saurbæjarprestakall	Saurbæjar-, Innrahólms- og Leirársóknir	Saurbær
Garðaprestakall á Akranesi	Akranesssókn	Akranes
Hvanneyrarprestakall	Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir	Staðarhóll
Reykholtsprestakall	Reykholt-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir	Reykholt
Stafholtsprestakall	Stafholt-, Norðtungu- og Hvammssóknir	Stafholt
Borgarprestakall	Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir	Borg

Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Staðastaðarprestakall	Búða-, Staðastaðar-, Staðarhrauns-, Fáskrúðarbakka - og Kolbeinsstaðasóknir	Staðastaður

Ingjaldshólsprestakall	Hellna- og Ingjaldshólssóknir	Hellissandur
Ólafsvíkurstakall	Ólafsvíkursókn	Ólafsvík
Setbergsprestakall	Setbergssókn	Grundarfjörður
Stykkishólmsprestakall	Bjarnarhafnar-, Helgafells-, Stykkishólms-, Narfeyrar- og Breiðabólstaðarsóknir	Stykkishólmur
Hjarðarholtsprestakall	Snóksdals-, Kvinnabrekku-, Stóra-Vatnshorns- og Hjarðarholtssóknir	Búðardalur
Hvammsprestakall	Hvams-, Staðarfells-, Dagverðarness-, Skarðs- og Staðarhólssóknir	Hvoll

Barðastrandarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Reykhólaprestakall	Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals- og Flateyjarsóknir	Reykhólar
Patreksfjarðarprestakall	Patreksfjarðar-, Sauðlauksdals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjarsóknir	Patreksfjörður
Tálknafjarðarprestakall	Stóra-Laugardals-, Haga- og Brjánslækjarsóknir	Tálknafjörður
Bíldudalsprestakall	Bíldudalssókn	Bíldudalur

Ísafjarðarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Þingeyrarprestakall	Hrafnseyrar-, Þingeyrar-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir	Þingeyri
Holtsprestakall	Kirkjuból-, Holts- og Flateyarsóknir	Holt
Staðarprestakall	Staðar-, Súðavíkur-, Vatnsfjarðar-, Ögur- Melgraseyrar- og Nauteyarsóknir	Suðureyri
Bolungarvíkurprestakall	Hólssókn	Bolungarvík
Ísafjarðarprestakall	Hnífsdals-, Ísafjarðar- og Unaðsdalssóknir	Ísafjörður

Húnavatnsprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Árnessprestakall	Árnesssókn	Árnes
Hólmavíkurstakall	Kaldrananness-, Drangsness-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir	Hólmavík
Prestbakkaprestakall	Prestbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir	Prestbakk
Melstaðarprestakall	Staðarbakka-, Melstaðar- og Víðidalstungusóknir	Melstaður
Breiðabólstaðarprestakall	Hvammstanga-, Tjarnar-, Vesturhópshóla- og Breiðabólstaðarsóknir	Hvammstangi
Þingeyraklaustursprestakall	Blönduóss-, Þingeyra-, og Undirfellssóknir	Blönduós
Bólstaðarhlíðarprestakall	Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Holtastaða-, Svínavatns- og Auðkúlusóknir	Bólstaður
Skagastrandarprestakall	Höskuldastaða-, Höfða- og Hofssóknir	Skagaströnd

Skagafjarðarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Sauðárkróksprestakall	Sauðárkróks-, Hvams- og Ketusóknir	Sauðárkrókur
Glaumbæjarprestakall	Reynistaðar-, Glaumbæjar- og Víðimýrarsóknir	Glaumbær
Mælifellsprestakall	Mælifells-, Goðdala-, Ábæjar- og Reykjasóknir	Mælifell
Miklabæjarprestakall	Silfrastaða-, Miklabæjar-, Flugumýrar- og Hofsstadasóknir	Miklibær

Hólaprestakall	Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir	Hólar
Hofsósprestakall	Hofsóss-, Hofs-, Fells- og Barðssóknir	Hofsós
Siglufjarðarprestakall	Siglufjarðarsókn	Siglufjörður

Eyjafjarðarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Ólafsfjarðarprestakall	Ólafsfjarðarsókn	Ólafsfjörður
Dalvíkurprestakall	Upsa-, Tjarnar-, Urða- og Vallasóknir	Dalvík
Hríseyjarprestakall	Hríseyjar- og Stærta-Árskógssóknir	Hrísey
Möðruvallaprestakall	Möðruvalla-, Bakka-, Bægisár- og Glæsibæjarsóknir	Möðruvellir
Glerárprestakall	Lögmanshlíðarsókn	
Akureyrarprestakall	Akureyrar- og Miðgarðasóknir	
Laugalandsprestakall	Grundar-, Saurbæjar-, Hóla-, Möðruvalla-, Munkaþverár- og Kaupangssóknir	Syðra-Laugaland

Þingeyjarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Laufássprestakall	Svalbarðs-, Laufáss- og Grenivíkursóknir	Laufás
Ljósavatnsprestakall	Háls-, Ljósavatns-, Lundarbrekku- og Þóroddsstaðarsóknir	Háls
Skútustaðaprestakall	Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir	Skútustaðir
Grenjaðarstaðarprestakall	Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarstaða- og Nessóknir	Grenjaðarstaður
Húsavíkurprestakall	Húsavíkursókn	Húsavík
Skinnastaðarprestakall	Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir	Skinnastaður
Raufarhafnarprestakall	Raufarhafnarsókn	Raufarhöfn
Þórshafnarprestakall	Sauðanes- og Svalbarðssóknir	Þórshöfn

3. gr.

Við bætist ný 13. gr., sem orðist svo:

Þrjú syðstu bæirnir í Bæjarhreppi á Ströndum, Valdasteinsstaðir, Fjarðarhorn og Markhöfði, sem tilheyrt hafa Staðarsókn, tilheyra eftirleiðis Prestbakkasókn og færast sóknarmörk milli sóknanna til, samkvæmt því.

4. gr.

12. gr. starfsreglna nr. 731/1998 verði 14. gr.

5. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Melgraseyrar- og Nauteyrarsóknir tilheyra Staðarprestakalli uns ákvörðun hefur verið tekin um skipan umdæma vígslubiskupa, sbr. 3. mgr. 18. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjubings um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa.

„STARFSREGLUR
um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa.

I. KAFLI

Rekstrar- og aksturskostnaður.

1. gr.

Til árlegs rekstrarkostnaðar prestsembættis greiðast kr. 358 þúsund.

2. gr.

Til árlegs rekstrarkostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar rekstrarkostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 90 þúsund og vegna presta erlendis kr. 340 þúsund.

3. gr.

Til árlegs aksturskostnaðar hvers embættis eru greiddar kr. 192 þúsund. Til viðbótar þessari upphæð eru greiddar árlega kr. 192 þúsund vegna aksturs prófasta og presta erlendis og kr. 120 þúsund til sérþjónustupresta sem þjóna öllu landinu.

4. gr.

Rekstrarkostnaður prests- og prófastsembætta greiðist að hálfu vegna aukþjónustu og veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

5. gr.

Greiðslur vegna 1., 2. og 3. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.

II. KAFLI

Annar rekstrarkostnaður.

6. gr.

Biskupsstofa leggur prestum til hempu á hverjum 10 árum. Heimilt er þó að endurnýja hempu í fyrsta sinn eftir 5 ár.

7. gr.

Biskupsstofa greiðir eðlilegan kostnað vegna búferlaflutninga.

8. gr.

Biskupsstofa greiðir í rekstrar- og aksturskostnað samkvæmt reikningi og akstursdagbók allt að kr. 250 þúsund á ári til presta sem taka við þjónustu við sameiningu prestakalla og prófastsdæma.

9. gr.

Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar er til viðbótar öðrum greiðslum í starfsreglum þessum.

10. gr.

Biskupsstofa stendur skil á tryggingargjaldi vegna greiðslna fyrir akstur og embættis-klæði samkvæmt 3., 6. og 8. gr.

11. gr.

Fjárhæðir í starfsreglum þessum breytast í samræmi við ákvæði 3. gr. samnings ríkis og kirkju frá 4. september 1998, um rekstrarkostnað o.fl. vegna prestsembætta og prófasta.

III. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36/1931, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 141/1998, svo og heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2000. Jafnframt falla brott frá sama tíma starfsreglur um embættiskostnað sóknarpresta nr. 816/1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Biskupsstofa skal segja upp öllum gildandi aksturssamningum við presta þannig að uppsögn taki gildi frá og með 1. janúar árið 2000.

Fyrir árslok 1999 skal greiða vegna stofnkostnaðar skrifstofubúnaðar kr. 87.000 til sérhvers hinna 138 prestsembætta.

Greiðslur fyrir afnot skrifstofuhúsnæðis í rekstrarkostnaði prestsembættis greiðist því aðeins að haldsbréf hafi verið undirritað.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

1. gr.

2. ml. 1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Sóknarnefndarmenn í 4.-9. kjördæmi hverju fyrir sig kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og tvo til vara.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Heimilt er kjörstjórn að láta kjörskrá liggja frammi á fleiri stöðum svo og að birta hana á svæði þjóðkirkjunnar á Netinu.

3. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Kjörgögnum presta skal fylgja kjörskrá presta í hlutaðeigandi kjördæmi.

4. gr.

11. gr. orðist svo:

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar er skipuð þremur mönnum og þremur til vara, til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera löglærður sem og varamaður hans. Kosning til yfirkjörstjórnar fer fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kjör kirkjuþings.

5. gr.

5. mgr. 17. gr. orðist svo:

Forseti ber ábyrgð á rekstri kirkjuþings og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Honum ber að sjá til þess að rekstur sé innan samþykkttra fjárheimilda. Forseti hefur starfsaðstöðu á biskupsstofu og nýtur aðstoðar starfsmanns þar, sem sinnir erindum forseta sérstaklega. Hann fylgir eftir samþykktum kirkjuþings gagnvart kirkjuráði sbr. 27. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og hefur sér til samráðs varaforseta og formenn löggjafarnefndar, fjárhagsnefndar og allsherjarnefndar þingsins. Forseti nýtur launa samkvæmt ákvörðun þóknanaefndar.

6. gr.

5. tl. 18. gr. fellur niður.

7. gr.

Við 19. gr. komi ný 1. málsg. svohljóðandi:

Þingmál skulu að jafnaði berast forseta eigi síðar en hálfum mánuði fyrir þingbyrjun og sendast þingmönnum þegar í stað.

8. gr.

6. tl. 35. gr. orðist svo:

Þóknananefnd kirkjunnar. Kirkjuráð tilnefnir tvo en kirkjuþing tilnefnir einn sem er formaður. Nefndin ákveður þóknun fyrir þau störf á vegum kirkjunnar sem ekki er ákveðin af öðrum aðilum.

9. gr.

39. gr. orðist svo:

Kirkjuþingsmenn og aðrir sem seturétt eiga á kirkjuþingi fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem þingið situr.

Ef varamaður er kvaddur til skal hann fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem hann situr þingið, en greiðsla til aðalmanns fellur brott sama tíma.

Þóknananefnd ákveður laun kirkjuþingsfulltrúa.

Kirkjuþingsmenn sem eiga lengri leið á kirkjuþing en 50 km frá heimili fá greiddan akstur fram og til baka eða flugfargjald og leigubílakostnað eftir því hvor ferðamátinn er hagkvæmari. Þóknananefnd sker úr ágreiningi sem kann að koma upp um þetta efni.

Dagpeningar skulu greiddir starfsdaga kirkjuþings að viðbættum einum degi samkvæmt reglum ríkisins um dagpeningagreiðslur.

Kirkjuþingsmenn sem ekki fá greidda dagpeninga fá greitt fyrir akstur umfram 100 km eftir framlögðum reikningi og fæði á þingstað starfsdaga þingsins.

10. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 6. gr. þessara starfsreglna um þingfararkaup skulu einnig gilda fyrir þetta þing, enda falli kosning þingfararkaupsnefndar niður á þessu þingi.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Við ráðstöfun fjármagns sóknarinnar til skamms eða langs tíma skal ávallt gæta þess að fjárskuldbindingar vegna ýmissa framkvæmda komi sem minnst niður á almennu kirkjustarfi.

Eigi að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir eins og smíði nýrrar kirkju eða safnaðarheimilis skal sóknarnefnd greina kirkjuráði skriflega frá áformum sínum um framkvæmdir og fjármögnun.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Verði svo miklir fjárhagsörðugleikar í sókn að til vandræða horfi í fjármálum ber að boða til safnaðarfundar þar sem sóknarnefnd gerir söfnuði grein fyrir stöðu mála. Á þennan fund skal boða prófast. Ef hann að fengnum upplýsingum og að lokinni umfjöllun fundarmanna telur ástæðu til að styrkja fjármálastjórn safnaðarins hefur hann heimild til að velja tvo fulltrúa, sem starfi með fulltrúa kirkjuráðs, og skulu þeir starfa með sóknarnefndinni á meðan verið er að koma málum í réttan farveg.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 55. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um leikmannastefnu.

„STARFSREGLUR um leikmannastefnu.

1. gr.

Biskup Íslands boðar til leikmannastefnu í samráði við forseta kirkjuþings. Það ár, sem boðað er til leikmannastefnu skal hún að jafnaði haldin í marsmánuði.

2. gr.

Tilgangur leikmannastefnu er að efla þátttöku óvígðra manna í starfi kirkjunnar og efla kynni þeirra sín á milli.

Leikmannastefna fjallar um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda, svo og um önnur mál er lúta að þjónustu kirkjunnar við söfnuði landsins og kristileg félagasamtök.

Leikmannastefna skal vera vettvangur almennra skoðanaskipta milli fulltrúa á stefnunni, milli kirkjuþings- og kirkjuráðsmanna annars vegar og annarra fulltrúa hins vegar, svo og fyrir kirkjuþingsmenn úr röðum leikmanna.

3. gr.

Fullgildir fulltrúar á leikmannastefnu eru eftirtaldir:

1. Biskup Íslands eða fulltrúi hans.
2. Forseti kirkjuþings eða fulltrúi hans.
3. Tveir fulltrúar fyrir hvert prófastsdæmi, sem kjörnir eru á héraðsfundum til fjögurra ára í senn.
4. Einn fulltrúi frá hverjum samtökum/félögum, sem starfa á landsvísu innan þjóðkirkjunnar og viðurkennd hafa verið af leikmannaráði til þátttöku í leikmannastefnu.
5. Leikmenn á kirkjuþingi.
6. Leikmenn í kirkjuráði.
7. Aðrir þeir sem biskup tilnefnir hverju sinni.

4. gr.

Fulltrúar leikmannastefnu kjósa leikmannaráð úr hópi leikmanna. Leikmannaráð er skipað þremur mönnum og jafnmörgum til vara og skulu þeir skipta með sér verkum. Leikmannaráð sér um undirbúning og framkvæmd leikmannastefnu í samráði við biskup Íslands og forseta kirkjuþings og er í fyrirsvari fyrir leikmannastefnu milli stefna.

5. gr.

Leikmannastefna setur á grundvelli þessara starfsreglna, samþykktir um viðfangsefni, stjórn, skipulag og fjármál leikmannastefnu og leikmannaráðs svo og þingsköp stefnunnar.

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 58. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leikmannastefna skal haldin næst árið 2001. Kosið skal til leikmannaráðs á þeirri leikmannastefnu sem fyrst verður haldin eftir kjör til kirkjuþings árið 2002 og heldur núverandi leikmannaráð umboði sínu til þess tíma. Sama gildir um kjörna endurskoðendur.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um organista.

„STARFSREGLUR
um organista.

Skilgreiningar.

1. gr.

Organisti nefnist hver sá sem leikur á orgel og stýrir söng í kirkju. Kirkjuorganisti nefnist hver sá sem lokið hefur námi sem viðurkennt er af Tónskóla þjóðkirkjunnar og gegnir starfi organista hjá söfnuði sbr. 6. gr. og er óheimilt að nota það starfsheiti um aðra. Ákvæði starfsreglna þessara gilda jafnt um organista og kirkjuorganista.

Verksvið organista.

2. gr.

Verksvið organista skal vera sem hér segir:

1. Að leiða söng safnaðarins í helgihaldinu.
 2. Leika á hljóðfæri við guðsþjónustur og aðrar athafnir.
 3. Sjá um forsöng, hljóðfæraleik og kórstjórn við kirkjulegar athafnir sé eftir því leitað af sóknarbörnum.
 4. Sjá um þjálfun kirkjukórs og annarra kóra við kirkjuna í samráði við sóknarprest og sóknarnefnd.
 5. Veita leiðsögn og fræðslu, til dæmis fermingarbörnum, um tónlist í helgihaldi í samráði við sóknarprest.
 6. Önnur verkefni á sviði tónlistar sem áskilin eru af sóknarnefnd.
- Verksvið organista skal nánar skilgreint í erindisbréfi, sem sóknarnefnd setur organista, sbr. 7. gr.

Skyldur organista í starfi.

3. gr.

Organisti lýtur forystu prests í helgihaldi og hefur samráð við prest við val á tónlist í helgihaldi eftir því sem við á eða óskað er eftir.

Organisti skal í starfi sínu virða hefðir og stefnu kirkjunnar í tónlistarmálum sem og helgi kirkjuhússins.

Organista er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum vinnuveitanda eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Organista er skylt að sitja fundi sem sóknarnefnd eða sérnefndir á vegum safnaðar boða hann til, enda varði fundarefni verksvið hans. Hann skal taka þátt í samstarfi organista og kirkjukóra innan prófastsdæmisins.

Organista ber að gera starfsáætlun fyrir hvert starfsár eða starfstímabil í samræmi við starfs- og rekstraráætlun sóknar og starfsáætlun sóknarprest og prests. Organista ber einnig að taka þátt í gerð starfs- og rekstraráætlunar sóknar og sóknarprests.

Organisti getur eigi stofnað til fjárútláta nema á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar sóknar og með samþykki sóknarnefndar.

Organista ber að gæta þess, eins og kostur er og aðstæður leyfa, að viðunandi aðstaða og búnaður sé til staðar og að hann sé jafnan í góðu ásigkomulagi og við hæfi. Organisti gerir réttum aðilum viðvart ef út af bregður.

Organista ber, með stuðningi sóknarnefndar, að viðhalda þekkingu sinni og menntun eftir föngum til að geta ávallt sem best sinnt starfi sínu.

Réttindi organista í starfi.

4. gr.

Organisti ræður framkvæmd starfa sinna, samkvæmt 2. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum reglna þessara.

Sóknarnefnd, sóknarpresti, prest og öðrum starfsmönnum sóknar, svo og sérnefndum, er kunna að vera skipaðar í sókn, ber ávallt að hafa fullt samráð við organista um allt er varðar tónlistarmálefni safnaðarins, s.s. hljóðfæri safnaðar svo og annan búnað er varðar starfssvið organista, þ.m.t. kaup, viðgerðir eða viðhald á búnaði.

Organista er heimilt að veita öðrum en sóknarmönnum þjónustu þá er getur í 3. tl. 2. mgr. 2. gr., enda komi það ekki niður á föstu starfi hans.

Auglýsingar, ráðningarsamningar o. fl.

5. gr.

Auglýsa skal laus störf organista með fjögurra vikna umsóknarfresti hið minnsta. Auglýsing skal birtast í prentuðum fjölmiðli (dagblaði) sem dreift er á landinu öllu. Í auglýsingu skal tiltekið:

- a) hvernig ráðningarkjör eru, sbr. 6. gr.
- b) hvenær umsóknarfrestur rennur út
- c) hvert umsóknir skuli senda.

Umsóknir, þar sem óskað er nafnleyndar, skulu ekki teknar gildar.

Í umsókn sinni skal umsækjandi gera grein fyrir menntun og fyrri störfum.

Ráðningarsamningar.

6. gr.

Sóknarnefnd ræður organista í samræði við sóknarprest, sbr. 17. gr. starfsreglna um sóknarnefndir, nr. 732/1998.

Erindisbréf.

7. gr.

Sóknarnefnd, í samráði við sóknarprest og prest, setur organista erindisbréf. Skal hlutverk organista samkvæmt reglum þessum, verksvið og starfsskyldur skilgreint nánar, eftir því sem sóknarnefnd ákveður.

Fleiri en ein sókn.

8. gr.

Ef fleiri en einn söfnuður ráða organista sameiginlega til starfa skal setja skýrar reglur um vinnuskiptingu og vinnutilhögun. Haga skal starfi organistans þannig að ekki verði skörun milli sókna.

Ágreiningsmál.

9. gr.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar sker úr ágreiningi sem rísa kann í tengslum við starf organista samkvæmt reglum þessum, eftir þeim reglum sem um störf nefndarinnar gilda.

Gildistaka.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 57. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 26. maí 1997, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

**um starfsreglur kirkjuþings um sérþjónustupresta
sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka.**

„STARFSREGLUR

um sérþjónustupresta sem ráðnir eru á vegum
stofnana og félagasamtaka.

1. gr.

Starfsreglur þessar gilda um þá sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka (vinnuveitanda), með samþykki biskups.

2. gr.

Einungis þeir sem uppfylla skilyrði laga um embættisgengi til prestsembætta innan þjóðkirkjunnar geta gegnt starfi samkvæmt 1. gr.

Jafnframt er skilyrði að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur milli vinnuveitanda og sérþjónustuprests og verður samningur að bera með sér þau atriði sem greinir í reglum þessum.

Starfssvið hlutaðeigandi starfsmanns verður ávallt að vera í eðlilegu og tilhlýðilegu samhengi við þau réttindi sem biskup veitir starfsmanninum samkvæmt reglum þessum með samþykki sínu.

Hugtakið erindisbréf er notað í starfsreglum þessum um ráðningarbréf þau sem um er rætt í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar

3. gr.

Nú óskar vinnuveitandi að ráða guðfræðing eða prest til starfa, sem prest þjóðkirkjunnar og biskup samþykkir þá málaleitan. Skulu þeir hafa samráð og samvinnu um undirbúning ráðningarinnar og önnur atriði sem nauðsynlegt og eðlilegt er að hafa samráð og samvinnu um vegna starfsins. Drög að ráðningarsamningi skulu kynnt biskupi.

Í ráðningarsamningi skal koma fram að auk þeirra skyldna sem prestur hefur gagnvart vinnuveitanda sínum, hafi hann jafnframt skyldum að gegna gagnvart þjóðkirkjunni sem nánar sé greint frá í erindisbréfi sem biskup setji honum sbr. og 5. gr. starfsreglna þessara. Jafnframt skal koma fram að vinnuveitanda sé skylt að tilkynna biskupi um starfslok starfsmannsins.

Drög að erindisbréfi biskups vegna starfans skulu kynnt vinnuveitanda. Í erindisbréfi skal greint frá kirkjuaga, tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum og öðrum skyldum gagnvart kirkjunni sem starfsmaður undirgengst sem prestur þjóðkirkjunnar í starfi hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda. Einnig skal koma fram að starfsmanni sé óheimilt að semja við vinnuveitanda um starfsskyldur, sem ekki eru í samræmi við 3. mgr. 2. gr., nema biskup heimili.

4. gr.

Sérstaklega tilkvödd hæfisnefnd veitir umsögn um þá sem sækja um starf sérþjónustuprests.

Nefndin er skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Vinnuveitandi skipar einn og er sá jafnframt formaður. Biskup skipar einn. Vinnuveitandi og biskup hafa samráð um skipun þriðja nefndarmannsins og skal þess gætt að hann komi úr röðum fagsamtaka á viðkomandi starfssviði.

Hæfisnefndin metur hæfi allra umsækjenda til að gegna starfi sérþjónustuprests. Skal hæfisnefnd m.a. líta til menntunar þeirra, starfsaldurs, starfsreynslu og starfsferils. Sé áskilin sérstök þekking eða reynsla eða starf er að öðru leyti mjög sérhæft, skal meta umsækjendur eftir því hvernig þeir uppfylla þau sérstöku skilyrði. Hæfisnefnd aflar þeirra gagna og upplýsinga sem hún telur að öðru leyti þörf og gerir skriflega umsögn um hæfni allra umsækjenda, þ.m.t. hvort þeir teljist hæfir til starfans. Nefndin skal raða umsækjendum eftir hæfni þeirra. Telji nefndin einhverja umsækjendur jafnhæfa skal þeim umsækjendum skipað jafnfætis. Ef umsækjandi er einn skal nefndin eigi að síður gefa umsögn um hann samkvæmt framanskráðu. Hæfisnefnd setur sér nánari vinnureglur.

5. gr.

Vinnuveitandi ákveður hver ráðinn skuli til starfans, en getur óskað ráðgjafar biskups í því sambandi. Vinnuveitandi tilkynnir biskupi hver ráðinn hafi verið.

6. gr.

Óski vinnuveitandi að breyta ráðningarsamningi skal sú breyting háð samþykki biskups, ef hún getur varðað að einhverju leyti starfssvið starfsmanns sem prests þjóðkirkjunnar, sbr. 2. gr. Skal getið um þetta skilyrði í ráðningarsamningi.

Óski biskup að breyta erindisbréfi skal sú breyting háð samþykki vinnuveitanda ef hún hefur áhrif á starf prests með þeim hætti að hagsmunum vinnuveitanda sé raskað.

7. gr.

Brjótí starfsmaður gegn ákvæðum erindisbréfs biskups skal biskup beita lögmæltum úrræðum.

Biskup getur afturkallað erindisbréf með þeim áhrifum að hlutaðeigandi starfsmaður telst ekki lengur til presta þjóðkirkjunnar. Um slíka afturköllun gilda sömu skilyrði og reglur og þegar manni er veitt lausn frá prestsembætti, eins og við getur átt.

Biskup skal jafnan kynna vinnuveitanda ætlaðar ávirðingar og hafa samráð við hann, áður en gripið er til aðgerða samkvæmt framanskráðu.

Telji vinnuveitandi nauðsyn krefja að segja starfsmanni upp vegna tiltekinna ávirðinga starfsmannsins skal kynna biskupi fyrirhugaða uppsögn og hafa samráð við hann.

8. gr.

Erindisbréf telst sjálfkrafa fallið niður við lok ráðningarsambands prests og vinnuveitanda og telst hlutaðeigandi starfsmaður eftir það ekki lengur þjónandi prestur þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 44. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Biskup skal setja þeim sérþjónustuprestum þjóðkirkjunnar erindisbréf sem eru í starfi hjá stofnun eða félagasamtökum við gildistöku starfsreglna þessara fyrir árslok ársins 2000 í samráði við hlutaðeigandi vinnuveitanda. Skal farið að ákvæðum þessara reglna svo sem kostur er.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjubings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

34. gr. orðist svo:

Héraðsprestur á að þjóna með prófasti og prestum í fjölmönnum og/eða víðlendum prestaköllum eða prófastsdæmum. Prófastur hefur umsjón með starfi hans en héraðsnefnd leggur honum til starfsaðstöðu.

2. gr.

38. gr. falli brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.

1. gr.

Stafliður a í 8. tl. 5. gr. orðist svo:

a) kosning aðalmanna og varamanna til héraðsnefndar, annarra en formanns, til tveggja ára í senn, sbr. 2. mgr. 7. gr.

2. gr.

Staflíður d í 8. tl. 5. gr. orðist svo:

d) kosning aðalmanns og varamanns til fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar til tveggja ára í senn.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Gjört í Reykjavík, 11. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um prófasta nr. 734/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um prófasta nr. 734/1998.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Biskup útnefnir prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu. Presti er skylt að takast á hendur prófastsembætti.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um prestssetrasjóð.

„STARFSREGLUR
prestssetrasjóðs.

Staða prestsseturs.

1. gr.

Hvert lögboðið prestssetur er hluti af embætti prestsins. Prestur er vörslumaður prestsseturs og ber ábyrgð á því ásamt prestssetrasjóði, eins og nánar greinir í reglum þessum.

2. gr.

Hvert lögboðið prestssetur er sérstök og sjálfstæð rekstrareining samkvæmt reglum þessum.

Hverju lögboðnu prestssetri tilheyrir fyrningarsjóður er varðveitist í prestssetrasjóði og sjóðstjórn stýrir. Úr fyrningarsjóði hvers prestsseturs greiðist kostnaður vegna prestssetursins, svo sem vegna nýframkvæmda og endurbóta, svo og annar tilfallandi kostnaður við prestssetrið, annar en sá sem prestur greiðir. Kostnaður við úttekt á prestssetri greiðist úr fyrningarsjóði þess, nema á annan veg sé mælt í reglum þessum, sbr. 9. gr. Hrökkvi innstæða á fyrningarsjóði prestsseturs ekki til greiðslu kostnaðar, leggur prestssetrasjóður fram það sem á vantar, að svo miklu leyti sem ekki koma til framlög frá öðrum svo sem sókn eða sóknum hlutaðeigandi prestakalls.

Um afnota- og ráðstöfunarrétt prests á prestssetri.

3. gr.

Prestur hefur öll lögmat og eðlileg afnot prestsseturs, meðan hann gegnir prests-embætti. Prestur hirðir arð af prestssetri og hlunnindum sem því kunna að fylgja nema sérstaklega sé undanskilið með lögum, samningi, eða með öðrum lögmatum hætti.

Prestur getur eigi ráðstafað prestssetri eða réttindum sem því tengjast, þannig að bindi prestssetrasjóð og/eða þannig að ráðstöfun gildi lengur en hann gegnir embætti sínu, án samþykkis stjórnar prestssetrasjóðs og annarra lögmaeltra aðilja hverju sinni. Prestur getur heldur ekki, án samþykkis stjórnar prestssetrasjóðs, gert löggerninga sem fela í sér óeðlilega ráðstöfun prestsseturs, miðað við eðlileg og hefðbundin not þess.

Alla löggerninga, sem fela í sér varanlega skerðingu eða breytingu á prestssetri, ásýnd þess – eða viðbætur við prestssetrið – gerir stjórn prestssetrasjóðs, svo og löggerninga vegna réttinda sem undanskilin kunna að vera afnotarétti prests.

Um smávægilegar lagfæringar og úrbætur á prestssetrum.

4. gr.

Prestur ábyrgist og kostar minniháttar lagfæringar og úrbætur sem verður þörf á á prestssetri vegna venjulegrar notkunar á því.

Ef slíkra framkvæmda verður þörf vegna laklegs ástands prestsseturs, sem presti verður ekki gefin sök á, eða þeirra er oftast þörf en eðlilegt má telja, miðað við aðstæður allar, má þó undanskilja prest ábyrgð og kostnaði á því.

Stjórn prestssetrasjóðs og prestur geta samið á annan veg, ef ástand prestsseturs eða fyrirhugaðar framkvæmdir gera framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. óþarfar eða ónauðsynlegar.

Ef þriðji maður hefur afnot hluta prestsseturs, samkvæmt löglegri skipan, má semja við hann um að sinna skyldum samkvæmt 1. mgr. svo og viðhaldi eignarhlutans, eins og

við á, en það leysir prest ekki undan skyldu samkvæmt 1. mgr., að því er þann hluta prestssetursins varðar, nema samningur varði réttindi sem undanskilin eru rétti prests til prestsseturs.

Prestur skal jafnframt gæta þess, eftir því sem hann hefur tök á, að nægilega tryggt sé í samningum að viðhaldi eigna á prestssetri í eigu þriðja manns, sem þar eru samkvæmt lögmætri skipan, sé sinnt sómasamlega.

Um afgang fyrir afnot af prestssetri.

5. gr.

Stjórn prestssetrasjóðs ákveður árlega afgang, sem prestur innir af hendi vegna afnota sinna af prestssetri/prestssetursjörð, meðan hann gegnir embætti og fer með forráð prestssetursins/prestssetursjarðar, sbr. 2. gr. reglna þessara.

Til viðmiðunar árlegs afgangslags skal stjórn prestssetrasjóðs taka fasteignamat eignarinnar og þeirra hluta sem þar eru metnir og prestur hefur full umráð yfir, eins og það er 1. desember næst á undan gjaldaári, svo og einnig þau lögboðnu gjöld sem innt eru af hendi af hálfu prestssetrasjóðs vegna þessara sömu eigna.

Afgjaldið er ákvarðað fyrir hvert almanaksár og skal því jafnað niður á gjaldaárið með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Ákvörðun afgangslags skal vera lokið fyrir 1. mars á hverju gjaldaári.

Afgjaldið skal jafnan innt af hendi fyrirfram fyrir hvern mánuð og það dregið af launum prests eins og verið hefur.

Prestur greiðir ekki afgang fyrir eigin eignir á prestssetri/jörð, ef þær eru fyrir hendi. Þá greiðir prestur ekki afgang af þeim hluta prestsseturs/jörð er ekki nýtist honum og sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt að prestur skuli ekki hafa afnot af eða umráð yfir.

6. gr.

Stjórn prestssetrasjóðs getur að ósk prests lækkað afgang, fyrir prestssetur í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar einungis hluti prestsseturs getur nýst presti, af ástæðum sem honum verður ekki gefin sök á eða sem hann hefur ekki á valdi sínu að breyta.
2. Þegar í ljós þykir leitt að fasteignamat prestsseturs er hærra en nýtingarmöguleikar eða arðsemi þess er fyrir prestinn, eða í ósamræmi við þetta, svo sem vegna nálægðar við þéttbýli eða af öðrum orsökum, en orsakavaldur hins háa mats nýtist ekki presti, hvorki beint né óbeint.
3. Ef breytilegur rekstrarkostnaður prestsseturs er hærri en eðlilegt getur talist miðað við sambærilegar fasteignir.
4. Vegna löglegra leyfa.
5. Ef sérstakt álag er á prestssetri sem leiðir til sérstakra skyldna eða umönnunar við jörðina eða staðinn.

Endurgjald fellur þó ekki niður vegna sumarleyfa og gildir þar einu þótt um uppsafnað sumarleyfi kunni að vera að ræða.

Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að mæla svo fyrir að ákvarðanir um þessi efni skuli vera tímabundnar. Ákvörðun á grundvelli 4. t. gildir þó aldrei lengur en níu mánuði nema alveg sérstaklega standi á. Þá er heimilt að fella ákvörðun úr gildi ef forsendur hennar hafa breyst.

Ákvarðanir sjóðstjórnar samkvæmt 1.-3. t. falla sjálfkrafa úr gildi er prestur lætur af embætti og afhendir prestssetur.

Sjóðstjórn getur þó ákveðið að ákvarðanir um lækkan leigugjalds skuli haldast að einhverju eða öllu leyti áfram þótt prestaskipti verði.

Þegar svo hagar til, að leigugjald er lækkað á grundvelli 1. t. þessarar greinar, skal að jafnaði litið svo á, að prestur fari áfram með umráð þess hluta prestssetursins og beri ábyrgð á honum eins og prestssetrinu að öðru leyti, ef svo vill verkast, en tekið skal tillit til þeirrar ábyrgðar svo og annarra kvaða eftir því sem við á við ákvörðun um lökkun á leigu.

Umráð prests og ábyrgð ná þó einungis til þeirra réttinda sem hann hefur á prestssetrinu en ekki þeirra sem kunna að hafa verið skilin undan, sbr. 2. gr. Prestur ber ekki ábyrgð á hugsanlegum eignum þriðja manns á prestssetri umfram það sem segir í 4. gr., nema þær séu til komnar samkvæmt samningi prests við þriðja mann og hann njóti afraksturs af þeim eignum.

7. gr.

Prestssetrasjóður annast lögboðnar váttryggingar á prestssetrum. Innir sjóðurinn af hendi iðgjöld vegna nauðsynlegra váttrygginga prestssetra og öll fasteignagjöld af þeim, þ.m.t. fasteignum sem prestur kann sjálfur að eiga.

Um framkvæmdir o.fl.

8. gr.

Um stöðu prests og prestssetrasjóðs fer að öðru leyti eftir ákvæðum ábúðarlaga eða húsaleigulaga, eins og við getur átt.

Um úttektir.

9. gr.

Prestssetur skal ávallt tekið út við skil prests á því. Viðtakandi prestur á rétt á því að fá prestssetur tekið út í hendur sér ef 1. mgr. á ekki við, svo sem ef prestssetur hefur ekki verið setið, eða ef um nýtt prestssetur er að ræða.

Prestur á rétt á því að fá prestssetur tekið út, ef hann sýnir fram á nægilega hagsmuni sína af því.

Stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni hvort prestssetur skuli tekið út eftir endurbætur á því.

Kostnaður við úttektir greiðist af prestssetrasjóði.

Um hlutverk prófasta.

10. gr.

Prófastur hefur eftirlit með prestssetrum í prófastsdæmi sínu, en stjórn prestssetrasjóðs með prestssetri prófasts, ef því er að skipta.

Prófastur skal gæta þess að prestssetur sé sæmilega setið og öll umhirða þess og umgengi um það viðunandi.

Prófastur heimtir skýrslur af prestum um framkvæmdir þeirra á prestssetrum, sem heimilaðar hafa verið, eða sem gerðar eru samkvæmt ábúðarlögum eða húsaleigulögum, svo og samkvæmt 4. gr. reglna þessara.

Prófastur hefur eftirlit með ástandi prestssetra í samráði við byggingaeftirlitsmann prestssetrasjóðs, eða annan sérfróðan mann, að fengnu samþykki eða eftir ákvörðun stjórnar prestssetrasjóðs.

Prófastur kannar í samráði við prest og stjórn prestssetrasjóðs hvort þörf er á nýskráningu eða afskráningu í fasteignamati á einstökum matshlutum prestsseturs eða hvort tilefni er til breytinga á því að öðru leyti.

Prófastur gætir að réttindum sem tilheyra prestssetrinu.

Prófastur skal að jafnaði sinna skyldum sínum samkvæmt þessu ákvæði einu sinni á ári.

Ef sérstaklega stendur á, svo sem vegna staðhátta í prófastsdæmi, getur stjórn prestssetrasjóðs ákveðið, að ósk prófests, að eftirliti með tilteknu prestssetri skuli sinnt af sjóðstjórn. Slík ákvörðun gildir þó aldrei lengur en fimm ár í senn og fellur þá sjálfkrafa úr gildi. Ákvörðun fellur jafnframt úr gildi, verði prófastaskipti í prófastsdæminu á tímanum.

Um skýrslugjöf prófasta.

11. gr.

Ef stjórn prestssetrasjóðs fer þess á leit skal prestur færa sérstaka skýrslu um prestssetur sitt. Skýrslan skal gerð fyrir eitt almanaksár í senn og skal vera prófasti tiltæk eigi síðar en 1. mars næsta ár þar á eftir.

Í eftirlitsskýrslunni skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem nefnd eru í 8. gr. Prófastur staðreynir að rétt sé greint frá í skýrslunni, með könnun á gögnum og athugun á prestssetri, eða með öðrum hætti, eftir því sem við á. Að því búnu áritar prófastur skýrsluna til staðfestu að þar sé rétt greint frá. Prófastur skal skila eftirlitsskýrslum fyrir 1. júní ár hvert til stjórnar prestssetrasjóðs. Heimilt er að víkja frá tímamörkum samkvæmt þessari og 1. mgr. ef sérstaklega stendur á.

Stjórn prestssetrasjóðs veitir almennar leiðbeiningar um frágang skýrslna. Stjórnin getur ákveðið að láta prestum og próföstum í té sérstök eyðublöð til þessara nota.

Prófastur skal að jafnaði fá öll erindi vegna prestssetra í prófastsdæmi sínu, er varða ráðstöfun þeirra, eða hluta þeirra til langframa, þ.m.t. vegna eigin prestsseturs og veita sjóðstjórn umsögn um þau. Prófastur aflar einnig umsagna lögbærra aðilja, fari stjórn prestssetrasjóðs þess á leit.

Prófastur gerir árlega greinargerð um þörf nýbygginga – eða kaupa – og endurbóta á prestssetrum í prófastsdæmi, svo og stærri viðhaldsframkvæmdir. Í greinargerð prófests skal koma fram hvort möguleikar séu á framlögum frá öðrum til tiltekinn verkefna, svo sem sjóðum, stofnunum eða sóknnum.

Prófastur getur, ef hann kýs svo, gert tillögur um röð framkvæmda í prófastsdæminu.

Prófastur getur gert tillögur með sama hætti og vígslubiskupar, samkvæmt 3. mgr. 10. gr. Prófastur sendir, fyrir 1. nóvember ár hvert, vígslubiskupi greinargerð samkvæmt 5. mgr. þessarar greinar og tillögur samkvæmt 6. mgr., enda hafi samkomulag tekist samkvæmt 1. mgr. 10. gr., en ella sendir hann stjórn prestssetrasjóðs nefnd gögn.

Stjórn úttekta.

12. gr.

Prófastur stýrir úttekt. Hann gætir þess að boða fulltrúa frá stjórn prestssetrasjóðs með hæfilegum fyrirvara, til að vera viðstaddan úttekt. Stjórn prestssetrasjóðs ákveður hvort tilefni er til að mæta við úttektina og tilkynnir prófasti, ef ekki verður mætt. Ef um minniháttar hagsmuni þykir vera að ræða, getur stjórn prestssetrasjóðs gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og óskum skriflega, áður en til úttektar kemur og sent prófasti, er leggur það fyrir úttektarmenn.

Um hlutverk vígslubiskupa.

13. gr.

Með samþykki biskups og vígslubiskupa má fela vígslubiskupum verkefni samkvæmt ákvæði þessu.

Vígslubiskup heimtir af próföstum fyrir 1. apríl ár hvert, greinargerð um þörf nýbygginga – eða kaupa – og endurbóta á prestssetrum í umdæmi, svo og viðhald, sem ekki greiðist af presti. Vígslubiskup sendir tillögur prófasta til stjórnar prestssetrasjóðs, ásamt tillögum sínum og athugasemdum um röð framkvæmda.

Vígslubiskupar geta gert tillögur til stjórnar prestssetrasjóðs um hvaðeina sem varðar prestssetrin, umbúnað þeirra, notkun og ásýnd. Þeir geta enn fremur gert tillögur í þessu sambandi sem varða menningarlega sérstöðu prestsseturs, svo sem vegna sögu þess, fornminja, náttúrufegurðar, náttúruminja og annarra slíkra þátta.

Um stjórn prestssetrasjóðs.

14. gr.

Stjórn prestssetrasjóðs fer með yfirstjórn prestssetra.

Stjórnin stýrir prestssetrasjóði og ákveður ráðstöfun inneigna á fyrningarsjóðum prestssetra, samkvæmt 2. gr. Stjórnin ákveður hvernig rekstri sjóðsins er hagað. Sérstakur framkvæmdastjóri fer með daglega stjórn sjóðsins.

Stjórn prestssetrasjóðs hefur hlutverk landsdrottins gagnvart prestum á prestssetursjörðum samkvæmt ábúðarlögum og öðrum lögum og hlutverk leigusala gagnvart presti í prestsbústað samkvæmt húsaleigulögum, með þeim afbrigðum sem kunna að leiða af lögum um prestssetur og reglum þessum, svo og sérstöðu prestssetra að öðru leyti.

Um gæslu hagsmuna og fyrirsva.

15. gr.

Stjórn prestssetrasjóðs hefur almennt fyrirsva vegna prestssetra út á við svo sem gagnvart stjórnvöldum og Alþingi, og í dómsmálum þeirra vegna, og gætir almennra og sérstakra hagsmuna prestssetra í samráði við hlutaðeigandi prest, prófast og vígslubiskup, eins og við á.

Stjórn prestssetrasjóðs hefur gætur á lagasetningu, lagabreytingum eða setningu eða breytingu stjórnvaldsfyrirmæla á sviði kirkjumála. Sjóðstjórn skal hafa sérstakar gætur á lögum um prestaköll og prófastsdæmi, þar sem mælt er fyrir um lögboðin prestssetur. Hún gætir einnig sérstaklega að fyrirætlunum um ný prestsembætti önnur en sóknarprestsembætti, einkum utan Reykjavíkur, vegna réttar slíks prests á prestssetri samkvæmt lögum. Þá hefur stjórnin gætur á breytingum á öðrum lögum og reglum, sem geta varðað viðfangs efni stjórnarinnar beint eða óbeint.

Stjórnin mun leitast við að sjá til þess að prestsembætti sem lögboðið prestssetur fylgir, verði ekki auglýst án þess að fram komi að umsækjendur geti kynnt sér þau réttindi og þær skyldur sem fylgja embættinu gagnvart prestssetrinu.

Um heimildarskjöl.

16. gr.

Sjóðstjórn gerir almennt byggingarbréf fyrir prestssetursjarðir og almennan samning vegna prestsbústaða. Hið almenna byggingarbréf og hinn almenni samningur ásamt reglum þessum skal liggja frammi á biskupsstofu og hjá próföstum til sýnis fyrir umsækjendur um prestsembætti þar sem prestssetur fylgir.

Á grundvelli þessara skjala skal gerður samningur milli prests og prestssetrasjóðs um umráð og afnot prests af prestssetri.

Um ásýnd prestssetra o.fl.

17. gr.

Stjórn prestssetrasjóðs ákveður, að höfðu samráði við hlutaðeigandi prest og prófast, svo og vígslubiskup, ef því er að skipta hvernig ásýnd (fyrirkomulag) prestsseturs er, bæði að utan og innan. Með ásýnd prestsseturs er átt við hvernig útlit þess er, svo sem eins og staðsetning húsa, litir þeirra, girðingar, innréttingar, gerð og staðsetning bifreiðageymslna, bifreiðastæða, allt efnisval o.s.frv.

Stjórn prestssetrasjóðs ákveður hvernig umbúnaður á prestssetri er, vegna ferðapjónustu, fornminja, náttúruminja og annars þess háttar, sem lýtur að ytri ásýnd prestssetranna, að því leyti sem lög eða samningar mæla ekki á annan veg eða eðli málsins er með þeim hætti.

Um nýbyggingar og framkvæmdir prestssetrasjóðs á prestssetrum.

18. gr.

Stjórn prestssetrasjóðs tekur ákvarðanir um nýbyggingar á prestssetrum að fenginni umsögn prófasta og tillögum þeirra og vígslubiskupa, ef því er að skipta. Stjórnin leitar umsagnar kirkjuráðs í því sambandi telji hún þess þörf.

Stjórn prestssetrasjóðs tekur einnig ákvarðanir um kaup og leigu fasteigna til nota sem prestssetur.

Sjóðstjórn annast um framkvæmd nýbygginga og kaupa og leigu fasteigna til nota sem prestssetur, en getur þó samið á annan veg þyki það hentugra.

Frakkland	Ingénieur Diplômé de ...	
Grikkland	Diplomatouchos Michanikos	
Holland	Ingenieur	Ekki Technical Ingenieur
Írland	MSc in Engineering	
Ítalía	Laurea Dottore in Ingegneria	
Portúgal	Engenheiro	
Sviss	Diplom-Ingenieur Ingénieur Diplômé	
Spánn	Ingeniero Superior Ingeniero Químico	Ekki Ingeniero Técnico
Þýskaland	Diplom-Ingenieur	Prófgráða skal vera frá Universität, Technische Universität, Technische Hochschule eða Gesamt hochschule, en ekki Fachhochschule (Dipl.-Ing.(FH))
Bandaríkin	MSc in Engineering Einnig MEng, ME eða ScM	Námsbraut skal hafa viðurkenningu ABET (Accreditation Board for Engineering and Technology)

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem innritast hafa í verkfræðinám fyrir 1. janúar árið 2000 og stunda nám sitt samfellt eiga þess kost að fá próf sitt metið eftir þeim matsreglum sem í gildi voru frá 26. ágúst 1992 og fram að gildistöku þeirra matsreglna sem hér eru auglýstar.

Iðnaðarráðuneytinu, 8. desember 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

10. desember 1999

Nr. 846

AUGLÝSING**frá ríkisskattstjóra nr. 14/1999 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda er lauk 30. júlí 1999.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1998 og eigna í lok þess árs 24. janúar 2000 í stað 22. desember 1999.

Reykjavík, 10. desember 1999.

F.h. ríkisskattstjóra,

Friðleifur Jóhannsson.

29. nóvember 1999

Nr. 847

SAMÞYKKT**um hesthús og hesthúsaferfi í Reykjavík.**

1. gr.

Hesthús og þær byggingar sem þeim tilheyra skulu byggð og viðhaldið samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum svo og samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum. Vanda skal til alls frágangs húsanna, geymslu á heybirgðum og öðru því er lýtur að hirðingu hestanna.

2. gr.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrífalegu og frágangur lóðar vera snyrtilegur. Gerði skulu malborin og þau girt vönduðum girðingum. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttarvélar, heyvinnslutæki, byggingarefni, heyrúllur, heybagga og aðra lausamuni.

3. gr.

Lausaganga hesta er bönnuð. Eigendur hesthúsa bera ábyrgð á leigjendum sínum hvað varðar alla umgengi í hesthúsaferfum og við hesthús.

4. gr.

Tað og moð skal geymt í vökvaheldri, lokaðri taðþró og skal áætla 3 m³ rými fyrir tað frá hverjum hesti ef tæmt er einu sinni á ári en 1 m³ ef tæmt er þrisvar sinnum. Þróin skal vera þannig gerð og hirt um hana að hvorki stafi af henni óþrif, mengun né slyshætta.

Í taðþróna má einungis setja hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsum og umhverfis þau.

5. gr.

Hesthúsaeigendur skulu tæma taðþrær reglulega og áður en þær fyllast. Þrærnar skulu ávallt tæmdar þegar hross eru komin í haga, þó eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Leitast skal við að nýta hrossatað til jarðræktar eða annarra sambærilegra nota, en að öðrum kosti flytja það á þar til ætlaðan móttökustað samkvæmt fyrirsögn hreinsunardeildar gatnamálastjóra.

6. gr.

Frárennsli frá salernum og vöskum í hesthúsum skal tengja fráveitukerfi eða leiða í rotþró með sandsíu eða siturlögn. Um frágang rotþróar svo og tæmingu hennar fer samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

7. gr.

Í hverju hesthúsi skal vera viðurkennt sorpílát og skulu hesthúsaeigendur kosta uppsetningu þess og tæmingu. Hættulegum úrgangi (t.d. fúavarnaefni, málningu, skordýra- og meindýraeitri, útrunnum lyfjum og lyfjaleyfum) skal halda aðskyldum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

8. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og byggingarfulltrúinn í Reykjavík, hvor á sínu sviði.

9. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendum hesthúsa er veittur frestur til ársloka 2001 til að uppfylla ákvæði 4. greinar.

Umhverfissráðuneytinu, 29. nóvember 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

1. Reglur um flokka áfengis.

1.1 Áfengi er deilt í 5 söluflokka:¹⁾

Kjarna

Reynsluflokk

Sérflokk

Mánaðarflokk

Sérpantanir

1.2 Í kjarna eru sölutegundir (vörunúmer)¹⁾ sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vörur sem voru í þeim flokki 1. mars 1994 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu áfengis. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Um brottfellingu vöru úr kjarna fer eftir ákvæðum tl. 1.10. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu áfengistegundar¹⁾ boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala áfengistegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegundin, sem birgir velur, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir falla úr kjarna.

1.3 Áfengi í kjarna er til sölu í öllum verslunum ÁTVR.

Í Heiðrúnu og Kringlunni skulu allar kjarnavörur fást.

Á Akureyri, í Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, í Austurstræti, Mjódd, Holtagörðum, Keflavík og á Selfossi fást að hámarki 400 sölutegundir, í kjarna.

Á Akranesi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum er hámarkið 280 sölutegundir, í kjarna.

Í Ólafsvík, Stykkishólmi, á Blönduósi, Siglufirði, Dalvík, Húsavík, Neskaupstað, Höfn og í Grindavík fást að hámarki 170 sölutegundir, í kjarna.

Hámark kjarnavöru í öðrum vínbúðum er 80 sölutegundir.

Við val vöru í verslanir, sem hafa ekki allar tegundir í kjarna skal fara svo:

- Nota skal samanlagða sölu kjarnavöru í Kringlunni og Heiðrúnu, sbr. tl. 1.10, sem grunn útreiknings. Miða skal við sölu undanfarna 4 mánuði.
- Verslunarstjórar velja allt að 10% hámarksfjölda sölutegunda í samræmi við eftirspurn viðskiptavina.
- Að minnsta kosti átta mest seldu sölutegundir bjórs skulu fást. Til viðbótar þeim skal velja söluhæstu bjórtegundirnar í lítrum talið þar til tala sölutegunda úr þessum flokkum (60, 61 og 62) svarar til 10% hámarksfjölda sölutegunda.
- Að minnsta kosti þrjár mest seldu sölutegundir í hverjum vöruflokki af öðru áfengi en bjór skulu falar. Til viðbótar þeim skal velja söluhæstu tegundirnar í lítrum talið þar til hámarki er náð, að teknu tilliti til ákv. b- og c-liðar.

Hafi selst minna en 20 lítrar af sölutegund undanfarna 12 mánuði í einhverri annarri vínbúð en í Heiðrúnu og í Kringlunni, skal viðkomandi verslun hætta sölu hennar.

1.4 Í reynsluflokki eru að jafnaði 20% af tölu sölutegunda sem eru í kjarna. Í reynsluflokk skal velja eftir tölu sölutegunda í hverri flokksdeild¹⁾. Séu færri en 5 sölutegundir í flokksdeild, skal 1 sölutegund úr viðkomandi deild vera í reynslusölu, bjóðist hún. Sem næst helmingur sölutegundanna skal seldur í vínbúðunum í Holtagörðum, á Eiðis-

¹⁾ Sjá orðskýringar í tl. 1.13.

torgi, á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Hinn helminginn skal selja í vínbúðunum í Austurstræti, Mjódd, Kópavogi, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Keflavík. Allar sölutegundirnar skulu seldar í Heiðrúnu og Kringlunni. Vara í þessum flokki er í reynslusölu 6 mánuði. Upphaf sölutíma skal telja það sama og tilgreint er í samningi, sbr. tl. 5.9. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna, nái hún söluhlutfalli sem áskilið er skv. ákvæðum tl. 1.10. Við útreikning skal miða við sölu í 4 heila mánuði er næstir koma fyrsta mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu flokksdeildarinnar á sama tímabili í vínbúðunum Heiðrúnu og Kringlunni að frátalinni sölu í mánaðarflokki, sérpöntunum og sölu skv. 2. mgr. 25. gr. rg. 205/1998.

Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. ÁTVR tekur aðeins eina tegund í hverri flokksdeild til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama framleiðanda.

- 1.5 Nái sölutegund í sérpöntunarþjónustu, sbr. 4. kafla þessara reglna, lágmarkshlutfalli, sbr. tl. 1.10, getur birgir óskað þess með formlegum hætti að hún flytjist í reynslusölu. Við útreikning hlutfalls skal nota heildarsölu viðkomandi vörflokks í vínbúðinni Heiðrúnu þ.m.t. sölu í sérpöntunarþjónustu í stað samanlagðrar sölu skv. tl. 1.10. Það er skilyrði, að sölutegundin hafi náð tilskildum árangri miðað við 12 mánuði, áður en óskað er flutnings svo og að sýnishorn vörunnar hafi verið látin í té og samningur gerður svo sem áskilið er um vörur í reynslusölu. Tímamörk tl. 2.2 eiga ekki við í þessu tilviki. Reynslusala vörunnar hefjist innan tveggja heilla almanaksmánaða frá því ósk barst um flutning.
- 1.6 Vara, sem flyst úr sérpöntunarþjónustu í reynslusölu, hefur ekki áhrif á tölu þeirra sölutegunda er veljast í reynsluflokk hverju sinni skv. ákv. tl. 1.4.
- 1.7 Sérflokkur tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir áfengis eru falar í sérflokki.
- 1.8 Í mánaðarflokk fer áfengi sem framleiðandi ætlar til sölu í ákvæðnum mánuðum. Mánuðirnir eru þessir: Þorri, páskamánuður, október og jólamánuður. Sölutími mánaðarvöru verður að hámarki 6 vikur. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR sem hafa vöru í reynslusölu. Tekið verður við mánaðarvöru frá þeim framleiðendum sem hafa vöru í kjarna enda sé mánaðarvaran framleiðsla þeirra. Mánaðarvara þarf að hafa efnainnihald sem er frábrugðið allri annarri vöru sama framleiðanda. ÁTVR tekur aðeins eina tegund í hverri flokksdeild til sölu frá sama framleiðanda.
- 1.9 Áfengi, sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.
- 1.10 Í mánuði hverjum leggur ÁTVR fram sölutölur eftir flokksdeildum. Tölurnar eru yfir samanlagða sölu í vínbúðinni Heiðrúnu og vínbúðinni í Kringlunni að frátalinni sölu vöru í mánaðarflokki, sérpöntunum og sölu skv. 25. gr. rg. nr. 205/1998. Lágmarksfjöldi lítra, til þess að sölutegund fari í kjarna eða haldist í kjarna, er sem hér segir:

Sala vörflokks/verðflokks í lítrum		Lágmarkssala sölutegundar til þess að haldast í kjarna		
Frá	Til og með			
50	75		50%	af heildarsölu
75	750	37,5 lítrar	+10%	af heildarsölu umfram 75 lítra
750	3.000	105,0 lítrar	+ 5%	af heildarsölu umfram 750 lítra
3.000	30.000	217,5 lítrar	+ 2,5%	af heildarsölu umfram 3.000 lítra
30.000		892,5 lítrar	+ 1,25%	af heildarsölu umfram 30.000 lítra

- 1.11 Samsvarandi mörk eru fyrir vöru í reynsluflokki. Sala á þeim 4 mánuðum, sem mæling tekur til, þarf að ná hlutfallslega sama árangri og væri hún í kjarna.

1.12 Áfengi í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflokka og flokksdeildir:

- | | |
|--|--|
| 01 Rauðvín | 04 Freyðivín |
| 01.1 Vín í stærri umbúðum en 750 ml | 04.1 Champagne |
| 01.2 Vín í minni umbúðum en 500 ml | 04.2 Asti |
| 01.3 Frakkland | 04.3 Önnur |
| 01.3.1 Bordeaux/Bergerac | 05 Styrkt vín |
| 01.3.1.1 Medoc, Graves og Libournais chateau-vín | 05.1.1 Sérrí - Fino og skyldar tegundir |
| 01.3.2 Búrgund | 05.1.2 Sérrí - Amontillado og skyldar tegundir |
| 01.3.2.1 Beaujolais | 05.1.3 Sérrí - Oloroso og skyldar tegundir |
| 01.3.2.2 Cote de Nuits og Cote de Beaune | 05.2.1 Púrtvín, hvít |
| 01.3.3 Rón og Próvens | 05.2.2 Púrtvín, Tawny |
| 01.4 Ítalía | 05.2.3 Púrtvín, Ruby |
| 01.4.1 Toskana | 05.2.3.1 Púrtvín, árgangsvín, rauð |
| 01.4.2 Piemonte | 05.3 Önnur |
| 01.5 Spánn | 06 Ávaxtavín o.fl. |
| 01.5.1 Rioja | 06.1 Sider |
| 01.5.2 Katalónía | 06.2 Ávaxtavín |
| 01.6 Portúgal | 06.3 Hrisgrjónavín |
| 01.7 Evrópa annað | 06.4 Önnur |
| 01.8 Washington og Oregon | 10 Brandí |
| 01.9 Kalifornía | 10.1 Cognac VS og VSOP |
| 01.9.1 Napa og Sonoma | 10.1.1 Annað |
| 01.10 Argentína | 10.2 Armagnac |
| 01.11 Chile | 10.3 Annað |
| 01.12 Suður Afríka | 11 Ávaxtabrandí og hratbrandí |
| 01.13 Ástralía og Nýja Sjáland | 11.1 Calvados |
| 01.13.1 Suður -Ástralía | 11.2 Annað ávaxtabrandí |
| 01.14 Annað | 11.3 Hratbrandí |
| 02 Hvítvín | 13 Viskí |
| 02.1 Vín í stærri umbúðum en 750 ml | 13.1 Skoskt |
| 02.2 Vín í minni umbúðum en 500 ml | 13.1.1 Malt |
| 02.3 Frakkland | 13.2 Írskt |
| 02.3.1 Bordeaux | 13.3 Annað |
| 02.3.1.1 Sætt Bordeaux | 14 Romm og rommlíki |
| 02.3.2 Búrgund | 14.1 Glært karabískt romm |
| 02.3.3 Alsace | 14.2 Ljóst karabískt romm |
| 02.3.4 Loire | 14.3 Dökkt karabískt romm |
| 02.4 Ítalía | 14.4 Annað þ.m.t. kryddromm |
| 02.5 Spánn | 15 Tequila og Mezcal |
| 02.6 Portúgal | 16 Ókryddað brennivín |
| 02.7 Þýskaland | 16.1 Vodka |
| 02.7.1 Riesling - QmP | 16.2 Annað |
| 02.8 Evrópa annað | 17 Einiberjabrennivín |
| 02.9 Washington og Oregon | 17.1 Gin |
| 02.10 Kalifornía | 17.2 Sénever |
| 02.10.1 Napa og Sonoma | 18 Snafs |
| 02.11 Chile | 18.1 Akvavít |
| 02.12 Suður Afríka | 18.2 Anís |
| 02.13 Ástralía | 18.3 Aðrir |
| 02.13.1 Nýja Sjáland | |
| 02.14 Sæt hvítvín | |
| 02.15 Annað | |
| 03 Rósavín | |
| 03.1 Vín í stærri umbúðum en 750 ml | |
| 03.2 Blush - Roðavín | |
| 03.3 Önnur | |

- | | |
|--|---|
| <p>20 Líkjörar</p> <p>20.1 Rjómalíkjör</p> <p>20.2 Hnetu- og baunalíkjör</p> <p>20.2.1 Kaffi/kakólíkjör</p> <p>20.2.2 Kókoslíkjör</p> <p>20.3 Grasa- og kryddlíkjör</p> <p>20.3.1 Mintulíkjör</p> <p>20.3.2 Líkjör með anísbragði</p> <p>20.4 Ávaxtalíkjör</p> <p>20.4.1 Epla/perulíkjör</p> <p>20.4.2 Ferskju/apríkósulíkjör</p> <p>20.4.3 Sítruslíkjör</p> <p>20.4.4 Berjalíkjör</p> <p>20.5 Aðrir</p> <p>21 Bitterar, kryddvín og aperítífar</p> <p>21.1 Bitter</p> <p>21.2 Kryddvín</p> <p>21.2.1 Vermút</p> <p>21.3 Aperítífar</p> <p>23 Aðrir blandaðir drykkir</p> <p>23.1 Gosblandaðir (soda pop) < 6,5% alk.</p> <p>23.2 Aðrir</p> | <p>60 Lagerbjör</p> <p>60.1 Ljós, í flöskum</p> <p>60.2 Ljós, í dósum</p> <p>60.3 Dökkur</p> <p>60.4 Sterkur (alk. a.m.k. 6,2%)</p> <p>60.5 Annar</p> <p>61 Öl</p> <p>61.1 Belgía</p> <p>61.2 Bretland og Írland</p> <p>61.3 Þýskaland</p> <p>61.4 Stát-porter</p> <p>61.5 Annað</p> <p>62 Annar björ</p> <p>62.1 Hveitibjör</p> <p>62.2 Lambik</p> <p>62.3 Annar</p> <p>90 Niðurlagðir ávextir</p> |
|--|---|

1.13 Orðskýringar.

Söluflokkur: Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR.

Dæmi: Kjarni.

Vöruflokkur: Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluaðferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.

Flokksdeild: Skipan vöru í hóp eftir upprunasvæði, hráefni, framleiðsluaðferð eða stærð umbúða. Dæmi: Rauðvín frá Chile, kókoslíkjör. Hvert undirnúmer vöruflokks og vöruflokkur, sem ekki hefur undirnúmer, telst flokksdeild.

Áfengistegund: Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.

Sölutegund: Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í verðskrár ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.

2. Um meðferð beiðni um skráningu vöru í reynslusölu.
- 2.1 Færa skal erindi í skrá í þeirri röð sem þau berast. Sendi birgir tvö eða fleiri boð samtímis, skal hann skrá á tilboðsblöðin þá röð, sem hann óskar að fylgt verði við skráninguna. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð. Beiðni um skráningu verður ekki afturkölluð án samþykkis ÁTVR. Skráin sé til sýnis í afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, Reykjavík.
- 2.2 Fjórum mánuðum áður en reynslusala á að hefjast kynni ÁTVR öllum þeim, sem leyfi hafa til að selja ÁTVR áfengi, þá vöru sem hefja á reynslusölu og óskar verðboðs í vöruna. Samið skal við þann, er lægst verð býður, enda geti hann sýnt fram á að hann geti tryggt samfellt framboð á vörunni. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en reynslusala hefst. Takist samningar eigi fyrir þau mörk vegna tömlætis birgis fellur tilboð hans af tilboðsskrá. Hefjist sala eigi innan mánaðar frá upphafsdegi sölu skv. samningi, fellur samningurinn úr gildi.

- 2.3 ÁTVR mun hafna skráningu á vöru, taki umbúðir hennar meira hillurými miðað við magn en almennt gerist.
3. Um samning um sölu vöru í kjarna.
- 3.1 Þegar sýnt er, að vara í reynslusölu hefur selst í nægilegu magni til að komast í kjarna, sbr. tl. 1.10, skal gerður nýr samningur um sölu vörunnar í kjarna. Berist ÁTVR boð um betra verð í vöru en samningsaðili býður, skal ÁTVR segja samningnum upp með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara og óska verðboðs í vöruna hjá þeim, sem leyfi hafa til að selja ÁTVR áfengi og tryggt geti samfellt framboð af vörunni. Vara á nýju verði, sem þannig er boðið, komi eigi í sölu fyrr en viðskiptasamningur um vöruna er úr gildi fallinn, nema vara reynist ófáanleg.
- 3.2 Samningi um vöru í kjarna, sem gerður hefur verið í beinu framhaldi af reynslusölu, verður ekki slitið vegna verðboða frá öðrum aðila, fyrr en varan hefur verið a.m.k. 6 mánuði í kjarna.
4. Um sérpantanir.
- 4.1 ÁTVR heldur uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið fram í öðrum sölu-flokkum.
- 4.2 Allar verslanir ÁTVR veita pöntunum á áfengi frá innlendum birgjum viðtöku enda sé vara sú sem eftir er leitað í verðskrá yfir sérpantanir. Af hverri söluveiningu greiðir kaupandi 75 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að sölutegundin sé ekki fáanleg. Varan verður afhent kaupanda í þeirri verslun sem hún var pöntuð. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.
5. Skilmálar í viðskiptum við birgja sem selja áfengi í kjarna, í reynsluflokki eða í mánaðarflokki.
- 5.1 Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Birgi á EES svæði er heimilt að bjóða verð vöru í mynt lands innan svæðisins að eigin vali. Birgir utan svæðisins skal bjóða verð í USD, GBP eða EVRU. Allir verðþættir vöru skulu vera í sömu mynt.
- 5.2 Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem ÁTVR lætur í té.
- 5.3 Vöruvottun og sýnishorn, tvær söluveiningar, skulu send ÁTVR án endurgjalds, þegar þess er óskað, að jafnaði 14 vikum áður en reynslusala hefst. Merkimiðar séu samkvæmt almennum reglum og beri með sér stærð umbúða og magn vínanda miðað við rúmmál. Sömu reglur gilda um mánaðarvöru að því frátöldu að um dagsetningu skila á sýnishornum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni.
- 5.4 Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög og reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki – EAN eða UPS - verða að vera á hverri söluveiningu og á hverjum kassa. ÁTVR getur veitt birgi frest til að strikamerkjá kassa í allt að 12 mánuði frá gildistöku þessara reglna.
- 5.5 Merking á smásöluumbúðum bjórs verði þessi:
- Nafn vöru.
- Nafn og heimili framleiðanda er fyllir á umbúðir eða selur ÁTVR.
- Magn vínanda miðað við rúmmál eða þyngd. Viðmiðun við rúmmál er ákjósanleg. Innihald mælt í millilítrum eða sentilítrum.
- Endingartími: „best fyrir“. Bjór í flöskum eða dósnum hafi a.m.k. 6 mánaða geymslu-þol.

- Innihaldslýsing, t.d. vatn, malt, maís, humlar, ger, sykur, geymsluþolsauki E....., litarefni E....., hleypir E..... .
- 5.6 Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímanna nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fáa hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínanda-styrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.
- 5.7 Vara í reynslusölu og kjarna sem hefur „best fyrir“ merkingu, verður að eiga a.m.k. 2 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hún berst í vöruhús ÁTVR.
- 5.8 Hámarksstærð sölueiningar er 5 lítrar. Dósir séu með föstum flipa. Varan sé afhent á EUR- eða American Standard vörubretti. Mesta þyngd vöru og brettis sé 900 kg og mesta hæð þess 150 cm. Sé hleðsla á bretti umfram 70 cm að hæð, skal vefja vörunar plastskaeni.
- 5.9 Í samningi skal tilgreina hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR fari fram og hvenær sala skuli hefjast. Pöntun skal staðfesta með formlegum hætti innan 9 daga. Pöntun á kjarnavöru telst ekki staðfest nema staðfestingunni fylgi upplýsingar um afhendingarviku. Berist staðfesting ekki innan 30 daga frá pöntun eða verði vara í kjarna ekki afhent innan 90 daga frá pöntun, fellur samningur um vöruna úr gildi svo og allar óafgreiddar pantanir á vörunni.
- 5.10 Við afhendingu vöru skal gæta eftirtalinna atriða:
 Hver pöntun sé afhent sérstaklega ásamt afhendingarseðli í vöruhúsi ÁTVR. Afhendingarseðill verður að vera sundurliðaður eftir vörunúmerum birgis eða ÁTVR. Vöruheiti, stærð umbúða og magn sé skilgreint. Afrit afhendingarseðils eða reiknings berist ÁTVR degi fyrir afhendingu vöru. Hver pöntun sé merkt með pöntunarnúmeri ÁTVR á plastskaeni, kassa eða vörubretti. Sé reglum þessum ekki fylgt, getur ÁTVR hafnað móttöku vöru.
- 5.11 Þeir, sem bjóða vöru í reynslusölu, skuldbinda sig til að lána ÁTVR vöruna reynslutímanna. ÁTVR greiðir lánardrottni selda vöru eigi síðar en á 10. degi eftir lok sölumánaðar. Birgjar skuldbinda sig og til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans. Sæki birgir eigi vöru sína innan 4 starfsdaga í birgðastöð ÁTVR verður hún send til hans á hans kostnað. Verði varan valin í kjarna fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir. Reglur þessar gilda eftir því sem við á um vörur í mánaðarflokki.
- 5.12 Um greiðslu fyrir vöru í kjarna fer eftir því sem um semst milli birgis og ÁTVR. Greiðslufrestur skal þó aldrei vera skemmri en til næsta greiðsludags aðfanga, en greiðsludagar ÁTVR eru 16. hvers mánaðar og síðasti dagur mánaðar. Beri greiðsludag upp á frídag er næsti vinnudagur greiðsludagur.
- 5.13 Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. febrúar, 1. júní og 1. október. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara, þ.e. eigi síðar en 1. desember, 1. apríl og 1. ágúst Óheimilt er birgi að breyta verði á áfengi sem er í reynslusölu.
6. Reglur fyrir birgja er bjóða áfengi í sérpöntunarþjónustu.
- 6.1 Verð: Verð skal vera í íslenskum krónum. Verði sérpantana er aðeins hægt að breyta við gildistöku nýrrar verðskrár ÁTVR.
- 6.2 Verðskrá: ÁTVR birtir verðskrá yfir vörur þær sem hér um ræðir 1. febrúar, 1. júní og 1. október. Upplýsingar um vöru, þ.m.t. afskráningu, skulu berast ÁTVR eigi síðar en 1. desember, 1. apríl og 1. ágúst.
- 6.3 Ferill vöru: Birgir afhendir ÁTVR vöruna án endurgjalds en fær andvirði hennar greitt samkv. ákv. tl. 5.12.
- 6.4 Frestur birgis til að afhenda vöru frá því hann fær pöntun ÁTVR er 3 virkir dagar.

- 6.5 Birgir skal afhenda vöruna til þjónustudeildar Heiðrúnar, Stuðlahálsi 2, Reykjavík.
- 6.6 Leysi sá, er pantaði vöruna, hana ekki til sín innan 4 virkra daga frá því varan var tilbúin til afhendingar í verslun ÁTVR, endursendir ÁTVR vöruna til birgis.
- 6.7 Í þeim tilvikum, þegar verðbreyting tekur gildi milli pöntunar viðskiptavinar ÁTVR og afhendingar vöru til hans, mun varan afhent á nýja verðinu og uppgjör við birgi vera í samræmi við það verð.
- 6.8 ÁTVR getur samið við birgi um að nokkurt magn vöru hans sé vistað hjá ÁTVR til að flýta megi afhendingu áfengis til kaupanda. Um móttöku og skil þeirrar vöru gilda sömu reglur og gilda um vöru í reynsluflokki.
- 6.9 Um vöru, meðferð hennar og greiðslur gilda að öðru leyti ákv. 5. kafla þessara reglna nema sérstaklega sé samið um annað.
7. Ábyrgð á vöru.
- 7.1 Um ábyrgð gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.
- 7.2 Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.
- 7.3. Taki birgir eigi til sín gallaða vöru eða vöru sem ekki hefur selst nægilega í reynsluflokki eða mánaðarflokki áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu.
8. Gildistaka.
- 8.1 Reglur þessar koma í stað reglna nr. 105/1999 og taka gildi 1. febrúar 2000. Ákvæði tl. 1.10, 1.11 og 1.12 reglna nr. 105/1999 gilda til og með 31. janúar 2001 um þær sölutegundir sem komnar voru í kjarna 31. janúar 2000. Sömu ákvæði gilda um þær vörur sem komu í reynslusölu í desember 1999 eða fyrr. Tryggi þessar reglur betur veru vöru í kjarna og árangursríka reynslusölu en reglur nr. 105/1999, skal þeim beitt. Vörum á biðlista til reynslusölu skal raða á ný í samræmi við reglur þessar og gildir sú röðun frá 1. febrúar 2000 um allar aðrar vörur en þær, sem þá hefur verið samið um að komi í reynslusölu.

Reykjavík, 20. október 1999.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen

Sigurður M. Magnússon

Árni Tómasson

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 6. desember 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Marianna Jónasdóttir.

REGLUGERÐ

um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerðin gildir um eftirlit með innflutningi sjávarafurða og eftirlit með sjávarafurðum sem koma til landsins á leið til þriðja ríkis.

2. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari telst:

Sjávarafli: Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr.

Fiskafurðir: Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávaraflla.

Sjávarafurðir: Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

Vörur: Sjávarafurðir sem ætlaðar eru til innflutnings.

Vörusending: Magn afurða af sömu tegund, sem eru á sama heilbrigðisvottorði eða öðrum skjölum, sem fluttar eru með sama flutningstækinu og koma frá einu og sama ríki eða hluta þess.

Landamærastöð: Eftirlitsstöð á landamærum Evrópska efnahagssvæðisins, tilnefnd og samþykkt til að þar megi fara fram eftirlit með vörum frá þriðja ríki.

Innflytjandi: Einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir komu sendingar til landsins.

Innflutningur: Sú aðgerð eða sú ætlun að koma vörum í frjálst flæði á Evrópska efnahagssvæðinu.

Innflutningsskilyrði: Heilbrigðiskröfur samkvæmt gildandi lögum og reglum sem vörur verða að uppfylla til að þær megi flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið.

Eftirlitsaðili: Fiskistofa eða annar eftirlitsaðili sem á vegum hennar er falið eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

Eftirlitsmaður: Opinber eftirlitsmaður sem á vegum Fiskistofu annast eftirlit á landamærastöð og er ábyrgur fyrir því eftirliti sem þar fer fram.

Vinnsluskip: Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð, honum pakkað og hann hefur verið flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski teljast ekki vinnsluskip.

Vinnsluleyfifisafi: Aðili sem fengið hefur tölusett leyfi frá lögbæru yfirvaldi til vinnslu, meðferðar, þökkunar eða geymslu sjávarafurða til staðfestingar því að settum skilyrðum laga og reglugerða sé fullnægt.

Þriðja ríki: Ríki sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Viðauka-B-skjal: Vottorð til staðfestingar heilbrigðiseftirliti með vörum sem fluttar eru inn á Evrópska efnahagssvæðið frá þriðja ríki, sbr. viðauki B með reglugerð þessari.

Animo netkerfið: Samræmt tölvukerfi til notkunar á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. gr.

Fiskistofa eða annar eftirlitsaðili sem á vegum hennar er falið eftirlit annast eftirlit samkvæmt reglugerð þessari.

Eftirlitsmaður á hverri landamærastöð er ábyrgur fyrir því eftirliti sem þar fer fram.

II. KAFLI

Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

4. gr.

Innflytjandi skal tilkynna Fiskistofu um komu sendingar með 24 klst. fyrirvara.

Tilkynningin skal vera skrifleg og í henni skal koma fram áætlaður komutími, innflutningsstaður, magn, tegund, lýsing á vöru og ákvörðunarstaður, nafn flutningatækis, og eftir því sem við á, skipaskrárnúmer eða flugnúmer.

5. gr.

Vinnsluleyfshafi eða annar viðtakandi sendingar frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal halda dagbók yfir mótteknar vörur og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala áður en þær fara til vinnslu eða dreifingar. Komi fram mismæmi skal tilkynna það Fiskistofu án tafar.

Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

6. gr.

Eftirlitsaðila er heimil, án mismununar, skyndiskoðun og sýnataka til rannsóknna úr vörum, sem fluttar eru inn frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fiskistofa skal gera áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra og senda til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni úr henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni.

7. gr.

Komist eftirlitsaðili að því að um sé að ræða fisksjúkdóm, eða að fyrir hendi sé eitthvert það ástand sem stofnað geti dýrum eða mönnum í hættu eða að vörur komi frá svæði sem smitað sé af fisksjúkdómi skal Fiskistofa þegar í stað óska þess að fisksjúkdómanefnd ákveði viðeigandi ráðstafanir.

Fiskistofa skal þegar í stað tilkynna skriflega lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja og Eftirlitsstofnun EFTA með viðeigandi hætti um þær upplýsingar sem fyrir liggja, ákvarðanir sem teknar hafa verið og rökstuðning fyrir þeim.

8. gr.

Komist eftirlitsaðili að því að vörusending fullnægi ekki skilyrðum sem sett eru í lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, getur Fiskistofa leyft sendanda eða fulltrúa hans að velja á milli þess að eyða vörum eða nota þær í öðrum tilgangi, þar með talið að endursenda þær með leyfi lögbærs yfirvalds framleiðslulands.

Reynist vottorð eða skýrslur ekki vera í samræmi við settar reglur skal veita sendanda hæfilegan frest til að koma skjölum í lag áður en gripið er til framangreindra úrræða.

Fiskistofa skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum þess ríkis sem sending kemur frá tilkynningu um ákvarðanir skv. 1. mgr., rökstuðning fyrir þeim og um ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Komi ítrekað í ljós að vörur frá sama aðila fullnægi ekki skilyrðum skv. 1. mgr. skal Fiskistofa tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi yfirvöldum annarra EES-ríkja. Þar til Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir Fiskistofu um ráðstafanir gagnvart viðkomandi starfstöð er Fiskistofu heimilt að auka tíðni skoðana á vörum frá henni.

9. gr.

Fiskistofa skal tilkynna sendanda eða fulltrúa hans skriflega um ákvarðanir sem teknar eru skv. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. og rökstuðning fyrir þeim.

Fiskistofa skal að ósk sendanda eða fulltrúa hans veita honum nákvæmar upplýsingar um réttarárræði sem hann hefur samkvæmt íslenskum lögum, um málsmeðferðarreglug og tímafresti.

III. KAFLI

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

10. gr.

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með vörum uppfylli kröfur sem gilda á því svæði.

Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir ríki, svæði og starfstöðvar sem innflutningur er heimill frá og birtir auglýsingu um hana og breytingar á henni í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Skylt er að tilkynna Fiskistofu með 24 klst. fyrirvara um komu sendingar til landsins. Tilkynningin skal send á formi sem fram kemur í viðauka B. Skjalið skal vera í fjórum eintökum, eitt frumrit og þrjú afrit, og skal innflytjandi eða fulltrúi hans fylla út 1. lið á öllum fjórum eintökunum. Hann skal senda eitt eintak til viðkomandi tollyfirvalda, og senda frumritið og hin afritin tvö til Fiskistofu.

Í stað tilkynningar á því formi sem kemur fram í 1. mgr. er heimilt að senda tilkynningu skriflega eða á tölvutæku formi með upplýsingum í samræmi við það sem skal koma fram á viðauka-B-skjali.

Eigi að afferma vörur á einhvern hátt skal það tilkynnt Fiskistofu.

Öllum sendingum skal fylgja frumrit heilbrigðisvottorðs og annarra skjala sem krafist er.

12. gr.

Innflutningur skal fara um landamærastöðvar, sbr. 1. mgr. 13. gr.

Heimilt er að landa ferskum afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

13. gr.

Landamærastöðvar skulu staðsettar á Ísafirði, Akureyri, Eskifirði, Keflavíkurflugvelli, í Hafnarfirði og í Reykjavík. Fiskmjöl má aðeins fara um landamærastöðvar í Reykjavík og á Akureyri. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.

Landamærastöðvar skulu uppfylla þau skilyrði er fram koma í viðauka E við reglugerð þessa.

Heimilt er að setja upp útibú frá landamærastöðvum, þ.e. skoðunarstöðvar, er heyrir undir tiltekna landamærastöð, sbr. 2. tl. 2. mgr. viðauka E og skulu þær uppfylla þau skilyrði er þar koma fram.

14. gr.

Eftirlit á landamærastöðvum er þrjúþætt og skal fara fram þegar við komu sendingar til landsins:

1. *Eftirlit með skjölum.* Með því er átt við eftirlit með heilbrigðisvottorðum, vinnsluleyfisnúmerum og öðrum skjölum sem fylgja sendingu.
2. *Eftirlit með auðkenningu.* Með því er átt við að fram fari samanburður á skjölum og sendingu og sannreynt sé að samræmi sé þar á milli.

3. *Eftirlit með heilnæmi.* Skoðun á vörunni sjálfri sem getur m.a. falist í athugun á umbúðum og hitastigi, ásamt sýnatöku og rannsóknastofuprófunum. Frekari reglur um eftirlit samkvæmt 1., 2., og 3. lið eru í viðauka A, C, og D við reglugerð þessa.

15. gr.

Eftirlit skal fara fram samkvæmt 1., 2. og 3. lið 14. gr.:

1. Þegar flytja á vörur inn til landsins.
2. Þegar geyma á vörur í vöruheymslu farmflytjanda, almennri tollvöruheymslu, á frísvæði eða í tollfrjálsri forðageymslu.
3. Þegar vörur eiga að fara til ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda eða innflutningur hefur verið leyfður í sérstökum tilgangi og þær á að flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið.

Eftirlit skal fara fram samkvæmt 1. og 2. lið 14. gr.:

1. Þegar um tímabundna affermingu vara er að ræða og þær á að flytja til þriðja ríkis.
2. Þegar vörur koma inn til landsins á grundvelli 26. gr. reglugerðar þessarar.
3. Þegar vörur eru fluttar milli flutningstækja og þær á að flytja áfram til þriðja ríkis. Þó er heimilt að víkja frá þessu ef vara er flutt innan tollsvæðis.

Eftirlit skal fara fram samkvæmt 1. lið 14. gr. þegar vörur eru fluttar milli flutningstækja eða um tímabundna affermingu er að ræða og þær á að flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið. Fari flutningur fram innan tollsvæðis er slíkt eftirlit þó ekki skylt en má fara fram ef grunur leikur á að heilbrigði manna eða dýra sé stofnað í hættu.

Vakni grunur um að heilbrigði manna eða dýra sé stofnað í hættu eða að um sé að ræða brot á lögum eða reglum skal framkvæma ríkara eftirlit, þ. á m. heilnæmisskoðun.

16. gr.

Leiði eftirlit í ljós að vörusending sé líkleg til að stofna heilbrigði manna eða dýra í hættu skal eftirlitsaðili sjá til þess að vörunum verði eytt eins fljótt og kostur er. Fiskistofa skal upplýsa aðrar landamærastöðvar og Eftirlitsstofnun EFTA um fundinn og uppruna varanna í gegnum viðeigandi tölvukerfi samkvæmt kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

17. gr.

Að loknu eftirliti skal eftirlitsmaður gefa út viðauka-B-skjal og staðfesta það með undirritun sinni. Frumritið skal síðan afhent viðkomandi tollyfirvöldum áður en tollafgreiðsla fer fram. Frumrit skjalsins skal fylgja vörunum á meðan þær eru undir tolleftirliti eða þar til þær komast til ákvörðunarstaðar. Innflytjanda skal afhent afrit af skjalinu og skal annað afrit varðveitt á landamærastöð í þrjú ár hið minnsta.

Innflutningur skal aðeins leyfður að fram komi á viðauka-B-skjali að vörunar hafi staðist eftirlit og aðeins í samræmi við þær kröfur sem koma fram á viðauka-B-skjali.

Eftirlitsmaður skal afhenda innflytjanda afrit af heilbrigðisvottorði og öðrum skjölum er vörunni fylgja. Skulu frumritin varðveitt á landamærastöð í þrjú ár hið minnsta.

18. gr.

Áður en tollafgreiðsla fer fram verður að inna greiðslu vegna eftirlitsins af hendi og, ef við á, leggja fram bankatryggingu fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

19. gr.

Við flutning vara til og frá vörugeymslu farmflytjanda, almennri tollvörugeymslu, frísvæði eða tollfrjálsri forðageymslu og við flutning milli geymslna skulu vörur vera undir tollefirtiliti og skulu flutningstæki vera innsiglið.

Vörunum skal fylgja viðauka-B-skjal ásamt afriti af upprunalegu heilbrigðisvottorði eða öðrum skjölum sem vörunni fylgja. Ef um er að ræða flutning frá einni geymslu til annarrar skal gefið út viðauka-B-skjal á grundvelli þeirra skjala sem fylgdu vörusendingunni og þess eftirlits sem fram hefur farið meðan á geymslunni stóð.

20. gr.

Sé sendingu skipt í fleiri en einn hluta skal gefa út nýtt viðauka-B-skjal fyrir hvern hluta fyrir sig. Skjalið skal fylgja viðkomandi hluta meðan hann er undir tollefirtiliti eða þar til hann kemst til ákvörðunarstaðar.

21. gr.

Komi sending frá þriðja ríki og áfangastaður hennar er annað þriðja ríki, skal eftirlitsaðili heimila slíkan flutning að því tilskildu að vörurnar komi ekki frá þriðja ríki sem innflutningur hefur verið bannaður frá.

Víkja má frá skilyrði 1. mgr. ef um er að ræða flutning úr einu flutningstæki í annað í þeim tilgangi að senda þær áfram án frekari viðkomu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Flutningur skv. 1. mgr. þarf að hafa verið heimilaður af yfirvöldum þess ríkis sem vörurnar komu fyrst inn á á Evrópska efnahagssvæðinu. Innflytjandi skal skuldbinda sig til þess að taka vörurnar aftur ef þeim er hafnað og skal láta farga þeim í samræmi við 30. gr.

Eftirlitsmaður skal senda tilkynningu um flutninginn í gegnum Animo netkerfið. Skal hann auk þess votta á viðauka-B-skjalið að vörurnar hafi yfirgefið Evrópska efnahagssvæðið og skal hann senda afrit af skjalinu með viðeigandi hætti.

22. gr.

Leiði eftirlit skv. 14. og 15. gr. í ljós að vörur uppfylla ekki innflutningsskilyrði, má aðeins flytja þær til vörugeymslu farmflytjanda, almennrar tollvörugeymslu eða frísvæðis að uppfylltum skilyrðum 2.-6. mgr. þessarar greinar.

Innflutningur má ekki hafa verið bannaður frá viðkomandi ríki.

Viðkomandi geymsla skal hafa verið viðurkennd af eftirlitsaðila. Geymslan skal vera aflokuð og inn- og útkeyrslur undir stöðugu eftirliti. Geymslan skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til slíks húsnæðis.

Halda skal skrá um daglega komu og brottför vörusendinga til og frá geymslunni. Þar skal koma fram vörutegund, magn og nafn og heimilisfang móttakanda. Skrárnar skal varðveita í a.m.k. 3 ár.

Vörurnar þarf að vera hægt að geyma í geymslurýmum aðskildar frá öðrum vörum. Þegar um er að ræða geymslur sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar nægri að unnt sé að skilja vörurnar að, enda sé rýmið læsanlegt.

Til staðar skal vera aðstaða fyrir eftirlitsaðila.

Vörur sem ekki uppfylla innflutningsskilyrði má aðeins flytja frá geymslu ef þær á að flytja til þriðja ríkis og skal þá flutningur fara fram í samræmi við 21. gr., til tollfrjálsrar forðageymslu sbr. 23. gr. eða þær á að flytja til förgunar og skulu þær þá áður gerðar óhæfar til neyslu.

Leiði eftirlit í ljós að innflytjandi hafi gefið rangar upplýsingar um vöru eða ákvörðunarstað hennar skal honum gert að farga vörunum í samræmi við 25. gr.

Vörur skal flytja í vatnspétu, innsigliðu flutningstæki undir eftirliti eftirlitsaðila. Óheimilt er að flytja vörurnar úr einu flutningstæki í annað eða að flytja þær milli geymslna.

23. gr.

Birgðahaldarar sem geyma vörur, sem vísað er til í 1. mgr. 22. gr., í tollfrjálsum forðageymslum og ætlaðar eru til neyslu fyrir áhöfn og farþega um borð í farartækjum í millilandaflutningum skulu hafa fengið sérstakt leyfi Fiskistofu.

Slíkar vörur má ekki vinna nema þær séu í samræmi við heilbrigðiskröfur er gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Vörurnar mega ekki koma frá ríkjum sem innflutningur hefur verið bannaður frá. Birgðahaldari er ábyrgur fyrir því að vörurnar fari ekki til neyslu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þar til vörurnar eru fluttar um borð í viðkomandi farartæki skulu þær geymdar í lokuðum forðageymslum sem uppfylla kröfur til slíks húsnæðis og vera undir stöðugu eftirliti. Vörur sem ekki uppfylla heilbrigðiskröfur skal vera hægt að geyma aðskildar frá öðrum vörum. Fiskistofu skal þegar í stað tilkynnt um komu sendingar til birgðageymslu. Birgðahaldari skal halda skrá yfir komu og brottför vörusendinga í a.m.k. 3 ár þannig að hægt sé að fylgjast með þeim vörum sem eru í forðageymslu hverju sinni.

Fiskistofu skal tilkynnt fyrirfram um flutning vöru úr forðageymslu ásamt upplýsingum um endanlegan ákvörðunarstað. Vörurnar skulu fluttar beint frá landamærastöð um borð í viðkomandi farartæki eða í sérstaklega samþykktu forðageymslu á hafnar- eða flugvallarsvæði. Tryggt skal að vörurnar geti ekki farið af svæðinu á annan áfangastað en þeim er ætlaður. Birgðahaldari skal færa fram sönnur á að vörurnar hafi náð endanlegum ákvörðunarstað.

Fiskistofa skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis, sem varan á að fara um, um flutninginn og ákvörðunarstað vörunnar í gegnum Animo netkerfið.

Brjótí birgðahaldari gegn ákvæði þessu skal Fiskistofa fella leyfi hans úr gildi og tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

24. gr.

Heimilt er að banna flutning vara til vörugæmslu farmflytjanda, almennrar tollvörugæmslu, frísvæðis eða tollfrjálsrar forðageymslu ef eftirlitsmaður telur heilbrigðiskröfum ekki fullnægt.

25. gr.

Ef vörur eiga að fara til ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda, sýni hafa verið tekin en niðurstöður liggja ekki fyrir þegar vara fer frá viðkomandi landamærastöð eða innflutningur er leyfður í sérstökum tilgangi, skal eftirlitsaðili senda upplýsingar um það til viðkomandi landamærastöðvar í móttökuríki í gegnum Animo netkerfið.

Þegar um er að ræða vörur sem eiga að fara til ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda eða innflutningur hefur verið leyfður í sérstökum tilgangi skal gengið úr skugga um hvort vörurnar uppfylli þær sérstöku kröfur sem gilda í því ríki eða svæði sem vörurnar eiga að fara til. Eftirlitsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörurnar komist á áfangastað.

26. gr.

Vörur sem upprunnar eru í einhverju af aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hafnað er af þriðja ríki skal vera heimilt að flytja inn til landsins að því tilskildu að þeim fylgi upprunalegt heilbrigðisvottorð eða afrit staðfest af eftirlitsaðila sem skoðað hefur vottorðið. Þar skal koma fram ástæða höfnunarinnar og að ábyrgst sé að skilyrði við geymslu

og flutning hafi verið fullnægjandi og að vörurnar hafi ekki verið meðhöndlaðar. Ef um innsiglaða gáma er að ræða þarf að fylgja vottorð flutningsaðila um að innihaldið hafi ekki verið affermt eða meðhöndlað á nokkurn hátt.

Fiskistofa getur ekki hafnað innflutningi í slíkum tilvikum ef lögbært yfirvald í upp-
runaríki hefur samþykkt að taka vörurnar til baka og að uppfylltum skilyrðum 1. mgr.

Vörurnar skulu fluttar í vatnspéttum flutningstækjum, auðkenndum og innsigliðum af eftirlitsaðila.

Fiskistofa skal gera lögbæru yfirvaldi þess ríkis sem vörurnar eiga að fara til viðvart í gegnum Animo netkerfið.

27. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um vörur:

1. Sem eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra, að því tilskildu að magnið sé innan leyfilegra marka og að vörurnar komi frá þriðja ríki eða svæði sem er að finna á skrá sjávarútvegsráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 10. gr., og að innflutningur sé ekki bannaður frá viðkomandi ríki eða svæði.
2. Sem eru sendar til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessara vara sé ekki viðskiptalegs eðlis, að magnið sé innan leyfilegra marka, að vörurnar komi frá þriðja ríki eða svæði sem er að finna á skrá sjávarútvegsráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 10. gr. og að innflutningur frá viðkomandi ríki eða svæði sé ekki bannaður.
3. Sem eru ætlaðar áhöfn og farþegum til neyslu um borð í flutningatækjum í millilandaflutningum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Slíkum vörum eða matarúrgangi skal fargað þar sem afferming fer fram. Ekki er þó nauðsynlegt að farga vörum ef þær eru fluttar beint og undir tolleftirliti úr einu flutningstæki í annað innan tollsvæðis.
4. Sem hafa fengið hitameðhöndlun í loftþéttum flátum með Fo-gildi 3,00 eða meira, ef magnið er innan leyfilegra marka og eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra eða eru sendar í litlum pakkningum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessara vara sé ekki viðskiptalegs eðlis.
5. Sem eru sendar sem sýnishorn vöru eða eru ætlaðar til sýningar, að því tilskildu að þær séu ekki ætlaðar til markaðssetningar og innflutningur hafi verið leyfður í þessum tilgangi af eftirlitsaðila.
6. Sem ætlaðar eru til ákveðinna rannsókna eða efnagreininga.

Undantekningar þær sem kveðið er á um í 5. og 6. tölul. eiga við að því leyti sem mögulegt er að ákvarða út frá eftirliti að slíkar vörur séu ekki ætlaðar til manneldis.

Í þeim tilvikum sem um ræðir í 5. og 6. tölul. þessarar greinar skal tryggt að þær vörur sem um ræðir geti ekki verið notaðar í öðrum tilgangi en innflutningur þeirra er leyfður fyrir. Að lokinni notkun skal þessum vörum eytt eða þær endursendar með þeim skilyrðum er eftirlitsaðili setur.

28. gr.

Komi vörur til landsins án þess að hafa fyrst sætt eftirliti á landamærastöð skal eftirlitsaðili ákvarða hvort þær skuli endursendar í samræmi við 2. mgr. eða þeim fargað í samræmi við 3. mgr.

Leiði eftirlit skv. 14. og 15 gr. þessarar reglugerðar í ljós að vörur uppfylla ekki kröfur sem settar eru í lögum eða reglum eða að slíkt eftirlit kemur upp um ólögmeitt atferli skal eftirlitsaðili, í samráði við innflytjanda, fyrirskipa endursendingu vörunnar til ákvörðunarstaðar utan Evrópska efnahagssvæðisins sem samþykktur er af innflytjanda, með sama flutningsmáta, innan 60 daga, komi niðurstöður úr eftirliti eða heilbrigðiskröfur ekki í veg fyrir

slíkt. Eftirlitsmaður skal gera heilbrigðisvottorðið er fylgdi vörunum ógilt með viðeigandi hætti svo ekki sé mögulegt að flytja sömu vörur inn í gegnum aðra landamærastöð.

Sé endursending óframkvæmanleg, 60 daga tímamarkið liðið eða innflytjandi samþykkir að slíkt sé framkvæmt þegar í stað, skal farga vörinni í samræmi við 30. gr.

Eftirlitsmaður skal koma upplýsingum um framangreindar aðgerðir áfram um viðeigandi tölvukerfi samkvæmt kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þar til endursending fer fram eða staðfesting fæst á ástæðum höfnunar skulu viðkomandi vörur geymdar undir eftirliti Fiskistofu á kostnað innflytjanda

Unnt er að veita undanþágu frá ákvæðum 2. og 3. mgr., meðal annars til þess að heimila að vörur séu notaðar í öðrum tilgangi en til manneldis.

29. gr.

Leiki grunur á að ekki hafi verið farið eftir heilbrigðislöggjöf eða vafi leikur á um auðkenningu vöru, endanlegan ákvörðunarstað hennar, hvort varan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hennar í lögum og reglum, eða að hún sé í samræmi við þær heilbrigðiskröfur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu skal Fiskistofa eða eftirlitsmaður framkvæma það eftirlit sem talið er nauðsynlegt til að staðfesta eða afsanna slíkan grun. Vörurnar skulu vera undir eftirliti Fiskistofu þar til niðurstöður eftirlits liggja fyrir. Reynist slíkur grunur á rökum reistur skal fara fram aukið eftirlit á vörum af sama uppruna.

30. gr.

Ef ákveðið er að farga vörum skal eftirlitsaðili gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörurnar og förgun á þeim sé undir stöðugu opinberu eftirliti. Förgun skal fara fram á landamærastöð eða á viðeigandi stað eins nálægt viðkomandi landamærastöð og kostur er.

Heimili Fiskistofa að vörur séu notaðar í öðrum tilgangi en til manneldis, sbr. 5. mgr. 28. gr., skal eftirlitsaðili fylgjast með meðhöndlun og flutningi þeirra, sem fram skal fara í samræmi við kröfur reglugerðar um framleiðslu á fiskmjöli og lýsi.

31. gr.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir öllum kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

32. gr.

Ef Fiskistofa telur, á grundvelli eftirlits á vörum sem markaðssettar skulu hér á landi, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar reglugerðar í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins skal Fiskistofa þegar í stað gera lögbærum yfirvöldum þess ríkis viðvart. Ef Fiskistofa telur skýringar eða ráðstafanir ófullnægjandi skal hún ásamt lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi ríkis leita leiða til að bæta ástandið.

Leiði eftirlit sem um getur í 1. mgr. í ljós ítrekað brot á ákvæðum þessarar reglugerðar skal Fiskistofa tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA. Þar til tilkynning berst frá Eftirlitsstofnun EFTA um aðgerðir sem grípa á til er Fiskistofu heimilt að efla eftirlit með vörum sem koma frá viðkomandi eftirlitsstað.

33. gr.

Fiskistofa skal tilkynna hlutaðeigandi aðilum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar reglugerðar og um rökstuðning fyrir þeim.

Óski viðkomandi aðili þess, skulu upplýsingar skv. 1. mgr. afhentar honum skriflega, ásamt upplýsingum um þau réttarræði sem hann hefur samkvæmt íslenskum lögum, málsmeðferðarreglugerð og tímafresti.

IV. KAFLI
Öryggisákvæði.

34. gr.

Í þeim tilfellum sem sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði manna og dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna eða dýra réttlætir slíkt getur sjávarútvegsráðuneytið, án fyrirvara, stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

36. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 14. desember 1999.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

um stjórn Grindavíkurkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Grindavíkurkaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Grindavíkurkaupstaðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fund einu sinni í hverjum mánuði, að jafnaði annan miðvikudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skyld er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Bæjarbúum skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggunum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarstjórnarmönnum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarins, skrifstofu bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni, skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri tveggja varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbragði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.

3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarstjórnarmanni er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

23. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarstjórnarmanna sé vanhæfur. Bæjarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftár til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftár en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarstjórnarmaður ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handaupprettingu. Forseti biður þá bæjarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarstjórnarmaður, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarstjórnarmaður óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskrá fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna.

33. gr.

Bæjarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum þajarins. Hver bæjarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarstjórnarmanns og fundarstaðar bæjarstjórnar, getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferða- og kostnaðar. Takist bæjarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarstjórnarmenn í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarstjórnarmaður og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á miðvikudögum. Fella má bæjarráðsfund niður þá miðvikudaga sem bæjarstjórn fundar. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðsins. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjórinn varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara bæjarráðsins. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarskópum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda, nema lög ákveði annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða nefndarfundi með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögमत forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar eru fundargerðir lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráðið og/eða bæjarstjórnina.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú bæjarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um atvinnumál í bænum.
3. *Búfjárefirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fjallar um umferðarmál sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
5. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992, öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989, jafnréttismál sbr. 13. gr. laga nr. 28/1991 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992.
6. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
7. *Fulltrúa á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara.
8. *Fjallskilanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin sér um fjallskil samkvæmt fjallskilareglugerð.
9. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
10. *Heilbrigðisnefnd*. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
11. *Húsnæðisnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

12. *Íþrótt- og æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um menningarmál æskunnar. Nefndin hefur samvinnu við skóla og æskulýðs- og íþróttafélög í bænum. Nefndin fjallar um rekstur mannvirkja sem notuð eru til íþrótt- og æskulýðsstarfsemi, svo og um rekstur vinnuskóla fyrir unglinga, skólagarða og starfsvöll. Nefndin annast undirbúning hátíðarhalda á 17. júní og aðrar þær samkomur sem haldnar eru vegum bæjarins ár hvert.
13. *Menningarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um menningarmál í bænum.
14. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. (Kjörmir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.)
15. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin fer einnig með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
16. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
17. *Bókasafnsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
18. *Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum*. Einn aðalmaður og einn til vara samkvæmt samþykkt um starfsemi sambandsins.
19. *Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara samkvæmt samþykkt sorpeyðingarstöðvarinnar.
20. *Stjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja*. Tilnefning á einum stjórnarmanni og öðrum til vara sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim.
21. *Stjórn Hitaveitu Suðurnesja*. Tilnefning á einum stjórnarmanni og einum til vara sbr. lög nr. 100/1974 með síðari breytingum og reglugerð settri á grundvelli þeirra.
22. *Umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í umhverfismálum. Nefndin annast verkefni náttúruverndarnefndar sbr. 10. gr. laga nr. 44/1999 og gróðurvernd skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráðið og bæjarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjórinn er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóranum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

Forstöðumenn stofnana eða deilda ráða afleysingafólk og aðra lausráðna starfsmenn. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur bæjarins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórnarmenn og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

71. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar brýna nauðsyn ber til, ef 2/3 mætra bæjarstjórnarmanna samþykkir það.

72. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða bæjarstjórnarmanna og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Grindavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 264/1990.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 1999.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 15/1999 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1999.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, hefur ríkisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1999 til notkunar við ákvörðun á verðmæti eigna, söluhagnaði og fyrmingum eftir því sem nánar er ákveðið í þeim lögum. Verðbreytingarstuðull fyrir árið 1999 er 1,0561 miðað við 1,0000 fyrir árið 1998.

Reykjavík, 10. desember 1999.

Indriði H. Þorláksson.

17. desember 1999

Nr. 869

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Stykkishólms.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Stykkishólms er sjálfstætt fyrirtæki, sem Stykkishólmsbær á og starfrækir. Fyrirtækið heitir Hitaveita Stykkishólms og er hér eftir nefnt hitaveitan.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita heitu vatni um orkuveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Starfssvæði hitaveitunnar er Stykkishólmur.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar en framkvæmdastjórn hennar skal falin bæjarráði, eða sérstakri veitustjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar. Kjörtímabil hennar skal þá vera hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra hitaveitunnar.

5. gr.

Verkefni framkvæmdastjórnar veitunnar er:

1. Að hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
2. Að ákveða framkvæmdir varmaorkumála á orkuveitusvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
3. Að semja gjaldskrá fyrir veituna og leggja hana fyrir bæjarstjórn.
4. Að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu.
5. Að semja fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn.
6. Að gera tillögur um ráðningu fastra starfsmanna eða verktaka fyrir hitaveituna til bæjarstjórnar.
7. Að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir.

8. Að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggja þær fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

6. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reiknishald. Reiknisár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum bæjarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskoðendum hans. Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði þannig að tryggður sé öruggur rekstur veitunnar svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi. Kaupandi varmaorku eða sá, sem ber ábyrgð á greiðslu hennar nefnist notandi.

8. gr.

Varmaorka er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt reglugerð og gjaldskrá. Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu varmaorku utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar. Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitaveitukerfi húss (bakrásarvatn) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum þeim stöðum sem ekki þurfa ákveðið hitastig. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirætlum hitaveitunnar. Hitaveitan getur afturkallað slík leyfi. Hitaveitunni er heimil gjaldtaka fyrir þessa notkun samkvæmt gjaldskrá. Óheimil er að tengja vatnsdælur, varmadælur eða annan slíkan búnað við bakrennslið, nema að áður fengnu samþykki hitaveitunnar.

9. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni heita vatnsins eru án ábyrgðar hitaveitunnar.

10. gr.

Endursala varmaorkunnar er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

III. KAFLI

Veitukerfið.

11. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiaðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að tengigrindum ásamt tilheyrandi búnaði og annast rekstur hans og viðhald. Hitaveitan leggur til tengigrind í íbúðarhúsnæði og magnmæli í annað húsnæði sbr. 14. gr.

12. gr.

Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu á heitu vatni á orkuveitusvæðinu.

13. gr.

Hitaveitan annast tengingu eigin veitukerfis við húsveitu notanda. Við slíka framkvæmd skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrífalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa til fyrra horfs eins og við verður komið. Hitaveitan ákveður staðsetningu tengigrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins. Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir tengigrind og/eða annað tilheyrandi tengingu við veituna. Húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitu.

14. gr.

Húseigandi greiðir stofn- og tengigjald samkvæmt gjaldskrá. Lagnir að og frá tengigrind ásamt inntaksloka eru eign hitaveitunnar sbr. 11. gr. Hluti tengigrindar, þ.e. sía og magnmælir er í eigu hitaveitunnar, sem annast rekstur þeirra og viðhald. Aðrir hlutar tengigrindar verða í eigu og ábyrgð notanda sem skulu annast rekstur þeirra og viðhald. Tengigrindur í annað húsnæði en íbúðarhúsnæði leggur húseigandi til að öðru leyti en því að hitaveitan leggur til magnmæli.

Áður en hafist er handa um lagningu heimæðar skal lóð vera komin í sem næst rétta hæð og gluggar og hurðir húss lokanlegar. Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Óski húseigandi eftir því skal hann greiða þann aukakostnað sem af því hlýst.

15. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi/notandi annast og kosta. Húseigandi/notandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans. Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

16. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits, breytinga og lokunar. Ef inntak hitaveitu og tengigrind eru ekki í sama herbergi skal lög þar á milli vera óhulín eða í stokk sem auðvelt er að opna.

IV. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra við hitaveituna.

17. gr.

Um lögn nýrra hitunarkerfa og breytinga á eldri kerfum gilda ákvæði byggingarreglugerðar. Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytingu á eldri kerfum, skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem hitaveitan lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarfulltrúa bæjarins. Áhleypingu skal sækja um til hitaveitunnar með minnst fjögurra daga fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

18. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga ætíð rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á húsveitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra

þ.m.t. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til mælis og til aflestrar á mælitæki. Einnig til lokunar vegna vanskila eða annarra þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og hita neysluvatns sé þess óskað. Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, byggingarreglugerð, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr því verður bætt. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

19. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar án heimildar getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

20. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar. Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar. Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af hans völdum.

V. KAFLI

Skilmálar fyrir orkusölu.

21. gr.

Upphaf og lok samningsins um orkukaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis. Húseigandi ber ábyrgð á tilkynningu um notendaskipti. Vanræki húseigandi tilkynningarskyldu sína, er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir orkunotkun sem til fellur eftir að fyrri notandi yfirgaf húseignina.

22. gr.

Skilyrði varmaorkusölunnar er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun varmaorku um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds. Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur eða veita afslátt vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku.

23. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæla. Starfsmenn hitaveitunnar mega einir innsigla mæla. Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna er heimilt að gera notanda að greiða mælaálestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðrétt reikning notanda við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema notandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

24. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir heitavatnsnotkun sína samkvæmt gildandi gjaldskrá. Við breytingar á gjaldskrá skal reiknisfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma

hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til. Hitaveitan má byggja orku-reikninga á áætlun um varmaorkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun. Reikningar sem byggja á staðreyndri varmaorkunotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri orkunotkun nefnast áætlunarreikningar. Raunverulega varmaorkunotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar varmaorku-notkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar. Notandi getur þó jafnan gegn greiðslu mæla-álestrargjalds krafist aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um varmaorkunotkun vegna nýrra forsendna. Ef mælir bilar eða orkukaup eru leyfð tímabundið án mælis, áætla hitaveitan selda varmaorku með hliðsjón af hitaþörf hússins. Reikninga skal senda notanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur. Gjaldldagi reikninga er útgáfudagur. Eindagi er 15 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað. Útsending varma-orkureikninga skal fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Heimilt er að skipta reikningi vegna varmaorkukaupa um einn mæli. Sé það gert bera kaupendur um þann mæli allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á greiðslu hvers reiknings. Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva orkuafhendingu um hinn sam-eiginlega mæli samanber 1. mgr. 26. gr. Verði greiðslufall á reikningi hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan reikna dráttarvexti frá gjaldldaga reiknings hverju sinni.

25. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu varmaorku til húsveitu notanda, sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari. Beri notandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri aðvörum, sem sendist notanda með fimm daga fyrirvara. Hitaveitunni er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé hún gerð innan 20 daga frá aðvörum um hana. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Notanda ber að greiða fastagjöld samkvæmt gjaldskrá þó lokað hafi verið fyrir heita vatnið. Hitaveitan hefur rétt til að krefja notandann um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar, framkvæmd stöðvunarinnar, svo og opnun veitunnar á ný. Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal fara með það sem óleyfilega orkunotkun. Verði uppvist að varmaorka hafi verið notuð á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla þá varmaorku sem notuð var óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana á allt að þreföldu verði samkvæmt gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar þar til leiðrétt er.

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

26. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með fjárnámi sbr. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 79. gr. orkulaga nr. 58/1967.

27. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

28. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

29. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Stykkishólms, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1999.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Stykkishólms.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er kr. 89,10 fyrir hvern rúmmetra vatns.

3. gr.

Greiða skal mánaðarlegt fastagjald:

- | | |
|---------------------|-----------|
| a) Af íbúðarhúsnæði | kr. 400 |
| b) Af öðru húsnæði | kr. 2.000 |

4. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Stykkishólms, skal greiða gjald 4.000 kr. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 1.300 kr.

5. gr.

Af íbúðarhúsnæði skal greiða stofngjöld af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undan-
skilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Tengigrind er innifalin í
stofngjaldi íbúðarhúsnæðis.

Stofngjald fyrir íbúðarhúsnæði skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald + tengigjald:
Allt að 450 m ³	150.000 + 140 kr./m ³
451 – 1.000 m ³	150.000 + 63.000 + 80 kr./m ³
Yfir 1.000 m ³	150.000 + 107.000

Fyrir fleiri tengigrindur en eina skal greiða sérstakt tengigrindargjald. Tengigrindar-
gjald er kr. 130.000 á grind.

6. gr.

Fyrir annað húsnæði en flokkast undir 5. gr. skal greiða:

Stærð húss:	Stofngjald + tengigjald:
Allt að 1.000 m ³	200.000 + 140 kr./m ³
1.001 – 2.000 m ³	200.000 + 140.000 + 80 kr./m ³ yfir 1.000 m ³
Yfir 2.000 m ³	200.000 + 220.000

Húseigendur skulu sjálfir kosta tengigrindur sínar samkvæmt þessari grein, að undanskildum magnmæli sem hitaveitan leggur til.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í septembermánuði 1999.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og reglugerð nr. 869/1999 til að öðlast gildi þann 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1999.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Skagafjarðar.

I. KAFLI

Rekstrarform, tilgangur o.fl.

Eignarhald.

1. gr.

Hitaveita Skagafjarðar er fyrirtæki sem Sveitarfélagið Skagafjörður á og starfrækir sem sjálfstætt fyrirtæki, í reglugerð þessari nefnt HS.

Tilgangur.

2. gr.

Tilgangur HS er að meginstefnu rekstur hitaveitna og önnur sú starfsemi sem tengist vinnslu og sölu á heitu vatni.

Veitusvæði.

3. gr.

Veitusvæði HS er lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, en auk þess þau önnur sveitarfélög sem gera samkomulag við HS þar að lútandi. HS hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, að undanskildu því svæði sem Hitaveita Hjaltadals nær nú til.

II. KAFLI

Stjórn Hitaveitu Skagafjarðar.

Veitustjórn.

4. gr.

Veitustjórn fer með stjórn HS í umboði sveitarstjórnar. Veitustjórn (stjórn HS) skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara, kosnum af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Kjörtímabil hennar er hið sama og sveitarstjórnar. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Rétt til setu á fundum veitustjórnar, með málfrelsi og tillögurétt, hafa veitustjóri HS og sveitarstjóri sveitarfélagsins sbr. 6. gr.

Verksvið stjórnar.

5. gr.

Helstu verkefni veitustjórnar eru:

1. Annast stefnumótun um uppbyggingu, rekstur og þjónustusvið veitunnar.
2. Gera áætlanir um öflun og dreifingu á heitu vatni og vinna að framkvæmd þeirra í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar og gildandi lög á hverjum tíma.
3. Gera tillögu að gjaldskrá fyrir HS og leggja hana fyrir sveitarstjórn.
4. Gera meiriháttar samninga um vatnssölu.
5. Gera árlega fjárhagsáætlun og leggja fyrir sveitarstjórn, og eftir atvikum langtíma áætlun, m.a. til samræmis við þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.
6. Gefa sveitarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir.
7. Semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði reglugerðarinnar.

Veitustjóri.

6. gr.

Sveitarstjórn ræður veitustjóra HS að fengnum tillögum veitustjórnar. Veitustjóri annast daglegan rekstur HS. Hann ræður starfsmenn til veitunnar eftir þörfum. Veitustjóri og eftir atvikum sveitarstjóri sitja fundi veitustjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Fjárhagur.

7. gr.

HS skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár HS er almanaksárið og skulu reikningar hennar vera hluti af samstæðureikningi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og vera áritaðir af endurskoðendum þess í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Tekjum HS skal varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstri og stofnkostnaði þannig að tryggður sé öruggur rekstur veitunnar, svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar vegna stofnkostnaðar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af sveitarstjórn að fengnum tillögum veitustjórnar.

III. KAFLI Almenn ákvæði.

Húsveita, kaupandi o.fl.

8. gr.

Eigandi húseignar, eða annarra mannvirkja er hafa húsveitur tengdar HS, telst eigandi húsveitu. Kaupandi vatns er sá sem skráður er fyrir viðkomandi mæli eða hemli hjá HS hverju sinni.

Afhending og meðferð vatns, eignarréttur o.fl.

9. gr.

HS afhendir vatn um veitukerfi sitt í samræmi við gildandi reglugerð og gjaldskrá á hverjum tíma.

Veitustjóra HS er heimilt að semja sérstaklega um sölu á vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki veitustjórnar.

HS er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi hvers húseiganda (bakrennslisvatn), endurgjaldslaust. Heimilt er að leyfa frekari nýtingu þess, svo sem til upphitunar í gripahúsum, bílastæðum, gróðurhúsum o.s.frv.

HS ber enga ábyrgð á tjóni er kann að leiða af notkun bakrennslisvatns, s.s. frostskemmdum o.þ.h. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og annan slíkan búnað við framrás eða bakrás hitaveitu. Húseiganda er heimilt að setja varmaskipta á heitt neysluvatn og vatn til kyndingar, enda kosti hann þá framkvæmd sjálfur.

Breytingar á þrýstingi, magni o.fl.

10. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi eða magni á heitu vatni eru án ábyrgðar HS. Sama gildir um hitastig heita vatnsins. Um breytingar, er stafa af öðrum ástæðum, skal HS tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara sé þess nokkur kostur.

Þar sem svo hagar til að þrýstingsmunur er umtalsverður á kerfum hita- og vatnsveitu kann að vera nauðsynlegt að setja þrýstiminnkara á húskerfi til að jafna þrýsting. Húseiganda ber að setja slíkan búnað upp á sinn kostnað telji þípulagningameistari hússins, byggingarfulltrúi eða HS það nauðsynlegt.

Rekstrartruflanir o.fl.

11. gr.

Ef nauðsyn krefur, vegna viðgerða á dælustöðvum, vatnsgeymum, vatnsæðum og öðrum lögnum veitukerfa HS eða af öðrum ástæðum, getur HS fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, takmarkað vatnsrennsli eða lokað fyrir vatn, eftir því sem þörf krefur hverju sinni, enda tilkynni HS fyrirfram um slíkar takmarkanir, ef unnt er.

HS ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er kunna að verða á veitukerfunum svo sem vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun á heitu vatni ákveður HS hvar og hvernig takmarkanir fara fram. Takmörkun um skamman tíma hefur ekki áhrif á skyldu til greiðslu mælaleigu eða fasta- og hemlagjalda.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og HS skal kappkosta að koma á eðlilegum rekstri svo fljótt sem verða má.

Full vatnsgjöld, svo og fastagjald hitaveitu eða mælaleigu ber að greiða, þótt lokun fari fram og HS ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við veitukerfi HS, rafmagnstruflana eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

HS er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á vatnsafhendingu eða vegna tímabundinnar lækkunar á hitastigi heita vatnsins.

Viðhald húsveitu.

12. gr.

Í samræmi við skyldur samkvæmt byggingarlögum og reglugerðum er húsráðendum skylt að halda vel við vatnslögnum og vatnstækjum innanhúss.

Endursala.

13. gr.

Kaupendum er óheimil endursala á heitu vatni nema um það sé sérstaklega samið.

IV. KAFLI

Gjaldskrár og söluskilmálar.

Gild umsókn um tengingu húsveitu.

14. gr.

Skilyrði fyrir sölu á vatni er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðkomandi húsveitu við veitukerfi HS. Sækja skal um tengingu á þar til gerðu eyðublaði.

Samningur um kaup á heitu vatni.

15. gr.

Upphaf og lok samnings um kaup á heitu vatni er við skráningu tilkynningar hjá HS þess efnis. Tilkynningin skal undirrituð af báðum aðilum, þ.e.a.s. þeim er hyggst hætta viðskiptum og þeim er tekur við.

Mælar, hemlar, stærð, gerð, prófanir o.fl.

16. gr.

HS ákveður stærð og gerð hemla og rennslismæla sem notaðir eru í mælagrindur. Miðað er við að fyrirtæki noti rennslismæla en eigendur íbúðarhúsnæðis geta valið á milli rennslismælis eða hemils. HS breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitakerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða HS, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

Fastagjald og gjald fyrir melda notkun.

17. gr.

Gjaldi vegna kaupa á heitu vatni er skipt í fast gjald, gjald eftir hemli (lítri á mínútu) og gjald fyrir hvern seldan rúmmetra vatns samkvæmt rennslismæli auk mælaleigu. Greiðsla fastagjalds eða mælaleigu hefst þegar uppsetningu mælagrindar er lokið, óháð því hvenær vatnskaup hefjast.

Kaupandi skal greiða fastagjaldið/mælaleigu þrátt fyrir stöðvun á vatnsafhendingu vegna vanskila eða annarra vanefnda kaupanda þar til samningur um kaup á heitu vatni er úr gildi fallinn vegna uppsagnar.

Reikningar, uppgjör o.fl.

18. gr.

Kaupandi skal greiða HS fyrir heitt vatn samkvæmt gildandi gjaldskrá HS. Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til. HS má byggja reikninga á áætlun um vatnskaup og innheimta samkvæmt slíkri áætlun.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, eða ef vatnsmælir bilar áætla HS heitavatnsnotkun með hliðsjón af eðlilegri þörf viðkomandi húss/mannvirkis. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri notkun, nefnast áætlunarreikningar.

Vatnsnotkun samkvæmt mælum skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefur verið staðreynð, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan, gegn greiðslu mælaálestrargjalds, krafist aukaálestrar og uppgjörs. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnskaupin vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur. Reikninga ber að greiða á tilgreindum gjaldþega og eigi síðar en á eindaga. Sé reikningur eigi greiddur innan tilgreinds frests (fyrir eindaga) er fram kemur á reikningi, reiknast dráttarvextir frá gjaldþega. Útsending reikninga fyrir vatnsnotkun skal fara fram eigi sjaldnar en annan hvern mánuð.

V. KAFLI

Lagning veitukerfa, viðhald o.fl.*Veitukerfið.*

19. gr.

HS lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins. Með veitukerfi er átt við aðveituaðar, stofnaðar, dreifiðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss til og með stofnkranana, vatnsmæli eða hemli enda er skylt að þeir séu á inntaki, sbr. 22. gr. um inntaksrými.

Heimæðar.

20. gr.

Sækja skal um lagningu heimæða til HS á þar til gerðu eyðublaði þegar framkvæmdir hefjast á lóð. Umsókn skulu fylgja viðeigandi teikningar samþykktar af byggingaryfirvöldum í Skagafirði og skal á þeim gerð grein fyrir afstöðu húss/mannvirkis og væntanlegum inntaksstað fyrir heitt vatn. Hönnuðir skulu hafa samráð við HS um væntanlega legu lagna á lóð og gera grein fyrir þeim á teikningum.

HS er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð, og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir heitt vatn við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna.

HS ber ekki skylda til að leggja heimæðar meðan frost er í jörðu eða á tímabilinu frá 1. október til 1. júní nema greiðsla á áföllnum aukakostnaði komi til.

Um tengibúnað.

21. gr.

Sækja skal um uppsetningu tengibúnaðar og kaup á vatni á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Mælagrind hitaveitu er sett upp þegar heimæðargjald hefur verið greitt.

Um lagningu heimæða og gerð inntaksrýmis.

22. gr.

Við hönnun húsa skal gera ráð fyrir og staðsetja á uppdrætti rými fyrir stofnloka heimæðar, mæli eða hemil og annan búnað í eigu HS. Inntaksrými skal uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar. Tengja skal öryggisloka hitakerfis við frárennslislagnir. Inntaksrými skal vera aðgengilegt starfsmönnun HS.

HS annast lagningu eigin veitukerfis, og tengingu við húsveitur. Þó skal húseigandi/húsbyggjandi koma fyrir inntaksvinklum og/eða ídráttarinntaksbeygjum í samráði við HS. HS ákveður hvort lagt er einfalt eða tvöfalt (framrásar- og bakrásarkerfi) kerfi að húsi. Við framkvæmdir skal HS halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal HS færa allt til fyrra horfs, eftir því sem við verður komið.

Húseigandi á ekki kröfu til sérstakrar greiðslu vegna lagningar veitukerfa HS.

Kostnaður við tengingu.

23. gr.

HS kostar lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir heimæðargjald samkvæmt gjaldskrá, fyrir hverja heimæð með mæli eða hemli.

Kostnaður við breytingar.

24. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi greiða.

Húseigandi greiðir breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi HS.

Áhleyplingar.

25. gr.

Engir aðrir en umboðsmenn HS mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna í samráði við byggingarfulltrúa sem sér um úttekt kerfisins og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

Aðgangur að veitukerfi, lögnum o.fl.

26. gr.

HS hefur rétt til aðgangs að húsnæði því sem tengt er veitukerfi hennar til viðhalds, eftirlits og breytinga.

Í þeim undantekningartilfellum, þar sem inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi, skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna, og ber húseigandi ábyrgð á tjóni er leki á slíkri millilögn kann að valda.

Oheimilt er að hylja mælagrind á þann hátt að það valdi erfiðleikum við viðhald og viðgerðir og eigi má setja hillur eða annað ofan við mæli þannig að það hindri eðlilegan aflestur, og getur HS krafist úrbóta sé frágangur umhverfis mælagrind ekki í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. HS getur lagfært slíka ágalla á kostnað húseiganda verði dráttur á úrbótum, sbr. 30. gr.

Viðhald heimæða.

27. gr.

Við viðhald heimæðar skulu starfsmenn HS halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um. Sé nauðsynlegt vegna bilunar eða endurnýjunar á heimæð að grafa upp heimæðina er starfsmönnum veitunnar það heimilt, en færa skulu þeir lóð til fyrra horfs eins og unnt er.

Starfsmönnum HS er heimilt vegna endurnýjunar heimæðar að leggja hana á öðrum stað frá dreifiæð í hús, telji þeir það heppilegra til að forðast skemmdir. Enn fremur er starfsmönnum heimilt að höfðu samráði við húseiganda, að fara með heimæð inn í hús á öðrum stað, ef ekki er unnt að nota þann stað sem fyrir er, nema valda miklu og/eða óbætanlegu tjóni. Hafi húseigandi gróðursett trjáplöntur, steipt vegg, stéttar, bifreiðastæði, eða annað sambærilegt yfir heimæð, eða lagt yfir hana snjóbræðslukerfi, ber HS ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að verða vegna nauðsynlegra aðgerða veitunnar, nema tjónið verði rakið til gáleysis starfsmanna hennar.

Eigandi fasteignar á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna viðhalds eða endurnýjunar heimæðar.

VI. KAFLI

Innheimta vanskila, viðurlög við brotum o.fl.*Um stöðvun vatnsafhendingar vegna vanskila.*

28. gr.

HS hefur rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til kaupanda sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist kaupanda með fimm daga fyrirvara. HS ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

HS hefur rétt til að krefja kaupanda um greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá hafi komið til stöðvunar vatnsafhendingar af ástæðum sem um getur í 1. mgr. Heimilt er HS að krefjast greiðslu þessarar áður en heitavatnsafhending er hafin á ný. Þó ekki komi til stöðvunar á afhendingu á heitu vatni er HS heimilt að krefja kaupanda um gjald vegna undirbúnings að stöðvun. Fastagjald/mælaleiga greiðist þó vatnsafhending hafi verið stöðvuð.

Innsigli, ólögmat notkun o.fl.

29. gr.

Starfsmenn HS innsigla hemla og vatnsmæla, svo og annan þann inntaksbúnað í eigu HS, er þurfa þykir. Þessi innsigli mega engir aðrir en starfsmenn HS rjúfa. Ef rofið er

innsigli á búnaði HS varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum, sama á við um ólögmæta vatnsnotkun (vatnsstuld).

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi strax tilkynna HS um atvikið (neyðartilvik).

Húseigandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu HS og greiðir hann kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af hans völdum eða þeirra aðila sem hann ber ábyrgð á.

Húseiganda/kaupanda ber tafarlaust að tilkynna, til HS, ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum veitunnar.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem HS hefir veitt umboð til þess. Sé húsveita tengd heitavatnskerfi HS í heimildarleysi, getur HS aftengt húsveituna fyrirvaralaust. Fara skal með slíkt brot sem ólögmæta vatnsnotkun.

Verði uppvíst að vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun, skal HS áætla það vatnsmagn sem notað hefur verið með ólögmætum hætti og innheimta sérstaklega.

Vanræksla.

30. gr.

Vanræki húseigandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari að framkvæma, eða sé verk ekki unnið á viðunandi hátt, er HS heimilt að láta vinna það á hans kostnað, hafi hann ekki orðið við tilmælum um að vinna verkið innan tiltekins frest.

Aðför – Fjárnám.

31. gr.

Öll gjöld vegna heits vatns þ.m.t. heimæðargjald samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með fjárnámi, skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Viðurlög.

32. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Gildistaka o.fl.

33. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Með gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi reglugerðir um Hitaveitu Sauðárkróks nr. 85/1971 og reglugerð um Hitaveitu Seyluhrepps nr. 299/1993.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Skagafjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Skagafjarðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hún hefur umráðarétt yfir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestra af iðnaðarráðherra nr. 871/1999 fyrir Hitaveitu Skagafjarðar.

2. gr.

Hitaveita Skagafjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja rennismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð rennismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða HS, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

Hitaveita Skagafjarðar rekur nú þrjú aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi efnainnihald og hita. Þessi svæði eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð og á Steinsstöðum. Gjald fyrir eininguna af heitu vatni (m^3 eða l/mín) verða því mishá eftir svæðum.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir.

Sauðárkróksveita:

Vatnsgjald kr. 980,30 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Varmahlíðarveita:

Vatnsgjald kr. 1.465,00 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Steinsstaðaveita:

Vatnsgjald kr. 779,50 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, í bönkum eða pósthúsum. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Skagafjarðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

<i>Rúmmál húss (utanmál)</i>	<i>Heimæðargjald</i>
400 - 2.000 m ³ =	97.870 kr. fyrir 400 m ³ og 75 kr/m ³ þar yfir
2.000 - 6.000 m ³ =	221.732 kr. fyrir 2.000 m ³ og 69 kr/m ³ þar yfir
6.000 - 10.000 m ³ =	492.122 kr. fyrir 6.000 m ³ og 66 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10.000 m ³ =	740.942 kr. fyrir 10.000 m ³ og 47 kr/m ³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Skagafjarðar.

Heimæðargjald Hitaveitu Skagafjarðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í dreifbýli:

<i>Rúmmál húss (utanmál)</i>	<i>Heimæðargjald</i>
300 m ³ =	300.000 kr. fyrir 300 m ³ og 1.200 kr/m ³ þar yfir

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða 1.500 kr. fyrir hvern lengdar-metra heimæðar frá stofnæð umfram 100 metra.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er veitustjórñ heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda um rúmmetramæli. Hitaveitan setur upp slíka mæla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn samkv. rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera:

Sauðárkróksveita: kr. 44,70

Varmahlíðarveita: kr. 67,05

Steinsstaðaveita: kr. 35,50

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla $\frac{1}{2}$ " - $\frac{3}{4}$ " kr. 410 pr. mán.

Fyrir mæla 1" - $2\frac{1}{2}$ " kr. 910 pr. mán.

Fyrir mæla 3" og stærri kr. 1.850 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka fjármámi á kostnað gjaldanda, sbr. 31. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Skagafjarðar og 79. gr. l. nr. 58/1967 með síðari breytingum.

10. gr.

Hitaveita Skagafjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Skagafjarðar.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á 3" mæli skv. 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mælaálestur (aukaálestur) skal vera það sama og mánaðarleiga á 1" – 2½" mæli skv. 8. gr. þessarar gjaldskrár.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Skagafjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjörður, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum, til að taka gildi 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 221/1997 fyrir Hitaveitu Sauðárkróks.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur er taki gildi 1. janúar 2000.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur B-hluti nr. 369 26. júní 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Sérgjöld hitaveitu hækka um 3,1%.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUR

um ráðstöfun 700 milljón króna aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

1. gr.

Varið skal 350 millj. kr. til þjónustuframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 12. greinar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 44/1999.

2. gr.

Varið skal 350 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði á árunum 1997, 1998 og 1999. Við úthlutunina verði byggt á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 1996, 1997 og 1998, og bráðabirgðatölur 1. desember 1999.

Við úthlutunina skal sveitarfélögum raðað í viðmiðunarflokka eftir íbúafjölda með sama hætti og með sama vægi og við úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 1999, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 44/1999.

Skerðing verður á úthlutun til hvers sveitarfélags þegar meðaltekjur á íbúa miðað við fullnýtingu tekjustofna eru 15% yfir viðmiðunartekjum hvers flokks og fellur niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir viðmiðunartekjum. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi fækkun í sveitarfélagi verið umfram 3 íbúa á tímabilinu.

3. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 4. gr. fjárukalaga fyrir árið 1999 um breytingu á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1999 – liður 8.23 og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. desember 1999.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir:

Heilbrigðisstofnun Austurlands og hjúkrunarheimilið Sundabúð á Vopnafirði undir nafninu Heilbrigðisstofnun Austurlands. Stofnunin skal heyra undir stjórn Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Heilbrigðisstofnunin á Húsavík og heilsugæslustöð Norður-Þingeyjarsýslu undir nafninu Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Ráðherra skipar hinni sameinuðu heilbrigðisstofnun fimm manna stjórn og fer um skipun hennar skv. ákvæðum 3. mgr. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. ml. 2. mgr. 24. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og tekur gildi 1. janúar 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. desember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kringlu II, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kringlu II, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 21. desember 1999.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um 1. breytingu á reglugerð nr. 748/1998 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

1. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávisun (ordination) skal miðast mest við 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum ATC-flokkum (lækn-ingaflokkum; Anatomical - Therapeutical - Chemical Classification) en þá miðast greiðslan við mest 30 daga notkun:

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Lyf við sársjúkdómi	A 02 B
b. Sveppalyf	J 02
c. Veirulyf	J 05 AB
d. Geðdeyfðarlyf	N 06 AB

2. gr.

3. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 1.200 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.200 kr. greiðir sjúkratryggður 60%, en þó aldrei meira en 2.400 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 400 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 400 kr. skulu þeir greiða 30%, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

3. gr.

4. gr. hljóði svo:

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði lyfja, sem auðkennd eru með „E“ í lyfjaskrá með eftirfarandi hætti:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 1.200 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.200 kr. greiðir sjúkratryggður 80%, en þó aldrei meira en 3.800 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 400 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 400 kr. skulu þeir greiða 50%, en þó aldrei meira en 1.100 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

4. gr.

5. gr. b. staflíður; við bætist eftirfarandi:

D 01 B Sveppalyf til inntöku

5. gr.

5. gr. b. staflíður; niður fellur eftirfarandi:

R 01 B Neflyf, ætluð til inntöku

6. gr.

Reglugerð þessi er sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. janúar 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. desember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ingolf J. Petersen.

REGLUR

um starfsemi Íslenska dansflokksins.

1. gr.

Íslenski dansflokkurinn er sjálfstæður listdansflokkur. Markmið hans er að sýna listdans og ennfremur að stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera að öðru leyti vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi.

Málefni Íslenska dansflokksins heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Íslenska dansflokknnum stjórna listdansstjóri og framkvæmdastjóri sameiginlega, í náinni samvinnu við stjórn dansflokksins, eftir því sem nánar segir í reglum þessum.

3. gr.

Stjórn Íslenska dansflokksins skal skipuð þremur mönnum, þar af einn þeirra formaður, og skulu þeir allir skipaðir af menntamálaráðherra. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.

Stjórn Íslenska dansflokksins fer með ákvörðunarvald um málefni hans og skulu allar meiriháttar ákvarðanir um rekstur dansflokksins bornar undir stjórnina til samþykktar. Stjórnin vinnur að langtímaáætlun um starfsemi dansflokksins. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir stjórnina til samþykktar og hefur stjórnin eftirlit með framkvæmd hennar. Stjórn Íslenska dansflokksins sker úr ágreiningi sem upp kann að koma varðandi stjórn og starfsemi dansflokksins.

Stjórn Íslenska dansflokksins tekur ákvörðun um hver skuli ráðinn listdansstjóri. Auk þess hefur listdansstjóri samráð við stjórn dansflokksins um gerð tillagna til framkvæmdastjóra um hverja skuli ráða í starf dansmeistara, listdansara, danshöfunda, tónskálda, stjórnenda, þjálfara og undirleikara.

4. gr.

Framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins er forstöðumaður dansflokksins og er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

Framkvæmdastjóri annast og ber ábyrgð á daglegum rekstri dansflokksins. Hann hefur með höndum fjármálastjórn dansflokksins, gerir kostnaðaráætlanir fyrir einstök leikár og hvert verkefni fyrir sig, og annast gerð fjárhagsáætlana og reikningsskil. Fjárhagsáætlun verður að hljóta samþykki stjórnar dansflokksins.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk og annast að öðru leyti starfsmannamál fyrir dansflokkinn. Varðandi ráðningu listdansstjóra er framkvæmdastjóri bundinn af ákvörðun stjórnar dansflokksins um hver skuli ráðinn. Varðandi ákvörðun um hverjir skuli ráðnir dansmeistarar, listdansarar, danshöfundar, tónskáld, stjórnendur, þjálfarar og undirleikarar er framkvæmdastjóri bundinn af tillögu listdansstjóra um hverjir skuli ráðnir.

Framkvæmdastjóri annast einnig markaðssetningu, almannatengsl og kynningu á flokknum, í samráði við stjórn dansflokksins og listdansstjóra.

Skal nánar kveðið á um starfssvið framkvæmdastjóra í erindisbréfi.

5. gr.

Listdansstjóri er ráðinn skv. ákvörðun stjórnar Íslenska dansflokksins til fjögurra ára í senn, að undangenginni auglýsingu. Miðað skal við að stjórn dansflokksins hafi tekið ákvörðun um hvern skuli ráða listdansstjóra í síðasta lagi sex mánuðum áður en ráðningartímabili hvers listdansstjóra lýkur.

Listdansstjóri veitir dansflokknunum listræna forystu og mótar listræna stefnu hans. Listdansstjóri á að stuðla að uppbyggingu dansflokksins með því að hafa stöðugt í huga ræktun og aðhlyningu listrænna hæfileika þeirra sem þar starfa, bæði sem dansarar og danshöfundar. Listdansstjóri gerir tillögur til framkvæmdastjóra um hverja skuli ráða dansmeistara, listdansara, danshöfunda, tónskáld, stjórnendur, þjálfara og undirleikara, í samráði við stjórn dansflokksins og með hliðsjón af því sem fjárveitingar leyfa á hverjum tíma.

Listdansstjóri skipuleggur allt daglegt starf dansflokksins í samráði við framkvæmdastjóra, sem jafnframt hefur samráð við listdansstjóra varðandi markaðssetningu, almanna- tengsl og kynningu á dansflokknunum.

Ráðningarkjör listdansstjóra skulu ákveðin af stjórn Íslenska dansflokksins.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 1. mgr. 14. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998 og skv. heimild í 19. gr. sömu laga og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 639/1991 og reglur nr. 21/1996 um breyting á reglum um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 639/1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðningartímabil núverandi listdansstjóra skal haldast til 1. ágúst 2002.

Listdansarar, sem hafa verið fastráðnir dansarar í a.m.k. 8 ár við gildistöku reglna þessara og sem láta þurfa af störfum við Íslenska dansflokkinn vegna þess að þeir uppfylla ekki lengur listrænar kröfur listgreinarinnar, eiga rétt til námsstyrks í allt að 3 ár sem hér segir:

1. Eftir 8 ára starfsaldur = 80% launa í eitt ár.
2. Eftir 12 ára starfsaldur = 80% launa fyrsta árið.
= 60% launa annað árið.
3. Eftir 16 ára starfsaldur = 80% launa fyrsta árið.
= 60% launa annað árið.
= 40% launa þriðja árið.

Réttur þessi er bundinn því skilyrði að eigi sé um að ræða rétt til annarra styrkja eða námslána.

Skulu listdansarar skila stjórn dansflokksins umsóknunum um námsstyrki eigi síðar en 3 mánuðum fyrir starfslok. Í umsókn skal greina m.a. hvaða menntunar umsækjandi hyggst afla sér og fylgja skal staðfest vottorð um námsvist.

Hefji styrkhafi störf á tímabilinu fellur réttur til námsstyrks niður meti stjórn Íslenska dansflokksins það svo. Ef sérstaklega er um það sótt er stjórn Íslenska dansflokksins heimilt að geyma réttindin þar til allt að 2 ár eru liðin frá starfslokum hjá Íslenska dansflokknunum.

Listdansarar eiga rétt skv. þessu ákvæði þar til nýjar reglur hafa verið settar um starfslok þeirra.

Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 1999.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

REGLUR

um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl.

I. Almenn ákvæði um verðtryggingu.

1. gr.

Verðtrygging sparifjár og lánsfjár miðað við verðvísitölu skal miðast við vísitölu neysliverðs eins og Hagstofa Íslands auglýsir hana mánaðarlega, sbr. ákvæði laga nr. 13 frá 6. mars 1995, um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987.

2. gr.

Verðtrygging inn- og útlána, miðað við vísitölu gengis, nú skv. reglugerð nr. 293/1999, miðast við gengisvísitölur, sem auglýstar eru með gildistöku frá og með 1. degi hvers mánaðar og eru hinar sömu og skráð opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) Seðlabankans 21. dag undanfarandi mánaðar á reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) annars vegar og evru (EUR) hins vegar. Falli gengisskráning niður skal síðasta skráða opinbera viðmiðunargengi (kaupgengi) SDR eða EUR á ofangreindum viðmiðunardegi lagt til grundvallar. Seðlabankinn auglýsir gengisvísitölur, sem gilda í hverjum mánuði, í Lögbirtinga-blaðinu.

Innstæður á innlendum gjaldeyrisreikningum (IG reikningum) lúta hins vegar ákvæðum reglugerðar nr. 679/1994, sbr. reglur Seðlabankans um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa nr. 13/1995.

3. gr.

Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár vísast að öðru leyti til ákvæða laga nr. 13 frá 6. mars 1995, um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987.

II. Verðtryggðir innlánsreikningar.

4. gr.

Innlánsstofnunum er því aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu miðað við vísitölu neysliverðs eða gengisvísitölu að innstæða sé bundin í 36 mánuði eða lengur.

Innlánsstofnunum er þó heimilt að verðtryggja innlánsfé í eftirtöldum tilvikum:

1. Sé í samningsskilmálum kveðið á um að innstæða losni að afloknum upphaflegum binditíma, að lágmarki 36 mánuðir skv. 1. mgr., í tiltekið tímabil, að hámarki 1 mánuð í senn, er heimilt að verðtryggja innstæðuna bindist hún á ný í 6 mánuði eða lengur.
2. Með samningi um reglulegan mánaðarlegan sparnað í minnst 36 mánuði, þar sem vísitölubinding nær til óhreyfðrar innstæðu í hverjum mánuði, en innstæða umfram það beri nafnvexti.
3. Á orlofsreikningum skv. ákvæðum laga um orlof, nr. 30 27. mars 1987.

5. gr.

Verðbætur innstæðna á verðtryggðum innlánsreikningum eru reiknaðar á þann hátt sem segir í næstu þremur málsgreinum.

Verðbætur eru reiknaðar á tvennan hátt, þ.e. lægsta innstæða í almanaksmánuði tekur breytingum skv. vísitölu neysliverðs eða gengisvísitölu sé innstæða gengisbundin, en inn- og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta, sem innlánsstofnanir auglýsa.

Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður sl. mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á vísitölu neysluverðs, eða gengisvísitölu, sé innstæða gengisbundin, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar.

Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðamóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölu- eða gengisfærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót. Sérstakar verðbætur innan úttektarmánaðar greiðast þó út með höfuðstól og áunnum vöxtum sé reikningur eyðilagður.

III. Verðtryggð útlán.

6. gr.

Lán með ákvæði um að höfuðstóll láns miðist að fullu við vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu skulu vera til fimm ára hið minnsta.

Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu frá grunnvísitölu eða grunnengi til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölnni eða genginu milli gjalddaga. Skal höfuðstóll lánsins breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Grunnvísitala eða grunnengi skal vera vísitala sú, sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða eðli máls leiði til annars.

Gjalddagar láns skulu allir vera á sama degi mánaðar, þannig að tímabilið milli gjalddaga teljist í heilum mánuðum. Leitast skal við að hafa gjalddaga á sama degi mánaðar og lán er veitt, þannig að tímabilið frá lánveitingu til fyrsta gjalddaga teljist einnig í heilum mánuðum. Sé gjalddagi láns á einhverjum öðrum degi mánaðar en lánveiting á sér stað, skal til leiðréttingar reikna dagvexti með sérstökum verðbótum, fyrir frávikð innan lánveitingarmánaðar (mest 29 dagar). Við útborgun láns greiðir lánþegi dagvextina, ef gjalddagi er síðar í mánuði en lánveiting, en lánveitandi greiðir, ef gjalddagi er fyrir.

Á kvittunum skal jafnan gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.

IV. Jöfnuður verðtryggðra eigna og skulda lánastofnana.

7. gr.

Með verðtryggðum eignum er hér átt við allar eignir innlánsstofnana og annarra lánastofnana, sem verðtrygging gildir um, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. hér að framan, þ.e.a.s. verðtryggð útlán, verðtryggð skuldabréf og verðtryggðar innstæður í öðrum innlánsstofnunum. Ennfremur skal telja með verðtryggðum eignum verðtryggðar kröfur utan efnahags.

Með verðtryggðum skuldum er hér átt við allar skuldir innlánsstofnana og annarra lánastofnana, sem verðtrygging gildir um, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. hér að framan. Með verðtryggðum skuldum telst því allt fé á sparireikningum þeim sem taldir eru í 4. gr. hér að framan og útistandandi verðtryggð verðbréf sem hlutaðeigandi innlánsstofnun eða önnur lánastofnun hefur gefið út. Ennfremur skal telja með verðtryggðum skuldum verðtryggða skuldaliði utan efnahags.

Séu verðtryggðar eignir skv. 1. mgr. meiri en verðtryggðar skuldir skv. 2. mgr. skal telja bókfært eigið fé umfram bókfært virði varanlegra rekstrarfjármuna með verðtryggðum skuldum, þó að hámarki að svo miklu leyti sem þeim mun nemur.

8. gr.

Í reglulegum skýrslum (mánaðarskýrslum), eða sérstökum mánaðarlegum skýrslum innlánsstofnana og annarra lánastofnana til Seðlabankans, skulu koma fram þeir liðir sem tíundaðir eru í 1. og 2. mgr. 7. gr. hér að framan svo unnt sé að reikna í hverjum mánuði hlutfallið milli mismunar verðtryggðra liða skv. 1. og 2. mgr. 7. gr. annars vegar og eigin

fjár í ársbyrjun hins vegar. Með eigin fé í þessu sambandi vísast til skilgreiningar í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 og lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði nr. 123/1993. Viðurlögum við vanrækslu í skýrsluskilum skal beitt á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laga nr. 36/1986, sbr. 3. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 470/1986, um Seðlabanka Íslands.

9. gr.

Innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir skulu halda jafnvægi milli verðtryggðra eigna og skulda. Sé jákvæður eða neikvæður mismunur verðtryggðra eigna og skulda stofnunar meiri en sem nemur 30% af eigin fé hennar skal hlutaðeigandi stofnun tafarlaust gera ráðstafanir sem miða að því að færa hann inn fyrir tilskilin mörk. Ráðstafanirnar skulu kynntar Seðlabankanum skriflega.

V. Gildistaka o.fl.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til ákvæða laga nr. 13 frá 6. mars 1995 og reglugerðar nr. 293/1999, öðlast gildi 1. janúar 2000, og falla þá jafnframt úr gildi reglur Seðlabankans um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. nr. 330 frá 6. júní 1995.

Reykjavík, 17. desember 1999.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Seltjarnarness.****I. KAFLI**

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja rennismæla við hvert upphitunarkerfi og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við mælda rúmmetra vatns.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæli, ef þess er óskað.

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

- | | |
|---|-----------|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli | kr.190,00 |
| b. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra | kr. 32,00 |

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánastofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð

0–300 m ³ (innifalið)	kr.	87.655,00
300–1000 m ³	kr./m ³	105,50
1000 m ³ og yfir	kr./m ³	70,10
1 rennislismælir á grind	kr.	23.241,00

6. gr.

Gjöld skv. 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en til húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1.100,00 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir-mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 503, 18. desember 1990 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 1999

23. desember 1999

2713

Nr. 881

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. h bætist við ný grein, 2. gr. i, sem orðast svo:

Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83, sem snertir einka-dreifingu og tekin var upp í íslenskan rétt sem b-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993, sbr. reglugerð nr. 683/1997, er framlengdur til 31. maí 2000.

Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1984/83, sem snertir einka-kaup og tekin var upp í íslenskan rétt sem c-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993, sbr. reglugerð nr. 683/1997, er framlengdur til 31. maí 2000.

Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4087/88, sem snertir um-boðssamninga og tekin var upp í íslenskan rétt sem h-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993, er framlengdur til 31. maí 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. desember 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

23. desember 1999

Nr. 882

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu er taki gildi 1. janúar 2000.

Gjaldskrá Akranesveitu nr. 431 24. júní 1999, breytist þannig:

Gjöld vegna sölu á heitu vatni D-hluti hækka um 2,76%.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda árið 2000.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 2000 vera 0,04% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 1999.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sturlaugur Tómasson.

Nr. 884

23. desember 1999

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi 1. janúar 2000.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 430 24. júní 1999, breytist þannig: Allir liðir gjaldskrár Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hækka um 2,76% frá 1. janúar 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 885

20. desember 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Heiðarbrún, Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 11. nóvember 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Heiðarbrún, Hveragerði. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar, 20. desember 1999.

Guðmundur F. Baldursson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnir nr. 60/1999.

1. gr.

Við 1. fl. vörugjaldskrár í 1. gr. 12. gr. bætist eftirfarandi vara: þörungamjöl.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 með síðari breytingum staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 20. desember 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

17. desember 1999

Nr. 887

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Höfðahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Höfðahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hún hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Höfðahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hún ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggunn hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samín, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefnd ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnámálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigsalum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunar-tillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvistastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í ákveðinni nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í hreppsnefnd kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar, getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

Kjörstjórn við alþingiskosningar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara í almannavarnarnefnd Húnavatnssýslna skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Atvinnu- og menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðgjafar um nýsköpun í atvinnumálum og til umsagnar um stöðu atvinnulífs. Hún hefur jafnframt með höndum tillögugerð um nýmæli í menningarmálum og getur beitt sér fyrir að koma upp sérstökum menningarviðburðum.
3. *Fulltrúa á ársþing SSSNV.* Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara.
4. *Fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og annar til vara.
5. *Búfjárefstirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
6. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
7. *Stjórn Félagsþjónustu A-Hún.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í stjórn Félagsþjónustu A-Hún. skv. samþykktum Byggðasamlags um Félagsþjónustu A-Hún. og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
8. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
9. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
10. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
11. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
12. *Héraðsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. samnings um héraðsnefnd A-Hún.
13. *Æskulýðs- og íþróttanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er hreppsnefnd til ráðgjafar í æskulýðs- og íþróttamálum. Hún hefur til umsagnar og eftirlits rekstur félagsmiðstöðvar fyrir unglinga og getur beitt sér fyrir íþróttatburðum í samráði við íþróttafélög í sveitarfélaginu. Nefndin hefur einnig með höndum forvarnarstarf í áfengis- og vímuefnamálum æskufólks.
14. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
15. *Skólanefnd grunnskóla.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. (Skagahreppur tilnefnir einn fulltrúa í nefndina).

16. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
17. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
18. *Leikskólanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994.

C. Ár hvert, í tæka tíð fyrir aðalfund hvers fyrirtækis:

1. *Fulltrúar í stjórn Skagstrendings hf.* Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara tilnefndir skv. samþykktum Skagstrendings hf.
2. *Fulltrúi í stjórn Árbliks ehf.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykktum þess félags.

D. Aðrar nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum.

E. Hlutverk barnaverndarnefndar, félagsmálaráðs og jafnréttisnefndar er falið Félagsþjónustu A-Hún. með sérstökum samningi um byggðasamlag. Á vettvangi héraðsnefndar A-Hún. eru kosnir fulltrúar í eftirtaldar nefndir og ráð: Gróðurverndarnefnd, náttúruverndarnefnd, heilbrigðisnefnd, skólanefnd Fjölbautaskóla Nl. vestra, skólanefnd tónlistarskóla, stjórn heilbrigðisstofnunar í A-Hún. og öldrunarnefnd.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sveitarstjóra sem framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

54. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá í samráði við oddvita og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarstjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Sveitarstjórnunum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Sveitarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 55. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem hreppsnefnd hefur sett.

57. gr.

Um ráðingu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

58. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

59. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

60. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 59. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

61. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

62. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal

vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 59. gr. og þriggja ára áætlun skv. 62. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 61. gr.

64. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Höfðahrepps hefur sett, samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Höfðahrepps og fundarsköp hreppsnefndar nr. 454/1988.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 1999.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Óskar Páll Óskarsson.

3. desember 1999

Nr. 888

REGLUR

fyrir Háskólann á Akureyri.

I. KAFLI

Hlutverk háskólans.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri er vísindaleg mennta- og rannsóknastofnun er býr nemendur undir sjálfstæð vísindastörf, frekara háskólanám og til að gegna ábyrgðarstöðum í atvinnulífinu sem einkum tengjast sjávarútvegi, rekstri, menntun og heilbrigði. Háskólanum er heimilt að veita framhalds- og endurmenntun í þeim fræðum sem kennd eru í deildum skólans. Þá skal háskólinn miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

II. KAFLI

Stjórnskipulag.

2. gr.

Yfirstjórn, hlutverk háskólaráðs.

Háskólinn á Akureyri heyrir undir menntamálaráðuneyti. Stjórn hans er falin háskólaráði, rektor og deildum (þ.e. deildarforsetum, deildarfundum og deildarráðum). Um skipan háskólaráðs fer eftir lögum.

Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans, sinnir yfirumsjón málefna er varða háskólann almennt og markar honum heildarstefnu. Þá stuðlar háskólaráð að skipuleggur og hefur umsjón með samvinnu deilda og samskiptum við aðila utan skólans, þar með talið samstarf við aðra skóla og rannsóknastofnanir.

Rektor boðar til funda í háskólaráði eftir þörfum og þó að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Varamenn sitja fundi ráðsins í forföllum aðalfulltrúa. Háskólaráð er ályktunarhæft ef meira en helmingur fulltrúa sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors úrslitum. Færa skal til bókar ákvarðanir háskólaráðs.

Háskólaráð tekur ákvörðun um tilnefningu rektors.

Háskólaráð tilnefnir tvo fulltrúa í dómnefnd sem hefur það hlutverk að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósentis eða lektors.

Háskólaráð kveður á um skipulagningu nýrra deilda og skora innan deilda. Háskólaráð tekur endanlega afstöðu til innritunarbeiðna nemenda sem ekki hafa lokið stúdentsprófi en hafa aðra menntun, starfsreynslu eða annars konar óformlega þjálfun.

Háskólaráð staðfestir, með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í apríl ár hvert, almanak, námskrár og kennsluskrá fyrir komandi skólaár.

Háskólaráð heldur árlega opinn fund þar sem starfsemi og fjárhagsmálefni háskólans eru kynnt.

3. gr.

Rektor.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára eftir tilnefningu háskólaráðs. Staða rektors skal auglýst laus til umsóknar.

Háskólaráð skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu rektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina, og er annar þeirra formaður hennar, en menntamálaráðuneytið einn. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa æðri prófgráðu við háskóla og öðlast stjórnunarreynslu á háskólastigi. Hæfni umsækjanda um rektorsembætti skal metin eftir vísinda- og útgáfustörfum hans, ferli hans sem háskólakennara, stjórnunarreynslu og öðrum störfum sem á einhvern hátt lúta að háskólastjórn og æðri menntun. Engum manni má veita embætti rektors við Háskólann á Akureyri nema meirihluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess.

Ef skipaður rektor sækist eftir endurtilnefningu skal hann víkja af fundi háskólaráðs við afgreiðslu málsins. Ef aðeins skipaður rektor sækir um starfið telst hann sjálfkjörinn.

Staðgengill rektors er rektor til aðstoðar við daglega stjórn og gegnir störfum rektors í tímabundinni fjarveru eða forföllum hans. Falli rektor frá eða láti af störfum áður en embættistími hans er liðinn sinnir staðgengill starfi hans þangað til nýr rektor hefur verið skipaður samkvæmt lögum.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum háskólans og hefur ásamt háskólaráði eftirlit með rekstri hans, kennslu, rannsóknum, þjónustu og annarri starfsemi, allt í samræmi við lög nr. 136/1997 og lög nr. 40/1999.

Rektor ræður alla starfsmenn háskólans. Rektor skal sjá til þess að til séu starfslýsingar fyrir allt starfsfólk skólans, að svo miklu leyti sem þær koma ekki fram í lögum og kjarasamningum.

Rektor hefur yfirumsjón með sjóðum skólans og öðrum eignum. Um stjórnir sjóða fer að öðru leyti eftir því sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

Rektor hefur umsjón með að árbók háskólans fyrir hvert kennsluár komi út ekki síðar en fyrir upphaf þar næsta kennsluárs. Í árbókinni skal fjallað um starfsemi háskólans,

stofnanir hans og sjóði og ráðstöfun á fé því sem háskólinn hefur haft til umráða, svo og um málefni nemenda.

Rektor tekur ákvörðun um boðun almenns starfsmannafundar.

4. gr.

Framkvæmdastjóri.

Rektor ræður framkvæmdastjóra háskólans. Framkvæmdastjóri stýrir í umboði rektors og í samvinnu við deildarforseta skrifstofuhaldi háskólans og annast fjárreiður hans. Með sama hætti undirbýr framkvæmdastjóri árlega fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með því að rekstur skólans sé í samræmi við gildandi heimildir.

5. gr.

Um yfirstjórn deilda.

Með yfirstjórn deilda háskólans fara deildarfundir, deildarforsetar og deildarráð ef deildarfundur viðkomandi deildar tekur ákvörðun um að skipa deildarráð.

Deildarforseti, í umboði deildarfundar, hefur yfirumsjón með starfsemi og rekstri deildar og vinnur að stefnumörkun í málefnum hennar. Hann á jafnframt sæti í fagráði háskólans.

Deildarforseti hefur yfirumsjón með kennslu og námskrárgerð deildar sinnar. Hann hefur einnig umsjón með málum sem snerta rannsóknir deildar. Deildarforseti boðar til deildarfunda og stjórnar þeim. Hann gerir í samvinnu við framkvæmdastjóra háskólans fjárhagsáætlanir fyrir deild sína. Deildarforseti beitir sér fyrir samstarfi við aðrar deildir, sbr. 11. gr. Deildarforseti er jafnframt formaður deildarráðs ef deildarfundur tekur ákvörðun um skipun slíks ráðs.

Rektor ræður deildarforseta til þriggja ára að fenginni umsögn viðkomandi deildar og að höfðu samráði við háskólaráð. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Umsækjendur skulu uppfylla hæfnisskilyrði um stöðu háskólakennara sbr. lög um háskóla nr. 136/1997, á vettvangi fræða sem annaðhvort eru kennd í viðkomandi deild eða tengjast viðfangsefnum hennar. Dómnefnd skal meta hæfi umsækjenda með sama hætti og hæfi umsækjenda um stöðu háskólakennara er metið sbr. 3. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999. Sé sitjandi deildarforseti meðal umsækjenda um stöðu deildarforseta skal hann víkja af deildarfundi þegar umsögn er veitt um umsækjendur og staðgengill stýra fundi. Deildarfundur kýs staðgengil deildarforseta til þriggja ára í senn. Staðgengill gegnir starfi deildarforseta þegar um tímabundna fjarveru eða forföll hans er að ræða.

6. gr.

Deildarfundir og deildarráð.

Deildarfundir fara með æðsta ákvörðunarvald innan hverrar deildar.

Á deildarfundum eiga sæti deildarforseti, prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar, hvort sem þeir gegna fullu starfi eða hlutastarfi. Sama gildir um starfsmenn samstarfsstofnana viðkomandi deildar, sem hafa kennsluskyldu við skólann, sem og sérfræðinga sem ráðnir eru að viðkomandi deild. Einnig eiga þar sæti tveir fulltrúar stundakennara og tveir fulltrúar nemenda viðkomandi deildar og skulu þeir kjörnir til eins árs í senn. Rektor og framkvæmdastjóra háskólans er heimilt að sitja deildarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Deildarfundir skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega í deildum þar sem ekki er starfandi deildarráð en ella ekki sjaldnar en tvisvar á misseri. Deildarforseti ber ábyrgð á að gerð sé áætlun um deildarfundi skólaársins. Skylt er að boða til fundar ef rektor eða þriðjungur fulltrúa á deildarfundi æskja þess. Deildarforseti boðar fundi bréflega með þriggja daga fyrirvara ef unnt er. Fundarefni skal greina í fundarboði.

Deildarfundur er ályktunarfær ef fund sækir meira en helmingur atkvæðisbærra manna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Nú eru atkvæði jöfn og sker þá atkvæði deildarforseta úr. Ákvarðanir deildarfunda skulu bókfærðar.

Deildarfundur fjallar um meginatriði í starfsemi viðkomandi deildar og ber ásamt deildarforseta ábyrgð á að hún sé í samræmi við lög og gildandi reglur. Deildarfundur sker úr málum er varða skipulag kennslu, fjallar um árlega fjárhagsáætlun deildarinnar, um mál einstakra nemenda deildarinnar og sinnir að öðru leyti þeim verkefnum sem honum eru falin af háskólaráði eða rektor.

Deildarfundur getur tekið ákvörðun um að sérstakt deildarráð fari með tiltekin málefni deildarinnar. Deildarfundur setur reglur um skipan deildarráðs en þar skulu að minnsta kosti sitja, auk deildarforseta og staðgengils hans, skorarstjórar og annar fulltrúi nemenda á deildarfundum. Ákvörðunum deildarráðs er hægt að skjóta til deildarfundar. Frestur til slíks málskots skal vera þrjár vikur frá því að ákvörðun deildarráðs var kynnt. Deildarfundur getur sett nánari reglur um vald og verksvið deildarráða.

Í deild þar sem deildarráð er starfandi skal það fjalla um einstök mál er varða námsframvindu og persónulega hagi nemenda. Skal ákvörðun þess vera endanleg nema viðkomandi nemandi óski eftir að skjóta máli sínu til deildarfundar. Sérstakar reglur gilda um agabrot, áminningar og brottvikningu nemenda sbr. 17. gr. reglna þessara.

Háskólaráð tekur ákvörðun um skiptingu deilda í skorir. Deildarfundur skal gera tillögur til háskólaráðs um stofnun eða niðurlagningu skora viðkomandi deildar. Deildarfundur setur reglur um skipan skorarfunda og kosningu skorarstjóra að fenginni samþykkt háskólaráðs.

Hver deild hefur heimild til þess að setja á laggirnar námsnefnd. Hlutverk námsnefndar er að ræða og gera tillögur um námskrá, námsskipan og námsgreinar í viðkomandi deild.

7. gr.

Fagrád.

Við háskólann starfar fagrád sem skal vera rektor og háskólaráði til ráðgjafar um fagleg málefni og innra starf háskólans. Í fagráði sitja auk rektors, sem er formaður ráðsins, allir deildarforsetar háskólans, yfirbókavörður, framkvæmdastjóri og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar háskólans. Rektor boðar til fagráðsfunda eftir þörfum. Háskólaráð og rektor geta leitað umsagnar fagráðs um hvað eina er varðar starfsemi skólans og þróun hans. Fagrád skal jafnframt vera samstarfsvettvangur deilda og stofnana skólans. Ákvarðanir fagráðs eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

8. gr.

Um samráð við aðra háskóla og samstarfsstofnanir háskólans.

Háskólinn á Akureyri og einstakar deildir hans skulu fyrir sitt leyti hafa samráð og samstarf við aðra skóla á háskólastigi til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntunarkostum, allt í samræmi við lög nr. 136/1997. Leita skal samkomulags við samstarfsaðila um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Háskólanum er einnig heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir, sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir og ráðningu starfsfólks.

Í samstarfssamningum er heimilt að kveða á um að starfsmenn samstarfsstofnana, sem hafa kennsluskyldu við skólann, en gegna rannsóknaskyldu sinni við samstarfsstofnun, eigi rétt á, eða sé skylt, að dómnefnd, meti hæfi þeirra til að gegna þar lektors-, dósent- eða prófessorsstöðu. Sá er hlýtur slíkan hæfnisdóm skal njóta sambærilegra réttinda og gegna sambærilegum skyldum og lektorar, dósentar eða prófessorar, eftir því sem við á, þó að ráðning sé við aðra stofnun, enda sé slíkt í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga er gilda fyrir samstarfsstofnunina. Háskólaráð getur sett framgangsreglur fyrir starfsmenn

samstarfsstofnana sem hafa kennsluskyldu við skólann, enda séu reglurnar í samræmi við framgangsreglur fyrir kennara við skólann.

9. gr.

Almennur starfsmannafundur og kennarafundur.

Rektor í umboði háskólaráðs skal árlega boða til almenns starfsmannafundar til umræðna um málefni háskólans. Skylt er að boða til slíks fundar ef stjórnir starfsmannafélaga skólans eða 1/3 hluti starfsmanna æskir þess. Fundir skulu auglýstir með þriggja virkra daga fyrirvara hið minnsta. Allir starfsmenn skólans eiga rétt á að sækja þessa fundi og njóta þar atkvæðisréttar. Dreifa skal fundargerðum starfsmannafunda til starfsmanna skólans innan tveggja vikna eftir að fundur var haldinn.

Rektor getur boðað til almenns kennarafundar til umræðu um einstök málefni háskólans eða stofnana hans.

10. gr.

Gæðaeftirlit.

Í Háskólanum á Akureyri skal fara fram reglulegt sjálfsmat á innra starfi skólans með stöðugar umbætur í huga í samræmi við reglur nr. 331/1999.

III. KAFLI

Kennarar, deildir og stofnanir háskólans.

11. gr.

Deildir háskólans, nám og kennsla.

Í Háskólanum á Akureyri eru þessar deildir: heilbrigðisdeild, kennaradeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Háskólaráð ákvarðar að öðru leyti deildaskipan háskólans sbr. 8. gr. laga nr. 40/1999. Deildir háskólans bera ábyrgð á kennslu og kennslufyrirkomulagi og veitingu námsgráða.

Deildir háskólans skulu hafa með sér náíð samstarf. Þannig skal með samnýtingu mannafla, bókasafns, kennslutækja og annarrar aðstöðu stefnt að því að efla fjölbreytta menntunarkosti og tryggja hagkvæmni í rekstri. Í þessu skyni má nýta starfsskyldu þeirra sem ráðnir eru til starfa við einhverja deild skólans í þágu annarra deilda eða skólans í heild.

Kennsla í háskólanum skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda.

Deildum háskólans er heimilt að setja nemendum skilyrði um að ljúka námsefni 1. og 2. árs áður en nám er hafið á þriðja ári. Hámarksnáms tími í hverri skor skal vera 50% umfram áætlaðan náms tíma. Deildarfundir er heimilt að veita undanþágur frá þessu ákvæði um hámarksnáms tíma.

Háskólaráð setur almennar reglur um skipulag þess framhaldsnáms sem á boðstólum er í deildum háskólans. Ráðið getur, að fenginni tillögu deildar, veitt henni heimild til að starfrækja meistaranám og veita meistaragráðu. Viðkomandi deild ákveður þá inntak meistaranáms og prófkröfur með samþykki háskólaráðs. Háskólaráð setur sérstakar reglur um doktorspróf við háskólann.

Háskóladeildir hafa heimild til að veita doktorsnafnbót í heiðursskyni. Slík doktorsnafnbót verður ekki veitt nema með samþykki þriggja fjórðu hluta allra atkvæðisbærna fulltrúa á deildarfundum og með samþykki háskólaráðs.

Háskólinn sinnir endurmenntun á vettvangi fræða sem kennd eru í deildum háskólans.

12. gr.

Kennarar háskólans og veiting kennaraembætta.

Fastir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar eða prófessorar. Þeir einir hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Einnig starfa aðjúntkar, sérfræðingar og stundakennarar við háskólann.

Þá eina má ráða sem fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri eða tengdri grein er þeir eiga að kenna.

Umsækjendur um störf prófessora, dósentar og lektora skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau er þeir hafa unnið, ritsmíðar, rannsóknir, kennslustörf, stjórnunarstörf svo og námsferil sinn og önnur störf. Um skipan dómnefndar og mat á umsóknum fer eftir 3. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri og nánari framkvæmdareglum sem háskólaráð setur.

Rektor ræður alla kennara háskólans. Ef auglýst er staða prófessors, dósentar eða lektors og fleiri en einn umsækjandi fær hæfisdóm skal rektor leita umsagnar viðkomandi deildar eða deilda áður en hann ræður í stöðuna.

Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstöðu í dósentstöðu og úr dósentstöðu í prófessorstöðu samkvæmt reglum um framgangskerfi sem háskólaráð setur. Sæki háskóladeild um slíka hækkun ber háskólaráði að sjá svo til að umsóknir sæti þeirri meðferð sem kveðið er á um í lögum nr. 40/1999.

Rektor ákveður í samráði við deildarforseta hvernig starfsskyldur einstakra háskólakennara skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta innan marka gildandi kjarasamninga. Um starfsskyldur og réttindi kennara fer að öðru leyti eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í lögum og reglugerðum.

13. gr.

Um rannsóknarleyfi og rannsóknastyrki.

Háskólaráði er heimilt að veita kennurum og öðrum fastráðnum starfsmönnum háskólans rannsóknarleyfi um allt að eins árs skeið á föstum launum, enda liggja fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig umsækjandi hyggst verja rannsóknarleyfinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknaverkefnum. Leita skal umsagnar fagráðs um umsókn um rannsóknarleyfi.

Eftir því sem fjárlög heimila og kjarasamningar gera ráð fyrir getur háskólaráð veitt einstaklingi, sem rannsóknarleyfi hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferða- og dvalarkostnaði í sambandi við rannsóknarleyfið.

Háskólaráð skal setja nánari reglur um rannsóknarleyfi og styrkveitingar.

14. gr.

Rannsóknastofnun og rannsóknasjóðir.

Við háskólann starfar rannsóknastofnun. Rannsóknastofnun er meðal annars heimilt að stunda þjónusturannsóknir. Með þjónusturannsóknnum er átt við rannsóknir sem unnar eru fyrir eða í tengslum við aðila utan háskólans gegn endurgjaldi. Háskólaráð skal setja sérstakar starfsreglur um stofnunina sem menntamálaráðherra staðfestir. Í þeim reglum skal meðal annars fjalla um ráðstöfun tekna af þjónusturannsóknnum.

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar.

Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við rannsóknarstofnunina.

Háskólaráð skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem háskólinn hefur til umráða.

15. gr.

Bókasafn.

Við háskólann er rannsókn- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita nemendum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna.

Rektor ræður yfirbókavörð sem hefur yfirumsjón með bókasafni og lesstofum háskólans. Hann er ábyrgur gagnvart rektor og háskólaráði. Yfirbókavörður gerir fjárhagsáætlanir fyrir bókasafnið í samvinnu við deildarforseta og framkvæmdastjóra. Yfirbókavörður hefur bókasafnsnefnd sér til ráðuneytis. Yfirbókavörður og bókasafnsnefnd annast og gera tillögu um uppbyggingu bókasafns og þjónustu þess. Í bókasafnsnefnd skulu eiga sæti yfirbókavörður, einn fulltrúi frá hverri deild, kosinn af deildarfundi, einn fulltrúi starfsmanna bókasafns og einn fulltrúi nemenda. Fulltrúar skulu hafa varamenn og vera tilnefndir til tveggja ára í senn, nema fulltrúi nemenda sem tilnefndur er til eins árs.

IV. KAFLI

Nemendur, kennsla og próf.

16. gr.

Háskólaár og kennsla.

Háskólaárið telst frá 15. ágúst til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Haustmisseri skal vera lokið í síðasta lagi 21. desember og vormisseri byrja í fyrsta lagi 3. janúar. Um páska skal ekki kennt á miðvikudegi fyrir skírdag og á þriðjudegi eftir annan í páskum. Engin kennsla fer fram 1. desember, á helgidögum þjóðkirkjunnar eða á öðrum lögboðnum frídögum. Háskólaráð getur ákveðið að fella niður kennslu á öðrum dögum en hér eru tilgreindir.

Háskólaráð skal, að fengnu samþykki deilda, gefa út kennsluskrá fyrir komandi skólaár, ekki síðar en í apríl ár hvert. Þessi kennsluskrá skal að jafnaði gilda fyrir nemendur sem innritast það námsárið og stunda nám með eðlilegri námsframvindu. Í kennsluskránni er birt almanak komandi skólaárs og þess þar næsta og þar skulu vera skráð númer og nöfn allra námskeiða og stutt lýsing á hverju námskeiði fyrir sig. Tilgreina ber öll skilyrði um undanfara einstakra námskeiða þegar það á við. Í námskeiðslýsingum skulu koma fram, eftir því sem kostur er, upplýsingar um kennara, markmið námskeiðs, námsmat og lesefni.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta nemendur. Fyrirlestrar eru öðrum opnir, eftir nánari reglum sem háskólaráð setur, með samþykki kennara.

Háskóladeildum er heimilt að setja reglur um skyldu nemenda til þátttöku í verklegum æfingum, verklegu námi og vettvangsþjálfun.

17. gr.

Nemendur.

Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum framhaldsskóla getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Í samræmi við lög um háskóla nr. 136/1997 er háskólaráði heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann. Inntaka nemenda er í höndum háskólaráðs og getur ráðið takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám við deildir skólans eftir reglum sem það setur.

Regluleg skrásetning nýnema fer fram á tímabilinu 1. maí til 1. júní ár hvert. Skráning annarra fer fram á tímabilinu 1. apríl til 30. apríl ár hvert. Skráningu nemenda sem æskja flutnings frá erlendum háskólum skal lokið fyrir 1. maí. Beiðni um skrásetningu nýnema skal fylgja ljósrit eða staðfest afrit af stúdentsprófsskírteini og önnur þau skilríki sem nánar

kann að verða kveðið á um af hálfu viðkomandi deildar. Ár hvert skal háskólaráð ákveða skrásetningargjald í samræmi við lög nr. 40/1999.

Nemendur hafa ekki rétt til að gangast undir próf nema þeir uppfylli framangreind skilyrði og hafi greitt skrásetningargjald.

Rektor getur með heimild í 11. gr. laga nr. 40/1999 veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla tímabundið eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum eða öðrum námsmönnum háskólans er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar viðkomandi háskóladeildar og gefa námsmanninum kost á því að tjá sig um málið. Námsmanni er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til sérstakrar áfrýjunarnefndar. Um mál af þessu tagi skal að öðru leyti fara eftir lögum.

18. gr.

Próf.

Próf eru haldin í lok hvors kennslumisseris og í síðustu viku fyrir upphaf haustmisseris. Tímasetning sjúkra- og endurtökuprófa skal ákvörðuð af háskólaráði og birt í kennsluskrá.

Háskólakennarar standa fyrir prófum. Próf eru munnleg, skrifleg eða verkleg. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur o.þ.h. í stað prófs eða sem hluta af prófi og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum þessara hluta. Skal um þetta vera samráð á milli deildarforseta og hlutaðeigandi kennara og ákvörðun kunngerð nemendum eigi síðar en við upphaf kennslu í viðkomandi námskeiði.

Í upphafi kennslutímabils staðfesta nemendur skráningu í þau námskeið er þeir sækja. Innritun í námskeið gildir sem innritun í próf sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þeir sem ekki hafa innritað sig í námskeiðið með framangreindum hætti en hyggjast þreyta próf í viðkomandi grein skulu skrá sig í próf með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda skal tilkynna forföll á prófdegi áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Það sama gildir ef nemandi mætir ekki í próf vegna veikinda barns.

Einkunnir eru í heilum tölum frá 1 til 10. Lágmarkseinkunn til þess að standast próf er einkunnin 5. Háskóladeildum í samráði við prófstjóra er heimilt að nota skólanúmer. Nemandi skráir þá skólanúmer sitt á úrlausnarblöð í stað nafns.

Við munnlegt og verklegt próf skal vera prófdómari. Við lokaverkefni skal ætíð vera prófdómari hvort sem það er munnlegt eða skriflegt. Önnur skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir. Háskólarektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum viðkomandi deildar.

Niðurstöður prófa skulu liggja fyrir eigi síðar en á ellefta virka degi eftir prófdag. Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati skriflegrar úrlausnar sinnar innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki sé ekki um lokaverkefni að ræða. Einnig getur kennari eða meirihluti nemenda í viðkomandi námskeiði óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Nemandi sem kemur ekki til prófs sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið. Honum er þó ekki heimilt að skrá sig í endurtökupróf. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu skólans eigi síðar en sjö dögum fyrir prófdag.

Nú stenst nemandi ekki próf og er honum þá heimilt að endurtaka það tvisvar. Sækja þarf sérstaklega um það til rektors ef þreyta á endurtekningarp próf í þriðja sinn. Háskólaráð skal setja reglur um gjaldtöku fyrir endurtekningarp próf.

Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið. Heimili deildarfundur endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið. Seinni einkunnin skal gilda.

Skrifstofa háskólans sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra. Hún sér um að birta nemendum einkunnir. Að liðnum fjórum árum frá prófdegi skulu úrlausnir eyðilagðar.

Rektor ræður prófstjóra sem annast undirbúning og framkvæmd prófa í samráði við deildarforseta og skrifstofu háskólans.

Próftöflur skulu liggja fyrir eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi próftímabil hefst. Prófstjóri sér um að koma próftöflum til allra umsjónarkennara sem próf eiga á töflunni og birta nemendum þær á auglýsingatöflum skólans.

Háskólaráð skal setja sérstakar, nánari reglur um prófahald en hér er kveðið á um.

V. KAFLI Gildistaka o.fl.

19. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 136/1997 um háskóla og laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 3. desember 1999.

Háskólanum á Akureyri, 3. desember 1999.

Þorsteinn Gunnarsson
rektor.

Steingrímur Jónsson
ritari háskólaráðs.

20. desember 1999

Nr. 889

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Brautarholts í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hitaveita Brautarholts selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð Hitaveitu Brautarholts staðfestri.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfi hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunefndar.

3. gr.

Hitaveitan lætur setja rennismæla á inntök þeirra húsa, sem tengd eru hitaveitunni.

4. gr.

Hitaveitunefnd lætur lesa af mælum hitaveitunnar á tveggja mánaða fresti. Ef mælir bilar áætla hitaveitunefnd vatnsnotkunina með hliðsjón af fyrri notkun, þar til viðgerð hefur farið fram.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld:

Vatn um mæli	kr.	30,00 á m ³
--------------	-----	------------------------
2. Mælagjöld á mánuði:
 - a) Fyrir mæla allt að 3/4" kr. 500,00
 - b) Fyrir mæla 1" - 2" kr. 1.000,00
3. Hitaveitunefnd hefur heimild til að gefa stórum notendum afslátt frá þessu gjaldi.
4. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

6. gr.

Gjald dagar hitaveitugjalda skv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar febrúar, 20. mars. Fyrir mars apríl, 20. maí. Fyrir maí júní, 20. júlí. Fyrir júlí ágúst, 20. september. Fyrir september – október, 20. nóvember. Fyrir nóvember – desember 20. janúar.

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miðað við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m ³	kr.	88.900,00
Hús 400-2000 m ³	kr.	88.900,00 fyrir 400 m ³ og
	kr.	72,00 á hvern m ³ þar fram yfir.
Hús stærri en 2000 m ³	kr.	205.000,00 fyrir 2000m ³ og
	kr.	61,00 á hvern m ³ þar fram yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli umfram einn á sama inntaki er kr. 3.600,00.

Heimæðagjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr.

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1.910,00 hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir vegna bilana og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem hreppsnefnd Skeiðahrepps hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að taka gildi 1. janúar 2000. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 78, 19. febrúar 1991.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

20. desember 1999

Nr. 890

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./stk	
Tollnúmer:					
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9030	Matjurta og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0602.9041	Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar Skógartré	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
Aðrar útiplöntur:					
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
Inniplöntur:					
0602.9070	Græðlingar með rót og unglöntur ekki kaktusar og þykkbl.	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.04.00	30	2.500	0
0602.9099	Annars (Pottapl. yfir 1 metri á hæð)	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plöntur af ættkvíslum brónugrasa „orchids“	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (Nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.00	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslirnar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.01.-30.04.00	30	5.500	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./stk.
<i>Úr tollnúmeri:</i>				
0603.1009 Blóm af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0603.1009 Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
<i>Tollnúmer:</i>				
0604.9101 Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0604.9102 Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0604.9109 Annað	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0
0604.9900 Annars	01.01.-31.12.00	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. desember 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994 með síðari breytingum.

1. gr.

7. gr. reglnanna orðast svo:

Losunar- og sjósetningarbúnaður gúmmíbjörgunarbáta.

7.1. *Farþegaskip og flutningaskip.*

7.1.1. Skip, sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu frá árinu 1974, með síðari breytingum (SOLAS), skulu vera búin losunarbúnaði á gúmmíbjörgunarbátum í samræmi við reglu III/38.6 í SOLAS (sjá II. viðauka).

7.2. *Skip, sem eru styttri en 15 m og notuð eru í atvinnuskyni, önnur en skip sem falla undir gr. 7.1.*

7.2.1. Á skipum þessum, sem skylt er að hafa einn eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta, skal a.m.k. einn gúmmíbjörgunarbátur, sem rúmar alla um borð, vera búinn losunarbúnaði þannig að unnt sé að losa bátinn frá skipinu með einu handtaki á staðnum.

7.2.2. Ennfremur skal gúmmíbjörgunarbáturinn vera tengdur annað hvort losunarbúnaði sem losar gúmmíbjörgunarbátinn sjálfvirkt frá skipinu fyrir áhrif sjávar eða fjarstýrðum búnaði sem losar bátinn með einu handtaki frá stjórnþalli eða öðrum hentugum stað.

7.2.3. Heimilt er að tengja ræsingu uppblásturs gúmmíbjörgunarbátsins við fjarstýringuna og/eða sjálfvirka losun hans.

7.3. *Skip, sem eru 15 m að lengd eða lengri og notuð eru í atvinnuskyni, önnur en skip sem falla undir gr. 7.1.*

7.3.1. Skip þessi skulu búin losunarbúnaði í samræmi við gr. 7.2.1. – 7.2.2., sem jafnframt er sjósetningarbúnaður, sem sjósetur bátinn og ræsir uppblástur hans sjálfvirkt.

7.3.2. Skip þessi skulu hafa á hvorri hlið a.m.k. einn gúmmíbjörgunarbát með losunar- og sjósetningarbúnaði og skal hver gúmmíbjörgunarbátur rúma a.m.k. helming skipverja.

7.3.3. Á skipum, sem eru 15 m að lengd eða lengri en styttri en 24 m, er heimilt að vikið sé frá staðsetningu eins af gúmmíbjörgunarbátunum, sem kveðið er á um í gr. 7.3.2 og að sá gúmmíbjörgunarbátur sé án sjósetningarbúnaðar ef öryggi skipverja er betur tryggt á þann hátt að mati Siglingastofnunar Íslands.

7.4. *Sjálfvirkur búnaður og fjarstýring.*

7.4.1. Á skipum, sem eru 12 m að lengd eða lengri og falla undir gr. 7.2. eða gr. 7.3., skal búnaðurinn vera bæði sjálfvirkur og fjarstýrður.

7.5. *Frágangur og fyrirkomulag.*

7.5.1. Losunarbúnaður og sjósetningarbúnaður skal uppfylla kröfur um staðsetningu, fyrirkomulag, álag, ísingu og virkni (sjá III. viðauka).

7.6. *Merking hylkja gúmmíbjörgunarbáta vegna sjálfvirks uppblásturs.*

7.6.1. Um gúmmíbjörgunarbáta, sem komið er fyrir í losunar- og sjósetningarbúnaði og gengið hefur verið frá á þann hátt að þeir byrji að blásast upp um leið og þeir losna, gildir eftirfarandi: Á hylkjum bátanna skal vera límmiði með upplýsingum um frágang tengingar fangalíunnar.

7.7. *Skoðun og eftirlit búnaðar.*

7.7.1. Losunar- og sjósetningarbúnað skal skoða árlega í samræmi við fyrirmæli Siglingastofnunar Íslands.

- 7.7.2. Siglingastofnun er heimilt að veita sérstökum aðilum starfsleyfi til að annast skoðun og viðhald losunar- og sjósetningarbúnaðar.
- 7.8. *Skip sem voru smíðuð fyrir 1. september 1999 og eru með eldri búnað eða eru án búnaðar.*
- 7.8.1. Á skipum, sem voru smíðuð fyrir 1. september 1999, er heimilt að hafa þann sjósetningarbúnað sem var um borð þann 1. september 1999 og viðurkenndur var skv. eldri reglum um losunar- og sjósetningarbúnað.
- 7.8.2. Búnaðurinn skal þó uppfylla kröfur þessara reglna um staðsetningu og fyrirkomulag um borð við fyrstu búnaðarskoðun sem fer fram eftir 1. janúar 2000.
- 7.8.3. Á skipum, sem voru smíðuð fyrir 1. september 1999, og hafa ekki þann lágmarksfjölda af losunar- og sjósetningarbúnaðum, sem krafist er skv. gr. 7.3., skal uppsetningu búnaðar, sem krafist er skv. sömu grein, lokið eigi síðar en við fyrstu búnaðarskoðun sem fer fram eftir 1. janúar 2000.
- 7.9. *Undanþágur.*
- 7.9.1. Siglingastofnun Íslands er heimil að veita sérhverju skipi, öðru en farþegaskipi eða fiskiskipi, undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef öryggi skipverja er tryggt á annan hátt að mati stofnunarinnar. Þetta getur t.d. átt við um skip starfrækt innan hafnarsvæða eingöngu, svo sem flotkvíar, flotbryggjur og pramma.

2. gr.

Á undan I. viðauka bætist við ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði greina 7.2. og 7.3. skulu þó ekki taka gildi fyrr en 1. mars 2000 gagnvart farþegaskipum. Fram til þess tíma er farþegaskipum heimilt að hafa þann búnað sem er um borð 1. janúar 2000 og viðurkenndur var skv. eldri reglum um losunar- og sjósetningarbúnað.

3. gr.

Við reglurnar bætast eftirfarandi viðaukar, II. viðauki og III. viðauki, svohljóðandi:

II. VIÐAUKI

Reglur úr III. kafla SOLAS um gerð björgunarbúnaðar (Hluti IV - Björgunarför, 38. regla. Almenn ákvæði um björgunarfleka.)

Regla 38.6

6. Sjóstýrður búnaður björgunarfleka.
- 6.1. Fyrirkomulag fangalínu.
Fangalína skal tengja björgunarfleka við skipið og skal henni komið þannig fyrir að tryggt sé að losaður og uppblásinn björgunarflekinn dragist ekki niður með sökkvandi skipi.
- 6.2. Veikur hlekkur.
Ef veikur hlekkur er notaður í sjóstýrðum búnaði skal hann:
1. ekki slitna við þann kraft sem þarf til að draga fangalínuna út úr hylki björgunarflekans;
 2. ef við á, hafa nægilegan styrkleika til að unnt sé að blása björgunarflekann upp; og
 3. slitna við átak sem nemur 2,2 0,4 kN.

6.3. Þrýstistýrður losunarbúnaður.

Ef þrýstistýrður losunarbúnaður er notaður í sjóstýrða búnaðinum skal hann:

1. smíðaður úr hentugu efni sem tryggir virkni búnaðarins. Galvanisering eða önnur málmhúðun á hlutum sjóstýrða losunarbúnaðarins er óheimil;
2. losa björgunarflékann sjálfkrafa á minna en 4 m dýpi;
3. búinn frárennslisopum til að koma í veg fyrir að vatn safnist fyrir í búnaðinum þegar hann er í eðlilegri stöðu;
4. smíðaður þannig að sjór sem gengur yfir búnaðinn losi ekki björgunarflékann;
5. varanlega merktur að utanverðu með framleiðslugerð og raðnúmeri;
6. afhentur með skírteini eða skráningarplötu þar sem fram koma upplýsingar um framleiðsludag, gerð og raðnúmer; og
7. gerður þannig að sérhver hlutur sem tengdur er fangalínunni hafi a.m.k. sama styrkleika og krafist er að fangalínan hafi.

III. VIÐAUKI

Prófunar- og viðurkenningarkröfur fyrir losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

A-hluti

Prófunarkröfur.

0. Almenn.

Losunar- og sjósetningarbúnaður skal flokkaður og prófaður samkvæmt prófunaraðferð NT MEC 032 í samræmi við breytingar á framkvæmd prófana dagsettum 3. febrúar 1998. Prófunarmat er mat á prófunarþörf þar sem er m.a. tekið tillit til áður gerðra prófana og hvort beita skuli prófunaraðferðinni í heild sinni eða hvort búnaðurinn gefi tilefni til frávika. Prófunarmatið er á gátlista með prófunar- og viðurkenningarkröfum. Framleiðandi losunar- og sjósetningarbúnaðar skal upplýsa Siglingastofnun Íslands um prófunaraðila. Prófunaraðili skal vera viðurkenndur prófunaraðili og ákveður hann prófunaraðferð í samráði við Siglingastofnun Íslands.

1. Flokkun og yfirferð.

Prófun skal framkvæmd samkvæmt prófunaraðferð en að auki bætist við útfylling á gátlista og ákvörðun um umfang þeirra prófana sem fram þurfa að fara. Ganga skal úr skugga um að búnaðurinn hafi þá virkni sem gildandi reglur krefjast.

2. Álagsprófun.

Álags skal framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Ennfremur skal fjarstýrð losun álagsprófuð frá losunarhandfangi með 2,2 x 200 N átaki í 5 mínútur. Þar sem markmið prófunar er að líkja eftir álagi við notkun skal prófunin framkvæmd á þann hátt að búnaðurinn er ræstur og látinn framkvæma þá vinnu sem hann er gerður fyrir einu sinni með bátshylkislíkani sem er 2,2 x þyngd stærsta báts sem búnaðurinn er gerður fyrir. Þyngdardreifingin í bátshylkislíkaninu skal vera samsvarandi og í þeim bát sem miðað er við. Eftir prófunina er búnaðurinn skoðaður og mega ekki sjást nein merki um aflögun, skemmdir eða aðrar breytingar.

3. Virkniprófun.

Prófunin skal framkvæmd samkvæmt prófunaraðferð við 18 til 20°C lofthita. Búnaðurinn skal virka eðlilega í öllum prófunum og skulu átök og færslur skráðar í prófunarskýrslur í samræmi við prófunaraðferð og vera innan þeirra marka sem þar er lýst.

Fjarstýring skal prófuð í samræmi við prófunaraðferð. Af 5 prófunum má ein prófun sýna mest 220 N átak en að öðru leyti vísast til prófunaraðferðar. Heimilt er skipum undir 15 metrum að lengd að tengja ræsingu uppblásturs við fjarstýrða eða sjálfvirka losun. Sé uppblástur gúmmíbjörgunarbáts tengdur fjarstýrðri losun og ræsingu skal hún virkniprófuð í samræmi við prófunaraðferð.

Losunar- og sjósetningarbúnaður:

Prófa skal handvirka ræsingu 10 sinnum en fjarræsingu 5 sinnum eins og prófunaraðferð mælir fyrir um. Ræsibúnaður uppblásturs gúmmíbjörgunarbátsins skal ekki rýra aðra virkni fjarstýri- og/eða sjálfvirkni búnaðarins. Ekki skal þessi frágangur hindra hefðbundna sjósetningu gúmmíbjörgunarbátsins eða leiða það af sér að hefðbundin sjósetning verði hættuleg.

Prófun sjálfvirkis losunarbúnaðar með losun á geymslustað:

Handvirk losun skal prófuð 10 sinnum í samræmi við prófunaraðferð.

Losunarbúnaður:

Prófa skal handvirka losun 10 sinnum og fjarræsingu 5 sinnum eins og prófunaraðferð mælir fyrir um.

4. Hitasveifluprófun.

Hitasveifluprófun skal framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Búnaður telst hafa staðist hitasveifluprófun ef hann hefur virkað eðlilega í öllum prófunum og ef átök og færslur sem þurfti til að framkvæma virkniprófanirnar eru innan skilgreiningarinnar á einu handtaki á sama hátt og í virkniprófun. Prófunin er framkvæmd á þann hátt sem prófunaraðferðin segir til um ef prófunarmat gefur tilefni til. Þó skal sleppa því að prófa virkni búnaðar 5 sinnum eftir prófun við +65°C. Búnaðurinn skal standa yfir nótt við stofuhita eftir prófun við +65°C áður en prófað er við -30°C.

5. Ferilmæling.

Ferilmæling skal aðeins gerð fyrir losunar- og sjósetningarbúnað skipa stærri en 15 metrar og framkvæmd eins og prófunaraðferð gerir ráð fyrir.

Ofansjávarmælingar.

Ofansjávarmælingar skulu framkvæmdar í samræmi við prófunaraðferð. Mældir skulu ferlar við hallahornin 0° og +20°. Ennfremur skal búnaðurinn ræstur við hallahornin +60°, -60° og +90° en ekki er skylt að gera ferilmælingar við þessi 3 hallahorn. Í þessum 3 prófunum skal búnaðurinn framkvæma alla þá vinnu sem hann er gerður fyrir, þ.e. að losa gúmmíbjörgunarbatinn frá geymslustað sínum, færa hann úr sæti sínu og ræsa uppblástur gúmmíbjörgunarbátsins. Búnaðurinn skal vinna eins og ætlast er til í öllum prófunum á eðlilegum tíma. Við mat á ferlum úr þessari prófun og ferilmælingu með uppblæstri til ákvörðunar á getu og staðsetningu búnaðarins, skal búnaðurinn uppfylla eftirfarandi: Að ysta brún bátshylkisins sé ekki nær síðu skipsins en 0,2 metrar við upphaf prófunar. Að neðsta brún hylkis gúmmíbjörgunarbátsins sé a.m.k. 0,3 metrum fyrir ofan öldustokk eða þróm þilfars þegar hann fer út yfir síðu skipsins og að hraði og kraftur hylkisins sé nægjanlegur til að skila gúmmíbjörgunarbatnum niður á yfirborð sjávar þó að skipið hafi 20° slagsíðu í gagnstætt borð og yfirborð sjávar sé 4 metrum neðan við þann stað sem gúmmíbatúrin fer út yfir síðu skipsins. Krafan er að gúmmíbjörgunarbatúrin og/eða hylki hans komist út á yfirborð sjávar. Þetta er óháð því hvort gúmmíbjörgunarbatúrin eða hylki hans komi við síðu skipsins á leið sinni út á yfirborð sjávar.

Ferilmælingar ofansjávar eru framkvæmdar í samræmi við prófunaraðferð við hallahornin 0° og 20°. Fimm mælingar eru gerðar við hvert hallahorn og ferlar metnir samkvæmt fyrimælum í prófunaraðferð. Að auki er búnaðurinn virkniprófaður við +60°, -60° og

+90°, þrisvar sinnum við hvert hallahorn. Búnaðurinn skal þá alltaf við ræsingu vinna eins og ætlast er til á eðlilegum tíma. Framleiðandi skal leggja fram „feril hnit (x;y)“ fyrir hverja gerð búnaðar miðað við framangreindar forsendur.

Neðansjávarmælingar.

Búnaðurinn skal virkniprófaður neðansjávar við þær aðstæður og svo oft sem lýst er í þessum hluta prófunaraðferðarinnar. Siglingastofnun krefst ekki ferilmælinga neðansjávar en krefst þess að búnaðurinn framkvæmi þá vinnu sem hann er gerður fyrir í öllum tilfellum, þ.e. að losa festingar gúmmíbjörgunarabátsins á geymslustað sínum, færa hann úr stað og ræsa uppblástur gúmmíbjörgunarabátsins. Ræsing neðansjávar skal framkvæmd við öll horn samkvæmt prófunaraðferð. Ræsa skal 3 sinnum við hvert horn.

Ferilmæling með uppblæstri.

Ferilmæling með uppblæstri skal einungis framkvæmd ofansjávar. Niðurstöður þeirrar mælingar skulu metnar á sama hátt og getið er um í ofansjávarmælingu. Ferilmæling með uppblæstri skal framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð einu sinni ofansjávar. Heimilt er að mælingin fari fram um leið og ofansjávarmæling við hallahornið 0° þar sem sama uppstilling er notuð. Ekki er krafist ferilmælingar með uppblæstri neðansjávar.

6. Ísingarprófun.

Prófun losunar- og sjósetningarbúnaðar skal framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð. Búnaðurinn skal vinna eðlilega við þessa prófun. Hafi búnaðurinn ekki unnið eins og ætlast er til innan 3 mínútna frá því að hann var ræstur skal prófun hætt og telst búnaður þá ekki hafa staðist prófið.

7. Tæringarprófun.

Ef niðurstaða við flokkun og yfirferð er sú að búnaður skuli fara í tæringarprófun skal tæringarprófun framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Heimilt er þó að prófa aðeins hluta úr búnaði ef prófunarmat gefur tilefni til.

8. Titringsprófun.

Ef niðurstöður flokkunar og yfirferðar samkvæmt prófunaraðferð eru þær að búnaður skuli fara í titringsprófun skal titringsprófun framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Heimilt skal þó að prófa aðeins hluta úr búnaði ef mat samkvæmt forskrift gefur tilefni til þess.

9. Sjálfvirkniprófun.

Ef búnaðurinn er sjálfvirkur skal sjálfvirkniprófun framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Ef þrýstistýrð losunareining er hluti af búnaði skal hún ennfremur prófuð. Ef búnaðurinn er þrýstistýrður skal hann losa gúmmíbjörgunarabáttinn áður en búnaðurinn nær 4 metra dýpi. Ef búnaðurinn er háður öðrum breytistærðum en þrýstingi sjávar skal hann losa gúmmíbjörgunarabáttinn á innan við 15 sekúndum frá því að búnaðurinn er umlukinn sjó. Ef uppblástur gúmmíbjörgunarabáts er tengdur sjálfvirkri losun skal hann prófaður í sjálfvirkniprófun og skal ræsibúnaður vinna í öllum prófunum.

10. Sérstakar prófanir.

Prófanir skulu framkvæmdar samkvæmt prófunaraðferð eins og viðkomandi búnaður gefur tilefni til. Siglingastofnun Íslands getur krafist annarra prófana sé viðkomandi búnaður þannig að sérstök ástæða þyki til að mati stofnunarinnar. Prófanir gerðar undir þessum lið skulu gerðar í samræmi við viðeigandi prófunaraðferðir.

B-hluti

Viðurkenningarkröfur.

11. Gæðaeftirlit.

Framleiðandi búnaðar skal áður en framleiðsla hefst hafa komið á viðurkenndu gæðaeftirlitskerfi og upplýsa Siglingastofnun Íslands um eftirlitskerfið og hver hafi eftirlit með því. Gæðakerfið skal veita fullvissu um að búnaðurinn uppfylli gerðar kröfur og að hann sé í samræmi við frumgerð við lokaskoðun. Framleiðandi skal áður en viðurkenning er gefin út leggja fram til viðurkenningar skoðunarleiðbeiningar fyrir búnaðinn þar sem fram kemur hvaða atriði skulu skoðuð, hvernig þau skuli skoðuð og hvernig þau skuli dæmd. Með hverjum búnaði skal fylgja vottorð framleiðanda þar sem fram kemur hvaða kröfur búnaðurinn uppfyllir. Ennfremur skal skoðunarhandbók fylgja með hverjum búnaði.

12. Grunnkröfur um eftirlit með búnaði í notkun.

Losunar- og sjósetningarbúnað skal skoða árlega. Skoðun búnaðarins skal framkvæmd í samræmi við samþykktar skoðunarleiðbeiningar framleiðanda. Ekki sjaldnar en á 5 ára fresti skal sjósetningarbúnaður virkniprófaður með báthylkislíki að sömu þyngd og sá bátur sem er í búnaðinum. Framleiðendur eða umboðsmenn þeirra skulu safna saman og senda árlega til Siglingastofnunar Íslands upplýsingum um skoðun á þeim búnaði sem þeir framleiða. Skoðunarmaður skal varðveita skoðunavottorð í 5 ár frá skoðun.

13. Skoðunarleiðbeiningar.

Skoðunarleiðbeiningar skulu innihalda eftir því sem við á:

- Leiðbeiningar um framkvæmd skoðana.
- Verkfæralista yfir verkfæri, sem þarf til að framkvæma skoðun.
- Varahlutalista búnaðar.
- Viðgerðarleiðbeiningar.
- Gátlista skoðunar.
- Þau fyrirmæli og reglur sem Siglingastofnun Íslands telur nauðsynleg.

Framleiðendur skulu sjá um að koma til skoðunarmanna, sem eru viðurkenndir af Siglingastofnun, þeim upplýsingum er varða skoðun búnaðar og ef breytingar hafa verið gerðar á búnaði.

C-hluti

Staðsetning og fyrirkomulag.

14. Staðsetning.

Almennt gildir að björgunarför skulu vera aðgengileg. Björgunartæki skal staðsetja sem næst vistarverum áhafnar og þar sem áhöfn er að jafnaði við störf. Björgunarför skulu staðsett þannig að hægt sé að sjósetja þau beint frá geymslustað og að ekki sé hætt á að þau verði fyrir skemmdum vegna venjulegrar starfsemi skipsins. Hvorki stoðir, stög né aðrar hindranir mega vera í vegi fyrir losun og sjósetningu björgunarfara. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir þannig að ekki skapist hættu vegna opa sem gerð eru í borðstokka og handrið vegna staðsetningar björgunarfara. Þess skal gætt að björgunarför geti ekki lent undir þilförum eða skorðast af undir handriðum eða mastursstögum á leið sinni í sjóinn.

15. Samþykkt á staðsetningu og fyrirkomulagi um borð í skipum.

Staðsetning og fyrirkomulag losunar- og sjósetningarbúnaðar er háð samþykki Siglingastofnunar Íslands. Áður en uppsetning er hafin skal liggja fyrir samþykki Siglingastofnunar um fyrirhugaða staðsetningu búnaðarins um borð í skipinu. Losunar- og sjósetningarbúnaður svo og fylgihlutir hans skulu settir upp í samræmi við viðurkenningu búnaðarins og

skal tekið tillit til ferilmælinga í prófunum. Losunar- og sjósetningarbúnaður skal staðsettur þannig að hann sé vel aðgengilegur til notkunar, eftirlits og viðhalds. Ekkert sem snýr að uppsetningu eða staðsetningu búnaðarins skal hindra þá virkni búnaðarins að hann geti sjósett gúmmíbjörgunarbát þó skipið hafi allt að 10° stafnhalla á hvorn veginn og allt að 20° slagsíðu til hvorrar hliðar. Ennfremur skal vera hægt að sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn með handafli. Búnaðurinn skal vera þannig staðsettur og uppsettur að ekki skapist slyshætta af honum eða notkun hans. Búnaður sem þannig er gerður, að armar falla yfir gangveg og sambærilegur búnaður, skal þannig fyrir komið að lágmarkshæð frá gangvegi upp í arminn í lokastöðu skal vera minnst 2,2 metrar. Við staðsetningu skal þess gætt að nægjanlegt svæði til athafna, a.m.k 0,35 m, sé fyrir framan og aftan gúmmíbjörgunarbátinn til þess að hægt sé að sjósetja hann með handafli.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 20. desember 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

10. desember 1999

Nr. 892

REGLUGERÐ

fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspar.

1. Leyfishafi.

- 1.1 Íslensk getspá er félag í eigu Íþróttasambands Íslands (ÍSí), Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), sem stofnað er til að starfrækja talnagetraunir og/eða bókstafagetraunir í þeim tilgangi að afla fjár til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan ÍSí og UMFÍ og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ eða til að standa undir annarri starfsemi þess í þágu öryrkja. Heimili félagsins, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. Tegundir talnagetrauna.

- 2.1 Félagið starfrækir talnagetraunir (lottó) undir heitinum Lottó 5/38, Jóker og Víkingalottó (Lottó 6/48), en hina síðastnefndu talnagetraun starfrækir það í samvinnu við eftirgreind talnagetraunafyrirtæki: AB Svenska Spel, Svíþjóð, Norsk Tipping A/S, Noregi, OY Veikkaus ab, Finnlandi, og Dansk Tipstjeneste AS, Danmörku. Um getraunastarfsemina gilda eftirfarandi reglur:

3. Leikspjöld, útfylling þeirra og greiðsla.

- 3.1 Íslensk getspá gefur út og dreifir leikspjöldum til þátttöku í talnagetraununum. Leikspjöld má einnig nálgast með rafrænum hætti í gegnum tölvu, síma eða gagnvirk sjónvarp. Á hverju leikspjaldi Lottó 5/38 eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J, og er hver leikur með tölunum 1-38. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til tíu leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjöldum fyrir Lottó 5/38 er sérstakur reitur sem þátttakendur merkja í ef þeir vilja taka þátt í

- Jóker en þátttaka í Jóker er bundin þátttöku í Lottó 5/38. Þátttakendur geta valið 5 tölur úr tölunum 0-9 til að mynda Jókertölur sínar.
- Á hverju leikspjaldi Víkingalottós eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J, og er hver leikur með tölunum 1-48. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til 10 leikjum á hverju leikspjaldi.
- Á sölustöðum skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í viðkomandi talnagetraun. Þar skal og vera hvatning til þátttakenda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.
- 3.2 Leikir í talnagetrauninum fara að jafnaði fram einu sinni í viku samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár.
- 3.3 Leikirnir felast í því að þátttakandi stríkar lóðrétt með blýanti eða dökkum penna (ekki rauðum lit) í reiti fimm mismunandi talna í Lottó 5/38 en í reiti sex mismunandi talna í Víkingalottói, sem hann velur af þeim tölum sem tilgreindar eru í hverri röð. Ef þátttaka fer fram með rafrænum hætti, í gegnum tölvu, síma eða gagnvirk sjónvarp, velur þátttakandi tölur á tilheyrandi skjá. Geri þátttakandi villu skal hann ógilda þá röð með því að stríka lóðrétt yfir, eða velja með því að ýta (smella) á ef um rafrænt leikspjald er að ræða, þar til gerðan ógildingarreit viðkomandi raðar, og gildir þá ekki sú röð. Þátttakandi í Jóker ritar, eða velur með því að ýta (smella) á ef um rafrænt leikspjald er að ræða, þær fimm tölur sem hann velur úr tölunum 0-9 í þar til gerða reiti á leikspjaldinu.
- 3.4 Að loknu vali á tölum samkvæmt lið 3.3 er leikspjaldið afhent söluaðila sem rennir því í sölukassa sem tengdur er tölvukerfi Íslenskrar getspár og skráir sjálfvirkt valdar Lottótölur. Jókertölur sem valdar eru á leikspjaldinu skráir söluaðili þó inn í tölvukerfið. Þátttakandi getur einnig tilkynnt þátttöku sína með því að skýra söluaðila munnlega frá vali sínu á tölum og þá sér söluaðili um skráningu þeirra talna í tölvukerfi Íslenskrar getspár. Þá getur þátttakandi óskað eftir að tölur hans verði valdar af handahófi í sölukassa. Þegar um rafræna þátttöku er að ræða staðfestir þátttakandi val sitt með því að ýta (smella) á „staðfesta“ eða sambærilegan lykil og fara upplýsingarnar þá með rafrænum hætti til Íslenskrar getspár.
- 3.5 Söluaðili skal síðan afhenda þátttakanda þátttökukvittun ásamt viðkomandi leikspjaldi gegn greiðslu. Á kvittun skal koma fram bókstafur þeirrar eða þeirra raða sem þátttaka er bundin við og þær tölur, er þátttakandi hefur valið í hverri röð, svo og Jókertölur ef þær eru valdar. Þá skal koma fram heildartala þeirrar fjárhæðar, sem greidd hefur verið, dagsetning útdráttar eða gildistími, ef tekið er þátt í fleiri en einni leikviku, og öryggisnúmer, sem auðkennir viðkomandi afgreiðslu.
- Þátttakandi skal ganga úr skugga um að samræmi sé milli kvittunar og merkja á leikspjaldi, eða að hún sé í samræmi við munnleg fyrirmæli hans, hafi hann gefið tölur sínar upp munnlega. Þá ber þátttakanda að ganga úr skugga um að þátttökukvittun greini útdráttardag(a) eða gildistíma sem þátttaka er bundin við.
- Þegar greiðsla er innt af hendi með rafrænum hætti leitar móðurtölva Íslenskrar getspár heimildar hjá viðkomandi kortafyrirtæki eða banka og fær staðfestingu á að viðkomandi greiðslukort/bankareikningur sé í gildi og heimild sé fyrir úttekt. Þegar greiðsla hefur verið staðfest getur þátttakandi prentað út eigin kvittun eða óskað eftir því að fá hana senda í pósti eða tölvupósti. Upplýsingar um greiðslu eru færðar á kvittunina.
- Stjórn Íslenskrar getspár er heimilt að ákveða að þátttakanda, sem keypt hefur þátttökukvittun sem á eru 10 raðir eða fleiri, sé látin í té án greiðslu, sem kaupauki, þátttökukvittun sem á er 1-ein-röð.
- 3.6 Þátttakandi getur gert skriflegan samning um kaup á leikjum Íslenskrar getspár með því að gerast áskrifandi og greiða með greiðslukorti. Gildir sá samningur þar til

- honum er sagt upp eða ef samningur viðkomandi við greiðslukortafyrirtækið fellur úr gildi. Áskriftarsamningi fylgir kaupauki, þannig að þátttakandi greiðir einungis fyrir fjóra útdrætti mánaðarlega, þó svo að útdrættir séu fimm í einstökum mánuðum.
- 3.7 Leikspjald fyrir Lottó 5/38, Jóker og Víkingalottó gildir aldrei sem kvittun, en þátttakandi getur notað það aftur eða látið það gilda í 2, 5 eða 10 leikvikur, að eigin vali, ef hann óskar eftir óbreyttu talnavali, með því að strika lóðrétt yfir viðkomandi reit á leikspjaldi um fjölda vikna.
- 3.8 Þátttaka í talnagetraunum fer fram í samræmi við það er þátttökukvittun greinir. Telji þátttakandi að þátttökukvittun sé ekki í samræmi við leikspjald eða þær munnlegu upplýsingar, er hann gaf, skal hann bera fram kvörtun sína þegar í stað. Að öðrum kosti verður litið svo á að hann hafi með móttöku þátttökukvittunar samþykkt þátttöku í samræmi við þær tölur, er kvittunin greinir. Þátttakandi ber einn ábyrgð á þátttökukvittun sinni og á enga kröfu til vinnings nema gegn framvísun hennar. Íslensk getspá ber ekki ábyrgð á villu í prentun kvittunar og ábyrgð félagsins á rangri kvittun er takmörkuð við ógildingarverðmæti hennar samkvæmt lið 3.9. Félagið ber ekki ábyrgð á stolnum eða glötuðum kvittunum.
- 3.9 Þátttökukvittun má ógilda með því að skila henni aftur til söluaðila, enda sé það gert samdægurs og sala fór fram og það tímanlega að unnt sé að ljúka ógildingu á innfærslu hennar í tölvukerfi Íslenskrar getspár, áður en útdráttur fer fram. Sé þátttökukvittun ógilt, á greiðandi rétt á endurgreiðslu á sömu fjárhæð og hann greiddi. Þeir sem taka þátt með rafrænum hætti geta einnig óskað eftir því að fá endurgreiðslu og leggst þá fjárhæðin á sama reikning og notaður var til þess að greiða fyrir þátttöku í leiknum.
- 3.10 Verð fyrir hvern leik (röð) í Lottó 5/38 er kr. 50,- Jóker kr. 80,- og í Víkingalottói kr. 25,-. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár.
- 3.11 Öll vinnsla í tölvukerfi Íslenskrar getspár hvað varðar Lottó 5/38 og Jóker skal falla niður frá því 15 mínútum áður en útdráttur á að fara fram þar til útdrætti er að fullu lokið. Að því er varðar Víkingalottó skal vinnsla í tölvukerfinu falla niður 1 klukkustund áður en útdráttur á að fara fram.

4. Kerfisleikspjöld.

- 4.1 Heimilt er að gera sérstök leikspjöld fyrir þá, sem óska þess að nota kerfi við talnagetraunir. Í Lottó 5/38 skulu leikspjöld þessi vera fyrir 6, 7, 8, 9 eða 10 talnamöguleika og samsvara tölur þessar, 6, 21, 56, 126 eða 252 mismunandi fimm stafa töluröðum (leikjum) þeirra talna sem valdar eru. Kerfisleikspjald skal þátttakandi fylla út á þann veg að hann strikar lóðrétt í reiti þeirra talna, er hann velur úr tölunum 1-38 og staðfestir fjölda þeirra (6, 7, 8, 9 eða 10) með því að merkja aftan við viðkomandi tölur á leikspjaldinu.
- 4.2 Í Víkingalottói skulu leikspjöld þessi vera fyrir 7, 8, 9 eða 10 talnamöguleika og samsvara tölur þessar 7, 28, 84 eða 210 mismunandi 6 stafa talnaröðum þeirra talna sem valdar eru. Kerfisleikspjald skal þátttakandi fylla út á þann veg að hann strikar lóðrétt í reiti þeirra talna, er hann velur úr tölunum 1-48 og staðfestir fjölda þeirra (7, 8, 9 eða 10) með því að merkja aftan við viðkomandi tölur á spjaldinu.
- 4.3 Í framangreindum kerfum ákvarðast verð af fjölda raða og verði fyrir hvern leik (röð) sbr. lið 3.10.

5. Útdráttur vinninga.

- 5.1.1 Útdráttur vinninga í Lottó 5/38 fer fram opinberlega á laugardegi, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár að viðstöddum fulltrúa hennar og skipuðum

eftirlitsmanni samkvæmt lið 10.1. Útdráttur vinninga fer þannig fram að í þar til gerðum stokki eru valdar fimm vinningstölur, aðaltölur, af tölunum 1- 38. Því næst er valin bónustala af þeim tölum sem þá eru eftir. Verði bilun í þar til gerðum stokki, sem velur vinningstölur og síðan bónustölu, skal dregið úr þar til gerðum spjaldastokki með 38 spjöldum með tölunum 1-38, fyrst fimm vinningstölur og síðan bónustölu, af þeim tölum sem þá eru eftir. Áður en slíkur útdráttur fer fram skal gengið úr skugga um að í spjaldastokknum séu spjöldin merkt tölunum frá 1—38.

Niðurstöður útdráttar og aðrar upplýsingar um framkvæmd hans skal færa í sérstaka gerðabók og undirrita af fulltrúa stjórnarinnar og eftirlitsmanninum.

- 5.1.2 Samtímis útdrætti sbr. 5.1.1. fer fram útdráttur í Jóker. Útdráttur fer þannig fram að fimm hjól, hvert með tölunum 0-9, eru sett í gang og við stöðvun hjólanna koma fram hinar fimm útdregnu tölur. Tölurnar, í þeirri röð sem þær birtast, mynda Jókertölur vikunnar. Verði bilun í einu eða fleirum af hinum fimm hjólum með tölunum 0-9, skal dregið úr einum eða allt að fimm, eftir því sem við á, þar til gerðum spjaldastokkum þar sem spjöldin eru merkt tölunum 0-9. Áður en slíkur útdráttur fer fram skal gengið úr skugga um að í spjaldastokkunum séu spjöldin merkt tölunum 0-9.
- 5.2 Útdráttur í Víkingalottói fer fram á hverjum miðvikudegi í heimalandi einhvers samstarfsaðila, undir eftirliti þarlendra yfirvalda, samkvæmt reglum sem samþykktar eru af opinberum eftirlitsaðilum samstarfsaðilanna, hér á landi af dómismálaráðuneytinu. Þegar dráttur fer fram hér á landi fer um eftirlitið í samræmi við lið 5.1.1. Útdrátturinn fer fram með þeim hætti að valdar eru sex aðaltölur af tölunum 1-48 og því næst eru valdar 2 bónustölur af þeim tölum sem þá eru eftir.
- 5.3 Beri útdráttardag upp á hátíðisdag er heimilt að framkvæma útdrátt næsta virkan dag á undan, eða á öðrum degi sem dómismálaráðuneytið samþykkir. Vinningstölur fyrir Lottó 5/38, Jóker og Víkingalottó skulu birtar í fjölmiðlum.
- 5.4 Þeir sem hafa þáttökukvittun með tölum þeim, sem valdar hafa verið, annað hvort allar eða hluta þeirra í sama leik (röð), án tillits til röðunar þeirra sbr. þó 5.5.2., fá vinning í samræmi við ákvæði liða 5.5 - 5.8.
- 5.5 Til vinninga skal verja 40% af heildarsöluverði þáttökukvittana hvernar leikviku, þar með talið andvirði þáttökukvittana sem látnar eru þátttakendum í té sem kaupauki án endurgjalds. Vinningsfjárhæðin skiptist þannig:
- 5.5.1 **Lottó 5/38:**
- 46% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar. Með vísan til 5. gr., lokamálsliðar 5.6, skal, ef 46% af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 2 milljónum króna, bæta við fyrsta vinningsflokk fjárhæð, sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 2 milljónir króna. Viðbót þessi skal hlaupa á 50.000 krónum.
 - 5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu. Með vísan til liðar 5.6., 3. mgr., er heimilt, ef 5% af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 300.000 krónum, að bæta við þennan vinningsflokk fjárhæð sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 300.000 krónur. Viðbót þessi skal hlaupa á 10.000 krónum.
 - 11% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
 - 26% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
 - 12% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu.

5.5.2 Jóker:

Vinningar ráðast af því hve margar útdregnar tölur þátttakandi fær miðað við rétta röð útdreginna talna þannig að,

- fyrir 5 tölur réttar greiðast kr. 1.000.000,-
- fyrir 4 síðustu tölur réttar greiðast kr. 100.000,-
- fyrir 3 síðustu tölur réttar greiðast kr. 10.000,-
- fyrir 2 síðustu tölur réttar greiðast kr. 1.000,-

5.5.3 Víkingalottó:

- a) Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum sbr. 2. grein. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,035 ECU (European Currency Unit) af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupgengi ECU á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar.
- b) Til annarra vinninga renna 40% af heildarsölu hvernar leikviku hér á landi að frádreginni greiðslu Íslenskrar getspár til fyrsta vinnings sbr. a) lið og skiptast í vinningsflokka í eftirgreindum hlutföllum:
 1. 28% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveim bönustöllum.
 2. 22% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar.
 3. 35% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
 4. 15% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveim bönustöllum.

5.6 Þátttakendur hljóta eingöngu vinning í samræmi við hæsta fjölda talna í hverri röð, þ.e. sá sem hlýtur vinning samkvæmt a) lið hlýtur ekki vinning samkvæmt öðrum liðum, o.s.frv.

Vinningar í Lottó 5/38 og Víkingalottó skulu færðir niður í næsta heilan tug króna. Mismunur sem myndast með því skal yfirfærður til 1. vinnings einu sinni til tvisvar á ári, eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Stjórn Íslenskrar getspár er heimilt að leggja viðbótarfé frá fyrirtækinu til vinninga í báðum leikjunum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og við sérstök tækifæri þar sem lagt er fram fé frá fyrirtækinu til vinninga. Stjórnin skal leita samþykkis dómsmálaráðuneytisins fyrir slíkum framlögum og fyrirkomulagi útdráttar.

5.7 Komi í ljós við útdrátt í Lottó 5/38 að:

- a) enginn þátttakandi hafi allar 5 aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks, án viðbótar samkvæmt lið 5.5.1.a, yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar fimm aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri viku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þar næstu viku o.s.frv.
- b) enginn þátttakandi hafi 4 aðaltölur réttar auk bönustölu skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá 4 aðaltölur réttar auk bönustölu í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með 4 aðaltölur réttar auk bönustölu í þeirri leikviku flyst vinningsupphæðin áfram til þar næstu viku o.s.frv.
- c) enginn þátttakandi hafi fengið 4 aðaltölur réttar yfirfærast vinningur þess flokks til þeirra er fá vinning fyrir þrjár aðaltölur réttar.

5.8 Komi í ljós við útdrátt í Víkingalottói að:

- a) enginn þátttakandi hafi allar 6 aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar sex aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þar næstu viku o.s.frv.
- b) enginn þátttakandi hafi 5 aðaltölur réttar auk bönustölu skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá 5 aðaltölur réttar

auk bónustölu í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með 5 aðaltölur réttar auk bónustölu í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þar næstu viku o.s.frv.

- c) enginn þátttakandi hafi 5 aðaltölur réttar skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá 5 aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði enginn þátttakandi með 5 aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þar næstu viku o.s.frv.
- d) enginn þátttakandi hafi 4 aðaltölur réttar yfirfærast vinningur þess flokks til þeirra er fá vinning fyrir 3 aðaltölur réttar auk bónustölu.

6. Vinningstölur.

Tölfræðilegar vinningslíkur í talnagetraununum eru sem hér segir:

Lottó 5/38:

Fimm aðaltölur	1:501.942
Fjórar aðaltölur og bónustala	1:100.388
Fjórar aðaltölur	1:3.137
Þrjár aðaltölur	1:95
Tvær aðaltölur og bónustala	1:101

Jóker:

Fimm réttar tölur	1:100.000
Fjórar réttar tölur	1:10.000
Þrjár réttar tölur	1:1.000
Tvær réttar tölur	1:100

Heildarupphæð vinninga er 46,25% að meðaltali.

Víkingalottó:

Sex réttar aðaltölur	1:12.271.512
Fimm réttar aðaltölur og bónustala	1:1.022.626
Fimm réttar aðaltölur	1:52.442
Fjórar réttar aðaltölur	1:950
Þrjár réttar aðaltölur og bónustala	1:393

7. Greiðsla vinninga.

7.1 Þátttökukvittunum með þremur eða fleiri vinningstölum ber að framvísa til söluaðila. Þar til nafnritun á sér stað aftan á þátttökukvittun er litið á handhafa hennar sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eigandi á bakhlið þátttökukvittunar, þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.

7.2 Vinningar, sem ekki nema kr. 15.000,- skulu greiddir út hjá söluaðila frá fyrsta virkum degi eftir útdrátt.

Vinningar, sem nema kr. 15.000,- eða meira, skulu greiddir frá aðalskrifstofu Íslenskrar getspar innan tveggja vikna frá því að þátttökukvittun er framvísað til söluaðila eða aðalskrifstofu. Heimilt er að draga greiðslu vinninga, sem nema kr. 50.000,- eða meira, til þess tíma að kærufrestur samkvæmt lið 9.1 er liðinn eða kærur hafa verið úrskurðaðar, hafi kæra borist. Þegar um vinning að fjárhæð kr. 15.000,- eða meira er að ræða, skal vinningshafi framvísa þátttökukvittun sinni ásamt útfylltu útborgunareyðublaði, sem söluaðili lætur honum í té, til einhvers söluaðila eða aðalskrifstofu.

Skal hann fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins til staðfestingar á afhendingu greiðslu vinningsins um leið og gengið hefur verið úr skugga um að leikreglum hafi verið fylgt. Vextir reiknast ekki á vinninga.

- 7.3 Vinninga skal vitja innan eins árs frá útdráttardegi ella fellur niður réttur vinningshafa til hans.

8. Form þátttökukvittunar.

- 8.1 Þátttökukvittun er því aðeins gild, að notað sé þar til gert eyðublað, sem gefið er út af Íslenskri getspá, og að hún hafi verið gefin út af söluaðila viðurkenndum af stjórn félagsins með áritun úr sölukassa tengdum tölvukerfi þess. Þátttökukvittun má ekki vera árituð á framhlið, brotin eða skemmd með einhverjum hætti, þannig að hætta sé á að hún verði ekki læsileg fyrir tölvukerfi félagsins, eða fullnægi ekki kröfum þess á annan hátt. Þegar þannig er ástatt getur félagið hafnað þátttökukvittuninni. Þegar um rafræna þátttöku er að ræða eru kvittanir geymdar miðlægt í móðurtölvu Íslenskrar getspár. Þátttakendur sem taka þátt með rafrænum hætti geta prentað út eigin kvittun eða óskað eftir því að fá hana senda í pósti eða tölvupósti. Ef mismunur er á þátttökukvittun í móðurtölvu og prentaðri kvittun þá gildir sú í móðurtölvunni.

9. Kærum.

- 9.1 Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd þessara talnagetrauna, skal viðkomandi þátttakandi senda skriflega kæru, sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskrar getspár fyrir kl. 16 á tuttugasta og fyrsta degi frá og með útdráttardegi að telja. Úrskurðaraðili skipaður af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lið 10.2 úrskurðar um kærana innan 15 daga frá því að kærufrestur rann út. Kærum vegna 1. vinnings í Víkingalottó sem nema 200.000 ECU eða meiru skulu þó úrskurðaðar af aðalstjórn Víkingalottós samkvæmt lið 3.4 í starfsreglum fyrir Víkingalottó.

10. Eftirlit.

- 10.1 Dómsmálaráðuneytið skipar eftirlitsmenn til þriggja ára í senn til að annast eftirlit með allri framkvæmd talnagetrauna Íslenskrar getspár.
- 10.2 Til að úrskurða kærum samkvæmt lið 9.1 skipar dómsmálaráðuneytið til þriggja ára í senn mann sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari og einnig varamann sem fullnægir sömu skilyrðum.
- 10.3 Eftirlit með tölvukerfi Íslenskrar getspár skal vera í höndum endurskoðunarskrifstofu sem ráðuneytið samþykkir.
- 10.4 Kostnaður við almennt eftirlit með getraunastarfseminni, eftirlit með útdrætti vinninga og meðferð kæra greiðist af Íslenskri getspá samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytisins.

11. Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, öðlast gildi 3. janúar 2000. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 105 frá 18. febrúar 1998 ásamt síðari breytingu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. desember 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Dalvíkur er sjálfstætt fyrirtæki, sem Dalvíkurbyggð á og starfrækir.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita heitu vatni um orkuveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Orkuveitusvæði hitaveitunnar er lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar.

Hitaveitan hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu. Umhverfisráð getur veitt öðrum aðilum leyfi til þess að leggja staðbundin dreifikerfi fyrir hitaveitu, en slíkt leyfi þarf sérstaka staðfestingu bæjarstjórnar.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar en framkvæmdastjórn hennar skal falin umhverfisráði ásamt framkvæmdastjóra.

5. gr.

Umhverfisráð skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og bæjarstjórnar. Umhverfisráð skiptir með sér verkum. Um umhverfisráð gildir 61. gr. bæjarmálasamþykktar.

6. gr.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

7. gr.

Verkefni umhverfisráðs er:

- 1) að hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi
- 2) að ákveða framkvæmdir varmaorkumála á veitusvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga
- 3) að gera tillögu að gjaldskrá fyrir veituna og leggja hana fyrir bæjarstjórn áður en leitað er eftir staðfestingu ráðherra
- 4) að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu
- 5) að gera tillögu að fjárhagsáætlun og leggja fyrir bæjarstjórn
- 6) að gera tillögu um ráðningu veitustjóra til bæjarstjórnar
- 7) að gefa bæjarstjórn þær upplýsingar sem óskað er eftir
- 8) að gera tillögu að nánari reglum um einstök framkvæmdaratriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggja þær fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

8. gr.

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra hitaveitunnar að fengnum tillögum umhverfisráðs.

Veitustjóri annast allan daglegan rekstur hennar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem umhverfisráð gefur.

Veitustjóri ræður aðra starfsmenn til veitunnar.

Veitustjóri situr fundi umhverfisráðs þegar fjallað er um málefni hitaveitunnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsárið er það sama og Dalvíkurbyggðar og skulu reikningar hennar fylgja reikningum bæjarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskoðendum hans.

Dalvíkurbyggð sér um bókhald fyrirtækisins, en veitustjóri fylgist með stöðu þess á hverjum tíma og að bókhald sé rétt og tímanlega fært. Tekjum hitaveitunnar skal varið til þess að standa strauum af rekstrarkostnaði hennar, viðhaldi og uppbyggingu. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum umhverfisráðs.

Heimilt er að mynda framkvæmdasjóð ef hentugt þykir til undirbúnings kostnaðarsamra framkvæmda í uppbyggingu veitunnar.

Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að orkuverð sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga orku á hagkvæmu verði.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

10. gr.

Húsveita er sjálfstæð veita sem tengd er við veitukerfi Hitaveitu Dalvíkur. Eigandi húsveitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi.

Kaupandi varmaorku eða sá, sem ber ábyrgð á greiðslu hennar nefnist notandi.

11. gr.

Varmaorkan er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt byggingarreglugerð. Hitaveitan getur afturkallað slík leyfi án bóta, ef nauðsynlegt er vegna almennra orkusparnaðarsjónarmiða. Hitaveitunni er heimil gjaldtaka fyrir þessa notkun samkvæmt gjaldskrá.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og eða annan slíkan búnað við bakrennslið nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

12. gr.

Varmaorkan er afhent í formi heits vatns. Hitaveitan skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og þess háttar ef óskað er.

13. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni heita vatnsins eru án ábyrgðar hitaveitunnar. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum skal hitaveitan tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

14. gr.

Endursala heita vatnsins er óheimil án samþykkis hitaveitunnar. Hitaveitunni er heimilt að kaupa orku til endursölu.

15. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skal vera hitamælir á útrennsli, þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirmælum veitustjóra.

Á hitakerfum, tengdum dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu.

III. KAFLI Veitukerfið.

16. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að og með mæligrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Eigi er hitaveitunni skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin, eða lóð ekki tekin í rétta hæð. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi, í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

17. gr.

Húseiganda innan orkuveitusvæðis hitaveitunnar þar sem veitukerfi hitaveitunnar liggur, er skylt að láta tengja hús sitt við hitaveituna. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

18. gr.

Þípulagningameistari hússins annast tengingu húsveitu kaupanda við veitukerfi Hitaveitunnar. Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda.

19. gr.

Húseigandi greiðir heimæðargjald samkvæmt gjaldskrá. Þegar aðstæður eru óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

20. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi/kaupandi annast og kosta.

Húseigandi/kaupandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

21. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds eftirlits og breytinga. Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lög þar á milli vera óhulin eða í stökk sem auðvelt er að opna.

IV. KAFLI

Húsveitur og tenging þeirra við hitaveituna.

22. gr.

Áður en hafist er handa um lög nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum, skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa hennar lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast.

Áhleypingu (tengingu) skal sækja um til hitaveitunnar með nægum fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaraalaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og eða annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitunnar.

23. gr.

Húsveitur sem tengjast veitunni skulu uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar og byggingaskilmála.

24. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga ætíð rétt til að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra þ.m.t. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar.

25. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar, án heimildar getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

26. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af hans völdum eða frosta.

V. KAFLI
Skilmálar fyrir orkusölu.

27. gr.

Heitu vatni verður ekki hleypt á húsveitu fyrr en heimæðagjald hefur verið greitt. Upphaf og lok samningsins um orkukaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

28. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefir ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mælagjalds). Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur eða veita afslátt vegna takmörkunar á afhendingu heita vatnsins og/eða lækunar á hitastigi.

29. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð orkumæla og eru þeir innsiglaðir af starfsmönnum Hitaveitunnar.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna er heimilt að gera kaupanda að greiða mælaálestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengri tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengri tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

30. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir heita vatnið samkvæmt gildandi gjaldskrá. Verði ágreiningur á milli veitustjóra og notenda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir orkunotkun getur notandi skotið ágreiningnum til úrskurðar umhverfisráðs.

Notandi mælir er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Skal notandi bera ábyrgð á honum svo og vatnsnotkun hitakerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt notkun upp eða tilkynnt flutning.

Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um heitavatnsnotkun kaupanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun. Reikningar sem byggjast á staðreyndri heitavatnsnotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri orkunotkun nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega notkun hitaveituvatns skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar notkun hefir verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan gegn greiðslu mælaálestrargjalds krafist aukaálestrar og uppgjör miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Ef mælir bilar eða orkukaup eru leyfð tímabundið án mælis, áætlað hitaveitan selt heitt vatn með hliðsjón af hitaþörf hússins. Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Sé reikningur eigi greiddur innan tilgreinds frests frá gjalddaga, er fram kemur á reikningi, reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

Heimilt er að skipta reikningi vegna heitavatskaupa um einn mæli fyrir allt að þrjá kaupendur. Sé það gert bera kaupendur um þann mæli allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á greiðslu hvers reiknings. Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva orkuafhendingu um hinn sameiginlega mæli, sbr. 1. mgr. 31. gr.

Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan tilgreinds frests frá gjalddaga reiknings.

31. gr.

Hitaveitan hefir rétt til að stöðva afhendingu varmaorku til húsveitu (mælis) kaupanda, sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þá fyrst grípa eftir tilgreindan greiðslufrest á reikningi og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist kaupanda með fimm daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Hitaveitan hefir rétt til að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar, framkvæmd stöðvunarinnar, svo og opnun veitunnar á ný.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefir veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega orkunotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla þá orku sem notuð var óleyfilega.

32. gr.

Nú vanrækir húseigandi/kaupandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

VI. KAFLI Ýmis ákvæði.

33. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með fjárnámi, sbr. 10. tölulið, 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967.

34. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum hitaveitunnar eða veldur henni tjóni á annan hátt skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

35. gr.

Með mál út af brotum í reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

36. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 356, 3. júlí 1989 fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

Íðnaðarráðuneytinu, 21. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafir (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september – 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Þeir sem tengdir eru hitaveitunni greiði til hennar þannig í samræmi við útgefna reikninga. Allir notendur greiði samkvæmt lið a) og síðan eftir einhverjum hinna, b), c), eða d), eftir ákvörðun hitaveitunnar hverju sinni:

a) Fast gjald eftir stærð mælis eða hemils:

1.1. 15 – 20 mm	9.500 kr/ári.
1.2. 25 – 50 mm	20.000 kr/ári.
1.3. 65 mm og stærri	40.000 kr/ári.

- b) Varmaorka samkvæmt vatnsmæli: 60,37 kr/m³
 c) Samkvæmt magnhemli fyrir hvern mínútu lítra á mánuði: 989,30 kr.

Í sérstökum tilfellum, þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og selt heitt vatn samkvæmt lið d).

- d) Varmaorka til annars en húshitunar samkvæmt vatnsmæli: 34,30 kr/m³

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota, en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslur fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðagjöld ákveðast eftir stærð heimæðar í samræmi við áætlun hitaveitunnar. Heimæðagjöld eru miðuð við þátttöku húseigenda í stofnkostnaði veitukerfis og eru ákveðin þannig:

Málstærð heimæðar	Stofnverð
20 mm	70.000
25 mm	120.000
32 mm	220.000
40 mm	320.000
50 mm	520.000
65 mm	1.200.000
80 mm	1.800.000
Tengigrind (uppsettur mælir)	12.000

Í þéttbýli skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir varðandi gjaldtöku, þó svo grennri heimæð sé lögð:

Lóðarstærð:	Viðmiðunarstærð heimæðar:
0-1500 m ²	20 mm
1501-2000 m ²	25 mm
2001-2500 m ²	32 mm
2501-3300 m ²	40 mm
3301-6000 m ²	50 mm
6001 m ² og stærri	65 mm

Heimæðargjald er gjaldkræft þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimilt er að hækka stofnverð ef kostnaður við lagningu heimæðar verður meiri en 50% umfram verðskrá.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný samsvara orkugjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 520 2. október 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Borgarness.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnaði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnaðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnaði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 12,35 \text{ kr/m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fastagjald á mán = $1606,60 \text{ kr.} + (F-130) \times 7,40 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 70,18 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 93,50 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá a-lið.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 249 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 444 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.204 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 822 kr.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp- hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m^3	67.980 kr.
251-500 m^3	67.980 kr. + 162,20 kr/ m^3 yfir 250 m^3
501-1500 m^3	108.530 kr. + 95,00 kr/ m^3 yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	203.530 kr. + 61,00 kr/ m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	478.030 kr. + 48,00 kr/ m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.100 kr/m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í desembermánuði 1999, k 236,6 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 475, 21. júlí 1997 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar og tengsl hennar við Háskóla Íslands.

Stofnunin heitir Raunvísindastofnun Háskólans og heyrir undir *raunvísindadeild* Háskóla Íslands. Fjallar deildin um málefni stofnunarinnar, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Starfssvið.

Aðalstarf stofnunarinnar er undirstöðurannsóknir í raunvísindum, sbr. 3. gr. Auk þess skal stofnunin hafa samvinnu við *raunvísindadeild* um háskólakennslu í raunvísindagreinum. Jafnframt stuðli stofnunin eftir föngum að hagnýtingu nýjunga á fræðasviðum sínum, veiti sérfræðiaðstoð og annist fræðslustarfsemi, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar hennar. Stofnunin er rannsóknarvettvangur þeirra fastráðinna kennara í raunvísindadeild, sem ráðnir eru til kennslu og rannsóknarstarfa á sviðum stofnunarinnar, nema annað þyki betur henta.

3. gr.

Rannsóknarstofur.

Stofnunin skiptist í sex rannsóknarstofur:

1. Eðlisfræðistofu
2. Efnifræðistofu
3. Jarðfræðistofu
4. Jarðeðlisfræðistofu
5. Reiknifræðistofu
6. Stærðfræðistofu

Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki deildarráðs raunvísindadeildar að stofna fleiri rannsóknarstofur eða skipta rannsóknastofum í deildir. Stjórn stofnunarinnar kveður á um skiptingu fræðigreina milli stofa.

4. gr.

Flokkun starfsliðs og hæfniskröfur.

- A. Kennarar í raunvísindadeild sem hafa starfsaðstöðu við stofnunina.
- B. Sérfræðingar sem ráðnir eru tímabundið til sjálfstæðra rannsókna. Sérfræðingar sem ráðnir eru með þessum hætti skulu að jafnaði hafa lokið doktorsprófi.
- C. Sérfræðingar með sjálfstætt verksvið. Sérfræðingar ráðnir með þessum hætti skulu hafa lokið doktorsprófi, eða hafa jafngilda menntun.
- D. Verkefnaráðnir sérfræðingar. Sérfræðingar ráðnir með þessum hætti skulu hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta.
- E. Annað starfslið, þ. á m. tæknimenntaðir starfsmenn við rannsóknastörf og starfslið á skrifstofu.
- F. Skammtímaráðið starfslið þ. á m. stúdentar í sumarvinnu eða framhaldsnámi. Einstaklingar sem stjórn stofnunarinnar veitir starfsaðstöðu um takmarkaðan tíma.

5. gr.

Forstöðumenn.

Fyrir hverri rannsóknarstofu skal vera forstöðumaður, sem ásamt varamanni er kjörinn af deildarráði raunvísindadeildar, úr hópi prófessora, dósentar eða sérfræðinga úr flokki C, sbr. gr. 4, til fjögurra ára í senn. Deildarráð leitar skriflegra tillagna frá starfsmönnum viðkomandi stofu í flokki A-E, sem starfað hafa við stofnunina í eitt ár eða lengur.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofunnar þ. á m. eftirlit með starfsmönnum stofunnar og fjármálum og hefur á hendi stjórnýslu rannsóknarverkefna. Ef ágreiningur rís milli forstöðumanns og starfsmanns rannsóknarstofu, skal leita úrskurðar stjórnar. Forstöðumaður efnir til reglulegra funda með starfsmönnum stofunnar eigi sjaldnar en einu sinni á misseri.

Forstöðumaður er ábyrgur gagnvart stjórn stofnunarinnar í starfi sínu.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð forstöðumönnum rannsóknarstofa, einum manni kjörnum til fjögurra ára af deildarráði raunvísindadeildar og varamanni hans kjörnum úr hópi forstöðumanna, og einum fulltrúa kosnum, ásamt varamanni, til fjögurra ára, á almennum fundi allra starfsmanna í flokkum A-E, sbr. 4. gr. Stjórnarmaður sá, sem kjörinn er af deildarráði, er formaður stjórnarinnar, og skal hann vera prófessor eða dósent við deildina á einhverju af sviðum stofnunarinnar, eða sérfræðingur úr flokki C við stofnunina. Deildarráð lætur fara fram skriflega atkvæðagreiðslu meðal starfsmanna stofnunarinnar í flokkum A-E, sem starfað hafa við stofnunina eitt ár eða lengur, um það hver gegna eigi stjórnarformennsku. Er niðurstaða þeirra kosninga ráðgefandi fyrir deildarráð. Fulltrúi starfsmanna skal hafa starfað samfleytt a.m.k. eitt ár við stofnunina. Skipti í stjórninni fara fram í upphafi háskólaárs. Varamenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanna.

Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni rannsóknarstofa, samþykkir rekstraráætlanir stofanna, tillögur um fjárveitingar og skiptingu þeirra milli stofa og staðfestir reikningsyfirlit liðins árs. Stjórnin markar stofnuninni stefnu í rannsóknum, hvað snertir val meiri háttar verkefna. Hún skipuleggur samstarf stofanna eftir aðstæðum og tekur ákvörðun um sameiginleg rannsóknarverkefni. Stjórnin sker úr vafaatriðum um skiptingu verkefna milli rann-

sóknarstofa. Stjórnin ráðstafar húsnaði því sem stofnunin hefur til afnota til einstakra stofa og sameiginlegra þarfa.

Stjórnin fjallar um ráðningu starfsfólks að stofnuninni. Sé rannsóknarstofu skipt í deildir skal stjórnin tilnefna deildarstjóra.

Stjórnin skal standa að útgáfu ársskýrslu stofnunarinnar.

Nú verða atkvæði jöfn á stjórnarfundi, og ræður þá atkvæði formanns. Skylt er að halda stjórnarfund um tiltekin mál, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Fundargerðir stjórnar skulu liggja frammi og fundarsamþykktir kynntar starfsmönnum. Þær skulu ennfremur sendar deildarráði raunvísindadeildar. Stjórnin skal reglulega kynna starfsliði stofnunarinnar, með fundum eða útgáfustarfi, helstu atriði í starfi og rekstri stofnunarinnar. Stjórnin skal boða til almenns starfsmannafundar um tiltekin málefni óski a.m.k. þriðjungur starfsmanna eftir því.

7. gr.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri.

Formaður stjórnarinnar kemur fram fyrir stofnunina í heild og er málsvari stjórnarinnar og fulltrúi hennar innan stofnunarinnar og utan. Hann hefur eftirlit með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og boðar stjórnarfundi með dagskrá.

Framkvæmdastjóri veitir sameiginlegri skrifstofu rannsóknarstofanna forstöðu og annast almennan rekstur stofnunarinnar. Hann skal hafa háskólapróf. Framkvæmdastjóri sér um framkvæmd þeirra mála, sem stjórnin felur honum og hefur umsjón með allri starfsemi, sem heyrir ekki undir einstakar rannsóknarstofur. Hann sér um ráðningu lausráðins aðstoðarfólks í samráði við forstöðumenn og í samræmi við fjárveitingu. Framkvæmdastjóri er ritari stjórnar.

Stjórnin setur framkvæmdastjóra erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn í starfi sínu.

8. gr.

Fjármál.

Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald og ber sjálfstæða fjárábyrgð. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu kynntar forseta raunvísindadeildar og háskólaректор, áður en þær eru sendar ráðuneyti. Rekstur stofnunarinnar er kostaður af ríkisfé, samkvæmt því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni, og eigin tekjum hennar.

Ef starfsemi stofnunarinnar er í samkeppni við atvinnustarfsemi annarra aðila skal gæta ákvæða 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og sá þáttur starfseminnar skal vera fjárhagslega aðskilinn frá annarri starfsemi stofnunarinnar og ekki niðurgreiddur af tekjum af annarri starfsemi stofnunarinnar eða fjárframlögum til hennar.

Stjórnarformaður, forstöðumenn og fulltrúi starfsmanna skulu fá greidda þóknun fyrir störf sín í samræmi við reglur Háskóla Íslands og þær venjur sem skapast hafa um greiðslur fyrir slík störf.

9. gr.

Aðild að fyrirtækjum.

Stofnuninni er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að eiga aðild að rannsókn- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsókn- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

10. gr.

Ráðningar.

Við ráðningu starfsmanns í flokki B og C skal fylgt reglum Háskóla Íslands um ráðningu sérfræðinga. Stjórn stofnunarinnar ræður starfslið í flokkum D og E og framkvæmdastjóri starfslið í flokki F. Ráðning sérfræðinga skal vera til rannsóknarstarfa. Kennsla þeirra við háskólann skal háð samkomulagi milli deildarráðs og stjórnar stofnunarinnar, og skal þá m.a. ákveðið, hvort kennslan skuli teljast hluti af starfsskyldu viðkomandi sérfræðings.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi 5. september 1999 og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð nr. 537/1975 með áorðnum breytingum.

Háskóla Íslands, 16. desember 1999.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

16. desember 1999

Nr. 897

REGLUR**fyrir Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.**

1. gr.

Almennt.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar Hugvísindastofnun Háskóla Íslands á grundvelli 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, og rammareglugerðar um stofnanir við deildir Háskóla Íslands sem samþykkt var á fundi háskólaráðs 18. desember 1997.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a. Að vera samstarfsvettvangur rannsóknastofnana heimspekideildar (sjá 4. gr.), annast sameiginlegt skrifstofuhald þeirra og þjónustu við þær.
 - b. Að vera vettvangur fyrir þverfagleg rannsóknaverkefni, oft tímabundin, sem vinna má að í sérstökum rannsóknastofum sem heyra undir stofnunina (sjá 4. gr.).
 - c. Að veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa.
 - d. Að veita stúdentum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf.
 - e. Að skapa rannsóknáðstöðu fyrir gistiprófessora, sérfræðinga og unga vísindamenn eftir því sem unnt er.
 - f. Að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og hvers kyns annarri starfsemi á fræðasviði deildarinnar.
 - g. Að sinna þjónustuverkefnum á fræðasviði deildarinnar.
 - h. Að veita aðstoð og þjónustu við bókaútgáfu, t.d. í samvinnu við Háskólaútgáfuna.
- Öllum þessum verkefnum skal stofnunin sinna í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknastofnanir og stofur, eftir því sem við á (sjá einkum liði c, d, e, f, g og h hér á undan).

3. gr.

Vísindalegar kröfur og aðstaða.

Háskóli Íslands veitir stofnuninni starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað. Stofnunin veitir þeim kennurum deildar sem þess óska, svo og öðru starfslíði (sjá 5. gr.), aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna, eftir því sem unnt er. Stofnunin skal uppfylla þær kröfur af gæði og afköst sem heimspekideild setur henni.

4. gr.

Skipulag stofnunarinnar.

Hugvísindastofnun rekur sameiginlega skrifstofu fyrir rannsóknastofnanir og rannsóknastofur innan heimspekideildar. Skrifstofunni er stjórnað af framkvæmdastjóra (sjá nánar í 8. gr.).

Hugvísindastofnun skiptist í fimm faglega sjálfstæðar einingar: Bókmenntafræðistofnun, Heimspekistofnun, Málvísindastofnun, Sagnfræðistofnun og Stofnun í erlendum tungumálum, en þær starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn Hugvísindastofnunar setur þeim.

Ennfremur getur stjórn Hugvísindastofnunar með samþykki ársfundar (sbr. 9. gr.) lagt til við deildarfund að komið verði á fót rannsóknastofum til að sinna þverfaglegum rannsóknaverkefnum. Á sama hátt getur stjórnin lagt til að rannsóknastofa verði lögð niður, t.d. þegar því rannsóknaverkefni er lokið sem stofnunni var ætlað að sinna eða ef fé fæst ekki lengur til starfsemi hennar.

Hugvísindastofnun greiðir í Rannsóknasjóð Háskólans ákveðið hlutfall af öllum tekjum af þjónustuverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs.

5. gr.

Starfslíð.

Við Hugvísindastofnun geta starfað:

Prófessorar, dósentar, lektorar og fastráðnir stundakennarar heimspekideildar, ásamt framkvæmdastjóra og skrifstofufólki.

Aðrir sem stjórn veitir starfsaðstöðu, svo sem gistikennarar, sérfræðingar, nýdóttorar, framhaldsnemar, stúdentar og aðstoðarmenn.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn Hugvísindastofnunar er skipuð níu mönnum eins og hér segir:

- a. Einum fulltrúa frá hverri hinna fimm rannsóknarstofnana heimspekideildar, kosnum á deildarfundum til þriggja ára.
- b. Tveimur fulltrúum stúdentna úr hópi framhaldsnema í heimspekideild, kosnum á deildarfundum til eins árs, og skal annar þeirra að jafnaði vera úr hópi nemenda í doktorsnámi og hinn úr hópi nemenda í MA-námi.
- c. Einum fulltrúa utan deildar, sem skal valinn af rektor og skipaður til tveggja ára.
- d. Formanni sem deildarfundur kýs til þriggja ára.

Stjórnin markar stofnuninni stefnu. Hún fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar, hefur umsjón með fjármálum hennar, semur rekstraráætlanir, tillögu um fjárveitingar og skiptingu þeirra, ásamt skiptingu annarra tekna. Ráðning starfslíðs stofnunarinnar skal vera í höndum stjórnar. Stjórn sker úr vafaatriðum er upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi með dagskrá. Skyld er að hafa stjórnarfundi óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess, jafnframt ef rektor eða deildarforseti óska þess og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum. Framkvæmdastjóri á sæti á stjórnarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar. Hann sér um framkvæmd þeirra mála sem stjórn felur honum. Stjórn setur framkvæmdastjóra erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans. Framkvæmdastjóri skal hafa meistara- eða doktorsgráðu eða annað sambærilegt háskólapróf.

9. gr.

Ársfundur.

Stjórn efnir til ársfundar með starfsmönnum stofnunar, þar sem ársskýrsla er lögð fram. Á ársfundi, sem að jafnaði skal haldinn á haustmánuðum, skal leggja fram fjárhagsáætlun næsta árs. Seturétt á ársfundi hefur stjórn stofnunar, prófessorar, dósentar, lektorar, akademískir starfsmenn sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa, svo og aðrir starfsmenn stofnunarinnar.

10. gr.

Fjármál.

Tekjur Hugvísindastofnunar geta verið:

- a. Framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.
- b. Framlag af rannsóknafé heimspekideildar.
- c. Styrkir til einstakra verkefna.
- d. Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- e. Tekjur af útgáfustarfsemi.
- f. Aðrar tekjur t.d. gjafir.

Í þeim tilvikum sem starfsmenn afla rannsóknastyrkja til að vinna verkefni á vegum Hugvísindastofnunar beint, eða á vegum einhverrar af þeim rannsóknastofnunum sem heyra undir hana, skal gera samning við stjórnanda verksins um hlutdeild Hugvísindastofnunar og hlutaðeigandi rannsóknastofnunar af styrknum vegna kostnaðar við stjórnun og þjónustu. Sama gildir um þjónustuverkefni sem eru unnin á vegum Hugvísindastofnunar eða rannsóknastofnana innan hennar.

Reikningshald Hugvísindastofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskóla Íslands. Fjárhagsáætlun ber að samþykka á deildarfundi.

11. gr.

Gildistaka.

Þessar reglur eru settar samkvæmt heimild í rammareglugerð um stofnanir við deildir Háskóla Íslands og með samþykki háskólaráðs hinn 16. desember 1999, og gilda til fimm ára.

Háskóla Íslands, 16. desember 1999.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.

1. gr.

Tollskrárnúmerin 4403.9100 og 4403.9900 bætast við í upptalningu tollskrárnúmera í viðauka I við reglugerðina.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 109. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og 37. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 1999.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 899

16. desember 1999

REGLUR

um rektorskjör.

Reglur um hvernig staðið skuli að kosningu, tilnefningu og embættisgengi rektors, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999.

1. gr.

Auglýsing.

Menntamálaráðherra auglýsir embætti rektors laust til umsóknar.

2. gr.

Skilyrði um embættisgengi.

Embættisgengir eru þeir einir, sem skipaðir eru eða ráðnir ótímabundið prófessorar eða dósentar við háskólann í fullu starfi.

3. gr.

Skipunartímabil.

Skipunartímabil rektors er fimm ár, frá 1. júlí að telja til 30. júní að fimm árum liðnum, sbr. þó 11. gr. þessara reglna og ákvæði til bráðabirgða.

4. gr.

Kjörstjórn.

Verkefni kjörstjórnar er að hafa fyrir hönd háskólaráðs umsjón með gerð kjörskrár, ákveða kjördag, annast framkvæmd kosninga, úrskurð kærumála vegna kosninga, utankjörfundaratkvæðagreiðslu og annað er að kosningunni lýtur, svo sem nánar er kveðið á um í reglum þessum.

Þegar umsóknarfrestur um embætti rektors er liðinn, skipar háskólaráð kjörstjórn. Kjörstjórn skal skipuð sex mönnum, tveimur úr hópi stúdenta og fjórum úr hópi starfsmanna háskólans, og skal einn þeirra síðartöldu skipaður formaður kjörstjórnar. Falli atkvæði jöfn í kjörstjórn sker atkvæði formanns úr. Háskólaráð ákveður þóknun kjörstjórnar. Heimilt er kjörstjórn að ráða sér aðstoðarmenn.

5. gr.

Kjörskrá.

Kjörstjórn gerir kjörseðil og gengur frá kjörskrá. Skal kjörskrá lögð fram fjórum vikum fyrir kjördag og liggja frammi í tíu daga. Kærur skulu hafa borist kjörstjórn í síðasta lagi tveimur vikum fyrir kjördag, og skal úrskurður kjörstjórnar liggja fyrir eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag, og hefst þá kosning utan kjörfundar.

Kjörseðlar skulu gerðir í fimm litum. Skal einn liturinn vera fyrir starfsfólk háskólans með háskólapróf sem eru í fullu starfi, annar liturinn fyrir starfsfólk háskólans með háskólapróf sem eru í hlutastarfi, þriðji liturinn fyrir stúdenta, fjórði liturinn fyrir aðra atkvæðisbæra aðila sem eru í fullu starfi og fimmti liturinn fyrir aðra atkvæðisbæra aðila sem eru í hlutastarfi, sbr. 6. gr. þessara reglna.

Nú uppfyllir maður skilyrði til að vera á fleiri en einni kjörskrá og ákveður kjörstjórn þá á hvaða kjörskrá hann skuli vera. Uni hann því ekki skal hann þá, eigi síðar en fyrir lok kærufrests tveimur vikum fyrir kjördag, tilkynna kjörstjórn á hvaða kjörskrá hann hyggst vera.

Starfsmannasvið háskólans sér um að útbúa kjörskrá starfsmanna háskólans og stofnana hans. Til stofnana háskólans í reglum þessum teljast Raunvísindastofnun háskólans, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Orðabók háskólans, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Íslensk málstöð og Stofnun Árna Magnússonar.

Kennslusvið háskólans sér um að útbúa kjörskrá stúdenta háskólans.

6. gr.

Atkvæðisréttur og vægi atkvæða.

Við rektorskjör eiga atkvæðisrétt prófessorar, dósentar, lektorar, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar skipaðir eða ráðnir í fullt starf og aðrir þeir, sem skipaðir eru eða ráðnir í fullt starf við háskólann og stofnanir hans. Starfshlutfallið 75% og hærra telst fullt starf í reglum þessum. Nú gegnir maður starfi í hlutfallinu 37 - 74%, og fer hann þá með hálf atkvæði. Starfshlutfall sem er lægra en 37% veitir ekki atkvæðisrétt. Nú er starfsmaður, sem að framan greinir, í orlofi og annar ráðinn tímabundið í hans stað og fer hann þá með atkvæðisrétt þess sem er í orlofi. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveimur mánuðum fyrir rektorskjör, atkvæðisrétt. Atkvæði háskólakennara og sérfræðinga og annarra þeirra starfsmanna sem hafa háskólapróf, skulu gilda sem 60% greiddra atkvæða. Atkvæði stúdenta skulu gilda sem 30% greiddra atkvæða, og atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem 10% greiddra atkvæða alls. Starfsmenn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns teljast til annarra atkvæðisbærra aðila í reglum þessum án tillits til þess hvort þeir eru með háskólapróf eður ei.

Nú hefur einhver þeirra sem kosningarétt eiga, lögmæt forföll, og er honum þá heimilt að kjósa utan kjörfundar.

7. gr.

Kosning.

Rektorskjör skal fara fram eigi síðar en sex vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Miða skal við að kjördagur sé sem næst 15. mars og skal hann auglýstur tryggilega innan háskólans. Kjörfundur skal standa frá kl. 9 árdegis til kl. 18 síðdegis. Kjörstjórn ákveður nánar fyrirkomulag kjörfundar, hvort hann er í einni kjördeild eða fleirum. Talning atkvæða hefst þegar að kjörfundi loknum.

Sá umsækjandi telst hafa hlotið tilnefningu í embætti rektors sem hlýtur meirihluta greiddra atkvæða í almennri kosningu samkvæmt ákvæðum þessara reglna. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Séu

tveir eða fleiri jafnir í öðru sæti ræður hlutkesti. Þegar kosið er um þá tvo sem flest atkvæði fengu telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Berist einungis umsókn frá einum umsækjanda sem uppfyllir skilyrði um embættisgengi telst sá hafa hlotið tilnefningu til embættis rektors.

Rektor má endurkjósa.

8. gr.

Tilnefning.

Á fyrsta fundi háskólaráðs að loknum kosningum tilnefnir ráðið þann umsækjanda sem fengið hefur meirihluta greiddra atkvæða.

9. gr.

Skipun.

Menntamálaráðherra skipar háskólarektor.

10. gr.

Embættistaka.

Rektor tekur við embætti 1. júlí. sbr. þó 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

11. gr.

Frávik.

Nú fellur rektor frá eða lætur af embætti, áður en skipunartímabil hans er liðið og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorstörfum þangað til. Varaforseti háskólaráðs gegnir og störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum. Ef varaforseti er forfallaður ákveður háskólaráð hvaða prófessor háskólans er kallaður til að gegna rektorstörfum tímabundið. Fari rektorskjör fram áður en skipunartímabil sitjandi rektors er liðið, þá er hinn nýkjörni rektor kosinn til fimm ára, en það sem eftir er tímabils frá 1. júlí til 30. júní þegar hann tekur við embætti, skal teljast eitt ár.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í samræmi við 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 situr núverandi rektor Háskóla Íslands út yfirstandandi kjörtímabil sitt, en að því loknu skipar menntamálaráðherra rektor til fimm ára í samræmi við 6. gr. laganna, samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum. Kjörtímabil núverandi rektors hófst 5. september 1997 og lýkur 4. september árið 2000. Kjörtímabil rektors sem skipaður verður til fimm ára skv. 3. mgr. 6. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, verður frá 5. september árið 2000 til 30. júní árið 2005.

Gildistökuákvæði.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði 3.-6. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, sem birt var í A-deild Stjórnartíðinda.

Háskóla Íslands, 16. desember 1999.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinnsson.

REGLUGERÐ

fyrir lagadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Lagadeild veitir kennslu til embættisprófs í lögfræði. Kennsla fer fram í námskeiðum sem metin eru til námseininga. Nám í lögfræði til embættisprófs jafngildir 150 námseiningum og skiptist þannig að stúdentar skulu ljúka 90 einingum í kjarnanámi og 60 einingum í kjörnámi. Að auki skulu stúdentar ljúka námskeiði í heimspekilegum forspjallsvísindum sem metið er til 3 eininga.

Sá sem hefur lokið embættisprófi við lagadeild ber próftítilinn *candidatus juris* (cand. jur.).

Kjarnagreinar til embættisprófs í lögfræði eru: Almenn lögfræði, stjórnskipunarréttur og ágríp af þjóðarétti, sifja- og erfðaréttur, skaðabótaréttur, samningaréttur, eignaréttur, stjórnsvísinguréttur I, stjórnsvísinguréttur II, refsiréttur I, refsiréttur II, réttarfar I, réttarfar II, kröfuréttur I og kröfuréttur II. Lagadeild tekur ákvarðanir um vægi þessara námskeiða og niðurröðun þeirra á kennslumissemi.

Heimilt er umsjónarkennara í hverri kjarnagrein að leggja þá skyldu á stúdenta að leysa af hendi allt að tveimur æfingum meðan þeir stunda nám í viðkomandi grein.

Stúdent skal hafa lokið að minnsta kosti 75 einingum í kjarnanámi auk heimspekilegra forspjallsvísinda áður en hann hefur kjörnám.

Fyrir hver áramót ákveður lagadeild þær kjörgreinar sem boðnar verða til kennslu á næstu tveimur háskólaárum, að minnsta kosti 12 kjörgreinar á hverju missemi. Stúdent skal velja sér kjörgreinar sem vega samtals 50 námseiningar. Heimilt er umsjónarkennara að ákveða að ritgerðir eða önnur námsvinna komi í stað prófs í kjörgrein, að hluta eða öllu leyti.

Í kjörnámi skal stúdent einnig velja sér efnissvið til ritgerðar eða annars lokaverkefnis sem metið er til 10 eininga. Skal stúdent velja einn af kennurum deildarinnar sem umsjónarkennara í því námi og skal valið háð samþykki kennarans og skrifstofu lagadeildar. Umsjónarkennari getur ákveðið að stúdent þreyti próf úr efni ritgerðar eða lokaverkefnis og metið árangur hans sem hluta af einkunninni. Stúdent getur ekki lokið ritgerð eða öðru lokaverkefni nema hann hafi áður staðist próf í kjörgreinum sem vega að minnsta kosti 35 einingar alls.

Lagadeild ákveður hve mörgum æfingum í úrlausn raunhæfra verkefna stúdentar þurfa að ljúka í kjörnámi en einkunn fyrir þær reiknast ekki sem hluti lokaekunnar.

Lagadeild getur heimilað að nám við aðrar háskóladeildir eða aðra háskóla verði metið sem hluti af kjörnámi, þó að hámarki 30 einingar alls. Áskilið er, að nám við aðrar háskóladeildir eða háskóla hafi, að mati lagadeildar, slík tengsl við lögfræði, að eðlilegt þyki að meta það sem hluta af laganámi. Lagadeild getur ennfremur heimilað að laganám sem stundað hefur verið við erlenda háskóla verði metið sem hluti af kjarnanámi.

Lagadeild setur nánari reglur um kjarnanám og kjörnám stúdenta, æfingaskyldu og námsvist.

Í lagadeild er heimilt að bjóða upp á nám til meistaraþrófs og doktorsþrófs í lögfræði, á íslensku eða á ensku, samkvæmt nánari reglum sem lagadeild setur og háskólaráð staðfestir.

2. gr.

Próf í kjarnagreinum skulu vera skrifleg. Umsjónarkennarar ákveða fyrirkomulag prófa í kjörgreinum.

Próf í almennri lögfræði skal haldið í lok kennslutímabils og á próftímabili fyrir lok vormisseris. Próf í öllum öðrum greinum skulu haldin í lok kennslutímabils viðkomandi greina og á próftímabili fyrir upphaf haustmisseris. Heimilt er að halda sjúkrapróf í almennri lögfræði.

Til að standast próf verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 7,0 í almennri lögfræði en 6,0 í öðrum greinum hverri um sig. Lokaeinkunn til embættisprófs skal reiknuð sem vegið meðaltal einkunna úr einstökum námskeiðum.

Á fyrsta misseri laganáms getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í almennri lögfræði. Á vormisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í stjórnskipunarrétti og ágrípi af þjóðarétti, sífja- og erfðarétti og heimspekilegum forspjallsvísindum. Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í önnur námskeið í kjarnanámi er að hann hafi staðist próf í almennri lögfræði.

3. gr.

Stúdent skal hafa lokið að minnsta kosti 75 einingum í kjarnanámi eigi síðar en á því almanaksári þegar fimm ár eru liðin frá innritun hans í lagadeild og embættisprófi eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið samfleytt átta ár skrásettur í lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

Í kennsluskrá lagadeildar skal kveðið á um skipulag kennslu, hvenær námskeið eru kennd og um vægi þeirra, sbr. nánar ákvæði laga um Háskóla Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglum 1.-3. gr. verður beitt um stúdenta, sem innrita sig til náms við lagadeild háskólaárið 1999-2000. Eldri reglur gilda um stúdenta sem hafa staðist próf í almennri lögfræði vorið 1999 eða fyrir en kennsla fer þó ekki fram í einstökum greinum að hætti eldri reglna lengur en sem nemur reglulegri framvindu náms.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. mgr. getur lagadeild heimilað að stúdent, sem eldri reglur mundu annars gilda um, leggi stund á nám og gangist undir próf eftir nýjum reglum um námstilhögun og einingakerfi í lagadeild samhliða stúdentum sem þær taka til. Lagadeild getur sett nánari reglur um framkvæmd í þeim efnum, meðal annars um vægi þeirra greina sem stúdent hefur þegar lokið prófum í eftir eldri reglum. Stúdent skal þá óska þess skriflega við lagadeild eigi síðar en 15. mars 1999.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði XI. kafla reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, sem birt var í A-deild Stjórnartíðinda.

Háskóla Íslands, 16. desember 1999.

Páll Skúlason.

Bórður Kristinsson.

REGLUR

um kosningar til háskólaráðs.

1. gr.

Skipan háskólaráðs.

Um skipan háskólaráðs gilda ákvæði 4. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Rektor er sjálfkjörinn til setu í háskólaráði og er forseti þess.

2. gr.

Kjörtímabil.

Kjörtímabil kjörinna fulltrúa í háskólaráði er tvö ár í senn. Kosningu fulltrúa í háskólaráð samkvæmt reglum þessum skal lokið fyrir 1. mars á því ári sem kjörtímabil sitjandi háskólaráðs rennur út og miðast upphaf kjörtímabils við 1. júlí og lok við 30. júní að tveimur árum liðnum.

3. gr.

Kjör fulltrúa deilda og námsbrauta í háskólaráð.

1. *Fjöldi fulltrúa og kjörgengi.* Fjórir fulltrúar deilda og námsbrauta úr hópi kennara í fullu starfi skulu kjörnir með eftirfarandi hætti: Einn fulltrúa skal kjósa fyrir guðfræðideild og heimspekideild sameiginlega, einn fulltrúa fyrir læknadeild, tannlæknadeild og námsbrautir í hjúrunarfræði og sjúkraþjálfun og fyrir lyfjafræði; einn fulltrúa fyrir lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild og félagsvísindadeild og einn fulltrúa fyrir verkfræðideild og raunvísinda-deild. Kjósa skal tvo varamenn fyrir hvern fulltrúa.

Kjörgengir til setu í háskólaráði eru allir prófessorar, dósentar og lektorar í fullu starfi skipaðir eða ráðnir ótímabundinni ráðningu.

2. *Kjörskrá og kjörseðlar.* Skrifstofustjórar viðkomandi deilda og námsbrauta sjá um að gera kjörskrá, hver fyrir sína deild eða námsbraut. Heimilt er deildarforsetum og formönnum námsbrautarstjórna að skipa sameiginlega kjörstjórn hlutaðeigandi deilda og námsbrauta, sem sér um gerð kjörskrár, ákveður kjördag, annast framkvæmd kosninga, úrskurð kærumála vegna kosninga og annað er að kosningunni lýtur, svo sem nánar er kveðið á um í reglum þessum. Sé kjörstjórn ekki skipuð annast deildarforsetar og formenn námsbrautarstjórnar framkvæmd kosninga, sbr. 3. og 4. tölulið þessarar greinar.

Kjörseðlar skulu gerðir í tveimur litum. Skal annar liturinn vera fyrir þá sem eru í fullu starfi (75-100%) og fyrir fulltrúa stúdenta á deildarfundi eða námsbrautarfundi og hinn fyrir þá sem eru í hlutastarfi og fara með hálf atkvæði (37 - 74% starfshlutfall).

3. *Atkvæðisréttur og vægi atkvæða.* Kosningarétt hafa allir þeir sem atkvæðisrétt eiga á deildarfundi eða námsbrautarfundi einum mánuði fyrir kjördag. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar, lektorar, sérfræðingar, vísinda- og fræðimenn sem skipaðir eru eða ráðnir í fullt starf við deildina og stofnanir sem undir hana heyra og fulltrúar stúdenta á deildarfundi eða námsbrautarfundi. Starfshlutfallið 75% og hærra telst fullt starf í reglum þessum. Nú gegnir maður starfi í hlutfallinu 37 - 74%, og fer hann þá með hálf atkvæði. Starfshlutfall sem er lægra en 37% veitir ekki atkvæðisrétt.

Nú er starfsmaður, sem skipaður er eða ráðinn í fullt starf, í orlofi og annar ráðinn tímabundið í hans stað og fer hann þá með atkvæðisrétt þess sem er í orlofi.

Atkvæðisrétt hafa þeir einir sem mæta á sameiginlegan kjörfund viðkomandi deilda eða námsbrauta, sbr. 4. tölulið.

4. *Kosning.* Deildarforsetar þeirra deilda og formenn þeirra námsbrauta, sem eiga sameiginlegan fulltrúa í háskólaráði, sbr. 1. tölulið þessarar greinar, skulu boða til sameiginlegs fundar allra þeirra sem atkvæðisrétt hafa í viðkomandi deildum og námsbrautum, til að kjósa fulltrúa sinn í háskólaráð og tvo varamenn. Miða skal við að kjördagur sé sem næst 15. febrúar og eigi síðar en 28. febrúar á því ári sem kjörtímabil sitjandi háskólaráðs rennur út og skal hann auglýstur tryggilega í viðkomandi deildum og námsbrautum. Kosning skal vera skrifleg. Deildarforsetar þeirra deilda og formenn þeirra námsbrauta, sem eiga sameiginlegan fulltrúa í háskólaráði, sbr. 1. tölulið þessarar greinar, eða kjörstjórn ef hún er skipuð, ákveða nánar fyrirkomulag kjörfundar. Talning atkvæða fer fram strax að atkvæðagreiðslu lokinni.

Ef enginn fær meirihluta atkvæða í fyrstu umferð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Séu tveir eða fleiri jafnir í öðru sæti ræður hlutkesti. Þegar kosið er um þá tvo sem flest atkvæði fengu telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Varamenn skal kjósa með sama hætti hvorn í sínu lagi. Fyrsta varamann skal kjósa úr hópi kennara annarrar deildar eða námsbrautar, en þeirrar sem fulltrúi í háskólaráði er kjörin úr. Hinn varamanninn skal kjósa úr hópi kennara deildar eða námsbrautar, sem hvorki fulltrúi í háskólaráði, né fyrsti varamaður, kemur úr. Þar sem tvær deildir kjósa sameiginlegan fulltrúa er heimilt að aðalmaður og annar varamaður komi úr sömu deild.

4. gr.

Kjör fulltrúa samtaka háskólakennara.

Fulltrúi samtaka háskólakennara og tveir varamenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn úr hópi kennara eða sérfræðinga í fullu starfi á sameiginlegum almennum fundi samtaka háskólakennara sem Félag háskólakennara og Félag prófessora við Háskóla Íslands standa fyrir.

5. gr.

Kjör fulltrúa stúdenta í háskólaráð.

Tveir fulltrúar stúdenta og tveir til vara fyrir hvorn um sig, skulu kjörnir til tveggja ára í senn í sérstökum kosningum þar sem allir skrásettir stúdentar háskólans hafa kosningarétt. Stúdentaráð Háskóla Íslands annast framkvæmd kosningarinnar.

6. gr.

Skipun fulltrúa menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar tvo fulltrúa til tveggja ára í senn, sbr. 5. tölulið 4. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Miðast upphaf skipunartímabils við 1. júlí og lok við 30. júní að tveimur árum liðnum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi háskólaráð sem kosið var vorið 1999, samkvæmt bráðabirgðareglum samþykktum af háskólaráði 8. apríl 1999, sbr. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, situr til loka háskólaársins 1999-2000. Háskólaráð sem kosið er fyrsta sinni samkvæmt reglum þessum tekur til starfa 5. september árið 2000 og situr til 30. júní árið 2002. Eftir það gilda ákvæði 1. gr. um upphaf og lok kjörtímabils.

Gildistökuákvæði.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði 7. og 8. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, sem birt var í A-deild Stjórnartíðinda.

Háskóla Íslands, 16. desember 1999.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

16. desember 1999

Nr. 902

REGLUGERÐ**fyrir viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.**

1. gr.

Viðskipta- og hagfræðideild veitir kennslu í viðskiptafræði og hagfræði. Deildin veitir kennslu í viðskiptafræði til B.S. prófs, cand. oecon. prófs, MBA og M.S. prófs. Deildin veitir kennslu í hagfræði til B.S. prófs, B.A. prófs og M.S. prófs. Námið er vegið í einingum (e) og skal ársnám talið 30 e. Til B.S. prófs og B.A. prófs er krafist 90 e, en til cand. oecon. prófs er krafist 120 e. Til MBA og M.S. prófs er krafist 45 e hið minnsta. Deildin getur skipulagt framhaldsnám til doktorsprófs í hagfræði annars vegar og í viðskiptafræði hins vegar samkvæmt nánari reglum sem hún setur og háskólaráð samþykkir.

Deildin skiptist í viðskiptaskor og hagfræðiskor. Stjórn deildarinnar er í höndum skorarformanna, skorarfunda, deildarforseta og deildarfunda. Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um.

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli viðskiptaskorar og hagfræðiskorar eftir ákvörðun deildarfundar. Hvor skor fer með málefni kennslugreina sinna í umboði deildarfundar, ákvarðar námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli kennara í skor og gerir tillögur til deildarfundar um ráðningu aðjúnkta og stundakennara. Áður en deildin gerir tillögur um ráðningu í prófessorsstarf, dósentsstarf eða lektorsstarf, skal leita álits viðkomandi skorar, og eiga fulltrúar stúdenta á skorafundi þá ekki atkvæðisrétt. Skorir gera tillögur til deildarfundar um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Á skorafundi eiga sæti prófessorar, dósentar og lektorar í kennslugreinum skorar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra úr hópi stúdenta í sömu skor, og taka þeir sæti á skorafundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarfundur ákveður í hvorri skor kennari á sæti. Skor er heimilt að veita aðjúnktum sæti á skorafundum.

Hvor skor kys í apríl ár hvert formann og varaformann úr hópi prófessora, dósenta og lektora skorarinnar. Skor heldur fundi eftir þörfum. Gerðir skorafunda skulu bókfærðar.

2. gr.

Almennt um B.S. og B.A. nám.

Skipan B.S. og B.A. námsins miðast við 3 ár eða sex misseri. Í B.S. og B.A. námi er boðið upp á námsleiðir sem skorir setja nánari reglu um.

Prófgreinar til B.S. prófs í viðskiptafræði eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, reikningshald, stærðfræði, tölfræði, upplýsingatækni og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 90 e.

Prófgreinar til B.S. prófs og B.A. prófs í hagfræði eru hagfræði, stærðfræði, tölfraði og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun hagfræðiskorar, alls 90 e.

3. gr.

Almennt um cand. oecon nám.

Skipan cand. oecon. námsins miðast við 4 ár eða átta misseri. Í náminu er boðið upp á námsleiðir (kjörsvið) sem skorir setja nánari reglur um. Eitt kjörsvið í cand. oecon. námi skal vera reikningshalds- og endurskoðunarsvið.

Prófgreinar til cand. oecon. prófs í viðskiptafræði eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, reikningshald, stærðfræði, tölfraði, upplýsingatækni, lögfræði, markaðsfræði, framleiðsla, fjármál, stjórnum, aðgerðarannsóknir og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 120 e.

4. gr.

Almennt um M.S. og MBA nám.

Skipan M.S. námsins miðast við 3 misseri. Nám til M.S. prófs er 45 einingar hið minnsta, þar af eru 30 e í námskeiðum og 15 e ritgerð. Nemendur sem vilja ljúka 60 e M.S. prófi hafa kost á 30 e ritgerð eða geta óskað eftir heimild til að ljúka 45 e í námskeiðum.

Skipan MBA námsins miðast við 3 misseri. Nám til MBA prófs er 45 einingar hið minnsta, þar af eru 39 e í námskeiðum og 6 e ritgerð. Nemendur sem vilja ljúka 60 e MBA prófi geta óskað eftir heimild til að ljúka 54 e í námskeiðum.

Skorir setja nánari reglur um inngönguskilyrði, námsleiðir og námskröfur.

5. gr.

Stúdent velur námsleiðir og frjálssar kjörgreinar og er honum heimilt að áskildu samþykki deildar að velja frjálssar kjörgreinar í öðrum deildum eða námsbrautum.

Efni ritgerðar skal valið í samráði við a.m.k. einn fastan kennara deildarinnar. Ritgerð í cand. oecon. námi og B.S. námi vegur 3-6 e. Ritgerð í MBA námi vegur 6 e. Ritgerð í M.S. námi vegur 15-30 e. Deildin setur nánari reglur um vægi ritgerða, samningu þeirra og skil. Heimilt er að prófa stúdent munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina. Umsjónarkennari og prófdómari gefa einkunn fyrir MBA og M.S. ritgerðir.

Deildinni er heimilt að fengnum tillögum skora að skipuleggja nám fyrir nemendur sem eru skráðir í aðrar deildir Háskóla Íslands.

6. gr.

Skorir ákveða hvaða forkröfur skuli gilda um aðgang stúdenta að einstökum námskeiðum. Heimilt er kennara með samþykki skorar að meta ritgerðir og æfingar sem hluta af prófi og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum prófhluta greinar. Heimilt er einnig að meta vinnu stúdenta í fyrirtækjum og stofnunum og vinnu við ákveðin verkefni utan deildar til jafns við ritgerðir og æfingar í einstökum greinum. Skorir geta haldið æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

Próf skulu vera skrifleg, nema skorir ákveði annað. Próf eru haldin í lok námskeiðs. Endurtekningarpróf eru haldin að hausti.

Lágmarkseinkunn í kennslugreinum í viðskipta- og hagfræðideild er 5,0 nema annað sé tekið fram. Skorir hafa heimild til þess að ákveða hærri lágmarkseinkunn í einstökum greinum.

Lágmarkseinkunn (meðaltal) til þess að útskrifast frá viðskipta- og hagfræðideild er 6,0.

Stúdent í námi til M.S. prófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en þremur árum eftir innritun. Stúdent í námi til cand. oecon. prófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en sex árum eftir skráningu. Stúdent í námi til B.S. prófs eða B.A. prófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en fimm árum eftir skráningu. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum ef veikindum eða öðrum gildum ástæðum er til að dreifa.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði XII. kafla reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, sem birt var í A-deild Stjórnartíðinda.

Háskóla Íslands, 16. desember 1999.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

15. desember 1999

Nr. 903

REGLUGERÐ

fyrir verkfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um. Fundi skal boða bréflaga með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Deildin gerir tillögu um ráðningu í starf prófessors, dósents eða lektors og framgang milli starfa og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Deildin setur reglur um nám eftir því sem þurfa þykir. Deild tekur lokaákvörðun um kennsluskrá fyrir birtingu í bók eða á netinu.

Deildarráð heldur fundi eftir þörfum. Fundi skal boða með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor, og skal hann vera formaður skorar, einn fulltrúi aðjúnkta, kjörinn úr hópi þeirra á sameiginlegum fundi í mars ár hvert sem deildarforseti gengst fyrir, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skyld er að boða til fundar, ef rektor, þriðjungur deildarráðsmanna eða ein skor æskir þess. Fundur er ályktunarfær sitji hann meirihluti deildarráðsmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn, þá ræður atkvæði deildarforseta eða þess er gegnir forsetastörfum. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skulu þær lesnar og staðfestar, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundi.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða, en ákvörðunarvald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í,

meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess.

Deildarráð sker úr um hvernig kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora, gerir tillögu um ráðningu aðjúnkta og ákveður, í hvaða skor kennari eða forstöðumaður rannsóknarstofu á sæti. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum.

Deildarforseti er yfirmaður stjórnáslu deildarinnar. Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildar (þ.e. deildarráðs og deildarfundar) og nýtur til þess aðstoðar skrifstofu deildar og skrifstofu háskólans. Hann hefur frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, forgangsroð verkefna og hefur eftirlit með notkun fjárveitinga deildarinnar og stuðlar að samstarfi og samræmingu við aðrar stjórnáslueiningar háskólans.

2. gr.

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í skorir eftir því sem efni standa til, svo sem: Rafmagns- og tölvuverkfræðiskor, umhverfis- og byggingarverkfræðiskor og véla- og iðnaðarverkfræðiskor.

Á skorarfundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar í kennslugreinum skorar, forstöðumenn rannsóknarstofa, er lúta deildinni og starfa á fræðasviði skorarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorarfundum við upphaf næsta háskólaárs. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kys eigi síðar en í mars ár hvert formann úr hópi prófessora, dósentar og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skorarmenn eftir starfsaldri. Starfstímabil miðast við upphaf kennsluárs.

Formaður skorar er ábyrgur gagnvart deildarforseta varðandi ráðstöfun á fjárveitingum skorarinnar. Hann hlutast til um ráðningu stundakennara í samráði við umsjónarkennara.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skyld er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skorarmanna æskir þess. Skorarformaður boðar fundi bréflaga með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra skorarmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn, þá ræður atkvæði skorarformanns eða þess er gegnir formannsstörfum. Gerðir skorarfunda skulu bókfærðar, og skulu þær lesnar og staðfestar, áður en fundi er slitið.

Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu umsjónar með kennslu milli einstakra kennara í skor, gerir tillögu til deildarráðs um nauðsynlegar fjárveitingar, ný störf, ráðningu aðjúnkta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

Skor gefur deild álit sitt varðandi ráðningu í starf prófessora, dósentar eða lektors, sem ætlað er að starfa við skorina, og eiga fulltrúar nemenda á skorarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námsskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgreinar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

3. gr.

Verkfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

1. Til doktorsprófs (doctor philosophie), Ph.D.-prófs, í verkfræði á fagsviðum þar sem deildin metur að nauðsynleg aðstaða og sérþekking er fyrir hendi.

2. Til meistaraþrófs (magister scientiarum), M.S.-þrófs, í eftirtöldum greinum verkfræði: Byggingarverkfræði, iðnaðarverkfræði, rafmagnsverkfræði, tölvuverkfræði, umhverfisverkfræði og vélaverkfræði. Ennfremur í öðrum greinum verkfræði, sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við að það taki fimm ár og er heildarnámið minnst 150 námseiningar.

Deildinni er einnig heimilt að taka í M.S.-nám þá nemendur sem lokið hafa minnst 90 eininga háskólanámi. Í hverju tilviki ákveður deild skipan M.S.-náms fyrir þessa nemendur og er framhaldsnámið minnst 60 einingar.

3. Deild getur veitt B.S.-gráðu (baccalaureus scientiarum) þeim nemendum sem lokið hafa þremur árum af M.S.-námi og minnst 90 einingum. Um nánari kröfur um greinar að baki B.S.-þrófi fer eftir námsskrá sem deildin setur.

4. Til prófs á tæknisviði (diploma). Námið er allt að 60 einingar og er ætlað til sérhæfðra starfa eða undirbúnings fyrir annað nám.

4. gr.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námsskipan þeirri, sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá, skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutað-eigandi skor til samþykktar. Sama gildir, ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Stúdent er ekki heimilt að hefja nám í tilteknu námskeiði verkfræðideildar án þess að hafa lokið prófi í þeim námskeiðum, sem eru tilgreind í kennsluskrá sem nauðsynlegir undanfarar þess. Þó er skor heimilt að víkja frá þessari reglu í sérstökum tilvikum.

Stúdent er heimilt að sækja til skorar um að taka námskeið í öðrum skorum eða deildum sem verði metin sem hluti af námi hans til prófs frá verkfræðideild.

Hver skor getur sett nánari reglur um tímasókn og æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Verkþjálfun.

Stúdentar við nám í verkfræði skulu hafa lokið ákveðinni verklegri þjálfun fyrir B.S.-próf. Verkþjálfunin skal í aðalatriðum vera fólgin í störfum á sviði þeirrar greinar, sem hann hyggst leggja stund á, samkvæmt leiðbeiningum í kennsluskrá.

Að jafnaði skal verkþjálfun fara fram á fyrsta til þriðja námsári. Heimilt er þó að viðurkenna störf sem unnin hafa verið eftir að 18 ára aldri er náð en minnst helmingur verkþjálfunar skal unninn eftir að háskólanámið er hafið. Tímalengd verkþjálfunar skal vera að minnsta kosti 16 vikur.

Deildinni er heimilt að viðurkenna þátttöku í verklegum námskeiðum í stað hluta verkþjálfunar.

5. gr.

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hluteinkunn.

Til að standast próf í námskeiði þarf stúdent að hljóta eigi lægri próf- og heildareinkunn en 5,0. Til að ljúka M.S.-þrófi þarf stúdent að hljóta eigi lægri meðaleinkunn en 6,0.

Hver kennari ákveður vægi hluteinkunnar í námskeiði sínu, að teknu tilliti til reglna skorar þar um, og tilkynnir stúdentum í upphafi kennslumisseris.

6. gr.

Stúdent, sem ekki hlýtur tilskilda prófeinkunn í námskeiði, má endurtaka prófið einu sinni. Aðeins með sérstöku leyfi deildar er þriðja próftaka heimil. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema skor ákveði annað.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði XIV. kafla reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, sem birt var í A-deild Stjórnartíðinda.

Háskóla Íslands, 15. desember 1999.

Páll Skúlason.

Pórhur Kristinsson.

Nr. 904

22. desember 1999

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Belgíu.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning frá Belgíu á eggjum, eggjavörum öðrum en eggjahvítu og alifuglum, svínunum og kjötvörum úr þeim. Hún gildir einnig um innflutning á próteini og fitu sem unnin er úr framangreindum hráefnum og innflutning á unnum matvörum sem innihalda sömu hráefni og þar sem magn dýrafitu er meira en 2%. Auglýsingin gildir þó ekki um unnar vörur sem sannanlega innihalda 2% eða minna af eggjum eða 2% eða minna af eggjavörum sem innihalda 10% eða minna af fitu úr eggjum.

2. gr.

Auglýsingin er sett til að tryggja að afurðir úr alifuglum og svínunum sem fengu díoxín-mengað fóður á tímabilinu 15. janúar til 1. júní 1999, eða unnar vörur úr þessum afurðum, séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði í samræmi við ákvæði ákvörðunar Evrópusambandsins nr. 1999/640/EB og viðauka þeirrar ákvörðunar. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð er innflutningur vörunnar ekki heimill.

Ef vara sem auglýsing þessi tekur til er hér á markaði við gildistöku hennar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram staðfestingu skv. 1. mgr. og skal þá stöðva dreifingu vörunnar þar til hún liggur fyrir. Geti innflytjandi ekki staðfest að varan sé ekki menguð með díoxíni skal hún innkölluð.

4. gr.

Matvæli sem sannanlega eru framleidd eða unnin úr hráefni sem framleitt var fyrir 15. janúar 1999 eru undanþegin ákvæðum þessarar auglýsingar.

Komi upp ágreiningur um hvort tiltekin vara fellur undir ákvæði auglýsingarinnar skal eftir atvikum Hollustuvernd ríkisins eða embætti yfirdýralæknis skera úr um hvort leggja beri fram staðfestingu vegna efnainnihalds hennar. Heimilt er að kæra niðurstöðu Hollustuverndar ríkisins til umhverfisráðherra og yfirdýralæknis til landbúnaðarráðherra.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með hliðsjón af ákvörðun Evrópusambandsins nr. 1999/640/EB um varnaraðgerðir vegna díoxínmengunar í afurðum úr svínunum og alifuglum, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið vegna eftirlitsskyldu embættis yfirdýralæknis. Auglýsingin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 396/1999 um takmörkun á innflutningi tiltekinnar matvæla frá Belgíu, sbr. síðari breyting á auglýsingunni nr. 487/1999.

Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 1999.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

27. desember 1999

Nr. 905

REGLUR

um lausafjárhlutfall.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur með vísan til 1. gr. laga nr. 96/1999, sbr. 4. gr. laga nr. 88/1998, um breytingu á 8. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum, og að höfðu samráði við bankaráðið sett eftirfarandi reglur um lausafjárhlutfall bindiskyldra lánastofnana.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánunum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og annarra lánastofnana sem starfa skv. lögum og ber að uppfylla reglur Seðlabanka Íslands um bindiskyldu, nú nr. 794 frá 30. desember 1998.

2. gr.

Mat á lausu fé.

Lánastofnanir, sbr. 1. gr., skulu kappkosta að eiga nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum. Laust fé skal flokkað eftir neðangreindum fjórum tímabilum:

- a) Laust innan eins mánaðar.
- b) Laust eftir einn mánuð til allt að þriggja mánaða.
- c) Laust eftir þrjú mánuði til allt að sex mánaða.
- d) Laust eftir sex mánuði til allt að tólf mánaða.

Lausafjárhlutfall eins og það er skilgreint í reglum þessum skal reiknað mánaðarlega á grundvelli upplýsinga í lok hvers mánaðar skv. sérstakri skýrslu til Seðlabanka Íslands. Form skýrslunnar er fylgiskjal með reglum þessum.

3. gr.

Lágmark lausafjárhlutfalla.

Með lausafjárhlutfalli er átt við hlutfall lausafjárkragna og lausafjárskuldbindinga sbr. 5. og 6. gr. þessara reglna. Lausafjárhlutföll lánastofnana skulu eigi vera lægri en 1 fyrir hvorn liðanna a) og b) í 1. mgr. 2. gr. Sé lausafjárhlutfallið skv. a) lið herra en 1 skal heimilt að yfirfæra þá fjárhæð sem umfram stendur yfir á b) lið.

Lánastofnanir skulu einnig gera grein fyrir lausafjárhlutföllum fyrir önnur tímabil, þ.e. skv. c) og d) lið 1. mgr. 2. gr.

4. gr.

Viðurlög.

Nái lausafjárhlutföll lánastofnunar ekki þeim lágmörkum sem sett eru í 1. mgr. 3. gr. skal reikna viðurlög á þær fjárhæðir sem á vantar.

Í hverju tilviki skulu viðurlögin samsvara 30 daga vanskilavöxtum (dráttarvöxtum) eins og þeir eru á hverjum tíma, sbr. lokamálslið 1. mgr. 70. gr. reglugerðar nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands.

Seðlabankanum er heimilt að skuldfæra reiknuð viðurlög á viðskiptareikninga viðkomandi lánastofnunar eða fyrirtækis hjá Seðlabankanum þann 21. dag þess mánaðar sem uppgjör fer fram í vegna næstliðins mánaðar. Lánastofnanir, sem fela annarri bindiskyldri lánastofnun að annast bindiskyldu fyrir sína hönd, skulu heimila Seðlabankanum að skuldfæra viðurlög þeirra vegna á reikning þeirrar stofnunar í Seðlabankanum.

5. gr.

Skilgreining á lausafjárkröfum.

Eftirtaldar kröfur í eigu lánastofnunar skulu teljast til lausafjárkrafa og falla undir staflið a) í 1. mgr. 2. gr.:

- a) Sjóður í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
- b) Óbundnar innstæður í seðlabönkum, þar með talin innstæða á reikningi vegna bindiskyldu.
- c) Endurhverf verðbréfakaup af Seðlabankanum.
- d) 5% af samningsbundnum veltilánum til lánastofnana vegna afurða- og rekstrarlána.
- e) Nostro reikningar í lánastofnunum.
- f) 5% af yfirdráttarlánnum og afurðalánnum.
- g) 15% af vanskilum, þ.m.t. greiddar óinnleystar ábyrgðir.
- h) 90% af markaðsverðmæti innlendra ríkisvixla, annarra endurseljanlegra bréfa í Seðlabankanum og erlendra ríkisvixla.
- i) 80% af markaðsverðmæti vixla lánastofnana með viðskiptavakt, sem skráðir eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði¹⁾, skráðra erlendra markaðsskuldabréfa, skráðra erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða.
- j) 50% af markaðsverðmæti skráðra vixla- og skuldabréfaflokka með viðskiptavakt, sem eru ekki hæfir í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann, og hlutabréfa í úrvals-vísitölu VÞÍ.
- k) 25% af markaðsverðmæti annarra skráðra innlendra hlutabréfa.
- l) 10% af markaðsverðmæti annarra skráðra skuldabréfa án viðskiptavaktar.
- m) 80% af ónýttum hluta samningsbundinna veltilána í ISK.
- n) Kröfur vegna ónýtttra hluta samningsbundinna veltilána í erlendum gjaldmiðli.
- o) 10% af ónýttum lánsheimildum (lánalínum) í innlendum og erlendum gjaldmiðli.

Aðrar eftirtaldar kröfur skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra:

- a) Innstæðubréf Seðlabankans.
- b) 90% af endurgreiðslum vegna krafna á innlendar lánastofnanir að undanskildum nostro reikningum.
- c) Endurgreiðslur vegna krafna á erlendar lánastofnanir að undanskildum nostro reikningum.
- d) 80% af endurgreiðslum vegna krafna á aðra aðila en lánastofnanir að frátöldum kröfum í vanskilum, yfirdráttar- og afurðalánnum.
- e) 90% af kröfum vegna framvirkra verðbréfasamninga (vixla, skuldabréfa og hlutabréfa), þ.m.t. endurhverfra verðbréfakaupa.
- f) 80% af kröfum vegna sölutrygginga.

1) Skilgreining þessi á við allar tilvísanir til „skráðra“ verðbréfa í reglum þessum.

6. gr.

Skilgreining á lausafjárskuldbindingum.

Eftirtaldar skuldbindingar lánastofnunar skulu teljast til lausafjárskuldbindinga og falla undir staflið a) í 1. mgr. 2. gr.:

- a) Gjaldkræfar skuldir við seðlabanka, þar með talin útreiknuð bindiskyldukvöð skv. reglum um bindiskyldu við Seðlabankann.
- b) Endurhverf verðréfasala til Seðlabankans.
- c) 5% af lánasamningum við lánastofnanir vegna afurða- og rekstrarlána.
- d) 5% af bundnum innlánum í krónum og 10% af öðrum innlánum.
- e) 25% af skuldbindingum vegna ónýttara hluta samningsbundinna veltilána.
- f) 10% af ábyrgðum.
- g) 5% af innlendum kreditkortaheimildum.

Aðrar eftirtaldar skuldbindingar skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. miðað við eftirstandandi binditíma þeirra:

- a) Endurgreiðslur af skuldum, öðrum en vegna afurða- og rekstrarlána, við innlendar og erlendar lánastofnanir.
- b) Endurgreiðslur af verðbréfaútgáfu á markaði.
- c) Endurgreiðslur af annarri lántöku.
- d) Skuldbindingar vegna framvirkra verðbréfasamninga (vixla, skuldabréfa og hlutabréfa), þ.m.t. endurhverfrar verðbréfasölu.
- e) 25% af andvirði skuldbindinga vegna sölutrygginga.
- f) 80% af skuldbindingum vegna samþykktara lánsloforða.
- g) Greiðslur vegna samþykktar arðs.

7. gr.

Skýrsluskil.

Skýrslum um laust fé skal skilað til Seðlabanka Íslands innan 15 daga frá lokum hvers mánaðar og er Seðlabankanum heimilt að beita viðurlögum við vanrækslu á skýrsluskilum á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laga nr. 36/1986, sbr. 3. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands.

Innri endurskoðandi lánastofnunar, þar sem honum er til að dreifa, eða aðalbókari skal yfirfara aðferðir við skýrslugerð lauss fjár að minnsta kosti einu sinni á ári og senda Seðlabankanum skriflega yfirlýsingu þar um. Slík yfirlýsing skal jafnframt send þegar fyrsta skýrsla lánastofnunar er útbúin samkvæmt reglum þessum.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar taka gildi 31. desember 1999 um leið og fyrsti útreikningur lausafjárhlutfalls fer fram. Jafnframt falla úr gildi reglur Seðlabanka Íslands um laust fé bindiskyldra lánastofnana nr. 216 frá 29. mars 1999.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. reglna þessara skulu viðurlög á þær fjárhæðir sem á kann að vanta nema $\frac{1}{4}$ hluta vanskilavaxta fyrir uppgjör 31. desember 1999, $\frac{1}{2}$ hluta vanskilavaxta vegna uppgjörs 31. janúar 2000 og $\frac{3}{4}$ hluta vanskilavaxta vegna uppgjörs 29. febrúar 2000.

Reykjavík, 27. desember 1999.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

Fylgiskjal.

		Stofnun:	Uppgjörsgdagur:			
Uppgjör lauss fjár						
1. Eignir í milljónum króna:		Vægi	ON - 1 m	1 - 3 m	3 - 6 m	6 - 12 m
1.1. Sjóður, óbundnar innstæður og stuttar kröfur á seðlabanka						
1.1.1.	Innlendur sjóður	100%				
1.1.2.	Erlendur sjóður, GTR	100%				
1.1.3.	Seðlabanki, innstæður	100%				
1.1.4.	Innstæðubréf	100%				
1.1.5.	Endurhverf verðbréfavíðskipti	100%				
1.1.6.	Innstæða á bindiskýldureikningi	100%				
1.2. Kröfur á innlendar lánaðstofnanir, óskráð bréf						
1.2.1.	Skammtímalánasamningar, ISK (lánstími < 1 ár)	90%				
1.2.2.	Skammtímalánasamningar, GTR (lánstími < 1 ár)	90%				
1.2.3.	Sámningsb. veiltílan v/ afurða- og rekstrarlána, ISK	5%				
1.2.4.	Sámningsb. veiltílan v/ afurða- og rekstrarlána, GTR	5%				
1.2.5.	Nostro reikningar, GTR	100%				
1.2.6.	Greiðslur af öðrum útlánun og skuldabréfum, ISK	90%				
1.2.7.	Greiðslur af öðrum útlánun og skuldabréfum, GTR	90%				
1.3. Kröfur á erlendar lánaðstofnanir, óskráð bréf						
1.3.1.	Skammtímalánasamningar, GTR (lánstími < 1 ár)	100%				
1.3.2.	Nostro reikningar, GTR	100%				
1.3.3.	Greiðslur af öðrum útlánun og skuldabréfum, GTR	100%				
1.4. Kröfur á aðra en lánaðstofnanir, óskráð bréf						
1.4.1.	Vixillán	80%				
1.4.2.	Yfirdráttarlán	5%				
1.4.3.	Afurða- og rekstrarlán, ISK	5%				
1.4.4.	Afurða- og rekstrarlán, GTR	5%				
1.4.5.	Greiðslur af öðrum útlánun, ISK	80%				
1.4.6.	Greiðslur af öðrum útlánun, GTR	80%				
1.4.7.	Vanskil, þ.m.t. greiddar ónnleystar ábyrgðir	15%				
1.5. Markaðsbréf - ígildi lauss fjár						
1.5.1.	Ríkisvixlar, ISK	90%				
1.5.2.	Önnur endursetjanleg bréf í Seðlabanka, ISK	90%				
1.5.3.	Þingvixlar lánaðstofnana með viðskiptavakt, ISK	80%				
1.5.4.	Þingskr. vixla- og skbr.fl. m/ viðsk.vakt (ekki hæfir í endurhv. viðsk.)	50%				
1.5.5.	Erlendir ríkisvixlar, GTR	90%				
1.5.6.	Skráð erlend markaðsskuldabréf, GTR	80%				
1.5.7.	Önnur skráð skuldabréf án viðskiptavaktar	10%				
1.5.8.	Hlutabréf í úrvalsvísitölu VPI	50%				
1.5.9.	Önnur skráð innlend hlutabréf, ISK	25%				
1.5.10.	Skráð erlend hlutabréf, GTR	80%				
1.5.11.	Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, ISK	80%				
1.5.12.	Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, GTR	80%				
1.6. Liðir utan efnahags						
1.6.1.	Framvirkir verðbréfasamningar, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup, ISK	90%				
1.6.2.	Framvirkir verðbréfasamningar, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup, GTR	90%				
1.6.3.	Sölutryggingar, ISK	80%				
1.6.4.	Sölutryggingar, GTR	80%				
1.6.5.	Önyttur hluti sámningsbundinna veiltílana, ISK	80%				
1.6.6.	Önyttur hluti sámningsbundinna veiltílana, GTR	100%				
1.6.7.	Önyttur hluti annarra lánalína, ISK	10%				
1.6.8.	Önyttur hluti lánalína hjá innlendra lánaðstofnun, GTR	10%				
1.6.9.	Önyttur hluti lánalína hjá erlendra lánaðstofnun, GTR	10%				
2. Skuldir í milljónum króna:						
2.1. Skuldir við seðlabanka						
2.1.1.	Daglán	100%				
2.1.2.	Endurhverf viðskipti	100%				
2.1.3.	Bindiskýldukvöld	100%				
2.2. Skuldir við innlendar lánaðstofnanir						
2.2.1.	Skammtímalánasamningar, ISK (lánstími < 1 ár)	100%				
2.2.2.	Skammtímalánasamningar, GTR (lánstími < 1 ár)	100%				
2.2.3.	Lánasamningar vegna afurða- og rekstrarlána, ISK	5%				
2.2.4.	Lánasamningar vegna afurða- og rekstrarlána, GTR	5%				
2.2.5.	Aðrar skuldir, ISK	100%				
2.2.6.	Aðrar skuldir, GTR	100%				
2.3. Skuldir við erlendar lánaðstofnanir						
2.3.1.	Skammtímalánasamningar, GTR (lánstími < 1 ár)	100%				
2.3.2.	Aðrar skuldir, GTR	100%				
2.4. Verðbréfaútgáfa á markaði						
2.4.1.	Verðbréfaútgáfa, skuldabréf, ISK	100%				
2.4.2.	Verðbréfaútgáfa, þingvixlar, ISK	100%				
2.4.3.	Verðbréfaútgáfa, vixlar, GTR	100%				
2.4.4.	Verðbréfaútgáfa, skuldabréf, GTR	100%				

Stofnun:		Uppgjörsdagur:			
Uppgjör lauss fjár, m.kr. (frh.)					
2. Skuldir í milljónum króna, frh:	Vægi	ON - 1 m	1 - 3 m	3 - 6 m	6 - 12 m
2.5. Lántaka					
2.5.1. Bankavixlar, ISK	100%				
2.5.2. Önnur lántaka, ISK	100%				
2.5.3. Önnur lántaka, GTR	100%				
2.5.4. Vikjandi skuldir, ISK	100%				
2.5.5. Vikjandi skuldir, GTR	100%				
2.6. Innlán					
2.6.1. Öbundin innlán, ISK	10%				
2.6.2. Bundin innlán, ISK	5%				
2.6.3. Öbundin innlán, GTR	10%				
2.6.4. Bundin innlán, GTR	10%				
2.7. Liðir utan efnahags					
2.7.1. Framvirkir verðbréfasamningar, þ.m.t. endurhverf verðbréfasala, ISK	100%				
2.7.2. Framvirkir verðbréfasamningar, þ.m.t. endurhverf verðbréfasala, GTR	100%				
2.7.3. Sölutryggingar skulda- og hlutabréfa, ISK	25%				
2.7.4. Sölutryggingar skulda- og hlutabréfa, GTR	25%				
2.7.5. Önyttur hluti samningsbundinna veltilána, ISK	25%				
2.7.6. Önyttur hluti samningsbundinna veltilána, GTR	25%				
2.7.7. Samþykkt lánsloforð	80%				
2.7.8. Samþykktur arður	100%				
2.7.9. Ábyrgðir	10%				
2.7.10. Innlendir kreditkortheimildir alls (t.d. VISA- og veltikort)	5%				

Greining á lausu fé:	ON - 1 m	1 - 3 m	3 - 6 m	6 - 12 m
1.1. Sjóður, óbundnar innstæður og stuttar krófur á seðlabanka	0	0	0	0
1.2. Krófur á innlendir lánastofnanir, óskráð bréf	0	0	0	0
1.3. Krófur á erlendar lánastofnanir, óskráð bréf	0	0	0	0
1.4. Krófur á aðra en lánastofnanir, óskráð bréf	0	0	0	0
1.5. Markaðsbréf - igildi lauss fjár	0	0	0	0
1.6. Liðir utan efnahags	0	0	0	0
2.1. Skuldir við seðlabanka	0	0	0	0
2.2. Skuldir við innlendir lánastofnanir	0	0	0	0
2.3. Skuldir við erlendar lánastofnanir	0	0	0	0
2.4. Verðbréfaútgáfa á markaði	0	0	0	0
2.5. Lántaka	0	0	0	0
2.6. Innlán	0	0	0	0
2.7. Liðir utan efnahags	0	0	0	0

Eignir - skuldir:

1. Lausafjáreignir samtals (1.1 1.6)	0	0	0	0
2. Lausafjárskuldir samtals (2.1 2.7)	0	0	0	0
3. Lausafjárstaða (1-2)	0	0	0	0
4. Þ.a. lausafjárstaða án markaðsverðbréfa (1-2-1.5)	0	0	0	0
5. Þ.a. gengistryggðir liðir	0	0	0	0
6. Þ.a. gengistryggðir liðir við erlendar lánastofnanir (1.3-2.3)	0	0	0	0

Hlutfall eigna og skulda	#DIV/0!	#DIV/0!	#DIV/0!	#DIV/0!
Vöntun lauss fjár ON - 1 m í milljónum króna	0			
Vöntun lauss fjár ON - 3 m í milljónum króna 1)	#DIV/0!			

 Ábyrgðarmaður skýrslu

1) Sé hlutfall lausafjárkragna og -skuldbindinga innan eins mánaðar hærra en 1, er heimilt að yfirfæra þá fjárhæð sem umfram stendur við uppgjör á lausu fé eftir einn til allt að þriggja mánaða.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 44/1999 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

1. gr.

Við 12. grein bætist nýr stafliður sem er svohljóðandi:

G. Sérstakt þjónustuframlag vegna fatlaðra barna á leikskólum.

Heimilt er að verja árlega hluta af þeirri fjárhæð sem rennur til þjónustuframlaga samkvæmt þessari grein í sérstök framlög til sveitarfélaga með færri en 2000 íbúa vegna fatlaðra barna á leikskólum. Um íþyngjandi kostnað verður að vera að ræða til að sveitarfélagi sé veitt framlag og að fötlun barna sé í samræmi við 2. gr. laga nr. 59/1992 um mál-efni fatlaðra. Rággjafarnefnd Jöfnunarsjóðs setur nánari vinnureglur um úthlutun slíkra fram- laga og leitar umsagnar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins við afgreiðslu umsókna.

Sveitarfélög sækja um framlög samkvæmt þessum lið fyrir 1. nóvember vegna yfir- standandi árs og fer greiðsla árlegs framlags fram samhliða lokagreiðslu þjónustuframlags skv. F hluta þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði í seinni málsgrein 1. greinar skulu sveitarfélög sækja um framlög vegna ársins 1999 fyrir 15. febrúar á árinu 2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. desember 1999.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 907

28. desember 1999

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2000.

2. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss hefur ákveðið grunngjald vegna sorphirðu, kr. 6.500, árgjald sem er grundvallað á því að einu sinni í viku sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili. Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins.

Gjaldendum er skipt í flokka, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, miðað við áætlaðan úr- gang frá hverju fyrirtæki og/eða starfsstöðum þeirra.

Flokkunin er sem hér segir:

- a. kr. 4.500. Urðað magn (áætlað) að 12 m³ á ári.
 - b. kr. 13.500. Urðað magn (áætlað) frá 12 m³ að 48 m³ á ári.
 - c. kr. 54.000. Urðað magn (áætlað) frá 48 m³ á ári.
- Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til, viðvarandi eða tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu, vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki, stofnanir og aðra sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins er innheimt samhliða fasteignagjöldum. Gagnvart þeim notendum urðunar- og söfnunarsvæðis sem ekki eru jafnframt greiðendur fasteignagjalda skal sorpeyðingargjald innheimt með tveimur jöfnum greiðslum, með gjalddögum 1. júní og 1. september.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Blönduóss á grundvelli 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Blönduósi, 28. desember 1999.

Skúli Þórðarson bæjarstjóri.

SAMÞYKKT

**um breytingu á reglugerð um holræsi fyrir Selfosshrepp nr. 306/1975,
um breytingu á reglugerð um holræsagjöld á Selfossi nr. 49/1984 og
um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld á Selfossi nr. 598/1983.**

I. KAFLI

Breytingar á reglugerð nr. 306/1975.

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: Samþykkt um holræsi í Sveitarfélaginu Árborg.

2. gr.

Í stað orðsins „Selfosshreppur“ í reglugerðinni kemur í viðeigandi beygingarfalli: Sveitarfélagið Árborg.

II. KAFLI

Breytingar á reglugerð nr. 49/1984.

3. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: Samþykkt um holræsagjöld í Sveitarfélaginu Árborg.

4. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Stofngjald holræsa kr. 70 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Einingarverðið breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við október 1999, 236,7 stig.

5. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Greiða skal holræsagjald af öllum húsum í Sveitarfélaginu Árborg sbr. 12. gr. reglugerðar um holræsi í Sveitarfélaginu Árborg.

III. KAFLI

Breytingar á reglugerð nr. 598/1983.

6. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: Samþykkt um B-gatnagerðargjöld í Sveitarfélaginu Árborg.

7. gr.

I. kafli reglugerðarinnar fellur brott og breytast númer annarra greina til samræmis við það.

8. gr.

Í stað orðanna „á Selfossi“ í 9. gr. reglugerðarinnar, sem verður 1. gr., kemur: í Sveitarfélaginu Árborg.

9. gr.

Í stað tilvísunar til 10. gr. í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar, sem verður 3. gr., kemur: 2. gr.

IV. KAFLI

Brottfall reglugerða.

10. gr.

Við gildistöku samþykktar þessarar falla úr gildi reglugerð um holræsi fyrir Eyrarbakkahepp nr. 351/1975, sbr. reglugerð nr. 488/1994, reglugerð um gatnagerðargjöld í Eyrarbakkaheppi nr. 257/1977, sbr. reglugerð nr. 342/1987 og reglugerð um B-gatnagerðargjöld í Stokkseyrarheppi nr. 754/1981.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 og vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 1999.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 2000 að telja um 3,6% frá því sem þær voru í desember 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

20. desember 1999

Nr. 910

AUGLÝSING

um gjaldskrá (3) fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir sérstökum göngudeildum fyrir meðferð húðsjúkdóma samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Þegar reikningum er framvísað til greiðslu skal fylgja þeim tilvísun frá lækni, sérfræðingi í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið, fyrir sérhvern nýjan sjúkling. Framvísa þarf nýrri tilvísun hálfárslega sé um stöðuga meðferð að ræða, annars þegar meðferðartímabil hefst.
- b. Greiðsla fyrir hverja meðferð:
B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla kr. 700,00
- c. Telji meðferðaraðili sig þurfa herra gjald fyrir meðferðina en að ofan getur skal hann leita heimildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis til gjaldtökunnar og er þá heimilt að sjúklingur beri þann mismun.
Gjald sjúklings skal auglýsa með áberandi hætti á meðferðarstað.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 2. gr. reglugerðar nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, gildir frá og með 1. janúar 2000. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá skv. auglýsingu nr. 662 frá 30. október 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. desember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði við Hólamið, Reykjanesbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. júní 1999 samþykkt deiliskipulag af svæði, sem afmarkast af Sandgerðisvegi að norðan, Garðskagavegi að austan og landamörkum við Gerðahrepp að vestan. Ný hús á svæðinu skulu vera steinsteypt eða stálgrindarhús, ein hæð með nýtanlegu milligólfi að hluta, húshæðir 5-8 m.

Deiliskipulagsupprátturinn ásamt greinargerð hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 27. desember 1999.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

REGLUR

um Náttúruverndarþing.

1. gr.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd hefur umhverfisráðherra boðið til Náttúruverndarþings dagana 28. og 29. janúar 2000 að Hótel Loftleiðum, Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruvernd og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð.

3. gr.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

A. Með fullum réttindum:

1. Náttúruverndarráð.
2. Einn fulltrúi frá hverri náttúrustofu.
3. Einn fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
4. Forstjórar eða forstöðumenn stofnana á sviði náttúrufræða, sbr. viðauka 1.
5. Einn fulltrúi fyrir hvern eftirfarandi hagsmunaaðila, félagasamtaka og stofnana, sbr. viðauka 2.

B. Með málfrelsi og tillögurétt:

1. Einn fulltrúi fyrir hvert ráðuneyti.
2. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
3. Sviðsstjórar Náttúruverndar ríkisins.
4. Forstöðumenn setra og sviðsstjórar Náttúrufræðistofnunar Íslands.

4. gr.

Náttúruverndarráð leggur fyrir þingið skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið sér forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.

5. gr.

Náttúruverndarráð er skipað níu mönnum. Umhverfisráðherra skipar fimm þeirra í upphafi náttúruverndarþings, fjóra að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands og Ferðamálaráðs og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Fjóra þeirra kýs Náttúruverndarþing hlutbundinni kosningu. Varamenn eru skipaðir og kosnir með sama hætti.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 10. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Reykjavík, 28. desember 1999.

Náttúruverndarráð,

Ólöf G. Valdimarsdóttir.

VIÐAUKI 1

Stofnanir á sviði náttúrufræða.

CAFF skrifstofan á Íslandi	Norræna eldfjallastöðin
Geislavarnir ríkisins	Orkustofnun
Hafrannsóknastofnunin	PAME skrifstofan á Íslandi
Hollustuvernd ríkisins	Rannsóknastofnun landbúnaðarins
Landgræðsla ríkisins	Raunvísindastofnun Háskólans
Landmælingar Íslands	Skipulagsstofnun
Líffræðistofnun Háskólans	Skógrækt ríkisins
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Umhverfisstofnun Háskóla Íslands
Náttúrufræðistofnun Íslands	Veðurstofan
Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn	Veidimálastofnun
Náttúruvernd ríkisins	Veidistjóraembættið

VIÐAUKI 2

Hagsmunaaðilar, félagasamtök og stofnanir.

Alþýðusamband Íslands	Ferðaklúbburinn 4x4
Arkitektafélag Íslands	Ferðamálaráð Íslands
Bandalag íslenskra farfugla	Ferðaðjónusta bænda
Bandalag íslenskra skáta	Félag áhugafólks um hálendi Austurlands
Bændasamtök Íslands	Félag eigenda sumardvalasvæða
Bændaskólinn á Hvanneyri	Félag háskólamentaðra ferðamálafræðinga
Bændaskólinn Hólum	Félag íslenskra ferðaskrifstofa
Ferðafélag Akureyrar	Félag íslenskra landslagsarkitekta
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	Félag íslenskra náttúrufræðinga
Ferðafélag Húsavíkur	Félag landfræðinga
Ferðafélag Íslands	Félag leiðsögumanna
Ferðafélagið Útivist	Fiskifélag Íslands

Fjallið félag jarð- og landfræðinema
 Flugmálastjórn
 Fornleifastofnun Íslands
 Framtíðarstofnun
 Fuglaverndunarfélag Íslands
 Garðyrkjuskóli ríkisins
 Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs
 Haxi, hagsmunafélag líffræðinema
 Háskóli Íslands
 Háskólinn á Akureyri
 Hellarannsóknafélag Íslands
 Héraðsskógar
 Hið íslenska náttúrufræðifélag
 Iðntæknistofnun
 Íslenski alpaklúbburinn (Ísalp)
 Jarðfræðifélag Íslands
 Jöklarannsóknafélag Íslands
 Kennaraháskóli Íslands
 Kvenfélagasamband Íslands
 Landlæknisembættið
 Landsamband hestamanna
 Landsamband íslenskra vélsleðamanna (LÍV)
 Landsamband stangveiðifélaga
 Landsamband veiðifélaga
 Landssamtökin Líf og land
 Landsvirkjun
 Landvarðafélag Íslands
 Landvernd
 Líffræðifélag Íslands
 Náttúruverndarfélag Suðvesturlands
 Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)
 Náttúruverndarsamtök Íslands
 Náttúruverndarsamtök Suðurlands
 Náttúruverndarsamtök Vestmannaeyja
 Náttúruverndarsamtök Vestfjarða
 Náttúruverndarsamtök Vesturlands
 Orkuveita Reykjavíkur
 Rafmagnsveitur ríkisins
 Rannsóknaráð Íslands
 Samband dýraverndarfélaga Íslands
 Samband íslenskra sveitafélaga
 Samband útivistarfélaga (SAMÚT)
 SAMGUS Samt. garðyrkju- og umhverfisstjóra
 sveitarfélaga
 Samlíf (Samtök líffræðikennara)
 Samstarfsverkefni um skóla fyrir útlendinga
 (KRÍA)
 Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi SUNN
 Siðfræðistofnun Háskólans
 Siglingastofnun Íslands
 Sjálfbodaliðasamtök um náttúruvernd
 Skotveiðifélag Íslands
 Skógræktarfélag Íslands
 Sól í Hvalfirði

Stofnun Vilhjalms Stefánssonar
 Suðurlandsskógar
 Surtseyjarfélagið
 Umhverfis- og útivistarfélag Hafnarfjarðar
 Umhverfisverndarsamtök Íslands
 Ungmennafélag Íslands
 Vegagerðin
 Verkfræðifélag Íslands
 Verkfræðistofnun Háskólans
 Vestfirsk náttúruverndarsamtök
 Vinnueftirlit ríkisins
 Vinnuveitendasamband
 Vísindafélag Íslendinga
 Yfirdýralæknisembættið
 Þingvallanefnd
 Þjóðminjasafn Íslands
 Æðarræktunarfélag Íslands
 Æskulýðssamband Íslands

STJÓRNARTÍÐINDI B 119 – 1999

28. desember 1999

2793

Nr. 913

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 638/1997 um bólusetningu sauðfjár og geita til varnar garnaveiki.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Bólusetning til varnar garnaveiki skal framkvæmd á öllum ásetningslömbum og kiðum ár hvert á landinu öllu að undanteknum eftirtöldum svæðum: Hofshreppur, Austur-Skaftafellssýslu, Vestur-Skaftafellssýsla öll, Eyjafjallahreppur austan Markarfljóts í Rangárvallasýslu, Vestfjarðakjálki allur norðan varnarlínu úr Gilsfirði í Bitrufjörð, Vatnsneshólf norðan Vatnsneslínu úr Miðfirði um Línakradal í Víðdalsá við Síðukrök, Húnaþingi vestra, Héraðshólf milli Jökulsár á Brú og Lagarfljóts, Austfjarðahólf milli Lagarfljóts og Reyðarfjarðar.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Bólusetning skal fara fram á tímabilinu 15. september til 31. desember ár hvert. Ásetningslömb og kið, sem heimtast eftir áramót skal bólusetja svo fljótt sem unnt er. Héraðsdýralæknir getur heimilað að bólusetningu sé sleppt svo fremi að lömb og kið séu einstaklingsmerkt eiganda, ef ákveðið er að slátra þeim um veturinn. Þau skal þá færa inn í bólusetningarskýrslu og tilgreina slátrunarstað og tíma. Við komu í slátruhús skal númerið (merkið) skráð í móttökukvittun.

Bólusetja skal undir húð aftast í snögga blettinn við hægri olnboga. Framleiðandi bóluefnis og héraðsdýralæknir skulu veita nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd bólusetningar og meðferð fjár að henni lokinni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. desember 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

I. KAFLI.

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

a.	Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	kr. 453,36
b.	Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils	kr. 734,60
c.	Vatnsgjald pr. rúmm.	kr. 33,94

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns og í Sparisjóði Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, eða öðrum greiðslustöðvum gíró-seðla. Reikninga skal gefa út á miðju notkunartímabili, gjalddagi reikninga er útgáfudagur.

Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga.

III. KAFLI.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A)		
1.	Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli	kr. 87.907,00
2.	a. Hús 300-2.000 rúmm. að utanmáli	kr. 87.907,00
	b. Fyrir hvern rúmm. umfram 300	kr. 81,00

3. a. Hús stærri en 2.000 rúmm. að utanmáli kr. 219.123,00
 b. Fyrir hvern rúmm. umfram 2.000 kr. 68,00
4. Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 17.068,00
- B) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemum og því um líku, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 rúmm. húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. 4. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hlíðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.687,00 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 295, 23. maí 1995, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

yfir þjónustumælingar og aðra útselda vinnu er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður	3.180
2. Sérfræðingur I	4.750
3. Sérfræðingur II	6.100
4. Sérfræðingur III	6.700

2. gr.

Örverumælingar:

Undirbúningur sýna	1.260
<i>Clostridium perfringens</i> , forpróf	1.680
<i>Clostridium perfringens</i> , staðfesting	1.640
Enterococci	1.320
Enterococci (síun)	1.680
Ger- og myglusveppir	1.540
* Iðragerlar	1.320
* Kólí- og saurkólígerlar, MPN	1.620
* Kólígerlar, MPN	1.260
* <i>Listeria</i> +/-	2.700
* <i>Listeria</i> , greining ef forpróf er jákvætt	3.000
* <i>Listeria</i> , talning	2.700
<i>Pseudomonas</i>	1.680
RODAC-skálar með æti, stk.	200
Roðagerlar	1.380
* <i>Salmonella</i>	2.700
Saurkólígerlar og <i>E.coli</i> , MUG	1.620
* Saurkólígerlar, MPN	1.260
* Saurkólígerlar, MPN (eingöngu frárennsli)	2.200
Skálar með sérhæfðu æti	200
* <i>Staphylococcus</i> (forpróf)	1.160
* <i>Staphylococcus</i> (staðfesting)	880
Sterilitetsprófanir á lyfjum	5.440
* Súlfít-afoxandi clostridia	1.680
* Örverutalning, heildarfjöldi	1.130

Stjórnumerkta mælingar hafa hlotið faggildingu samkvæmt staðlinum EN45001.

Efnamælingar:

Undirbúningur sýna	1.260
Undirbúningur fljótandi sýnis	840
Undirbúningur stórra sýna	2.400
A vítamín	4.190
Ammoníak	1.260
Anisidín	3.890
* Aska	1.270

	kr./klst.
C vítamín	7.590
Drip (vatnstap við þiðnun)	1.470
Edíksýra	1.320
Eðlisþyngd (pyknometer)	4.200
* Fita	2.220
Fitusýrugreining (hrein fita)	9.700
Fitusýrugreining með útdrætti	13.600
Íshúð	1.470
Joðtala	3.260
Kaldhreinsunarpróf	820
Ljósbrott við 20°C	1.270
Meltanleiki	9.700
Nítrít í fóðri og fóðurvörum	2.200
Óbundnar fitusýrur í lýsi	1.000
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	3.380
Ósápanlegt	4.220
Peroxyðtala	1.670
* Prótein (Kjeldahl)	2.380
Rotamín	13.510
* Salt (NaCl, AOAC)	1.620
* Salt (NaCl, Volhard)	1.130
Sáputala	2.640
Súlfít	10.290
Sýrustig pH	920
TBA-gildi	7.300
Tegundagreining fiska	13.450
TMA, trimethylamin	2.420
TVN og TMA	2.780
TVN, heildarmagn reikulla basa	2.150
* Vatn	830
Vatnsleysanlegt prótein	2.975
Vatnsmæling með toluol	1.300

Stjórnumerktar mælingar hafa hlotið faggildingu samkvæmt staðlinum EN45001.

Snefilefnamælingar:

Undirbúningur fyrir þungmálmamælingar	3.800
Arsen	4.590
Blý	4.590
Fosfór	3.420
Járn	3.600
Joð	5.400
Joð (kínétísk mæling)	6.620
Kadmín	4.590
Kalíum	3.600
Kalsium	3.600
Kopar	3.600
Króm	3.600
Kvikasilfur	4.590

	kr./klst.
Mangan	3.600
Natríum	3.600
Nikkel	3.600
Selen	4.590
Mælingar á salti:	
Járn	6.030
Kalíum	6.030
Kalsíum	6.030
Klóríð (titer)	2.200
Kopar	9.400
Kornastærð	6.025
Magnesium	6.030
Natríum	6.030
Óleysanlegt í vatni	3.400
Raki og bundið vatn	2.340
Súlfat	6.730

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir sem getið er í 2. gr. er skjalfest yfirlýsing um niðurstöður rannsókna.

4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum eða auka mæliblað/vottorð, er tekið sérstakt gjald fyrir, kr. 1.980. Fyrir greinargerð með niðurstöðum er greitt samkvæmt tímamælingu.

5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. gr., skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. gr.

7. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktíloðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxa sbr. 1. gr. og 2. gr. gjaldskrárinnar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr. 775, 21. desember 1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2000, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

2. gr.

Allar veiðar á Norðurishafsporski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsporski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðurishafsporski, á árinu 2000, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Aflamark einstaks skips á hvoru svæði fyrir sig ræðst af aflahlutdeild þess.

4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 3.630 tonn af þorski, auk 1.089 tonna aukaaflla af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.269 tonn af þorski, auk 680 tonna aukaaflla af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskaflla, miðað við afla upp úr sjó.

5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögum Noregs og Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir og möskvastærðir. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs. Íslenskum skipum er óheimilt að hefja veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en að fenginni staðfestingu Fiskistofu um að þeim sé það heimilt og frá hvaða tíma.

Skip þau, sem stunda veiðar í lögsögu Noregs, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum

nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark í Norðurishafsporski.

7. gr.

Afli útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest heimildina.

8. gr.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar á Norðurishafsporski og innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Fiskistofu, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó, og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs og hve mikill í efnahagslögsögu Rússlands.

9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússland, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðurishafsporskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 120 – 1999

30. desember 1999

2801

Nr. 917

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

Í stað „1999“ í ákvæði til bráðabirgða í viðauka II, sbr. reglugerð nr. 779 23. desember 1998, komi: 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 121 – 1999

Nr. 918

2802

30. desember 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000.

1. gr.

9. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist svo: Skarkoli 4.000 - - - - 4.000

2. gr.

Aftan við 4. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Þá skal ráðherra úthluta 44.772 kg viðbótarflaheimildum samtals í óslægðum þorski til báta, sem komið hafa í stað annarra báta á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum settum í ákvæði XXV til bráðabirgða við lög nr. 38/1990, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um viðmiðun ÍSN93, grunnstöðvanet og mælistöðvar til notkunar við landmælingar og kortagerð.

I. KAFLI

Markmið o.fl.

1. gr.

Markmið með reglugerð þessari er að staðfesta staðla landshnitakerfis fyrir landmælingar og kortagerð á Íslandi og tryggja þannig sameiginlega viðmiðun og hnitakerfi fyrir landið allt. Bæjar- og sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum og almenningi er þannig gert kleift að nota sama grunn við mælingar og kortagerð.

Jafnframt er markmiðið að auðvelda samskipti og samvinnu um kort og landfræðileg gögn er tengjast m.a. verklegum framkvæmdum, skipulagi og landupplýsingakerfum.

2. gr.

Landmælingar Íslands annast gerð staðla um landmælingar og kortagerð og leiðbeiningar um notkun þeirra. Stofnunin leggur út hnitakerfi fyrir landið allt og sér um að tryggja viðhald og nákvæmni mælistöðva í grunnstöðvanetinu.

Stofnunin skal hafa tiltækar grunnupplýsingar um hnitakerfi og mælingar sem til eru af hinum ýmsu stöðum á landinu. Stofnunin skal hafa upplýsingar um hver hafi framkvæmt mælingu, áreiðanleika þeirra og aðgengi.

II. KAFLI

Viðmiðun ÍSN93.

3. gr.

Viðmiðun ÍSN93 ákvarðast af eftirfarandi:

1. Jarðmiðjakerfinu ITRF93.6 (International Terrestrial Reference Frame 1993.6). Z-ás kerfisins fellur saman við snúningsás jarðar, en X- og Y-ásarnir spanna miðbaugsflötinn. X-ásinn liggur í fleti Greenwich hádegisbaugsins, en Y-ásinn hornrétt á X-ásinn til austurs.
2. Sporvölunni GRS-80 (Geodetic Reference System 1980). Kennistærðir sporvölunnar eru eftirfarandi:

a) hálfur langás	$a = 6\,378\,137\text{ m}$
b) þyngdarstuðull jarðar miðað við jarðarmiðju	$GM = 3986005 \cdot 10^8 \cdot \text{m}^3 \cdot \text{s}^{-2}$
c) aflfræðilegur formstuðull jarðar	$J_2 = 108263 \cdot 10^{-8}$
d) meðal hornhraði jarðar	$\dot{\square} = 7292115 \cdot 10^{-11} \cdot \text{rad} \cdot \text{s}^{-1}$

þar af leiðandi er pólfletja sporvölunnar $f = 1/298,257222101$
3. Niðurstöðum GPS-mælinga árið 1993 á grunnstöðvaneti 119 mælistöðva (ÍSNET93), sbr. 5. gr.

4. gr.

Landshnitakerfið, sbr. 9. gr., hefur viðmiðunina ÍSN93, sbr. 3. gr., og leysir hún af hólmi eldri viðmiðanir landshnitakerfa: Reykjavík 1900 og Hjörsey 1955.

III. KAFLI Grunnstöðvanet.

5. gr.

Grunnstöðvanetið samanstendur af 119 mælistöðvum, sem mældar voru árið 1993 í landmælingaverkefninu ÍSNET93, sbr. fylgiskjal 1 og 2.

6. gr.

Landmælingar Íslands skulu sjá um viðhald og eftirlit með grunnstöðvanetinu. Skalfstofnunin sjá um endurmælingu stöðva eftir því sem ástæða er til. Verði höggun á landi eða landshlutum skal sá hluti netsins, sem höggunin tekur til, mældur að nýju með viðeigandi mæliaðferðum og tækjabúnaði eins fljótt og aðstæður leyfa.

7. gr.

Endurmæla skal grunnstöðvanetið í heild sinni eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

8. gr.

Þurfi að færa til og endurmerkja mælistöð í grunnstöðvanetinu eða fjarlægja hana skal það gert undir stjórn Landmælinga Íslands.

9. gr.

Við landmælingar og kortagerð skal nota hnitakerfi á hornsannri keiluvörpun Lamberts, þar sem mælikvarðinn er einn á breiddarbaugunum $64^{\circ} 15'$ og $65^{\circ} 45'$ norður breiddar. X-ásinn liggur til norðurs eftir lengdarbaug 19° vestur lengdar, en Y-ásinn hornrétt á X-ásinn til austurs við 65° norður breiddar. Skurðpunktur ásanna hefur hnitin $X=500.000,000$ metrar og $Y=500.000,000$ metrar. Stefna er mæld og reiknuð réttshæis frá norðri til austurs.

IV. KAFLI

Mælistöðvar tengdar grunnstöðvaneti

10. gr.

Mælistöðvar tengdar grunnstöðvanetinu skulu vera varanlegar, stöpull eða skrífbolti. Skulu þær merktar greinilega með númeri, ártali og einkennisstöfum stofnunar eða fyrirtækis sem framkvæmir verkið sbr. 14. gr.

11. gr.

Innmæling á nýjum og gömlum punktum út frá grunnstöðvanetinu skal eigi hafa meira staðalfrávik en tveir sentimetrar til eða frá (+/- 2 cm) í legu og þrjár sentimetrar til eða frá (+/- 3 cm) í hæð.

12. gr.

Endurmerkja skal mælistöð þegar eldri merking hefur verið færð til, raskast eða glatast. Endurmerkingu má aðeins framkvæma með samþykki þeirrar stofnunar eða fyrirtækis, sem upphaflega merkti mælistöðina.

Landmælingum Íslands skal tilkynnt um endurmerkinguna og afhent öll gögn þar að lútandi til skráningar (mælingar, úrvinnsla og stöðvarlýsing).

13. gr.

Ef mælistöð er endurmerkt skal hún fá nýtt númer sbr. 14. gr. í samræmdu númerakerfi Landmælinga Íslands.

14. gr.

Númer mælistöðva má vera allt að átta stöfum. Skulu tveir einkennisstafir þess aðila sem setur upp stöðina vera fremst og síðan allt að sex stafa tala. Seinni hluti númersins má þó þegar sérstaklega stendur á vera allt að átta stafa. Hafa skal samráð við Landmælingar Íslands um notkun einkennisstafa.

15. gr.

Gera skal lýsingu á mælistöð þegar hún er sett upp. Skal hún vera glögg og greinargóð þannig að hægt sé á auðveldan hátt að finna stöðina og meta notkunarmöguleika hennar. Stöðvarlýsingu skal halda við og breyta jafnóðum og ástæða er til, s.s. vegna breytinga á leið að mælistöð eða næsta nágrenni hennar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði

16. gr.

Landmælingar Íslands skulu veita nánari upplýsingar og leiðbeiningar um eldri landskerfi, grunnstöðvanetið, viðmiðun ÍSN93, stöðvarlýsingar, svo og um önnur atriði sem reglugerð þessi fjallar um.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga um landmælingar og kortagerð nr. 95/1997 sbr. lög nr. 132/1998, öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 22. desember 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.


Fylgiskjal 1.

Listi yfir mælistöðvar.

Nafn	Staðarheiti	Nafn	Staðarheiti	Nafn	Staðarheiti
LM0082	Valhúshæð	LM0340	Hofteigur	LM0537	Straumnes
LM0301	Garðskagi	LM0341	Bessastaðaá S	LM0538	Höfði
LM0302	Reykjanes	LM0342	Laugarfell SV	LM1260	Ennishöfði
LM0303	Krísvík	LM0343	Breiðdalsheiði	LM2003	Strýta
LM0304	Strandarhæð	LM0344	Teigará	LM3204	Litla-Sauðafell
LM0305	Kambar	LM0345	Kambanes	LM3359	Bjallavað S
LM0306	Laugarvatn V	LM0346	Djúpivogur A	LM3706	Lyngdalsheiði
LM0307	Haukholt A	LM0347	Hraunkot NA	LM3713	Keilisnes
LM0308	Tjaldafell S	LM0348	Höfn	AK4517	Krossanesbraut
LM0309	Fossá V	LM0348A	Höfn VLBI-stöð	OS5491	Hattur SV
LM0310	Akrar	LM0349	Fellsá SV	OS5861	Grænavatn
LM0311	Gullborgarhraun	LM0350	Kálfafell	OS7012	Grunnavatnsalda
LM0312	Kirkjuhóll	LM0351	Botnar	OS7031	Bakkahöfði
LM0313	Hellissandur-Rif	LM0352	Reynisfjall	OS7220	Krókakraun
LM0314	Stykkishólmur	LM0353	Heimaey	OS7225	Langamýri
LM0315	Knararhöfn	LM0354	Seljaland	OS7227	Vörðuhóll N
LM0316	Holtavörðuheidi	LM0355	Bjarnalón	OS7367	Hálshnúkur S
LM0317	Mjósund	LM0356	Langahlíð	OS7371	Breiðavatn NA
LM0318	Sandafell	LM0357	Kjalvötn NV	OS7373	Malarrif
LM0319	Arnarnes	LM0358	Háumýrar NA	OS7375	Svínafell S
LM0320	Mjólka	LM0500	Grímsfjall	OS7378	Bugavatn N
LM0321	Flókalundur	LM0502	Belgsholt	OS7379	Íshólsvatn S
LM0322	Flatey	LM0503	Reykjaskóli NA	OS7383	Jökulheimar
LM0323	Reykhólar	LM0504	Borgarvirki S	OS7384	Norðmelur
LM0324	Hrófberg	LM0505	Laxárbrú V	OS7385	Einhyringur
LM0325	Gjögur	LM0506	Selvíkurtangi SA	OS7416	Mælifell V
LM0326	Blönduvirkjun V	LM0508	Valagilsá	OS7438	Goðafoss
LM0327	Hegranes	LM0509	Straumnesvíti S	OS7441	Þeistareykir
LM0328	Samkomugerði	LM0511	Vegahnúkur	OS7442	Króksmeishellur
LM0329	Hauganes	LM0514	Þuríðarvatn SA	OS7461	Háiás
LM0330	Ólafsfjörður	LM0518	Hátunga A	OS7469	Kiðagilsdrög
LM0331	Grímsey	LM0521	Hundadalur	OS7470	Gjallandi A
LM0332	Raufarhöfn	LM0524	Eyrarfjall	OS7472	Herðubreiðarlindir
LM0333	Þórshöfn	LM0525	Selá	OS7482	Hvítarvatn S
LM0334	Bakkafjörður	LM0527	Kjalhraun	OS7485	Galti
LM0335	Vopnafjörður	LM0528	Helgufell V	OS7494	Ásbjarnarvötn
LM0336	Geirastaðaklettur	LM0530	Núpatjörn V	RH8434	Kverkfjöll
LM0337	Bakkagerði	LM0534	Fitjá austan	RH8437	Fjallsendi S
LM0338	Sörlastaðaá	LM0535	Meyjarsel	RH8701	Flateyjardalur
LM0339	Egilsstaðir	LM0536	Hrolleifsvík		

Fylgiskjal 2.

Mælistöðvar í G.P.S. grunnstöðvaneti 1993.



REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað „7,5% vörugjald“ í 2. tölul. greinarinnar kemur: Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
- b) Í stað „25%“ í 5. tölul. greinarinnar kemur: 20%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað „14%“, „16%“ og „21%“ í töflu í 4. tölul. koma: 10%, 12% og 17%.
- b) Í stað „10%“ í 5. tölul. 23. gr. kemur: 5%.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Marianna Jónasdóttir.

Nr. 921

29. desember 1999

AUGLÝSING

um námskrá fyrir almenn ökuréttindi.

Með vísun til 3. mgr. 26. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997, hefur ráðuneytið staðfest námskrá fyrir almenn ökuréttindi (ökuréttindaflokk B - fólksbifreið/sendibifreið).

Ákvæði námskrárinnar skulu taka gildi 1. febrúar 2000, þó þannig að ökupróf skulu fara fram á grundvelli námskrárinnar frá 1. maí 2000.

Frá sama tíma fellur úr gildi námskrá til undirbúnings almennu ökuprófi sem Bifreiða-
eftirlit ríkisins gaf út 25. febrúar 1988.

Ökunemar sem hefja ökunám hjá ökukennara fyrir 1. febrúar 2000 mega ljúka ökunámi og gangast undir ökupróf samkvæmt nügildandi reglum til loka maímánaðar 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desember 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Veðurstofa Íslands skal taka gjöld skv. gjaldskrá þessari og skulu þau standa undir kostnaði stofnunarinnar við þar tilgreinda þjónustu.

2. gr.

Vottorð um veður:	kr.
2.1. Grunn gjald	3.690
2.2. Hvert atriði í veðurathugun	22
2.3. Hvert spásvæði í veðurspá/yfirlit	620
- Ef óskað er flýtafgreiðslu, þ.e. að vottorð afgreiðist sama dag og beiðni berst, hækkar grunn gjaldið um 50%.	
- Ef þýða þarf vottorð á önnur tungumál leggst kostnaður þýðanda við verð skv. gjaldskrá.	

3. gr.

Útseld vinna:	kr.
3.1. Sérfræðingur (á klst.)	4.300
3.2. Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn (á klst.)	2.460

4. gr.

Sérþjónusta við dreifingaraðila, þ.m.t. hvers konar fjölmiðla:

	Stök tilvik pr. stk. kr.	Föst áskrift pr. stk. kr.
4.1. Handteiknað spákort fyrir Ísland með stuttum texta	2.298	1.838
4.2. Handteiknað yfirlitskort (greining) með þrýstikerfum, skilum auk örva um tilfærslur	893	714
4.3. Handteiknað yfirlitsspákort t.d. 24 stunda spá með skilum, þrýstilínunum og kerfum	3.027	2.422
4.4. Sérspá fyrir ákveðinn stað, sent sem texti		
4.4.1 Fyrir einn sólarhring	1.231	984
4.4.2 Annar og þriðji sólarhringur	615	492
4.4.3 Fjórtíu til sjötti sólarhringur	615	492
4.5. Veðurspárit (sex daga spá), fjórir spáþættir, einn staður	1.200	960
- Spá fyrir hvern viðbótarstað	260	210
4.6. Spár fyrir tiltekin hafsvæði, (Smugan, Flæmingja-grunn) fjórir spáþættir, einn staður (punktur)	1.200	960
- Spá fyrir hvern viðbótarstað (punkt)	260	210
4.7. Gögn úr tölvuspám, ein grunneining (1 NEV = eitt spágildi í einum punkti)	0,175	0,175
4.8. Veðurspárit, allt að 11 stöðvar, stöðluð framsetning	700	560
4.9. Tilbúin innlend eða erlend kort eða texti, send á bréfsíma.	175	140

	Grunnverð á dag kr.
4.10 Veðurgögn (athuganir og spár) á tölvutæku formi til endurbirtingar, t.d. á vefsíðu, símakerfi eða textavarpi, send kaupanda sem textaskrár. Tölvuálag, 10% af heildarverði gagna, leggst á hvern reikning. Grunnverð á dag margfaldast síðan með dreifingarstuðli miðað við fjölda notenda ^{*)}	
4.10.1 Veðurathuganir frá 11 íslenskum stöðvum, 7 veðurþættir	10
- Veðurathuganir frá 30 íslenskum og erlendum stöðvum, 7 veðurþættir	10
- Viðbótarathuganir (allt að 30) að eigin vali	15
4.10.2 Veðurspár fyrir einstaka staði (allt að 5 daga spá), 11 stöðvar á Íslandi	50
- Veðurspá fyrir 5 staði að eigin vali	50
- Fyrir hvern stað til viðbótar	5
4.10.3 Veðurspá á textaformi fyrir tiltekin svæði:	
- Veðurhorfur næsta sólarhring fyrir landið í heild (á íslensku eða ensku)	50
- Höfuðborgarsvæðið næsta sólarhring	50
- Horfur á landinu næstu daga	50
- Veðurhorfur næsta sólarhring fyrir 10 spásvæði á landinu	100

^{*)} Dreifingarstuðull:

Stór notandi: Fleiri en 1000 notendur á dag	4
Miðlungs notandi: 100 til 1000 notendur á dag	2
Lítill notandi: Færri en 100 notendur á dag	1

5. gr.

Sérþjónusta við einstaklinga eða einstök fyrirtæki:

	Stök tilvik per stk. kr.	Föst áskrift per stk. kr.
5.1. Tilbúin innlend eða erlend kort eða texti, send á bréfsíma.	175	140
5.2. Veðurspá fyrir ákveðinn stað (texti)		
5.2.1 Fyrir einn sólarhring	512	409
5.2.2 Annar og þriðji sólarhringur	261	209
5.2.3 Fjórti til sjötti sólarhringur	261	209
5.3. Veðurspárit (sex daga spá), fjórir spáþættir, einn staður	260	210
- Spá fyrir hvern viðbótarstað	60	50
5.4. Spár fyrir tiltekin hafsvæði, sex daga spá (Smugan, Flæmingjagrunn) einn staður (punktur) fjórir spáþættir	260	210
- Spá fyrir hvern viðbótarstað (punkt)	60	50

Þessum spám (5.4.) má dreifa um Inmarsat-C. Við gjald Veðurstofu Íslands bætist þá sendingarkostnaður dreifiaðila.

	Stök tilvik per stk. kr.	Föst áskrift per stk. kr.
5.5. Myndir úr veðursjá (Tífl myndir) í gegnum tölvu- tengingu		
1 - 100 myndir		80
100 - 1000 myndir		40
meira en 1000 myndir		20
5.6. Gögn úr tölvuspám, ein grunneining (1 NEV = eitt spágildi í einum punkti)	0,044	0,044

6. gr.

Notkun á flugveðurgögnum frá tölvukerfi Veðurstofu (Veðurboði); mánaðargjald.

6.1. Samband við fjarskiptakerfi Veðurstofu og allt að 100.000 stafir	570
6.2. Gjöld fyrir gögn umfram 100.000 stafi, fyrir hverja byrjaða 1.000 stafi	20

7. gr.

Sjálfvirkar veðurstöðvar:

	kr.
7.1. Geymsla á gögnum á megabyte á mánuði. (Viðskiptavinur greiðir aðeins þann hluta sem áætlað er að berist á heilu ári. VÍ kostar geymslu eldri gagna.)	80
7.2. Eftirlit, uppfærslur og fleira, á stöð á mánuði. (Áætlað er að vinna við ofangreint nemi tveimur klst. á stöð á mánuði. Viðskiptavinur greiðir 25% þess kostnaðar.)	2.150

Upphringikostnaður fylgir gjaldskrá Landssímans. Tölvuálag, 10%, leggst á heildar-
upphæð reiknings.

8. gr.

Árgjald áskriftar Veðráttunnar:

	kr.
1996 –	1.800
1994 – 1995 (12 tölublöð hvort ár)	1.780
1993 (13 tölublöð á ári)	1.920
Eldri árgangar:	
1924 – 1956	450
1957 – 1992	1.130
Áskrift sérstakra mánaðarblaða	3.280
Töfluútskriftir:	
Grunngjald	570
- hvert viðbótarblað	60

9. gr.

Sé þjónusta seld í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, skal miða við gengi hvers tíma.

10. gr.

Óheimilt er með hvaða hætti sem er að birta og endurprenta þau gögn sem látin eru í té skv. gjaldskrá þessari nema fyrir liggja heimild Veðurstofu Íslands.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 771/1997 með sama heiti.

Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 1999.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Þórður H. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Rafhareits vegna Öldugötu 1, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 8. desember 1999, breytingu á deiliskipulagi Rafhareits vegna Öldugötu 1, sem samþykkt var 24. nóvember 1998.

Breytingin felst í:

- breyttri staðsetningu á byggingareit bílskúrs,
- breytingu á fyrirkomulagi almennra bílastæða,
- stækkun á lóð nr. 1 við Öldugötu.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 28. desember 1999.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis í Norðurbæ vegna leikskólans Norðurbergs í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 21. september 1999, breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis í Norðurbæ sem samþykkt var 26. júlí 1972.

Breytingin felst í að gæsluvöllur við Norðurvang er lagður niður og gert er ráð fyrir möguleika á stækkun leikskólans Norðurbergs.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. desember 1999.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

SAMÞYKKT

fyrir sorphirðu hjá Skeiðahreppi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skeiðahreppur annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu) í sveitarfélaginu. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Suðurlands eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð flokkaðs úrgangs.

3. gr.

Sérhverjum húsráðenda er skylt að nota þau ílát sem sveitarstjórn ákveður. Sorpeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Flokkuðum úrgangi skal komið fyrir í sérmerktum gámum. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á gámasvæðum skal tilkynna íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti ár hvert og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

5. gr.

Öll förgun úrgangs er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6. gr.

Íbúar og rekstraraðilar skulu eftir fremsta megni koma í veg fyrir myndun úrgangs og koma endurnýtanlegum úrgangi til endurnýtingar.

II. KAFLI
Sorphreinsunargjöld.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Vísa skal til samþykktar þessarar í gjaldskránni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við skrifstofu/fulltrúa sveitarfélagsins.

9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 30. desember 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeiðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

A. Sorpeyðing:

Íbúðarhús	kr. 5.000 á ári
Atvinnurekstur, bújarðir og fl.	kr. 8.000 á ári
Sumarhús	kr. 3.000 á ári

Stærri atvinnurekstur - sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun:

Flokkur A:	kr. 10.000 á ári
Flokkur B:	kr. 20.000 á ári
Flokkur C:	kr. 30.000 á ári

Flokkur D:	kr. 70.000 á ári
Flokkur E:	kr. 100.000 á ári
Flokkur F:	kr. 150.000 á ári

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra og magni sorps.

B. Sorphreinsun:

Sótt vikulega í íbúðarhús kr. 3.000 á ári.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Skeiðahrepps, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Skeiðahreppi, nr. 925/1999 og 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Skeiðahreppi.

Skeiðahreppi, 30. desember 1999.

Sveinn Ingvarsson oddviti.

SKIPULAGSSKRÁ

Fulltrúar í deildarráð og skorarstjórnir eru kosnir til tveggja ára í senn. Kjörtímabil deildarráða og skorarstjórna miðast við 1. ágúst. Kjör fulltrúa í deildarráð og skorarstjórnir fer fram í apríl- eða maímánuði.

14. gr.

Kjósa skal fulltrúa í deildarráð og skorarstjórnir á deildar- og skorarfundum. Eina málið á dagskrá fundanna er kosningar. Kjörnefnd skólans auglýsir fundina með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

15. gr.

Þegar kjör hefur farið fram í háskólaráð auglýsir kjörnefnd eftir framboðum í deildarráð og skorarstjórnir. Framboðsfrestur miðast við eina viku fyrir fund þar sem kjör fer fram. Að loknum þeim fresti skal kjörnefnd auglýsa hverjir eru í framboði.

16. gr.

Kosningar skulu vera leynilegar. Á kjörseðli eru einungis nöfn þeirra sem tilkynnt hafa framboð sitt með áðurgreindum fyrirvara. Kjörseðill er ógildur ef merkt er við fleiri en sem nemur þeim aðalmönnum sem kjósa á hverju sinni.

17. gr.

Kjörnefnd skólans leggur fram kjörskrá eigi síðar en fjórum vikum fyrir fund þar sem kjör fer fram. Kjörnefnd útbýr kjörgögn, stýrir kjöri og birtir niðurstöður kosninganna. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Kennaraháskóla Íslands, 15. desember 1999.

Þórir Ólafsson.

Ólafur Proppé.

REGLUGERÐ

um löggiltar iðngreinar.

1. gr.

Löggiltum iðngreinum er skipað í iðngreinaflokkum sem hér segir:

<i>Bygginga- og mannvirkjagreinar:</i>	bifvélavirkjun
húsasmíði	bílamálun
húsgagnabólstrun	<i>Hönnun, listir, handverk:</i>
húsgagnasmíði	feldskurður
málaraiðn	glerslípun og speglagerð
múraraíðn	gull- og silfursmíði
pípulagnir	hattasaumur
veggfóðrun	hljóðfærasmíði
<i>Farartækja- og flutningsgreinar:</i>	kjólasmur
bifreiðasmíði	klæðskurður karla

klæðskurður kvenna
 leturgröftur
 myndskurður
 skósmíðaiðn
 skósmíði
 skóviðgerð
 steinsmíði
 söðlasmíði
 úrsmíði
Matvæla- og veitingagreinar:
 bakaraíðn
 framreiðsluiðn
 kjötiðn
 kökugerð
 matreiðsla
 mjólkuriðn

*Málm-, véltækni- og framleiðslu-
 greinar:*
 blikksmíði
 flugvélavirkjun
 málmsteypa
 mótasmíði
 netagerð
 rennismíði
 skipa- og bátasmíði

stálsmíði
 stálskipasmíði
 stálvirkjasmíði
 málmstuða, sérgrein
 vélvirkjun
 kæli- og frystivélavirkjun, sérgrein
Náttúrunýting:
 skróðgarðyrkja
Rafiðngreinar:
 símsmíði
 rafeindavirkjun
 rafveituvirkjun
 rafvélavirkjun
 rafvirkjun
Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:
 bókband
 ljósmyndun
 almenn ljósmyndun
 persónuljósmyndun
 prentsmíð
 prentun
Þjónustugreinar:
 hársnyrtiiðn
 snyrtifræði
 tannsmíði

2. gr.

Komi til álita að starfsgrein, sem er ekki talin upp í 1. gr. þessarar reglugerðar, verði löggilt iðngrein skulu hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda, senda iðnaðarráðherra beiðni þar um og leggja jafnframt fyrir hann tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma og kunnáttu- og prókröfur.

Komi til greina að löggilda nýja iðngrein skal við afgreiðsluna haft samráð við menntamálaráðherra og landssamtök meistara og sveina á viðkomandi sviði.

Fallist ráðuneytið á að löggilda greinina breytir það þessari reglugerð til samræmis. Það getur sett sérstakar reglur um veitingu starfsréttinda í hinni nýju iðngrein.

Samsvarandi vinnubrögð skal viðhafa þegar eldri iðngreinum er skipt eða þær eru sameinaðar, svo og þegar sérgreinar eru stofnaðar, þ.e. þegar sérsvið iðngreinar er viðurkennt.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. mgr. 8. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 133/1999, öðlast gildi samtímis þeirri breytingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þorgeir Örlygsson.

GJALDSKRÁ

rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Tímagjald rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins fyrir rannsóknir og sérfræðipjónustu skal vera sem hér segir:

A. Sérfræðingur	4.900 kr./klst.
B. Aðstoðarmaður	3.500 kr./klst.

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar örveru- og efnarannsóknir er rannsóknastofan annast á dagvinnutímabili skulu vera sem hér segir:

Örverurannsóknir:	Kr.
Aeromonas hydrophyla	3.040
Bacillus cereus	1.440
Bifidobacter bifidum	1.800
Brochotrix thermospacta	1.440
Campylobacter, ræktun, greining	3.600
Clostridium perfringens	1.800
Enterobacteriaceae	1.360
Eschericia coli	1.840
E.coli O157	3.120
Ger- eða myglusveppir	1.360
Gram-neikvæðir gerlar á CV agar	1.320
Hitapólnar örverur	1.440
Kólígerlar, MPN eða VRBA	1.080
Listeria (+/-)	2.800
Listeria, ræktun og greining í tegundir	4.840
Litmus ræktun	2.320
Loftfirð ræktun á agaræti	1.600
Mjólkursýrugerlar	1.320
Pseudomonas aeruginosa	1.440
Rodac-skálar með æti	140
Ræktun og talning snertiskála	680
Salmonella, forræktun og forgreining	2.800
Salmonella, Shigella biogreining með API 20E (með undirbúningi)	3.600
Salmonella, Shigella serumgreining á stofni	4.560
Saurkokkar (Enterococci).....	1.360
Saurkólígerlar, MPN eða VRBA	1.080
Shigella, forræktun og forgreining	3.600
Staphylococcus aureus	1.440
Sulfít-afoxandi clostridia	1.440
Talning eftir ræktun á agaræti (mism. hitastig)	1.200
Vibrio parahaemolyticus, forræktun og forgreining	4.840
Yersinia enterocolitica	4.840
Aukagjald vegna síunar við örverutalningar	440

Efnarannsóknir:

	Kr.
Aflatoxin (UV- skimun)	2.120
Ávörðun á sýrumagni (títun)	960
Ákvörðun á sýrustigi (pH)	640
COD	4.320
Delvopróf (antibiotika)	1.360
Fitumæling (Gerber)	1.480
Fosfatase próf	960
Greining á azolitarefni	4.200
Greining á enterotoxini baktería	3.120
Greining á enterotoxini baktería í matvælum	5.280
Gruggmæling á vatni (NTU)	680
Leiðni (S/cm)	680
Mæling á fríu og bundnu klóri (Lovibond)	680
Nítrat, nítrít og ammoníak í vatni (kr. 1.800 hver rannsóknarpáttur)	5.400
Peroxidase próf	960
Varnarefni í grænmeti og ávöxtum (GSMS), grunngjald kr. 26.000 og hver rannsóknarpáttur	4.000
Þurrefnisákvörðun	1.000

Antibiotica mæling á agaræti *

Smásjárrannsókn *

* Sjá 7. grein.

3. gr.

Rannsóknastofunni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir rannsóknir samkvæmt 2. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutímabils.

4. gr.

Rannsóknastofunni er heimilt að innheimta gjald fyrir ferðir og upphald í samræmi við reglur fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

Gjald vegna undirbúnings sýnis og útskriftar rannsóknaniðurstaðna er kr. 1.360. Gjald fyrir aukaútskrift rannsóknaniðurstaðna er kr. 960.

6. gr.

Heimilt er að veita afslátt frá gjaldskránni ef hægt er að ná fram hagræðingu með samþærigum rannsóknum á fleiri sýnum, vegna stórra verkefna eða verksamninga.

7. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. gr. skal rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald samkvæmt 1. gr.

8. gr.

Rannsóknastofunni er heimilt að gera föst verktilboð eða verksamninga vegna rannsókna og sérfræðiþjónustu.

9. gr.

Gjalddagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfu og er rannsóknastofunni heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjalddaga.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fengnum tillögum forstjóra Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 2000.

Frá sama tíma fellur úr gildi 2.–4. gr., 1. mgr. 6. gr. og 7.–9. gr. gjaldskrár nr. 698/1996 yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 29. desember 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7/1999 um húsbref og húsbrefaviðskipti.

1. gr.

3. mgr. 19. gr. fellur brott.

2. gr.

1. málsl. 6. mgr. 20. gr. orðist svo:

Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal hafa borist húsbrefadeildinni fyrir lokun viðkomandi húsbrefaflokks þó eigi síðar en fimm árum frá dagsetningu fokheldisvottorðs.

3. gr.

3. mgr. 21. gr. fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. desember 1999.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Aðaldælahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Aðaldælahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Aðaldælahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðamálum hreppsúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varða íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Aðaldælahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir skv. V. kafla samþykktar þessarar, skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefnd skal halda reglulega fundi. Hreppsnefnd ákveður sjálf hve oft hún heldur fundi og hve langt skuli líða milli reglulegra funda. Þó skal aldrei líða meira en 2 mánuðir milli funda.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13.30 eða kl. 20.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni sem á að baki lengsta setu í hreppsnefnd kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í hreppsnefnd átt jafn lengi setu í hreppsnefnd fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 8. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

10. gr.

Hreppsþúum skal kunnert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefnd ákvörðun um hvernig fundir skulu auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna og kosningu fulltrúa hreppsins í þær nefndir og stjórnir sem hreppurinn er aðili að.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.
4. Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi þremur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn bréflaga á hreppsnefndarfund og kynnt þeim dagskrá fundarins.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samín, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, á skrifstofu hreppsins eða með öðrum hætti sem hreppsnefnd ákveður.

14. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símlíðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs í senn. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefnd, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er réttkjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmanna fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferðum beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skuli kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd, sér um að fundargerðir séu færðar í gerðabók hreppsins og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrskurðar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða

reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins, stofnana og fyrirtækja hans.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður, sem er vanhæfur við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar.

Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Oddviti eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar þess. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar, eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar þess og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Verði atkvæði jöfn með málefni og á móti, fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar samkvæmt d'Hondts reglu sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundar skal fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðarbók hreppsnefndar til varanlegrar varðveislu.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita fundargerðina, nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, svo sem oddvitastörf og störf í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd, stjórn eða ráði sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til meðferðar eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í hreppsnefnd kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma sem sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja og stofnana sem þeir starfa hjá.

44. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa ritara og varaformann nefndar. Hreppsnefnd kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skuli halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan ritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Barnaverndarnefnd* skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
3. *Byggingar- og skipulagsnefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara í byggingar- og skipulagsnefnd S-Þing. skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
4. *Félagsmálanefnd* skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
5. *Heilbrigðisnefnd* skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
6. *Skólanefnd grunnskóla og tónlistarskóla*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga nr. 75/1985.
7. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
8. *Stjórn dvalarheimilis aldraðra sf.* Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
9. Einn *búfjárefniritamaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
10. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
11. *Stjórn Sorpsamlags Þingeyinga*. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
12. *Stjórn bókasafns*. Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
13. *Stjórn almannaavarnarnefndar*. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
14. *Leikskólanefnd*. Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
15. *Fjallskilanefnd*. Þrír fulltrúar og þrír til vara.

C. Hreppsnefnd fer með verkefni annarra nefnda sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni skv. 2. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Hreppsnefnd fer sjálf með meðferð öldrunarmála. Hreppsnefnd hefur falið héraðsnefnd eða byggðasamlagi að fara með málefni barnaverndarnefndar, félagsmálanefndar, heilbrigðisnefndar, sorpmála, dvalarheimilis fyrir aldraða, almannavarnarnefndar og stjórn heilsugæslustöðvar.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

53. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið framkvæmdastjóra hreppsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

54. gr.

Ef ekki er ráðinn framkvæmdastjóri hreppsins hefur oddviti hreppsnefndar með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita og skulu þau endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum hreppsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalds í þágu hreppsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

55. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

58. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins, fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd, sbr. 21. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum, enda hafi breytingartillögur verið sendar öllum hreppsnefndarmönnum með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

63. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Aðaldælahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. desember 1999.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Elín Blöndal.

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Eigendur katta í Sveitarfélaginu Árborg skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 773/1999, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 400.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Árborgar með vísan í samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 773/1999 frá 10. nóvember, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Árborg, 16. desember 1999.

Karl Björnsson bæjarstjóri.

SAMÞYKKT

fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Sveitarfélaginu Árborg, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt samþykkt þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda stofngjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur nr. 81/1991, stofngjald holræsa skv. lögum nr. 15/1923 og byggingarleyfisgjald skv. lögum nr. 73/1997.

2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til gatnagerðar og til þess að gera lóðir í einkaeigu byggingarhæfar sem og til að gera sveitarfélaginu kleift að bjóða byggingarhæfar leigulóðir í sveitarfélaginu. Einnig til að standa undir kostnaði við endurbyggingu gatna með tilheyrandi lögnum, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og tekjum vegna stofngjalds holræsa til holræsaframkvæmda. Byggingarleyfisgjald er til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

3. gr.

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna lóða sem ekki hefur verið veitt byggingarleyfi á áður við gildistöku þessarar samþykktar, þ.e. nýjar lóðir, og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnaði á þegar byggðum lóðum við gildistöku samþykktarinnar, þ.e. eldri lóðir.

a) *Gatnagerðargjald vegna nýrra lóða.*

1. Einbýlishúsalóðir

kr. 4.200 pr. m² margfaldað með nýtingarhlutfalli lóðar.

2. Parhúsalóðir

kr. 2.500 pr. m² margfaldað með nýtingarhlutfalli lóðar.

3. Raðhúsalóðir

kr. 2.200 pr. m² margfaldað með nýtingarhlutfalli lóðar.

4. Fjölbýlishúsalóðir

kr. 1.600 pr. m² margfaldað með nýtingarhlutfalli lóðar.

5. Atvinnu- og iðnaðarhúsalóðir

kr. 3.000 pr. m² margfaldað með nýtingarhlutfalli lóðar.

6. Verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðir og aðrar, sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar

kr. 4.200 pr. m² margfaldað með nýtingarhlutfalli lóðar.

7. Hesthúsalóðir

kr. 2.500 pr. m² margfaldað með nýtingarhlutfalli lóðar.

Gjald þetta breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við október 1999, 236,7 stig.

b) *Gatnagerðargjald vegna eldri lóða, sem úthlutað hefur verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar.*

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra fjölbýlishúsa eins og hann er hverju sinni reiknaður af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Hagstofu Íslands.

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu, lágmarksgjald reiknað af 450 m ³	6,5%
Sama rými umfram 550 m ³	8,5%
Bifreiðageymslur á einbýlishúsalóðum	3,25%
Rað- og parhús	5,5%
Bifreiðageymslur á parhúsalóðum	2,25%
Fjölbýlishús	2,25%
Iðnaðarhús í skálabyggingum á einni hæð, stærra en 2000 m ³	2,50%
+ kr. 60,00 pr. m ² lóðar.	

Iðnaðarhús í skálabyggingum á einni hæð, minna en 2000 m ³	2,75%
+ kr. 60,00 pr. m ² lóðar.	
Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús	3,75%
Opinberar byggingar	6,50%
Annað húsnæði	4,75%

4. gr.

Stofngjald holræsa kr. 70 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis.

5. gr.

Stofngjald vatnsveitu kr. 35 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis.

6. gr.

Byggingarleyfisgjald greiðist skv. eftirfarandi reglu:

- Kr. 30.000 vegna lóða sem eru minni en 1.000 m².
- Kr. 50.000 vegna lóða sem eru 1.000 m² til 1.499 m².
- Kr. 70.000 vegna lóða sem eru 1.500 m² eða stærri.

7. gr.

- Fyrir byggingarleyfi vegna stækkunar á eldra húsnæði skal greiða bæjarsjóði fast gjald kr. 3.000, að auki skal greiða kr. 30 fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar. Botnplata skal ekki reiknuð með rúmmáli sbr. ÍST 50.
- Fyrir breytingar á húsnæði eða notkun þess, fyrir að rífa hús eða önnur mannvirki, gerð bifreiðastæða eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, skal greiða í bæjarsjóð kr. 3.000.
- Fyrir byggingar aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum búskap og eru utan þéttbýlis, skal auk fastagjaldsins sem er kr. 3.000 greiða kr. 150 fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar. Til þessara bygginga teljast m.a. sumarbústaðir, orlofsíbúðir, veiðihús, fjallaskálar, skíða-skálar, sæluhús o.fl.
- Fyrir eftirlit og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi til eins árs skal greiða kr. 4.300 í bæjarsjóð.
- Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 4.300 í bæjarsjóð.
- Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 3.000.

8. gr.

Einingarverð gjaldtöku skv. greinum 4, 5, 6 og 7 í samþykkt þessari breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við október 1999, 236,7 stig.

9. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari skulu greidd innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningarbréfs bæjaryfirvalda um úthlutun lóðar ef um leigulóð er að ræða en eigi síðar en einum mánuði frá samþykkt byggingarleyfis á einkalóðum og eldri lóðum enda öðlast byggingarleyfið ekki gildi án greiðslu þessara gjalda. Veittur er greiðslufrestur á hluta þessara gjalda skv. sérstakri samþykkt sem bæjarstjórn setur.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 4. og 5. gr. samþykktar þessarar skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð. Endurgreiðslunni er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju en þó ekki lengur en í sex mánuði. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógiltar á sannanlegan hátt.

11. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar skv. lögum nr. 17. frá 21. mars 1996 og öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef húseigandi hefur skv. eldri samþykkt um gatnagerðargjöld greitt A-gatnagerðargjald á fullbyggðri lóð og B-gjald hefur enn ekki verið lagt á af hálfu sveitarfélagsins skal það lagt á þegar slitlag hefur verið sett á viðkomandi götu og gatnagerðargjald skv. eldri samþykktum lagt á viðkomandi húseign.

Samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, 8. desember 1999.

Árborg, 8. desember 1999.

Karl Björnsson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ**um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum.***Markmið.*

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun rafhlaðna og rafgeyma sem í eru tiltekin hættuleg efni sem talin eru upp í 3. gr. og að stuðla að endurvinnslu eða skipulegri förgun þeirra.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Rafhlaða eða rafgeymir: Uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku. Rafhlöður og rafgeymar eru samsett úr einni eða fleiri frumrafhlöðum, sem ekki er hægt að endurhlaða, eða endurhlaðanlegum rafhlöðum.

Notuð rafhlaða eða rafgeymir: Rafhlaða eða rafgeymir sem ekki er hægt að nota aftur og á að endurvinna eða farga.

Söfnunarstaður: Staður þar sem almenningur getur skilað notuðum rafhlöðum og/eða rafgeymum, t.d. bensínafgreiðslur, ýmsar verslanir og gámastöðvar.

Gildissvið.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til rafhlaðna og rafgeyma sem í er,

- meira en 0,0005% kvikasilfurs (Hg) miðað við þyngd,
- meira en 0,025% kadmíums (Cd) miðað við þyngd,
- meira en 0,4% blýs (Pb) miðað við þyngd.

Takmarkanir.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota rafhlöður eða rafgeyma sem í eru meira en 0,0005% af kvikasilfri (Hg). Ákvæði þetta tekur einnig til rafhlaðna og rafgeyma sem eru hluti af vörum og tækjabúnaði.

Undanþegnar þessu banni eru hnapparafhlöður og rafhlöður sem samsettar eru úr hnapparafhlöðum sem í er minna en 2% kvikasilfurs miðað við þyngd.

Merkingar og meðferð.

5. gr.

Rafhlöður og rafgeyma, svo og tæki og vörur sem þau eru hluti af, skal merkja á viðeigandi hátt eftir því sem við verður komið. Merkingin skal vera greinileg, auðlæsileg og óafmáanleg.

Merkingin skal upplýsa um eftirtalin atriði:

- a) sérstaka söfnun úrgangsefna; spilliefni,
- b) tegund þungmálma.

Í I. viðauka við reglugerð þessa er að finna nánari skýringar á þessu ákvæði um merkingar.

6. gr.

Rafhlöðum og rafgeymum skal þannig fyrirkomið í tækjum og vörum að notendur eigi auðvelt með að fjarlægja þau. Þó skal tryggja að börn geti ekki náð til rafhlaðna í tækjum eða vörum ef rafhlöðurnar falla undir þessa reglugerð.

Tækjum þar sem ekki er augljóst hvernig skipta skuli um rafhlöður og rafgeyma skulu fylgja leiðbeiningar sem veita notanda upplýsingar um innihald rafhlaðnanna og rafgeymanna, ef þau eru hættuleg umhverfinu, og sýna hvernig fjarlægja megi þau á öruggan hátt.

Undanskilin þessu ákvæði eru þau tæki og notkunarsvið rafhlaðna og rafgeyma sem upp eru talin í II. viðauka við reglugerð þessa.

Förgun.

7. gr.

Notaðar rafhlöður og rafgeymar, sem þessi reglugerð tekur til, flokkast sem spilliefni og fer um þau í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Notuðum rafhlöðum og rafgeymum skal komið til söfnunarstaðar. Sveitarfélög bera ábyrgð á söfnun og förgun notaðra rafhlaðna og rafgeyma.

Eftirlit.

8. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Viðurlög.

9. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eitrefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af þeim ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 11. tl., tilskipun 91/157/EBE, um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni, ásamt breytingum í tilskipun 93/86/EBE og í tilskipun 98/101/EB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 571/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 30. desember 1999.



Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

I. VIÐAUKI

Nánari skýringar á merkingarákvæðum 5. gr.

1. Merkingar sem gefa til kynna að safna eigi rafhlöðum og rafgeymum sérstaklega, og aðgreina þannig frá öðrum úrgangi, skulu samanstanda af merki með mynd af fláti á hjólum sem krossað er yfir, sbr. myndir hér að neðan:



Merkið skal þekja þrjá hundruðustu hluta stærstu hliðar rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm. Ef um er að ræða sívalninga skal merkið þekja þrjá hundruðustu af hálfu yfirborðssvæði rafhlöðunnar eða rafgeymisins en ekki vera stærra en 5x5 cm.

Ef smæð rafhlöðunnar er slík að merkið yrði minna en 0,5x0,5 cm er ekki þörf á að merkja rafhlöðuna eða rafgeyminn en prenta skal merkið í stærðinni 1x1 cm á umbúðirnar.

2. Merkingar sem upplýsa um tegund þungmálma sem rafhlöður og rafgeymar innihalda skulu sýna efnafræðitákn viðkomandi málms, Hg (kvikasilfur), Cd (kadmíum) eða Pb (blý).

Efnafræðitáknið skal prentað fyrir neðan merkið um sérstaka söfnun. Táknið skal þekja svæði sem er hið minnsta einn fjórði af stærð merkisins um sérstaka söfnun.

II. VIÐAUKI

Flokkar tækja og notkunarvið rafhlaðna og rafgeyma sem undanþegin eru ákvæðum 6. gr.

1. Tæki þar sem rafhlöður eru lóðaðar, soðnar eða á annan hátt festar við tengil til að tryggja órofið afl í iðnaði, ef þess er krafist, og tæki til að geyma minni og gögn í ákveðnum gerðum upplýsinga- og skrifstofutækniþúnaðar. Þetta á einungis við ef rafhlöður og rafgeymar sem þessi reglugerð tekur til eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum.
2. Viðmiðunarrafhlöður í tækjum sem notuð eru í vísinda- og atvinnuskyni, rafhlöður og rafgeymar í lækningatækjum sem eiga að halda lífsnauðsynlegri starfsemi í gangi og rafhlöður og rafgeymar í gangráðum þar sem stöðug starfsemi er lífsnauðsynleg. Hér er um að ræða rafhlöður og rafgeyma sem aðeins sérmenntað starfsfólk getur fjarlæggt.
3. Færanlegt tæki þegar það getur stofnað notanda í hættu eða haft áhrif á starfsemi tækisins ef aðrir en menntað og hæft starfsfólk fjarlægja rafhlöðurnar og atvinnutæki sem nota á í mjög varasömu umhverfi, svo sem í námunda við rokgjörn efni.

Nr. 947

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 1999:

I. Íslenskir ríkisborgarar.

1. janúar:

Einar Egilsson, Kópavogi, riddarakross fyrir fræðslu um náttúru landsins.

Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að fræðslu- og skólamállum.

Dr. Guðmundur Guðmundsson, verkfræðingur, Akranesi, riddarakross fyrir rannsóknar- og þróunarstörf í þágu sementsiðnaðar.

Haraldur Ásgeirsson, verkfræðingur, Reykjavík, stórriddarakross fyrir rannsóknar- og þróunarstörf í þágu byggingaiðnaðar.

Helga Ögmundsdóttir, læknir, Reykjavík, riddarakross fyrir vísindastörf.

Ingvar Helgason, forstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að atvinnu- og líknarmálum.

Ólafur Ólafsson, fv. landlæknir, Reykjavík, stórriddarakross fyrir læknisstörf.

Dr. Páll Skúlason, háskólarektor, Reykjavík, riddarakross fyrir fræðistörf.

Sigrún Gísladóttir, skólastjóri, Garðabæ, riddarakross fyrir störf að málefnum grunn- skóla

Svanhildur Hermannsdóttir, skólastjóri, Barnaskóla Bárðdæla, Stóru-Völlum, riddarakross fyrir störf að æskulýðs- og menningarmálum í dreifbýli.

Þórunn Pálsdóttir, hjúkrunarforstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu geð- fatlaðra.

17. júní:

Ágúst Guðmundsson, kvikmyndaleikstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íslenskrar kvikmyndagerðar.

Birgir Þorgilsson, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að ferðamálum.

Bragi Árnason, prófessor, Kópavogi, riddarakross fyrir vísindastörf og rannsóknir á nýtingu vetnis.

Bragi Einarsson, forstjóri, Hveragerði, riddarakross fyrir störf í þágu ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Gunnar Eyjólfsson, leikari, Reykjavík, riddarakross fyrir leiklist og störf í þágu æskulýðsmála.

Karólína Eiríksdóttir, tónskáld, Bessastaðahreppi, riddarakross fyrir tónsmíðar.

Katrín Hall, listdansstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íslenskrar danslistar.

Rakel Olsen, útgerðarmaður, Stykkishólmi, riddarakross fyrir fjölbætt störf í sjávarútvegi.

Rannveig Rist, forstjóri, Garðabæ, riddarakross fyrir stjórnunarstörf í atvinnulífi.

Sigurður Magnússon, íþróttافرömuður, Reykjavík, stórriddarakross fyrir forystu í íþróttum, einkum meðal fatlaðra.

Sæunn Axelsdóttir, forstjóri, Ólafsfirði, riddarakross fyrir frumkvæði í útflutningi sjávarafurða.

II. Erlendir ríkisborgarar.**20. janúar:**

Iouri Rechetov, sendiherra, Rússlandi, stórkross.

1. mars:

Anders Bröns, aðalræðismaður, Grænlandi, riddarakross.

27. mars:

Sören Langvad, verkfræðingur, Danmörku, stórriddarakross með stjörnu.

Ove Hornby, framkvæmdastjóri, Danmörku, riddarakross.

7. júní:

Bjarne Mörk Eidem, ríkisendurskoðandi, Noregi, riddarakross.

5. júlí:

Rolf Peters, Cuxhaven, Þýskalandi, riddarakross.

30. október:

Peter Bröste, forstjóri, Danmörku, stórriddarakross.

29. nóvember:

Magnus Olafson, bóndi, Norður Dakota í Bandaríkjunum, riddarakross.

STJÓRNARTÍÐINDI B 123 – 1999

28. desember 1999

2861

Nr. 948

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 2000.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2000, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir:*

Sorphirðugjald kr. 6.800 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki:*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.
a)	9.500
b)	19.000
c)	38.000
d)	76.000
e)	152.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 2000, kr. 8,40/kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2000.

Húsavíkurkaupstað, 28. desember 1999.

Guðmundur Níelsson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 2000.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c.-staflað samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 8.400 á árinu 2000.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.
Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömundargjald, samkvæmt 3. grein sömu samþykktar, skal vera kr. 3.570 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 7.140, ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Húsavík, nr. 567 frá 21. nóvember 1991 og gildir fyrir árið 2000.

Húsavíkurkaupstað, 28. desember 1999.

Guðmundur Níelsson bæjarritari.

STJÓRNARTÍÐINDI B 124 – 1999

5. nóvember 1999

2863

Nr. 950

REGLUR

um greiðslu barnalífeyris vegna skólanáms eða starfsþjálfunar.

1. gr.

Heimilt er að greiða ungmenni á aldrinum 18-20 ára sem á lögheimili hér á landi barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ef úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga verður ekki við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa upp á því. Ennfremur er heimilt að greiða barnalífeyri ef ljóst er að ungmenni er ókleift að innheimta greiðslur eftir úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga.

2. gr.

Með umsókn skal leggja fram staðfestingu fyrir því að skilyrði 1. gr. séu uppfyllt ásamt staðfestingu á skólavist eða starfsþjálfun umsækjanda þar sem fram komi tímabil náms og um hve mikið nám er að ræða. Skilyrði er að þjálfunin eða námið taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um óreglulegt nám eða námskeið er að ræða skal sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum.

Áframhaldandi nám skal staðfesta í janúar og september hvert ár. Ljúki námi ber viðtakanda greiðslna að tilkynna það til Tryggingastofnunar. Komi í ljós síðar að námi er lokið eða hlé hefur verið gert á því er heimilt að draga greiðslur sem átt hafa sér stað fyrir tímabil sem nám var ekki stundað frá áframhaldandi greiðslum.

3. gr.

Við mat á umsókn skal tekið tillit til allra aðstæðna umsækjanda, félagslegra sem efnagslegra, sem áhrif geta haft á það hvort samþykkja skuli umsókn eða henni synjað.

Að jafnaði skal miðað við:

- a) að mánaðarlegar tekjur umsækjanda séu að meðaltali ekki hærrí en sem nemur sjöfaldri fjárhæð barnalífeyris á hverjum tíma og
- b) að umsækjandi eigi ekki eignir í peningum eða verðbréfum yfir þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru hverju sinni varðandi heimild til greiðslu frekari uppbótar á lífeyri.

4. gr.

Heimild til greiðslna fellur niður við flutning lögheimilis frá Íslandi, ef ungmenni verður lífeyrisþegi eða skilyrðum reglna þessara er að öðru leyti ekki lengur fullnægt.

5. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 3. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993 og taka þegar gildi.

Tryggingastofnun ríkisins, 5. nóvember 1999.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

REGLUR

um greiðslu mæðra- og feðralauna skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

Greiðslur til maka elli- eða örorkulífeyrisþega.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að fenginni umsókn að greiða mæðra- eða feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur hafa fallið niður vegna sjúkrahúsvistar eða dvalar á stofnun. Sama gildir um sambúðarfólk, sbr. 44. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

2. gr.

Skilyrði greiðslna skv. 1. gr. er að maki lífeyrisþega hafi tvö börn eða fleiri yngri en 18 ára á framfæri sínu.

3. gr.

Upphaf greiðslna miðast við byrjun þess mánaðar sem lífeyrisgreiðslur falla niður. Greiðslur skulu stöðvast í lok þess mánaðar sem lífeyrisgreiðslur hefjast að nýju.

Greiðslur til maka einstaklinga sem sæta gæsluvist eða afplána fangelsisrefsingu.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að fenginni umsókn að greiða maka einstaklings sem sætir gæsluvist eða afplánar fangelsisrefsingu mæðra- eða feðralaun hafi umsækjandi tvö börn eða fleiri yngri en 18 ára á framfæri sínu. Sama gildir um sambúðarfólk, sbr. 44. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

5. gr.

Skilyrði greiðslna skv. 4. gr. er að vistin hafi varað a.m.k. þrjú mánuði samfelld og er Tryggingastofnun heimilt að krefjast gagna þar um.

6. gr.

Upphaf greiðslna miðast við byrjun næsta mánaðar eftir að gæsluvist eða afplánun hefst. Greiðslur skulu í upphafi aðeins ákvarðaðar til helmings þess tíma sem kveðið er á um í dómi en skulu eftir atvikum framlengjast þar til afplánun lýkur.

7. gr.

Reglur þessar eru staðfestar af tryggingaráði þann 3. desember 1999 og taka þegar gildi.

Tryggingastofnun ríkisins, 3. desember 1999.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

BÆJANÖFN O.FL.

Örnefnanefnd hefur – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – tekið við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sent nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum, á tímabilinu 1. ágúst 1998 til 31. desember 1999:

Stekkur. Úr landi Morastaða í Kjós.
Sólbyrgi. Sameinuð jörð Dalbæjar og Sólbyrgis í Borgarfirði.
Fossabrekka. Úr landi Miðfossa í Andakíl í Borgarfirði.
Stóra-Fjall II. Úr landi Stóra-Fjalls í Borgarbyggð.
Álfholt. Úr landi Marbælis í Skagafirði.
Klausturbrekka. Úr landi Reynistaðar í Skagafirði.
Krithóll II. Úr landi Krithóls í Skagafirði.
Lindabær. Úr landi Sólheima í Sæmundarhlíð í Skagafirði.
Melar. Úr landi Skúfsstaða í Hjaltadal.
Kinn. Úr landi Gilsbakka í Öxarfirði.
Skipalækur II. Úr landi Skipalækjar í Fellahreppi.
Teigasel I. Úr landi Teigasels á Norður-Héraði.
Hamarssel. Sameinuð jörð Hamarssels og Veturhúsa í Djúpavogshreppi.
Gilsbakki. Úr landi Ketilhúshaga á Rangárvöllum.
Rjúpnaveilir. Úr landi Merkihvols í Holta- og Landsveit.
Vörður (kv. ft.). Úr landi Flagbjarnarholts II í Holta- og Landsveit.
Fossmúli. Úr landi Votmúla í Flóa.
Birkikinn. Úr löndum Lækjarbrekku og Steinsholts II í Gnúpverjahreppi.
Heiðargerði. Úr landi Réttarholts í Gnúpverjahreppi.
Knarrarholt. Úr landi Réttarholts í Gnúpverjahreppi.
Dalbrún III. Úr landi Stóra-Fljóts í Biskupstungum.
Sunnuföt. Úr landi Reykjavalla í Biskupstungum.
Rauðilækur. Úr landi Gljúfurárholts í Ölfusi.
Sunnuhvoll. Úr landi Hvals I í Ölfusi.
Steinar. Úr landi Svínvatns í Grímsnesi.

Örnefnanefnd hefur á framangreindu tímabili einnig fjallað um og fallist á beiðni um eftirgreinda breytingu á nafni býlis og sent hið nýja nafn hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra, samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:

Borgir. Áður Haugar, í Stafholtstungum í Borgarfirði.

Örnefnanefnd, 31. desember 1999.

Ari Páll Kristinsson.

EMBÆTTI OG SÝSLANIR

1998:

9. nóvember var Sigríður Jóna Þórisdóttir skipuð kjöræðismaður Íslands með vara-æðisstigi í Los Angeles.

30. nóvember var Flemming Rohde Nielsen skipaður kjöræðismaður Íslands með æðis-
mannsstigi í Herning á Jótlandi.

S.d. var Roland Frising skipaður kjöræðismaður Íslands með aðalæðisstigi í Lúxem-
borg.

S.d. fékk Einar Aakrann lausn frá embætti sínu sem aðalæðismaður Íslands í Lúxem-
borg.

S.d. var M. Cyril Ramaphosa skipaður kjöræðismaður með aðalæðisstigi í Jóhannes-
arborg.

3. desember fékk Jón Höskuldsson afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðs-
dómi.

18. desember var Friðgeiri Björnssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir hér-
aðsdómi.

21. desember var Halldóri Þormar veitt lausn frá stöðu prófessors við Háskóla Íslands
frá og með 1. apríl 1999.

24. desember var Grétari Jónassyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðs-
dómi.

30. desember fékk Friðgeir Sigurðsson héraðsdómslögmaður afhent leyfisbréf sitt til
málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. fékk Ingi Tryggvason héraðsdómslögmaður afhent leyfisbréf sitt til málflutnings
fyrir héraðsdómi.

1999:

5. janúar afsalaði Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir sér réttindum sínum til að vera
héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

6. janúar var gefin út löggilding handa Árna Valdimarssyni til þess að vera fasteigna-
, fyrirtækja- og skipasali.

8. janúar afsalaði Jón B. Jónasson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður
meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

S.d. var Sigurjóni Ingvasyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdóms-
lögmaður.

S.d. var Gunnari Ármannssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdóms-
lögmaður.

S.d. var Snorra Olsen lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. afsalaði Lilja Dóra Halldórsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslög-
maður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

13. janúar var Garðari Valdimarssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðs-
dómslögmaður.

18. janúar var gefin út löggilding handa Guðbjörgu Jónu Jónsdóttur til þess að vera
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var gefin út löggilding handa Inga Tryggvasyni til þess að vera fasteigna-, fyrir-
tækja- og skipasali.

S.d. var Greta Baldursdóttir skipuð til þess að vera héraðsdómari frá 18. janúar 1999
að telja.

20. janúar var Björgvini Þórisssyni veitt leyfi til þess að starfa sem dýralæknir hér á landi.

S.d. var Sigríði Ingu Sigurjónsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem dýralæknir hér á landi.

22. janúar var gefið út leyfisbréf handa Hólsvélum ehf. til starfrækslu útfararþjónustu og gildir leyfisbréfið til næstu 5 ára frá og með 22. janúar 1999 að telja.

28. janúar afsalaði Örn Gunnarsson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

29. janúar skilaði Gísli Kjartansson, löggiltur fasteigna- og skipasali, leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

1. febrúar var Bogdan J. Gumkowski skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Varsjá.

5. febrúar var Þóri Erni Árnasyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Helenu Þ. Karlsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

8. febrúar var Ásbirni Jónssyni afhent að nýju leyfi sitt til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

S.d. var Bjarna Haukssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

10. febrúar var Guðmundi Óla Björgvinssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Hólmsfríði Árnadóttur veitt lausn samkvæmt eigin ósk frá stöðu prófessors við Kennaraháskóla Íslands frá og með 15. febrúar 1999 að telja.

11. febrúar afsalaði Magnús Sigurðsson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

16. febrúar var gefin út löggilding handa Helga Sigurðssyni héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

18. febrúar var gefin út löggilding handa Hrafnhildi Bridde til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

23. febrúar var Ólafi Sigurgeirssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

1. mars lét R. Renshaw Jones af störfum sem kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Melbourne, Ástralíu.

S.d. var var Antoine Quitard skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Dieppe, Frakklandi.

2. mars var Jóni Ögmundi Þormóðssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

3. mars var Hákonni Stefánssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var gefin út staðfesting á því að Elías Gíslason fullnægi skilyrðum til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

4. mars var tilkynnt að Erlingur Óskarsson og Jón Þórarinsson, sem fengið höfðu löggildingu til að starfa sem fasteignasalar, uppfylltu ekki lögmælt skilyrði til starfans. Meðan svo er ástatt hafa þeir ekki heimild til að stunda slíka starfsemi.

8. mars var Wouter Johan Pieter Jongepier skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Amsterdam.

9. mars var Hildi Njarðvík lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. fékk Knud Andersen, kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Fredericia, lausn frá störfum.

12. mars var séra Birgi Snæbjörnssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Akureyrarprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. september 1999 að telja.

18. mars var Marteini Mássyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
22. mars var Guðjóni Axelssyni veitt lausn samkvæmt eigin ósk frá stöðu prófessors við tannlæknadeild Háskóla Íslands frá og með 1. september 1999 að telja.
23. mars var Birgi G. Magnússyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
24. mars var Ásu Ögmundsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
S.d. var Helgu Hauksdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
S.d. var Hermanní Jónassyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
S.d. var Herði Helga Helgasyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
25. mars var Sverri Hauki Gunnlaugssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
S.d. var Halldóru Jóhannesdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.
S.d. var Áslaugu Árnadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda.
26. mars var Elínu Norðmann lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
S.d. var Sigurði Skúla Bergssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
S.d. var Vilborgu Þ. Hauksdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
S.d. var Guðrúnu Björk Bjarnadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.
28. mars afsalaði Elfar Rúnarsson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.
29. mars var Ragnhildi Arnljótsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
S.d. afsalaði Edda Björnsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.
30. mars afsalaði Hildur Njarðvík sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.
31. mars var Birnu Sigurbjörnsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.
6. apríl var Helga Ágústssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
S.d. var Sigurlaugu Kristínu Jóhannsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.
S.d. afsalaði Valur Árnason sér lögmannsréttindum sínum meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.
7. apríl var Guðjóni Ólafi Jónssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
8. apríl var Bergþóri Magnússyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
13. apríl var Brynhildi Georgsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
14. apríl var Völu Valtýsdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.
15. apríl var Sigurði Kára Kristjánssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Jóhönnu Sigmarsdóttur, cand. theol., sem sóknarprestur í Eiðaprestakalli í Múlaprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. júní 1999 að telja.

16. apríl var Baldri Jónssyni veitt lausn, að eigin ósk, frá stöðu forstöðumanns Íslenskrar málstöðvar og frá stöðu prófessors við Háskóla Íslands frá og með 1. janúar 2000.

S.d. var Þuríði Kristínu Halldórsdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

20. apríl var gefin út löggilding handa Arnari G. Hinrikssyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Hjördís Halldórsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Árna Harðarsyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

23. apríl var Bergi Haukssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

26. apríl var Halldóri Kristinssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Margréti Guðnadóttur veitt lausn frá stöðu prófessors við Háskóla Íslands frá og með 1. ágúst 1999.

S.d. var gefin út löggilding handa Bjarnfreði Ólafssyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Þorgrími Daníelssyni sem sóknarpresti í Grenjaðarstaðarprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. júlí 1999 að telja.

29. apríl afsalaði Hjördís Halldórsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

30. apríl var Rögnu Árnadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var séra Kristínu Pálsdóttur veitt lausn frá embætti sóknarprests í Seyðisfjarðarprestakalli í Austfjarðaprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. ágúst 1999 að telja.

S.d. var gefin út löggilding handa Óskari Thorarensen til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

2. maí var Arnari Þór Jónssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

3. maí var Einar Birgir Steinþórsson skipaður skólameistari Flensborgarskóla frá 1. ágúst 1999 að telja.

4. maí var Harra Ormarssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

6. maí var Sigrúnu Ágústsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

7. maí var Jóni B. Jónassyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Jóni Ögmundssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

10. maí var Guðrúnu Helgu Brynleifsdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Sigríði J. Hjaltested de Jesus lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

11. maí var Önnu Sigríði Örlygsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Kristjáni Þorbergssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. afsalaði Hermann Jónasson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

14. maí var Eggerti Jónasi Hilmarssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

20. maí var Birgi Tjörva Péturssyni lögfræðingi veitt leyfi til þess að vera héraðsdómslögmaður.

21. maí var Hjördísi Halldórsdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

26. maí var Lísu Bjarnadóttur veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

S.d. var Helgu Melkorku Óttarsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til þess að vera héraðsdómslögmaður.

27. maí var gefin út löggilding handa Guðjóni Hjörleifssyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. afsalaði Sigríður J. Hjaltested de Jesus sér réttindum sínum til þess að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

1. júní var séra Baldri Vilhelmssyni veitt lausn frá embætti sóknarprestis í Vatnsfjarðarprestakalli og prófasts í Ísafjarðarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 22. júlí 1999 að telja.

S.d. var Dóru Guðmundsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

7. júní afsalaði Jón Hauksson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

8. júní var gefið út skipunarbréf handa séra Svavari A. Jónssyni sem sóknarpresti í Akureyrarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. september 1999 að telja.

9. júní var séra Flosa Magnússyni veitt lausn frá embætti sóknarprestis í Bíldudalsprestakalli og prófasts í Barðastrandarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 10. október 1999 að telja.

14. júní var Kristjáni Þorbergssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

15. júní var Önnu Lindu Bjarnadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Eiríki Sigurjóni Svavarssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

16. júní var Hjalti Jón Sveinsson skipaður skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri frá 1. ágúst 1999 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Sigurði Rúnari Ragnarssyni sem sóknarpresti í Norðfjarðarprestakalli í Austfjarðaprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. júlí 1999 að telja.

18. júní var Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður skipaður formaður örorkunefndar. Aðrir nefndarmenn eru dr. Brynjólfur Mogensen yfirlæknir og Magnús Ólason læknir. Varamenn eru skipaðir Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður, Magnús Páll Albertsson læknir og Ísak Hallgrímsson læknir. Skipunartími nefndarinnar er frá 1. júlí 1999 til 30. júní 2005.

21. júní var gefið út skipunarbréf handa séra Cecil Haraldssyni sem sóknarpresti í Seyðisfjarðarprestakalli í Múlaþrófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. september 1999 að telja.

S.d. var gefið út leyfisbréf handa Richard Dawson Woodhead til starfrækslu útfararþjónustu og gildir leyfisbréfið til næstu fimm ára frá 1. september 1999 að telja.

S.d. var Birni Þorvaldssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann afsalaði sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Bjarni Hauksson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

23. júní var Bjarna Þór Óskarssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. var Sveini Andra Sveinssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

29. júní var Helga Teiti Helgasyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var dr. Philip Chin skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Singapore.

S.d. fékk Jón Baldur Sigurðsson lausn frá störfum sem kjöræðismaður Íslands með aðalmannsstigi í Singapore.

S.d. var David J. Buckle skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Grimsby.

S.d. fékk Jón Olgeirsson lausn frá störfum sem kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Grimsby.

S.d. var Helena Cristina Teixeira Guerra Dundas skipuð kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Lissabon.

S.d. var Michael W.S. MacLaran skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Belfast.

S.d. var René Pernot skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Strassborg.

S.d. var Björgólfur Thor Björgólfsson skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi og Magnús Þorsteinsson með vararæðismannsstigi í Sankti Pétursborg í Rússlandi.

1. júlí var Kristínu Helgu Markúsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Garðari Briem héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

2. júlí var Birgi Ármannssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Hilmarí Gunnlaugssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

5. júlí var Reyni Grétarssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

8. júlí var Skúla Thoroddsen lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

12. júlí var Sigprúði Þorfinnsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var gefin út löggilding handa Elísu Björgu Þorsteinsdóttur til þess að vera skjalaþýðandi úr þýsku á íslensku og úr íslensku á þýsku.

13. júlí var Kristjáni Andra Stefánssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

14. júlí var Guðrúnu Björk Bjarnadóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. afsalaði Svala Ólafsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

15. júlí var fellt úr gildi leyfi Kristins Tómassonar til að stunda fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

21. júlí var Guðmundi Bjarnasyni veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

23. júlí var Lilju Tryggvadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Ernu Hjaltested lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

27. júlí afsalaði Sigprúður Þorfinnsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

28. júlí var Valgerður Gunnarsdóttir skipuð skólameistari Framhaldsskólans á Laugum frá 1. ágúst 1999 að telja.

30. júlí var Svöfu Sigurðardóttur veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

4. ágúst var Dr. Diliza Mji skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Durban í Suður-Afríku.

9. ágúst var séra Ingimar Ingimarssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Þórhafnarprestakalli og prófasts í Þingeyjarprófastsdæmi, sökum aldurs og að eigin ósk, frá 31. ágúst 1999 að telja.

17. ágúst var Friðriki Þorgeiri Stefánssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

19. ágúst afsalaði Lilja Tryggvadóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

20. ágúst var Önnu Margréti Ólafsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

23. ágúst var gefin út löggilding handa Hilmarí Gunnlaugssyni héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

26. ágúst var Höllu Bergþóru Björnsdóttur lögfræðingi veitt leyfi, að nýju, til að vera héraðsdómslögmaður.

31. ágúst var Elínu Margréti Ingólfssdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Kristjáni Torfasyni veitt lausn frá embætti héraðsdómara, að eigin ósk, frá 16. september 1999 að telja.

6. september afsalaði Erlingur Óskarsson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

8. september var gefin út löggilding handa Þorsteini Eggertssyni héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

10. september afsalaði Hannes Júlíus Hafstein sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

14. september var Óskari Thorarensen héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

15. september afsalaði Birgir Ármannsson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

16. september var gefið út skipunarbréf handa séra Jóni Ragnarssyni til að vera sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli í Árnesprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. október 1999 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Sveinbirni Bjarnasyni, cand. theol., til að vera sóknarprestur í Þórhafnarprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. október 1999 að telja.

23. september var Ragnheiði Margréti Ólafsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

24. september afsalaði Kolbrún Linda Ísleifsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

27. september var gefin út löggilding handa Þorbjörgu I. Jónsdóttur til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. afsalaði Ingimar Sigurðsson sér réttindum sínum til þess að vera héraðsdómslögmaður meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

28. september var Steingrími Þormóðssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

29. september var Eyjólfur Ármannssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Tone Eidnes Andersen skipuð kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Fredericia.

S.d. var Stefán Baldursson skipaður þjóðleikhússtjóri frá 1. janúar 2000 að telja.

30. september var Björgvini Jónssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

1. október afsalaði Ingimundur Einarsson sér réttindum sínum til að vera hæstaréttarlögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

7. október skilaði Ingimundur Einarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leyfisbréfi sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

8. október var Lísu Karen Yoder lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

11. október skilaði Kjartan Ragnars, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leyfisbréfi sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

13. október var Ágústu Rögnu Jónsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

14. október afsalaði Erna Hjaltested sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

24. október afsalaði Hörður H. Helgason sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

25. október var Adolf Guðmundssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Gunnar M. Björg skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðisstigi í Liechtenstein.

1. nóvember var Garðari Valdimarssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. var gefin út löggilding handa Ingibjörgu Þórðardóttur til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. afsalaði Sandra Baldvinsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

3. nóvember var Jónasi Þór Guðmundssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

9. nóvember var Hönnu Láru Helgadóttur héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. skilaði Sigurður J. Sigurðsson, löggiltur fasteigna- og skipasali, leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

10. nóvember var Elínu Guðríði Egilson lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

11. nóvember afsalaði Elín Guðríður Egilson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

S.d. var gefin út löggilding handa Klemenz Eggertssyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

12. nóvember var Gunnari Sturlusyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

15. nóvember var Vilhjálmur Lúðvíksson skipaður framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs Íslands frá 1. desember 1999 að telja.

S.d. afsalaði Helgi Jensson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

S.d. skilaði Helgi Jensson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leyfisbréfi sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

16. nóvember var Gunnari Gunnarssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. afsalaði Bergur Hauksson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

18. nóvember var Sigurlaugu Kristínu Jóhannsdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

22. nóvember var Jóhannesi Albert Sævarssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. var Lilju Jónasdóttur héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

23. nóvember var Braga Björnssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Guðmundi H. Péturssyni lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

26. nóvember var Erlendi Gíslasyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

29. nóvember var Þorsteini Einarssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. afsalaði Birgir Tjörvi Pétursson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

30. nóvember var Andra Vilhjálmí Sigurðssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

14. desember var Ingibjörgu Helgu Helgadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var dr. Ólafur Proppé, prófessor, skipaður rektor Kennaraháskóla Íslands frá 1. janúar 2000 að telja.

SKRÁ

tilkynninga um ný hlutafélög og einkahlutafélög sem birtust í Lögbirtingablaði 1999.

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
200 þúsund naglbítar ehf., Reykjavík	100	Alþjóðleg viðskipti og eignastýring hf., Kópavogi	86
2X ehf., Reykjavík	99	Ameríska naglasnyrtistofan ehf., Reykjavík	125
7,9,13 ehf., Seyðisfirði	62	Amo - B. Guðnason ehf., Kópavogi	53
A & P einkaleyfi ehf., Reykjavík .	41	Anas ehf., Hafnarfirði	127
A. Guðjohnsen ehf., Kópavogi	15	Andartak ehf., Reykjavík	111
A.B.F. ehf., Reykjavík	26	Andrésson ehf., Reykjavík	58
A.B.L. tak ehf., Reykjavík	85	Andvirki ehf., Mosfellsbæ	106
A1-arkitektar ehf., Reykjavík	62	Anes Ltd., útibú á Íslandi, Vesturbyggð	121
ABS verkfræðipjónusta ehf., Kópavogi	41	Annar hf.-verðbréf-verðbréfamíðlun, Reykjavík	47
ACG ehf. (Atlantis Consult Group), Reykjavík	129	Annir ehf., Hvolhreppi	89
Aðalblíkk ehf., Mosfellsbæ	46	Antik 2000 ehf., Antik/uppboðshús, Reykjavík	128
Aðalfjall ehf., Aðaldælahreppi	15	Antik og nýtt ehf., Reykjavík	98
Aðalraf ehf. - löggiltir rafverktakar, Reykjavík	57	Antikhúsgögn ehf., Reykjavík	52
Aðalsendibílar ehf., Kópavogi	4	Antikverk ehf., Hveragerði	66
Aðalskiltasmiðjan ehf., Reykjavík .	84	Apex ehf., Kópavogi	93
Aðalstræti ehf., Vesturbyggð	12	AquaCo ehf., Sveitarfélagið Ölfus	125
Aðhald ehf., Garðabæ	96	Ardo & Co ehf., Reykjavík	64
AE hugbúnaður ehf., Reykjavík	90	Arg ehf., Reykjavík	87
Aflamark ehf., Reykjanesbæ	24	Aría ehf., Garðabæ	90
Aflvís ehf., Akureyri	21	Arkúsið ehf., Reykjavík	107
AFM ehf., Hafnarfirði	79	Arkitektar Hjördís & Dennis ehf., Reykjavík	87
Agata ehf., Hólmavíkurhreppi	108	Arkitektar Skógarhlíð ehf., Reykjavík	58
Agnes ehf., Reykjavík	129	Arnarey ehf., Djúpavogshreppi	127
AK fjárfesting ehf., Reykjavík	84	Arnarvogur ehf., Garðabæ	11
Aka ehf., Reykjavík	26	Ars/Verk ehf., Húnaþingi vestra ...	84
Akbraut ehf., Reykjavík	123	Atgangur ehf., Reykjavík	57
Akkilles ehf., Akureyri	66	ATH ehf., Reykjavík	107
Akraborg ehf., Akranesi	39	Atlastaðir ehf., Ísafjarðarbæ	98
Akureyrarleið ehf., Reykjavík	60	Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar, Sauðárkróki	57
Albak ehf., Reykjanesbæ	46	Auglýsingastofan Skaparinn ehf., Reykjavík	126
Aldamót ehf., Reykjavík	58	Augnablikk ehf., Reykjavík	91
Aldamótamenn ehf., Reykjavík	95	Augnæknar Öldugötu ehf., Reykjavík	99
Alheims markaðssetning ehf., Reykjavík	26	Augnæknastöðin ehf., Reykjavík .	70
ALP bílaleigan ehf., Kópavogi	68	Auris ehf., Hafnarfirði	100
ALTECH JHM hf., Reykjavík	4		
Alvörumenn ehf., Svf. Árborg	108		
Alþjóða viðskiptakerfi ehf., Reykjavík	75		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Austfirskar afurðir ehf., Reykjavík .	129	Baltik ehf., Reykjavík	55
Austurvöllur fasteignir ehf., Reykjavík	4	Baltis ehf., Kópavogi	27
Auto Ísland ehf., Reykjavík	95	Bara vélar ehf., Kópavogi	118
Auto Skandinavía hf., Garðabæ	15	Barbró ehf., Akranesi	129
Avalon ehf., Reykjavík	111	Barðsnes ehf., Fjarðabyggð	67
Axon ehf., Reykjavík	42	Baríum ehf., Akureyri	115
Á rétttri leið ehf., Kópavogi	2	Barnaföt ehf., Reykjavík	126
Áform ehf. - almannatengsl, Akureyri	41	Barnagaman ehf., Reykjanesbæ	121
Áframhald ehf., Reykjavík	52	Bati - sjúkrapjálfun ehf., Reykjavík	62
Áfylling ehf., Reykjavík	19	Baugar ehf., Reykjavík	26
Ágúst Birgisson ehf., Reykjavík ...	31	Básavík ehf., Grímseyjarhreppi	108
Ágúst ehf., Reykjavík	26	Bátasalan ehf., Reykjavík	120
Álfheimabakarí ehf., Reykjavík	46	Beisli ehf., Kópavogi	123
Álftagerði ehf., Kópavogi	28	Beljandi ehf., Kópavogi	4
Álftagerðisbræður ehf., Svf. Skagafirði	75	Bendór ehf., Reykjavík	115
Álsmiðjan ehf., Reykjavík	24	Bergdís ehf., Kópavogi	93
Álveríð ehf., Garðabæ	39	Bergeign ehf., Kópavogi	95
Áning í Þjóðbraut ehf., Hafnarfirði	57	Bervík ehf., Snæfellsbæ	78
Árbæjarþrek ehf., Reykjavík	11	Bestfiskur ehf., Hornafirði	62
Árdegi ehf., Reykjavík	68	Betri sjón ehf., Reykjavík	16
Árhólmi ehf., Kópavogi	16	Betri tennur ehf., Húnaþingi vestra	125
Árni og Bjarni ehf., trésmiðja, Reykjavík	27	BG flutningar ehf., Garðabæ	77
Áræðni ehf., Reykjavík	22	Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf., Kópavogi	57
Ásbrún ehf., Austur-Héraði	108	Binding ehf., Grindavík	70
Ásgeir Þorleifsson ehf., Hveragerði	57	Birta blaðaútgáfa ehf., Húnaþingi vestra	112
Ásgerð ehf., Reykjavík	7	Birtill ehf., Reykjavík	84
Áshestar ehf., Sauðárkróki	94	Bílaboginn ehf., Fellahreppi	27
Ásinn ehf., Reykjavík	125	Bílabúðin ehf., Reykjanesbæ	67
Ásvík ehf., Reykjavík	128	Bílaleiga Norðurtaks ehf., Sauðárkróki	46
Ásýndarhönnun ehf., Reykjavík	118	Bílamálun Alla Berg ehf., Húsavík	70
Ávaxtahúsið, nýtt og ferskt ehf., Reykjavík	122	Bílamálun Suðurlands ehf., Selfossi	40
B & F - verktakar ehf., Reykjavík	19	Bílapartasala Keflavíkur ehf., Reykjanesbæ	7
B. B. bílaréttingar ehf., Reykjavík	23	Bílasala Kópavogs ehf., Kópavogi	12
B.M. innréttingar ehf., Kópavogi ..	39	Bílasalan Grófinni ehf., Reykjanesbæ	122
B.Ó.M. ehf., Reykjavík	67	Bílasalan Höfðahöllin ehf., Reykjavík	64
B.P. merking ehf., Reykjavík	134	Bílaskálinn Marstál ehf., Höfða- hreppi	132
Bakaríið við brúna ehf., Akureyri .	53	Bílasmiðurinn hf., Reykjavík	23
Bakhöndin ehf., Glæsibæjarhreppi	84	Bílaverkstæði Birgis ehf., Húsavík	41
Bakland ehf., Kópavogi	91	Bílaverkstæðið Vík ehf., Mýrdals- hreppi	64
Bakverk ehf., Kópavogi	52	Bílaviðskipti ehf., Reykjavík	65
Balís ehf., Reykjavík	84		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Bílavík ehf., Reykjanesbæ	116	Brimbær ehf., Hafnarfirði	19
Bílaþvottastöðin Spikk og span ehf., Reykjavík	116	Brimstál ehf., Grindavík	4
Bíldudals - Fjalli ehf., Vesturbyggð	88	Bryndís ehf., Reykjanesbæ	59
Bílhöfði ehf., Reykjavík	92	Bræðraverk ehf., Ísafjarðarbæ	70
Bíum bamba ehf., Reykjavík	125	Bræður og systur ehf., Fjarðabyggð	85
Bjargholt ehf., Seyðisfirði	58	BT-Music ehf., Garðabæ	92
Bjargið ehf., Hafnarfirði	66	Burðarafl ehf., Reykjavík	28
Bjart ehf., Hafnarfirði	94	Búvélar hf., Svf. Árborg	69
Bjálka-Tækni ehf., Mosfellsbæ	66	Byggingafélagið Drifandi ehf., Svf. Árborg	11
Bjálkaverk ehf., Reykjavík	69	Byggingafélagið Gróttá ehf., Reykjavík	89
Bláfugl ehf., Keflavíkurlflugvelli ...	129	Byggingafélagið Klöpp ehf., Reykjavík	75
Blái turninn ehf., Reykjavík	28	Byggingafélagið Úlfarsfell hf., Reykjavík	31
Blástur ehf., Kópavogi	89	Byggingarfélagið Arnarnes ehf., Reykjavík	58
Blátoppur ehf., Reykjavík	89	Byggingarfélagið Heiði ehf., Reykjavík	2
Bláþræðir ehf., Akureyri	134	Byggt og búið ehf., Reykjavík	64
Blikk og stál ehf., Hafnarfirði	95	BYR verktakar ehf., Svf. Skagafirði	64
Blikkafl ehf., Hafnarfirði	119	B-ÞIS ehf., Reykjavík	2
Blikó ehf., Reykjavík	27	Bæir ehf., Reykjavík	24
Blíða ehf., Snæfellsbæ	132	Bæjarós ehf., Djúpvogshreppi	127
Blóma- og gjafabúðin ehf., Svf. Skagafirði	57	Bændaferðir ehf., Reykjavík	59
Blómabúðin Dögg ehf., Hafnarfirði	64	Café Díma ehf., Reykjavík	129
Blómabúðin Sóldögg ehf., Grindavík	105	Canis ehf., Reykjavík	108
Blómabændur ehf., Reykjavík	84	Carbon ehf., Akureyri	120
Blær ehf., Hafnarfirði	57	Carisma ehf., Reykjavík	4
Boðvídd ehf., Kópavogi	57	Cetus ehf., Kópavogi	29
Bolddesign ehf., Hafnarfirði	16	CFM á Íslandi ehf., Reykjavík	126
Bolur ehf., Kópavogi	28	Chalnaco Shipping Company Ltd., Hafnarfirði	87
Borealis arkitektar ehf., Hafnarfirði	107	Cintamani ehf., Reykjavík	116
Borgarsmárin ehf., Kópavogi	12	Claustra ehf., Kópavogi	78
Borgarþróun ehf., Svf. Árborg	58	ClicOn Ísland hf., Svf. Skagafirði..	57
Bókabúð Lárusar Blöndal ehf., Reykjavík	66	Codín ehf., Kópavogi	59
Bókbandsvinnustofa Árna Krist- mundssonar ehf., Reykjavík	16	COPY-stafræn prentun ehf., Kópavogi	129
Bókunarmiðstöð Íslands ehf., Reykjavík	82	C-Tox umboðið ehf., Reykjavík	127
Bónstöð Kópavogs ehf., Kópavogi	57	Cyrus ehf., Reykjavík	106
BPC ehf., Reykjavík	126	D&T fasteignir ehf., Reykjavík	52
Bragur ehf., Reykjavík	126	D.K. ehf., Akureyri	23
Bransinn ehf., Reykjavík	132	D.P.-heildverslun ehf., Reykjavík ..	87
Bravo ehf., Akureyri	34	Dagamunur ehf., Reykjavík	25
Breiðdal ehf., Reykjavík	16		
Breiðholtsblóm ehf., Reykjavík	112		
Brekkuhús ehf., Reykjavík	56		
Bremsan ehf., Kópavogi	37		

	Tbl. nr.		Tbl. nr.
Dagar ehf., Kópavogi	84	Egill Þorsteinsson kírópraktor,	
Dagrenning ehf., Reykjavík	21	Reykjavík	27
DalBú ehf., Svf. Skagafirði	62	Ego ehf., Reykjavík	24
Dallas ehf., Akureyri	79	EH ehf., Reykjavík	38
Dalmar ehf., Dalvíkurbyggð	128	Eignaland ehf., Reykjavík	41
Dalsteinn ehf., Garðabæ	85	Eignarhaldsfélag KÞ ehf., Húsavík	91
Deigfinnur ehf., Reykjavík	116	Eignarhaldsfélag Lífeyrissjóða,	
